Hæstaréttardómar 1949

Útgáfa 3.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar
Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur
Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar
Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu
Skorið af bls. 257.
Minniháttar galli á bls. 389.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Efnisskrá til bráðabirgða um Hæstaréttardóma 1949.

Ábyrgð 61
Aðgerðaleysisverkanir. Sjá tómlætisverkanir.
Áfengislagabrot 22, 96, 119, 190, 267, 300, 313, 315, 388, 440, 453
Bifreiðamál:
1) Opinber mál 22, 85, 119, 122, 148, 267, 300, 313, 315, 318, 453
2) Skaðabótamál 172, 181, 214, 326, 431, 499
Eignarréttur 3, 41
Farmsamningur 478
Fiskveiðabrot 15, 129, 132, 139, 286, 331, 337, 346, 352, 358, 437
Fjárhættuspil 467
Frávísun frá Hæstarétti 54, 436
Fyrning kröfu 487
Gagnaöflun:
1) Einkamál 101, 322
2) Opinber mál 17, 172, 202, 399, 467
Gjaldeyrislöggjöf 222, 226
Hafnargjöld. Sjá skattar 1.
Heimilisfriður 96
Hlutafélög 228
Húsaleigumál 78, 101, 184, 203, 236, 247, 400, 472
Kaup og sala 11, 255, 365
Kynferðisbrot 104
Kærumál:
Framlagning skjala 403
Frávísun 1, 50, 74, 187, 188, 305, 436
Frestun 308, 311, 476
Málskostnaður 35, 155, 158, 162, 165, 168
Ómerking 69, 309
Vitni 83, 323
Landamerkjamál 493
Landhelgisbrot. Sjá fiskveiðabrot.
Lax- og silungsveiði. Sjá fiskveiðabrot.
Líkamsárás 96, 104, 388
Líkamsáverkar 85, 122, 267
Lóðamerkjamál 407
Löghaldsmál 421
Málflutningsþóknun 66

Manndráp 85, 148, 291, 453
Meiðyrði. Sjá ærumeiðingar.
Mjólkurlöggjöf 152
Ómerking:
1) Einkamál 136, 177, 417
2) Opinber mál 80, 250
Rangur framburður 300
Sakhæfi 291
Samvinnufélög 61, 200
Siglingalöggjöf 382
Sjóveð 447
Skaðabótamál (sjá og bifreiðamál):
1) Utan samninga 104
2) Samkvæmt lögum nr. 28/1893 427
3) Vegna samningsrofa 27
Skattar:
1) Til bæjar- eða sveitarsjóða 33, 141, 200, 253, 443
2) Til ríkissjóðs 205, 228, 423
Skírlífisbrot. Sjá kynferðisbrot.
Skuldamál 41, 487
Strok úr fangelsi 144
Svik 190
Sölubóknun 24
Tómlætisverkanir 255, 400
Tryggingamál 110, 474
Umferðarréttur 209
Upprunamerki á vörum 8
Útburðarmál. Sjá húsaleigumál.
Valdsvið dómstóla 74
Vátryggingamál. Sjá tryggingamál.
Verðlagslöggjöf 56, 241
Verksamningur 365
Vinnulaun 343, 447
Vitni 10
Þjófnaður 190
Ærumeiðingar 19, 115
Ölvun. Sjá áfengislagabrot, bifreiðamál.
Öryggisgæzla 291

HÆSTARÉTTARDÓMAR

ÚTGEFANDI
HÆSTIRÉTTUR

XX. BINDI
1949

REYKJAVÍK
PRENTSMIÐJA AUSTURLANDS H/F
MCMLI

Reglulegir dómarar Hæstaréttar 1949.

Árni Tryggvason. Forseti dómsins frá 1. janúar til 31. ágúst.
Þórður Eyjólfsson. Forseti dómsins frá 1. september til 31. desember.
Gizur Bergsteinsson.
Jón Ásbjörnsson.
Jónatan Hallvarðsson.

Registur.

I. Málaskrá.

		Dómur	Bls.
1.	Brynjólfur Jónsson gegn Þórhalli Sigjónssyni. Kærumál. Kröfu um frávísun máls frá héraðsdómi hrundið. ..	13/1	1
2.	Björn Pálsson gegn Guðmundi Sigurðssyni. Um eignarrétt að skinni af silfurref, sem sloppið hafði úr refagarði og var skotinn. Ágreiningur dómenda.	24/1	3
3.	Valdstjórnin gegn Sigurjóni Sigurðssyni. Brot á fyrirmælum um upprunamerki á vörum.	26/1	8
4.	Valdstjórnin gegn Magnúsi Ágústssyni. Um vitnaskyldu læknis, sem sjúklingur hafði í trúnaði skýrt frá afbroti sínu og læknis eins.	26/1	10
5.	Vilberg Sigurjón Hermannsson og Brandur Brynjólfsson gegn Ole Færch. Kaupréttur að íbúð.	28/1	11
6.	Valdstjórnin gegn Ásmundi Bjarna Helgasyni. Ólöglegar dragnótaveiðar í landhelgi.	31/1	15
7.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Guðmundi Ingjaldi Ingjaldssyni. Framhaldsrannsókn fyrirskipuð.	31/1	17
8.	Þór Tryggvason gegn Helgu Halldóru Hjartardóttur. Útivistardómur.	31/1	18
9.	Þórður Runólfsson gegn H/f Ræsi og gagnsök. Útivistardómur.	31/1	19
10.	Réttvísin gegn Jóni Kristjáni Hólm Ingimarssyni og Birni Jónssyni. Meiðandi ummæli um opinberan starfsmann.	4/2	19
11.	Valdstjórnin gegn Ágústi Steindórssyni. Ölvun við bifreiðarakstur.	4/2	22
12.	Jón Magnússon gegn Ingólfi Guðmundssyni. Þóknun fyrir milligöngu um sölu fasteignar.	9/2	24
13.	H/f Sæfell gegn Guðjóni Vigfússyni. Uppsögn á ráðningarsamningi skipstjóra.	14/2	27
14.	Hreppsnefnd Suðureyrarhrepps f. h. hreppsins gegn Herði Friðbertssyni. Mál til endurheimtu á greiddu útsvari. Sýknað.	16/2	33
15.	H/f Ræsir gegn Þórði Runólfssyni. Kærumál. Málskostnaðarákvæði héraðsdóms kært.	16/2	35

		Dómur	Bls.
16.	Sigurjón Pétursson gegn Níelsi Guðmundssyni og gagnsök. Eignarréttur að jörð. Ýmiss konar skuldaskipti. ..	21/2	41
17.	Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Trans-Ocean vöru- og skipamiðlun h/f. Kærumál. Skaðabótakrafa út af dómaraverki héraðsdómara. Málinu vísað frá héraðsdómi.	21/2	50
18.	Bogi Brynjólfsson gegn Dánarbúi Árna Sigfússonar. Frávísun frá Hæstarétti.	21/2	54
19.	Valdstjórnin gegn Jóni Guðmundi Magnússyni. Verðlagsbrot.	23/2	56
20.	Landssmiðjan gegn Júlíusi Þórðarsyni. Ábyrgð stjórnanda í samvinnufélagi á skuld þess.	23/2	61
21.	Magnús Thorlacius gegn Snæbirni Guðmundssyni og gagnsök. Málflutningsþóknun.	25/2	66
22.	Brynjólfur Guðlaugsson gegn Helga Benediktssyni. Kærumál. Kröfu um ómerkingu héraðsdóms hrundið. ..	25/2	69
23.	Kristján Kristjánsson gegn Óskari S. Sigurgeirssyni. Valdsvið dómstóla. Kröfu um frávísun frá héraðsdómi hrundið.	25/2	74
24.	Skaftafell h/f gegn Marinó Guðjónssyni og gagnsök. Útivistardómur.	28/2	77
25.	Kristján Kristjánsson gegn Snorra Arnfinnssyni. Útivistardómur.	28/2	78
26.	Guðmundur Jóhannsson gegn Kristjáni Ásgeirssyni. Útburðarmál.	2/3	78
27.	Valdstjórnin gegn Frederic Hunt. Ómerking héraðsdóms. Heimvísun.	2/3	80
28.	Landleiðir h/f gegn Snorra Arnfinnssyni. Útivistardómur.	2/3	83
29.	Gísli Jónsson gegn Ingvaldi Benediktssyni. Kærumál. Vitni dæmt óskylt að staðfesta framburð sinn.	2/3	83
30.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Kristjáni Andréssyni og Þorsteini Finnbogasyni. Bifreiðalagabrot. Manndráp af gáleysi. Líkamsáverkar.	7/3	85
31.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Ragnari Guðmundssyni. Áfengislagabrot. Líkamsárás. Röskun á heimilisfriði. ..	11/3	96
32.	Kristján Guðmundsson gegn Steindóri Einarssyni og gagnsök. Úrskurður um rækilegri sakargögn.	11/3	101
33.	Jón Magnússon gegn Skúla Magnússyni. Útburðarmál.	14/3	101
34.	Réttvísin gegn Arnari Þóri Valdimarssyni og Geir Guðmundssyni. Líkamsárás. Skírlífisbrot. Skaðabætur.	14/3	104
35.	Loftleiðir h/f gegn Almennum tryggingum h/f. Vátryggingarmál. Ágreiningur dómenda.	21/3	110
36.	Ásgrímur Albertsson gegn Erlendi Þorsteinssyni og gagnsök. Meiðyrðamál. Ágreiningur dómenda.	25/3	115

		Dómur	Bls.
37.	Valdstjórnin gegn Jóni Sölva Helgasyni. Ölvun við bifreiðarakstur.	28/3	119
38.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Jóhanni Guðnasyni og Einari Kristjánssyni. Bifreiðalagabrot. Líkamsáverkar.	30/3	122
39.	Steingrímur Þórðarson og Gunnar Jónsson gegn Guðvarði Sigurðssyni. Útivistardómur.	30/3	128
40.	Valdstjórnin gegn Emil Andersen. Dragnótaveiðar í landhelgi.	1/4	129
41.	Valdstjórnin gegn Sigþóri Þórarinssyni. Brot gegn lögum um lax- og silungsveiði.	6/4	132
42.	Alfreð Guðmundsson gegn Búnaðarfélagi Garða- og Bessastaðahrepps og Gísla Guðjónssyni. Ómerking. Málið ekki lagt til sátta.	6/4	136
43.	Valdstjórnin gegn Jóni Einarssyni. Ólögleg veiði togbáts í landhelgi.	8/4	139
44.	Bæjarstjórn Neskaupstaðar f. h. kaupstaðarins gegn Friðjóni Sigfússyni. Útsvarsmál.	8/4	141
45.	Réttvísin gegn Pálma Gunnari Kristinssyni og Sigurði Kristjáni Kristinssyni. Strok úr fangelsi.	8/4	144
46.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Yngva Kristni Jónssyni. Bifreiðalagabrot. Manndráp af gáleysi.	27/4	148
47.	Valdstjórnin gegn Pétri Magnúsi Sigurðssyni. Sýknað af kæru fyrir brot á lögum um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.	29/4	152
48.	Guðbjörg Árnadóttir gegn Ólafi Bjarnasyni og Önnu Guðvarðsdóttur Ólfjörð. Útivistardómur.	29/4	155
49.	H/f Mai gegn Magnúsi Gunnarssyni. Kærumál. Málskostnaðarákvæði héraðsdóms kært.	29/4	155
50.	H/f Mai gegn Björgúlfi Kristjánssyni. Kærumál. Málskostnaðarákvæði héraðsdóms kært.	29/4	158
51.	H/f Mai gegn Leó Ottósen. Kærumál. Málskostnaðarákvæði héraðsdóms kært.	29/4	162
52.	H/f Mai gegn Dánarbúi Guðjóns Sigurjónssonar. Kærumál. Málskostnaðarákvæði héraðsdóms kært.	29/4	165
53.	H/f Mai gegn Guðmundi Karlssyni. Kærumál. Málskostnaðarákvæði héraðsdóms kært.	29/4	168
54.	Réttvísin gegn Ingólfi Einarssyni. Umsagnar læknaráðs leitað.	2/5	172
55.	Kristján Guðmundsson gegn Steindóri Einarssyni og gagnsök. Fébótamál vegna árekstur bifreiðar á hest. Ágreiningur dómenda.	6/5	172
56.	Útibú Útvegsbanka Íslands h/f, Siglufirði, gegn Kaupfélagi Siglfirðinga. Endurgreiðslukrafa samkv. 74. gr. víxillaga. Ómerking vegna galla á málsmeðferð.	9/5	177
57.	**Sófus Bender og Hörður Jónsson gegn Jóni Sveinssyni**		

		Dómur	Bls.
	og gagnsök. Bifreiðaárekstur. Skaðabótamál.	11/5	181
58.	Vigfús Pálmason gegn Elínu Thorarensen og gagnsök. Mál til endurheimtu ofgreiddrar húsaleigu.	11/5	184
59.	Ágúst Jónsson gegn Glóa s/f. Kærumál. Frávísunardómur héraðsdóms staðfestur.	16/5	187
60.	Pétur Hjartarson og Guðrún Þórunn Eggertsdóttir gegn Jóni Jónassyni. Kærumál. Frávísunardómur héraðsdóms staðfestur.	16/5	188
61.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Ólafi Þóri Hansen og Sigurði Kristjáni Kristinssyni og Réttvísin gegn Ingiberg Kvist Sigurgeirssyni. Þjófnaður. Fjársvik. Ólögleg áfengisneyzla.	16/5	190
62.	Kaupfélag Eyfirðinga gegn hreppsnefnd Öngulsstaðahrepps f. h. hreppsins. Útsvarsmál. Samvinnufélög.	16/5	200
63.	Valdstjórnin gegn Benjamín Ólafssyni. Öflun matsgerðar.	21/5	202
64.	Þuríður Bárðardóttir gegn Borgarstjóranum í Reykjavík f. h. Reykjavíkurkaupstaðar. Húsaleiga. Útburðarmál. ..	23/5	203
65.	Kristinn Hallsson gegn Lögreglustjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs. Skattamál. Ágreiningur dómenda.	25/5	205
66.	Ingibjörg Jónsdóttir og Kristín Halldórsdóttir gegn Boga Brynjólfssyni og gagnsök. Umferðarréttur um lóð í kaupstað.	27/5	209
67.	Guðrún Ingibjörg Jóhannesdóttir f. h. sjálfrar sín og ólögráða dætra sinna, Elínar Aspar og Hildu Bjarkar Jónsdætra, gegn Bæjarstjórn Akureyrar f. h. bæjarsjóðs og gagnsök. Bifreiðamál. Konu, sem bjó ógift með manni, er fórst í bifreiðarslysi, dæmdar dánarbætur svo og dætrum þeirra.	30/5	214
68.	Jónas Sveinsson gegn Vígkoni Hjörleifssyni og Guðmundi Þorkelssyni. Útivistardómur.	30/5	221
69.	Jón Gauti gegn Bæjarstjórn Vestmannaeyja f. h. bæjarsjóðs. Útivistardómur.	30/5	221
70.	Ágúst Pétursson gegn H/f Björgvin. Útivistardómur. ..	30/5	222
71.	Valdstjórnin gegn Ísleifi Högnasyni. Brot á lögum nr. 70/1947 og rgl. nr. 82/1947.	3/6	222
72.	Valdstjórnin gegn Ólafi Eirikssyni. Brot á lögum nr. 70/1947 og rgl. nr. 82/1947.	3/6	226
73.	Kristján Kristjánsson gegn Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Skattamál. Hlutafélög.	8/6	228
74.	Franz A. Andersen gegn Finni Jónssyni. Húsaleiga. Útburðarmál.	10/6	236
75.	Valdstjórnin gegn Stefáni Thorarensen. Verðlagsbrot. ..	14/6	241
76.	Haraldur Eiríksson gegn Lilju Guðjónsdóttur. Húsaleiga. Útburðarmál.	14/6	247
77.	Valdstjórnin gegn Skapta Kristóferssyni. Ómerking hér-		

		Dómur	Bls.
	aðsdóms. Heimvísun.	14/6	250
78.	Hafnarsjóður Keflavíkur gegn H/f Shell á Íslandi. Um skyldu til greiðslu hafnargjalda.	14/6	253
79.	Bifreiðastjórafélagið Hreyfill, Félag blikksmiða í Reykjavík, Félag járniðnaðarmanna í Reykjavík, Félagið Skjaldborg, Iðja, félag verksmiðjufólks, Rakarasveinafélag Reykjavíkur, Starfsstúlknafélagið Sókn, Sveinafélag húsgagnasmiða í Reykjavík, Sveinafélag skipasmiða í Reykjavík, Verkamannafélagið Dagsbrún og Þvottakvennafélagið Freyja gegn Alþýðuhúsi Reykjavíkur h/f, Jóni Axel Péturssyni, Jónasi Guðmundssyni, Guðgeiri Jónssyni, Dánarbúi Sigurðar Ólafssonar og Jónínu Guðjónsdóttur. Krafa um ógildingu afsals að húsi og húsmunum. Vefengd heimild fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Reykjavík til afhendingar eigna þessara. Tómlætisverkanir.	20/6	255
80.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Kristjáni Helga Benjamínssyni. Bifreiðalagabrot. Líkamsáverkar. Áfengislagabrot.	21/6	267
81.	Valdstjórnin gegn Hlífari Höskuldssyni. Fiskveiðabrot.	22/6	286
82.	Réttvísin gegn Ingólfi Einarssyni. Manndráp. Sakhæfi. Öryggisgæzla.	28/6	291
83.	Valdstjórnin gegn Ingólfi Vestmann Eyjólfssyni og Réttvísin gegn Magnúsi Hauki Jónssyni. Áfengis- og bifreiðalagabrot. Rangur framburður.	26/9	300
84.	H/f Sæfinnur gegn Bæjarstjórn Neskaupstaðar f. h. bæjarsjóðs. Kærumál. Frávísunardómur héraðsdóms staðfestur.	26/9	305
85.	Magnús Blöndal Jónsson gegn Kristjáni Þorvarðssyni, Einari Ragnari Jónssyni, Jónasi Sveinssyni og Jakobi Hafstein. Kærumál. Máli frestað sjálfkrafa.	26/9	308
86.	Kaupfélag Ísfirðinga gegn Sigrúnu Edwald og Rögnvaldi Jónssyni. Kærumál. Úrskurður héraðsdóms og málsmeðferð ómerkt.	26/9	309
87.	Sigurður Guðmundsson gegn Jóhanni Þ. Jósefssyni. Kærumál. Úrskurður um frestsynjun staðfestur.	26/9	311
88.	Valdstjórnin gegn Georg Emil Nielsen. Áfengis- og bifreiðalagabrot.	30/9	313
89.	Valdstjórnin gegn Árna Ásgrími Blöndal. Áfengis- og bifreiðalagabrot.	30/9	315
90.	Valdstjórnin gegn Kára Söebeck Kristjánssyni. Bifreiðalagabrot.	3/10	318
91.	Ólafur P. Ólafsson gegn Arnóri Steinasyni. Öflun framhaldsskýrslna.	5/10	322
92.	Karl Dúason gegn Jósep Blöndal, Bæjarstjórn Siglufjarðar-		

		Dómur	Bls.
	kaupstaðar f. h. kaupstaðarins, Haraldi Sölvasyni, Oddi Oddssyni, Jóni Pálssyni, Gesti Fanndal, Hólm Dýrfjörð, Páli Jónssyni, Þorvaldi Þorleifssyni, Steinunni Schram, Þórði Jónssyni, Karli Sigtryggssyni, Árna Magnússyni og Guðjóni Magnússyni. Kærumál. Úrskurður héraðsdóms, sem heimilaði vitni staðfestingu vættis síns, staðfestur.	5/10	323
93.	Jón G. Guðmann gegn Þórði Gunnarssyni og gagnsök. Fébótamál vegna bifreiðarslyss.	10/10	326
94.	Valdstjórnin gegn Páli Ingibergssyni. Fiskveiðabrot.	13/10	331
95.	Valdstjórnin gegn Björgvin Jónssyni. Fiskveiðabrot.	17/10	337
96.	Magnús Jónsson gegn Steingrími Benediktssyni. Ágreiningur um kaupgreiðslu.	19/10	343
97.	Valdstjórnin gegn Angantý Arngrími Eliassyni. Fiskveiðabrot.	21/10	346
98.	Valdstjórnin gegn Júlíusi Sigurðssyni. Fiskveiðabrot.	21/10	352
99.	Valdstjórnin gegn Sigurði Gísla Bjarnasyni. Fiskveiðabrot.	21/10	358
100.	Ingólfur Gíslason gegn Kjartani Ólafssyni og gagnsök. Ágreiningur um verksamning og um kaup á íbúð.	26/10	365
101.	Valdstjórnin gegn Jóni Sigurðssyni. Brot gegn 261. gr. siglingalaga.	26/10	382
102.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Valgarði Kristinssyni. Líkamsárás. Áfengislagabrot. Ágreiningur dómenda.	28/10	388
103.	Sigurður Berndsen gegn Lárusi Bl. Guðmundssyni. Útivistardómur.	31/10	399
104.	Valdstjórnin gegn Ísleifi Jónssyni. Úrskurður um ný sakargögn.	2/11	399
105.	Verzlunarfélag Ólafsfjarðar gegn Magnúsi Jónssyni. Deilt um fjárhæð húsaleigu. Tómlætisverkanir.	4/11	400
106.	Sigurður Guðmundsson gegn Ólafi Péturssyni og Utanríkisráðherra. Um skyldu til framlagningar skjala.	4/11	403
107.	Eyvindur Árnason gegn Ara K. Eyjólfssyni. Lóðamerkjamál. Krafa um brottnám mannvirkja. Ágreiningur dómenda.	11/11	407
108.	Hjalti Friðfinnsson og Jónatan Davíðsson gegn Páli Friðfinnssyni. Héraðsdómur ómerktur.	11/11	417
109.	Tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs gegn Steindóri H. Einarssyni. Skattamál.	14/11	423
110.	Jón Bjarnason gegn Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, Sakadómaranum í Reykjavík og Þórði Björnssyni. Synjað um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald.	21/11	427
111.	Ingólfur S. A. Nielsen gegn Kaupfélagi Austur-Skagfirðinga. Fébótamál vegna árekstrar bifreiða. Löghald.	23/11	431
112.	Lúðvík Kjartansson gegn Njáli Gunnlaugssyni. Kærumál. Frávísun frá Hæstarétti.	23/11	436

		Dómur	Bls.
113.	Valdstjórnin gegn Garðari Ólasyni. Fiskveiðabrot.	28/11	437
114.	Valdstjórnin gegn Geir Ragnari Gíslasyni og Hauki Hjartarsyni. Áfengislagabrot.	28/11	440
115.	H/f Shell á Íslandi gegn Blönduósshreppi. Útsvarsmál. ..	30/11	443
116.	H/f Björgvin gegn Magnúsi Jónssyni og gagnsök. Útivistardómur.	30/11	445
117.	Árni Friðriksson og Jónas Sveinsson f. h. Fjölsvinnsútgáfunnar gegn Jósep Thorlacius. Útivistardómur.	30/11	445
118.	Einar B. Árnason f. h. Kaupfélags Ólafsvíkur gegn Sýslumanni Snæfellsnessýslu f. h. ríkissjóðs. Útivistardómur.	30/11	445
119.	Búkolla h/f gegn Sveinbirni H. Pálssyni. Útivistardómur.	30/11	446
120.	Auðbjörg Brynjólfsdóttir gegn Birni Þórðarsyni. Útivistardómur.	30/11	446
121.	Búkolla h/f gegn Ágústi Jónssyni. Útivistardómur.	2/12	446
122.	Lúðvík Grímsson gegn Jóni Kr. Björnssyni. Kaupkrafa. Sjóveðréttur.	2/12	447
123.	Réttvísin gegn Elíasi Ben Sigurjónssyni. Manndráp af gáleysi. Bifreiðalagabrot. Áfengislagabrot.	5/12	453
124.	Réttvísin gegn Hauki Arnars Bogasyni. Framhaldsrannsókn fyrirskipuð.	7/12	467
125.	Réttvísin gegn Axel Sigurðssyni og Pétri Hoffmann Salómonssyni. Fjárhættuspil.	7/12	467
126.	Óskar Eggertsson gegn Lórent Karlssyni. Útburðarmál.	8/12	472
127.	Hraðfrystihús Grindavíkur h/f gegn Trolle & Rothe h/f f. h. Almennra trygginga h/f. Vátryggingarmál.	8/12	474
128.	Njáll Gunnlaugsson gegn Skiptaráðandanum í Akureyrarkaupstað f. h. dánarbús Hjartar Lárussonar. Krafa um frestun uppboðs.	8/12	476
129.	Einar B. Guðmundsson f. h. eigenda e/s Garnes gegn Elding Trading Company og gagnsök. Ágreiningur um farmsamning.	12/12	478
130.	Jón Dúason gegn Leifi Þorleifssyni og Eiríki Leifssyni. Skuldamál. Fyrning kröfu. Ágreiningur dómenda.	14/12	487
131.	Þorbjörn Guðbrandsson gegn Ögmundi Jónssyni og gagnsök. Landamerkjamál.	16/12	493
132.	Guðbrandur Jörundsson gegn Sigurjóni Hreiðari Gestssyni og gagnsök. Fébótamál vegna bifreiðarslyss.	19/12	499
133.	Björgvin Bjarnason gegn Ágústi Péturssyni. Útivistardómur.	19/12	504
134.	Handíða- og myndlistarskólinn gegn Sturlaugi Lárussyni Fjeldsted. Útivistardómur.	19/12	504

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

XXX. árg. 1949.

Fimmtudaginn 13. janúar 1949.

Kærumálið nr. 8/1948.

Brynjólfur Jónsson

gegn

Þórhalli Sigjónssyni.

Kröfu um frávísun máls frá héraðsdómi hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 17. nóv. f. á., sem hingað barst 17. des. sl., hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar úrskurði bæjarþings Reykjavíkur, upp kveðnum 16. nóv. f. á., þar sem kröfu um vísun máls varnaraðilja gegn sóknaraðilja frá héraðsdómi var hrundið. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurður þessi verði úr gildi felldur, málinu vísað frá héraðsdómi og honum dæmdur málskostnaður úr hendi varnaraðilja í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðili dæmdur til að greiða honum málskostnað í Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kr. 300.00 í málskostnað í Hæstarétti.

Það athugast, að mál þetta var kært til Hæstaréttar 17. nóv. f. á., en skjöl kærumálsins bárust þó hingað eigi fyrr en hinn 17. des. sl. frá borgardómara, og hefur sá dráttur ekki verið réttlættur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Brynjólfur Jónsson, greiði varnaraðilja, Þórhalli Sigjónssyni, kr. 300.00 í málskostnað í Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 16. nóv. 1948.

Mál þetta, sem tekið var dóms eða úrskurðar um frávísunarkröfu 8. þ. m., hefur Þórhallur Sigjónsson, bifreiðarstjóri hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu eftir árangurslausa sáttaumleitan með stefnu, út gefinni 11. maí sl., gegn Brynjólfi Jónssyni, Grettisgötu 50 hér í bænum, til endurheimtu ofgreiddrar húsaleigu, að fjárhæð kr. 9040.65, með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi, 7. maí sl., til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt þess, að málinu verði vísað frá dómi, til *vara* sýknu og til *þrautavara* skuldajafnaðar á kröfum, sem hann telur sig eiga á stefnanda, við kröfur hans í málinu. Í öllum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar að mati dómarans.

Málavextir eru þeir, sem hér greinir:

Stefnandi hafði á leigu 4 herbergja íbúð í húsi stefnda, nr. 50 við Grettisgötu hér í bænum, frá 15. apríl 1947 til 15. apríl sl. og greiddi í leigu fyrir tímabilið kr. 10.800.00. Stefnandi framleigði nokkurn hluta íbúðar sinnar, og hefur hann viðurkennt að hafa tekið hærri leigu af framleigutökum sínum en heimilt sé samkvæmt síðargreindum úrskurði húsaleigunefndar. Stefndi hefur haldið fram, að stefnandi hafi tekið rúmlega 6 þúsund krónur fyrir framleigu íbúðarinnar eða öllu heldur hluta hennar, meðan hann bjó þar. Að beiðni stefnanda fór fram mat húsaleigunefndar Reykjavíkur á leigu eftir íbúð hans í húsi stefnda hinn 28. apríl sl. Hæfileg grunnleiga var metin kr. 100.00 á mánuði, en þess er jafnframt getið í matsgerðinni, að frá matsupphæðinni dragist 10% samkvæmt fyrirmælum ríkisstjórnarinnar. Í máli þessu krefur stefnandi stefndan um mismun greiddrar leigu og leigu samkvæmt mati húsaleigunefndar.

Stefndi byggir frávísunarkröfu sína í fyrsta lagi á því, að stefnandi hafi áskilið sér hærri húsaleigu en lög leyfa af framleigutökum sínum að hluta íbúðarinnar. Hér liggi því raunverulega fyrir samkvæmt kröfum stefnanda að kveða á um, hvor málsaðilja eigi að njóta hagnaðar af lögbrotum, sem þeir hvor um sig hafi framið.

Stefnandi hefur mótmælt þessari frávísunarástæðu stefnda.

Krafa stefnanda er, eins og áður getur, um endurheimtu oftekinnar húsaleigu úr hendi stefnda. Ekki verður á það fallizt, að það firri kröfu þessa lögvernd, þótt stefnandi kunni að hafa áskilið sér hærri leigu en lög

heimila úr hendi öðrum fyrir hluta þessa sama húsnæðis. Verður frávísunarkrafa stefnda því eigi tekin til greina af þessum ástæðum.

Með kæru til sakadómarans í Reykjavík, dags. 29. f. m., kærði stefnandi stefndan til refsingar fyrir brot á húsaleigulögunum, nr. 39 frá 1943. Gerði hann í kærunni jafnframt kröfu um, að stefndi yrði skyldaður til endurgreiðslu hinnar ofteknu leigu. Er það sama krafa og stefnandi hefur uppi í þessu máli. Mál út af kæru þessari var tekið fyrir hjá sakadómara 6. þ. m. Byggir stefndi nú frávísunarkröfu sína öðrum þræði á því, að vísa beri máli þessu hér frá dómi sökum þess, að sama dómkrafa liggi nú fyrir til úrlausnar hjá öðrum dómstóli.

Þessari málsástæðu stefnda hefur stefnandi mótmælt og hefur í því sambandi bent á, að óvíst sé, hvort kröfunni um endurheimtu húsaleigunnar verði haldið til streitu í sambandi við málssókn út af framangreindri kæru.

Það varðar eigi frávísun máls þessa hér frá dómi, þótt aðaldómkrafa þess hafi eftir þingfestingu málsins hér verið lögð fyrir annan hliðstæðan dómstól til úrlausnar, enda hefur sá dómstóll ekki lagt dóm á kröfuna. Verður frávísunarkrafan því ekki tekin til greina af þessum ástæðum.

Samkvæmt framangreindu verður frávísunarkrafa stefnda eigi tekin til greina. Rétt þykir, að ákvörðun málskostnaðar bíði væntanlegs efnisdóms í málinu.

Unnsteinn Beck, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Framangreind frávísunarkrafa verður ekki tekin til greina.

Mánudaginn 24. janúar 1949.

Nr. 105/1946. **Björn Pálsson** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Guðmundi Sigurðssyni (Eggert Claessen).

Um eignarrétt að skinni af silfurref, sem sloppið hafði úr refagarði og var skotinn. Ágreiningur dómenda.

Dómur Hæstaréttar.

Guðbrandur Ísberg, sýslumaður í Húnavatnssýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur hinum áfrýjaða úrskurði til

Hæstaréttar með stefnu 14. ágúst 1946, krefst þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma innsetningargerð þá, sem í málinu greinir. Svo krefst hann og málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða úrskurði og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Silfurrefur sá, sem í máli þessu greinir, var mjög verðmætur. Var refur þessi af eldisdýrakyni, fæddur í refagarði og alinn þar upp. Hann var auðkenndur sérmerki, og mátti við skoðun greina hann á því frá öðrum sams konar refum. Hélt hann sig við byggð, að því er séð verður, eftir að hann slapp úr haldi. Eigandinn hafði tilkynnt hvarf hans og hóf þær tilraunir, er á hans valdi voru, til að handsama hann, áður en hann var skotinn. Þegar litið er til þeirra aðstæðna, sem nú voru raktar, verður að telja, að refurinn hafi verið undirorpinn eignarrétti áfrýjanda, þegar stefndi skaut hann, og að áfrýjandi eigi því tilkall til skinnsins af honum. Ber samkvæmt þessu að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og leggja fyrir fógeta að framkvæma innsetningargerð þá, sem krafizt er.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda kr. 600.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Meðferð máls þessa í héraði var mjög andstæð lögum nr. 85/1936. Fógeti leiðbeindi ekki fyrirsvarsmanni áfrýjanda og stefnda, sem eru ólögfróðir, sbr. 114. gr. nefndra laga. Hann krafðist ekki greinargerðar af hendi stefnda í héraði, sbr. 106. gr., ákvað ekki um skriflegan eða munnlegan málflutning, sbr. 109. gr., og lét ekki flytja málið, svo sem mælt er í 110. eða 111. gr. sömu laga, sbr. 223. gr. laganna. Víta verður fógeta harðlega fyrir galla þessa, en ekki þykir alveg næg ástæða til að ómerkja úrskurðinn og málsmeðferðina, enda hefur málið verið skýrt nægilega fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og er lagt

fyrir fógeta að framkvæma innsetningargerð þá, sem krafizt er.

Stefndi, Guðmundur Sigurðsson, greiði áfrýjanda, Birni Pálssyni, kr. 600.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Guðbrandur Ísberg, sýslumaður í Húnavatnssýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. ágúst 1946. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og framkvæmd innsetningargerðar heimiluð. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar á úrskurði fógeta og málskostnaðar af áfrýjanda hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Refur sá, er mál þetta fjallar um, slapp úr refagarði áfrýjanda að Ytri-Löngumýri í Svínavatnshreppi að líkindum síðla í janúarmánuði 1945, en ekki er upplýst, hvern dag mánaðarins það gerðist. Kveðst áfrýjandi þegar hafa tilkynnt hreppstjóra hvarf dýrsins og síðan gert ráðstafanir í samráði við hann til að ná refnum. Þær tilraunir báru þó ekki árangur. Hinn 29. janúar sama ár skaut stefndi refinn, er hann leitaði að næturlagi í æti við útihús á Bollastöðum í Blöndudal.

Samkvæmt reglum íslenzks réttar um almenn takmörk eignarréttarins geta eigendur þeirra refa, sem úr haldi sleppa, ekki haft eignarráð yfir þeim til frambúðar, er þeir taka að ganga villtir og skaðlegir eignum manna. Og þar sem svo var ástatt, að umgetinn refur fór um í fullu frjálsræði, laus úr vörzlu og undan eftirför eiganda, og leit sú og eftirgrennslan, sem fram fór þegar eftir hvarf dýrsins, hafði engan árangur borið, þá verður að telja eignarrétt áfrýjanda að refnum hafa verið niður fallinn, þegar stefndi vann hann fjarri bústað áfrýjanda. Samkvæmt því ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð að niðurstöðu til.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Um athugasemdir varðandi málsmeðferð í héraði skírskotast til dómsatkvæðis meira hluta dómsins.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Húnavatnssýslu 7. júní 1946.

Gerðarbeiðandi, Björn Pálsson bóndi, Ytri-Löngumýri, Svínavatnshreppi, telur sig hafa misst silfurrefsafbrigði (White face) úr refagarði sínum að Ytri-Löngumýri í janúar 1945, sem svo hafi verið skotinn af gerðarþola, Guðmundi Sigurðssyni, Leifsstöðum, við fjárhús að Bollastöðum í Blöndudal, þar sem hann var farinn að ganga að eftir æti. Er talið, að dýrið hafi verið skotið 29. janúar f. á., en hvenær það slapp, er óupplýst, og ber mikið á milli. Gerir gerðarbeiðandi kröfu til þess, að skinnið af refnum verði tekið með fógetagerð úr vörzlu skotmannsins og afhent sér sem eiganda þess, enda sanni merki það, er á refnum var, eignarrétt hans á dýrinu, alveg á sama hátt sem um sauðkind eða hross væri að ræða.

Gerðarþoli kveðst hafa skotið refinn sem hvern annan villiref og neitar að afhenda skinnið, sem hann telur sína réttmæta eign, nema greitt sé fullt verð fyrir það, kr. 1000.00, samkv. mati. Enginn ágreiningur virðist vera um það, að hið umdeilda skinn sé af ref þeim, er gerðarbeiðandi missti úr haldi. Velta því úrslit málsins á því, hvort gerðarbeiðandi verði talinn eigandi dýrsins — og þá einnig skinnsins, — eftir að það slapp úr haldi og gerðist villirefur.

Gerðarbeiðandi vísar til merkis þess, sem var á dýrinu, og telur, að það helgi honum dýrið á sama hátt og venja er um búfé.

Á þetta getur fógetarétturinn ekki fallizt. Mark er sett á búfé, svo að unnt sé að lesa það úr öðru búfé sams konar, þótt það gangi saman í heimahögum eða á afrétt. Búfé má leita uppi og draga sundur í rétt, svo að segja hvenær sem er og hvar sem er.

Refir geta hlaupið landshornanna á milli á mjög stuttum tíma og verða yfirleitt alls ekki fundnir með leit nema þá af hreinni tilviljun og því síður reknir til réttar. Vegna tjóns þess, sem þeir geta valdið, liggja sektir við að sleppa þeim úr haldi, og valdi þeir sannanlegu tjóni, ber þeim tjón að bæta, sem missti þá úr haldi.

En slík bótaskylda er hvorki sérkenni né sönnun eignarréttar. Hún nær einnig almennt til vörzlumanns. Sá, sem sleppir ref úr vörzlu, er

sekur um lögbrot, alveg án tillits til þess, hvort hann á sjálfur dýrið eða er aðeins vörzlumaður þess. Merki á eyrum refa er ekki eignarmark, heldur ættarmerki. Leiðir þetta beint af því, að refir verða ekki reknir til réttar sem annað búfé til sundurdráttar, og slík merking á þeim væri því alveg tilgangslaus. Í gildandi lögum og reglugerð varðandi refaeldi er lögð rík áherzla á, að sloppnum ref sé náð aftur, hvaða ráðum sem til þess þarf að beita, og alveg án tillits til þess, þó að verðgildi dýrsins fari með öllu forgörðum, enda skal sá, er sleppti dýrinu, gjalda sekt að auki. Tillit til verðgildis og eignarréttar kemur því bersýnilega ekki til greina, þegar um er að ræða sloppinn ref, en slíkt viðhorf þekkist ekki gagnvart venjulegum tegundum húsdýra. Það er almennt viðurkennt, að íslenzkur refur, sem sleppur úr haldi, taki þegar upp háttu villtra kynbræðra sinna og verði fljótt óþekkjanlegur frá þeim. Slíkt dýr verður því einnig að teljast villt og réttdræpt hverjum þeim, sem vill og getur ráðið því bana, og eignarréttur til dýrsins dauðs virðist hljóta að vera hinn sami sem til venjulegs villirefs. Villtur fugl í hendi manns, sem hefur handsamað hann, verður ekki af honum tekinn. Hann er eign hans. En missi hann fuglinn, á hann þess engan kost að gera eignarrétt sinn gildandi lengur og mundi ekki geta helgað sér hann úr hendi skotmanns, jafnvel þó að hann hefði merkt fuglinn.

Silfurrefir munu að vísu leita frekar en íslenzkir refir að bústöðum manna til þess að leita fanga, fyrst eftir að þeir sleppa úr haldi. Þó hefur opinberlega verið sagt frá silfurref í Þingeyjarsýslu, sem lagði lag sitt við íslenzkan ref og átti greni með honum.

Hér virðist því nánast um örlítinn stigmun að ræða, en ekki eðlismun. Ef játa á manni eignarrétti að silfurref, sloppnum úr haldi, verður einnig að játa eignarrétti að íslenzkum ref, sem eins er ástatt um, jafnvel þótt hann hafi árum saman lifað villtur sem grenlægja. Virðist slíkt jafn-fráleitt sem að játa manni eignarrétti að fuglum loftsins eða fiskum hafsins óveiddum eða öðrum þeim hlutum, sem menn með engu móti geta haft vald á, hvorki sjálfir né aðrir í umboði þeirra.

Samkvæmt framansögðu lítur rétturinn svo á, að frjáls refur sé villtur refur, alveg án tillits til þess, hvort refurinn kann að hafa verið merktur ættarmerki eða ekki. En af því leiðir, að slíkur refur eða verðgildi hans sem veiðidýrs, sem í reyndinni verður hið sama, verður að teljast eign þess, er veiðir hann.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna fógetagerð á ekki að njóta framgangs.

Miðvikudaginn 26. janúar 1949.

Nr. 6/1949. **Valdstjórnin** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Sigurjóni Sigurðssyni (Einar B. Guðmundsson).

Brot á fyrirmælum um upprunamerki á vörum.

Dómur Hæstaréttar.

Brot kærða, sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi, varðar við tilkynningu verðlagsstjóra nr. 25 frá 14. nóvember 1947, sbr. 4. tölulið 12. gr. og 1. mgr. 16. gr. laga nr. 70 5. júní 1947. Þykir refsing kærða samkvæmt 22. gr. laga nr. 70/1947 og með hliðsjón af 1. gr. laga nr. 14 frá 8. marz 1948 hæfilega ákveðin kr. 100.00 sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 3 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms staðfestist.

Allan kostnað við áfrýjun sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 350.00 til hvors, ber kærða að greiða.

Dómsorð:

Kærði, Sigurjón Sigurðsson, greiði kr. 100.00 sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 3 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms á að vera óraskað.

Kærði greiði allan kostnað við áfrýjun sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars Þorsteinssonar og Einars B. Guðmundssonar, kr. 350.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 15. desember 1948.

Ár 1948, miðvikudaginn 15. desember, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Loga Einarssyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 5904/1948: Valdstjórnin gegn Sigurjóni Sigurðssyni, sem tekið var til dóms hinn 15. f. m.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Sigurjóni Sigurðssyni kaupmanni, Njálsgötu 48 hér í bæ, til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar fyrir brot gegn tilkynningu verðlagsstjóra nr. 25 14. nóvember 1947, sbr. lög nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 18. nóvember 1916 í Reykjavík. Hinn 31. október 1932 var kærði áminntur fyrir ljósleysi á reiðhjóli, en að öðru leyti hefur hann hvorki sætt kæru né refsingu, svo að kunnugt sé.

Með bréfi, dags. 30. september sl., kærði verðlagsstjóri yfir því, að í verzlun kærða, Valencia, að Njálsgötu 48, væri til sölu sælgæti, fíkjustengur og hnetustengur, sem eigi væru merktar nafni eða vörumerki fyrirtækja þeirra, er sælgætið framleiddi.

Kærði skýrir svo frá, að honum hafi borizt sælgætisstengurnar í merktum umbúðum, en hann hafi tekið þær úr umbúðunum og sett þær í glerkrúsir og haft þær þannig á boðstólum án upprunamerkja.

Með framangreindu atferli hefur kærði gerzt brotlegur við tilkynningu verðlagsstjóra nr. 25 14. nóvember 1947, in fine, sbr. 19. gr. laga nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og gjaldeyriseftirlit. Samkvæmt 2. mgr. 22. gr. nefndra laga þykir refsing kærða hæfilega ákveðin 200.00 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 4 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Kærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans hér við réttinn, héraðsdómslögmanns Gunnars Jónssonar, kr. 150.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Kærði, Sigurjón Sigurðsson, greiði 200.00 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 4 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans hér við réttinn, héraðsdómslögmanns Gunnars Jónssonar, kr. 150.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 26. janúar 1949.

Nr. 135/1948. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Magnúsi Ágústssyni (Ólafur Þorgrímsson).

Um vitnaskyldu læknis, sem sjúklingur hafði í trúnaði skýrt frá afbroti sínu og læknis eins.

Dómur Hæstaréttar.

Hinum áfrýjaða úrskurði hefur valdstjórnin skotið til Hæstaréttar eftir ósk Magnúsar Ágústssonar, fyrrverandi héraðslæknis. Hefur honum verið stefnt og sækjandi og verjandi skipaðir í málinu að hætti opinberra mála.

Vitneskju þeirri, sem stefndi er krafinn vættis um, var honum trúað fyrir í læknisstarfi sínu. Þykir, eins og á stendur, ekki vera nægilega rík þjóðfélagsleg nauðsyn til þess að rjúfa þetta trúnaðarsamband sjúklingsins við lækni sinn. Verður stefnda því ekki gert skylt að gefa þá skýrslu, sem hann er krafinn um, og ber samkvæmt því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi.

Eftir þessari niðurstöðu ber að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Allur kostnaður af áfrýjun málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Ólafs Þorgrímssonar, kr. 600.00 til hvors.

Úrskurður lögregluréttar Reykjavíkur 16. september 1948.

Vitnið Magnús Ágústsson læknir hefur borið það hér í lögregluréttinum, að það hafi sem læknir í Kleppjárnsreykjahéraði fengið vitneskju um,

að fóstri konu einnar í héraðinu hafi á ólögmætan hátt verið eytt veturinn 1946—47, og viti vitnið nafn hennar og læknis þess, sem hún sagði, að eytt hefði fóstrinu, en það telji sig þagnarskylt um þessi efni samkvæmt 10. gr. laga nr. 47 23. júní 1932.

Rétturinn lítur svo á, að þagnarskylda samkvæmt ákvæði þessu nái eigi til atriðis þess, sem hér liggur fyrir til rannsóknar, sem er uppljóstrun meints glæps, og hlýtur því að ákveða, að vitninu skuli vera skylt að upplýsa, hver nefnd kona sé og hvaða læknir það sé, sem hún hefur sagt, að eytt hafi fóstri hennar.

Því úrskurðast:

Vitninu Magnúsi Ágústssyni lækni er skylt að gefa framangreindar upplýsingar.

Föstudaginn 28. janúar 1949.

Nr. 132/1948. **Vilberg Sigurjón Hermannsson og Brandur Brynjólfsson** (Sigurður Ólason)
gegn
Ole Færch (Kristján Guðlaugsson).

Kaupréttur að íbúð.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson, borgarfógeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. október f. á. Gera þeir þær dómkröfur, að boð áfrýjanda Brands Brynjólfssonar á uppboðsþingi 18. ágúst 1948 í kjallaraíbúð hússins nr. 11 við Eskihlíð í Reykjavík verði dæmt gilt, að fullnægðum uppboðsskilmálum, en hrundið verði kröfu stefnda um kauprétt á nefndri íbúð. Þá krefjast þeir og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti af áfrýjendum in solidum eftir mati dómsins.

Eftir að úrskurður uppboðsþingsins gekk, hefur nýrra gagna verið aflað, þ. á m. skýrslna áfrýjandans Vilbergs Sigurjóns og stefnda. Hafa gögn þessi verið lögð fram í Hæstarétti.

Í skuldarviðurkenningu 13. janúar f. á. og afsali sama dag, sem áfrýjandinn Vilberg Sigurjón hefur undirritað og eigi hefur verið hnekkt, er því lýst, að stefndi eigi forkaupsrétt að íbúð þeirri, er í málinu greinir, fyrir 60 til 65 þúsund krónur, þegar áfrýjandinn flyttist úr íbúðinni, er hann hefði lokið smíði tiltekins húss. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjendur greiði in solidum stefnda kr. 700.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Meðferð máls þessa í héraði var mjög andstæð ákvæðum IX. kafla laga nr. 85/1936, sbr. 223. gr. nefndra laga. Greinargerðir komu eigi fram af hálfu aðilja samkvæmt 105. og 106. gr. Munnlegur eða skriflegur málflutningur var eigi ákveðinn samkvæmt 109. gr. Frestur til öflunar gagna var eigi veittur samkvæmt 110. og 111. gr. Málflutningur fór enginn fram, en einungis færðar til bókar stuttar athugasemdir af hálfu aðilja. Verður að víta málsmeðferð þessa harðlega, en eigi þykir alveg næg ástæða til ómerkingar.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Vilberg Sigurjón Hermannsson og Brandur Brynjólfsson, greiði in solidum stefnda, Ole Færch, kr. 700.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsréttar Reykjavíkur 3. september 1948.

Með beiðni bæjargjaldkerans í Reykjavík frá 1. júní 1948 var þess óskað, að fram færi samkvæmt lögtaksgjörð frá 27. nóvember 1947 opinbert uppboð á kjallaraíbúð í húsinu nr. 11 við Eskihlíð hér í bænum, þinglesinni

eign Vilbergs Sigurjóns Hermannssonar, sem þar býr, til tryggingar ógreiddu útsvari frá 1947, að eftirstöðvum kr. 5800.00, auk dráttarvaxta og alls kostnaðar við lögtak og uppboðssölu.

Uppboð þetta var tekið fyrir í uppboðsrétti Reykjavíkur á eigninni sjálfri 10. þ. m. og lagt fram beiðni um söluna, eftirrit af lögtaksgjörð, veðbókarvottorð og söluskilmálar. Var uppboðinu þá frestað samkvæmt ósk umboðsmanns uppboðsþola þar til miðvikudaginn 18. fyrra mánaðar kl. 2 e. h. Þar sem engin greiðsla hafði þá farið fram, var uppboðið tekið fyrir á ný á tilsettum tíma, og mætti þá í réttinum af hálfu uppboðsbeiðanda Kristinn Kristjánsson, af hálfu eiganda eignarinnar Ólafur Pálsson byggingameistari, svo og Kristján Guðlaugsson hrl. f. h. Ole Færch tannlæknis, og lýsti hann yfir því, að umbjóðandi sinn hefði óþinglesna eignarheimild að neðri hæð húseignarinnar, og jafnframt, að hann ætti kauprétt að íbúð þeirri, sem selja ætti, fyrir kr. 60.000.00, og væri þess getið í umræddri eignarheimild. Fór uppboðið því næst fram á eign þessari, án þess að nokkur andmæli kæmu fram gegn því, og varð hæstbjóðandi í hana Brandur Brynjólfsson hdl., sem bauð kr. 100.000.00, en næstbjóðandi varð Kristján Guðlaugsson hrl. f. h. Ole Færch, sem bauð kr. 65.000.00, og gerði hann þá kröfu í réttinum, að sitt boð yrði tekið gilt með hliðsjón af ofangreindum kaupréttí, en Brandur Brynjólfsson hdl. mótmælti þessari skoðun hans og krafðist þess, að sitt boð yrði tekið gilt.

Með því að framangreindur afsalsgjörningur var eigi til staðar í réttinum, var með samkomulagi aðilja ákveðið að fresta því að taka undir úrskurð ágreining þeirra um það, hvort boðið yrði metið gilt, og var því ákveðið að taka málið fyrir á ný í skrifstofu uppboðsréttarins, og skyldi þar fara fram málflutningur út af því atriði.

Var mál þetta síðan tekið fyrir sama dag á tilsettum tíma, og lagði þá Kristján Guðlaugsson hrl. fram fyrir Ole Færch tannlækni staðfest eftirrit af afsali, dags. 13. jan. 1948, þar sem uppboðsþoli, Vilberg Hermannsson, afsalar Ole Færch tannlækni neðri hæð hússins Eskihlíð 11, sem er 4 herbergi ásamt eldhúsi og baði, stúlknaherbergi í kjallara, þvottahúsi, geymslu undir tröppum, geymsluherbergi í kjallara og kaldri geymslu undir tröppum, svo og miðstöðvarherbergi í réttu hlutfalli við aðra eigendur hússins og sameiginlegum göngum í kjallara og loks lóðarleiguréttindum, sem fylgja allri húseigninni í óskiptri sameign.

Síðar í afsali þessu segir: „Kaupandi nýtur forkaupsréttar að kjallaraíbúð í húsi sínu fyrir kr. 60—65 þúsund, er seljandi flytur úr íbúðinni, þegar lokið er smíði hússins nr. 6 við Blönduhlíð."

Seljandi, Vilberg Hermannsson, og kaupandi, Ole Færch, rita báðir nöfn sín undir samning þenna.

Því hefur verið haldið fram af Ole Færch, að hann ætti kauprétt að kjallaraíbúð þessari fyrir eigi hærri fjárhæð en kr. 65.000.00, og ætti hann rétt á afsali fyrir henni fyrir það verð, og til þess að tryggja rétt sinn hefði hann auk 1. hæðarinnar keypt geymslur í kjallara og þvottahús, en hins vegar hefði hann þá ekki í bili haft fjármagn til að greiða andvirði kjall-

araíbúðarinnar allrar, og telur hann, að eigi komi hér til greina, þótt ekki hafi verið þinglesið umrætt afsal. Eigandi eignarinnar, Vilberg Hermannsson, sem komið hefur hér fyrir rétt, heldur því fram, að hann hafi ekki gefið Ole Færch kauprétt að kjallaraíbúðinni í umræddu afsali, enda hefði hann þá samið um það á annan hátt, t. d. samið um greiðsluskilmála og gengið frá venjulegum kaupsamningi. Þá hefur hæstbjóðandi í eignina, Brandur Brynjólfsson hdl., sem mætti í réttarhaldi þessu bæði fyrir sjálfan sig og Vilberg Hermannsson, haldið sama fram, auk þess sem hann hefur fullyrt, að engar geymslur hafi verið seldar frá kjallaraíbúðinni. Íbúðinni fylgi aðgangur að geymslu undir útidyratröppum, aðgangur að geymslu undir stiga, svo og aðgangur að þvottahúsi á móts við neðri hæðina. Taldi hann, að engin ástæða hefði verið til að gefa Ole Færch kauprétt að íbúð þessari fyrir 60—65 þúsund krónur, og hefði alltaf staðið til að selja íbúð þessa fyrir hæsta seljanlegt verð, enda hefði efri hæðin verið seld á venjulegu gangverði.

Forkaupsréttarákvæðið í afsalinu verður eigi skilið öðruvísi en svo, að Ole Færch eigi kröfu til að fá kjallaraíbúðina keypta fyrir 60 til 65 þúsund krónur, þegar er seljandi flytti úr henni, sem skyldi vera, þegar er smíði húseignarinnar Blönduhlíðar 6 væri lokið. Hefði aðeins verið um forkaupsrétt að ræða, var þýðingarlaust að geta verðs og miða forkaupsréttinn við þau tímatakmörk, sem í afsalinu er gert. Þar stýður og þessa skoðun 1. liður afsalsins, þar sem afsalað er flestum þægindum frá kjallaraíbúðinni, svo sem þvottahúsi, sem aðeins er fyrir 1. hæðina og kjallarann, og að því er virðist öllum geymslum. Þar sem nú hefur farið fram opinbert uppboð á eigninni, verður að telja, að kaupréttur þessi sé þegar virkur.

Eigi verður heldur talið, að réttur Ole Færch hafi glatazt, þótt ekki væri hann þinglesinn, þar sem þeir, sem hagsmuna höfðu að gæta við uppboðið, vissu um hann.

Samkvæmt þessu verður boð Kristjáns Guðlaugssonar hrl. f. h. Ole Færch í kjallaraíbúðina í Eskihlíð 11 tekið gilt gegn því, að uppfylltir verði söluskilmálar, sem fram voru lagðir við uppboðið.

Aðiljar hafa ekki krafizt málskostnaðar, og fellur hann því niður.

Því úrskurðast:

Boð Kristjáns Guðlaugssonar hrl. f. h. Ole Færch tannlæknis í kjallaraíbúðina í Eskihlíð 11 á opinberu uppboði 18. ágúst 1948, kr. 65.000.00, er metið gilt gegn því, að uppfylltir verði söluskilmálar þeir, er fram voru lagðir við uppboðið.

Málskostnaður í sambandi við ágreining þessa atriðis fellur niður.

Mánudaginn 31. janúar 1949.

Nr. 145/1948. **Valdstjórnin** (Gústaf A. Sveinsson)
gegn
Ásmundi Bjarna Helgasyni (Egill Sigurgeirsson).

Ólöglegar dragnótaveiðar í landhelgi.

Dómur Hæstaréttar.

Guðbrandur Ísberg, sýslumaður í Húnavatnssýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Forstöðumaður Stýrimannaskólans hefur markað á sjóuppdrátt stað vélbáts kærða í landhelgi, og reyndist hann vera 1.65 sjómílu innan landhelgislínu.

Kærði hefur með atferli því, sem lýst er í héraðsdómi, gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 45/1937. Af lögum nr. 14/1948 og forsögu þeirra verður ekki ráðið með öruggri vissu, að þeim hafi verið ætlað að taka til fésekta, sem miðaðar eru við gullkrónur. Verður sekt kærða því einungis ákveðin eftir 3. gr. laga nr. 45/1937, og þykir refsing hans, með hliðsjón af gullgildi íslenzkrar krónu, sem nú er 33,96, og því, að hér var um togbát að ræða, 21 smálest að stærð, hæfilega ákveðin 8000 króna sekt, er renni í Fiskveiðasjóð Íslands, og komi 65 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla, veiðarfæra svo og málskostnað staðfestast, þó svo, að andvirði hinna upptæku eigna renni í Fiskveiðasjóð Íslands.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Dómsorð:

Kærði, Ásmundur Bjarni Helgason, greiði 8000 króna sekt í Fiskveiðasjóð Íslands, og komi 65 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra eiga að vera óröskuð, og renni andvirðið í Fiskveiðasjóð Íslands.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms staðfestist.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gústafs A. Sveinssonar og Egils Sigurgeirssonar, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Húnavatnssýslu 25. maí 1948.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Bjarna Helgasyni, Skagaströnd, skipstjóra og útgerðarmanni m/b Stíganda, S. I. 52, f. 30. nóvember 1903 að Eyri í Reykjarfjarðarhreppi innan Ísafjarðarsýslu, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 45 frá 1937, sbr. lög nr. 26 frá 1940, sbr. lög nr. 14 frá 1948.

Málavextir eru þessir:

Í dag kl. 02.00 kom varðbáturinn Faxaborg að m/b Stíganda, S. I. 52, sem gerður er út frá Skagaströnd, þar sem hann var að veiðum með dragnót út af Kálfshamarsvík, 1.2 sjómílu fyrir innan landhelgislínu.

Samkvæmt miðun varðbátsins, sem kærður hefur athugað og gengið úr skugga um, að væri rétt, var staða skipsins þessi:

Kálfshamarsviti
> 88°
Fossinn
> 35°
Spákonufell

Kærður hefur viðurkennt brot sitt tregðulaust.

Kærður hefur með dómi lögregluréttar Reykjavíkur 17/5 1940 verið dæmdur í 7.400 króna sekt fyrir brot gegn landhelgislögum.

Brot kærða heyrir undir ákvæði 1. nr. 45 frá 1937, 1. og 3. gr., sbr. l. nr. 26/1940, og þykir refsing sú, er hann hefur til unnið, með hliðsjón af gullgildi ísl. krónu svo og því, að hann hefur áður gerzt brotlegur gegn fiskveiðalöggjöfinni, hæfilega ákveðin 26.500 króna sekt, er renni í Landhelgissjóð, og komi 2 mánaða varðhald í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Enn fremur skulu veiðarfæri og afli m/b Stíganda, S. I. 52, vera upptæk og andvirðið renna í Landhelgissjóð.

Þá greiði kærður og allan áfallinn og áfallandi kostnað málsins.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Ásmundur Bjarni Helgason, greiði 26.500 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi 2 mánaða varðhald í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Enn fremur skulu afli og veiðarfæri m/b Stíganda, S. I. 52, vera upptæk og andvirðið renna í sama sjóð. Þá greiði kærður og allan áfallinn og áfallandi kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 31. janúar 1949.

Nr. 48/1947. **Réttvísin og valdstjórnin**
gegn
Guðmundi Ingjaldi Ingjaldssyni.

Framhaldsrannsókn fyrirskipuð.

Úrskurður Hæstaréttar.

Áður dómur gangi í Hæstarétti í máli þessu, ber héraðsdómara að framkvæma rækilega framhaldsrannsókn í því. Skal m. a. leitazt við að skýra betur en orðið er þau atriði, sem nú verða rakin:

1. Torfi Jónsson og vitnið Þorbergur Skagfjörð Gíslason skýra svo frá, að maður sá, sem sló Torfa, hafi aðfaranótt 15. febrúar 1946 stigið út úr bifreið, sem staðnæmdist á Vesturgötu, ráðizt á Torfa, slegið hann í andlitið og veitt honum áverka þá, sem í málinu greinir. Gerð skal tilraun til að leita uppi bílstjóra þann, sem ók bíl þessum, t. d. með rannsókn á bílstöðvum, auglýsingum o. s. frv., og ef leit að honum ber árangur, skal hann látinn gera grein fyrir atburðarás kveld það, sem um er að tefla.

2. Ákærði tjáist hafa verið kyndari á l/v Sverri á þeim tíma, sem atvik þau gerðust, er mál þetta er af risið. — Skipverjar þeir, sem á l/v Sverri voru þá, skulu kvaddir fyrir dóm og inntir eftir því, hvort þeir geti veitt nokkra vitneskju um

málið, t. d. athafnir ákærða þetta kveld, samvistir þeirra og hans þá o. s. frv.

3. Enn skal ákærði rækilega spurður um atvik málsins. Skal honum bent á, að ummæli hans, þau sem vitni hafa eftir honum og hann hefur gengizt við, að hann hafi slegið Torfa, bendi alleindregið til sektar hans, þar sem ólíklegt er, að hann hafi borið sig að ósönnu slíkum sökum.

4. Leitt skal í ljós, hvernig veðri og birtu var háttað á vettvangi aðfaranótt 15. febrúar 1946.

5. Þá skulu vitni endurprófuð og samprófuð með ákærða, eftir því sem ástæða er til. Vitnin Jón Benjamínsson og Guðbrandur Kristinn Mortens skulu síðan látnir staðfesta framburð sinn.

Loks skal héraðsdómari rannsaka öll þau atriði, sem efni verður til að leiða betur í ljós.

Ályktarorð:

Héraðsdómara ber að framkvæma framangreinda rannsókn.

Mánudaginn 31. janúar 1949.

Nr. 12/1948. **Þór Tryggvason**
gegn
Helgu Halldóru Hjartardóttur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Þór Tryggvason, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald í ríkissjóð, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefndu, Helgu Halldóru Hjartardóttur, sem hefur sótt dómþing og krafizt ómaksbóta, kr. 200.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 31. janúar 1949.

Nr. 61/1948. **Þórður Runólfsson**
gegn
h/f Ræsi og gagnsök.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Aðaláfrýjandi, Þórður Runólfsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá það tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann gagnáfrýjanda, h/f Ræsi, sem sótt hefur dómþing og krafizt ómaksbóta, kr. 150.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 4. febrúar 1949.

Nr. 31/1948. **Réttvísin** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Jóni Kristjáni Hólm Ingimarssyni og Birni Jónssyni (Egill Sigurgeirsson).

Setudómari hrl. Einar B. Guðmundsson í stað hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Meiðandi ummæli um opinberan starfsmann.

Dómur Hæstaréttar.

Friðjón Skarphéðinsson, bæjarfógeti á Akureyri, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Sakaratriðum er rétt lýst í forsendum hins áfrýjaða dóms, og varða hin saknæmu ummæli við 108. gr. laga nr. 19/1940. Refsing hinna ákærðu, hvors um sig, þykir hæfilega ákveðin 300 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 7 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um málskostnað í héraði.

Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 400.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærðu, Jón Kristján Hólm Ingimarsson og Björn Jónsson, greiði hvor um sig 300 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 7 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Egils Sigurgeirssonar, kr. 400.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstaðar 6. des. 1947.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. nóv. sl., var höfðað af réttvísinnar hálfu með stefnu, út gefinni 15. október sl., gegn Jóni Kristjáni Hólm Ingimarssyni, formanni fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna á Akureyri, og Birni Jónssyni, ritara sama félagsskapar, báðum til heimilis hér í bæ, fyrir brot á 108. gr. og XXV. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febr. 1940.

Ákærðu eru komnir yfir lögaldur sakamanna. Jón Kristján Hólm Ingimarsson er fæddur á Akureyri 6. apríl 1913, og Björn Jónsson er fæddur á Úlfsstöðum í Skagafirði 3. sept. 1916.

Jón Kristján Hólm hefur aldrei fyrr sætt kæru eða refsingu fyrir neitt afbrot, en Björn hefur sætt eftirfarandi kærum og refsingum:

1937 22/10 Áminning fyrir ölvun.
1945 16/7 Sátt, 60 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1945 25/11 Sátt, 50 kr. sekt og 40 kr. skaðabætur fyrir ölvun á almannafæri og óspektir.
1946 8/1 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Málavextir eru þessir:

Með bréfi, dags. 16. júní sl., kærði Þorsteinn M. Jónsson, héraðssáttasemjari í vinnudeilum, ákærðu í máli þessu fyrir brot gegn sér, er varði við 108. gr. og XXV. kafla almennra hegningarlaga, vegna bréfs, dags. 13. sama mánaðar, sem sent hafði verið til undirbúningsnefndar 17. júní hátíðahaldanna hér í bæ og undirritað var af ákærðum. Ummæli þau, sem í nefndu bréfi voru og stefnt hefur verið út af, eru þessi: „.... Fulltrúaráðið lítur á val Þorsteins M. Jónssonar sem aðalræðumanns hátíðahaldanna sem full-

komna móðgun við verkalýðssamtökin vegna framkomu hans nú undanfarna daga gagnvart Verkamannafélaginu Þrótti á Siglufirði og alþýðusamtökunum á Norðurlandi."

Telja verður, að í framangreindum ummælum felist, þótt með óbeinum orðum sé, aðdróttun um, að kærandi þessa máls, Þorsteinn M. Jónsson, hafi aðhafzt eitthvað eða að eitthvað sé í fari hans slíkt, að hann sé eigi verður trausts stórs hóps manna af samborgurum hans, og verður að telja, að það sé þess eðlis, að það falli undir ákvæði 235. gr. almennra hegningarlaga.

Að því er ætla má af efni dskj. nr. 2 í rannsókninni svo og framburðum hinna ákærðu, eru hin umstefndu ummæli þannig til komin, að þau eru hluti af samþykkt, sem fulltrúaráð verkalýðsfélaganna hér gerði 12. júní sl. í sambandi við undirbúning hátíðahaldanna 17. júní sl. Það hefur og komið fram í máli þessu, enda öllum kunnugt, að um þetta leyti voru viðtækar vinnudeilur hér norðanlands, og voru háðar miklar blaðadeilur út af þeim og m. a. út af starfi héraðssáttasemjara, Þorsteins M. Jónssonar.

Hafa ákærðu leitazt við að leiða að því rök, að framangreind ummæli væru réttmæt vegna framkomu héraðssáttasemjarans sem slíks í nefndri vinnudeilu. Eigi verður þó á það fallizt, að þau hafi verið réttlætt nægilega.

Þar sem ráða má það af orðalagi hinna umstefndu ummæla og ákærðu hafa einnig viðurkennt það í réttarhaldi og í vörn sinni, að ummæli þessi séu sprottin af starfi kæranda sem héraðssáttasemjara, og þar sem það starf verður að teljast þess eðlis, sem í 108. gr. almennra hegningarlaga greinir, verður einnig að telja, að umstefnd ummæli varði við þá grein.

Á það skal drepið, að ákærðu hafa fært það fram sér til varnar, að með því að undirrita og senda bréfið, sem hin umstefndu ummæli eru í, hafi þeir aðeins verið að gera skyldu sína sem formaður og ritari þess félagsskapar, sem samþykktina hafi gert, og að þeir beri því eigi ábyrgð á því umfram aðra meðlimi. Telja verður þó, að ákærðu beri fulla ábyrgð á efni nefnds bréfs og þar á meðal hinum umstefndu ummælum.

Þykir refsing hinna ákærðu, hvors um sig, samkv. hinum tilvitnuðu lagagreinum eftir atvikum hæfilega ákveðin 200 króna sekt í ríkissjóð, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði þær eigi greiddar innan 15 daga. Þeir greiði allan kostnað, sem leitt hefur og leiða mun af máli þessu, in solidum.

Nokkur dráttur hefur orðið á uppsögn dóms þessa, og stafar hann af óvenjulega miklu annríki við embættið.

Dómsorð:

Ákærðu, Jón Kristján Hólm Ingimarsson og Björn Jónsson, greiði hvor um sig 200 kr. sekt í ríkissjóð. Verði sektin eigi greidd innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, komi 10 daga varðhald. Þeir greiði allan sakarkostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 4. febrúar 1949.

Nr. 155/1948. **Valdstjórnin** (Gunnar J. Möller)
gegn
Ágústi Steindórssyni (Kristján Guðlaugsson).

Setudómari hrl. Einar B. Guðmundsson í stað hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Ölvun við bifreiðarakstur.

Dómur Hæstaréttar.

Sýnishorn af blóði kærða sýndi efni, sem samsvara 1,58‰ áfengis. Brot kærða, sem rakin eru í héraðsdómi, eru réttilega færð til refsiákvæða, en auk þess hefur hann brotið 3. mgr. 14. gr. bifreiðalaganna, nr. 23/1941, með því að hafa of marga farþega í stýrishúsi bifreiðarinnar. Þykir bera að staðfesta héraðsdóminn, þó svo, að kærði verði sviptur ökuleyfi bifreiðarstjóra 6 mánuði.

Kærði greiði og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, 400 krónur til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að kærði, Ágúst Steindórsson, skal sviptur ökuleyfi 6 mánuði.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars J. Möllers og Kristjáns Guðlaugssonar, 400 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 3. marz 1948.

Ár 1948, miðvikudaginn 3. marz, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Halldóri Þorbjörnssyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1225/1948: Valdstjórnin gegn Ágústi Steindórssyni.

Mál þetta, sem tekið var til dóms sama dag, er höfðað gegn kærðum

fyrir brot gegn áfengislögum, nr. 33 9. janúar 1935; bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941, og lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík, nr. 2 7. janúar 1930.

Kærður er Ágúst Steindórsson bifreiðarstjóri, Ljósvallagötu 16 hér í bæ. Hann er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 6. september 1925. Hann hefur einu sinni undirgengizt 150 króna sekt fyrir brot gegn bifreiðalögum, áfengislögum og lögreglusamþykkt, en ekki sætt kærum né refsingum að öðru leyti.

Málavextir eru sem nú skal greina:

Klukkan 1 aðfaranótt miðvikudagsins 27. ágúst f. á. voru lögregluþjónarnir Indriði Aðalsteinn Jóhannsson og Sigurður Sigurðsson á varðgöngu í Tryggvagötu. Veittu þeir því þá athygli, að bifreiðin R. 4342 var sett í gang og ekið af stað. Þeir sáu, að einungis annað framljósið logaði, og gaf Indriði Aðalsteinn bifreiðarstjóranum stöðvunarmerki, og nam bifreiðin staðar í sömu svifum.

Kærður var við stýri bifreiðarinnar, en í stýrishúsi hjá honum voru þrír menn, Árni Eyvindsson, Valgarð Runólfsson og Ólafur Þórarinn Ingvarsson, Skipasundi 18. Með því að kærður virtist ölvaður, var hann færður ásamt félögum sínum á lögreglustöðina. Var síðan tekið blóðsýnishorn úr kærðum.

Kærður hefur við rannsókn málsins játað, að hann hafi ekið bifreið sinni, svo sem að framan segir, og að hann hafi verið undir áhrifum áfengis. Kveðst hann umrætt kvöld hafa setið inni á veitingastofunni Hvoli ásamt nefndum Árna og Valgarð. Höfðu þeir haft með sér brennivín, og neyttu þeir þess inni á veitingastofunni. Nokkru eftir að þeir fóru þaðan, hittu þeir Ólaf Ingvarsson, og slóst hann í för með þeim. Kærður hefur við rannsókn málsins haldið því eindregið fram, að hann hafi stöðvað bifreiðina af sjálfsdáðum, og hefði hann fyrir fram verið ákveðinn í að aka ekki lengra. Kveðst hann hafa verið að tala um það við félaga sína, að hann ætlaði að selja bifreiðina, og hafa ætlað að lofa þeim að „heyra hljóðið í vélinni". Kærður hélt þessu fram þegar í viðtali sínu við lögregluvarðstjórann.

Lögregluþjónum þeim, sem handtóku kærðan, lögregluvarðstjóranum Magnúsi Sigurðssyni og nefndum Ólafi Þórarni Ingvarssyni, sem allir hafa mætt sem vitni í málinu, ber saman um, að kærður hafi borið nokkur merki ölvunar. Ekki hefur náðst til þeirra Valgarðs Runólfssonar né Árna Eyvindssonar. Voru þó gerðar margar tilraunir til að ná til þeirra, og varð af því nokkur dráttur á rannsókn málsins.

Eftir því, sem nú hefur verið greint, þykir kærður hafa gerzt sekur um að aka bifreið undir áhrifum áfengis, og hefur hann þannig gerzt brotlegur við 21. sbr. 39. gr. áfengislaga, nr. 33 9. janúar 1935, og 1. mgr. 23. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga, nr. 23 16. júní 1941. Þar sem bifreið hans var ekki með lögboðnum ljósum við aksturinn, hefur kærður einnig brotið 7. sbr. 38. gr. bifreiðalaganna og 43. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, nr. 2 7. janúar 1930. Loks hefur kærður með því að neyta áfengis á veitingastað brotið 1. mgr. 17. sbr. 1. mgr. 37. gr. áfengislaga. Refsing

kærðs þykir með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga.

Þá ber skv. 21. gr. áfengislaga og 39. gr. bifreiðalaga að svipta kærðan bifreiðarstjóraréttindum, og þykir hæfilegt að svipta hann þeim í 3 mánuði frá birtingu dóms þessa með tilliti til þess, að brot kærðs er smávægilegt.

Áfengislagabrot Valgarðs Runólfssonar og Árna Eyvindssonar verða afgreidd sérstaklega.

Fyrir drætti þeim, sem varð á rannsókn málsins, er grein gerð hér að framan.

Málið hefur verið rekið vítalaust.

Dómsorð:

Kærður, Ágúst Steindórsson, sæti varðhaldi í 10 daga.

Kærður er sviptur ökuleyfi bifreiðarstjóra í 3 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 9. febrúar 1949.

Nr. 119/1947. **Jón Magnússon** (Eggert Claessen)
gegn
Ingólfi Guðmundssyni (Gunnar J. Möller).

Þóknun fyrir milligöngu um sölu fasteignar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 24. okt. 1947, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. s. m. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 3400.00 með 6% ársvöxtum frá 28. febrúar 1945 til greiðsludags, málskostnað í héraði að skaðlausu svo og málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi hefur ekki fært nægar sönnur á það, að stefndi

hafi falið honum fullt umboð til sölu á húseign þeirri, sem í málinu greinir. Hins vegar er það leitt í ljós, að áfrýjandi, sem er löggiltur fasteignasali, og stefndi höfðu oft rætt um sölu á húseigninni, að áfrýjandi auglýsti eftir kaupanda að henni, að því er virðist með vitund stefnda, og að áfrýjandi kom á því sambandi með stefnda og kaupanda, sem leiddi til samninga. Með tilliti til þessa þykir áfrýjandi eiga rétt til þóknunar úr hendi stefnda fyrir þessi störf sín, og telst hún hæfilega ákveðin kr. 2000.00. Svo ber stefnda og að greiða vexti af þeirri fjárhæð, eins og krafizt hefur verið.

Eftir þessum málalokum ber stefnda að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn samtals kr. 1500.00.

Dómsorð:

Stefndi, Ingólfur Guðmundsson, greiði áfrýjanda, Jóni Magnússyni, kr. 2000.00 með 6% ársvöxtum frá 28. febrúar 1945 til greiðsludags og samtals kr. 1500.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. júní 1947.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. þ. m., hefur Jón Magnússon, löggiltur fasteignasali, Njálsgötu 13 B hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu eftir árangurslausa sáttaumleitan með stefnu, út gefinni 5. nóvember 1946, gegn Ingólfi byggingameistara Guðmundssyni, Stórholti 31 hér í bænum, til greiðslu sölulauna, að fjárhæð kr. 3.400.00, með 6% ársvöxtum frá 28. febrúar 1945 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þeir að sögn stefnanda, að sumarið 1944 hafi hann auglýst eftir húsi til kaups. Tveim dögum síðar hafi stefndi kallað til sín á götu og sagzt hafa hálft hús, sem hann vildi selja. Hafi það verið að Kjartansgötu 1, og hafi stefndi síðan tekið upp vasabók, ritað nafn sitt, heimilisfang og símanúmer á blað í bókinni, er hann hafi síðan rifið úr og fengið stefnanda. Jafnframt hafi stefndi lýst húsnæði því, er hann vildi selja. Skömmu síðar kveðst stefnandi hafa komið heim til stefnda og litið á húsið, og hafi stefndi þá sagzt vilja fá kr. 180.000.00 fyrir. Auglýsti stefnandi síðan húsið, og bárust honum nokkur bréf, en aðeins þrír bréfritarar

vildu athuga málið nánar. Tveim þeirra kveðst stefnandi hafa leyft að líta á húsið að utan, svo að lítið bar á, en þeir urðu þegar afhuga kaupum. Hinum þriðja hafi þótt húsið fallegt, en verðið of hátt. Kveðst stefnandi þá hafa átt tal við stefnda, og hafi hann fallizt á að lækka verðið í 170.000.00. Kveðst stefnandi síðan hafa verið milligöngumaður um það, hvort hinn væntanlegi kaupandi gæti fengið til afnota nokkurn hluta húsnæðisins þegar í stað, en eftir nokkurt þóf hafi þó slitnað upp úr kaupum. Í janúar 1945 kveðst stefnandi enn hafa fundið stefnda að máli og spurt hann, hvort hann væri hættur við að selja, en stefndi hafi sagzt ætla að halda áfram með að selja húsið. Kveðst stefnandi þá hafa kveðið svo að orði, að þá væri sér óhætt að koma með kaupanda, sem hefði nægа peninga og stefndi gæti fellt sig við, og hafi stefndi játað þessu. Auglýsti stefnandi húsið tvisvar, og í seinna skiptið, segir hann, að nálægt 20 menn hafi komið til að spyrja sig um húsið. Einn þessara manna hafi verið Eðvarð Bjarnason, og kveðst stefnandi hafa sagt honum eins og öllum hinum, að þeir mættu líta á húsið að utan, svo að lítið bæri á, og ef þeir vildu fá að sjá það að innan, yrðu þeir að koma til sín, en ekki til stefnda. Nokkrum dögum síðar kveðst stefnandi hafa farið að Kjartansgötu 1 til að grennslast eftir, hvort einhver væri nú ekki kominn til stefnda, sem vildi kaupa húsið, en þá hafi kona stefnda sagt sér, að húsið mundi vera selt. Fór stefnandi þá til stefnda og spurði, hvort rétt væri, og játaði hann því. Spurði stefnandi þá, hver væri kaupandinn, og fékk að vita, að það var fyrrgreindur Eðvarð.

Mun stefnandi síðan hafa krafið stefnda um sölulaun, er hann telur eiga að nema 2% af kr. 170.000.00, en stefndi eigi viljað greiða. Heldur stefnandi því þó fram, að stefndi hafi boðið sér kr. 100.00 til greiðslu auglýsingakostnaðar og kr. 500.00 sem söluþóknun, en stefndi hafi hins vegar reynzt ófáanlegur til að greiða meira, og því hefur stefnandi höfðað mál þetta.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að hann hafi aldrei falið stefnanda að selja greint hús og hafi stefnandi ekkert umboð haft frá sér til athafna sinna í sambandi við auglýsingar þær, er fyrr getur. Stefndi heldur því fram, að stefnandi hafi falazt eftir starfa þessum oftar en einu sinni, en kveðst ávallt hafa þvertekið fyrir það. Kveðst stefndi hafa orðið var þess, að fólk væri að skoða húsið að utan, og hafi sér þá dottið í hug málaleitanir stefnanda og því spurt hann, hvort hann vissi, hverju sætti. Er hann hafi játað afskipti sín, kveðst stefndi hafa reiðzt og harðbannað honum að skipta sér af þessum málum. Nokkru síðar hafi enn orðið vart hins sama, og um það leyti hafi nefndur Eðvarð komið og falað húsið og jafnframt sagt, að stefnandi hafi vísað sér á það. Kveðst stefndi þegar hafa tekið fram, að stefnandi hefði ekki umboð eða leyfi til að selja húsið. Frá fyrsta samtali aðilja (sumarið 1944) skýrir stefndi mjög á annan veg en stefnandi, þannig að stefnandi hafi þá talað um, að nú gæti hann kannske útvegað stefnda byggingarlóð, en það kveðst stefndi hafa falað hjá stefnanda áður. Hafi stefnandi í því sambandi fengið miða þann, er áður getur, með nafni og heimilisfangi stefnda. Heldur stefndi því fram, að síðar hafi

stefnandi farið að mælast til þess að mega selja hús stefnda, en ávallt hafi því verið synjað. Loks hefur stefndi eindregið mótmælt því, að hann hafi boðið stefnanda nokkurt fé, eftir að húsið var selt.

Gegn andmælum stefnda, sem nú hafa að mestu verið rakin, þykir ekki unnt að telja stefnanda hafa fært sönnur á þá staðhæfingu sína, að stefndi hafi falið honum sölu hússins, og ekki er heldur unnt að telja nægilegar líkur fram komnar fyrir skýrslu stefnanda um þetta atriði, að heimild sé fyrir hendi til að láta úrslit málsins velta á fyllingareiði hans, en sú krafa var borin fram við munnlegan flutning málsins.

Verður því eigi talið, að stefnandi hafi fært sönnur á rétt sinn til að krefjast launa úr hendi stefnda þrátt fyrir þá staðreynd, að stefnandi hefur komið á sambandi með stefnda og manni þeim, er keypti húsið. Ber því að taka til greina sýknukröfu stefnda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Ingólfur Guðmundsson, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Jóns Magnússonar, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 14. febrúar 1949.

Nr. 59/1947. **H/f Sæfell** (Sigurður Ólason)
gegn
Guðjóni Vigfússyni (Egill Sigurgeirsson).

Um uppsögn á ráðningarsamningi skipstjóra.

Setudómari Einar Arnalds borgardómari í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Dómur Hæstaréttar.

Sigfús M. Johnsen, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, og samdómendurnir Lúðvík N. Lúðvíksson og Sæmundur Jónsson hafa kveðið upp héraðsdóminn.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. júní 1947. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda í

málinu og málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi hans eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Áfrýjandi sagði stefnda upp skipstjórn hinn 28. febrúar 1946, og skyldi uppsögnin koma til framkvæmda í lok maímánaðar s. á. Stefndi kom með skipið frá Englandi í byrjun júnímánaðar, og fór hann áfram með skipstjórn, þar til er annar skipstjóri tók við skipinu hinn 28. s. m. Eigi er í ljós leitt, að svo hafi samizt með aðiljum eða að stefndi hafi mátt líta svo á, að hann ætti að fara með skipstjórn einungis tiltekinn tíma frá lokum uppsagnarfrests samkvæmt fyrrgreindri uppsögn 28. febrúar 1946. Samkvæmt þessu á stefndi rétt til bóta úr hendi áfrýjanda, vegna þess að hann var látinn víkja úr stöðu sinni án lögmælts uppsagnarfrests hinn 28. júní 1946. Ber því að staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 800.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, h/f Sæfell, greiði stefnda, Guðjóni Vigfússyni, kr. 800.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 4. júní 1947.

Með stefnu, út gefinni 9. okt. f. á., birtri 12. s. m., höfðaði Guðjón Vigfússon, skipstjóri hér í bæ, mál á hendur framkvæmdastjóra h/f Sæfells, Guðlaugi Gíslasyni, vegna Sæfells h/f hér, og var málið þingfest í sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja 16. okt. f. á.

Gerði stefnandi samkvæmt stefnunni kröfur sem hér segir:

1. á skipstjórahlut, kr. 17.000.00, þar sem stefnanda, Guðjóni Vigfússyni, hefði verið ólöglega og fyrirvaralaust vikið úr skiprúmi á e/s Sæfelli síðastliðið sumar;
2. óuppgerðum launum og hlunnindum samkvæmt taxta Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar, kr. 11.000.00;

3. óuppgerðu fæði, orlofi og aukaþóknun vinnuformanna, greiddu eftir beiðni framkvæmdastjóra, kr. 3000.00.

Samtals kr. 31.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. okt. 1946 að telja til greiðsludags.

Stefndi mótmælti kröfum stefnanda og krafðist sýknu í málinu og sér tildæmdan málskostnað.

Undir rekstri málsins komu báðir aðiljar fram með ósk um, að sakarefninu yrði skipt þannig að flytja nú fyrst þann þátt, hvort stefndi sé skaðabótaskyldur, og að dómur gangi fyrst um það, hvort h/f Sæfell hafi bakað sér skaðabótaskyldu með því að láta ekki stefnanda máls þessa, Guðjón Vigfússon, vera áfram skipstjóra á e/s Sæfelli, en aðrir þættir málsins hvíli á meðan.

Ákvað dómurinn samkvæmt framkominni beiðni aðilja, eins og að framan segir, að sakarefninu skyldi skipt, sbr. lög nr. 85 frá 1936, 71. gr., þannig að að svo stöddu megi sækja og verja ákveðinn hluta sakarefnisins, og gangi dómur um það, hvort af frávikningu Guðjóns Vigfússonar af e/s Sæfelli leiði skaðabótaskyldu á hendur h/f Sæfelli, og hvíli hin atriðin á meðan. Hafa málsaðiljar hér skipzt á sókn og vörn í málinu, að því er þennan lið sakarefnisins varðar.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Stefnanda máls þessa, Guðjóni Vigfússyni, skipstjóra á e/s Sæfelli, eign h/f Sæfells, var með skriflegri uppsögn, dags. 28. febr. 1946, sagt upp skipstjórastarfinu á e/s Sæfelli, V.E. 30, með 3 mánaða fyrirvara frá 31. maí 1946 að telja.

Guðjón Vigfússon var staddur með skipið Sæfell í flutningum með ísfisk í Grimsby í Englandi í maímánuði 1946, er hann fékk símskeyti frá h/f Sæfelli, þar sem segir, „að ákveðið ketilskoðun, botnhreinsun og viðgerð spili fari fram Reykjavík“ .... Símskeyti dags. 21. maí 1946.

E/s Sæfell kom til Vestmannaeyja úr þessari ferð um mánaðamótin maí—júní s. á., fór síðan til Reykjavíkur um 14. júní, og fór Guðjón Vigfússon með skipið sem skipstjóri áfram þessa ferð. Kom skipið til Vestmannaeyja aftur frá Reykjavík 24. júní s. á.

Nýr skipstjóri kom á skipið 28. júní og tók við skipstjórastarfinu, átti að stunda síldveiðar. Fór Guðjón Vigfússon þá af skipinu og mótmælti skriflega með bréfi, dags. 28. júní s. á., brottvikningunni sem ólöglegri og krafðist þriggja mánaða uppsagnarfyrirvara frá þeim degi að telja með fullum launum og öllum hlunnindum.

Stefndi hefur eindregið mótmælt því, að Guðjón Vigfússon hafi unnið sér 3 mánaða uppsagnarfyrirvara, og mótmælti með öllu launakröfum hans og hlunninda fyrir þennan tíma.

Heldur stefndi fast við hina bréflegu uppsögn frá 28. febr. 1946 sem gildandi og tjáir hana fram komna, með því að augljóst hafi verið, að svo gæti farið, að stöðva þyrfti rekstur e/s Sæfells og yfirmönnum skipsins því sagt upp. Segir stefndi áframhaldandi rekstur skipsins hafi eigi verið afráðinn fyrr en með ráðningu nýs skipstjóra til að vera með skipið á þá í

hönd farandi síldarvertíð, og hafi hann verið ráðinn, meðan skipið var í Reykjavík, og það hafi eigi verið fyrr en í júní 1946, sem stjórn h/f Sæfells hafi falið framkvæmdastjóra félagsins að athuga, hvort fáanlegur væri skipstjóri vanur síldveiðum á skipið, enda hafi verið talið, að hinn upphaflegi starfstími Guðjóns Vigfússonar sem skipstjóra á e/s Sæfelli væri á enda.

Skipið var áður notað til flutninga, en nú átti að fara að stunda á því fiskveiðar, síldveiðar, og enda auðsætt, þar sem hér væri um eitt stærsta skip flotans að ræða, að nauðsynlegt væri að fá vanan síldveiðimann sem skipstjóra, en Guðjón Vigfússon hefði eigi fengizt við síldveiðar síðan 1925 og þá sem háseti.

Þá segir stefndi enn fremur, að grundvallað traust til að fara með skipið áfram hafi eigi getað vaknað hjá Guðjóni m. a. vegna þess, að eftir því sem honum var sagt í Englandi, mundi eigi fást undanþága til að sigla skipinu lengur en til 31. maí nema með stórviðgerð. Guðjón hafi einungis verið beðinn að fara með skipið milli hafna til viðgerðar, og hafi þetta engan veginn getað skapað honum rétt til að halda stöðu sinni áfram, enda hafi Guðjón skilið skeytið frá 21. maí 1946 sem beiðni til hans um að fara umgetna ferð og hér hafi eigi verið um áframhaldandi samning að ræða, þar sem heldur ekkert hafi verið talað um flutning eða aðra notkun skipsins. Umsögn stefnanda um, að framkvæmdastjóri h/f Sæfells hafi sagt við hann, er stefnandi kom hingað úr Englandsferðinni um mánaðamótin maí og júní f. á., að hann yrði áfram með skipið, er mótmælt af stefnda sem rangri. Hefur stefndi krafizt þess hér fyrir réttinum, að ef rétturinn líti svo á, að sönnunarbyrðin varðandi fullyrðingar stefnanda um ráðningu hans hvíldi eigi á stefnanda sjálfum, þá verði framkvæmdastjóra h/f Sæfells eða þá stjórnendum félagsins dæmd heimild til þess með eiði sínum að synja fyrir ráðninguna og úrslitin um skaðabótaskylduna þannig látin velta á eiði þeirra.

Stefnandi málsins, Guðjón Vigfússon, hefur hér fyrir réttinum haldið fast við það, að ástæðan fyrir uppsögninni til hans í bréfinu 28. febr., er miðuð var við 31. maí 1946, sbr. það, er að ofan segir, hafi verið sú, að e/s Sæfell myndi alveg hætta rekstri þá að vertíð lokinni, enda þetta tekið fram í bréfinu til hans.

Heldur hann því fram, að seinna hafi verið fallið frá þessu og ákveðið, að skipið færi á síldveiðar. Hafi hann þá eigi getað álitið annað í þessu efni en uppsögnin til hans væri fallin úr gildi, úr því að þessu væri þannig háttað, og hafi hann því eigi gert sér neitt far um að leita sér atvinnu annars staðar, tjáir, að sér hafi af stefnda verið lofað lífstíðaratvinnu hér í Eyjum, hér hafi hann byggt hús nýlega, og er e/s Sæfell hafi komið úr Englandsferðinni um mánaðamótin maí og júní, eins og áður segir, hafi verið ákveðið, að það skyldi fara til Reykjavíkur, og hafi þetta og verið í samræmi við það, er á undan var gengið, og talið sjálfsagt, að hann færi með skipið þessa ferð. Segir stefnandi og, að á þessu tímabili hafi stefndur sagt honum, að hann yrði látinn fara með skipið á síld, að viðbættu, eins

og stefnandi skýrir frá, að oft hafi verið talað um það, eftir að skipið e/s Sæfell kom heim, eins og oft er áður getið, um mánaðamótin maí og júní, að skipið færi á síldveiðar, og talað um, að Guðjón væri með skipið sem skipstjóri og honum fenginn nótabassi á skipið, og hafi verið viðstaddir þessar umræður ýmist einn eða fleiri af stjórnendum h/f Sæfells.

Þessu hafa stjórnendurnir neitað með öllu. Eitt vitni hefur borið það í málinu, að á vorinu 1946 hafi Guðjón Vigfússon skipstjóri átt tal við sig um borð í e/s Sæfelli, er þá lá við bryggju í Vestmannaeyjum, og sagt vitninu, að til orða hefði komið, að vitnið yrði nótabassi og Guðjón Vigfússon skipstjóri á e/s Sæfelli á síldarvertíð þeirri, er þá fór í hönd. Annað vitni hefur borið, að um mánaðamótin maí og júní sl. ár, eftir að e/s Sæfell kom úr Englandsferðinni, hafi það átt tal við forstjóra h/f Sæfells, er hafi farið þess á leit við vitnið, að það yrði áfram á skipinu, ef það yrði gert út á síldveiðar á þá komandi síldarvertíð, og segir vitnið enn fremur, að forstjórinn hafi samtímis tekið fram, að skipið færi á síldveiðar, ef skipstjóri vanur síldveiðum fengist á skipið.

Eins og sjá má hér að framan, eru ýmis atriði máls þessa miður upplýst, og skortir lögformlegar sannanir, svo að sums staðar stendur staðhæfing gegn staðhæfingu, og þótt að vísu rétt mætti teljast, að h/f Sæfell hefði eigi ætlað að gera e/s Sæfell út á síldveiðar umgetna síldarvertíð nema með tilteknum skilyrðum eða með öðrum orðum undir vissum kringumstæðum, sbr. það, sem að ofan greinir, verður þó eigi gegn eindreginni neitun stefnanda, er tjáir, að hann hafi af fram komnum athöfnum gagnvart sér hlotið að ályktа, að þessu væri öðruvísi farið, og með hliðsjón af ýmsum aðgerðum varðandi málið, er eigi eru vefengdar, unnt að láta greinargerð stefnda verða afgerandi fyrir málið og þá eigi heldur gefa honum rétt til að fá mál þetta útkljáð með eiði af hálfu framkvæmdastjóra eða stjórnarmeðlima h/f Sæfells.

Við athugun á þeim aðgerðum eða athöfnum, er stefnandi hefur lýst undir rekstri málsins, er fram við hann hafi komið og hann hefur einkum fært fram til stuðnings málskröfum sínum, eins og lýst hefur verið hér að framan, ber á það að líta fyrst og fremst, hvort þessar athafnir eða staðreyndir eru þannig vaxnar, eins og þær koma fyrir, að þær hafi getað vakið með réttu grundvallað traust hjá stefnanda máls þessa, um að hann ætti að vera áfram skipstjóri á e/s Sæfelli þrátt fyrir áður gengna uppsögn og áætlað samningaslit frá 31. maí 1946 að telja. Virðist sem þá komi einkum til greina, hvað leggja má í það, að stefnandi var látinn vera með e/s Sæfell áfram sem skipstjóri, eftir að samningi hans við h/f Sæfell átti að vera slitið, ef haldið hefði verið sér að uppsögninni sjálfri, án þess þó að upplýst sé raunverulega, hver tilgangurinn hafi verið með þessu, og hefst þá jafnframt spurning um, hverra sannanna hefði átt að krefjast eftir eðli málsins og einnig varðandi ábyrgðina á því, að eigi voru tryggðar beinar sannanir varðandi málið, sem hefði verið hægt að fá gert, svo sem að samfara nefndum aðgerðum hefðu farið vottfastir gerningar, er þegar hefðu skorið úr, hvaða þýðingu með eða móti téðar aðgerðir höfðu,

sem í sjálfu sér og skoðaðar hver í sambandi og framhaldi við aðra gátu, ef eigi var annað tekið fram, vakið víst traust og von hjá stefnanda um áframhaldandi skipstjórnarstöðu á skipi því, er hann var skipstjóri á.

Verður rétturinn að vera stefnanda máls þessa sammála um það, að staðreyndir þær, er fyrir eru í málinu, svo sem símskeytið, borið saman við upphafsorðalag og innihald uppsagnarinnar frá 28. febr., en umrætt skeyti meðtók stefnandi í Grimsby, dags. 21. maí f. á., eða nokkru áður en ráðningarsamningi hans sem skipstjóra átti að vera slitið, — hafi verið til þess fallnar að vekja hjá stefnanda það traust, eins og hann hefur stöðugt undir rekstri málsins haldið fram og eigi hefur verið hnekkt, að hann ætti að vera skipstjóri áfram með endurnýjuðum rekstri e/s Sæfells, og þótt raunverulega stórviðgerð færi eigi fram, þurfti það eigi að skipta svo mjög máli, úr því að skipið skyldi samt gert út.

Stefnandi fer síðan með skipið eins og að sjálfsögðu til Reykjavíkur, án þess að gert væri upp, hálfum mánuði eftir heimkomuna úr Englandsferðinni, og án þess að lögformlega sé upplýst gegn einberri neitun stefnanda, að honum hafi verið settur fyrirvari með þessa ferð, og kemur þá hér til álita ákvæði 1. gr. sjómannalaga, nr. 41 frá 1930, og virðist sem undanfelling lögformlegrar samningagerðar geti að minnsta kosti undir vissum kringumstæðum og með hliðsjón af öðrum málsatriðum aflað útgerðinni ábyrgðar og orðið málstað mótaðilja til styrktar, ef ekki beint, þá óbeint, ef ágreiningur rís, svo sem í þessu tilfelli, er stefnandi fór áfram með Sæfellið, og að minnsta kosti hefði slíkur samningur, ef gerður hefði verið vottfastur, efalaust getað tekið af öll tvímæli um, að hverju væri stefnt í þessu efni, og því fremur ástæða til þess, er búast mátti við, eftir því er á undan var gengið, að stefnandi reiknaði með áframhaldandi skipstjórn einnig á síldveiðunum.

Rétturinn ályktar því með tilvísun til þess, er að ofan er skráð, að taka beri til greina staðhæfingu stefnanda í máli þessu, Guðjóns Vigfússonar, um að honum hafi ólöglega verið vikið frá sem skipstjóra á e/s Sæfelli, V.E. 30, síðast í júní 1946 og af frávikningunni leiði skyldu fyrir h/f Sæfell til skaðabótagreiðslu til handa stefnanda.

Verður upphæð skaðabótanna eigi ákveðin hér á þessu stigi málsins, en tilskilinn réttur til að ræða síðar um kröfuupphæð og annað, er hana varðar.

Málskostnaðar hefur eigi verið krafizt, og fellur hann niður.

Dómur hefur eigi verið kveðinn upp fyrr vegna embættisanna dómsformanns.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, h/f Sæfell, Vestmannaeyjum, telst skaðabótaskylt gagnvart stefnanda, Guðjóni Vigfússyni, vegna ólöglegrar og fyrirvaralausrar frávikningar hans úr skiprúmi sem skipstjóra á e/s Sæfelli, V.E. 30, sumarið 1946.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 16. febrúar 1949.

Nr. 65/1948: **Hreppsnefnd Suðureyrarhrepps f. h. hreppsins** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Herði Friðbertssyni (sjálfur).

Mál til endurheimtu á greiddu útsvari. Sýknað.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. maí 1948, að fengnu áfrýjunarleyfi 24. s. m., gerir þær dómkröfur, að hann verði algerlega sýknaður í málinu.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Eins og greinir í hinum áfrýjaða dómi, greiddi stefndi útsvar sitt og hreppsvegagjald í Suðureyrarhreppi ótilkvaddur og algerlega fyrirvaralaust í júlímánuði 1946, enda þótt hann hefði þá fyrir meira en ári tekið sér bólfestu í Reykjavík, og mætti því vera ljóst, að vafasöm heimild var fyrir hendi til þess að leggja opinber gjöld á hann í Suðureyrarhreppi. Er því ekki unnt að taka kröfu hans um endurheimtu til greina. Ber því að sýkna áfrýjanda í málinu.

Þar eð áfrýjandi hefur ekki krafizt málskostnaðar, fellur hann niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, hreppsnefnd Suðureyrarhrepps f. h. hreppsins, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Harðar Friðbertssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Ísafjarðarsýslu 16. okt. 1947.

Ár 1947, fimmtudaginn 16. okt., var í aukadómþingi Ísafjarðarsýslu, sem haldið var í sýsluskrifstofunni af settum sýslumanni, Kristjáni Jónssyni, kveðinn upp dómur í ofangreindu máli, sem dómtekið var 26. sept. sl.

Mál þetta er höfðað af Jóni Grímssyni, málflutningsmanni á Ísafirði, f. h.

Harðar Friðbertssonar, Sólvallag. 43, Reykjavík, gegn hreppsnefnd Suðureyrarhrepps í V.-Ísafjarðarsýslu til endurgreiðslu á aukaútsvari Harðar Friðbertssonar, sem stefnda gerði honum að greiða fyrir árið 1946, að upphæð kr. 1.290.00.

Stefnandi gerir þær réttarkröfur, að hreppsnefnd Suðureyrarhrepps f. h. hreppsins verði dæmd til þess að endurgreiða sér f. h. Harðar Friðbertssonar útsvarsupphæðina, kr. 1.290.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 12. júní 1946 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu samkvæmt reikningi eða til vara eftir mati réttarins.

Oddviti Suðureyrarhrepps, sem mætt hefur í málinu f. h. hreppsnefndarinnar, gerir hins vegar þær réttarkröfur, að stefnda verði algerlega sýknuð af kröfu um endurgreiðslu útsvarsins.

Málavextir eru þessir:

Í marz eða aprílmánuði árið 1945 fluttist Hörður Friðbertsson frá Suðureyri í Súgandafirði til Reykjavíkur og réðst þá sem kyndari á e/s Kötlu. Gegndi hann síðan því starfi allt árið 1945 og fram á haust 1946, en síðan er ekki upplýst, hvaða atvinnu hann hefur stundað.

Ekki tilkynnti hann neina breytingu á heimilisfangi sínu, er hann fluttist til Reykjavíkur. Frá því er Hörður fór frá Suðureyri vorið 1945, hefur hann að mestu dvalizt í Reykjavík og haft þar allar atvinnutekjur sínar, en aðeins komið til Suðureyrar til skammrar dvalar.

Við niðurjöfnun útsvara í Suðureyrarhreppi í maímánuði 1946 var Herði gert að greiða þar útsvar, að upphæð kr. 1.290.00. Útsvar þetta greiddi hann að fullu 30. júlí sama ár.

Þetta sama ár, 1946, var honum einnig gert að greiða til bæjarsjóðs Reykjavíkur útsvar, að upphæð kr. 2.200.00. Útsvar þetta færðist Hörður undan að greiða, þar sem hann hafði greitt útsvar í Suðureyrarhreppi og taldi sig eiga lögheimili þar. Með úrskurði, upp kveðnum í fógetarétti Reykjavíkur 1. nóv. 1946, var gerðarþoli, Hörður Friðbertsson, úrskurðaður heimilisfastur og útsvarsskyldur í Reykjavík fyrir árið 1946. Þessum úrskurði hefur ekki verið áfrýjað til æðri réttar, og er hann því bindandi fyrir þennan rétt um útsvarsskyldu Harðar í Reykjavík árið 1946.

Eftir að úrskurður þessi er fallinn, snýr Hörður sér til oddvita Suðureyrarhrepps og krefst endurgreiðslu á útsvari því, er hann hafði greitt til hreppsins þá um sumarið, kr. 1.290.00. Þessari endurgreiðslu neitaði hreppsnefndin einróma, samanber réttarskjal nr. 6.

Því hefur ekki verið haldið fram í málinu, að tekjum Harðar hafi verið þannig háttað á útsvarsárinu, að hann hafi verið gjaldskyldur bæði á Suðureyri og í Reykjavík.

Svo sem að framan greinir, var Hörður Friðbertsson heimilisfastur í Reykjavík árið 1946 og útsvarsskyldur þar. Ekki er upplýst, að hann hafi neinar tekjur haft í Suðureyrarhreppi, síðan hann fluttist þaðan. Kemur því hér til ályktunar, hvort Hörður hafi með fyrirvaralausri greiðslu útsvarsins í Suðureyrarhreppi glatað rétti til þess að endurkrefja það. Stefnandi hefur haldið því fram, að Herði hafi verið með öllu ókunnugt um út-

svarsskyldu sína í Reykjavík, er hann greiddi útsvarið til Suðureyrarhrepps, og hafi hann því greitt útsvar þar í góðri trú. Þessari staðhæfingu hefur ekki verið mótmælt.

Þar sem upplýst er, að Herði var kunnugt um, að hann var skráður í manntal í Suðureyrarhreppi um áramótin 1945 og 1946, en hins vegar ekki upplýst, að honum hafi verið kunnugt um, að hann var einnig skráður í manntal í Reykjavík á sama tíma, verður að telja, að ekki hafi verið með öllu ástæðulaust, að hann teldi sig útsvarsskyldan á Suðureyri, þótt hann hefði allar sínar atvinnutekjur í Reykjavík.

Með tilliti til þessa þykir eftir atvikum ekki rétt að synja honum um rétt til endurgreiðslu hins umstefnda útsvars.

Verður því að taka kröfu stefnanda um endurgreiðslu útsvarsins til greina.

Stefnandi hefur krafizt 6% ársvaxta frá 12. júní 1946 til greiðsludags. Eftir því sem málum hefur verið lýst hér að framan, þykir ekki ástæða til að taka þessa kröfu til greina.

Þá hefur stefnandi krafizt málskostnaðar samkvæmt framlögðum reikningi, að upphæð kr. 399.00.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður. Dráttur sá, er orðið hefur á dómsuppkvaðningu, stafar af ýmsum embættisönnum dómarans.

Því dæmist rétt vera:

Stefnda, hreppsnefnd Suðureyrarhrepps f. h. hreppsins, endurgreiði stefnanda, Jóni Grímssyni f. h. Harðar Friðbertssonar, álagt útsvar á Hörð Friðbertsson fyrir árið 1946, að upphæð kr. 1.290.00, innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 16. febrúar 1949.

Kærumálið nr. 4/1948.

H/f Ræsir

gegn

Þórði Runólfssyni.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms kært.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru, dags. 28. apríl f. á., sem hingað barst 12. maí sl., hefur sóknaraðili samkvæmt 186. gr. laga nr. 85/1936 skotið

til Hæstaréttar ákvæði um málskostnað í dómi bæjarþings Reykjavíkur, upp kveðnum 26. apríl f. á., í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja og gagnsök. Krefst sóknaraðili þess, að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kr. 2177.40 í málskostnað í aðalsök í héraði eða aðra lægri fjárhæð eftir mati dómsins svo og kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili hefur hvorki sent greinargerð né kröfur í málinu.

Varnaraðili skaut framangreindu bæjarþingsmáli til Hæstaréttar með stefnu 19. maí 1948 til þingfestingar í september s. á. Var kærumálinu þá frestað með úrskurði, upp kveðnum 26. maí 1948. Hinn 31. s. m. gagnáfrýjaði sóknaraðili málinu að sínu leyti til þingfestingar í september f. á., er áfrýjunarmálin voru sameinuð. Er málið kom fyrir Hæstarétt í síðastliðnum janúarmánuði, var ekki sótt þing af hálfu aðaláfrýjanda, og féll málið þá niður. Kemur kærumálið því aftur til úrlausnar.

Með því að fallast má á málskostnaðarákvæði bæjarþingsdómsins í aðalsök, ber að staðfesta það. Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómsorð:

Málskostnaðarákvæði framangreinds bæjarþingsdóms á að vera óraskað.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. apríl 1948.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Sigurjón Pétursson f. h. h/f Ræsis hér í bæ höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 12. apríl 1947, gegn Þórði Runólfssyni, Hávallagötu 27 hér í bænum, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 7.708.28, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. marz 1947 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Einnig krefst stefnandi staðfestingar á löghaldi, er fram fór hjá stefnda hinn 9. apríl 1947 til tryggingar kröfum stefnanda.

Stefndi hefur krafizt þess, að stefnukrafan verði lækkuð að mun og löghaldið úr gildi fellt. Stefndi hefur og krafizt sýknu af öðrum kröfum stefnanda svo og málskostnaðar úr hendi stefnanda. Enn fremur hefur stefndi höfðað gagnsök með stefnu, út gefinni 24. nóv. 1947, og krafizt þess,

að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða kr. 678.00 með 6% ársvöxtum frá gagnstefnudegi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Gagnstefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar í gagnsök.

Málavextir eru þessir:

Hinn 6. janúar 1947 kom aðalstefndi bifreið sinni, R. 2128, fyrir til viðgerðar í vinnustofu aðalstefnanda, og skyldi framkvæma á henni gagngera viðgerð. Samkvæmt lýsingu aðalstefnda var viðgerðin fólgin í þessum aðalatriðum:

Hreyfill tekinn úr bifreiðinni, hreinsaður; teknar saman legur; ventlar slípaðir; bulluhringir endurnýjaðir. Síðar, eftir prófun, var rafallinn tekinn upp, hreinsaður, kveikt saman í honum slitið samband og ræsir hreinsaður.

Drifbúnaður: Endurnýjaður koplingsdiskur; gírkassi tekinn sundur og hreinsaður; allar kúlulegur aftur úr endurnýjaðar eftir föngum; slitnir hreyfiliðir í stýri og framhjólum endurnýjaðir, eftir því sem unnt var.

Undirvagninn: Soðnar styrkingar á grindina að framan; gólfið ryðhreinsað, asfaltborið og klætt seglastriga; bifreiðin máluð utan svo og víða kringum ramma og mælaborð að innan.

Hinn 15. febrúar 1947 var bifreiðin afhent aðalstefnda sem fullviðgerð eftir reynsluakstur, sem aðalstefndi tók þátt í ásamt verkstjóra aðalstefnanda. Eigi er það ljóst af gögnum málsins, hvað þeim aðalstefnda og verkstjóranum fór á milli við það tækifæri, en af hálfu aðalstefnanda er því haldið fram, að aðalstefndi hafi þá eigi fundið að öðru en því, að iskurhljóð heyrðist, er hemlum var beitt. Var það talið stafa af því, að önnur tegund hemlaborða en við átti hafði verið sett í bifreiðina, og er því haldið fram af aðalstefnanda og ekki mótmælt, að aðalstefnda hafi staðið til boða lagfæring þessa, er hinir réttu borðar yrðu fáanlegir. Um mánaðamótin febrúar og marz sendi aðalstefnandi aðalstefnda reikning um viðgerðarkostnaðinn, að fjárhæð kr. 7.708.28. Fór hann fram á að mega halda reikningnum um sinn og athuga hann, og var það veitt, en aðalstefnandi lét sækja til hans reikninginn aftur um miðjan marz, en aðalstefndi kvaðst mundu koma til aðalstefnanda og greiða honum að einhverju leyti. Hinn 18. s. m. kveðst aðalstefndi hafa ekið til aðalstefnanda í þessu skyni, en þar eð ekki voru þar miklar annir, ákvað hann að nota tækifærið og láta smyrja bifreiðina. Beið hann, þar til er honum var sagt að aka bifreiðinni inn, og kom henni síðan fyrir á lyftunum, en gekk frá, meðan henni væri lyft. Skömmu síðar leit hann inn aftur og sá þá, að önnur lyftan hafði stöðvazt, en hin hélt áfram að lyfta framenda bifreiðarinnar. Var enginn starfsmaður aðalstefnanda inni, en um leið og sá, er vinna skyldi við bifreiðina, kom inn, valt hún af lyftunum og á hægri hliðina. Varð hún fyrir miklum skemmdum, þannig að toppurinn lagðist inn á stóru svæði, og kom á hann kröpp beygja um miðju að framan og yfir hægri framhurð, sem skekktist og bognaði. Einnig lögðust báðar aurhlífar hægra megin inn. Aðalstefnandi tók þegar að sér að rétta skemmdirnar, að sjálfsögðu aðalstefnda að kostnaðarlausu, og var þeirri aðgerð lokið 10 dögum síðar. Áður

en bifreiðin yrði þá afhent aðalstefnda, óskaði aðalstefnandi greiðslu á fyrrnefndum reikningi, en hann taldi sig þá eiga gagnkröfur út af skemmdunum og vildi eigi greiða öðruvísi en samið yrði um hvort tveggja samtímis. Var honum þá afhent bifreiðin, en lögfræðingi falin innheimta reikningsins, og hófst hún, eins og fyrr greinir, með löghaldsgerð, og síðan var mál þetta höfðað.

Aðalsök. Aðalstefndi byggir lækkunarkröfu sína annars vegar á því, að viðgerð sú, er aðalstefnandi framkvæmdi í janúar og febrúar, hafi verið mjög gölluð, og kveðst hann hafa orðið fyrir miklum kostnaði og öðru tjóni af þeim sökum. Hins vegar byggir hann kröfu sína á því, að eigi sé enn fullbætt tjón af skemmdum á bifreiðinni, þeim er hlutust af falli hennar af lyftum aðalstefnanda. Verður nú hvort um sig tekið til athugunar.

A) Aðalstefndi skýrir svo frá, að þegar eftir að hann tók við bifreiðinni, hafi hann fundið að þessum atriðum:

1. Skipting var óeðlileg.
2. Hreyfillinn var afllítill.
3. Hreyfillinn stöðvaðist, ef hann var tekinn skyndilega úr tengslum eftir að hafa verið látinn erfiða.
4. Óþolandi iskur var í hemlum.

Þá skýrir hann svo frá, að hann hafi farið til Norðurlands í bifreiðinni í júlímánuði og í þeirri ferð hafi í ljós komið alvarlegir ágallar, er hann telur stafa af misfellum í viðgerð aðalstefnanda.

5. Spindilboltafóðring, er endurnýjuð hafði verið hjá aðalstefnanda, sneri þannig, að feiti gekk ekki í hana, en fóðring og bolti höfðu slitnað mjög vegna feitiskorts.

6. Högg í legum hægra framhjóls, er aðalstefndi telur stafa af því, að leg séu ekki rétt spennt saman.

7. Á leiðinni norður kveður aðalstefndi bifreiðina hafa látið illa að stjórn, og hafi verið mikið los eða hlaup í stýrinu. Við athugun hafi í ljós komið, að ró sú, sem halda á stýrisarmi föstum við stýrisvél, hafi verið laus og að því komin að detta af, og telur aðalstefndi víst, að ró þessi hafi ekki verið hert sem skyldi af starfsmönnum aðalstefnanda.

8. Loks telur aðalstefndi, að bilið milli framhjólanna hafi verið rangstillt, og hafi hjólbarðarnir því eyðzt óeðlilega ört.

Þykir rétt að taka hvern tölulið til athugunar fyrir sig.

Um 1. Af hálfu aðalstefnanda hefur verið viðurkennt, að skiptibarki var stirður fyrst í stað, en því er haldið fram án mótmæla aðalstefnda, að bætt hafi verið úr þeirri tregðu. Hins vegar skýrir aðalstefndi svo frá, að skiptitregða í þriðja gír hafi farið vaxandi og í júlí, er hann var á leið frá Akureyri til Siglufjarðar, hafi brugðið svo við, að mikið átak þurfti til að skipta í þriðja gír, og fylgdi því mikið tannhjólaurg. Kveðst aðalstefndi hafa látið athuga þetta á Siglufirði, og hafi komið í ljós, að „gírbremsa" þriðja gírhjóls var óvirk vegna slits. Telur aðalstefndi þetta sýna, að aðalstefnandi hafi vanrækt að endurnýja þenna hlut, en sú vanræksla hafi bakað sér kostnað af flutningi bifreiðarinnar sjóleiðis til Akureyrar,

kr. 460.00, auk viðgerðarkostnaðar, um 500 kr. Af hálfu aðalstefnanda hefur því verið haldið fram, að allir þeir hlutar gírkassa, sem taldir voru þurfa endurnýjunar, hafi verið endurnýjaðir. Hér þykir rétt að geta þess, að með bréfi, dags. 27. apríl f. á., var þess óskað af hálfu aðalstefnda, að dómkvaddir yrðu menn til að skoða bifreiðina og meta viðgerðarkostnaðinn svo og láta uppi álit sitt á því, hvernig vinnan væri af hendi leyst. Matsmennirnir skoðuðu bifreiðina 9. maí, og er þess ekki getið í matsgerð þeirra, að gírskiptingu hafi í nokkru verið áfátt. Þegar þetta er virt og höfð hliðsjón af því, að vitað er, að slíkar bilanir sem þessi geta komið fram með tiltölulega skömmum fyrirvara, þykja ekki nægar líkur færðar fyrir staðhæfingu aðalstefnda um vangæzlu af hálfu aðalstefnanda, til þess að unnt sé að taka hana til greina í máli þessu.

Um 2. Aðalstefndi kveðst hafa leitað til aðalstefnanda hvað eftir annað og leitað ráða starfsmanna þar um bætur á þessu, en af hálfu aðalstefnanda hefur því verið neitað, að aðalstefndi hafi borið sig upp við þá. Í matsgerð þeirri, er fyrr greinir, er þess getið, að „smá-ólag virtist á gangi vélar". Hálfum mánuði eftir skoðun matsmanna fól aðalstefndi öðru bifreiðaverkstæði að rannsaka gangtruflun þessa, og komust menn þar að þeirri niðurstöðu, að undirlyftur ventlalokanna væru ekki rétt stilltar. Var stillingunni síðan breytt, og hermir aðalstefndi, að eftir það hafi vélin gengið eðlilega. Af hálfu aðalstefnanda hefur þessi skýrsla öll verið véfengd og því haldið fram, að lyfturnar hafi verið stilltar samkvæmt fyrirmælum framleiðenda bifreiðarinnar, Crysler Corporation. En með matsgerðinni og reikningi fyrir aðgerðina (að fjárhæð kr. 247.73) þykja staðhæfingar aðalstefnda nægilega studdar til þess, að sinna megi kröfu hans í sambandi við þenna lið. En þar eð reikningurinn virðist bera það með sér, að fleira hafi verið athugað eða lagfært samtímis, og ekki verður séð, að það stafi af sambandi aðilja, þykir rétt að draga samkvæmt þessu kr. 200.00 frá kröfu aðalstefnanda. Nefndur reikningur var að vísu ekki lagður fram fyrr en að loknum munnlegum málflutningi og hefur á þeim grundvelli sætt andmælum af hálfu aðalstefnanda, en nægilega þykir hafa verið á þetta atriði bent í málflutningnum til þess, að leggja megi reikninginn til grundvallar samt sem áður.

Um 3. Aðalstefndi heldur því fram, að ástæðan til þessarar truflunar hafi verið sú, að starfsmenn aðalstefnanda hafi hróflað við stillingu flothylkis í blöndungnum og með því dregið úr aðrennsli eldsneytis. Kveðst hann sjálfur hafa tekið blöndunginn í sundur og lagfært skekkjuna. Gegn mótmælum aðalstefnanda hefur hann ekki fært sönnur á þessar staðhæfingar sínar, og koma þær því ekki til álita hér.

Um 4. Þess er áður getið, að viðurkennt er af hálfu aðalstefnanda, að hér hafi verið um galla á viðgerðinni að ræða. Jafnframt er því haldið fram án andmæla aðalstefnda, að lagfæring þessi kosti kr. 75.00. Ekki er þess getið, að andvirði nýrra borða sé þar innifalið, og þykir því rétt að draga samkvæmt þessum lið kr. 100.00 frá dómkröfu aðalstefnanda.

Um 5. Aðalstefnandi hefur staðhæft, að feiti hafi gengið í alla þá staði,

sem smyrja þurfti, er bifreiðin var smurð, áður en aðalstefnda var afhent hún eftir seinni viðgerðina. Engar skýrslur eru fyrir hendi um það, hve oft bifreiðin var smurð eftir það, þar til í júlí, og þykir því ekki unnt að telja aðalstefnanda bera sök á þessu atriði, er svo langur tími var liðinn.

Um 6. Gegn mótmælum aðalstefnanda þykir ekki unnt að leggja neitt upp úr þessu atriði, enda hefur engin nánari athugun farið fram í þessu sambandi.

Um 7. og 8. Ekki verður talið, að nokkur gögn séu fram komin til stuðnings staðhæfingum aðalstefnda um þessi atriði, og koma þau því ekki til álita hér.

B) Framangreindum matsmönnum var einnig falið að skoða og meta þær varanlegu skemmdir, sem bifreið aðalstefnda varð fyrir, er hún valt af lyftunum. Segir í matsgerðinni, að framhurðirnar falli ekki vel og að litla rúðan í hægri framhurð sé stirð og falli ekki vel í rammann. Enn fremur telja þeir réttingu skemmdanna á toppnum vel af hendi leysta, en líta svo á, að verðgildi bifreiðarinnar hafi rýrnað um 12% vegna þess, að járnið hafi tognað og verið síðan barið og sorfið og misst við það upprunalegan styrkleika sinn. Aðalstefnandi vildi eigi una þessu mati og lét því dómkveðja yfirmatsmenn, er skoðuðu bifreiðina hinn 30. okt. sl. Komust þeir að sömu eða svipaðri niðurstöðu um hurðir og rúðu, en hins vegar töldu þeir bifreiðina að öðru leyti jafngóða eftir viðgerðina og lýstu yfir því fyrir dómi, að hið viðgerða svæði myndi endast til jafns við aðra hluta bifreiðarinnar. Þykir verða að leggja þetta álit yfirmatsmanna til grundvallar og telja samkvæmt því, að bifreið aðalstefnda hafi ekki rýrnað í verði við atvik þessi. Viðgerð á hurðum og rúðu var í hvorugri matsgerðinni metin til fjár, en tveir yfirmatsmanna lýstu yfir því fyrir dómi, að verkstjóri aðalstefnanda hafi, þegar skoðun fór fram, boðið aðalstefnda lagfæringu að þessu leyti honum að kostnaðarlausu. Verður samkvæmt framanrituðu eigi talin ástæða til lækkunar dómkröfunnar af þeim sökum, er í B greinir.

Úrslit aðalsakar verða því þau, að dæma ber aðalstefnda til að greiða aðalstefnanda stefnukröfuna, kr. 7.708.28, að frádregnum fjárhæðum þeim, er greinir í A 2 og 4, eða alls kr. 7.408.28 auk vaxta, eins og krafizt var, svo og málskostnað, er þykir með hliðsjón af mats- og löghaldskostnaði hæfilega ákveðinn kr. 900.00. Loks ber að staðfesta löghaldsgerðina, enda hefur henni verið rétt til laga haldið.

Gagnsök. Gagnstefnandi kveðst hafa haft kostnað af bifreiðaakstri, er hann varð að kaupa þann tíma, sem bifreið hans var í lamasessi eftir veltuna hjá gagnstefnda. Hefur hann lagt fram reikning, að fjárhæð kr. 500.00, er hann greiddi fyrir lán á bifreið hálfan daginn frá 18.—28. marz. Auk þess hefur hann lagt fram kvittanir leigubifreiðastjóra, samtals að fjárhæð kr. 176.70, er hann kveður vera fyrir akstur sinn í embættiserindum sömu daga. Þessar síðastnefndu kvittanir hefur gagnstefndi vefengt, enda bera aðeins tvær þeirra það með sér, að gagnstefnandi hafi verið farþegi bifreiða þessara. Telja verður nægjanlega í ljós leidda þörf gagn-

stefnanda til bifreiðanota í þágu atvinnu sinnar, og með hliðsjón af því, sem telja má upp komið í málinu, þykja bætur fyrir notamissinn hæfilega ákveðnar kr. 650.00.

Úrslit gagnsakar verða því þau, að gagnstefndi verður dæmdur til að greiða gagnstefnanda kr. 650.00 með vöxtum, eins og krafizt var, svo og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 225.00.

Dóm þenna hafa kveðið upp þeir Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, og meðdómsmennirnir Einar Eyfells vélaverkfræðingur og Gunnar Gunnarsson bifvélavirki.

Dómsorð:

Framangreind löghaldsgerð er staðfest.

Í aðalsök greiði aðalstefndi, Þórður Runólfsson, aðalstefnanda, h/f Ræsi, kr. 7.408.28 með 6% ársvöxtum frá 1. marz 1947 til greiðsludags og kr. 900.00 í málskostnað.

Í gagnsök greiði gagnstefndi gagnstefnanda kr. 650.00 með 6% ársvöxtum frá 24. nóvember 1947 til greiðsludags og kr. 225.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 21. febrúar 1949.

Nr. 158/1948. **Sigurjón Pétursson** (Guttormur Erlendsson)
gegn
Níelsi Guðmundssyni og gagnsök
(Hermann Jónasson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Eignarréttur að jörð. Ýmiss konar skuldaskipti.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. nóv. 1948 og gert í því eftirfarandi kröfur:

Aðallega, að dæmt verði, að jörðin Helgafell í Mosfellssveit með húsum og öðrum mannvirkjum, sem henni fylgja, sé óskipt helmingasameign aðilja máls þessa. *Til vara*, að gagn-

áfrýjandi verði dæmdur til að greiða aðaláfrýjanda kr. 45.022.05 með 6% ársvöxtum frá 20. nóv. 1945 til greiðsludags. Svo krefst aðaláfrýjandi þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað að skaðlausu fyrir undirrétti og Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 29. nóv. 1948. Krefst hann þess *aðallega*, að gagnáfrýjandi verði sýknaður af öllum kröfum aðaláfrýjanda og sér dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir undirrétti og Hæstarétti, *til vara*, að undirréttardómurinn verði staðfestur og gagnáfrýjanda dæmdur málskostnaður úr hendi aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Þó að í öndverðu hafi verið uppi ráðagerðir um það, að gagnáfrýjandi yrði eigandi að Helgafellinu ásamt aðaláfrýjanda eða syni hans, þá var samt afsal fyrir jörðinni gefið út á nafn gagnáfrýjanda, og verður ekki annað séð en hann hafi mátt ráða af öllum síðari skiptum sínum við aðaláfrýjanda, að aðaláfrýjandi væri orðinn því afhuga að gerast sameigandi hans að jörðinni. Með þessari athugasemd ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um aðalkröfu aðaláfrýjanda. Þá ber og með skírskotun til raka héraðsdóms að staðfesta niðurstöðu hans, að því er varðar varakröfu aðaláfrýjanda, þó svo, að vextir af kr. 17.000.00 frá 20. nóv. 1941 til 5. okt. 1945 verða dæmdir með kr. 3952.50 ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags. Samkvæmt því ber gagnáfrýjanda að greiða aðaláfrýjanda samtals kr. 3963.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 20. nóv. 1945 til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Níels Guðmundsson, greiði aðaláfrýjanda, Sigurjóni Péturssyni, kr. 3963.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 20. nóv. 1945 til greiðsludags.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. nóv. 1948.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. þ. m., hefur Sigurjón Pétursson verksmiðjueigandi, Álafossi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 26. þ. m., gegn Níelsi Guðmundssyni bónda, Helgafelli, Mosfellssveit.

Hefur stefnandi gert þær dómkröfur *aðallega*, að viðurkenndur verði með dómi eignarréttur hans að jörðinni Helgafelli í Mosfellssveit með öllum gögnum og gæðum svo og áhöfn, 16 fullgildum kúm og 60 fjár. *Til vara* hefur stefnandi krafizt þess, að viðurkenndur verði með dómi eignarréttur hans að hálfri nefndri jörð *aðallega* með allri nefndri áhöfn, en *til vara* með hálfri nefndri áhöfn. Til *þrautavara* hefur stefnandi krafizt þess, að stefndur verði dæmdur til að greiða sér 45.022.05 eða aðra lægri fjárhæð að mati dómarans með 6% ársvöxtum frá 20. nóv. 1945 til greiðsludags. Í öllum tilvikum hefur stefnandi krafizt málskostnaðar að mati dómarans.

Stefndur hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Mál um sama efni og milli sömu aðilja var upphaflega höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 20. nóv. 1945, og dæmt þar hinn 25. nóv. 1946. Máli þessu var skotið til Hæstaréttar, en með dómi, upp kveðnum 26. þ. m., var nefndur bæjarþingsdómur ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi.

Málsatvik eru þau, að hinn 10. marz 1925 undirrituðu þeir Helgi nokkur Helgason og stefndur í máli þessu byggingarbréf fyrir jörðinni Helgafelli í Mosfellssveit svo og fjórum kúgildum. Jörðin er þar talin byggð stefndum til lífstíðar, og skyldi afgjald vera kr. 1200.00 á ári hverju.

Með kaupsamningi og afsali, dagsettu sama dag, selur nefndur Helgi stefndum eignarjörð sína Helgafell með öllum gögnum og gæðum svo og fjórum kúgildum fyrir kr. 25.000.00. Kaupverðið skyldi greiðast þannig, að stefndur tók að sér greiðslu á eftirtöldum veðskuldum:

I. Veðskuld við Veðdeild Landsbankans, er tryggð var með fyrsta veðrétti í jörðinni, að fjárhæð kr. 1652.20.

II. Veðskuld við sýslusjóð Kjósarsýslu, að fjárhæð kr. 2000.00, er tryggð var með öðrum veðrétti í jörðinni.

III. Veðskuld við Boga A. J. Þórðarson, að fjárhæð kr. 3000.00, er tryggð var með þriðja veðrétti í jörðinni.

Eftirstöðvar kaupverðsins, kr. 18.847.80, eru taldar greiddar í peningum við undirskrift afsalsins. Þó munu seljanda aðeins hafa verið greiddar kr. 5000.00 í reiðu fé, en stefndur tekið að sér að greiða skuld seljanda við þriðja mann, að fjárhæð kr. 13.847.80. Sama dag undirritar stefndur veðskuldabréf, að fjárhæð kr. 13.847.80, tryggt með fjórða veðrétti í Helgafelli, og er bréf þetta nafnbréf. Stefndur flutti síðan á Helgafell í fardögum 1925 og hefur búið þar síðan.

Stefnandi skýrir svo frá málavöxtum, að hann hafi kynnzt stefndum á árinu 1919, en þeir hafi átt sameiginleg hugðarefni. Stefndur hafi um þetta leyti verið maður blásnauður og haft fyrir þungu heimili að sjá. Hafi stefndur starfað sem „miðill" fyrir sig, og kveðst stefnandi hafa greitt honum fullt verkamannakaup fyrir. Nokkru síðar kveðst stefnandi hafa hjálpað stefndum til að byggja hús að Bragagötu 26 hér í bæ. Síðar hafi stefndur selt það hús og byggt hús við Bragagötu 26 A, einnig með sinni fjárhagshjálp. Þannig hafi hann orðið að gefa stefndum eða dóttur hans kr. 2000.00, svo að það hús kæmist upp. Á árinu 1922 hafi stefndur hætt störfum sem „miðill" í sína þágu eða Tilraunafélagsins Njáls, en stefnandi virðist vera einn eigandi og ráðamaður þess félags. Vinátta hafi þó haldizt með þeim aðiljum, þannig hafi stefndur verið sér hjálplegur við að finna annan „miðil" til að starfa með. Vorið 1925 hafi þann „miðil" vantað stað til sumardvalar. Um þetta leyti hafi Helgi Helgason boðið sér jörðina Helgafell í Mosfellssveit til kaups. Kveðst stefnandi þá hafa ákveðið að kaupa jörðina og nota hana sem sumardvalarheimili fyrir „miðla" sína eða Tilraunafélagsins Njáls. Hafi það orðið að samkomulagi við stefndan, að hann yrði talinn formlegur eigandi jarðarinnar til að byrja með, enda fengi hann að dveljast að Helgafelli með fjölskyldu sína, að minnsta kosti yfir sumartímann. Hafi síðan verið formlega gengið frá kaupunum hinn 10. marz 1925. Stefndur hafi verið talinn kaupandi, en hann hafi ekki greitt einn eyri af kaupverðinu. Þær kr. 5000.00, sem hafi verið greiddar, um leið og kaupin fóru fram, hafi hann (stefnandi) lagt til, en stefndur hafi gefið kvittun fyrir fé þessu til handa syni stefnanda, sem rætt hafi verið um, að yrði talinn eigandi jarðarinnar ásamt stefndum. Þá segir stefnandi, að nokkru áður sama dag hafi seljandi jarðarinnar gefið út byggingarbréf fyrir jörðinni til handa stefndum. Hafi það átt að vera til þess að tryggja stefndum dvöl á jörðinni í framtíðinni. Stefnandi kveðst hafa greitt þinglestrar- og stimpilgjald af nefndu afsali. Síðan hafi stefndur flutzt að Helgafelli, og kveðst stefnandi hafa lagt honum til starfsfólk og greitt því kaup. Þá kveðst stefnandi hafa lagt stefndum til ýmis búsáhöld og fengið honum búfé, að minnsta kosti 16 kýr og 60 fjár. Hafi féð verið með marki sonar síns. Ekki hafi orðið af því, að stefndur flyttist til bæjarins um haustið 1925, og hafi hann búið á Helgafelli síðan. Telur stefnandi, að stefndur hafi átt að vera ráðsmaður sinn eða Tilraunafélagsins Njáls á Helgafelli. Skyldi kaup hans vera tekjur af búrekstrinum að frádregnum opinberum gjöldum, vöxtum og afborgunum af þeim lánum, sem á jörðinni hvíldu. Starfsfólki hafi verið greitt kaup að nokkru leyti af tekjum búsins, en að nokkru leyti kveðst stefnandi hafa greitt það úr eigin vasa. Kveðst stefnandi þannig hafa lagt stórfé til búrekstursins svo og til nýbygginga og endurbóta á jörðinni. Hafi það aðallega verið á árunum 1925, 1926 og 1927. Auk þessa hafi hann orðið að hjálpa stefndum um fé til einkaþarfa. Sé sú skuld kr. 17.000.00, en stefndur hafi seinna samþykkt víxil fyrir þeirri fjárhæð.

Aðalkröfu sína í máli þessu byggir stefnandi á því, að hann hafi í raun

og veru einn verið kaupandi jarðarinnar. Stefndur hafi aðeins verið talinn kaupandi, enda ekkert fé lagt fram til kaupanna og ekki komið nálægt samningum fyrr en við undirskrift þeirra. Telur stefnandi, að byggingarbréf það fyrir jörðinni, sem seljandi undirritaði til handa stefndum, hafi verið gert í þeim tilgangi að tryggja stefndum lífstíðarábúð á jörðinni, þar sem hann hafi vitað, að þótt hann væri talinn kaupandi, var svo ekki í raun og veru. Þá hefur stefnandi bent á, að seljandi jarðarinnar hafi talið, að stefnandi væri raunverulegur kaupandi jarðarinnar, en ekki stefndur.

Að því er áhöfnina varðar, þá kveðst stefnandi hafa fengið stefndum hana, sem hafi haft hana síðan, en ekki greitt fé fyrir.

Varakröfu sína, að því er jörðina varðar, byggir stefnandi á því, að sannað sé og enda viðurkennt af stefndum, að hann eða sonur hans hafi a. m. k. keypt jörðina að hálfu á móti stefndum. Beri sér því eignarréttur að henni hálfri. Að því er áhöfnina varðar, byggir stefnandi varakröfu sína að þessu leyti á því, að helmingur áhafnarinnar fylgi hálfri jörðinni.

Stefndur skýrir svo frá málavöxtum, að þeir aðiljarnir hafi kynnzt á árinu 1919 og hafi tekizt með þeim vinátta. Kveðst stefndur hafa starfað með stefnanda að sameiginlegum hugðarefnum þeirra, en hefur mótmælt að hafa fengið greitt kaup frá stefnanda fyrir þá starfsemi. Stefnandi hafi verið sér mjög hjálplegur á ýmsan hátt, meðal annars aðstoðað sig við byggingu hússins að Bragagötu 26 A og gefið ungri dóttur sinni kr. 2000.00, er hafi gengið til byggingarinnar. Snemma á árinu 1925 hafi stefnandi komið að máli við sig og sagt, að jörðin Helgafell væri til sölu. Hafi stefnandi þá boðið sér að vera meðkaupandi að jörðinni. Stefndur kveður sig hafa langað til að búa í sveit, en hins vegar hafi fjárhagur sinn verið þröngur, en jörðin dýr. Hafi hann því fengið umhugsunarfrest til næsta dags. Þann dag hafi verið ákveðið, að hann keypti jörðina með öðrum manni, sem þá bæri einnig ábyrgð á öllum skuldbindingum, er risu af þessum skiptum. Helzt hafi verið talað um, að sonur stefnanda, Pétur að nafni, yrði meðeigandi að jörðinni. Stefnandi hafi lofað að lána þær kr. 5000.00, er greiða þyrfti strax. Hafi hann afhent sér fé þetta, en stefndur kveðst þó hafa undirritað kvittun fyrir fé þessu, dags. 9. marz 1925. Segir þannig í kvittun þessari: „Ég undirritaður, Níels Guðmundsson trésmiður, Bragagötu 26 A, Reykjavík, hef í dag móttekið af Pétri Sigurjónssyni, Álafossi, kr. 5000.00, — fimm þúsund krónur —, upp í jörðina Helgafell í Mosfellssveit, sem við kaupum í sameiningu eftir nánari samningum, er við gerum síðar.“ — Stefnandi hafi einn samið við seljanda jarðarinnar, og kveðst stefndur ekkert hafa við hann rætt um þessi skipti fyrr en á afsalsdegi. Er undirrita skyldi samninga, kveðst stefndur hafa séð, að hann einn var talinn kaupandi. Hafi hann haft á móti þessu, en stefnandi hafi sagt, að svo yrði að vera í bili, og hafi hann þá látið það gott heita. Þeir aðiljarnir, seljandi og maður sá, er aðstoðaði við samningagerðina, hafi ekki verið vissir um, hvort nægilega tryggilega hefði verið frá því gengið, að Mosfellshreppur hefði afsalað forkaupsrétti sínum að jörðinni. Hafi því verið tekið það ráð, að seljandi byggði fyrst stefndum jörðina.

Síðan var kaupsamningur og afsal undirritað, og stefndur greiddi nefndar kr. 5000.00 og fullnægði samningum að öðru leyti. Stefndur kveðst síðan hafa tekið við jörðinni, flutzt á hana og nytjað hana síðan. Aldrei hafi neitt orðið úr því, að annar maður gengi inn í kaupin með honum. Kveðst stefndur síðan hafa selt á leigu af löndum jarðarinnar og veðsett hana óátalið af stefnanda. Stefndur skýrir svo frá, að búreksturinn hafi framan af gengið illa og hafi hann því oft verið í fjárþröng. Hafi hann því oft fengið lán hjá stefnanda og vegna búfjárkaupa aðallega á árunum 1925, 1926 og 1927. Sauðfé hafi í fyrstu verið markað með marki, er sonur stefnanda hafi átt, þar sem mark, er stefndur átti, fékkst eigi skráð vegna þess, hve líkt það var eldra marki þar í nágrenninu. Hins vegar kveðst stefndur hafa selt ýmsar búsafurðir.

Um áramót 1928 og 1929 hafi skuld sín við stefnanda þannig verið orðin kr. 17.000.00. Hafi stefnandi þá gefið út víxil fyrir skuld þessari, er stefndur kveðst að vísu ekki hafa samþykkt. Vextir hafi verið greiddir af skuld þessari. Um veturinn 1934 hafi stefnandi verið að semja fyrir sig skattskýrslu sína. Hafi þá komið í ljós, að stefndur átti ekki fyrir skuldum. Kveður stefndur stefnanda þá hafa fengið sér umrætt skjal og sagt sér að hafa það. Þó geti verið, að þá hafi verið gefinn út víxill til framlengingar þessu skjali og með sömu fjárhæð. Stefndur kveðst síðan hafa greitt vexti af skuld þessari. Nú fyrir nokkru hafi hann viljað gera upp öll skipti sín við stefnanda. Hafi hann þá gert tilkall til jarðarinnar og ekkert orðið úr samkomulagi. Hafi hann þá tekið það ráð að „deponera" nefndri fjárhæð, kr. 17.000.00, á nafn stefnanda í Landsbanka Íslands hér í bænum, og hafði það síðan verið tilkynnt stefnanda með bréfi hinn 4. október 1945.

Sýknukröfu sína af *aðal-* og *vara*kröfu stefnanda, að því er varðar jörðina, byggir stefndur á því, að með afsalinu frá 10. marz 1925 hafi hann einn og óskorað orðið eigandi hennar. Að vísu hafi svo verið um samið, að einhver maður og þá helzt ófjárráða sonur stefnanda yrði meðeigandi sinn að jörðinni. Ekkert hafi þó verið fast ákveðið um þetta og aldrei síðar samið um þetta. Hljóti samkomulag þetta að vera niður fallið og komi því ekki nú til álita. Þá hefur stefndur haldið því fram, að framkoma stefnanda á undanförnum árum hafi verið þannig, að hún sé ósamrýmanleg því, að hann hafi talið sig eiganda jarðarinnar að nokkru eða öllu leyti. Þannig kveðst stefndur hafa veðsett jörðina og leigt hluta af landi hennar til langs tíma. Hafi þetta verið gert, án þess að leitað væri samþykkis stefnanda, enda hafi það verið ástæðulaust. Stefnandi hafi heldur engum andmælum hreyft við þessum ráðstöfunum, þegar honum hafi orðið um þær kunnugt. Þá kveðst stefndur hafa greitt skatta og opinber gjöld af jörðinni og vexti og afborganir af veðskuldum þeim, sem á henni hvíldu. Þá hefur stefndur bent á, að hinn 15. júlí 1927 hafi seljandi jarðarinnar afsalað sér smá-landspildu, er fyrir mistök hafi fallið undan jörðinni samkvæmt afsalinu frá 10. marz 1925. Enn fremur hefur stefndur fært það fram, að stefnandi hafi alltaf framan af samið fyrir sig skattaframtöl sín. Á þeim hafi hann ætíð talið jörðina eign stefnds, en hins vegar talið fram

skuld, að fjárhæð kr. 17.000.00, við stefnanda. Í nokkur ár hafi stefnandi fengið sig til að telja skuld þessa sem skuld við þriðja mann, er stefnandi skuldaði, og muni það hafa verið gert til að veita þeim manni tryggingu fyrir þeirri skuld. Þá hefur stefndur bent á, að hann hafi notað nefnda jörð í hefðartíma fullan, óátalið af stefnanda eða öðrum.

Að því er varðar kröfu stefnanda til áhafnar, þá hefur stefndur mótmælt því, að stefnandi hafi átt hana, og hefur í því sambandi bent á, að stefnandi hafi í mörg fyrstu búskaparár hans að Helgafelli keypt af sér búsafurðir, svo sem mjólk og ull. Loks hefur stefndur bent á, að allar þær skepnur, sem hann hóf búskap með, séu nú dauðar fyrir löngu síðan.

Þegar virtar eru skýrslur aðilja og önnur gögn í málinu um samninga þeirra, þegar Helgafell var keypt, er ljóst, að stefnandi lagði fram fé til kaupanna og ætlunin var sú, að annar maður yrði talinn eigandi jarðarinnar með stefndum. Hins vegar hefur stefndur verið talinn einn eigandi jarðarinnar, frá því að hún var keypt hinn 10. marz 1925. Hann hefur búið á jörðinni, hagnýtt sér hana, veðsett hana og selt af henni óátalið af öðrum, þar til er mál þetta var höfðað. Hefur hann greitt skatta og skyldur af henni, vexti og afborganir af lánum þeim, sem á henni hvíldu, a. m. k. á seinni árum. Þegar þetta allt er virt, önnur skipti aðiljanna, sem að framan er lýst, og framkoma stefnanda á undanförnum árum, þá verður ekki talið, að stefnanda hafi, gegn mótmælum stefnds, tekizt að sanna eignarrétt sinn að jörðinni, hvorki allri né hluta hennar, enda verður ekki séð, að stefnandi geti nú eftir svo langan tíma byggt rétt á því upphaflega samkomulagi aðiljanna, að stefndur yrði aðeins eigandi jarðarinnar að hluta.

Að því er varðar kröfu stefnanda um áhöfn jarðarinnar, þá hefur hann, gegn mótmælum stefnds, ekki sannað eignarrétt sinn til hennar.

Verður því að sýkna stefndan bæði af *aðal-* og *vara*kröfu stefnanda.

*Þrautavara*kröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

1.	Samkvæmt skuldalista	kr. 11.611.19
2.	Víxilskuld	— 17.000.00
3.	Vextir 6% p. a. frá 31/12 '34 til 31/12 '40	— 6.120.00
4.	Vextir 6% p. a. frá 1/1 '41 til 20/11 '45	— 4.986.67
5.	Útborgunin á Helgafelli	— 5.000.00
6.	Greiddir vextir og afborganir til Sturlu Jónssonar	— 10.793.69
7.	8 kindur	— 2.000.00
8.	5 kýr	— 2.500.00
9.	3 vagnhestar	— 900 00
10.	2 vagnar	— 300.00
11.	1 reiðhestur og 1 aktygi	— 500.00
12.	Aflýsing af skuldabréfi	— 10.50
13.	Þinglýsing og stimpilgjald af afsali og skuldabréfi, áætlað	— 300.00
	Samtals	kr. 62.022.05

Upp í þessa skuld kveður stefnandi stefndan hafa greitt kr. 17.000.00 í október 1945, og nemi því inneign sín hjá stefndum kr. 45.022.05.

Eftir atvikum þykir rétt að athuga hvern kröfulið fyrir sig.

Um 1. Stefnandi skýrir svo frá, að á árunum 1925 og 1926 hafi hann látið stefndum í té peninga, vörur og búfé. Telur hann skuld stefnds vegna þessara viðskipta nema þessari fjárhæð.

Stefndur hefur mótmælt þessum kröfulið sem röngum, þar sem skuldir þessar hafi að nokkru leyti verið greiddar þegar í stað og séu að nokkru leyti innifaldar í 2. kröfulið. Þá hefur stefndur mótmælt þessum kröfum sem fyrndum. Í hinum munnlega flutningi málsins mótmælti umboðsmaður stefnanda fyrningarkröfu stefnds sem of seint fram kominni. Þar sem stefndur hreyfði þessari varnarástæðu þegar í greinargerð sinni, verða þessi mótmæli stefnanda ekki tekin til greina. Þá hefur stefnandi haldið því fram, að þar sem stefndur hafi greitt umræddar kr. 17.000.00 á sl. hausti, hafi hann firrt sig rétti til að bera fyrningu fyrir sig. Á þetta verður ekki fallizt, þar sem sú greiðsla var á einni ákveðinni kröfu stefnanda, svo sem rætt verður um undir 2. lið.

Þar sem skuldir þessar eru frá árunum 1925 og 1926, verða þær samkv. ákvæðum 3. gr. laga nr. 14 frá 1905 að teljast fyrndar. Verður því þessi kröfuliður ekki tekinn til greina.

Um 2. Hinn 31. desember 1934 samþykkti stefndur víxil að fjárhæð kr. 17.000.00, er skyldi greiðast 31. desember 1940, en stefnandi var útgefandi víxils þessa. Stefndur hefur viðurkennt að hafa skuldað fjárhæð þessa, en kveðst hafa greitt hana með áðurgreindri „depositum" 4. október 1945. Þar sem fallast má á, að það fé hafi verið til greiðslu á skuld þessari, verður þessi kröfuliður ekki tekinn til greina.

Um 3. Kröfuliður þessi er vextir af umræddri víxilskuld frá 31. desember 1934 til 31. desember 1940. Stefndur hefur haldið því fram, að vaxtakrafa þessi sé fyrnd. Með vísan til 2. tl. 3. gr. fyrningarlaganna verður að fallast á það með stefndum, að krafa þessi sé fyrnd. Verður þessi liður því þegar af þeirri ástæðu ekki tekinn til greina.

Um 4. Kröfuliður þessi er vextir af nefndri víxilskuld frá gjalddaga víxilsins til stefnudags. Stefndur hefur mótmælt kröfu þessari sem fyrndri. Þar sem stefndur hefur viðurkennt víxilkröfuna og greiddi hana, svo sem áður greinir, þá verður ekki á það fallizt, að vextir af henni séu allir fyrndir. Telja verður samkvæmt ákvæðum 3. gr. fyrningarlaganna, að 4 ára vextir frá stefnudegi fyrra málsins séu ófyrndir. Verður því að dæma stefndan til að greiða vexti þann tíma, þó þannig, að honum ber eigi að greiða vexti eftir þann dag, 4. október 1945, sem hann tilkynnti stefnanda, að víxilfjárhæðinni hefði verið „deponerað" í banka. Samkvæmt þessu verður stefndum gert að greiða stefnanda samkvæmt þessum lið 6% ársvexti af kr. 17.000.00 frá 20. nóvember 1941 til 5. október 1945.

Um 5. Stefndur hefur talið kröfulið þennan innifalinn í nefndri víxilskuld og mótmælt þessum kröfulið sem fyrndum. Með vísan til þess, sem greinir um 1. kröfulið hér að framan, verður að fallast á, að krafa þessi sé

fyrnd. Verður því þessi kröfuliður þegar af þeirri ástæðu ekki tekinn til greina.

Um 6. Svo sem áður getur, gaf stefndur út skuldabréf hinn 10. marz 1925, að fjárhæð kr. 13.847.80, en skuld þessi var tryggð með 4. veðrétti í Helgafelli. Bréf þetta var gefið út í sambandi við kaup hans á jörðinni. Stefnandi hefur haldið því fram, að hann hafi að mestu leyti greitt vexti og afborganir af skuld þessari og nemi inneign sín hjá stefndum af þessum sökum hinni kröfðu fjárhæð.

Stefndur hefur haldið því fram, að allar greiðslur á skuldabréfi þessu hafi hann ýmist greitt sjálfur eða fengið stefnanda fé til að inna greiðslurnar af hendi, en stefnandi hafi síðan afhent skuldabréfseigendunum féð.

Að því er varðar lokagreiðsluna á veðskuldabréfi þessu, að fjárhæð kr. 9395.82, er fram fór 10. febrúar 1944, þá er viðurkennt af stefnanda, að stefndur hafi sumpart afhent honum fé til að greiða þetta og sumpart endurgreitt honum fé, er stefnandi lagði út vegna þessa, en stefnandi innti greiðsluna af hendi til skuldareiganda. Þessi greiðsla er ekki tekin með í þessum lið, heldur er hér um eldri greiðslur að ræða.

Gegn mótmælum stefnds hefur stefnandi ekki fært sönnur á, að hann hafi innt af hendi greiðslur samkvæmt þessum kröfulið af eigin fé, og verður því þessi kröfuliður ekki tekinn til greina.

Um 7.—11. Stefndur hefur mótmælt þessum kröfuliðum sem röngum og fyrndum. Með vísan til þess, sem greinir um 1. kröfulið hér að framan, verður að fallast á það með stefndum, að kröfur þessar séu fyrndar. Verða þær því þegar af þeirri ástæðu ekki teknar til greina.

Um 12. Stefnandi kveðst hafa greitt aflýsingargjald af skuldabréfi því, sem um ræðir í 6. kröfulið. Stefndur hefur viðurkennt, að stefnandi hafi greitt fé þetta, en haldið því fram, að hann hafi síðar endurgreitt honum það. Gegn mótmælum stefnanda hefur stefndur ekki sannað, að hann hafi endurgreitt stefnanda fé þetta. Verður því þessi kröfuliður tekinn til greina.

Um 13. Stefnandi kveðst árið 1925 hafa greitt þinglýsingar- og stimpilgjald af afsalinu fyrir Helgafelli svo og af margnefndu skuldabréfi. Stefndur hefur mótmælt þessum kröfulið sem röngum og auk þess fyrndum. Með vísan til þess, sem greinir um 1. kröfulið hér að framan, verður að fallast á, að kröfur þessar séu fyrndar. Verða þær því þegar af þeim ástæðum ekki teknar til greina.

Málalok verða því þau, að stefndur verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 10.50 með 6% ársvöxtum frá 20. nóv. 1945 til greiðsludags og 6% ársvexti af kr. 17.000.00 frá 20. nóv. 1941 til 5. okt. 1945.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndur, Níels Guðmundsson, greiði stefnanda, Sigurjóni Péturssyni, kr. 10.50 með 6% ársvöxtum frá 20. nóvember 1945 til greiðslu-

dags og 6% ársvexti af kr. 17.000.00 frá 20. nóvember 1941 til 5. október 1945.

Að öðru leyti skal stefndur vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 21. febrúar 1949.

Kærumálið nr. 6/1949.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
gegn
Trans-Ocean vöru- og skipamiðlun h/f.

Setudómari próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Skaðabótakrafa á hendur ríkissjóði út af dómaraverki héraðsdómara. Málinu vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 24. janúar 1949, sem hingað barst 2. þessa mánaðar, hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar úrskurði borgardómara Reykjavíkur, upp kveðnum 22. janúar síðastl., þar sem kröfu um vísan málsins: Trans-Ocean vöru- og skipamiðlun h/f gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs — frá héraðsdómi var hrundið. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurður þessi verði úr gildi felldur, málinu vísað frá héraðsdómi og sér dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. Svo krefst hann þess og, að fyrirsvarsmaður varnaraðilja, Þórhallur Þorgilsson, og málflutningsmaður hans, Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður, verði dæmdir í réttarfarssekt.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðili dæmdur til að greiða honum kærumálskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Málsatvikum er réttilega lýst í hinum kærða úrskurði.

Úrlausn um bótaskyldu ríkissjóðs vegna dómaraverka hlýtur að byggjast á mati á þeim verkum. Verður slík úrlausn ekki fengin með málsókn gegn ríkissjóði í héraði, sbr. 2. mgr. 34. gr. laga nr. 85/1936. Bar héraðsdómaranum því að vísa máli þessu frá dómi.

Ekki þykja efni til að taka kröfu sóknaraðilja um réttarfarssekt á hendur fyrirsvarsmanni varnaraðilja og lögmanni hans til greina.

Rétt þykir, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og vísast máli þessu frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 22. jan. 1949.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 17. þ. m., er höfðað með stefnu, út gefinni 9. nóvember sl. af Þórhalli Þorgilssyni f. h. Trans-Ocean vöru- og skipamiðlunar h/f hér í bæ gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 1092.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 18. maí 1948 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Með stefnu, út gefinni 30. október 1944, höfðaði stefnandi máls þessa mál gegn Garðari heitnum Þorsteinssyni hrl. til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 3223.27, auk 6% ársvaxta frá 31. desember 1941 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Var krafa þessi risin af viðskiptum aðiljanna í sambandi við sölu ísvarins fisks til Englands.

Munnlegur flutningur máls þessa fór fram í bæjarþingi Reykjavíkur hinn 21. júní 1946 og dómur kveðinn upp hinn 11. júlí sama ár með þeim úrslitum, að stefndur var dæmdur til greiðslu kr. 2339.47 með 6% ársvöxtum frá 30. október 1944 til greiðsludags og kr. 500.00 í málskostnað. Stefndur skaut dóminum til Hæstaréttar, en stefnandi gagnáfrýjaði. Dómur féll í Hæstarétti hinn 18. maí sl. á þá leið, að dómur bæjarþingsins var ómerktur og málinu vísað heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsálagningar að nýju. Um ástæðu þessara úrslita segir svo í hæstaréttardóminum:

„Það er viðurkennt, að við munnlegan málflutning á bæjarþingi Reykjavíkur 21. júní 1946 var sú málsástæða borin fram af hálfu gagnáfrýjanda, að hann hefði ekki verið umboðsmaður Garðars heitins Þorsteinssonar við

fiskkaup þau, sem málið er af risið, heldur miðlari, og taldi gagnáfrýjandi því, að gagnkröfur Garðars í málinu væru sér óviðkomandi. Þessari málsástæðu var ekki mótmælt sem of seint fram kominni af stefnda í héraði, en héraðsdómari hefur gengið fram hjá henni án þess að dæma hana. Þessi málsmeðferð fer í bága við ákvæði 1. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936, og verður því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til munnlegs flutnings og dómsálagningar að nýju."

Áfrýjunin leiddi því eigi til úrlausnar efnishliðar málsins. Fyrir vinnu sína við hæstaréttarmál þetta hefur umboðsmaður stefnanda, hrl. Magnús Thorlacius, fengið greiddar hjá stefnanda kr. 1000.00, og útlögð gjöld við hæstaréttarmálið voru kr. 92.00. Þessar upphæðir samanlagðar eru dómkrafa þessa máls, og er því haldið fram af stefnanda hálfu, að ríkissjóður beri ábyrgð á þessu tjóni, sem stefnandi hefur orðið fyrir af dómaraverki héraðsdómarans. Stefndur hefur aðallega krafizt frávísunar málsins frá bæjarþinginu og að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar að mati dómarans. Jafnframt hefur hann krafizt þess, að ef frávísunarkrafan verði tekin til greina, vegna þess að Þórhallur Þorgilsson bókavörður hafi eigi haft heimild til höfðunar máls þessa fyrir félagsins hönd, þá verði hann sektaður samkvæmt 188. gr., 2. tl., einkamálalaga. Verði hins vegar frávísunarkrafan tekin til greina, sökum þess að talið verði, að hér sé raunverulega á ferðinni skaðabótamál, sem samkvæmt 34. gr. einkamálalaga verði ekki rekið fyrir héraðsdómi, krefst stefndur þess, að stjórn Trans-Ocean vöru- og skipamiðlunar h/f, þeir Páll Melsted stórkaupmaður, Freyjugötu 42, Kjartan Thors útgerðarmaður, Laufásvegi 70, og Magnús Víglundsson stórkaupmaður, Garðastræti 37, verði sektuð samkvæmt 188. gr., 2. mgr. (sic), einkamálalaganna. Hvernig sem fer um frávísunarkröfuna, krefst stefndur þess, að umboðsmaður stefnanda, hrl. Magnús Thorlacius, verði sektaður samkvæmt ákvæðum 188. gr., 5. mgr. (sic), einkamálalaganna.

Stefnandi krefst þess, að kröfunni um frávísun verði hrundið og stefndur verði dæmdur til að greiða sér málskostnað að mati dómarans, að því er þenna hluta málsins varðar. Enn fremur mótmælir hann öllum framkomnum sektarkröfum.

Frávísunarkröfuna reisir stefndur fyrst og fremst á þeim rökum, að Þórhallur Þorgilsson hafi ekki haft heimild til að höfða mál þetta fyrir félagsins hönd. Hann sé aðeins prókúruhafi, en í því felist ekki heimild til að fara í mál fyrir félagsins hönd. Upplýst er, að Þórhallur er einn meðal stofnenda félagsins og hefur verið framkvæmdastjóri þess og prókúruhafi frá upphafi, en félagið var skrásett í hlutafélagaskrá Reykjavíkur 11. maí 1940. Í 25. gr. laga nr. 42/1903 segir, að prókúruhafi hafi vald til fyrir umbjóðanda sinn að annast allt það, er snertir rekstur atvinnu hans, og rita firmað, en eigi megi hann þó selja eða veðsetja fasteign hans, nema hann hafi til þess beint umboð. Af þessu ákvæði virðist leiða, að prókúruhafi hafi vald til þess að fara í mál fyrir hönd umbjóðanda síns til innheimtu skulda og til að fá úrlausn dómstóla um kröfur þær, er af atvinnurekstr-

inum rísa. Sú krafa, sem stefnandi hefur uppi í þessu máli, á rót sína í atvinnurekstri umbjóðanda hans, og verður frávísunarkrafan eigi tekin til greina á þeim grundvelli, að Þórhalli Þorgilssyni hafi sem prókúruhafa verið óheimilt að höfða málið. Önnur ástæða, sem stefndur reisir frávísunarkröfuna á, er sú, að um dulbúið skaðabótamál sé að ræða vegna tjóns þess, sem dómari sé talinn hafa valdið í starfi sínu, en slík mál verði eigi rekin fyrir héraðsdómi, sbr. 34. gr. einkamálalaganna, enda óviðeigandi, að dómari dæmi um verk hliðsetts dómara.

Ljóst er, að hefði dómaranum í áðurnefndu máli verið stefnt fyrir héraðsdóm til greiðslu skaðabóta vegna ágalla þess á dómi sínum, sem olli ómerkingu hans, hefði borið að vísa því máli frá skv. 34. gr. einkamálalaganna. Í máli því, sem hér liggur fyrir, er dómaranum hins vegar ekki stefnt, heldur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, og þykir það eigi geta valdið frávísun málsins, þó að krafan, sem dóms er krafizt um, sé risin af ágalla þeim, sem á dóminum var og ómerkingunni olli. Virðist þungamiðja málsins vera sú, hvort ríkissjóður sé skaðabótaskyldur fyrir það tjón, sem ágalli dómsins, sem ómerkingunni olli, hefur valdið. Verður eigi séð, að mál um þetta efni eigi að fara eftir sérreglu 34. gr. einkamálalaganna. Þar sem frávísunarkrafan verður ekki tekin til greina, eru kröfur stefnds um sektir á hendur Þórhalli Þorgilssyni og Trans-Ocean vöru- og skipamiðlun h/f fallnar um sjálfar sig.

Stefndur hefur krafizt þess, að lögmaður stefnanda, hrl. Magnús Thorlacius, verði sektaður skv. ákvæðum 5. mgr. 188. gr. einkamálalaganna fyrir ósæmileg ummæli um héraðsdómarann í máli því, sem ómerkt var í Hæstarétti og áður er getið. Verður að telja, að stefndur eigi í stað 5. mgr. 188. gr. við 5. tölulið greinarinnar. Hann telur það vera ósæmileg ummæli, sem refsa beri fyrir, sem standa í greinargerð stefnanda, að Hæstiréttur hafi ómerkt dóminn vegna þeirra „dómsafglapa", að gengið hafi verið fram hjá meginmálsástæðu umbjóðanda síns án þess að dæma hana. Enn fremur telur stefndur sektavert að drótta því að dómara, eins og enn fremur segir í greinargerð stefnanda, að hann hafi verið búinn að gleyma munnlegum flutningi málsins, þegar hann dæmdi það.

Stefnandi heldur því fram, að orðið „dómsafglöp" í greinargerðinni beri alls ekki að skilja sem skammaryrði í garð dómarans, því að sér hafi ekki komið til hugar að sveigja þannig að honum, og hann heldur því einnig fram, að góðgjarnasta skýringin á þeim galla dómsins, sem olli ómerkingunni, sé sú, að dómari hafi á þeim — eftir atvikum langa — tíma, sem leið frá munnlegum flutningi málsins til dómsuppsögu, gleymt munnlega flutningnum, að því er varðaði þá málsástæðu, sem hann tók eigi afstöðu til í dómnum og ómerkingunni olli.

Dómsafglöp er mjög víðtækt orð, getur átt við ýmsa galla í störfum dómara, stóra og smáa. Getur rétturinn eigi séð, að umboðsmaður stefnanda hafi notað orð þetta í greinargerðinni þannig, að refsivert sé, og eigi þykir það heldur eiga að varða refsingu, þó að umboðsmaður stefnanda nefni þann möguleika, að gleymska dómarans hafi valdið galla dómsins.

Verður því sektarkrafan á hendur umboðsmanni stefnanda eigi tekin til greina.

Ákvörðun um greiðslu málskostnaðar verður tekin í væntanlegum efnisdómi í málinu.

Valdimar Stefánsson, setudómari í máli þessu, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Framangreind frávísunarkrafa verður ekki tekin til greina.

Þórhallur Þorgilsson, Páll Melsted, Kjartan Thors, Magnús Víglundsson og Magnús Thorlacius skulu vera sýknir af kröfum stefnda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, um sektir á hendur þeim.

Mánudaginn 21. febrúar 1949.

Nr. 84/1947. **Bogi Brynjólfsson** (Magnús Thorlacius)
gegn
Dánarbúi Árna Sigfússonar
(Gústaf A. Sveinsson).

Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. ágúst 1947.

Stefndi hefur gert aðallega þá kröfu, að máli þessu verði vísað frá Hæstarétti og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað hér fyrir dómi. Áfrýjandi hefur aðallega krafizt þess, að frávísunarkröfunni verði hrundið og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í þessum hluta málsins fyrir Hæstarétti.

Hefur þetta atriði verið sótt og varið sérstaklega fyrir Hæstarétti samkvæmt 42. gr. laga nr. 112/1935 um Hæstarétt.

Stefndi reisir kröfu sína um frávísun á því, að umboðsmaður áfrýjanda hafi án samráðs við sig gert útdrátt til afnota við flutning málsins í Hæstarétti. Hafi umboðsmaður áfrýjanda við ágripsgerð þessa gengið fram hjá fjölda skjala,

sem nauðsynleg séu til skilnings á málavöxtum og til þess, að dómur verði réttilega lagður á málið í Hæstarétti. Hefur umboðsmaður stefnda talið upp í bréfi til Hæstaréttar, dags. 29. júlí f. á., 81 skjal, sem lögð voru fyrir héraðsdóm, en umboðsmaður áfrýjanda hefur fellt niður. Það er viðurkennt af umboðsmanni áfrýjanda, að hann hafi gert ágripið án þess að gefa umboðsmanni stefnda kost á því að taka upp í það þau skjöl, sem hann telur máli skipta. Samkvæmt 37. gr. laga nr. 112/1935 skulu málsaðiljar eða umboðsmenn þeirra gera ágrip úr dómsgerðum þess máls, sem áfrýjað hefur verið, um það, er þeir telja máli skipta. Eðlilegastur skilningur á þessu ákvæði er, að sækjandi máls taki upp í ágrip í samráði við verjanda og kosti fjölritun á þeim skjölum, sem hann metur nauðsynleg til, að málið verði réttilega dæmt í Hæstarétti, og að sækjandi veiti jafnframt verjanda kost á því að koma að í ágripinu og kosta fjölritun á þeim frekari skjölum, sem verjandi telur nauðsynleg sínum málstað til framdráttar. En um endanlegan kostnað af ágripsgerð er dæmt ásamt efni málsins.

Umboðsmaður áfrýjanda veitti umboðsmanni stefnda ekki færi á því að taka upp í ágripið þau skjöl, sem hann taldi máli skipta. Er málatilbúnaður fyrir Hæstarétti því ekki með þeim hætti, er lög mæla, og leiðir það til frávísunar málsins frá Hæstarétti.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda kr. 700.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Víta verður áðurgreint hátterni umboðsmanns áfrýjanda, Magnúsar hæstaréttarlögmanns Thorlacius.

Dómsorð:

Framangreindu máli er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Bogi Brynjólfsson, greiði stefnda, dánarbúi Árna Sigfússonar, kr. 700.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Í stað kaflans: Eðlilegastur skilningur ..... sínum málstað til framdráttar — komi:

Eðlilegastur skilningur á þessu ákvæði er, að sækjandi máls taki upp í ágrip í samráði við verjanda og kosti fjölritun á þeim skjölum, sem nauðsynleg eru, til að málið verði réttilega dæmt í Hæstarétti. Óski verjandi, að tekin séu í ágrip skjöl eða skjalakaflar, sem sækjandi telur alls ekki máli skipta, ber honum þó að veita verjanda kost á því að koma þeim að, enda greiði verjandi fyrir fjölritun þeirra að svo stöddu.

Miðvikudaginn 23. febrúar 1949.

Nr. 166/1948. **Valdstjórnin** (Guttormur Erlendsson)
gegn
Jóni Guðmundi Magnússyni (Sigurður Ólason).

Verðlagsbrot.

Dómur Hæstaréttar.

Kærði hefur með verknaði þeim, sem lýst er í héraðsdómi, gerzt brotlegur við tilkynningu verðlagsstjóra frá 4. apríl 1944, sbr. 15. og 16. gr. laga nr. 70/1947 svo og 2. gr. reglugerðar viðskiptamálaráðuneytisins og auglýsingu viðskiptanefndar frá 17. ágúst 1947, sbr. 2. málsgr. 11. gr. laga nr. 70/1947. Þykir refsing kærða samkvæmt 22. gr. síðasttalinna laga hæfilega ákveðin eins og segir í héraðsdómi, þó svo, að vararefsingin verði 15 daga varðhald og greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist. Kærði greiði og allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, 400 krónur til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en

því, að 15 daga varðhald komi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Jón Guðmundur Magnússon, greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Guttorms Erlendssonar og Sigurðar Ólasonar, 400 krónur til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 30. júní 1948.

Ár 1948, miðvikudaginn 30. júní, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Loga Einarssyni, fulltrúa sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 3200/1948: Valdstjórnin gegn Jóni Guðmundi Magnússyni, — sem tekið var til dóms hinn 1. þ. m.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Jóni Guðmundi Magnússyni smið, Lindarbrekku við Breiðholtsveg, til refsingar og málskostnaðargreiðslu fyrir brot gegn lögum nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, og tilkynningu viðskiptanefndar frá 17. ágúst 1947.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur í Reykjavík 5. maí 1921, og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1937 7/9 Áminning fyrir hjólreiðar í Bankastræti.
1940 27/2 Áminning fyrir brot á lögreglusamþ., 70. gr., 2. mgr.
1940 30/4 Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot á 6. gr. lögreglusamþ. Rvíkur.
1940 16/10 Áminning fyrir brot á umferðarreglum.
1941 25/2 Sátt, 25 kr. sekt fyrir brot á 15. sbr. 14. gr. l. nr. 70/1931.
1941 22/3 Sátt, 25 kr. sekt fyrir að aka bifreið ljóslausri og fyrir að nota litaðan ljósaumbúnað.
1941 20/5 Sátt, 10 kr. sekt fyrir brot gegn 32. gr. og 1. mgr. 44. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
1941 11/10 Sátt, 25 kr. sekt fyrir bifreiðalagabrot. Færði ekki bifreið sína til skoðunar.
1942 4/2 Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot á 3. mgr. 31. gr. lögreglusamþ. Rvíkur.
1944 9/3 Kærður af Katli Ólafssyni, Kalmanstjörn, fyrir óheimila töku á gúmmípökkum á rekafjöru. Afgr. með skaðabótum.
1945 29/8 Sátt, 100 kr. sekt fyrir akstur bifhjóls án skrásetningar og brot gegn 3. gr. lögreglusamþ. Rvíkur.
1946 14/2 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ógætilegan akstur.
1946 19/12 Rvík. Dómur aukaréttar, sýknaður af ákæru fyrir brot gegn 26. kafla hegningarl., 400 kr. sekt fyrir brot gegn 1. mgr. 36. gr. laga nr. 63/1937 og 1. gr. laga nr. 13/1941.

1948 13/4 Rvík. Áminning fyrir brot gegn 3. mgr. 31. gr. lögreglusamþ. Rvíkur, sbr. 7. gr. umferðarl.

Verða nú málavextir raktir eftir því, sem upplýst er í máli þessu. Með bréfi, dagsettu 19. september 1947, kærði verðlagsstjórinn yfir því, að kærði gengi milli verzlana hér í bæ og seldi þvottasápu fyrir kr. 2.50 pr. stk., sem væri fjarri öllum sanni, þar sem stangasápa, 200 g að þyngd, hefði nokkru áður verið seld á kr. 1.00, en sápa sú, er kærði seldi, var aðeins um 100 g að þyngd, enda hafði kærði ekki fengið staðfestingu verðlagseftirlitsins á verðinu. Einnig hafi hann neitað að skýra trúnaðarmanni verðlagsstjóra, Sveini Jónssyni, frá nafni sínu, auk þess sem á þessum tíma hafi verið óheimilt að selja hreinlætisvörur til verzlana.

Vitnið Sveinn Jónsson, trúnaðarmaður verðlagsstjóra, skýrir svo frá, að um miðjan septembermánuð sl. hafi það hitt kærða inni í verzluninni Drífanda við Kaplaskjólsveg og spurt, hver væri framleiðandi sápu þeirrar, er hann bauð til sölu. Neitaði kærði að skýra frá þessu og sagði það vera „prívat fyrirtæki", smáverksmiðju. Næsta dag hafi það svo hitt hann aftur og spurt hann um hið sama, en kærði brást illur við sem fyrra skiptið og neitaði einnig að skýra frá nafni sínu.

Fór vitnið síðar í fjölmargar verzlanir til að komast að því, hverjum kærði hefði selt sápu, og kveðst hafa komizt að raun um, að hann hefði alls selt 2149 sápustykki í eftirtaldar verzlanir: Drífanda á Samtúni 12, 157 stk. á kr. 2.50 stk., Drífanda á Holtsgötu 1, 282 stk. á sama verði, Drífanda á Kaplaskjólsvegi 1, 400 stk. á sama verði, verzlunina Ás við Laugaveg, 100 stk. á kr. 3.50 stk., verzlunina Varmá við Hverfisgötu, 100 stk. á kr. 2.50 stk., Lúllabúð við Hverfisgötu, 100 stk. á sama verði, og verzlunina Sæborg við Samtún, 514 stk. á 2.50 stk. og 160 stk. á kr. 3.00 stk., og loks í verzlunina Veg við Vesturgötu, 20 stk. á kr. 2.50 stk. Þá gat vitnið þess, að kærði muni hafa tekið aftur eitthvað af sápunni frá verzluninni Drífanda við Kaplaskjólsveg og að sápustykkin hafi verið mjög misjafnlega þung, allt frá 50 g upp í rúm 100 g, en þyngdarismunur þessi hafi ekkert að segja, hvað vísitöluverð varningsins snertir.

Vitnið Gústaf Jóhann Kristjánsson kaupmaður, Samtúni 12, eigandi verzlananna Drífanda, kveður kærða fyrst hafa selt sennilega 50 stk. af sápu í verzlun þess við Samtún 12. Síðar hafi hann selt 400 stk. í verzlunina við Kaplaskjólsveg 1 fyrir 1000.00 kr., en tekið megnið af þeirri sápu aftur. Annars er vitnið ekki fullvisst um, hve mikið af sápu kærði seldi í verzlanir þess, þar eð það veitti henni ekki viðtöku, en segir afgreiðslustúlku sína, Svövu Valdimarsdóttur, hafa séð um viðskipti þessi.

Vitnið Svava Valdimarsdóttir, Freyjugötu 12, afgreiðslustúlka í verzluninni Drífanda, Samtúni 12, skýrir svo frá, að í septembermánuði sl. haust hafi kærði komið í greinda verzlun og boðið sápu til sölu á kr. 2.50 stk., og hafi það keypt 50 eða 100 stk., sennilega 50 stk., enda hafi verið sápulaust í bænum og viðskiptavinir, sem staddir voru í verzluninni, hafi hvatt það til að gera kaup þessi. Næsta dag hafi það svo að nýju keypt 100 stk. af kærða, en þá hafi Sveinn Jónsson verið staddur í verzluninni,

spurt, hver væri framleiðandi sápunnar, og sagt, hver hann væri. Hafi kærði svarað því til, að honum kæmi það ekki við, og neitað að segja til nafns síns, þótt Sveinn segði, hver hann væri. Síðari daginn, sem kærði kom í verzlunina, sagði vitnið honum að fara með 100 sápustykki í verzlunina Drífanda við Kaplaskjólsveg 1 og annað 100 í verzlunina við Holtsgötu 1, en það veit ekki, hvort kærði afhenti sápu í síðastnefnda verzlun, þar eð eigi voru nægilega miklir handbærir peningar í þeirri verzlun til greiðslu sápunnar, en í verzluninni við Kaplaskjólsveg 1 hafi kærði skilið eftir 400 stk. og verið greitt fyrir 100 stk., enda hafi hann tekið aftur 300 stk. En ekkert af sápunni, sem hann seldi í verzlunina við Samtún 12, tók hann aftur.

Vitnið Svavar Hjalti Guðmundsson kaupmaður, Laugavegi 160, eigandi verzlunarinnar Ás, skýrir svo frá, að sl. haust hafi kærði komið í verzlun þess og boðið sápustykki til sölu. Keypti vitnið af honum 100 sápustykki á kr. 2.50 stk., þótt í fyrstu hefði verið talað um, að hann keypti sápuna á kr. 3.50 stk., enda var samið svo um, að kærði fengi vörur í skiptum fyrir sápuna. Megnið af henni seldist upp að sögn vitnisins, enda var lítið um sápu hér í bænum á þeim tíma, en þó nokkuð óselt, er vitnið kom fyrir rétt.

Vitnið Grímar Jónsson kaupmaður, til heimilis á Njálsgötu 48, eigandi verzlunarinnar Varmár við Hverfisgötu, kveður kærða hafa komið í verzlun þess 15. september sl., og hafi það þá keypt af honum 100 sápustykki fyrir kr. 2.50 stk. Alla þessa sápu segist vitnið hafa selt, og því hafi kærði ekkert tekið til baka af henni.

Vitnið Stefán Júlíusson, verzlunarmaður í Lúllabúð við Hverfisgötu, til heimilis á Reynimel 31, skýrir svo frá, að eigandi greindrar verzlunar, sem var erlendis við rannsókn málsins, hafi keypt 100 stk. af sápunni fyrir kr. 2.50 stk., en vitnið segist hafa veitt sápunni viðtöku og hún hafi öll selzt.

Vitnið Hermann Kristjánsson kaupmaður, Höfðaborg 48, eigandi verzlunarinnar Sæborgar við Samtún 11, kveðst hafa keypt 514 sápustykki af kærða á kr. 2.50 stk. og um 160 stk. á kr. 3.00 stk., en það segist hafa greitt sápuna við móttöku, og hann hafi ekkert tekið af henni aftur.

Vitnið Bergþóra Benediktsdóttir verzlunarmær, til heimilis að Bræðratungu við Holtaveg, sem starfaði í verzlun KRON við Langholtsveg, kveður kærða hafa komið í verzlun þessa sl. haust og boðið sápu til sölu. Segist vitnið með samþykki deildarstjórans hafa keypt 50 sápustykki á kr. 2.50 stk., og hafi þau öll selzt.

Verður nú greindur framburður kærða, sem hefur verið mjög óstöðugur og á reiki í máli þessu. Skýrir hann svo frá, að um mánaðamót ágúst og september sl. hafi hann búið til nokkuð af sápu úr svínafeiti, en hve mikið, segist hann ekki vita. Kvaðst hann hafa gefið kunningjum sínum sápu þessa og ætlazt til, að þeir notuðu hana sjálfir, en sápu þá, er hann seldi í verzlunina Drífanda, 400 stk. á kr. 2.50 stk., sbr. rskj. nr. 2, kveðst hann alla hafa tekið aftur. Kveðst kærði ekki muna betur en Gústaf

Jóhann Kristjánsson hafi sjálfur veitt sápunni móttöku og hann hafi aðeins í eitt skipti selt sápu í verzlanir Gústafs Jóhanns, alls 400 stk., og þessa sápu hafi hann alla tekið aftur, er hann frétti, að honum var óheimilt að selja hana. Þá hefur hann viðurkennt að hafa selt 50 stk. af sápu í verzlunina KRON við Langholtsveg á kr. 2.50 stk. Í aðrar verzlanir kveðst hann ekki minnast að hafa selt sápu nema ef til vill í verzlunina Ás. Hefur kærði lagt fram greinargerð um sápuframleiðslu sína, þar sem hann segir, að framleiðslukostnaður á hvert kg hafi verið kr. 18.40, en hann hafi hugsað sér að selja hana á kr. 16.25 kg, en eins og að framan getur, hefur framburður hans verið mjög á reiki.

Eins og málavöxtum hefur nú verið lýst, er talið sannað, að kærði hafi gert talsvert að því að selja sápu, er hann sjálfur framleiddi, án þess að hafa fengið staðfestingu verðlagsstjóra á verðinu og í bága við fyrirmæli þau, er bönnuðu að selja hreinlætisvörur til verzlana. Hefur hann með atferli þessu gerzt brotlegur við 15. gr. laga nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, og tilkynningu viðskiptanefndar frá 17. ágúst 1947. Samkvæmt 22. gr. nefndra laga þykir refsing kærða hæfilega ákveðin 800 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 25 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Kærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, hdl. Baldvins Jónssonar, kr. 200.00.

Dráttur sá, sem orðið hefur á rekstri máls þessa, stafar af óvenjumiklum önnum dómarans við afgreiðslu annarra mála og hve erfitt hefur verið að ná til kærða.

Hefur rekstur málsins því verið vítalaus.

Dómsorð:

Kærði, Jón Guðmundur Magnússon, greiði 800 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 25 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hdl. Baldvins Jónssonar, kr. 200.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. febrúar 1949.

Nr. 17/1948. **Landssmiðjan** (Magnús Thorlacius)
gegn
Júlíusi Þórðarsyni (Gunnar Þorsteinsson).

Um ábyrgð stjórnanda í samvinnufélagi á skuld þess.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 10. febrúar f. á., skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. s. m. Krefst hann þess aðallega, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 15.499.31 ásamt 6% ársvöxtum frá 10. nóvember 1945 til greiðsludags. Til vara krefst áfrýjandi þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 600.00 með vöxtum, eins og áður greinir. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins. Til vara gerir stefndi þá kröfu, að honum verði einungis dæmt að greiða kr. 600.00 og að málskostnaður verði þá látinn falla niður. Til þrautavara krefst stefndi þess, að krafa áfrýjanda verði lækkuð í kr. 13.374.06.

Samkvæmt skýrslum þeim, sem fram hafa komið í málinu, þykir verða að leggja til grundvallar, að fyrirsvarsmaður áfrýjanda hafi, er samið var um smíði olíugeymanna, mátt gera ráð fyrir, að Olíusamlag Akraness væri félag með takmarkaðri ábyrgð. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að framkvæmdastjóri og formaður samlagsins, Gunnlaugur Jónsson, hafi ekki haft heimild eða umboð til þess fyrir félagsins hönd að gera kaup þau, sem mál þetta er risið af. Aðrir stjórnendur félagsins, þ. á m. stefndi, hreyfðu engum andmælum, er geymarnir komu til Akraness, en miða verður við, að þeir hafi eigi síðar en um það leyti fengið vitneskju um viðskipti þessi. Varð félagið þegar af þessari ástæðu bundið við kaupin.

Þegar virt er það, sem að framan er rakið, þykir stefndi að svo vöxnu máli eigi bera ábyrgð á kröfu áfrýjanda, þótt

tilkynning um skrásetningu félagsins hefði eigi verið birt, er smíði geymanna og kaup á þeim voru ráðin.

Samkvæmt gögnum málsins og flutningi þess hér fyrir dómi stóðu 15 aðiljar að stofnun Olíusamlags Akraness. Svo sem rakið er í héraðsdómi, skyldi hver þeirra við inngöngu í félagið greiða kr. 300.00 í stofnsjóð þess, er vera skyldi til tryggingar skuldbindingum félagsins auk 300 króna ábyrgðar hvers félagsaðilja. Er fjárnám var gert hjá félaginu hinn 13. október 1945 að tilhlutan áfrýjanda, kom stefndi fyrir fógetadóminn af hálfu félagsins. Lýsti stefndi því þá, að félagið ætti eigi aðrar eignir en umrædda olíugeyma. Af hendi stefnda er því haldið fram, að hann og formaður félagsins hafi greitt tilskilin gjöld í stofnsjóð félagsins, en gegn andmælum áfrýjanda verður það eigi talið sannað. Viðurkennt er, að stofnsjóðsgjöld annarra félagsaðilja hafi ekki verið greidd. Meta verður stefnda, sem var í stjórn félagsins, það til vanrækslu, að hann hlutaðist eigi til um innheimtu stofnsjóðsgjaldanna. Ber hann því ábyrgð á skuld félagsins sem stofnsjóðsgjöldum hinna 15 félagsaðilja nemur, auk fyrrgreindrar 300 króna ábyrgðar, að frádregnum kr. 140.00, sem greiddar voru fyrir skrásetningu félagsins. Áfrýjandi hefur að vísu ekki í flutningi málsins reist kröfur sínar á þeim atvikum, sem nú var lýst, en samkvæmt 113. gr. laga nr. 85/1936 þykir þó rétt að leggja þau til grundvallar úrlausn málsins.

Samkvæmt þessu ber stefnda að greiða áfrýjanda kr. 4660.00 með vöxtum, eins og krafizt er.

Rétt er, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 1200.00.

Dómsorð:

Stefndi, Júlíus Þórðarson, greiði áfrýjanda, Landssmiðjunni, kr. 4660.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 10. nóvember 1945 til greiðsludags og samtals kr. 1200.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. október 1947.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. þ. m., hefur Landssmiðjan hér í bæ höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 24. júní 1946, gegn Júlíusi Þórðarsyni forstjóra, Akranesi, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 15.499.31, með 6% ársvöxtum frá 10. nóvember 1945 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu, en *til vara*, að honum verði aðeins gert að greiða kr. 300.00 af dómkröfum stefnandi. Í báðum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, sem hér greinir:

Snemma árs 1944 var stofnað á Akranesi samvinnufélagið Olíusamlag Akraness. Voru samþykktir þess dagsettar 9. janúar það ár. Tilgangur félagsins var einkum að útvega félagsmönnum olíur og ná sem hagfelldustum kaupum á þeim. Félag þetta var tilkynnt til samvinnufélagaskrár Akranesskaupstaðar 21. janúar 1944 og skrásett þar sama dag. Jafnframt voru greidd lögboðin skráningargjöld og fjárhæð upp í birtingu tilkynningar um skráninguna í Lögbirtingablaðinu. Sú tilkynning var þó eigi birt fyrr en í 56. tölublaði 39. árgangs Lögbirtingablaðsins, sem út kom 14. nóvember 1946. Samkvæmt ákvæðum í samþykktum félagsins skyldi hver félagi aðeins bera ábyrgð á fjárreiðum þess með stofnsjóðsinnstæðu sinni og þrjú hundruð krónum að auki. Hver félagi skyldi greiða við inngöngu í félagið 10 króna gjald og auk þess 300 krónur í stofnsjóð.

Stefndi var frá upphafi í stjórn félagsins sem meðstjórnandi, en formaður þess og framkvæmdastjóri var Gunnlaugur Jónsson á Akranesi. Hafði hann jafnframt prókúru fyrir félagið, en eigi mun tilkynning um það hafa verið birt fyrr en samtímis tilkynningunni um skráningu félagsins.

Skömmu eftir stofnun félagsins fór nefndur Gunnlaugur Jónsson til Reykjavíkur til að sækja um löggildingu og réttindi til handa félaginu samkvæmt lagaákvæðum um olíusamlög. Átti Gunnlaugur í þessu sambandi tal við þáverandi atvinnumálaráðherra, Vilhjálm Þór. Kom þeim saman um, að þar sem félagið ætti enga olíugeyma, mundi heppilegast að flytja olíuna á bifreiðum til Akraness og afgreiða hana beint af þeim til bátanna. Gunnlaugur lét þess þá getið við ráðherrann, að hann gæti ekki útvegað bifreiðar með geymum (tankbíla) til að flytja olíuna. Símaði ráðherrann þá í forstjóra stefnandi og bað hann að láta smíða tvo olíugeyma til að hafa á bifreiðar. Tók hann fram, hverjum kostum geymarnir ættu að vera búnir og að þeir þyrftu að afgreiðast fljótt. Í framhaldi af símtali ráðherrans og að hans fyrirlagi átti Gunnlaugur síðan tal við forstjóra stefnandi, og var þar ýmislegt rætt og ákveðið nánar um smíði geymanna. Með bréfi, dags. 22. febrúar, veitti þáverandi atvinnumálaráðherra Olíusamlagi Akraness viðurkenningu á rétti þess til að verzla með brennsluolíur og gaf því jafnframt heimild til að snúa sér til olíustöðvar bandarískra flotans í Hvalfirði til að fá keyptar olíur. Nokkru síðar eða í marzmánuði 1944 varð þess kostur að fá geyma þá, sem

pantaðir höfðu verið hjá stefnandi, flutta frá Reykjavík til Akraness við tækifærisverði. Voru geymarnir þá fullsmíðaðir og búið að grunnmála þá eða menjubera. Hins vegar vantaði á þá hana og slöngur, sem áttu að fylgja. Gerði nú áðurnefndur Gunnlaugur gangskör að því að fá geymana flutta til Akraness í því ástandi, sem þeir þá voru. Er þangað kom, var hafinn undirbúningur að því hjá vélsmiðju þar að setja þá á bifreiðar. Slöngur þær og hanar, sem áður um getur, voru send síðar til Akraness gegn póstkröfu. Ekki varð þó af því, að sú krafa væri innleyst. Hafði formanni félagsins verið tilkynnt af atvinnumálaráðherra, áður en krafan barst, að ekki gæti orðið neitt af olíukaupum félagsins í Hvalfirði.

Með stefnu, út gefinni 6. júní 1945, höfðaði stefnandi máls þessa mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Olíusamlagi Akraness til greiðslu skuldar fyrir smíði á margnefndum geymum, að fjárhæð kr. 19.884.52. Stefnda lét ekki sækja þing í því máli, og var því með dómi bæjarþingsins, upp kveðnum 7. júlí 1945, gert að greiða stefnandi dómkröfuna ásamt 6% ársvöxtum frá 6. júní 1945 til greiðsludags og kr. 1400.00 í málskostnað.

Hinn 13. október 1945 var gert fjárnám í eignum olíusamlagsins til fullnustu á dómskuld þessari. Við þá gjörð mætti stefndi í máli þessu fyrir félagsins hönd. Vísaði hann á olíugeymana sem einu eignir félagsins, og voru þeir teknir fjárnámi og síðar seldir á opinberu uppboði 10. nóv. 1945. Nam uppboðsandvirði þeirra kr. 6649.50. Er dómkrafa stefnandi mismunur þessarar fjárhæðar og dómskuldarinnar, eins og stefnandi telur hana hafa verið á uppboðsdegi.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að Gunnlaugur Jónsson hafi pantað margnefnda geyma fyrir hönd Olíusamlags Akraness, meðan hann var formaður og framkvæmdastjóri þess félags og hafði jafnframt prókúru fyrir það. Á þeim tíma hafi fyrirsvarsmönnum stefnandi verið ókunnugt um, að ábyrgð félagsmanna á skuldbindingum þess væri takmörkuð við ákveðna fjárhæð. Þar sem lögboðin birting á skráningu félagsins hafi ekki farið fram fyrr en löngu síðar, eftir að mál þetta var höfðað, leiði af ákvæðum 17. gr. sbr. 2. mgr. 9. greinar samvinnufélagalaganna, nr. 46 frá 1937, að stjórn félagsins, þar á meðal stefndi, verði allir persónulega ábyrgir fyrir þeim löggerningum, sem þeir geri eða löglega eru gerðir fyrir félagsins hönd. Nú sé úr því skorið með dómi bæjarþings Reykjavíkur frá 7. júlí 1945, að Olíusamlag Akraness skuldi stefnandi fjárhæð, sem nemur dómkröfu máls þessa, og þar sem sannað sé með fjárnámsgerð, árangurslausri að nokkrum hluta, að félagið sé með öllu ógjaldfært, þá sé heimilt að heimta skuld þessa úr hendi stefnda.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að hann verði ekki gerður ábyrgur fyrir dómkröfum stefnandi þegar af þeirri ástæðu, að aldrei hafi verið stofnað til skuldar þessarar í nafni eða fyrir Olíusamlag Akraness. Telur hann fyrrverandi atvinnumálaráðherra hafa staðið fyrir pöntun geymanna. Ráðherrann hafi ekki gert það vegna Olíusamlagsins, heldur muni hér vera um að ræða embættisráðstöfun af hans hálfu. Hefur stefndi mótmælt, að framangreindur bæjarþingsdómur verði lagður til

grundvallar í máli þessu um greiðsluskyldu Olíusamlagsins, þar sem ekki hafi verið sótt þing af þess hálfu í því máli og varnir því ekki hafðar uppi.

Svo sem áður greinir, var Olíusamlag Akraness með dómi bæjarþings Reykjavíkur 7. júlí 1945 dæmt til að greiða stefnandi andvirði olíugeymanna. Dómi þessum hefur ekki verið áfrýjað, og verður hann að teljast bindandi, að því er varðar skuld Olíusamlags Akraness við stefnandi. Verður sýknukrafa stefnda því ekki byggð á áðurgreindri varnarástæðu.

Varakröfu sína byggir stefndi á því, að samkvæmt samþykktum Olíusamlags Akraness beri hann ekki persónulega ábyrgð á skuldbindingum þess félags með hærri fjárhæð en kr. 300.00 auk stofnsjóðsinnstæðu sinnar. Telur hann þetta ákvæði samþykktanna vera ákvarðandi um ábyrgð sína, enda hafi félagið verið skrásett í samvinnufélagaskrá innan lögmælts tíma og áður en samið var við stefnandi. Af hálfu stefnda er því eindregið mótmælt, að hann hafi persónulega átt nokkurn þátt í kaupunum á olíugeymunum eða um þau vitað fyrr en löngu eftir, að þau voru um garð gengin. Enn fremur hefur stefndi mótmælt því, að Gunnlaugur Jónsson hafi haft umboð eða heimild félagsstjórnarinnar til að kaupa margnefnda geyma.

Loks hefur stefndi sérstaklega mótmælt vaxtakröfu stefnandi, bæði að því er vaxtahæð og vaxtatíma varðar.

Upp er komið í málinu, að Olíusamlag Akraness var tilkynnt til samvinnufélagaskrár Akraness og skrásett innan lögmælts tíma samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 46 frá 1937. Þá voru einnig greidd venjuleg skráningargjöld. Eins og að framan greinir, varð hins vegar ekki af birtingu tilkynningar um skráninguna í Lögbirtingablaðinu fyrr en 14. nóvember f. á. Í 17. gr. nefndra laga segir svo: „Nú hefur lögskipuð birting eigi fram farið, og hefur skrásetningin þá eigi þýðingu gagnvart öðrum en þeim, er sannanlega höfðu vitneskju um hana.“ Gegn eindregnum mótmælum af hendi stefnandi er ósannað, að forsvarsmönnum hennar hafi orðið kunnugt um skrásetningu þessa fyrr en undir rekstri máls þessa. Verður skrásetningin því eigi talin hafa þýðingu gagnvart stefnandi, að því er þau skipti varðar, sem hér um ræðir. Í 2. málsgr. 9. gr. nefndra laga segir svo: „Í félagi, sem ekki er skrásett, bera stjórnendur þess eða félagsmenn sem einstaklingar ábyrgð á þeim skuldbindingum, er þeir gera fyrir félagsins hönd.“ Gegn eindregnum mótmælum stefnda er ósannað, að hann hafi átt nokkurn þátt í kaupum á geymum þeim, sem framangreind krafa er risin af, enda hníga allar upplýsingar í þá átt, að Gunnlaugur Jónsson hafi einn af stjórnendum Olíusamlags Akraness fjallað um þau mál.

Þar sem afstaða stefnda var slík, verður ekki talið, að fullnægt sé, að því er hann varðar, skilyrðum þeim til persónulegrar ábyrgðar stjórnanda, sem sett eru í 2. mgr. 9. gr. nefndra laga. Verður greiðsluskylda stefnda því eigi á þessu byggð.

Samkvæmt ákvæðum 3. gr. í samþykktum Olíusamlags Akraness ber

hver félagsmaður ábyrgð á skuldbindingum félagsins með kr. 300.00 auk stofnsjóðsinnstæðu sinnar. Einstakir félagsmenn verða þó eigi krafðir um greiðslu á skuldum félagsins, fyrr en sannað er, að félagið geti ekki greitt skuldina sjálft.

Óvéfengt er, að Olíusamlag Akraness er ógjaldfært með öllu. Er því heimilt samkvæmt framangreindu ákvæði í samþykktum þess að heimta af stefnda þann hluta af skuldum þess, sem hann kann að þessu leyti að vera persónulega ábyrgur fyrir. Ekki er annað leitt í ljós en stefndi hafi staðið félaginu full skil á stofnsjóðsgjaldi sínu. Verður honum því aðeins gert að greiða stefnandi þær kr. 300.00, sem hann ábyrgist, auk stofnsjóðsgjaldsins, enda er því ekki haldið fram, að hann hafi áður innt ábyrgðarfjárhæð þessa af hendi.

Með vísan til ákvæða 5. gr. laga nr. 73 frá 1933 ber að dæma stefnda til að greiða 6% ársvexti af hinni dæmdu fjárhæð. Vexti þessa ber honum að greiða frá stefnudegi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Júlíus Þórðarson, greiði stefnandi, Landssmiðjunni, kr. 300.00 með 6% ársvöxtum frá 24. júní 1946 til greiðsludags innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 25. febrúar 1949.

Nr. 35/1948. **Magnús Thorlacius** (sjálfur)
gegn
Snæbirni Guðmundssyni og gagnsök
(Ragnar Jónsson).

Málflutningsþóknun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. apríl f. á., og krefst hann þess, að aðalstefnda verði dæmt að greiða honum kr. 8407.85 með 6% ársvöxtum frá 21. marz 1946 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. júní f. á., áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 15. s. m. Krefst gagnáfrýjandi þess, að þóknun aðaláfrýjanda verði lækkuð eftir mati Hæstaréttar frá því, sem í héraðsdómi er ákveðið, og sér dæmdur málskostnaður úr hendi aðaláfrýjanda fyrir báðum dómum samkvæmt mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi leitaði til aðaláfrýjanda um aðstoð, er fram fór yfirmat á jörð hans vegna eignarnáms á henni. Á aðaláfrýjandi því rétt til hæfilegrar þóknunar úr hendi gagnáfrýjanda fyrir starf sitt, og hnekkir það ekki þessu, þótt ákvörðun yfirmatsmanna um málskostnað kunni að binda gagnáfrýjanda með sama hætti og önnur ákvæði yfirmatsgerðar. Þegar annars vegar er litið til þess starfs, er aðaláfrýjandi innti af hendi í þágu gagnáfrýjanda, og hins vegar hagsmuna þeirra, sem yfirmatið fjallaði um, þykir þóknun aðaláfrýjanda til handa hæfilega ákveðin kr. 2500.00. Ber því að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda þá fjárhæð auk þeirra kr. 57.85, sem í héraðsdómi greinir, eða alls kr. 2557.85 ásamt vöxtum, eins og krafizt hefur verið.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður fyrir báðum dómum.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Snæbjörn Guðmundsson, greiði aðaláfrýjanda, Magnúsi Thorlacius, kr. 2557.85 með 6% ársvöxtum frá 21. marz 1946 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. febrúar 1948.

Mál þetta, sem var dómtekið 16. þ. m., hefur Magnús hæstaréttarlögmaður Thorlacius hér í bæ höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 28. nóvember 1946, gegn Snæbirni bónda Guðmundssyni að Gjábakka í Þingvallahreppi til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 8.407.85, auk 6%

ársvaxta frá 21. marz 1946 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt lækkunar á stefnukröfunni að mati dómara svo og málskostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Með lögum nr. 59 frá 1928 var Þingvallanefnd veitt heimild til að kaupa eða taka eignarnámi jörð stefnda, Gjábakka í Þingvallahreppi. Á árinu 1945 leitaði nefndin samninga um kaup á jörðinni, en stefndi færðist undan og taldi jafnframt, að lágmarksverð væri kr. 200.000.00 Neytti nefndin þá heimildar sinnar til eignarnáms, og voru bætur til stefnda metnar kr. 125.768.00 samkvæmt matsgerð dómkvaddra eignarnámsmatsmanna, dagsettri 28. júlí 1945. Stefndi vildi eigi una mati þessu, og með bréfi, dagsettu 27. ágúst 1945, óskaði hann þess, að dómkvaddir yrðu þrír menn til að framkvæma yfirmat. Dómkvaðning fór fram 17. október 1945, og hélt yfirmatsnefndin fund að Gjábakka hinn 25. s. m. Þenna fund sótti stefndi og með honum umboðsmaður hans, stefnandi máls þessa, er annaðist flutning málsins af hálfu stefnda fyrir yfirmatsnefndinni. Stefnandi hefur skýrt svo frá skiptum sínum og stefnda, að stefndi hafi átt tal við sig, áður en yfirmatsbeiðnin var rituð, en eftir að undirmat fór fram. Síðan hafi hann sótt fundinn 25. okt. 1945 að brýnni beiðni stefnda, enda til nokkurs gagns. Greinargerð um kröfur stefnda ritaði stefnandi 23. nóvember 1945, en kröfurnar voru þær, að bæturnar yrðu metnar kr. 665.250.00 og að eignarnema yrði gert að greiða stefnda matskostnað að skaðlausu. Greinargerð þessari fylgdu 10 skjöl. Hinn 15. febr. 1946 ritaði umboðsmaður Þingvallanefndar greinargerð um málið, og af því tilefni fór stefnandi þess á leit, að aðiljar matsmálsins yrðu kvaddir fyrir dóm og skýrslur af þeim teknar. Ritaði stefnandi stefnu á hendur Þingvallanefndarmönnum hinn 20. s. m., og var málið þingfest hér á bæjarþingi 2. marz s. á., en stefndu komu ekki fyrir dóm. Loks ritaði stefnandi sókn í matsmálinu 6. s. m. og áskildi stefnda þar rétt til að bera málið undir dómstólana. Yfirmatsgerðin var dagsett 15. marz 1946 og bætur til stefnda ákveðnar í henni kr. 147.044.00 og málskostnaður kr. 1.800.00. Stefndi vitjaði yfirmatsgerðarinnar til stefnanda hinn 21. s. m., og afhenti stefnandi honum hana ásamt reikningi um kostnað sinn, að fjárhæð kr. 10.057.85, er stefnandi kveður stefnda hafa lofað að greiða daginn eftir.

Stefndi virðist hafa talið reikning stefnanda of háan, og með bréfi annars umboðsmanns hans, dagsettu 25. marz 1946, var stjórn Lögmannafélags Íslands beðin umsagnar um kröfu stefnanda og álits um, hver væri sanngjörn greiðsla fyrir verk hans. Stefnandi var aldrei kvaddur fyrir félagsstjórnina né honum gefinn kostur á að lýsa viðhorfi sínu, og veitti stjórnin stefnda enga úrlausn. Stefnandi leitaði hins vegar álits gjaldskrárnefndar sama félags um kröfu sína, og taldi nefnd þessi rétt að reikna málflutningsþóknun stefnanda kr. 5.500.00. Lækkaði stefnandi síðan kröfur sínar á hendur stefnda í kr. 8.407.85 og höfðaði mál þetta á hendur honum, svo sem fyrr var greint.

Stefndi hefur rökstutt kröfur sínar með því, að undirmat var þegar um garð gengið og að beiðni um yfirmat hafi verið rituð, áður en stefnandi hafði nokkur afskipti af málinu. Vinningur sinn af yfirmatinu hafi verið aðeins rúmar 21 þúsund krónur, og séu þær kr. 1.800.00, sem yfirmatsnefnd ákvað í málskostnað, hámark þeirrar þóknunar, er til mála komi að ætla stefnanda.

Krafa stefnanda er í tveim liðum, og hefur annar þeirra, útlögð gjöld, að fjárhæð kr. 57.85, ekki verið véfengdur af hálfu stefnda. Verður hann því til greina tekinn óbreyttur. Hinn liðurinn er „þóknun, færð niður í" kr. 8.350.00. Þegar virt er það, sem af gögnum málsins má ráða um vinnu stefnanda, svo og önnur þau atriði, sem áhrif þykja hafa á mat þessa kröfuliðar, þykir þóknun til stefnanda hæfilega ákveðin kr. 3.500.00. Úrslit málsins verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda fjárhæðir þessar, samtals kr. 3.557.85, auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags svo og málskostnað, sem ákveðst kr. 600.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Snæbjörn Guðmundsson, greiði stefnanda, Magnúsi Thorlacius, kr. 3.557.85 með 6% ársvöxtum frá 28. nóvember 1946 til greiðsludags og kr. 600.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 25. febrúar 1949.

Kærumálið nr. 7/1949.

Brynjólfur Guðlaugsson
gegn
Helga Benediktssyni.

Kröfu um ómerkingu héraðsdóms hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Sigfús M. Johnsen, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, og samdómendurnir Lúðvík N. Lúðvíksson og Sæmundur Jónsson hafa kveðið upp hinn kærða dóm og dómsákvæði.

Með kæru 16. des. f. á., sem hingað barst 5. þ. m., hefur sóknaraðili krafizt þess aðallega, að dómur sjó- og verzlunardóms

Vestmannaeyja 14. des. f. á. í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja og gagnsök verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar af nýju, þar sem héraðsdómur hafi vísað kröfu hans um skuldajöfnuð í gagnsök frá dómi jafnframt því, að málið var dæmt að efni til. Til vara krefst sóknaraðili þess, að nefnt frávísunarákvæði héraðsdóms verði ómerkt og málinu að því leyti vísað heim í hérað til dómsálagningar af nýju. Einnig krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili hefur hvorki sent Hæstarétti kröfur né greinargerð af sinni hálfu.

Kröfu þeirri, sem lýst er í héraðsdómi og sóknaraðili vildi hafa uppi til skuldajafnaðar við gagnkröfu varnaraðilja, varð ekki komið að án framhaldsstefnu. Kröfu þessari var því réttilega vísað frá héraðsdómi.

Það er að vísu aðfinnsluvert, að héraðsdómur hefur ekki tekið frávísunarkröfu varnaraðilja sérstaklega til úrlausnar, en ekki þykja þó næg efni til að ómerkja héraðsdóm af þeim sökum. Verða kröfur sóknaraðilja í kærumáli þessu því ekki teknar til greina.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Ómerkingarkröfur sóknaraðilja, Brynjólfs Guðlaugssonar, verða ekki teknar til greina.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 14. des. 1948.

Mál þetta er höfðað af hálfu Brynjólfs Guðlaugssonar skipstjóra, Hásteinsveg 45 hér í bænum, fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja með stefnu, út gefinni 22. sept. þ. á., birtri s. d., á hendur Helga Benediktssyni, útgerðarmanni og kaupmanni hér í bænum, til greiðslu á vangoldnum launum, strandsiglingaþóknun og fæðishlunnindum fyrir mánuðina september—desember 1947, að báðum meðtöldum, og í febrúar—marz, að fjárhæð kr. 14.000.00, ásamt 5% ársvöxtum frá 18. febr. sl. til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu og síðan hækkaðar kröfur varðandi málfærslulaunin, sbr. rskj. 15.

Í greinargerð stefnanda (aðalstefnanda), er lögð var fram í fyrsta þinghaldi í málinu, er hin umstefnda krafa færð niður í kr. 13.315.39, sbr.

rskj. 2. Stefnandi gerir og þá kröfu, að stefndur (aðalstefndur) verði dæmdur í sekt vegna framkomu hans í réttinum.

Við þingfestingu aðalmálsins hér fyrir réttinum krafðist stefndur, að málinu yrði vísað frá dómi vegna ósamræmis milli stefnukröfunnar og sundurliðunarinnar, sbr. rskj. 2, og til vara, að hann yrði algerlega sýknaður af kröfum stefnanda í málinu og að honum yrði tildæmdur í báðum tilfellum málskostnaður að skaðlausu og að stefnandi í báðum tilfellum yrði dæmdur í sekt fyrir óþarfa málsýfingu.

Heldur stefndur því og fram, að stefnandi, er tvívegis hafi verið veikur og frá störfum um alllangan tíma, hafi verið í vondri trú varðandi veikindin og leynt sig þeim, og fyrir því hafi hann eigi greitt honum kaup nema fyrir þann tíma, sem hann gegndi störfum á skipinu, og vísar í þessu sambandi til ákvæða 2. mgr. 4. gr. l. nr. 41 frá 1930, um að menn, er leyni veikindum, fyrirgeri rétti sínum til kaups, og gerir þá kröfu, að úrslit málsins um þessi atriði verði látin velta á eiði aðalstefnanda.

Með gagnstefnu aðalstefnds í málinu á hendur aðalstefnanda, út gefinni 13. okt. sl., gerir gagnstefnandi þær kröfur, að gagnstefndur verði dæmdur til að greiða sér kr. 6.093.08 skuld vegna vöruúttektar gagnstefnds í verzlun gagnstefnanda auk 6% ársvaxta frá 1. júlí síðastl. til greiðsludags, enda verði kröfu í gagnsökinni skuldajafnað við kröfu gagnstefnds í aðalsök, að svo miklu leyti sem krafa hans í þeirri sök kynni að verða tekin til greina, og krafizt sjálfstæðs dóms í gagnsökinni að öðru leyti. Þá er einnig krafizt málskostnaðar í gagnsök eftir mati dómarans.

Gagnstefndur gerir þær kröfur í gagnsök aðallega, að hann verði algerlega sýknaður af gagnkröfu, að janúarkaup gagnstefnds, kr. 3.618.00, er hann tjáir, að gagnstefnandi hafi lofað að greiða sér, en sem eigi var tekið upp í umstefnda kröfu í aðalsök, með því að gagnstefndur taldi þess ekki þörf, þar sem enginn ágreiningur væri um þessa kröfu, komi til skuldajafnaðar, og virðist þetta verða að skoðast sem varakrafa í gagnsök, — en neitar að greiða mismuninn, kr. 2.475.08, með því að reikningarnir fyrir vöruúttektinni, er engar frumnótur fylgi og séu óundirritaðir, séu of háir, en til vara (þrautavara), ef kr. 2.475.08 verða teknar til greina, að honum verði tildæmd aðalkrafa, kr. 10.840.31, og væri þá skuldajafnaðarkrafan í gagnsök, kr. 3.618.00, tekin með.

Málið var flutt skriflega samkvæmt fram kominni ósk beggja aðilja. Sátta var leitað í aðalsök og gagnsök, en árangurslaust.

Málavöxtum hefur verið lýst að nokkru hér að framan í sambandi við gerðar kröfur. Enn fremur skal tekið fram, sbr. fyrirliggjandi skjöl og gögn málsins:

Aðalsökin. Aðalstefnandi, Brynjólfur Guðlaugsson, skipstjóri á m/s Skaftfellingi, V.E. 33, eign aðalstefnds, og er hin umstefnda upphæð, kr. 13.315.39, eins og hún er lækkuð, sbr. sundurliðunina rskj. 2, eins og áður segir, samanlögð laun aðalstefnanda með dýrtíðaruppbót m. m., eins og að framan getur, fyrir um 5 mánuði eða frá septemberbyrjun til ársloka 1947 og fyrir tímabilið frá 18. febrúar til 16. marz. Launaupphæðin sjálf

fyrir allan umgetinn tíma er talin nema kr. 17.834.50, og ef frá eru dregnar kr. 4.519.11, er aðalstefnandi viðurkennir, að búið sé að greiða sér upp í launin, verður eftir hin umkrafða upphæð, kr. 13.315.39.

Aðalstefnandi veiktist 17. september 1947 af botnlangabólgu og var frá starfi til 29. okt. s. á. og tók þá aftur til starfa, en veiktist á ný 18. nóv. s. á. af brjósthimnubólgu, að því er hann hefur haldið fram, og var frá störfum til áramóta.

Aðalstefndur neitaði að greiða aðalstefnanda laun í veikindaforföllum hans í september—desember og tjáir hann hafa verið í vondri trú varðandi veikindin. Einnig hefur hann neitað að greiða honum laun, eftir að hann hætti að starfa í skipinu eftir áramótin og skipinu var lagt við festar í febrúar sl. Heldur hann því og fram, að aðalstefnandi hafi hlaupið frá skipinu vélbiluðu í reiðuleysi, sjá bókunina í réttarhaldi 23. sept.

Aðalstefnandi hefur eindregið neitað því, að hann hafi komið í vondri trú á skipið varðandi veikindi sín eða í „fjárplógsskyni", eins og hefur verið haldið fram. Telur hann, að með því að neita sér um launin sé um samningsbrot að ræða, hann eigi óskoraðan rétt til 3 mánaða uppsagnarfrests. Hann neitar því og algert, er haldið hefur verið fram af aðalstefnanda, að hann hafi samþykkt að hætta störfum án uppsagnarfrests; kveðst hann hafa sagt upp, eins og hann hafi haft rétt til, með 3 mánaða uppsagnarfresti frá áramótum, en hafi hins vegar ekki viljað vera á kaupi hjá aðalstefndum lengur en þörf gerðist og réð sig því háseta á annan bát og gerði því ekki kaupkröfuna lengur en til 16. marz. Segir hann, að hinn 18. febr. sl. hafi skipinu verið lagt við festar vegna bilunar, og þá hafi aðalstefndur hætt að greiða sér laun og hann þá verið atvinnulaus til 16. marz, er hann tók stöðu sem háseti á b/v Elliðaey, og því, eins og áður segir, gerir hann ekki kaupkröfuna lengur. Þá vísar hann á bug ásökunum aðalstefnds sem staðleysu. Aðalstefnandi hefur lagt fram í málinu samning um kaup og kjör milli Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Landssambands ísl. útvegsmanna, rskj. 7 og 8. Sérstakur samningur milli aðalstefnanda og aðalstefnds hefur enginn komið fram, sbr. þó 1. gr. sjómannalaga, sbr. 2. gr.

Rétturinn lítur svo á, að aðalstefnandi hafi átt rétt til 3 mánaða uppsagnarfrests, eins og hann heldur fram, og hvað veikindi hans áhrærir, telur rétturinn, að ekkert það hafi komið fram í málinu, er styðji staðhæfingu aðalstefnds um, að aðalstefnandi hafi verið í vondri trú varðandi þau, enda slíku afdráttarlaust neitað af aðalstefnanda, og fyrir því komi ekki til greina ákvæði 2. mgr. 4. gr. sjómannalaga. Og varðandi kröfu aðalstefnds um, að úrslit málsins um síðastnefnt atriði verði látin velta á synjunareiði aðalstefnanda, þykir ekki ástæða til, eins og málið liggur fyrir, að taka kröfu þessa til greina né heldur, að aðalstefnandi synji fyrir með eiði að hafa samþykkt að hætta störfum án uppsagnarfrests, sbr. rskj. 14.

Rétturinn telur ekki ástæðu til að dæma aðalstefndan í réttarfarssekt, svo sem krafizt er af aðalstefnanda, og eigi kemur heldur til greina krafa

aðalstefnds um, að aðalstefnandi verði dæmdur í sekt fyrir óþarfa málsýfingu.

Að athuguðu því, sem fram er komið í málinu, sbr. það, er hér að framan segir, álítur rétturinn, að taka beri til greina að fullu og öllu þrátt fyrir veikindaforföllin kaupkröfur aðalstefnanda, eins og þeim er lýst, sbr. það, er áður segir, sbr. og rskj. 2, eða, eins og krafizt er, launa m. m. frá septemberbyrjun til ársloka 1947 og frá 18. febr. til 16. marz, en hin endanlega tildæmda krafa í málinu miðast við skuldajöfnuð í gagnsök.

Vaxta- og málskostnaðarkröfuna ber og að taka til greina, eftir því sem við á.

Gagnsökin. Í gagnsök telur rétturinn, að beri að taka til greina kröfu gagnstefnanda um greiðslu á kr. 6.093.08 fyrir vöruúttekt, sbr. reikninginn á rskj. nr. 3, sem vísað er til sem grundvallar fyrir kröfunni af gagnstefnanda og lagður er fram af aðalstefnanda og vísar til um innborganir upp í launagreiðslur.

Vill rétturinn taka fram út af fram komnum ummælum aðalstefnds, að engum tölum hefur verið breytt á reikningnum eins og hann kemur fram, neðan á og á röndina á reikningnum áritaðar tölur til glöggvunar eða minnis að því, er sýnist, er hefur engin áhrif á sjálfan reikninginn eða niðurstöðu hans (svo). Og að því er varðar hin framkomnu mótmæli gagnstefnds gegn heildarniðurstöðu reikningsins, rskj. nr. 3, sem of hárri, ásamt fleira, sjá hér að framan, eru þau eigi bundin við neina sérstaka liði reikningsins og of óákveðin, enda og vísað af honum til reikningsins um viðskiptin milli aðilja; gagnstefnandi og haldið því eindregið fram, að reikningarnir hafi verið sendir gagnstefndum að minnsta kosti á tveggja mánaða fresti, og aldrei hafi fyrr en nú verið hreyft neinum mótmælum af gagnstefnds hálfu gegn réttmæti þeirra. Telur rétturinn því eigi ástæðu til að taka hin fram komnu mótmæli til greina, heldur beri eins og að framan segir, gagnstefndum að greiða reikningskröfuna að fullu.

Telur rétturinn því, að umrædda kröfu, kr. 6.093.08 samkvæmt kröfu gagnstefnanda, beri að draga frá kröfu aðalstefnanda í aðalsök, er þá verður kr. 7.222.31. En hins vegar hefur rétturinn eigi séð sér fært að taka til greina kröfu gagnstefnds um, að skuldajafnað verði við gagnkröfuna kr. 3.618.00 launum, er gagnstefndur telur sig eiga inni hjá gagnstefnanda fyrir janúarmánuð 1948 og sér hafi verið lofað greiðslu á, en neitað er af gagnstefnanda. Álítur rétturinn, að þurft hefði og að stefna framhaldsstefnu fyrir þessari upphæð, er eigi hefur komið fram í aðalstefnu, til þess að sameina hana málinu hér. Málskostnaður í gagnsök, þykir rétt, að falli niður.

Niðurstaða málsins verður því sú samkvæmt framansögðu, að skuldajafna ber gagnstefnukröfunni, kr. 6.093.08, við aðalstefnukröfuna, kr. 13.315.39, og verða þá eftir kr. 7.222 31, sem dæma ber aðalstefndan, Helga Benediktsson, til að greiða aðalstefnanda, Brynjólfi Guðlaugssyni, með

5% vöxtum frá 16. marz síðastliðnum til greiðsludags og málskostnað með kr. 700.00, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Því dæmist rétt vera:

Aðalstefndur, Helgi Benediktsson, greiði aðalstefnanda, Brynjólfi Guðlaugssyni, kr. 7.222.31 með 5% ársvöxtum frá 16. marz síðastliðnum til greiðsludags og málskostnað með kr. 700.00, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 25. febrúar 1949.

Kærumálið nr. 8/1949.

Kristján Kristjánsson
gegn
Óskari S. Sigurgeirssyni.

Valdsvið dómstóla. Kröfu um frávísun frá héraðsdómi hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Björn Halldórsson, lögfræðingur á Akureyri, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð sem setudómari í málinu.

Með kæru 15. f. m., sem hingað barst 12. þ. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 108. gr. laga nr. 85/1936 kært úrskurð, upp kveðinn á bæjarþingi Akureyrar hinn 15. jan. sl., þar sem hrundið var frávísunarkröfu í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja og lögreglustjóranum á Akureyri.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og málinu vísað frá héraðsdómi, enda verði varnaraðili þá dæmdur til greiðslu málskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Varnaraðili máls þessa á skýlausan rétt til að bera undir dómstóla, hvort verið hafi skilyrði að lögum til að afskrá bif-

reið hans og svipta hann einkennismerki hennar. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Þar sem varnaraðili hefur ekki krafizt málskostnaðar, verður hann ekki dæmdur, en átelja verður ástæðulausa kæru máls þessa.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Akureyrar 15. janúar 1949.

Mál þetta hefur Óskar S. Sigurgeirsson, Strandgötu 11 hér í bæ, höfðað með stefnu, dags. 30. okt. sl., að undangenginni árangurslausri sáttatilraun, gegn Friðjóni Skarphéðinssyni bæjarfógeta sem yfirumsjónarmanni með skráningu og afskráningu bifreiða á Akureyri og Kristjáni Kristjánssyni forstjóra, Brekkugötu 4, Akureyri, til þess að fá þá dæmda, að viðlögðum hæfilegum dagsektum að mati dómara frá birtingu dóms að telja, til þess að afhenda honum bifreiðaskrásetningarnúmerið A-2 á „Dixie Flyer"-bifreið, sem hann nú á. Einnig krefst Óskar S. Sigurgeirsson þess, að Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti f. h. embættisins og Kristján Kristjánsson forstjóri verði in solidum dæmdir til þess að greiða honum málskostnað samkvæmt framlögðum reikningi eða að mati dómarans.

Vegna tengsla við málið vék hinn reglulegi dómari, Friðjón Skarphéðinsson, þegar í fyrsta þinghaldi hinn 1. nóvember sl. dómarasæti í málinu. Dómsmálaráðuneytið skipaði því næst með bréfi, dags. 15. nóv., Björn Halldórsson lögfræðing til þess að fara með og dæma mál þetta. Um það leyti, er settur dómari skyldi hefja starf við málið, tilkynnti Friðjón Skarphéðinsson honum, að hann (Friðjón) mundi ekki sækja dómþing í málinu. Í þinghaldi 11. f. m. færði umboðsmaður stefnanda kröfugerð af sinni hálfu í það horf, að Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti yrði að viðlögðum hæfilegum dagsektum að mati dómarans dæmdur til að taka bifreiðina „Dixie Flyer", eign sækjanda, aftur inn á bifreiðaskrá Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar undir téðu númeri, enda heimild Kristjáns Kristjánssonar til bifreiðarnúmersins hnekkt með dóminum, en málskostnaðarkrafa óbreytt. Af hálfu varnaraðilja beggja var lýst yfir samþykki þess, að málið yrði rekið samkvæmt hinni endurnýjuðu kröfugerð. Enn fremur lýstu allir málspartar yfir því, að þeir teldu útilokað, að sáttaumleitun fyrir sáttanefnd um hina endurnýjuðu kröfugerð mundi bera árangur. Var Friðjón Skarphéðinsson viðstaddur dómþing, meðan þessu fór fram, en hefur að öðru leyti haldið fast við upphaflega ákvörðun sína um afskiptaleysi af málinu. Umboðsmaður Kristjáns Kristjánssonar hefur í greinargerðum, dskj. 16 og 17, krafizt frávísunar málsins, en al-

gerrar sýknu, ef til efnismeðferðar málsins skyldi koma, en í hvoru tveggja tilfelli málskostnaðar úr hendi sækjanda til handa umbj. sínum.

Málavöxtum er í sem styztu máli svo lýst:

Sækjandi málsins, Óskar S. Sigurgeirsson, Strandgötu 11 hér í bæ, hefur a. m. k. um 14 ára skeið átt gamla bifreið af svonefndri „Dixie Flyer"-gerð. Lítið virðist bifreið þessi hafa verið notuð, þar sem hún hefur aðeins einu sinni (sumarið 1941) á undanförnum 12 árum verið færð til skoðunar skv. bifreiðalögum. Hins vegar virðist, að jafnan hafi verið greiddir lögboðnir skattar og gjöld af bifreiðinni. Á sl. hausti afmáir Snæbjörn Þorleifsson, bifreiðaeftirlitsmaður hér í bæ, bifreiðina af bifreiðaskrá umdæmisins og úthlutar Kristjáni Kristjánssyni forstjóra, Akureyri, einkenninu A-2, að því er ætla má, til notkunar á aðra bifreið, sem er fyrir hendi. Umboðsmaður sækjanda finnur bifreiðaeftirlitsmanni einkum það til foráttu, að hann hafi ekki gætt fyrirmæla síðustu málsgr. 17. gr. bifreiðalaga, áður en hann réðst í að afskrá bifreiðina og afhenda öðrum einkennisstafi hennar. Hins vegar réttlætir eftirlitsmaður í skýrslu sinni, dskj. nr. 15, afskráningargerð sína með því, að bifreiðin hafi ekki svo lengi komið til skoðunar, sem og hinu, að viðhald hennar sé ann-mörkum háð. Sáttafund um mál þetta með sáttanefnd Akureyrar sóttu umboðsmenn af hálfu sækjanda, sem var forfallaður, Kristján Kristjánsson og Friðjón Skarphéðinsson. Sáttaumleitun var, sem áður getur, árangurslaus.

Nú fær dómarinn að vísu ekki séð, að Kristján Kristjánsson hafi þau umráð sakarefnis, eftir því sem það er vaxið, að krafa hans út af fyrir sig megi nokkru valda um, hvort málinu verði frá vísað eða ekki. Hins vegar verður ekki hjá því komizt á þessu stigi málsins, að tekin verði ákvörðun um, hvort krafa sú, sem gerð hefur verið af hálfu sóknaraðilja í máli þessu, sé þannig vaxin, að hún skuli sæta úrlausn dómstóla eða að dómari skuli vísa henni frá af sjálfsdáðum, enda gerist, hvort eð er, úrskurðar þörf um dómhæfi kröfunnar vegna frávísunarkröfunnar.

Störf við skráningu og afskráningu bifreiða eru með 3. kafla laga nr. 23 frá 1941 lögð til stjórnsýslu ríkisins, þ. e. lögreglustjóra með aðstoð bifreiðaeftirlitsmanna, allt undir yfirumsjón dómsmálaráðherra, og setja lögin þeim, er með fara, nokkrar reglur um framkvæmd starfanna. Að skoðun sækjanda hefur skráningarvaldsmaður hér í bæ brotið reglur laganna við afskráningu bifreiðar hins fyrrtalda, afskráning því verið ólögleg og því beri með dómi að skylda skráningarvaldið til að skrásetja bifreiðina af nýju og með sama einkennismerki og áður. Aðalregla íslenzkra laga og stjórnskipunar er vafalaust sú, að dómstólum beri úrlausn hvers konar ágreinings, hvort heldur er milli einstaklinga innbyrðis eða milli einstaklinga annars vegar og stjórnvalda hins vegar. Regla þessi á að nokkru leyti stoð í 60. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem svo er ákveðið, að dómstólar skeri úr ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Hins vegar eru ákveðnir flokkar mála fengnir öðrum valdgreinum en dómstólum til úrlausnar með stjórnarskrárákvæði eða með beinum orðum al-

mennra laga teknir undan úrlausn dómstóla eða fengnir til úrskurðar öðru valdi en dómstólum. Ef mál einhverrar slíkrar tegundar yrði þó borið undir dómstól, virtist rétt að vísa því frá dómi. En þótt III. kafli laga nr. 23/1941 feli yfirvöldum ákveðin störf, táknar slíkt alls ekki, að dómstólar séu sviptir valdi til að úrskurða ágreining milli einstaklinga og stjórnvalda um framkvæmd starfanna, heldur virðist hér einmitt eiga við 60. gr. stjórnarskrárinnar, þannig að dómstólar dæmi með *efnisdómi* um það hverju sinni, hvort yfirvöld hafi haldið sér innan embættistakmarka sinna, þ. e. farið að lögum í víðtækum skilningi, en þó eftir atvikum án tillits til, hvort umdeild framkoma stjórnvaldshafans var heppileg eða eðlileg að öðru leyti. Það virðist því rétt, að gert verði um vafa þann á réttmæti valdbeitingar stjórnvalds, er mál þetta snýst um, með efnisdómi í málinu og vísa því málinu ekki frá dómi. Heimild til höfðunar máls þessa hér fyrir bæjarþingi virðist felast í 75. gr., 2. mgr., laga nr. 85/1936. Er þetta tekið fram, þar sem hæpið þykir, að þingsókn Friðjóns Skarphéðinssonar geti með tilliti til ummæla hans talizt samþykki á varnarþingi, ef þótt hefði heimildarlaust í lögum án slíks samþykkis. Eftir svofelldum úrslitum í þessum þætti málsins virðist ekki koma til greina að úrskurða sérstaklega um málskostnaðarkröfu Kristjáns Kristjánssonar að svo stöddu, heldur verði dæmt um málskostnað milli aðilja samfara væntanlegum efnisdómi með tilliti til allrar meðferðar málsins og úrslita þess.

Því úrskurðast:

Framkomin frávísunarkrafa Kristjáns Kristjánssonar í máli þessu er ekki tekin til greina, og skal málið samkvæmt kröfu sækjanda sæta efnismeðferð hér fyrir dómi. Um málskostnað verði dæmt samfara efnisdómi í málinu.

Mánudaginn 28. febrúar 1949.

Nr. 58/1948. **Skaftafell h/f**
gegn
Marinó Guðjónssyni og gagnsök.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Skaftafell h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 28. febrúar 1949.

Nr. 173/1948. **Kristján Kristjánsson**
gegn
Snorra Arnfinnssyni.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Kristján Kristjánsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 2. marz 1949.

Nr. 117/1948. **Guðmundur Jóhannsson** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Kristjáni Ásgeirssyni (Kristján Guðlaugsson).

Útburðarmál.

Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. september 1948, krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma útburðargerð á hendur stefnda og að honum verði dæmt að greiða sér málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að úrskurður fógeta verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í Hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi er maður 64 ára að aldri, er samkvæmt læknisvottorði haldinn magaveilu og þarf að gæta varúðar í mataræði. Hyggst hann þess vegna að taka dóttur sína 17 ára að aldri, sem dvalizt hefur hjá móður sinni og stjúpa uppi í

sveit, á heimili sitt og láta hana annast matreiðslu fyrir sig. Hefur stúlkan staðfest fyrir dómi, að hún ætli að flytjast til föður síns, ef þau fái húsnæðið til sinna afnota.

Þegar litið er á hag áfrýjanda, þykir rétt að veita honum frá 14. maí þ. á. að telja umráð yfir eldhúsi íbúðarinnar og herbergi því, sem innangengt er í úr eldhúsinu, en stefndi skal halda áfram leiguafnotum af herbergi því, sem er í suðvesturhluta íbúðarinnar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og er lagt fyrir fógeta að framkvæma hinn 14. maí þ. á. útburðargerð á hendur stefnda, Kristjáni Ásgeirssyni, úr eldhúsi íbúðar þeirrar, sem í málinu greinir, svo og úr herbergi því, sem er innar af eldhúsinu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 23. september 1948.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar hinn 22. þ. m., hefur gerðarbeiðandi, Guðmundur Jóhannsson, Framnesvegi 56, krafizt þess, að gerðarþoli, Kristján Ásgeirsson, verði borinn út úr húsnæði því, sem hann hefur undanfarið haft á leigu í ofangreindu húsi gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu gerðar, og lögðu aðiljar málið undir úrskurð fógetaréttarins.

Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar.

Gerðarbeiðandi, Guðmundur Jóhannsson, eignaðist húsið nr. 56 við Framnesveg árið 1931. Hefur hann þar eitt herbergi til afnota. Undanfarin ár hefur gerðarþoli, Kristján Ásgeirsson, haft á leigu 2 herbergi og eldhús í nefndu húsi.

Gerðarbeiðandi segir gerðarþola upp húsnæði hans miðað við 14. maí sl., þar sem hann taldi sér þörf á húsnæði gerðarþola til eigin afnota. Uppsögn þessi var lögð fyrir húsaleigunefnd. Urðu úrslit máls þess á þann veg, að uppsögninni var synjað gildis, þar sem gerðarbeiðanda yrði ei talin þörf á auknu húsnæði.

Gerðarbeiðandi ritar fógetaréttí Reykjavíkur hinn 20. maí sl. og krefst útburðar á gerðarþola. Telur hann sér brýna þörf á húsnæði gerðarþola

til eigin afnota, þar sem hann hafi ákveðið að stofna eigið heimili, og kveðst hann hafa ráðið dóttur sína til sín sem ráðskonu. Hún hafi verið búsett í Grímsnesi austur, en muni flytjast til sín, undireins og húsnæði rýmkar. Kveður hann sér þörf á frekari aðhlynningu en verið hafi undanfarið, hann sé orðinn 63 ára gamall og geti ekki lengur staðið í því að borða úti í bæ.

Gerðarþoli mótmælir framgangi gerðarinnar. Hann mótmælir því, að gerðarbeiðandi hafi í hyggju að stofna eigið heimili og að honum sé brýn þörf á auknu húsnæði.

Dóttir gerðarbeiðanda hefur mætt hér í réttinum og lýst yfir því, að hún muni flytjast til föður síns og annast heimilisverk fyrir hann, undireins og hann fái aukið húsnæði.

Gerðarbeiðandi hefur ekki sýnt fram á svo brýna þörf sína fyrir aukið húsnæði, að unnt megi teljast að leyfa framgang hinnar umbeðnu gerðar, og ber því að synja um framgang hennar. Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna útburðargerð skal ekki fram fara.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 2. marz 1949.

Nr. 153/1948. **Valdstjórnin** (Hermann Jónasson)
gegn
Frederic Hunt (Lárus Jóhannesson).

Setudómari Valdimar Stefánsson sakadómari í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Ómerking héraðsdóms. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Kærði í máli þessu er Bandaríkjamaður, en ekki verður annað ráðið af dómsgerðum málsins en rannsóknardómarinn hafi sjálfur þýtt framburð hans á íslenzka tungu og síðan aftur á ensku, er bókunin var borin undir kærða. Ekkert er hins vegar leitt í ljós um það, hverja kunnáttu dómarinn hefur í því máli. Þá er það og athugavert, að lögreglumenn þeir, er

hlut áttu að máli, hafa ekki verið látnir gefa skýrslu fyrir dómi. Af þessum sökum þykir verða að ómerkja undirdóminn og vísa málinu heim í hérað.

Samkvæmt þessum úrslitum ber ríkissjóði að greiða allan kostnað við áfrýjun sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 350.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast máli þessu heim í hérað.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Hermanns Jónassonar og Lárusar Jóhannessonar, kr. 350.00 til hvors.

Dómur lögregluréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 17. júlí 1948.

Ár 1948, laugardaginn 17. júlí, var lögregluréttur Gullbringu- og Kjósarsýslu settur í lögreglustöðinni á Keflavíkurflugvelli og haldinn af fulltrúa sýslumanns, Birni Ingvarssyni, og upp kveðinn dómur í framangreindu máli, er dómtekið var 13. þ. m.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Frederic Hunt, starfsmanni á Keflavíkurflugvelli, fyrir brot á bifreiðalögunum, nr. 23 frá 16. júní 1941, umferðarlögunum, nr. 24 frá 16. júní 1941, og áfengislögunum, nr. 33 frá 9. janúar 1935.

Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 13. febrúar 1926 í New York, Bandaríkjum Norður-Ameríku.

Samkvæmt meðfylgjandi hegningarvottorði sakadómarans í Reykjavík hefur kærður ekki sætt refsingum hér á landi.

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 27. júní 1948, er lögregluþjónarnir nr. 10 og 11 á Keflavíkurflugvelli voru í eftirlitsferð um flugvöllinn og þeir komu í svonefndan „Camp Davis", verða þeir varir við bifreiðina R. 5720 og sjá, að í henni eru fleiri farþegar en leyfilegt er. Gefa þeir bifreiðinni merki að nema staðar, en bifreiðarstjórinn sinnti því ekki og ók bifreiðinni áfram. Hóf lögreglan þá eftirför og náði bifreiðinni hjá bakaríinu í „Camp Davis".

Bifreiðarstjórinn á R. 5720 reyndist vera kærður. Bað lögreglan hann að fá að sjá skoðunarvottorð bifreiðarinnar, en kærður hafði það ekki

meðferðis. Í bifreiðinni voru 7 manns, en við rannsókn málsins hefur upplýstst, að skv. skoðunarvottorði bifreiðarinnar er leyfilegt að hafa fimm farþega. Við nánari athugun leizt lögreglumönnunum þannig á kærðan, að hann væri undir áfengisáhrifum við akstur. Báðu þeir kærðan að koma með sér, en hann bað þá leyfis að hafa tal af konu sinni, er sat í bifreiðinni. Leyfði lögreglan það, en þá ók kærður bifreiðinni burt á miklum hraða, og náði lögreglan síðan kærðum í bústað hans á flugvellinum. Tók hún hann þá með sér til læknis í Keflavík, er tók blóðprufu af honum.

Kærður hefur í lögregluétti Gullbringu- og Kjósarsýslu 13. þ. m. viðurkennt að hafa drukkið þrjár flöskur af áfengum amerískum bjór, rétt áður en hann hóf að aka bifreiðinni R. 5720 umrætt kvöld. Kærður segist lítils háttar hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Kærður hefur í sama réttarhaldi viðurkennt, að rétt væri frá skýrt hjá lögreglunni, að hann hafi haft of marga farþega í bifreiðinni, ekki haft skoðunarvottorð bifreiðarinnar meðferðis í bílnum og að hafa ekið á ólöglegum hraða frá lögreglunni, er hún stöðvaði hann og bað hann fylgjast með sér. Hins vegar neitar kærður að hafa séð merki lögreglunnar, er hún gaf honum um að nema staðar í fyrstu, og enn fremur neitar hann að hafa átt í illyrðum við lögregluna.

Niðurstaða blóðrannsóknarinnar sýnir 1.38‰ alkóhól.

Með játningu kærðs, blóðrannsókninni og lögregluránnsókninni verður að telja sannað, að kærður hafi orðið brotlegur við 14., 17., 1. mgr. 23. greinar og 26. grein sbr. 38. og 39. grein bifreiðalaganna, nr. 23 frá 16. júní 1941, 4. grein sbr. 14. grein umferðarlaganna, nr. 24 frá 16. júní 1941, og 21. grein sbr. 39. grein áfengislaganna, nr. 33 frá 9. janúar 1935.

Samkvæmt þessu þykir refsing kærðs hæfilega ákveðin 10 daga varðhald, auk þess sem hann skal sviptur leyfi til bifreiðaaksturs í 6 mánuði frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Enginn óþarfa dráttur hefur orðið á máli þessu.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Frederic Hunt, sæti varðhaldi í 10 daga. Hann skal sviptur leyfi til bifreiðaaksturs í 6 mánuði frá lögbirtingu dóms þessa. Hann greiði allan kostnað, er leitt hefur eða leiða kann af máli þessu.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 2. marz 1949.

Nr. 20/1948. **Landleiðir h/f**
gegn
Snorra Arnfinnssyni.

Dómur Hæstaréttar.

Er flytja skyldi mál þetta munnlega í dag fyrir Hæstarétti, kom enginn fyrir dóminn af hálfu áfrýjanda. Fellur málssókn þessi því niður. Umboðsmaður stefnda sótti hins vegar þing, og hafði hann búið sig undir flutning málsins. Krafðist hann ómaksbóta til handa stefnda úr hendi áfrýjanda. Ber að taka þá kröfu til greina, og þykja ómaksbætur stefnda með hliðsjón af því, sem að framan er rakið, hæfilega ákveðnar kr. 700.00.

Dómsorð:

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Landleiðir h/f, sem eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Snorra Arnfinnssyni, kr. 700.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 2. marz 1949.

Kærumálið nr. 9/1949.
Gísli Jónsson
gegn
Ingvaldi Benediktssyni.

Setudómari próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Vitni dæmt óskylt að staðfesta framburð sinn.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 8. febr. 1949, er hingað barst 14. s. m., hefur sóknaraðili kært úrskurð bæjarþings Reykjavíkur upp kveð-

inn 3. febr. sl., í vitnamálinu Ingvaldur Benediktsson gegn Carli Olsen, en með úrskurði þessum var sóknaraðilja, er komið hafði fyrir dóm sem vitni, gert skylt að staðfesta vætti sitt með eiði.

Sóknaraðili krefst þess, að úrskurði héraðsdómara verði hrundið og sér talið óskylt að staðfesta vætti sitt með eiði. Svo krefst hann þess og, að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað að skaðlausu. Varnaraðili hefur sent Hæstarétti greinargerð og krafizt þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og honum dæmdur kærumálskostnaður úr hendi sóknaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Vætti sóknaraðilja er að sumu leyti þýðingarlaust fyrir málið, en snertir að öðru leyti matsatriði, sem honum var óskylt án dómkvaðningar að segja skoðun sína um. Verður hann því ekki skyldaður til að staðfesta vitnisburð sinn. Samkvæmt þessu ber að fella hinn kærða úrskurð úr gildi. Hæfilegt þykir, að varnaraðili greiði sóknaraðilja kærumálskostnað, kr. 150.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Varnaraðili, Ingvaldur Benediktsson, greiði sóknaraðilja, Gísla Jónssyni, kærumálskostnað, kr. 150.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 3. febrúar 1949.

Mál þetta, er tekið var til úrskurðar 26. f. m., var þingfest hér fyrir bæjarþinginu sama dag sem vitnamálið nr. 75/1949, Ingvaldur Benediktsson gegn Carli Olsen, en mál milli sömu aðilja er nú rekið fyrir Hæstarétti. Fyrir dóminn kom sem vitni Gísli Jónsson, Frakkastíg 12 hér í bæ, og bar vætti í málinu. Umboðsmaður vitnastefnanda krafðist þess þá, að vitnið staðfesti framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti. Vitnið, sem er í viðurkenndu trúfélagi, færðist undan eiðvinningu og bar við, að það hefði aldrei áður unnið eið og óskaði ekki að gera það. Var atriðið tekið til úrskurðar að beiðni vitnisins.

Vitnið hefur ekki fært aðrar ástæður fram fyrir synjun eiðvinningar en að framan getur, og ekki hefur það viljað breyta framburði sínum. Þar eð vitnið er í viðurkenndu trúfélagi hér á landi, verður að telja, að eins og á stendur, beri því að fullnægja vitnaskyldu sinni á þann hátt,

sem krafizt er, enda er ástæða sú, sem það hefur fram fært, ekki svo vaxin, að hún leysi það frá þeirri skyldu.

Jón Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurðinn.

Því úrskurðast:

Vitninu Gísla Jónssyni er skylt að staðfesta vætti sitt með eiði.

Mánudaginn 7. marz 1949.

Nr. 112/1948. **Réttvísin og valdstjórnin** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Kristjáni Andréssyni (Ragnar Jónsson)
og Þorsteini Finnbogasyni
(Guttormur Erlendsson).

Bifreiðalagabrot. Manndráp af gáleysi.

Dómur Hæstaréttar.

Bifreiðaeftirlitsmenn þeir, er skoðuðu bifreiðina G-374 eftir slysið, hafa lýst því, að handhemill hennar hafi þá eigi verið í fullkomnu lagi. En þar sem hemillinn kann að hafa laskazt, er bifreiðin rann á húsið með þeim hætti, sem í hinum áfrýjaða dómi greinir, þykja eigi efni til að dæma ákærða Kristjáni Andréssyni refsingu fyrir brot gegn 5. og 24. gr. bifreiðalaganna. Þá þykir honum eigi verða metið það til sakar, eins og á stóð, að hann neytti eigi hins sérstaka öryggisbúnaðar til þess að stöðva bifreiðina. Héraðsdómarinn hefur að öðru leyti fært hegðun ákærða Kristjáns til réttra refsiákvæða, og þykir mega staðfesta héraðsdóminn, að því er varðar refsingu hans og ökuleyfissviptingu.

Ákærði Þorsteinn Finnbogason fór í stjórn og akstri bifreiðarinnar eftir fyrirsögn ákærða Kristjáns. Mátti hann eftir atvikum treysta því, að Kristján gætti alls öryggis í þessu sambandi, þ. á m. að því er varðaði gangskiptingu bifreiðarinnar. Verður honum því eigi gefin refsiverð sök á slysinu, og ber að sýkna hann af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að ákærði Kristján greiði allan kostnað sakarinnar í héraði, þ. á m. málflutningslaun skipaðs verjanda ákærðu í héraði, kr. 600.00.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða Þorsteins fyrir Hæstarétti, kr. 800.00, greiðist úr ríkissjóði. Ákærði Kristján greiði allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 800.00, og málssóknarlaun skipaðs sækjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00.

Dómsorð:

Ákærði Þorsteinn Finnbogason á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Ákærði Kristján Andrésson sæti varðhaldi 5 mánuði. Hann er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærði Kristján Andrésson greiði allan kostnað sakarinnar í héraði, þar með talin laun skipaðs verjanda ákærðu í héraði, Ragnars hæstaréttarlögmanns Jónssonar, kr. 600.00.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða Þorsteins Finnbogasonar fyrir Hæstarétti, Guttorms Erlendssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 800.00, greiðist úr ríkissjóði. Ákærði Kristján Andrésson greiði allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 800.00, og málssóknarlaun skipaðs sækjanda fyrir Hæstarétti, Gunnars hæstaréttarlögmanns Þorsteinssonar, kr. 1000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Hafnarfjarðar 8. maí 1948.

Ár 1948, laugardaginn 8. maí, var í aukarétti Hafnarfjarðarkaupstaðar, sem haldinn var í skrifstofu bæjarfógetans í Hafnarfirði af Gunnari A. Pálssyni dómara samkvæmt sérstakri umboðsskrá, kveðinn upp dómur í aukaréttarmálinu: Réttvísin og valdstjórnin gegn Kristjáni Andréssyni og Þorsteini Finnbogasyni, — sem tekið var til dóms í dag.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað fyrir aukaréttinum gegn Kristjáni Andréssyni ökukennara, Vörðustíg 7, og Þorsteini Finnbogasyni lögregluþjóni, Hverfisgötu 10, báðum hér í bænum, fyrir brot gegn 23. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940, og bifreiðalögunum, nr. 23 16. júní 1941.

Ákærði Kristján er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur hér í bænum 16. júní 1914. Hefur hann hvorki sætt ákæru né refsingu áður, svo að kunnugt sé.

Ákærði Þorsteinn er og kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur að Vattarnesi í Múlasveit í Austur-Barðastrandarsýslu 22. maí 1916. Hefur hann ekki heldur, svo að kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu áður.

Í janúar 1941 lauk ákærði Kristján bifreiðarstjóraprófi. Var hann þá lögregluþjónn hér í bæ og gegndi þeirri stöðu þangað til í febrúar 1946, en nokkru síðar gerðist hann löggæzlumaður á Reykjavíkurflugvelli. Þar hætti hann störfum 1. september 1947 og hóf þá að stunda ökukennslu sem aðalstarf. Til þess hafði hann öðlazt réttindi með töku viðbótarprófs 7. apríl 1944. Mun ákærði Kristján hafa fengizt mikið við bifreiðaakstur, allt frá því að hann tók prófið í janúar 1941, unz hann lenti í síðargreindu slysi 3. febrúar sl., og á tímabilinu frá apríl 1944 til september 1947 fékkst hann öðru hverju við ökukennslu sem aukastarf. Telur hann sig munu hafa kennt 20—25 mönnum undir próf á því tímabili. Frá því að hann hóf ökukennslu sem aðalstarf, unz síðargreint slys varð, mun hann hafa kennt um 30 mönnum undir próf. Hefur ekki annað orðið uppvíst í málinu en hann hafi stundað ökukennsluna af kostgæfni og samvizkusemi, og við próf hafa nemendur hans ekki staðið sig lakar en nemendur annarra ökukennara. Sjálfum hefur honum ekki, svo að uppvíst hafi orðið, nokkru sinni orðið á óhapp við bifreiðarstjórn.

Ákærði Þorsteinn, sem um eitt skeið stundaði barnakennslu tvö ár, tók þátt í smávægilegu námskeiði, er haldið var í Reykjavík, fyrir menn, er gegndu lögregluþjónsstörfum í sambandi við lýðveldishátíðina 1944. Var hann síðan lögregluþjónn í Reykjavík nokkra daga í sambandi við hátíðina. Haustið 1946 gerðist hann lögregluþjónn hér í bænum án nokkurs sérstaks undirbúnings og gegndi því starfi, unz hann lenti í bifreiðarslysi því, er síðar getur. Þann tíma tók hann ekki þátt í neinu námskeiði og bætti ekki um þekkingu sína á lögreglustörfum með öðru en því að kynna sér lögreglusamþykkt bæjarins og auka reynslu sína sem lögregluþjónn. Hann hafði aldrei snert bifreið í því skyni að stjórna henni og var með öllu þekkingarlaus um allt, er laut að bifreiðum og akstri þeirra, er hann hóf nám það í bifreiðaakstri hjá ákærða Kristjáni, er nú getur.

Dag nokkurn í janúarmánuði sl. hóf ákærði Þorsteinn máls á því við ákærða Kristján, hvort hann vildi kenna sér að aka bifreið. Játti ákærði Kristján því, og nokkrum dögum síðar varð það að sammæli þeirra í milli, að ákærði Kristján kæmi heim til ákærða Þorsteins kl. 16 hinn 31. janúar sl. Kom ákærði Kristján síðan heim til ákærða Þorsteins að

Hverfisgötu 10 hinn ákveðna dag, en lítið eitt fyrir hinn tiltekna tíma. Var hann á héppabifreiðinni G. 374, eign Kristjáns Símonarsonar, Hverfisgötu 19 B hér í bænum, en þá bifreið hafði ákærði Kristján haft á leigu til kennslustarfa frá því um sl. áramót og notað hana svo til daglega síðan, aðallega til kennslustarfa. Að Hverfisgötu 10 settist ákærði Þorsteinn upp í bifreiðina við hlið ákærða Kristjáns. Ók ákærði Kristján síðan sjálfur bifreiðinni út úr Hafnarfjarðarkaupstað áleiðis til Reykjavíkur. Er byggðinni sleppti, innan við mót Reykjavíkurvegar og Norðurbrautar, höfðu ákærðu sætaskipti. Settist ákærði Þorsteinn í ekilssætið, en ákærði Kristján í sætið hægra megin. Hóf ákærði Kristján þarna að segja ákærða Þorsteini til um undirstöðuatriðin í bifreiðaakstri. Ók ákærði Þorsteinn síðan bifreiðinni af stað í áttina til Reykjavíkur. Ók hann inn á Bústaðaveg, austur hann og síðan eftir Vatnsendavegi og út á Nýbýlaveg. Þá ók hann eftir Nýbýlaveginum út á Hafnarfjarðarveg, suður hann og suður undir Hafnarfjörð. En á svipuðum slóðum og ákærði Þorsteinn hóf aksturinn skiptu ákærðu aftur um sæti, og ók nú ákærði Kristján ákærða Þorsteini heim til hans. Þessi kennslustund mun hafa staðið í um það bil eina klukkustund.

Hinn 2. febrúar sl. klukkan um 15 tók ákærði Kristján ákærða Þorstein í aðra kennslustundina á G. 374. Tók hann ákærða Þorstein að heimili hans, ók síðan sjálfur á sömu slóðir og áður, en þar lét hann ákærða Þorstein taka við bifreiðinni og aka í áttina til Reykjavíkur. Ók ákærði Þorsteinn nú inn að Nýbýlavegi, austur hann, norður Vatnsendaveg, suður Suðurlandsbraut, austur Nóatún, síðan hliðargöturnar og kom á Hafnarfjarðarveg í nánd við Þóroddsstaði. Þaðan ók ákærði Þorsteinn síðan, sem leið liggur, hingað til bæjarins og alla leið heim til sín. Þessi síðari kennslustund var að sögn ákærða Kristjáns heldur lengri en hin fyrri eða a. m. k. rúm ein klukkustund.

Aðra æfingu í akstri en nú hefur verið lýst hafði ákærði Þorsteinn ekki, er hann fór í þriðju kennslustundina hjá ákærða Kristjáni, og var ákærða Kristjáni það kunnugt. Í þriðju kennslustundinni, sem nánar verður lýst síðar, lentu ákærðu í slysi, sem af hlauzt manns bani. Þykir því rétt að greina hér það, sem leitt er í ljós í rannsókn málsins um kunnáttu ákærða Þorsteins eftir fyrrgreindar tvær kennslustundir. Ákærði Kristján mun hafa verið búinn að fræða ákærða Þorstein nokkuð um einföldustu frumatriði varðandi bifreiðaakstur, um stjórntæki bifreiðarinnar, benzíngjöf, tengsli (kúpplingu), hemla og gangskiptistöng. Þá mun hann og hafa verið búinn að ræða umferðarreglur við hann og vekja athygli hans á ýmsu, er gæta þyrfti til að forðast slys. Sjálfur lýsir ákærði Þorsteinn kunnáttu sinni eftir aðra kennslustund þannig, að hann hafi getað stýrt bifreiðinni eftir beinum vegi, verið óviss í að taka beygjur, hafi kunnað að skipta úr hlutlausri stöðu í fyrsta gangstig, verið óviss í að skipta úr fyrsta gangstigi í annað og enn óvissari úr öðru í þriðja, þótt sér hafi stundum tekizt það. Ekki hafi hann kunnað að setja í aftur á bak gangstig, né úr aftur á bak gangstigi í fyrsta gangstig, enda var hvorugt þetta farið að

sýna honum. Ekki hafi hann kunnað að setja vélina í gang og ekki verið viss um, hvorum megin hvort um sig, tengslið og fóthemillinn, voru í bifreiðargólfinu. Eina beygju hafði hann tekið hér innan bæjar, þ. e. af Reykjavíkurveginum og inn á Hverfisgötu, þegar hann ók heim úr annarri kennslustundinni, en ekki fórst honum það vel úr hendi. Utan bæjar hafði hann tekið nokkrar beygjur. Einu sinni hafði hann stöðvað bifreiðina hjálparlaust, einnig þegar hann kom heim úr annarri kennslustundinni, en sté þá eingöngu á fóthemilinn, en ekki jafnframt á tengslið, og tókst það því óhöndulega. Þá var ákærði Þorsteinn aldrei búinn að taka bifreiðina af stað í brekku hjálparlaust. Með hjálp ákærða Kristjáns hafði hann hins vegar tekið bifreiðina af stað í brekku, en þó aldrei svo mikilli sem á síðargreindum slysstað.

Ákærði Kristján, sem heldur því fram, að ákærði Þorsteinn hafi verið góður nemandi og betri en í meðallagi, telur, að ákærði Þorsteinn hafi kunnað að skipta úr öðru gangstigi í þriðja, enda þótt hann hafi ekki verið öruggur í því. Að öðru leyti hefur hann ekki gert athugasemdir við framangreinda lýsingu ákærða Þorsteins á kunnáttu sinni og ökuleikni eftir síðari kennslustundina.

Eftir ósk dómarans prófaði Erlingur Thorlacius, Kársnesbraut 42, Fossvogi, sem er æfður ökukennari, leikni og kunnáttu ákærða Þorsteins í bifreiðaakstri hinn 23. febrúar sl. Fékk hann til þess bifreiðina G. 374. Hefur hann sem vitni lýst því, að ákærði Þorsteinn hafi verið rólegur, fumlaus og ekki taugaóstyrkur. Hafi hann kunnað að skipta úr hlutlausu í fyrsta gangstig. Hvorki hafi hann virzt kunna að setja í annað né þriðja gangstig né haft neina hugmynd um, hvar aftur á bak gangstig var. Ekki hafi hann kunnað að setja vélina í gang né stöðva hana. Hann hafi stýrt sæmilega eftir beinum vegi og eins náð beygjum sæmilega. Honum hafi ekki farizt óhöndulega að taka bifreiðina af stað, en þó hætt við að gefa of mikið benzín, eins og títt sé um byrjendur. Kveðst Erlingur líta svo á eftir reynslu sinni sem ökukennara, að ákærði Þorsteinn hafi verið í meðallagi sem nemandi, miðað við það, að hann hafi aðeins verið búinn að njóta tveggja kennslustunda. Við þessa lýsingu hafði ákærði Þorsteinn ekkert að athuga.

Af því er nú hefur lýst verið, er ljóst, að eftir aðra kennslustund hefur kunnátta og leikni ákærða Þorsteins verið mjög lítil og á algeru byrjunarstigi.

Klukkan tæplega 15 þriðjudaginn 3. febrúar sl. kom ákærði Kristján enn á héppabifreiðinni G. 374 heim til ákærða Þorsteins og tók hann nú í þriðju kennslustund. Lét ákærði Kristján bifreiðina ganga, meðan hann fór inn og sótti ákærða Þorstein. Er út kom, sagði ákærði Kristján við ákærða Þorstein, að nú skyldi hann strax taka við bifreiðinni. Var ákærða Þorsteini þetta óljúft og lét ákærða Kristján skilja það á sér. Hélt ákærði Kristján þó við ákvörðun sína og lét ákærða Þorstein taka við bifreiðinni strax við heimili hans. Settist ákærði Þorsteinn nú við stýrið, og er ákærði Kristján hafði að beiðni hans farið yfir gangskiptinguna með

honum og sýnt honum, hvernig stöðva skyldi bifreiðina, ók hann af stað í fyrsta gangstigi út að mótum Reykjavíkurvegar og Hverfisgötu, en sú leið er stutt. Var akstur ákærða Þorsteins skrikkjóttur nokkuð, og tókst honum ekki vel að taka bifreiðina af stað. Þegar kom út að mótum Hverfisgötu og Reykjavíkurvegar, lét ákærði Kristján ákærða Þorstein stöðva bifreiðina á sinni vinstri brún Hverfisgötuendans, þar sem sást til umferðar bæði upp og niður Reykjavíkurveginn, enda er Reykjavíkurvegurinn aðalbraut. Þegar ákærðu höfðu beðið þess, að bifreiðar, er voru á ferð um Reykjavíkurveginn, væru farnar hjá, og þeir sáu ekki heldur neina mannaferð á veginum, sagði ákærði Kristján ákærða Þorsteini að taka bifreiðina af stað. Var ætlunin að beygja til hægri upp Reykjavíkurveg í áttina til Reykjavíkur. Tók nú ákærði Þorsteinn bifreiðina af stað og tókst það sæmilega að eigin sögn, en líðlega að sögn ákærða Kristjáns.

Þarna á vegamótunum hagar svo til, að krossgötur eru. Liggur Reykjavíkurvegurinn þvert fyrir Hverfisgötuendann í áttina til Reykjavíkur, en í framhaldi af Hverfisgötu, hinum megin Reykjavíkurvegarins, er Hellisgata. Húsaskipun er þarna þannig, að til vinstri við G. 374, þar sem hún hafði staðnæmzt á vegamótunum, var húsið nr. 6 við Reykjavíkurveg á horni Reykjavíkurvegar og Hverfisgötu. Andspænis því húsi, hinum megin Reykjavíkurvegarins, á horni Reykjavíkurvegar og Hellisgötu, stóð húsið nr. 9 við Reykjavíkurveg. Til hægri við G. 374, þar sem hún stóð á vegamótunum, var húsið nr. 8 við Reykjavíkurveg, á horni Hverfisgötu og Reykjavíkurvegar. Andspænis því, hinum megin Reykjavíkurvegarins, var ekki hús alveg á horni Reykjavíkurvegar og Hellisgötu, en þar var ljóskersstaur alveg á horninu og nokkur klöpp lítið eitt ofar, en þó einnig andspænis Reykjavíkurvegi nr. 8. Breidd Hverfisgötu og Hellisgötu á því svæði, er hér skiptir máli, virðist eftir uppdrætti, er dómarinn lét Jón Víðis mælingamann gera, vera um 7 m, en breidd Reykjavíkurvegarins neðan gatnamótanna um 6 m, en ofan þeirra upp undir 8 m. Þó eru brúnir Reykjavíkurvegarins svo óljósar, að í raun og veru mætti telja hann nokkru breiðari en hér er gert. Þá er á þessu svæði allmikill halli á Reykjavíkurveginum, og rís hann í áttina til Reykjavíkur. Hallamældi Jón Víðis veginn og gaf sér 10 m hæð í miðju síðargreindu hliði neðan hússins nr. 9 við Reykjavíkurveg. Á miðjum Reykjavíkurveginum út af hliðinu er hæðin 9.98 m miðað við hina gefnu hæðartölu í miðju hliðinu. Rétt neðan við vegamótin og 5 m ofar síðastgreindrar hæðartölu er hæðin orðin 10.40 m. Á næstu sjö 5 m bilunum upp veginn eru hæðartölurnar síhækkandi, þannig: 10.82 m, 11.20 m, 11.59 m, 11.95 m, 12.40 m, 12.84 m og 13.25 m.

Vitnið Gestur Ólafsson bifreiðaeftirlitsmaður, sem skoðaði umrædd vegamót og svæði það, er hér skiptir máli, telur staðinn mjög varhugaverðan og ekki til þess fallinn að æfa nemendur í bifreiðaakstri þar. Þá hefur vitnið Erlingur Thorlacius ökukennari athugað staðinn. Telur vitnið allar aðstæður þarna sérstaklega varhugaverðar fyrir mann með litla reynslu í akstri, og fyrir nemanda á því stigi, sem ákærði Þorsteinn var, segir vitnið, að beygjan frá Hverfisgötu upp Reykjavíkurveg sé allt of

erfið, einkum þegar þess sé gætt, að taka þurfi hana upp á móti brekku.

Svo sem frá var vikið, tók ákærði Þorsteinn bifreiðina af stað af Hverfisgötuendanum og hugðist að beygja til hægri handar upp Reykjavíkurveginn. Honum tókst þó ekki að ná beygjunni, og lenti bifreiðin skáhallt yfir gatnamótin og nokkurn veginn alveg að ljóskersstaurnum, er fyrr getur. Þar stöðvaði ákærði Þorsteinn bifreiðina.

Segist ákærði Kristján hafa litið eftir umferðinni þarna og síðan sagt ákærða Þorsteini að sleppa fóthemlinum og láta bifreiðina renna aftur á bak. Gerði ákærði Þorsteinn það, og rann bifreiðin nokkurn spöl aftur á bak, enda var hallinn það mikill, að ekki þurfti að setja vélina í aftur á bak gangstig. Lét ákærði Þorsteinn bifreiðina renna um það bil tvær lengdir hennar og stöðvaði hana nokkurn veginn á miðjum Reykjavíkurveginum. Var afturendi hennar þá nokkurn veginn á móts við efri gafl hússins nr. 9 við Reykjavíkurveg, þann er veit að Hellisgötunni. Í þessari stöðu setti ákærði Kristján handhemilinn á og hélt bifreiðinni kyrri með honum, en ákærði Þorsteinn hafði stöðvað hana með fóthemlinum. Úr þessari stöðu sagði ákærði Kristján ákærða Þorsteini að taka af stað aftur upp Reykjavíkurveg. Ók ákærði Þorsteinn enn af stað og ætlaði upp Reykjavíkurveg. Tókst honum þó litlu betur en í fyrra skiptið. Lenti bifreiðin nú rétt fyrir ofan ljóskersstaurinn og lítið eitt lengra en áður. Virðist a. m. k. vinstra framhjól hennar hafa runnið út fyrir hina óljósu brún Reykjavíkurvegarins, en þar var þeim mun sléttara undir henni, að hún rann ekki sjálfkrafa aftur á bak. Þarna lét ákærði Kristján ákærða Þorstein stíga á tengslið, en sjálfur setti hann vélina í aftur á bak gangstig, og var ákærða Þorsteini það ljóst. Ók nú ákærði Þorsteinn aftur á bak, og eftir samhljóða lýsingu ákærðu lenti nú bifreiðin nokkru lengra niður eftir Reykjavíkurveginum en í fyrra skiptið eða líklega um það bil hálfri lengd sinni lengra. Einnig lenti hún nú lítið eitt nær sinni vinstri vegarbrún Reykjavíkurvegar, þ. e. nær húsinu nr. 9 við Reykjavíkurveg. Þarna stöðvaði ákærði Þorsteinn bifreiðina með því að stíga á tengslið og fóthemilinn. Þá mun ákærði Kristján og hafa sett handhemilinn á. Í þessa stöðu hafði bifreiðin runnið í nokkrum sveig. Þarna segist ákærði Kristján hafa athugað umferð bæði framan og aftan við bifreiðina og einskis orðið var. Hins vegar segist ákærði Þorsteinn ekki hafa gert það. Sagði nú ákærði Kristján ákærða Þorsteini að taka af stað áfram. Hann mun ekki hafa sagt honum sérstaklega að rétta bifreiðina af á veginum, og hvorki skipti hann sjálfur úr aftur á bak gangstigi í fyrsta gangstig né lét ákærða Þorstein gera það, enda kunni ákærði Þorsteinn það ekki. Kom ekkert upp í rannsókn málsins, er benti til annars en báðir hinir ákærðu hafi í algeru athugunarleysi vanrækt þessar nauðsynlegu ráðstafanir, áður en bifreiðinni var ekið af stað.

Enda þótt ákærði Kristján segist ekki hafa séð neina umferð þarna, var þar þó sú mannaferð, að upp Reykjavíkurveginn komu mæðgurnar frú Sigurlín Jóhannesdóttir, Nönnustíg 3 hér í bæ, kona Þorleifs Guðmundssonar verkstjóra, s. st., og 9 ára dóttir þeirra, Gyða Þorleifsdóttir. Gekk frú

Sigurlín alveg úti á sinni vinstri brún Reykjavíkurvegarins, en Gyða við hægri hlið hennar og leiddi hana þannig, að hún hélt vinstri hendi sinni undir hægri handlegg hennar. Veitti frú Sigurlín bifreiðinni athygli, þegar hún stóð í síðastgreindri stöðu og ætlaði áfram upp Reykjavíkurveginn. Voru þær mæðgur þá komnar nærri að húsinu nr. 9 við Reykjavíkurveg. Þegar þær voru komnar alveg að neðra horni hússins nr. 9 við Reykjavíkurveg, tók ákærði Þorsteinn bifreiðina skyndilega af stað, og rann hún nú mjög hratt aftur á bak og í sveig að neðra horni hússins nr. 9 við Reykjavíkurveg, enda hafði hún hvorki verið rétt af á veginum né skipt úr aftur á bak gangstigi, svo sem fyrr er greint. Virðist bifreiðinni hafa verið gefið mjög mikið benzín, því að enda þótt ákærði Kristján héldi í handhemilinn og herti takið, er hann sá, hvað verða vildi, þá virðist það lítt eða jafnvel ekki hafa dregið úr hraðanum. Bar það svo brátt að, að bifreiðin þyti aftur á bak, að þeim mæðgum gafst ekkert svigrúm til að forða sér. Lenti bifreiðin því á þeim báðum og jafnframt af miklum krafti á húsinu nr. 9 við Reykjavíkurveg, en fjarlægð bifreiðarinnar frá þeim stað, er hún stóð á, áður en hún þaut aftur á bak, og til þess staðar, er hún rakst á á húsinu, virðist ekki hafa verið nema um það bil tvær lengdir hennar. Við árekstur inn hlaut Gyða litla slík lemstur, að hún andaðist um það bil hálfri klukkustund síðar í sjúkrahúsinu hér í bænum, en þangað hafði henni verið ekið strax eftir slysið, og fór ákærði Þorsteinn þangað með hana. Frú Sigurlín hlaut einnig allmikil meiðsl, og var henni einnig ekið í sjúkrahúsið að tilhlutun ákærða Kristjáns.

Ekki var neinn sjónarvottur að árekstri bifreiðarinnar á þær mæðgur, og þar eð frú Sigurlín hefur ekki getað gert grein fyrir, á hvern hátt bifreiðin lenti á þeim, þá verður ekki um það sagt að öðru leyti en því, sem ráða má af lemstrunum þeirra, er lýst verður síðar.

Húsið nr. 9 við Reykjavíkurveg er um 6.3 m að lengd með Reykjavíkurveginum. Stendur það á hlöðnum steingrunni, steinlímdum. Virðist bifreiðin fyrst hafa rekið vinstra afturhornið í húsgrunninn, og er dauft far eftir það í hann um 1.20 m frá neðra horni hússins Reykjavíkurvegarmegin. Aftan í bifreiðinni miðri er mjög sterkur tengivagnskrókur. Er vinstra bifreiðarhornið rakst í húsið, var svo mikill kraftur á bifreiðinni, að hún slengdist til að framan niður Reykjavíkurveginn, og rakst þá tengivagnskrókurinn af svo miklu afli í húsgrunninn, að úr grunninum kvarnaðist, og sést greinilegt far. Er það um 0.60 m frá húshorninu. Hvort bifreiðin hefur rekizt á þær mæðgur, áður en hún slengdist til eða við það, er ekki ljóst af gögnum málsins.

Um bifreiðina G. 374 er það að segja, að hún er yfirbyggður herhéppi, keypt af Sölunefnd setuliðsbifreiða, að því er segir í skoðunarvottorði hennar. Lengd hennar er 3.28 m, breidd 1.60 m, þyngd 1080 kg og vélarafl 16 hestöfl. Stýrishjólið er vinstra megin, gangskiptistöngin upp úr gólfinu hægra megin við ekilinn, fóthemill, tengsli og benzíngjöf í gólfinu vinstra megin, eins og venja er til. Handhemillinn er þannig, að handfang hans er út úr mælaborðinu nokkurn veginn miðju, og þegar hann er notaður, er

tekið í handfangið að sér. Þá var sá sérstaki öryggisútbúnaður á G. 374, að fyrir framan kennarann var komið fyrir rafmagnsrofa, er hægt var að slökkva á vélinni með í örskjótri svipan. Við skoðun 11. ágúst 1947 reyndist handhemill G. 374 svo og stýrisendi þurfa lagfæringar. Var úr því bætt samdægurs. Í janúar sl. prófaði nafngreindur bifreiðaeftirlitsmaður tvo nemendur ákærða Kristjáns á G. 374, og varð þá ekki var neinna ágalla, enda var bifreiðin ekki athuguð sérstaklega þá. Strax samdægurs eftir slysið skoðuðu bifreiðaeftirlitsmennirnir Gestur Ólafsson og Hjörleifur Jónsson bifreiðina. Lýsa þeir ástandi hennar svo, að bílhúsið hafi skekkzt og skemmzt að aftan. Þá segja þeir, að er bifreiðinni hafi verið ekið með 25—30 km hraða á láréttum, malbornum vegi, hafi mátt stöðva hana með fóthemlinum svo að segja þegar í stað, ef fullu átaki hafi verið beitt á fótstigið. Framhemlarnir hafi þó reynzt taka heldur fyrr og meira á hægra framhjóli. Handhemill hafi reynzt stirður og þungur í notkun og ekki í eins góðu lagi og nauðsynlegt sé, þegar stöðva þurfi bifreið með honum einum. Hafi bifreiðin runnið 6—8 m, unz hún hafi stöðvazt, þegar handhemlinum hafi verið beitt einum og ekið hafi verið á nýgreindum hraða. Hafa báðir fyrrgreindir bifreiðaeftirlitsmenn borið þetta sem vitni. Lét Gestur auk þess í ljós það álit sitt, að mjög hafi á það skort, að handhemillinn væri nógu góður í kennslubifreið.

Er Gyða sáluga var tekin upp eftir slysið, lá hún á hliðinni og kreppt við hægra afturhjól bifreiðarinnar, en hafði ekki orðið undir því. Að tilhlutan dómarans krufði Níels Dungal prófessor lík hennar. Í vottorði hans um krufninguna segir, að á baki hafi verið miklir bláir líkblettir, fleiður á hægri kinn, smáhrufl yfir hægra auga og á enni og marblettur, um 3x5 cm, rétt undir hægra mjaðmarspaða. Aðrir áberandi áverkar hafi ekki sézt á líkinu. Við krufninguna hafi fundizt stór sprunga í lifrina, þannig að hún hafi næstum verið rifin sundur milli hægra og vinstra helmings. Úr þessari sprungu hefði blætt mikið inn í kviðarholið. Brot hafi og fundizt á hægra mjaðmarkambi, en lítil blæðing hafi verið út frá því. Banameinið hafi verið hin mikla og skjóta skemmd á lifrinni ásamt fossandi blæðingu, er valdið hafi skjótum dauða. Telur prófessorinn krufninguna benda til, að bifreiðin hafi rekizt á Gyðu sál. framanvert hægra megin, þannig að höggið hafi lent á hægra síðubarði og framanverðum mjaðmarkambi sama megin.

Það virðist hafa orðið frú Sigurlín til lífs, að hún hafi kastazt inn um garðshlið, sem er við neðra horn hússins nr. 9 við Reykjavíkurveg Reykjavíkurvegar megin og líklega hefur staðið opið. Lá hún þannig eftir slysið, að höfuð hennar var um það bil í hliðinu, en fæturnir lágu inn með húsgaflinum. Andliti sneri hún frá húsinu. Um áverka frú Sigurlínar segir í vottorði Bjarna læknis Snæbjörnssonar 17. febrúar sl., að stór kúla hafi verið á lófastórum bletti á hægra læri utanverðu, marblettir á vinstra brjósti og handleggjum rétt ofan við olnboga. Hún hafi verið mjög lítilfjörleg fyrstu dagana eftir slysið og liðið illa andlega. Í vottorði sama læknis 6. f. m. segir, að frú Sigurlín hafi alltaf verið sjúklingur, síðan

slysið hafi orðið, og sé nú til athugunar hjá Kjartani Guðmundssyni taugasérfræðingi. Loks segir í vottorði sama læknis 2. þ. m., að frú Sigurlín hafi þá að mestu náð sér eftir hina líkamlegu áverka, en þó hafi hún enn þreytuverk fyrir brjósti vinstra megin, sérstaklega ef hún reyni nokkuð á sig. Nú er frú Sigurlín undir hendi Kjartans Guðmundssonar taugasérfræðings. Segir hann í vottorði 2. þ. m., að við slysið hafi hún sennilega fengið heilahristing. Síðan hafi hún verið mjög niðurbæld andlega (í þungri depression), sinnulaus, grátandi og svefnlítil. Hún hafi enn fremur kvartað um höfuðverk og óþægindi fyrir brjósti. Hún sé greinilega niðurbæld (depressiv), þreytuleg og sljó. Segir læknirinn, að telja verði þetta ástand beina afleiðingu slyssins. Um batahorfur sé erfitt að segja. Hún sé enn algerlega óvinnufær og muni verða það næstu mánuði. Líðan hennar hafi þó heldur farið batnandi.

Rétt eftir slysið var bifreiðin fjarlægð, er lögreglumenn höfðu sett tryggilega á sig stöðu hennar, enda var svo mikil umferð þarna, að það var nauðsynlegt. Nokkru síðar fóru lögregluþjónarnir Gísli Sigurðsson og Leifur Björnsson á slysstaðinn til að athuga hann. Var vegurinn þarna malborinn og harður og færi þurrt. Dagsbirta var og bjart veður, þegar slysið varð, en eitthvað farið að bregða birtu, þegar lögregluþjónarnir athuguðu staðinn og þá sérstaklega hemlaförin. Bættu þeir þá aðstöðu sína með því að lýsa veginn. Hafa lögregluþjónarnir lýst hemlaförunum sem vitni, og kveða þeir förin eftir framhjólin hafa verið 2.40 m eftir hið vinstra, en 3.50 eftir hið hægra. Eftir afturhjólin hafi líka verið nokkur för eða krass í veginn, og telja þeir, að þar hafi ekki verið um hemlaför að ræða, heldur hafi krassið myndazt við, að bifreiðin hafi haft mikla vinnslu aftur á bak og hin hemluðu framhjól þá haldið í á móti. Bifreiðaeftirlitsmennirnir Gestur Ólafsson og Hjörleifur Jónsson hafa að tilhlutun dómarans gert nokkrar tilraunir með G. 374 á slysstaðnum og síðan látið í ljós álit sitt á framburðum greindra lögregluþjóna um hemlaförin. Segja þeir, að krass myndist í malborinn veg, ef snöggt eða hratt sé ekið af stað, eftir þau hjól, sem í sambandi séu við vélina, og geti þá verið illt að sjá, hvort um sé að ræða hemlaför eða för eftir snöggt átak myndað við, að samband hafi verið gefið til hjólanna með því að sleppa tengslinu of fljótt. Þá telja þeir, að um hemlaför eftir framhjól hafi ekki getað verið að ræða, því að til þess að svo væri, hefði bifreiðin þurft að vera í báðum drifum og fóthemlum beitt, því að þegar þeir hafi reynt bifreiðina í akstri með því að hafa hana í fram- og afturhjóladrifi og hærra drifi í fyrsta ganghraðastigi og hafi ekið henni eins og hún hafi komizt, hafi ekki verið unnt að beita handhemli svo mikið, að bifreiðin drægi hjól, vegna hinnar miklu orku, er vélin þá hafi. Ákærði Kristján hefur talið, að þessi ályktun bifreiðaeftirlitsmannanna þurfi ekki að vera rétt. Bifreiðin hafi verið með drif á öllum hjólum og í hærra gangstigi. Hafi handhemillinn því getað verkað á öll hjólin og þannig einnig myndazt hemlaför eftir framhjólin.

Af því, er rakið hefur verið um hemlaförin, þykir ekki unnt að ályktа

með fullri vissu, hvernig þeim hefur verið háttað, enda var mikil umferð um slysstaðinn, áður en þau voru athuguð. Sýnist þó mega telja öruggt, að einhver hemlaför hafi verið á veginum, og virðist ekki varhugavert eftir öllum aðstæðum og þá sérstaklega, þegar það er virt, að ákærði Þorsteinn átti að taka bifreiðina af stað í brekku, að leggja trúnað á þá skýrslu ákærða Kristjáns, að hann hafi haldið í handhemilinn, þegar bifreiðin tók kippinn aftur á bak, og hert takið, er hann sá, hvað verða vildi, enda hefur sú skýrsla og stoð í framburði ákærða Þorsteins, og ljóst er af rannsókn málsins, að bifreiðin gat runnið aftur á bak, enda þótt haldið væri í handhemilinn.

Af framangreindri atvikalýsingu er ljóst, að ekki verður talið, að fyrrgreindar mæðgur hafi sjálfar átt neinn þátt í umræddu slysi, né heldur er neitt uppvíst, er bendi til óvarkárni af þeirra hálfu. Að vísu var bifreiðin merkt kennslubifreið, en svigrúm hennar á veginum var á allan hátt slíkt, að ekki var ástæða til fyrir mæðgurnar að sýna aðra sérstaka varkárni en þær gerðu með því að ganga alveg úti á sinni vinstri vegbrún. Eiga hinir ákærðu sér því engar málsbætur í hegðun mæðgnanna. Brot ákærða Kristjáns, þau er uppvís hafa orðið í rannsókninni og um verður dæmt, eru þau, 1) að hann skildi við bifreiðina G. 374 í gangi að Hverfisgötu 10 hinn 3. febrúar sl., 2) að hann sá ekki um, að handhemlar hennar væru í nógu góðu lagi, 3) að hann lét ákærða Þorstein aka óæfðan innan bæjar og það meira að segja á mjög hættulegum stað, er slysið gerðist, enda þótt honum ætti að vera ljóst, að til þess skorti ákærða Þorstein alla þekkingu og leikni, og 4) að telja verður, að hann hafi með því að vanrækja að skipta sjálfur um gangstig eða láta ákærða Þorstein gera það, áður en ætlunin var að aka upp Reykjavíkurveginn í síðasta skipti, með stórkostlegu gáleysi orðið samvaldur ákærða Þorsteini að dauða Gyðu sálugu Þorleifsdóttur og lemstrum móður hennar án þess að hafa neina tilburði í þá átt að afstýra slysinu með því að nota hinn sérstaka öryggisútbúnað bifreiðarinnar, sem lýst hefur verið. Varða þessi brot ákærða Kristjáns við þau lagaákvæði, er hér greinir: 1) við 31. gr. bifreiðalaga, nr. 23 16. júní 1941, 2) við 5. og 24. gr. sbr. 18. gr. sömu laga, 3) við 21. gr. bifreiðalaga og 4) við 215. og 219. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940. Þykir refsing ákærða Kristjáns eftir 38. gr. bifreiðalaganna og 215. og 219. gr. hegningarlaganna með vísun til 77. gr. þeirra laga hæfilega ákveðin varðhald 5 mánuði. Þá þykir og rétt samkvæmt heimild í 39. gr. bifreiðalaganna að svipta ákærða Kristján ökuleyfi ævilangt.

Brot ákærða Þorsteins er í því fólgið, að hann af stórkostlegu gáleysi varð samvaldur ákærða Kristjáni að dauða Gyðu sálugu Þorleifsdóttur og lemstrun móður hennar. Varðar það hann refsingu eftir 215. og 219. gr. hegningarlaganna. Þykir refsing hans með sérstöku tilliti til þess, að honum átti sem lögreglumanni að vera fulljóst, á hversu hættulegum stað hann var staddur, er slysið varð, hæfilega ákveðin varðhald 2 mán-

uði. Þá er og rétt samkvæmt heimild í 39. gr. bifreiðalaganna að svipta hann ævilangt rétti til að öðlast ökuskírteini.

Þá ber að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar in solidum, þar með talin málflutningslaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 600,00.

Rekstur máls þessa hefur verið vítalaus.

Þess skal getið, að dómarinn í máli þessu var sérstaklega skipaður til meðferðar þess með umboðsskrá, sökum þess að hinn reglulegi dómari, Guðmundur Í. Guðmundsson bæjarfógeti, taldi sér ekki rétt að fara með málið, þar eð ákærði Þorsteinn var lögregluþjónn undir hans stjórn.

Dómsorð:

Ákærði Kristján Andrésson sæti varðhaldi 5 mánuði. Hann er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærði Þorsteinn Finnbogason sæti varðhaldi 2 mánuði. Hann er sviptur rétti til að öðlast ökuskírteini ævilangt.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 600.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 11. marz 1949.

Nr. 71/1948. **Réttvísin og valdstjórnin** (Hermann Jónasson)
gegn
Ragnari Guðmundssyni (Eggert Claessen).

Áfengislagabrot. Líkamsárás. Röskun á heimilisfriði.

Dómur Hæstaréttar.

Friðjón Skarphéðinsson, bæjarfógeti á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, 400 krónur til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Ragnar Guðmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Hermanns Jónassonar og Eggerts Claessens, 400 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Eyjafjarðarsýslu 16. febrúar 1948.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 16. þ. m., er höfðað gegn ákærða, Ragnari Guðmundssyni verkamanni, til heimilis að Ránargötu 6 hér í bæ, með stefnu, út gefinni 6. jan. sl., af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu fyrir brot á XXIII. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19 frá 1940, áfengislögum, nr. 33 9. jan. 1935, og lögreglusamþykkt fyrir Akureyrarkaupstað frá 11. jan. 1934.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur að Glerárholti í Glæsibæjarhreppi 27. júlí 1912.

Hann hefur sætt þessum refsingum:

1945 31/1 Akureyri. Sátt, kr. 50 fyrir ölvun á almannafæri.
1945 30/4 Akureyri. Sátt, kr. 25 fyrir ölvun á almannafæri.
1945 20/6 Akureyri. Sátt, kr. 100 fyrir ölvun á almannafæri.
1945 12/11 Akureyri. Sátt, kr. 50 fyrir ölvun á almannafæri.
1946 15/2 Reykjavík. Sátt, kr. 25 fyrir ölvun á almannafæri.
1946 15/3 Akureyri. Sátt, kr. 50 fyrir ölvun á almannafæri.
1946 22/6 Akureyri. Sátt, kr. 50 fyrir ölvun á almannafæri.
1946 4/12 Akureyri. Sátt, kr. 50 fyrir ölvun á almannafæri.
1946 7/12 Akureyri. Sátt, kr. 50 fyrir ölvun á almannafæri.
1947 4/1 Akureyri. Sátt, kr. 50 fyrir ölvun á almannafæri.
1947 25/1 Akureyri. Sátt, kr. 100 fyrir ölvun á almannafæri.
1947 8/2 Akureyri. Dómur aukaréttar, 500 kr. sekt og 250 kr. skaðabætur fyrir brot gegn 217. gr. og 231. gr. hegnl. og 18. gr. áfengislaga.

Málavextir eru þannig: Föstudaginn 12. sept. sl. réðst ákærði í máli þessu inn í íbúð Sigurjóns Friðrikssonar og Ídu Magnúsdóttur í húsi einu við Hríseyjargötu hér í bænum. Nefnd kona var gift ákærða í máli þessu, en þau skildu að borði og sæng 10. des. 1945 og hafa eigi búið saman síðan, en lögskilnaður hefur ekki enn þá fram farið. Konan býr nú með manni að nafni Sigurjón Friðriksson, og hefur hún hjá sér 3 af fjórum börnum hennar og ákærða. Í fylgd með ákærða var Norðmaður af útlendu skipi, sem hér var. Ákærði var ölvaður í þetta sinn og hefur ekki lýst greinilega atvikum málsins. Klukkan 17.45 þennan dag var lögreglunni gert

aðvart og hún beðin að taka ákærða af nefndu heimili, og fór hún þegar á vettvang, handtók ákærða og flutti hann í fangahúsið. Eftir að hann hafði verið settur í fangaklefa, lét hann sem óður væri. Hann braut legubekk í klefanum og hótaði að hengja sig. Varð lögreglan að setja á hann handjárn í klefanum, meðan hann var að jafna sig.

Vitnið Ída Magnúsdóttir hefur skýrt þannig frá: Síðari hluta dags 12. september sl. kom ákærði í bifreið að húsi því, sem hún býr í. Var henni gert aðvart um komu ákærða, og læsti hún þá þegar húsinu. Þegar ákærði var kominn að dyrum hússins, kallaði hann til konunnar og sagði henni í skipunartón að opna húsið. Hús þetta er aðeins ein hæð, og er nokkurn veginn slétt inn í það af götunni. Talaði konan við ákærða gegnum opinn eldhúsglugga og spurði um erindi hans. Svaraði ákærði því ekki öðru en því, að hann vildi komast inn og mundi ekki biðja um leyfi til þess. Þegar þetta gerðist, hafði konan hjá sér barn sitt á fyrsta ári, og enn fremur var hjá henni í eldhúsinu móðir hennar og tvær dætur þeirra ákærða, báðar 4 ára. Vissi konan ekki fyrr en ákærði hafði snarazt inn um eldhúsgluggann og inn í eldhúsið. Gerði hann sig líklegan til að berja þær aðra hvora, Ídu eða móður hennar, en ekki varð þó af því. Svo að segja í sömu andránni virðist konan hafa komizt út úr eldhúsinu með unga barnið og út úr húsinu og inn í íbúð í húsi, sem áfast er við það hús, er hún bjó í. Var þar fyrir heimilisfaðirinn, Jónas Stefánsson, kona hans og eitthvert fleira fólk. Bað hún Jónas þennan að fara til lögreglunnar, og gerði hann það. Þegar Ída kom út úr íbúð sinni, sá hún Norðmanninn, sem komið hafði með ákærða að húsinu, og var hann þá að drekka áfengi. Hafði hún tal af honum, og kvaðst hann ekkert hafa meint illt með komu sinni. Fór maður þessi því næst inn til ákærða, og telur Ída, að hann hafi reynt til að stilla hann, og hafi móðir hennar þá komizt út úr íbúðinni og komið í íbúð Jónasar Stefánssonar. Skömmu síðar ruddist ákærði inn í íbúð Jónasar. Kveðst vitnið þá hafa spurt ákærða, hvort hann vissi ekki, að hann væri í íbúð ókunnugs fólks, og svaraði hann því til, að það hefði ekki látið svo lítið að biðja sig að fara út. Fór vitnið nú út úr íbúð Jónasar, og heimilisfólkið fór einnig út af ótta við ákærða, en móðir vitnisins varð eftir inni. Síðan kom ákærði út aftur og beindi ógeðslegum ókvæðisorðum að vitninu, en um það leyti komu lögreglumenn að og handtóku hann. Skömmu eftir þetta kom móðir vitnisins inn í íbúðina, og var hún þá svartblá í framan, eins og hún væri að kafna, en náði sér þó aftur. Sagði gamla konan, að ákærði hefði barið sig í aðra síðuna. Hafði hún verk í síðunni og var mjög slöpp af hræðslu, en hún hafði orðið ákaflega hrædd.

Þá hefur vitnið enn fremur borið, að ákærði hafi talað um það, er hann kom að húsinu til hennar, að hann skyldi méla hvert bein í Sigurjóni, þ. e. manni þeim, sem hún býr með, og að hann skyldi nú ekki lengur komast undan. Sigurjón kom ekki heim, fyrr en búið var að taka ákærða fastan. Þá hefur hún skýrt frá því, að á síðastliðnu sumri hafi ákærði komið til hennar ölvaður og verið þá svo ósvífinn í orðum í hennar garð, að fá varð lögreglu til að taka hann út af heimilinu. Einnig hafi

hann ráðizt hvað eftir annað inn til hennar að Ránargötu 6, — en þar bjó hún þar til sl. vor, — með svipaðri framkomu og hafi hann sérstaklega sótzt eftir að ráðast á Sigurjón. Vitninu virtist ákærði mikið ölvaður í þetta sinn, en taldi þó, að erfitt væri að dæma um það, þegar slík reiðiköst gripu hann. Þó virtist henni það benda til, að hann hefði ekki verið mikið ölvaður, hversu liðugur hann var að fara inn um gluggann, og hann hafi stillt sig, þegar lögreglan kom. Hún krafðist refsingar vegna þessa athæfis ákærða.

Vitnið Friðbjörg Jóhannesdóttir, 62 ára að aldri, hefur borið mjög samhljóða dóttur sinni, Ídu Magnúsdóttur, um atvik að því, að ákærði ruddist inn til þeirra. Hún sagði, að eftir að ákærði var kominn inn um gluggann, hefði hann látið ófriðlega og látið sér hin klúrustu orð um munn fara við þær. Þá skýrði hún svo frá, að þegar allt fólkið var farið út úr íbúð Jónasar Stefánssonar nema hún og ákærði, hafi hann setið þar við eldhúsborð, og hafi hún staðið þar skammt frá. Hafi ákærði þá spurt hana, hvort hún væri hrædd við sig, og svaraði hún á þá leið, hvort honum fyndist það óeðlilegt. Hann svaraði því engu, en rak hnefann í vinstri síðu hennar með talsverðu afli. Varð henni mjög illt við höggið og stóð lengi á öndinni, svo að hún varð blárauð í framan og gat með naumindum komizt út. Kvaðst hún síðan smám saman hafa jafnað sig dálítið, en kvaðst þó ekki enn vera búin að ná sér, þegar hún kom fyrir dóm í málinu 1. okt. sl. Hún skýrði og frá því, að árið 1930 hefði hún verið skorin upp vegna lungnaberkla, og hefðu þá verið tekin 7 rif úr vinstri síðu hennar, og þyldi hún því mjög illa slíka viðkomu. Enn fremur hafi hún verið skorin vegna magasárs, og hafi hún verið sjúklingur tugi ára. Hún taldi ákærða hafa verið vel kunnugt um heilsu sína. Hún skýrði og frá því, að um það leyti sem ákærði hefði slegið hana, hefði Norðmaður, sem verið hafi í fylgd með honum, komið þar inn og sagt við ákærða, að hann mætti ekki gera þetta. Hún kvaðst hafa orðið óskaplega hrædd, og verði hún það jafnan, þegar hún sjái ákærða ölvaðan.

Hún taldi, að ákærði hefði ekki verið eins ölvaður og virzt hafi fljótt á litið, og áleit, að ofsi hans í þetta sinn og oft endranær stafaði meira af geðofsa hans en ölvun. Hún leitaði ekki læknis vegna afleiðinga þessa atburðar og virðist ekki hafa legið rúmföst af þessum sökum. Hún krafðist fullrar ábyrgðar á hendur ákærða vegna þessa framferðis við sig.

Ákærði hefur skýrt þannig frá: Hann sat heima hjá systur sinni í Ránargötu 6 þennan dag og neytti þar áfengis ásamt Norðmanni, sem staddur var hér í bænum um þær mundir. Bað hann þá um leigubifreið og fór í henni að húsi því, er fyrrverandi kona hans bjó í. Fór Norðmaðurinn með honum í bifreiðinni, og kvaðst ákærði hafa ætlað að sýna honum börn sín. Hann kvaðst hafa reiðzt mjög, þegar í Hríseyjargötu var komið, vegna þess að lokað var dyrunum fyrir honum. Annars hefur hann viðurkennt vitnisburði þeirra Ídu Magnúsdóttur og Friðbjargar Jóhannesdóttur rétta í öllum atriðum. Hann virtist þó ekki hafa munað nákvæmlega, hvað gerzt hafði, enda kveðst hann hafa verið mikið drukkinn. Hann

kvaðst hafa verið ölvaður kvöldið áður og byrjað að drekka strax að morgni þennan dag. Áætlaði hann, að hann hefði verið búinn að drekka 2—3 flöskur af áfengi þá um daginn, en ekki mundi hann þetta þó. Hann kvaðst þó muna flest, sem gerzt hafði, og hefði vitað nokkurn veginn, hvað hann var að gera. Sagðist hann hafa reiðzt mjög af því að vera handtekinn, og hafi hann þá fengið reiðikast í fangaklefanum. Sagðist hann muna eftir því á eftir, þegar hann hafi fengið slík reiðiköst í ölæði, og viti, hvað hann sé að gera.

Eitt vitni enn hefur komið fyrir dóm í málinu, Jónas Stefánsson, Hríseyjargötu 20 hér í bæ, 31 árs að aldri. Kvaðst hann hafa verið heima, þegar ákærði kom að húsinu í bifreið, og hafi hann þá þegar gert Ídu Magnúsdóttur aðvart um það. Skömmu síðar kom nefnd kona til vitnisins og bað hann að fara til lögreglunnar, og gerði hann það. Annað bar vitni þetta ekki, sem máli skipti. Hann gerði engar kröfur í málinu. Norðmaðurinn, sem að framan getur, náðist ekki til yfirheyrslu, og hafa engar kröfur komið fram á hendur honum í máli þessu.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður að telja fullsannað með vitnisburðum og eigin játningu ákærða, að hann hafi með framferði sínu brotið í bág við ákvæði 217. gr. og 231. gr. almennra hegningarlaga frá 12. febr. 1940, 18. gr. áfengislaga, nr. 33 9. jan. 1935, sbr. 38. gr., og lögreglusamþykkt fyrir Akureyrarkaupstað, nr. 9 frá 11. jan. 1934, 4. og 7. gr. sbr. 97. gr. Með hliðsjón af því, að ákærði hefur á síðastliðnu ári hlotið dóm fyrir sams konar brot, svo og framferði hans að öðru leyti að undanförnu, þykir refsing hans hæfilega ákveðin 30 daga varðhald.

Gerð hefur verið í málinu 25 króna skaðabótakrafa vegna skemmda í fangaklefa, og hefur ákærði ekkert haft við hana að athuga, og verður hún tekin að fullu til greina. Aðrar bótakröfur hafa ekki fram komið.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar á meðal kr. 200.00 til skipaðs talsmanns síns, Jónasar G. Rafnars hdl.

Dálítill dráttur hefur orðið á uppsögn dóms þessa, og stafar hann af miklu annríki við embættið.

Dómsorð:

Ákærði, Ragnar Guðmundsson, sæti 30 daga varðhaldi.

Hann greiði Akureyrarbæ kr. 25.00 í skaðabætur innan 15 daga frá birtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar á meðal kr. 200.00 í málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Jónasar G. Rafnars hdl.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 11. marz 1949.

Nr. 23/1948. **Kristján Guðmundsson**
gegn
Steindóri Einarssyni og gagnsök.

Setudómari hrl. Einar B. Guðmundsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Úrskurður um ræki legri sakargögn.

Úrskurður Hæstaréttar.

Áður en dómur gengur í máli þessu, þykir rétt samkvæmt lögjöfnun frá 120. gr. laga nr. 85/1936 að veita aðiljum kost á að kveðja matsmennina Magnús Bergsson og Boga Eggertsson fyrir dóm og láta þá lýsa þar kostum hests þess, er í málinu greinir, og gera grein fyrir sjónarmiðum sínum við matið. Þá veitist aðiljum og kostur á að afla frekari upplýsinga um söluverð afburðagóðra reiðhesta á síðustu árum svo og að láta fara fram yfirmat á umræddum hesti aðaláfrýjanda.

Ályktarorð:

Aðiljum veitist kostur á að afla framangreindra upplýsinga.

Mánudaginn 14. marz 1949.

Nr. 79/1948. **Jón Magnússon** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Skúla Magnússyni (Einar B. Guðmundsson).

Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Útburðarmál.

Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. júní 1948, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. s. m. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma útburð þann, sem krafizt er. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi gerir þær dómkröfur aðallega, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur, en til vara, að honum verði einungis gert að rýma austurherbergi íbúðar sinnar. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti af áfrýjanda eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Jón Magnússon, greiði stefnda, Skúla Magnússyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 18. febr. 1948.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar hinn 31. janúar sl., hefur gerðarbeiðandi, Jón Magnússon, Óðinsgötu 11, krafizt þess, að gerðarþoli, Skúli Magnússon, verði borinn út úr húsnæði því, sem hann hefur undanfarið haft á leigu í ofangreindu húsi gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu gerðar, og lögðu aðiljar málið undir úrskurð fógetaréttarins.

Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar.

Gerðarbeiðandi, Jón Magnússon, hefur átt húsið nr. 11 við Óðinsgötu síðan fyrir 1940, og býr hann þar einn síns liðs í einu þakherbergi. Á miðhæð hússins hefur undanfarið búið gerðarþoli, Skúli Magnússon, og hefur þar til leigu 3 herbergi og eldhús.

Með löglegum fyrirvara miðað við 1. október sl. sagði gerðarbeiðandi gerðarþola upp húsnæði hans, og var uppsögnin lögð fyrir húsaleigunefnd. Byggir gerðarbeiðandi uppsögnina á því, að hann sé orðinn svo lasburða og veiklaður, að sér sé brýn þörf á auknu húsnæði til að geta notið nauðsynlegrar aðhlynningar.

Úrskurður húsaleigunefndar gekk hinn 10. október sl., og taldi nefndin uppsögnina ógilda, þar sem gerðarbeiðandi hafði sumarið 1946 leigt út íbúð, sem þá losnaði í húsinu, enda þótt hann hefði á árinu 1944 borið fyrir sig sjúkleika sinn í útburðarmáli, sem hann þá átti í við gerðarþola.

Gerðarbeiðandi ritar fógetaréttinum hinn 4. nóvember sl. og krefst þess, að gerðarþoli verði borinn út úr húsnæðinu. Málsástæður gerðarbeiðanda eru þær sömu og lágu fyrir húsaleigunefnd. Kveðst hann haldinn sykursýki á háu stigi og fá flogaköst, svo að hann verði ósjálfbjarga um stund. Kveður hann sjúkdóm þenna hafa aukizt á síðasta ári, og í því sambandi lagði hann fram í húsaleigunefnd vottorð Valtýs Albertssonar læknis. Það vottorð er dagsett hinn 10. september 1947, og segir þar, að síðasta árið hafi sjúkdómur gerðarbeiðanda ágerzt verulega, og er gerðarbeiðandi talinn hafa þörf á sérstöku fæði og umönnun.

Varnir gerðarþola í máli þessu eru þær, að gerðarbeiðanda verði ekki talin ríkari þörf á auknu húsnæði nú en var sumarið 1946, þegar heil íbúð losnaði í húsi gerðarbeiðanda, en hann leigði hana þá út.

Það er upplýst í málinu, að 3 herbergi og eldhús losnuðu í húsinu sumarið 1946, en sú íbúð var þá leigð Þorkeli nokkrum Kristjánssyni, og hefur einnig verið upplýst, að Þorkeli var leigð íbúðin án nokkurra tímatakmarka. Þá er og fram komið, að gerðarbeiðandi fór í húsaleigumál við gerðarþola sumarið 1944 og bar þá fyrir sig sjúkdóm sinn og þörf fyrir aukið húsnæði vegna þeirra hluta.

Þar sem gerðarbeiðandi taldi sig þurfa aukið húsnæði vegna sjúkleika síns á árinu 1944, hefði honum verið í lófa lagið að taka húsnæði það, sem Þorkeli Kristjánssyni var leigt á sumrinu 1946, til eigin afnota eða í öllu falli að leigja Þorkeli til viss tíma, ef svo skyldi fara, að sjúkdómurinn og húsnæðisþörfin kynni að ágerast.

Að síðastrituðu athuguðu þykir ekki rétt, að hin umbeðna útburðargerð nái fram að ganga, og að auki ber að gera gerðarbeiðanda að greiða gerðarþola kr. 300.00 í málskostnað.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna útburðargerð skal ekki fram fara.

Gerðarbeiðandi, Jón Magnússon, Óðinsgötu 11, greiði gerðarþola, Skúla Magnússyni, s. st., kr. 300.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 14. marz 1949.

Nr. 144/1948. **Réttvísin** (Gunnar J. Möller)
gegn
Arnari Þóri Valdimarssyni
og Geir Guðmundssyni (Gústaf A. Sveinsson).

Setudómarar hrl. Einar B. Guðmundsson og hrl. Gunnar Þorsteinsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Líkamsárás. Skírlífisbrot. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa að tilhlutan dómsmálaráðuneytisins verið haldin framhaldspróf í málinu og geðveikralæknir framkvæmt rannsókn á andlegri heilsu hinna ákærðu. Telur læknirinn, að hinir ákærðu séu hvorki andlega vanþroska, geðveilir né geðveikir, en hegðun þeirra kunni að stafa af sjúklegri áfengisverkun.

Ákærðu viku sér að stúlku þeirri, sem í málinu greinir, ávörpuðu hana, og er hún skeytti þeim ekki, tóku þeir, annar eða báðir, undir handlegg hennar og virtust vilja leiða hana í áttina að dyrum, er lágu inn í garð að húsabaki. Er hún streittist á móti, börðu þeir hana, veittu henni áverka þá, sem lýst er í héraðsdómi, og hröktu hana á undan sér alllangan spöl eftir götunni, unz Jón Friðbjörnsson kom á vettvang og veitti þeim eftirför.

Af atferli ákærðu og skýrslum málsins má ráða, að ákærðu hafi upphaflega ætlað að fá stúlkuna til kynferðismaka við sig, en ekki þykir hins vegar sannað, að tilætlun þeirra hafi snúizt upp í vilja til nauðgunar, er stúlkan var ekki tilleiðanleg við þá. En leitt þykir vera í ljós, að stimpingar ákærðu við stúlkuna, átök þeirra á henni og önnur meðferð hafi stafað af lostasemi svo og af reiði vegna mótþróa hennar. Ber því að færa hátterni þeirra til 209. og 218. gr. sbr. 2. mgr. 70. gr. hegningarlaga, nr. 19/1940.

Þykir refsing þeirra hvors um sig hæfilega ákveðin 7 mánaða fangelsi. Ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæzluvarð-

halds, sviptingu réttinda og málskostnað ber að staðfesta. Bætur fyrir þjáningar og miska þykja hæfilega ákveðnar kr. 6000.00, og skulu ákærðu því in solidum greiða Guðrúnu Agnarsdóttur kr. 7295.00.

Dæma ber ákærðu til að greiða in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 700.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærðu, Arnar Þórir Valdimarsson og Geir Guðmundsson, sæti hvor fangelsi í 7 mánuði. Ákvæði héraðsdóms um, að gæzluvarðhaldstími komi til frádráttar refsivist, um sviptingu réttinda og málskostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærðu greiði Guðrúnu Agnarsdóttur in solidum kr. 7295.00.

Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars J. Möllers og Gústafs A. Sveinssonar, kr. 700.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 5. apríl 1948.

Ár 1948, mánudaginn 5. apríl, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Þórði Björnssyni, settum sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1609—1610/1948: Réttvísin og valdstjórnin gegn Arnari Þóri Valdimarssyni og Geir Guðmundssyni. Málið var tekið til dóms sama dag.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn hinum ákærðu fyrir brot gegn XXII. og XXIII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940, áfengislögum, nr. 33 9. janúar 1935, og lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík, nr. 2 7. janúar 1930.

Ákærðir eru Arnar Þórir Valdimarsson vélvirkjanemi, til heimilis Óðinsgötu 16 B, og Geir Guðmundsson járnsmíðanemi, til heimilis Drafnarstíg 5, báðir hér í bæ. Þeir eru báðir komnir yfir lögaldur sakamanna, Arnar Þórir fæddur 8. júlí 1928 og Geir 20. febrúar 1928. Arnar Þórir

hefur ekki, svo að kunnugt sé, verið kærður áður fyrir lagabrot, en Geir hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1947 13/7 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1948 4/3 Sátt, 60 kr. sekt fyrir brot gegn 14. gr. bifreiðal.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Aðfaranótt sunnudagsins 21. f. m. kl. 00.40 var lögreglustöðinni tilkynnt, að tveir menn hefðu ráðizt á konu á Vesturvallagötu. Fóru lögregluþjónarnir Þorkell Steinsson og Gunnar Waage að leita árásarmannanna og nokkru síðar lögregluþjónarnir Tryggvi Friðlaugsson og Kjartan Jónsson. Eftir alllanga leit fann Tryggvi tvo menn vestur við vélsmiðjuna Héðin við Seljaveg, og voru þeir líkt klæddir og lýsingin af árásarmönnunum sagði til, auk þess blóðugir á höndum. Tók Tryggvi þá því höndum, og komu nú fleiri lögreglumenn á vettvang, og voru mennirnir færðir heim til konunnar, sem ráðizt hafði verið á, og kvaðst hún þekkja þar árásarmennina. Voru þeir síðan færðir á lögreglustöðina. Menn þessir voru hinir ákærðu í máli þessu. Öllum lögreglumönnunum, sem leiddir hafa verið sem vitni í máli þessu, en það voru hinir 4 áðurnefndu lögregluþjónar svo og Jakob Björnsson lögregluþjónn, ber saman um, að greinileg ölvunarmerki hafi verið á ákærðum Geir, en hins vegar hafi ákærður Arnar Þórir verið lítið eða ekkert undir áhrifum áfengis, svo að séð yrði.

Ákærðir neituðu því með öllu í fyrstu í viðtali við lögreglumennina, að þeir hefðu átt nokkurn þátt í umræddri árás né að þeir vissu neitt um hana. Er verið var að færa ákærðan Arnar Þóri í varðhald, játaði hann þó, að þeir félagar væru árásarmennirnir. Daginn eftir játaði Arnar Þórir hreinskilnislega fyrir dómi, að hann hefði ráðizt á stúlkuna án nokkurs tilefnis, og eftir nokkra vafninga játaði Geir einnig að hafa tekið þátt í árásinni.

Stúlka sú, sem fyrir árásinni varð, er Guðrún Agnarsdóttir, til heimilis Framnesvegi 33, 37 ára að aldri. Hún skýrir svo frá, að hún hafi verið á leið heim til sín og gengið vestur Sólvallagötu. Er hún hafi verið komin skammt vestur fyrir Bræðraborgarstíg, hafi maður gengið upp að vinstri hlið sinni og ávarpað sig, en ekki man hún, hvað hann sagði við hana. Kveðst hún hafa svarað manninum út í hött. Þá hafi annar maður komið að hægri hlið hennar og ávarpað hana, en ekki muni hún heldur, hvað hann hafi sagt, minni þó helzt, að hann segði eitthvað á þá leið, að hún skyldi fremur snúa sér að honum en hinum. Kveðst mætt hafa svarað manninum út í hött. Þá segir Guðrún, að sá, sem gekk hægra megin við hana, hafi tekið undir handlegg sér og reynt að draga sig áfram, að því er henni virtist, í áttina að porti, sem er þarna milli húsa, og jafnframt hafi sá, sem gekk vinstra megin við hana (götu megin), reynt að ýta henni í sömu átt. Kveðst hún hafa stimpazt við, og hafi það þá engum togum skipt, að mennirnir hafi ráðizt á hana og slegið hana mörg högg í höfuðið. Kveðst Guðrún hafa beygt sig niður til að skýla andlitinu fyrir höggunum og borið hendurnar fyrir höfuð sér, en síðar

fallið á bæði hnén. Hún kveðst hafa spurt mennina, hvað þessar aðfarir ættu að þýða, og hafi þeir engu svarað og ekkert hafi þeir talazt við, meðan árásin stóð yfir. Guðrún kveðst hafa ætlað að komast að húsinu Sólvallagötu 60, en þar býr kunningjafólk hennar, en hafa svo kallað á hjálp, er hún sá, að hún mundi ekki losna frá árásarmönnunum. Mennirnir hafi báðir haldið áfram að berja hana, þar til þeir hurfu skyndilega á brott. Tókst Guðrúnu þá að komast að Sólvallagötu 60 og gera vart við sig. Kveðst hún þá hafa verið orðin mjög ringluð og máttfarin, enda hafði hún hlotið mikil meiðsl, svo sem lýst verður síðar.

Ákærðir hafa báðir viðurkennt, að frásögn Guðrúnar af árásinni sé rétt í öllum aðalatriðum. Skýrir Arnar Þórir svo frá, að umrætt kvöld hafi þeir Geir verið staddir heima hjá kunningja sínum, sem Ólafur heitir og býr á Bræðraborgarstíg 10. Þar hafi einnig verið staddur maður að nafni Guðmundur. Þeir hafi þarna drukkið upp úr einni flösku af brennivíni og byrjað á annarri. Síðan hafi þeir Geir farið út tveir saman og haft með sér afganginn af flöskunni. Þeir hafi svo farið niður í miðbæ með það í huga að fara á dansleik, en úr því hafi ekki orðið, og þeir hafi síðan farið vestur í bæ og gengið vestur Sólvallagötu og hafi verið ætlunin að fara á dansleik, sem var í húsi vélsmiðjunnar Héðins við Seljaveg. Ekkert sögulegt hafi borið við fyrr en vestur á Sólvallagötu, að þeir hafi gengið fram á stúlku, sem var á leið vestur eftir. Kveðst Arnar hafa gengið að vinstri hlið hennar og talað eitthvað til hennar, en ekki muni hann neitt, hvað hann sagði né hverju stúlkan svaraði. Hann kveðst síðan hafa tekið eitthvað í handlegg stúlkunnar og ætlað að leiða hana. Hann kveðst síðan ekki geta gert sér fyllilega ljóst, hvað gerðist, en hann muni þó, að hann hafi ráðizt á stúlkuna og slegið hana. Hann segist muna, að stúlkan féll í götuna. Arnar Þórir kveðst ekki geta gert fullkomna grein fyrir, hvernig árásin hafi farið fram, en telur, að frásögn Guðrúnar um hana sé að öllu leyti rétt. Hann segist muna til þess, að hann hafi slegið Guðrúnu mörg högg. Hann kveðst alls ekki geta gert sér ljóst, að hve miklu leyti Geir tók þátt í árásinni. Arnar Þórir segir, að þeir félagar hafi svo horfið frá, er þeir urðu þess varir, að maður var kominn á vettvang. Hafi þeir síðan hlaupið um Vesturvallagötu, Holtsgötu og Framnesveg og þar inn í húsasund. Þar hafi þeir síðan beðið um stund, en haldið síðan vestur að Héðinshúsi, þar sem þeir voru handteknir.

Frásögn ákærðs Geirs er í öllu verulegu samhljóða framburði Arnars Þóris. Kveðst hann ekki muna neitt, hvað hann sagði við Guðrúnu, en sig rámi í, að hann hafi sagt eitthvað. Ekki kveðst hann muna til þess, að hann tæki í handlegg Guðrúnar, áður en árásin hófst. Hann telur Arnar Þóri hafa átt upptökin að árásinni og slegið Guðrúnu fyrst, en síðan kveðst hann hafa tekið þátt í árásinni og muna til, að hann hafi slegið Guðrúnu nokkur hnefahögg, en ekki sparkað í hana né tekið í föt hennar. Hann kveðst muna til þess, að stúlkan féll á hnén. Geir kveðst annars yfirleitt ekki véfengja frásögn Guðrúnar um árásina.

Sá, sem kom að hinum ákærðu, meðan þeir voru að berja Guðrúnu, var Jón Friðbjörnsson verkamaður, Sólvallagötu 60. Hefur hann sem vitni borið það, að hann hafi verið háttaður í herbergi sínu, sem snýr út að Sólvallagötu, er hann hafi heyrt hávaða fyrir utan gluggann. Hafi hann þá litið út um gluggann og séð kvenmann á hnjánum í götunni og mann bograndi yfir henni. Hafi hann smeygt sér í buxur og skó og hlaupið út. Sá hann þá, að tveir menn voru þarna hjá Guðrúnu, og minnir, að annar lægi á fjórum fótum. Þegar Jón kom út, kveðst hann hafa sagt: „Hvaða djöfuls læti eru þetta?" — og hafi þá mennirnir tekið tafarlaust til fótanna. Jón hljóp þegar á eftir þeim, en gerði síðan ráðstafanir til þess, að lögreglunni yrði gert aðvart, og leiddi það til handtöku ákærðra, svo sem fyrr segir.

Ekki virðast önnur vitni hafa verið að árásinni.

Hvorugur hinna ákærðu hefur getað gefið neina skýringu á því, hvað fyrir þeim hafi vakað með framferði sínu né hvernig á því stóð, að þeim datt í hug að ráðast á Guðrúnu. Þeim ber saman um, að þeir hafi ekki fyrir fram komið sér saman um að gefa sig á tal við hana, enda hafi þeir ekki veitt henni eftirtekt fyrr en um það leyti, sem þeir náðu henni. Þeim ber og saman um, að þeir hafi ekkert talazt við, meðan árásin stóð yfir, og kemur það heim við framburð Guðrúnar. Geir hefur aftekið það með öllu, að hann hafi haft í huga að nauðga stúlkunni, og Arnar Þórir kveðst ekki muna til, að hann hefði slíkt í huga, þótt hann eftir á telji ekki útilokað eða jafnvel sennilegt, að það hafi verið tilgangurinn. Þeim ber saman um, að þeir hafi ekkert haft í frammi gagnvart Guðrúnu, sem miðaði að nauðgun, enda segir Guðrún sjálf, að þeir hafi ekkert aðhafzt, sem benti til þess, nema hvað þeir hafi í fyrstu gert sig líklega til að færa hana inn í húsaportið.

Arnar Þórir kveðst hafa verið nokkuð ölvaður, er þetta gerðist. Geir kveðst hafa verið töluvert undir áhrifum áfengis, en þó ekki mjög drukkinn.

Er þá að greina frá meiðslum þeim, er Guðrún Agnarsdóttir reyndist hafa hlotið af árásinni. Segir svo í vottorði Bergsveins Ólafssonar augnlæknis, sem skoðaði Guðrúnu daginn eftir árásina:

„Við skoðun fannst: Glóðarauga á báðum augum og neðan við hægra auga samhliða augnatóftarrönd grunnur ca. 2.5 cm langur skurður inn úr húðinni. Augnalok beggja augna bólgin og nokkuð marin, enn fremur blæðingar undir slímhúð (conjunctiva bulbi) beggja augna. Bólgusveppir undir báðum augum og eymsli, einkum þó yfir vinstri kjálka (maxilla). Neðan til á miðju enni milli augnabrúna var vel tveggja krónu penings stór bólgukúla allsár viðkomu. Nefið bólgið og marið, einkum neðan til yfir nefbeini, og var mjög sárt viðkomu og virtist hafa brotnað, þótt ekki hefði það gengið úr skorðum. Hefur nú verið staðfest með röntgenmynd, að nefbein hefur brotnað vinstra megin.

Í munni var gervigómur brotinn, enn fremur voru báðar varir skornar innan frá af tannbrotum, tennur í neðri góm eru mjög brunnar af tann-

átu. Þá var vinstra hné nokkuð marið og húð skröpuð, svo að dreyrði úr á tveim stöðum framan á hnénu og innan á því.

Konan var, sem eðlilegt er, nokkuð óróleg og æst í skapi og kveðst lítið hafa sofið um nóttina.

Af sárum konunnar verður ráðið, að hún hefur hlotið högg á bæði augu eða neðri augnatóftarbrúnir, enn fremur framan á nef og milli augna, að öllum líkindum einnig á höku eða munn. Sárin á vinstra hné virðast hafa komið við það, að hún hafi fallið á hnéð eða verið dregin eftir götunni."

Í vottorði Jóns G. Nikulássonar læknis, sem skoðaði Guðrúnu 22. marz, segir:

„Við skoðun fann ég þetta helzt:

Glóðarauga á báðum augum og smáskráma við ytri augnakrók á hægra auga. Bæði augu voru blóðhlaupin og talsverð bólga á vinstra kinnbeini. Báðar varir voru bólgnar og sprunga ca. 1 cm á lengd innan á efri vör. Á vinstra hné voru 3 skrámur eða fleiður og mar á ca. lófastórum bletti út frá þeim. Röntgenmynd, sem tekin var skömmu síðar, sýndi, að um nefbrot var einnig að ræða."

Í réttarhaldi miðvikudaginn 31. marz kveðst Guðrún vera enn allmikið eftir sig, en meiðslin séu á góðum vegi með að batna að fullu. Kveðst hún þá munu fara að vinna eftir næstu helgi.

Eftir því sem atvikum hefur nú verið lýst, þykja ákærðir hafa gerzt brotlegir við 218. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940, og 3. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, nr. 2 7. janúar 1930. Hins vegar þykir ekki fram komin nægileg sönnun fyrir því, að tilgangur ákærðra með árásinni hafi verið að nauðga stúlkunni. Ekki verða ákærðir heldur taldir hafa gerzt sekir um hneykslanlega ölvun í skilningi áfengislaganna. Ber þannig að sýkna hina ákærðu, að því er tekur til ákærunnar fyrir brot gegn XXII. kafla hegningarlaganna og áfengislögunum.

Refsing hinna ákærðu hvors um sig þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 5 mánuði. Ákærðir hafa verið í gæzluvarðhaldi, meðan mál þetta hefur staðið yfir, eða síðan 21. marz, og ber skv. 76. gr. almennra hegningarlaga að ákveða, að gæzluvarðhald þeirra komi með fullri dagatölu til frádráttar refsivist þeirra, ákærðs Geirs þó aðeins frá 22. marz.

Skv. 68. gr. 3. mgr. hegningarlaganna ber að svipta hina ákærðu kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

Guðrún Agnarsdóttir hefur krafizt þess, að ákærðir verði í máli þessu dæmdir til að greiða sér skaðabætur sem hér segir:

1) Bætur fyrir atvinnutjón	kr.	700.00
2) Læknishjálp	—	95.00
3) Fataspell og fatahreinsun	—	25.00
4) Eyðilagðar gervitennur	—	475.00
5) Bætur fyrir þjáningar, miska og lýti	—	15.000.00
	Kr.	16.295.00

Vaxta hefur eigi verið krafizt.

Ákærðir hafa samþykkt liðina 1—4, og verða þeir því teknir að öllu leyti til greina. Hins vegar hafa þeir mótmælt lið 5 sem allt of háum og ósanngjörnum. Að áliti réttarins þykja bætur skv. þessum lið hæfilega tilteknar kr. 7500.00. Ber skv. framansögðu að dæma ákærðu in solidum til að greiða Guðrúnu Agnarsdóttur kr. 8795.00 í skaðabætur innan 15 daga frá birtingu dóms þessa.

Loks ber að dæma ákærðu til að greiða in solidum allan sakarkostnað. Rekstur máls þessa hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærðir, Arnar Þórir Valdimarsson og Geir Guðmundsson, sæti hvor um sig fangelsi í 5 mánuði. Gæzluvarðhald þeirra komi með fullri dagatölu til frádráttar refsivist þeirra, ákærðs Geirs Guðmundssonar þó aðeins frá 22. marz sl.

Ákærðir eru frá birtingu dóms þessa sviptir kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærðir greiði Guðrúnu Agnarsdóttur kr. 8795.00 innan 15 daga frá birtingu dóms þessa.

Ákærðir greiði in solidum allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 21. marz 1949.

Nr. 62/1949. **Loftleiðir h/f** (Sigurður Ólason)
gegn
Almennum tryggingum h/f
(Einar B. Guðmundsson).

Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Vátryggingarmál. Ágreiningur dómenda.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar 16. þ. m., að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag, krefst þess, að stefnda verði dæmt að bæta honum af vátryggingarfé spjöll, sem urðu á flugvélinni TF—RVC á flugvellinum í Vestmannaeyjum 25. september 1946, svo og að greiða honum

málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar á héraðsdómi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Í vátryggingarskírteini því, sem stefndi gaf út, er hann tryggði flugvél áfrýjanda, er m. a. kveðið svo á: „Skírteini þetta tryggir að öðru leyti samkvæmt skilmálum Lloyd's Ariel Aircraft Policy." Þetta ákvæði veitti áfrýjanda fullt efni til að kynna sér skilmála þá, sem vísað var til, en í þeim er m. a. svo kveðið á, að vátryggingin taki ekki yfir notkun flugvélarinnar frá því klukkustund eftir sólarlag og þangað til klukkustund fyrir sólaruppkomu. Samkvæmt vætti flugmannsins svo og vætti þeirra Magnúsar Thorbergs, Dagfinns Stefánssonar og Richards Pálssonar verður að telja, að flugvélin hafi í fyrsta lagi lent í Vestmannaeyjum kl. 20.20 eða meira en klukkustund eftir sólarlag, er var kl. 19.11. Var flugvélin þá ekki vátryggð af stefnda. Ber því að sýkna hann af kröfu áfrýjanda í málinu og staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1500.00.

Héraðsdómur í máli þessu var upp kveðinn 27. apríl 1948. Málinu var áfrýjað 16. þ. m. samkvæmt áfrýjunarleyfi sama dag. Voru þá liðnir tæpir 11 mánuðir frá uppsögu héraðsdóms. Sigurður hæstaréttarlögmaður Ólason, sem flutti málið fyrir áfrýjanda, skýrir svo frá, að hann hafi skrifað stefnu til Hæstaréttar á sínum tíma, þegar hann og umboðsmaður stefnda bjuggu málið til flutnings í Hæstarétti, en farizt hafi fyrir að fá áritun hæstaréttarritara á hana og málið því ekki verið þingfest í Hæstarétti fyrr en raun ber vitni. Með þessari yfirsjón hefur nefndur hæstaréttarlögmaður valdið hættu á því, að umbjóðandi hans missti færi á því að fá mál þetta borið undir Hæstarétt. Verður að átelja vangæzlu þessa.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Loftleiðir h/f, greiði stefnda, Almennum

tryggingum h/f, kr. 1500.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Samþykkur atkvæðinu að öðru leyti en því, að ég tel, að eftir öllum atvikum eigi málskostnaður í Hæstarétti að falla niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. apríl 1948.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur h/f Loftleiðir hér í bæ höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu út gefinni 21. febrúar 1947 gegn Almennum tryggingum h/f hér í bænum.

Gerði stefnandi þær dómkröfur í stefnu, að stefnda yrði gert að greiða honum vátryggingartjónbætur, að fjárhæð kr. 22.318 68, með 6% ársvöxtum frá 25. september 1946 til greiðsludags og málskostnað að mati dómarans. Eftir ósk aðilja og með samþykki dómara var sakarefni málsins skipt, og var það að þessu sinni sótt og varið eingöngu að því, er varðar greiðsluskyldu stefnda. Gerði stefnandi samkvæmt þessu þær kröfur við munnlegan flutning málsins, að viðurkennt yrði með dómi, að stefnda sé skylt að greiða vátryggingartjónbætur vegna slyss flugvélarinnar TF—RVC í Vestmannaeyjum hinn 25. september 1946. Einnig krafðist hann málskostnaðar úr hendi stefnda í þessum hluta málsins.

Stefnda hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að mati dómarans.

Málavextir eru þeir, sem hér greinir:

Hinn 25. september 1946 var flugvélin TF—RVC, eign stefnanda, í farþegaflutningum milli Hellu á Rangárvöllum og Vestmannaeyja. Um kl. 19 umræddan dag kom flugvélin til Vestmannaeyja frá Hellu. Á meðan vélin var á leið til Vestmannaeyja í þetta skipti, hafði borizt pöntun um flutning tveggja manna frá Hellu. Vélin hafði nokkra viðdvöl á flugvellinum í Vestmannaeyjum og tók þar benzín. Lagði hún síðan af stað til að sækja farþegana. Var þá að sögn flugmannsins, sem fór þessa ferð, farið að skyggja. Annar flugmaður, sem var á flugvellinum og stjórnað hafði vélinni í næstu ferð á undan, telur, að klukkan hafi verið um 19.30, er flugvélin lagði af stað. Á Hellu mun flugvélin enga viðdvöl hafa haft, og var flogið rakleitt til Vestmannaeyja, þegar farþegarnir höfðu verið teknir. Nokkru áður en flugvélarinnar var von aftur til Vestmannaeyja, fór umboðsmaður stefnanda þar út á flugvöllinn ásamt tveim mönnum öðrum. Voru þeir á „jeep"-bifreið, og var hún látin standa á miðjum austurenda flugvallarins. Á bifreiðinni voru hálf ljós, og vísuðu þau til

vesturs, út á rennibrautina. Hafði flugmaðurinn óskað þess, að bifreiðin væri látin standa þannig, svo að hann gæti haft ljós hennar til leiðbeiningar við lendinguna. Umræddan dag var bjartviðri í Vestmannaeyjum og vindur austlægur, en skömmu áður en flugvélin lenti, mun vindinn hafa lægt. Renndi flugmaðurinn vélinni niður á flugbrautina frá vestri, en tókst eigi að stöðva hana í tæka tíð, svo að hún rann á bifreiðina, sem stóð á austurenda brautarinnar. Lenti framhluti flugvélarinnar upp á vélarskýli bifreiðarinnar, og stöðvaðist hún þannig. Talsverðar skemmdir urðu bæði á bifreiðinni og flugvélinni. Flugbraut sú, sem lent var á, er um 380 metra löng. Telur flugmaðurinn, að hann hafi fyrst lent því sem næst á vesturenda brautarinnar. Við lögregluréttarrannsókn út af slysi þessu daginn eftir, að það skeði, fór bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum á vettvang til að kynna sér verksummerki. Var þá fyrst að sjá skýr hjólför eftir flugvélina í 74 metra fjarlægð frá slysstaðnum. Hurfu þau síðan á kafla, en komu í ljós aftur í 54 metra fjarlægð og voru óslitin þaðan að staðnum, þar sem bifreiðin stóð.

Flugvélin TF—RVC var á þeim tíma, sem slysið vildi til, tryggð hjá stefnda gegn „flug-, jarðar- og þriðjamannsáhættum" samkvæmt tryggingarskírteini út gefnu 12. febrúar 1946. Telur stefnandi, að stefnda beri að greiða vátryggingarbætur fyrir tjón það, sem varð á flugvélinni við slysið, en þar eð stefnda hefur mótmælt greiðsluskyldu sinni, hefur mál þetta verið höfðað.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að samkvæmt tryggingarsamningi málsaðilja beri stefnda að bæta tjón það, sem varð á flugvélinni við framangreindan árekstur. Öðrum þræði hefur stefnandi haldið því fram, að tryggingarskilmálarnir samkvæmt Lloyd's Ariel Aircraft Policy, sem vísað er til í tryggingarskírteininu, séu ekki skuldbindandi fyrir það, þar eð fyrirsvarsmönnum þess hafi verið þeir ókunnir og þrátt fyrir beiðni þeirra hafi stefnda ekki gefið þeim kost á að kynna sér skilmála þessa. Einnig heldur stefnandi því fram, að þótt skilmálar þessir væru skuldbindandi, sé stefnda allt að einu skylt að inna vátryggingarbæturnar af hendi, þar eð skilmálunum hafi í öllu verið fullnægt í sambandi við lendingu flugvélarinnar í umrætt skipti. Heldur stefnandi því fram, að flugvélin hafi lent á flugbrautinni í Vestmannaeyjum kl. 20.*10* eftir íslenzkum sumartíma og að allrar nauðsynlegrar varúðar hafi verið gætt. Slysið sé eingöngu því að kenna, að vindinn, sem þenna dag hafi verið allhvass á austan, hafi lægt snögglega í því bili, sem flugvélin var að lenda, en flugmaðurinn hafi ekki varazt þetta og hagað lendingunni samkvæmt því, sem hann áleit um vindstöðu og vindhraða.

Stefnda byggir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því, að samkvæmt vátryggingarskilmálum Lloyd's, sem vitnað er til í tryggingarskírteini flugvélarinnar, gildir tryggingin eigi, ef flogið er á tímabilinu frá einni klukkustund eftir sólarlag til einnar klukkustundar fyrir sólarupprás. Heldur hann því fram, að flugvélin hafi lent um kl. 20.*30* eftir íslenzkum sumartíma, en þá var liðin meira en klukkustund frá sólsetri. Í öðru lagi

byggir stefnda sýknukröfu sína á því, að flugvöllurinn í Vestmannaeyjum hafi á þessum tíma verið ófullgerður og ónothæfur sem lendingarstaður, auk þess sem hann hafi ekki verið upplýstur, eftir að skyggja tók, og loks hafi verið höfð bifreið inni á vellinum, meðan flugvélin lenti. Af þessum orsökum hafi verið óforsvaranlegt af fyrirsvarsmönnum stefnanda að láta flugvélina lenda á vellinum, eins og á stóð, en það valdi því, að stefnda sé óskylt að bæta tjónið, sem af lendingunni hlauzt.

Í vátryggingarskírteininu fyrir flugvélina TF—RVC er skýrt tekið fram, að tryggt sé samkvæmt áðurgreindum skilmálum Lloyd's að öðru leyti en því, sem tekið er fram í sjálfu tryggingarskírteininu. Stoðar það stefnanda eigi að bera því við, að fyrirsvarsmönnum hans hafi verið efni þessara skilmála ókunnugt, enda er ósannað gegn mótmælum stefnda, að stefnandi hafi ekki átt nægan kost að kynna sér þá.

Farþegar þeir, sem í flugvélinni voru, Benedikt Sigurjónsson og Sveinn Áki Þórðarson, hafa báðir borið það fyrir dómi, að flugvélin hafi flogið yfir eiðið í Vestmannaeyjum kl. 20.*05* og verið lent á flugvellinum kl. 20.*10*. Síðarnefnda vitnið hefur þó tekið fram, að það hafi ekki haft klukku í umrætt skipti og því farið eftir upplýsingum hins vitnisins um ákvörðun tímans. Skýrir Benedikt svo frá, að skuggsýnt hafi verið, er þeir komu til Eyja, en kaupstaðurinn og fjöll þó sézt greinilega og eins blettir í hrauninu umhverfis kaupstaðinn. Sveinn Áki segir, að allmikið hafi verið farið að skyggja, vel sézt þó móta fyrir túnblettum í hrauninu, en yfir flugvellinum, sem var dekkri en umhverfið, hafi verið alldimmt. Vitnin Magnús Thorberg, umboðsmaður stefnanda í Vestmannaeyjum, og Dagfinnur Stefánsson, sem var flugmaður í þjónustu stefnanda, hafa borið fyrir lögreglurétti Vestmannaeyja, að þeir hafi lagt af stað úr kaupstaðnum í Vestmannaeyjum í bifreið kl. rúmlega 20 áleiðis til flugvallarins til að taka á móti flugvélinni. Telja þeir sig hafa beðið nokkra stund eftir flugvélinni á vellinum, að því er Magnús Thorberg telur, um 25 mínútur. Vitnið Richard Pálsson, sem var í fylgd með fyrrgreindum vitnum, telur, að þeir hafi lagt af stað úr bænum kl. tæplega 20, og gerir hann ráð fyrir, að klukkan hafi verið 20.*20*, þegar flugvélin lenti. Flugmaðurinn á vélinni, Halldór Beck, bar fyrir lögregluréttinum, að hann hefði lagt af stað frá Hellu kl. 20.*10* áleiðis til Vestmannaeyja, og hafi þá verið orðið mjög skuggsýnt, en alldimmt, er til Vestmannaeyja kom.

Eins og áður greinir, miða vitnin Benedikt Sigurjónsson og Sveinn Áki Þórðarson tímaákvarðanir sínar bæði við sömu klukkuna. Engar upplýsingar eru um það, hvort klukka þessi var rétt. Gegn gagnstæðum framburði annarra vitna er því eigi unnt að byggja á framburði þessara vitna um lendingartíma flugvélarinnar. Af framburði flugmannsins, afgreiðslumanns flugvélarinnar og vitnanna Dagfinns Stefánssonar og Richards Pálssonar verður að telja það sannað, að flugvélin hafi ekki lent fyrir kl. 20.*20* eftir íslenzkum sumartíma.

Í vátryggingarskilmálum Lloyd's, þeim er áður greinir, er tekið fram,

að trygging samkvæmt þeim taki eigi til tjóns, sem verði, ef flogið er á tímabilinu frá einni stundu eftir sólarlag til einnar stundar fyrir sólarupprás, nema óviðráðanleg atvik valdi. Samkvæmt vottorði Þorkels Þorkelssonar, fyrrv. veðurstofustjóra, var sólarlag í Vestmannaeyjakaupstað hinn 25. september 1946 kl. 19,*11* eftir íslenzkum sumartíma. Var því liðin meira en klukkustund frá sólsetri, er flugvélin lenti. Þar sem ekki hefur verið sýnt fram á, að óviðráðanleg atvik hafi valdið því, að flugvélin var á ferð svo síðla, verður að líta svo á, að samkvæmt ákvæðum þeim, er greinir í áðurnefndum skilmálum Lloyd's, sé stefnda óskylt að bæta það tjón, sem varð af notkun flugvélarinnar á þessum tíma sólarhrings. Ber því að sýkna stefnda af kröfu stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefnda, Almennar tryggingar h/f, á að vera sýknt af kröfum stefnanda, Loftleiða h/f, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 25. marz 1949.

Nr. 61/1947. **Ásgrímur Albertsson** (Ragnar Ólafsson)
gegn
Erlendi Þorsteinssyni og gagnsök
(Sigurgeir Sigurjónsson).

Meiðyrðamál. Ágreiningur dómenda.

Dómur Hæstaréttar.

Guðmundur Hannesson, bæjarfógeti á Siglufirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. júní 1947. Krefst hann algerrar sýknu af kröfum aðalstefnda í málinu og málskostnaðar úr hendi hans bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Aðalstefndi hefur af sinni hálfu áfrýjað málinu, að fengnu áfrýjunarleyfi 6. janúar 1948, með stefnu 6. febrúar s. á. Í áfrýjunarleyfinu er tilskilið, að áfrýjunarstefna sé tekin út

innan 4 vikna frá dagsetningu leyfisbréfsins. Þar sem því skilyrði hefur ekki verið fullnægt, ber að vísa gagnsökinni frá Hæstarétti.

Ummæli þau, sem aðalstefndi saksækir aðaláfrýjanda fyrir í máli þessu, eru í grein með fyrirsögninni *Fáheyrt hneyksli*, er birtist í blaðinu Mjölni á Siglufirði hinn 23. janúar 1946. Höfundur greinarinnar var ekki nafngreindur, en aðaláfrýjandi var ritstjóri og ábyrgðarmaður blaðsins og hefur einnig í málinu kannazt við að hafa skrifað greinina.

Það var tilefni greinarinnar, að aðalstefndi, sem var framkvæmdastjóri Síldarútvegsnefndar, hafði á árunum 1944 og 1945 aðstoðað sænskt hlutafélag, er síld hafði keypt hér á landi, við innflutning á sykri og síldarkryddi og meðal annars útvegað því leyfi til innflutnings á vörum þessum. Ekki er komið fram í málinu, hvort síldarkryddið var flutt hingað til lands, en sykurinn kom í júlímánuði 1945, og var honum síðar ráðstafað til íslenzkra síldarsaltenda. Sykurinn var keyptur af nafngreindu verzlunarfyrirtæki í New York, og er því ómótmælt haldið fram af aðaláfrýjanda, að náinn venzlamaður aðalstefnda sé aðaleigandi þess. Aðalstefndi hafði og keypt sykur fyrir hönd Síldarútvegsnefndar af sama verzlunarfyrirtæki, og virðist sú sykursending hafa komið til Siglufjarðar í desember 1945 og janúar 1946.

Aðaláfrýjandi telur, að framangreind atvik réttlæti ummæli þau, sem stefnt er fyrir. Á þetta verður þó ekki fallizt. Í greininni er svo sterkt að orði kveðið um framangreindan erindisrekstur og starfsemi aðalstefnda, að telja verður ummælin fara út fyrir takmörk leyfilegrar gagnrýni. Ummælin: „Þessi sending var 300 sekkir og mun geymd í Hrímni" — varða ekki við meiðyrðalöggjöfina, en önnur ummæli, sem stefnt er fyrir, þykja eiga að varða aðaláfrýjanda refsingu samkvæmt 235. gr. laga nr. 19/1940. Þykir refsingin hæfilega ákveðin 700 króna sekt, er renni í ríkissjóð og komi 12 daga varðhald í stað hennar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Þá ber og að ómerkja ummæli þau, sem refsað er fyrir. Ekki þykir, eins og á stendur, nægileg ástæða til að dæma aðalstefnda miskabætur. Eftir málavöxtum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði aðalstefnda málskostn-

að í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn samtals kr. 1000.00.

Málflutningsmaður aðalstefnda hér fyrir dómi, Sigurgeir Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður, hefur ekki aflað gagnáfrýjunarleyfis, fyrr en liðinn var frestur samkvæmt fyrra málslið 2. mgr. 197. gr. laga nr. 85/1936, og láðst að taka út áfrýjunarstefnu áður en tilskilinn frestur var liðinn, svo sem áður segir. Verður að víta vangæzlu þessa.

Dómsorð:

Gagnsök í máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi, Ásgrímur Albertsson, greiði 700 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 12 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Framangreind ummæli eiga að vera ómerk.

Aðaláfrýjandi greiði aðalstefnda, Erlendi Þorsteinssyni, málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 1000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Samþykkur atkvæðinu að öðru leyti en því, að ég tel eftir atvikum rétt, að aðaláfrýjandi greiði aðalstefnda miskabætur, sem mér þykja hæfilega ákveðnar 800 krónur.

Dómur bæjarþings Siglufjarðar 14. marz 1947.

Með stefnu, dags. 14. febr. f. á., höfðar stefnandinn, Erlendur Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Síldarútvegsnefndar, meiðyrðamál gegn stefndum, Ásgrími Albertssyni gullsmið, Siglufirði, sem þá var ritstjóri og ábyrgðarmaður blaðsins Mjölnis á Siglufirði, út af meiðandi ummælum í grein, er birtist í fyrrgreindu blaði 23. janúar 1946 undir fyrirsögninni *Fáheyrt hneyksli*. Auk greindrar fyrirsagnar telur stefnandi hin umstefndu ummæli, — þessi:

„Opinber starfsmaður, Erlendur Þorsteinsson, ber að erindrekstri fyrir útlend síldarkaupafirmu."

„Slíkir menn eiga ekki heima í opinberri þjónustu."

„Heldur er hér um að ræða hneyksli, sem Erlendur hefur gert sig sekan um."

„Seint í nóvember kemur enn sykursending á nafn Erlendar, og er hún eign A/B Bröderna Ameln."

„Og nú með síðustu ferð Fjallfoss kemur enn þá sykursending, og nú er eigandi hennar Ernst Ryberg A/B."

„Þessi sending var 300 sekkir og mun geymd í Hrímni."

„Að hann pantar sykur og krydd gegnum þetta firma á sitt eigið nafn handa Síldarútvegsnefnd og að hann virðist leggja meiri áherzlu á að panta handa Svíum en Síldarútvegsnefnd."

„Hér er um að ræða hneyksli, sem verður að rannsakast nánar."

„Það er með öllu óþolandi hneyksli, að hann sem trúnaðarmaður íslenzka ríkisins sé að braska í sykurkaupum fyrir erlend firmu gegnum sitt eigið fjölskyldufyrirtæki í Ameríku og panti vörur handa Síldarútvegsnefnd á sitt eigið nafn gegnum sama firma."

„Hans starf er að semja við erlend síldarkaupafirmu fyrir hönd Íslendinga og gæta íslenzkra hagsmuna gagnvart þeim, en ekki að reka erindi þessara útlendinga."

„Sé ekki nema brot af því braski, sem Erlendur hefur verið í" ....

„Almenningur hlýtur að krefjast þess ...., að þeir menn, sem svona haga sér, séu ekki áfram í þjónustu opinberra stofnana." —

— vera stórlega móðgandi og ærumeiðandi fyrir mann í opinberri þjónustu og starfi og vera til þess lagin að valda sér álitshnekki og mannorðsspilli.

Krefst stefnandi, að hin umstefndu ummæli verði dæmd dauð og marklaus, að stefndur verði dæmdur fyrir þau í refsingu eftir 236. gr. og öðrum ákvæðum XXV. kafla refsilaganna, í 10.000 kr. bætur fyrir álitsspjöll, til greiðslu kostnaðar af birtingu dómsins með forsendum í opinberu blaði, svo og til þess að greiða allan málskostnað að skaðlausu, en hans krefst umboðsmaður stefnanda með kr. 1809.00.

Stefndur mótmælir kröfum stefnanda og krefst sýknu.

Stefndur telur sig finna umstefndum orðum sínum stað með því, að stefnandi hafi unnið og aðstoðað við, að hann fengi innflutningsleyfi fyrir sykri til síldarverkunar á sitt nafn vegna ákveðins sænsks firma, þótt í samráði við Viðskiptaráð og Skömmtunarskrifstofu ríkisins væri. Þessum sykri var svo ráðstafað til síldarsaltenda, að því er stefnandi, ómótmælt af stefndum, hefur haldið fram og leggja verður til grundvallar í málinu, en stefnandi tók þátt í því sem framkvæmdastjóri Síldarútvegsnefndar, og virðast þessi kaup, ómótmælt í málflutningnum, hafa orðið valdandi meiri síldarsölu Síldarútvegsnefndar en ella.

Hin umstefndu ummæli beinast mjög að stefnanda á þann hátt, er eigi verður skilinn öðruvísi en áburður um ótrúmennsku og sviksemi í opinberu starfi hans sem framkvæmdastjóra Síldarútvegsnefndar, en ekkert er fram komið í málinu, er bendi í þá átt. Eru ummælin mjög meiðandi og

mannorðsrýrandi fyrir stefnanda. Er hér að ræða um áburð stefnds um sök, er gera mundi stefnanda óhæfan til þess að gegna stöðu sinni sem framkvæmdastjóri Síldarútvegsnefndar og jafnvel hvaða opinberu trúnaðarstarfi, sem væri, ef sökin væri sönn, en fyrir þessum ásökunum hefur stefndur engar sannanir fært. Er því rétt, að stefndur verði dæmdur í 1000 kr. sekt fyrir þau, til vara sæti 20 daga varðhaldi, ef sektin er ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Í hneisubætur er rétt, að stefndur greiði 3000 kr. og greiði kostnað við birtingu dóms þessa í opinberu blaði, og skulu hin umstefndu ummæli vera dauð og marklaus.

Málskostnað, er rétt, að stefndur greiði með 1400 kr.

Fyrir því dæmist rétt vera:

Stefndur, Ásgrímur Albertsson, Siglufirði, greiði 1000 kr. sekt í ríkissjóð, en sæti til vara 20 daga varðhaldi, ef sektin er ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins. Hin umstefndu ummæli skulu dauð og marklaus.

Stefndur greiði stefnanda 3000 kr. í hneisubætur, 1400 kr. í málskostnað og greiði kostnað við birtingu dóms þessa í opinberu blaði.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 28. marz 1949.

Nr. 45/1949. **Valdstjórnin** (Sigurgeir Sigurjónsson)
gegn
Jóni Sölva Helgasyni (Ólafur Þorgrímsson).

Setudómari Einar Arnalds borgardómari í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Ölvun við bifreiðarakstur.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, 300 krónur til hvors.

Það er aðfinnsluvert, að ekki sést, að vitnið Þuríður Einarsdóttir hafi verið prófað sjálfstætt í málinu og að ekki hefur verið gerð gangskör að því að fá skýrslur af fólki því, er kærði telur sig hafa ekið til Hafnarfjarðar umrætt kvöld.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Kærði, Jón Sölvi Helgason, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sigurgeirs Sigurjónssonar og Ólafs Þorgrímssonar, 300 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 8. okt. 1948.

Ár 1948, föstudaginn 8. október, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans, Guðmundi Ingva Sigurðssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4780/1948: Valdstjórnin gegn Jóni Sölva Helgasyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. október, er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Jóni Sölva Helgasyni bifreiðarstjóra, til heimilis í Eskihlíð 16 A, fyrir brot gegn áfengislögum, nr. 33 9. janúar 1935, og bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941.

Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 5. apríl 1913 að Efra-Apavatni í Laugardal. 1944 gekkst kærður undir 50 kr. sekt fyrir ölvun og rúðubrot. Um aðrar kærur eða refsingar er eigi kunnugt.

Málavextir eru þessir:

Að kvöldi hins 3. ágúst sl. um kl. 23.30 voru þær Valdís Guðmundsdóttir, til heimilis í Skipasundi 28 hér í bæ, og Þuríður Einarsdóttir, til heimilis í Miðstræti 3, staddar inni á „Adlon Bar" í Aðalstræti. Bar þar þá að kærðan. Bauð hann stúlkum þessum í bílferð. Bifreiðin var geymd á Kirkjutorgi. Á leiðinni þangað fannst Valdísi, að kærður hlyti að vera undir áhrifum áfengis. Markaði hún það af göngulagi hans. Spurði hún kærðan nánar um það, en hann neitaði. Settust báðar stúlkurnar í framsætið. Gekk vel að koma bifreiðinni af stað, en eftir að þau höfðu ekið um stund, tóku þær Valdís og Þuríður eftir, að ekki var allt með felldu. Kærður tók beygju á beinum vegi, steig misjafnt á benzíngjöf, kom ekki sem kurteislegast fram við stúlkurnar. Voru þær nú sannfærðar um, að kærður væri drukkinn. Þá fann sú, er nær sat kærðum, Valdís, áfengislykt, er lagði úr vitum hans. Báðu þær kærðan nú um að stanza, svo að þær mættu komast úr bifreiðinni. Í fyrstu neitaði hann, en lét þó til leiðast

um síðir. Var það í námunda við Háskólann. Á leiðinni í bæinn gerði kærður ítrekaðar tilraunir til þess að fá þær upp í bifreiðina aftur, en án árangurs.

Fóru þær svo beint á lögreglustöðina og tilkynntu um ferðir kærðs og ástand. Var þá kl. 00.30. Klukkutíma seinna handtók lögreglan kærðan, sem var áberandi ölvaður. Var hann þá farþegi í annarri bifreið, R. 2274, bifreiðarstjóri Jón Björgvin Magnússon. Jón Björgvin hefur skýrt frá því, að hann hafi hitt kærðan um kl. 00.30 þessa nótt við pylsuvagninn. Hann sá, að kærður stóð við bifreið sína, sem var þarna rétt hjá. Var kærður drukkinn. Fékk þá Jón Björgvin mann nokkurn til að aka bifreið kærðs heim til hans. Voru þeir nýkomnir úr þeim leiðangri, er lögreglan kom að þeim, eins og fyrr segir.

Kærður hefur skýrt frá því, að kvöld þetta hafi hann farið inn á „Adlon Bar". Hitti hann þar áðurnefndar stúlkur. Segist hann hafa ekið þeim frá Kirkjutorgi og suður á Njarðargötu, sunnan Hringbrautar. Þar fóru stúlkurnar úr bifreiðinni. Kærður hefur eigi getað gert grein fyrir því, hvers vegna stúlkurnar vildu fara þarna út. Kveðst hann síðan hafa ekið niður að pylsuvagni og hafið þar drykkju. Álítur hann, að kl. hafi verið rúmlega 23.30. Segist kærður hafa gerzt mjög ölvaður á skömmum tíma. Þar hitti hann áðurnefndan Jón Björgvin, eins og fyrr greinir.

Hefur kærður mótmælt því, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis við akstur bifreiðar sinnar kvöld þetta.

Stúlkur þær, er áður getur, eru sannfærðar um, að kærður hafi verið undir áhrifum áfengis við aksturinn. Hafa þær hvergi hvikað frá framburði sínum, er þær hafa staðfest með eiði.

Framburður þeirra fær og stuðning í framburði Jóns Björgvins, er hitti kærðan drukkinn kl. 00.30 eða um sama leyti sem stúlkurnar komu á lögreglustöðina.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, telst sannað þrátt fyrir neitun kærðs, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis við aksturinn umrætt skipti. Með því hefur hann gerzt brotlegur við 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislaga, nr. 33 frá 1935, og 1. mgr. 23. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga, nr. 23 frá 1941.

Refsing hans þykir hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga.

Kærður var úrskurðaður í gæzluvarðhald 4. ágúst sl. og sleppt daginn eftir. Ekki þykir ástæða til að láta gæzluvarðhaldstímann koma til frádráttar, þar sem ekki verður talið, að skilyrði 76. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940, fyrir slíku séu hér fyrir hendi.

Samkvæmt 21. gr. áfengislaga og 39. gr. bifreiðalaga ber að svipta kærðan ökuleyfi í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Loks ber að dæma kærðan til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, hr. hrl. Ólafs Þorgrímssonar, sem ákveðast kr. 300.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Kærður, Jón Sölvi Helgason, sæti varðhaldi í 10 daga.

Kærður er sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Kærður greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, hr. hrl. Ólafs Þorgrímssonar, að upphæð kr. 300.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 30. marz 1949.

Nr. 115/1948. **Réttvísin og valdstjórnin** (Einar Arnórsson)
gegn
Jóhanni Guðnasyni (Theodór B. Líndal)
og Einari Kristjánssyni (Ragnar Jónsson).

Bifreiðalagabrot. Líkamsáverkar.

Dómur Hæstaréttar.

Málsatvikum er rétt lýst í héraðsdómi. Brot ákærða Jóhanns Guðnasonar varðar við refsiákvæði þau, sem þar eru greind, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 30 daga varðhald. Svo þykir rétt að svipta hann leyfi til að aka bifreið í 3 ár.

Ákærði Einar Kristjánsson ók hóflega hratt og hægði á bifreiðinni, áður en hann beygði í áttina til Holtavegar. Er eigi leitt í ljós, að hann hafi sýnt vítaverðan skort á aðgæzlu, þótt hann veitti bifhjólinu ekki eftirtekt, áður en hann tók að beygja, þar eð það virðist hafa borið mjög hratt að bifreiðinni, sbr. vætti Leifs Jónssonar lögreglumanns. Þykir ákærði Einar Kristjánsson því ekki hafa brotið landslög með akstri sínum. Með því að gefa ekki merki með hendinni, áður en hann tók að beygja til hægri, hefur hann hins vegar gerzt brotlegur við 36. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, nr. 2 7. janúar 1930, og þykir refsing hans fyrir það hæfilega ákveðin 100 króna sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur, og komi 3 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Einar Kristjánsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, kr. 400.00.

Ákærði Jóhann Guðnason greiði allan annan sakarkostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málssóknarlaun skipaðs sækjanda í Hæstarétti, kr. 550.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, kr. 400.00.

Dómsorð:

Ákærði Jóhann Guðnason sæti 30 daga varðhaldi. Hann skal sviptur leyfi til að aka bifreið í 3 ár.

Ákærði Einar Kristjánsson greiði 100 króna sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur, og komi 3 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hann greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, Ragnars hæstaréttarlögmanns Jónssonar, kr. 400.00.

Ákærði Jóhann Guðnason greiði allan annan sakarkostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málssóknarlaun skipaðs sækjanda í Hæstarétti, Einars Arnórssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 550.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, Theodórs B. Líndals hæstaréttarlögmanns, kr. 400.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 18. marz 1948.

Ár 1948, fimmtudaginn 18. marz, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Þórði Björnssyni, settum sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1471—1472/1948: Réttvísin og valdstjórnin gegn Jóhanni Guðnasyni og Einari Kristjánssyni, — sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn ákærðum, Jóhanni Guðnasyni nemanda, Meðalholti 12, og Einari Kristjánssyni verkamanni, Nóatúni 19 hér í bæ, fyrir brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940, bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941, umferðarlögum, nr. 24 16. júní 1941, og lögreglusamþykkt Reykjavíkur, nr. 2 7. janúar 1930. Báðir eru ákærðir komnir yfir lögaldur sakamanna, ákærður Jóhann fæddur 23. september 1925 í Reykjavík, og hefur hann

ekki, svo að vitað sé, sætt refsingu hér fyrir neitt brot á lögum, en hinn 18. apríl 1940 var hann kærður fyrir hnupl, en málið var afgreitt til barnaverndarnefndar. Ákærður Einar er fæddur 18. nóvember 1919 í Súðavík, og hefur hann, svo að vitað sé, sætt þessum kærum og refsingum:

1935 16/12 Sátt, 10 kr. sekt fyrir akstur á ljóslausu reiðhjóli.
1941 15/8 Sátt, 10 kr. sekt fyrir hjólreiðar í Bankastræti.
1941 26/11 Sátt, 5 kr. sekt fyrir brot gegn b- og c-lið 50. gr. lögreglusamþ. Rvíkur.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Einhvern tíma laust eftir kvöldmat að kvöldi hins 20. ágúst 1946 lagði ákærður Jóhann af stað frá Selfossi á bifhjólinu R. 163, sem er af gerðinni Ariel, og átti ákærður það á tíma þeim, sem hér ræðir um. Farþegi á bifhjólinu var Magngeir Valur Jónsson sjómaður, Laugavegi 124, og sat hann í sæti, sem var fyrir aftan ekilssætið á nefndu hjóli. Ekki kveðst ákærður hafa ekið mjög hratt á leiðinni að austan, enda hafi hann þá verið óvanur að aka bifhjóli. Segir nú ekki af ferðum þeirra félaga, fyrr en þeir nálguðust Reykjavík, en þangað var ferð þeirra heitið. Er ákærður Jóhann nálgaðist gatnamót Holtavegar á leið sinni vestur Suðurlandsbraut, kom hann auga á bifreiðina R. 4171, sem ók í sömu átt og hann. Ekki kveðst hann geta gizkað á, með hve miklum hraða hann ók þá, en hann segir bifreið þessa hafa ekið hægt, og segist ákærður hafa haldið, að hún mundi stöðvast við gatnamót Holtavegar. Kveðst hann nú hafa hægt á bifhjólinu, og hugðist hann að aka fram úr bifreiðinni við gatnamótin, sem hann segist þó ekki hafa tekið eftir, að þarna voru, fyrr en eftir á. Er hjól ákærðs Jóhanns var komið nokkuð fram með bifreiðinni R. 4171, beygði hún til hægri inn á Holtaveginn. Er ákærður sá það, kveðst hann hafa reynt að beygja undan til hægri, en ekki tekizt að forða árekstri með því, og hafi nú afturhjól bifhjóls hans rekizt á hægra framaurbretti bifreiðarinnar. Við þetta kastaðist hjólið út af veginum, og duttu þeir báðir, ákærður og Magngeir Valur, af því. Skrámaðist ákærður talsvert í andliti við þetta, en Magngeir hlaut miklu alvarlegri meiðsli við byltuna, og verður þeirra síðar getið nánar. Bar síðan að bifreið nokkra, sem ekki er vitað um deili á, og voru þeir félagar fluttir í henni á Landspítalann. Nokkrar skemmdir urðu á bifreiðinni og bifhjólinu, sem hlut áttu að árekstrinum. Eins og áður er getið, kveðst ákærður Jóhann hafa verið óvanur að aka bifhjóli, þegar slys þetta varð, og hafi hann þá verið að læra að aka slíku farartæki, en ekki verið búinn að öðlast réttindi til að aka því. Hann hefur nú tekið bifreiðarstjórapróf. Hann kveðst ekki hafa verið illa fyrirkallaður til að aka bifhjóli þetta kvöld, og hafi hann þá ekki bragðað áfengi nýlega. Ekki kveðst ákærður muna, hvort hann hafi gefið hljóðmerki, áður eða um leið og hann ók fram úr bifreiðinni, en telur þó sennilegra, að svo hafi ekki verið. Slys þetta mun hafa átt sér stað um kl. 9 að kvöldi. Veður mun hafa verið þurrt og bjart og ekki tekið að dimma af nóttu.

Magngeir Valur Jónsson hefur sem vitni skýrt þannig frá: Það segir

bifreiðinni R. 4171 hafa verið haldið á vinstri vegarhelmingi miðað við þá átt, sem hún ók í, áður en henni var sveigt af Suðurlandsbraut inn á Holtaveg, og hafi hún hægt á ferðinni, en ekki staðnæmzt alveg, áður en hún beygði inn á veginn. Telur það framenda bifreiðarinnar hafa verið kominn vel inn á miðjan veginn (Suðurlandsbraut), þegar árekstur inn varð, og hafi framendi hennar því vitað þá inn á Holtaveg. Eftir árekstur inn segir vitnið bifreiðina þegar hafa verið stöðvaða. Um leið og bifhjólið ók fram með bifreiðinni, rakst framvari hennar í vinstra fót vitnisins, sem eins og fyrr segir, sat á hjólinu fyrir aftan ekilssæti þess, og brotnaði fóturinn við þetta. Síðan segir það hjólið hafa fallið á götuna og vitnið kastazt út í skurð við veginn, en ákærður Jóhann hafi fallið með hjólinu á veginn. Vitnið telur, að ákærður Jóhann hafi ekið með um 50 km hraða miðað við klst., áður og um það leyti sem slysið varð, en yfirleitt telur það hann hafa ekið með 40—50 km hraða miðað við klst. á leiðinni austan frá Selfossi í þessari ferð. Segir það sér ekki hafa fundizt ákærðum Jóhanni fara stjórn hjólsins klaufalega úr hendi á þessari leið, og það fullyrðir, að hvorugur þeirra ákærðs hafi verið hið minnsta undir áhrifum áfengis þetta kvöld. Eins og fyrr segir, brotnaði vinstri fótleggur vitnisins við nefndan árekstur, og auk þess hlaut það skrámur á andliti. Segir það fótbrotið hafa verið mjög slæmt, og lá það rúmfast á Landakotsspítala, frá því að slysið varð þar til 20. janúar 1947, að einum mánuði undanskildum, en eftir þann mánuð segir það fótlegginn hafa verið brotinn upp aftur, þar eð þurft hafi að spengja legginn, vegna þess að brotið greri ekki í þeim skorðum, sem það var áður í. Er vitnið var yfirheyrt hinn 24. desember sl., kveðst það ekki enn hafa náð sér að fullu eftir fótbrotið. Sagði það þá fótinn bólgna og það þreytast í honum, ef það stundaði erfiða vinnu, og þyrfti það því að fara varlega með hann. Eftir meiðslin á höfðinu kvaðst vitnið hins vegar við sömu yfirheyrslu hafa náð sér að fullu.

Ákærður Einar hefur skýrt þannig frá, að hann hafi ekið með um 35 km hraða miðað við klst., er hann nálgaðist gatnamót Holtavegar á leið sinni vestur Suðurlandsbraut, en þá kveðst hann hafa hægt á ferð bifreiðarinnar og skipt hreyfli hennar úr þriðja ganghraðastigi í annað, en ekki hafi hann alveg stöðvað bifreiðina, áður en hann beygði inn á fyrrnefndan veg, en um leið og ákærður gerði það, kveðst hann hafa litið í hliðarspegil, sem er á bifreiðinni R. 4171 hægra megin, en þeim megin er stýri hennar, og hafi hann þá ekki séð neitt farartæki nálgast í speglinum. Auk þess kveðst hann þá nýlega hafa verið búinn að líta aftur og þá ekki heldur séð neitt farartæki nálgast bifreið sína aftan frá. Segist ákærður Einar því ekki hafa haft hugmynd um ferðir bifhjólsins R. 163, fyrr en það rakst á hægra framaurbretti bifreiðar hans, en þá segir hann framenda bifreiðar sinnar hafa verið kominn vel yfir miðjan veginn og vitað skáhallt inn á hann í áttina að Holtavegi, þar eð hann hafi þá verið tekinn að beygja allmikið inn á nefndan veg. Við árekstur inn kveðst ákærður hafa hemlað bifreiðina og hún stöðvazt þegar í stað. Ekki segist

hann hafa rétt út höndina eða á annan hátt gefið merki um, að hann hygðist að beygja af Suðurlandsbrautinni, áður en hann gerði það. Bifreiðina R. 4171 segir ákærður hafa verið nýja, þegar slys þetta varð, og var hann nýlega búinn að taka bifreiðarstjórapróf þá (ökuskírteini út gefið 1. ágúst 1946). Hann kveðst hafa verið vel fyrirkallaður að öllu leyti til að aka bifreið dag þann, sem hér ræðir um, hvorki svefnþurfi né þreyttur, og kveðst hann vera bindindismaður á áfenga drykki. Ekki segir hann athygli sína hafa beinzt að öðru en akstri bifreiðarinnar um það leyti, sem slysið vildi til.

Með ákærðum Einari var einn farþegi í bifreiðinni, þegar slysið varð. Var það systir hans, Sveinborg Jósefína Kristjánsdóttir verkakona, Höfðaborg 69 hér í bæ, og sat hún í framsæti bifreiðarinnar við vinstri hlið ákærðs. Hefur hún sem vitni skýrt þannig frá, að bifreiðinni hafi verið haldið á vinstri vegarhelmingi, áður en hún nálgaðist Holtaveg, og þá verið ekið með á að gizka 35 km hraða miðað við klst. Er bifreiðin nálgaðist vegamót Suðurlandsbrautar og Holtavegar, segir vitnið ákærðan Einar hafa hægt á ferðinni og jafnframt hafi hann lítið eitt verið tekinn að sveigja í áttina að Holtavegi, þegar bifhjólið rakst á bifreiðina.

Kveðst vitnið hafa séð, að hjólið beygði lítið eitt frá bifreiðinni rétt í þeim svifum, sem áreksturinn varð, en eftir hann hafi bifreiðin stöðvazt þegar. Það hefur tekið fram, að það hafi ekki vitað neitt um ferðir bifhjólsins, fyrr en það ók fram með hlið bifreiðarinnar rétt um það leyti, sem slysið varð. Einnig hefur vitnið látið þess getið, að ákærður Einar hafi ekið hægt og gætilega yfirleitt í þessari ökuferð, og hafi það ekki orðið neins vart í sambandi við akstur hans, sem benti til þess, að hann hefði ekki fullt vald yfir bifreiðinni. Vitnið Leifur Jónsson lögregluþjónn var á leið til Reykjavíkur austan frá Laufskálacafé (Geithálsi) við Suðurlandsbraut umrætt kvöld, og kom það á slysstaðinn, stuttu eftir að slysið vildi til. Vitnið var farþegi í herbifreið ásamt tveim ölvuðum hermönnum, en þriðji hermaðurinn, ódrukkinn, ók bifreið þessari. Rétt áður en slysið varð, segir það bifhjólið R. 163 hafa ekið fram úr bifreiðinni, sem það var farþegi í, en þetta hafi gerzt með svo skjótri svipan, að vart hafi auga á því fest. Litlu síðar sá vitnið, að bifhjól þetta rakst á bifreiðina R. 4171 á gatnamótum Suðurlandsbrautar og Holtavegar, og hafi það verið bersýnilegt, að hjólið hafi verið að aka fram úr bifreiðinni á gatnamótum þessum, þegar áreksturinn varð. Það telur bifhjólið hafa ekið með miklum hraða, þegar slysið varð, en hins vegar hafi bifreiðin (R. 4171) virzt aka gætilega. Við áreksturinn segir vitnið bifhjólið hafa henzt út af veginum, og lá stjórnandi þess á veginum, þegar það kom að, en farþeginn, sem á hjólinu hafði verið, stóð við vegarbrúnina og virtist ekki mikið meiddur. Ekki kveðst vitnið hafa séð neitt í fari þeirra félaga, sem á bifhjólinu voru, sem benti til þess, að þeir væru undir áhrifum áfengis, og ákærðan Einar segir það sýnilega hafa verið algáðan og ekkert athugavert við framkomu hans. Síðar þetta kvöld reyndi vitnið hemla bifreiðarinnar R. 4171, og reyndust þeir vera í fullkomnu lagi, enda hafi

bifreið þessi verið ný. Það kveðst ekki hafa séð neitt hemlafar á slysstaðnum, enda hafi umferð um veginn þar verið mikil, þegar slysið varð, en það segist hafa séð, að bifreiðin R. 4171 hægði á ferðinni, áður en henni var sveigt í áttina að Holtavegi. Vitnið gerði síðan lögreglunni í Reykjavík aðvart um slysið, og fóru á slysstaðinn eftir tilvísan þess lögregluþjónarnir Ingólfur Sveinsson og Sigurbjörn Guðmundur Björnsson. Hafa þeir engar sjálfstæðar upplýsingar getað gefið um, með hvaða hætti slysið vildi til, enda komu þeir ekki á slysstaðinn fyrr en nokkru eftir, að það var um garð gengið. Ingólfur Sveinsson fór á Landspítalann af slysstaðnum og hitti þar báða þá menn, sem á bifhjólinu höfðu verið, þegar slysið varð (ákærðan Jóhann og Magngeir Val Jónsson). Segir hann ekkert hafa virzt athugavert við þá félaga og sérstaklega ekki neitt, sem benti til þess, að þeir hefðu neytt áfengis nýlega.

Samkvæmt atvikalýsingunni hér að framan telst ljóst, að báðir hinir ákærðu hafa, hvor með sínum hætti, átt sök á umræddu slysi og ákærður Jóhann þó sýnu meiri. Telst sannað með framburði vitnanna Leifs Jónssonar og Magngeirs Vals Jónssonar, að ákærður Jóhann hafi í senn ekið ógætilega og allt of hratt eftir atvikum um það leyti, sem slysið varð, og hefur hann með ógætilegum og of hröðum akstri sínum brotið 4. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga, nr. 23 16. júní 1941, og 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. umferðarlaga, nr. 24 16. júní 1941. Með því að aka fram úr ökutæki á gatnamótum hefur ákærður Jóhann brotið 32. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, nr. 2 7. janúar 1930, sbr. 4. mgr. 26. gr. bifreiðalaganna, og með því að aka bifhjóli án þess að hafa öðlazt til þess lögmælt réttindi hefur hann brotið 1. mgr. 20. gr. bifreiðalaganna og 45. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur. Loks telst ákærður Jóhann hafa brotið 219. sbr. 218. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940, með því að valda verulegum meiðslum á manni með ógætilegum akstri sínum. Þykir refsing hans samkvæmt 219. gr. almennra hegningarlaga, 38. gr. bifreiðalaga, 14. gr. umferðarlaga og 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur eftir atvikum og með tilliti til 77. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin 3000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 60 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá þykir rétt samkv. 39. gr. bifreiðalaganna að svipta ákærðan Jóhann leyfi til að aka bifreið í 18 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Sök ákærðs Einars telst hins vegar liggja í því, að hann hafi ekki sýnt nægilega aðgæzlu við aksturinn, er hann beygði bifreið sinni af Suðurlandsbraut inn á Holtaveg, en bifhjólið, sem ákærður Jóhann stjórnaði, var þá á næstu grösum og nálgaðist bifreið hans óðum. Er þess að gæta, að Suðurlandsbrautin er býsna fjölfarin á þeim slóðum, sem slysið vildi til á, og má því alltaf búast við, að farartæki séu á næstu grösum við farartæki, sem beygja út af henni, og er af þessum sökum ástæða til sérstakrar varúðar, þegar þetta er gert. Ákærður Einar hefur að vísu borið, að hann hafi aðgætt umferð fyrir aftan sig, áður og um það leyti, sem hann beygði í áttina að Holtavegi, en þá ekki séð neitt farartæki

nálgast. Ljóst er þó, að ekki hefur þessi athugun ákærðs Einars komið að neinu liði, því að víst er, að bifhjól ákærðs Jóhanns hefur þá verið á næstu grösum við hann (ákærðan Einar), og er ekki vitað um neitt, sem skyggt hafi getað á það frá ákærðum Einari séð. Telst hann því með aðgæzluskorti sínum hafa brotið 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaganna, 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. umferðarlaganna og 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur. Einnig telst ákærður Einar hafa brotið 219. sbr. 218. gr. almennra hegningarlaga með því að gerast samvaldur að slysi, sem veruleg lemstur á manni hlutust af. Þykir refsing hans samkvæmt 38. gr. bifreiðalaganna, 14. gr. umferðarlaganna, 96. gr. lögreglusamþykktarinnar og 219. gr. hegningarlaganna og með tilliti til 77. gr. sömu laga hæfilega ákveðin 800 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðir greiði in solidum allan sakarkostnað.

Á rekstri máls þessa hefur orðið allmikill dráttur, og stafar hann sumpart af því, að málið var sent í annað lögsagnarumdæmi, til að réttarskýrsla yrði þar tekin af ákærðum Jóhanni, sem var þar þó ekki, þegar til kom, og sumpart stafar drátturinn af önnum dómarans.

Dómsorð:

Ákærður Jóhann Guðnason greiði 3000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 60 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærður Jóhann Guðnason skal sviptur leyfi til að aka bifreið í 18 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærður Einar Kristjánsson greiði 800.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðir greiði in solidum allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 30. marz 1949.

Nr. 50/1947. **Steingrímur Þórðarson og Gunnar Jónsson**
gegn
Guðvarði Sigurðssyni.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Steingrímur Þórðarson og Gunnar Jónsson, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 1. apríl 1949.

Nr. 39/1949. **Valdstjórnin** (Eggert Claessen)
gegn
Emil Andersen (Einar B. Guðmundsson).

Dragnótaveiðar í landhelgi.

Dómur Hæstaréttar.

Friðrik Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, hefur markað á sjóuppdrátt stað vélbáts kærða í landhelgi, og reyndist hann vera 2.1 sjómílur innan landhelgislínu.

Sakaratriðum er rétt lýst í héraðsdómi, og varðar brot kærða við refsiákvæði, er þar eru greind, að öðru en því, að ákvæði laga nr. 14/1948 taka ekki til ákvörðunar fésekta samkvæmt lögum nr. 45/1937, þar sem fjárhæð sekta er miðuð við gullkrónur.

Samkvæmt þessu má staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms um varðhaldsrefsingu kærða, upptöku afla og veiðarfæra svo og um málskostnað í héraði. Með hliðsjón af gullgildi íslenzkrar krónu, sem nú er 33.96, þykir fésekt á hendur kærða hæfilega ákveðin 9000 krónur til Fiskveiðasjóðs Íslands, og komi varðhald 75 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Dómsorð:

Kærði, Emil Andersen, sæti varðhaldi 2 mánuði og greiði 9000 króna sekt í Fiskveiðasjóð Íslands. Verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, komi í hennar stað varðhald í 75 daga.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra og málskostnað í héraði staðfestast.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar

með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Eggerts Claessens og Einars B. Guðmundssonar, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 5. júní 1948.

Ár 1948, laugardaginn 5. júní, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Loga Einarssyni, fulltrúa sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 3238/1948: Valdstjórnin gegn Emil Martin Andersen, — sem dómtekið var sama dag.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Emil Martin Andersen skipstjóra, til heimilis að Heiðavegi 13 í Vestmannaeyjum, til refsingar og greiðslu málskostnaðar fyrir brot gegn lögum nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, sbr. lög nr. 26 12. febrúar 1940, um breyting á þeim lögum.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 13. júlí 1917 í Vestmannaeyjum. Hinn 20. maí 1947 var hann í Vestmannaeyjum dæmdur í 29.500.00 kr. sekt fyrir botnvörpuveiðar í landhelgi. Afli og veiðarfæri m/s Metu var gert upptækt. Að öðru leyti hefur hann hvorki sætt kæru né refsingu fyrr, svo að vitað sé.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Föstudaginn 4. þ. m. var varðskipið Ægir á eftirlitsferð við Hafnaberg. Klukkan 16.25 var það stöðvað við hlið m/s Metu, V.E. 236, 36.22 rúmlestir brúttó að stærð, en dragnót skips þessa var utanborðs og skipverjar að veiðum. Var þegar gerð svofelld staðarákvörðun:

Stafnessviti
N.-tá Hafnabergs > 59°
Reykjanessviti. > 89°

Dýpi 70 metrar.

Reyndist því m/s Meta tvær sjómílur innan landhelgislínu, og játaði skipstjórinn, kærði í máli þessu, þegar, að svo væri, enda hefur hann ekkert haft við staðarákvörðunina að athuga.

Það, sem hér að framan greinir, er samkvæmt samhljóða vitnaframburðum fyrsta og annars stýrimanns varðskipsins, Magnúsar Björnssonar og Högna Jónssonar.

Kærði, sem er einn af fjórum eigendum m/s Metu, en hinir eru bræður hans tveir, Knud Andersen og Willum Andersen, auk föður hans, Peters Andersens, sem allir eru búsettir í Vestmannaeyjum, skýrir svo frá, að hann hafi farið á veiðar sl. fimmtudag kl. 2 e. h. Um sexleytið dag þennan setti hann nótina út og hóf veiðarnar djúpt út af Hafnabergi. Klukkan

um tvö næstu nótt var nótin dregin inn og veiðunum svo haldið áfram næsta dag. Kveðst kærði þá hafa farið með fullri vitund inn fyrir landhelgislínuna og verið þar að veiðum, er varðskipið kom að bátnum. Hefur kærði getið þess, að hann hafi talið sig vera að leyfilegum veiðum, því að hann hafi vitað til þess, að tveir bátar, báðir yfir 100 smálestir að stærð, m/s Erna, E.A. 200, og m/s Fell, V.E. 31, hafi í fyrra fengið leyfi til að veiða með dragnót í landhelgi. Vitnið Magnús Björnsson segir, að rétt sé, að bátar þessir hafi fengið slíkt leyfi, en fullyrðinga kærða um, að hann hafi talið sig vera að leyfilegum veiðum, verður ekki hægt að taka tillit til, enda hefur hann aldrei sótt um slíkt leyfi og eigi heimilt að veita það nema á tímabilinu frá 1. október til 30. nóvember.

Með eigin framburði kærða, sem er í samræmi við annað það, sem er upplýst í máli þessu, er sannað, að hann hafi með fullri vitund verið að dragnótaveiðum í landhelgi á skipi, sem stærra er en 35 smálestir brúttó, föstudaginn 4. þ. m. Hefur kærði því gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 26 12. febrúar 1940, um breyting á lögum nr. 45 frá 13. júní 1937.

Þykir refsing hans með tilliti til gullgildis íslenzkrar krónu í dag og laga nr. 14 8. marz 1948, um ákvörðun fésekta, sbr. 3. gr. laga nr. 45/1937, hæfilega ákveðin 22.500.00 króna sekt til Fiskveiðasjóðs Íslands, og komi varðhald í tvo mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Þar sem kærði var hinn 20. maí 1947 dæmdur í 29.500 kr. sekt vegna botnvörpuveiða í landhelgi, þykir bera að dæma hann í tveggja mánaða varðhald skv. 5. gr. laga nr. 45 13. júní 1937, enda verður að telja, að óleyfilegar botnvörpuveiðar séu sízt minna brot en ólöglegar dragnótaveiðar í landhelgi.

Skv. 3. gr. nefndra laga ber að gera öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, og allan afla um borð í m/s Metu upptæk til sama sjóðs.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Kærði, Emil Martin Andersen, greiði kr. 22.500.00 sekt til Fiskveiðasjóðs Íslands.

Sektin greiðist innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en afplánist ella með tveggja mánaða varðhaldi.

Kærði sæti tveggja mánaða varðhaldi.

Afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í m/s Metu, V.E. 236, skal gert upptækt til sama sjóðs.

Kærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 6. apríl 1949.

Nr. 131/1948. **Valdstjórnin** (Hermann Jónsson hdl.)
gegn
Sigþóri Þórarinssyni (Theodór B. Líndal).

Brot gegn lögum um lax- og silungsveiði.

Dómur Hæstaréttar.

Jón sýslumaður Steingrímsson hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Í 1. gr. laga nr. 112/1941, um lax- og silungsveiði, eru króknet talin til fastra veiðivéla, og í 25. gr. eru þau nefnd meðal þeirra veiðitækja, sem nota má til laxveiða eða silungs í ám. Höfundar frumvarps til ofangreindra laga um lax- og silungsveiði létu því fylgja í athugasemdum rækilega lýsingu á króknetti ásamt uppdrætti af því. Þar segir:

„Króknet eru komin frá lagnetunum fyrir þróun og umbætur margra ára. Þau eru veiðigildrur, sem til þess eru gerðar að veiða göngufisk í straumvötnum. Króknetin eru venjulegast þannig gerð, að út frá landi er lagt grindakláfum, grjóti fylltum, hverjum fram af öðrum, svo langt út sem unnt er eða leyfilegt. Við kláfa þessa er svo lagt neti, er stöðvar fiskför að fullu, svo langt sem það nær. Út frá hinum yzta kláf er öðru neti lagt undan straumi, langt eða skammt eftir ástæðum. Neðst við þetta net, þeim megin, er veit að landi, er svo krókurinn festur, en hann er net eða netálma, sem lagt er upp móti straumi. Eru bæði netin samhliða að kalla í fyrstu, en síðan beygist krókurinn allmikið í áttina til lands. Milli netja þessara verður þannig kverk, er þrengist æ því meir, sem lengra dregur forstreymis, unz bæði netin renna saman. Niður frá króknum er oft, einkum í hinum tæru bergvatnsám, lagt einu netinu enn. Nefnist það leiðari, og er jafnan eftir því leitað, að svifa honum svo langt út sem lög leyfa og helzt út fyrir höfuðstreng eða straumlínu árinnar. Milli lands og netja þeirra, sem nú hafa verið talin, verður þannig kví, er nefna mætti veiðikví, og er hún aðeins opin undan straumi.

Fiskurinn gengur nú neðan ána og heldur sig jafnan nálægt straumlínu. Nokkuð af honum lendir í kvínni, innan við leiðarann. En er fiskurinn kemur að fyrirstöðunni, leitar hann út í ána, unz fyrir honum verður net það, er forstreymis liggur. Kennir hann nú fyrirstöðu á tvo vegu og heldur hikandi undan straumnum, lendir í króknum og ánetjast þar."

Veiðivél kærða er í því meginatriði frábrugðin veiðitæki því, sem höfundar laganna miðuðu við, að á veiðivél kærða eru þrjú net með veiðikrókum í stað eins nets með veiðikrók á veiðitæki því, sem átt er við í lögunum. Hefur kærði því með notkun veiðivélar þessarar gerzt brotlegur við 25. gr. sbr. b-lið 89. gr. laga nr. 112/1941. En með því að fullvíst má telja, að kærði hafi framið verknaði sína vegna afsakanlegrar vanþekkingar á réttarreglum, þykir rétt samkvæmt síðustu málsgrein sbr. 3. tl. 74. gr. laga nr. 19/1940 að ákveða, að refsing hans skuli falla niður.

Kærði greiði allan sakarkostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin laun skipaðs verjanda í héraði, kr. 500.00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 700.00 til hvors.

Dómsorð:

Refsing kærða, Sigþórs Þórarinssonar, fellur niður.

Kærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin laun skipaðs verjanda fyrir héraðsdómi, Theodórs B. Líndals hæstaréttarlögmanns, kr. 500.00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, héraðsdómslögmanns Hermanns Jónssonar og hæstaréttarlögmanns Theodórs B. Líndals, kr. 700.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 24. júlí 1948.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Sigþóri Þórarinssyni, bónda í Einarsnesi, fyrir meint brot gegn ákvæðum laxveiðilaga, nr. 112 frá 9/10 1941.

Tildrög málsins eru þau, að er Gestur Kristjánsson, veiðieftirlitsmaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, er hefur eftirlit með veiði í Hvítá, var á

eftirlitsferð um leirusvæði Hvítár 27. maí sl., sá hann, að við eina laxveiðilögn frá Einarsnesi voru lögð 3 króknet. Þar sem veiðimálastjóri hafði tjáð honum, að hann teldi ólöglegt að hafa fleiri en eitt net við hverja fyrirstöðu, og falið honum að gæta þess, að svo væri eigi gert, tók eftirlitsmaðurinn upp tvö netin og kærði síðan Sigþór Þórarinsson, bónda í Einarsnesi, eiganda laxveiðilagnanna, fyrir sýslumanni Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

Kærður hefur fyrir réttinum játað, að hann hafi lagt laxveiðilögn þá, er veiðieftirlitsmaðurinn athugaði, með þeim hætti, að við fyrirstöðuna hafi hann lagt þrjú króknet. En jafnframt tekur hann það fram, að hann telji, að sér hafi verið þetta fullkomlega heimilt, og sé það á engan hátt brot á laxveiðilögunum að hafa fleiri en eitt net við sömu fyrirstöðu.

Hann kveðst að vísu eigi sjálfur hafa stundað laxveiði í Einarsnesi nema sumarið 1947, því að hann keypti jörðina vorið 1947. En hann segir, að maður sá, er hann keypti jörðina af, Sigurmon Símonarson, hafi um langt árabil stundað laxveiði fyrir landi jarðarinnar á þann hátt, að hann hafi haft fleiri net við sömu fyrirstöðu, og hafi hann gert þetta jafnt fyrir og eftir, að laxveiðilög nr. 61 frá 23/6 1932 tóku gildi. Þá fullyrðir hann, að aðrir þeir, er laxveiði stunda á leirusvæði Hvítár, og einnig sumir þeir, er laxveiði stunda í lagnir í Hvítá ofan óss hennar, hafi fyrr og síðar stundað laxveiðina með þeim hætti að leggja fleiri en eitt net við hverja fyrirstöðu.

Hann benti á, að árið 1936 eða 1937 hefði verið skipaður eftirlitsmaður með veiði á vatnasvæði Hvítár og hefði Gestur Kristjánsson haft þann starfa á hendi alltaf síðan. Eftirlitsmaður þessi hefði á hverju sumri séð fjölda fyrirstaðna með fleiri netum við, en aldrei gert athugasemdir við, að slík veiðitæki væru ólögleg. Væri því í mesta máta undarlegt, er nú væri allt í einu farið að telja veiðiútbúnað þennan ólöglegan, því að ef hann væri nú ólöglegur, hefði hann alltaf verið jafnólöglegur, frá því að lög nr. 61 frá 1932 tóku gildi.

Loks benti hann á nokkra menn, er laxveiði hefðu stundað í lagnir í Hvítá og gætu borið um, að frásögn hans um notkun fleiri króknetja við sömu fyrirstöðu væri rétt.

Veiðieftirlitsmaður, Gestur Kristjánsson, mætti í réttinum og viðurkenndi, að algengt hefði verið allan þann tíma, er hann hefur haft veiðieftirlit á hendi á vatnasvæði Hvítár, að fleiri en eitt net væru við sömu fyrirstöðu. Kveðst hann engar athugasemdir hafa gert við þetta, því að sér hafi lengi vel engin fyrirmæli borizt frá Veiðimálanefnd eða veiðimálastjóra um, að telja bæri slíka lögn ólöglega. En nú á síðastliðnum vetri hafi veiðimálastjóri tilkynnt sér, að hann teldi slíka lögn ólöglega, og hafi hann þá að sjálfsögðu kært málið fyrir sýslumanni.

Vitnin Jón Jónsson, vélamaður í Borgarnesi, Þorsteinn Jakobsson, verkamaður á Húsafelli, Hjörtur Helgason, veghefilsstjóri í Borgarnesi, og Viggó Jónsson, bóndi í Rauðanesi, hafa mætt í réttinum. Hafa þeir allir borið það, að um langt árabil hafi tíðkazt að hafa fleiri net við sömu

fyrirstöðu í laxveiðilögnum á leirusvæði Hvítár og einnig í lögnum í Hvítá ofan óss, en þó verið fátíðara þar. Er framburður Jóns Jónssonar um þetta atriði mjög glöggur og greinargóður, og virðist samkvæmt honum, að þessi veiðiaðferð hafi tíðkazt um 30—40 ára bil.

Veiðimálastjóri, Þór Guðjónsson í Reykjavík, hefur mætt í réttinum. Telur hann, að eigi sé heimilt að hafa fleiri en eitt net við hverja fyrirstöðu. Kveðst hann byggja þetta álit sitt á greinargerð með fyrsta frumvarpi að laxveiðilögum nr. 61 frá 1932, er lagt var fram á Alþingi árið 1930. Bendir hann á VIII. kafla greinargerðarinnar, þar sem lýst er föstum veiðivélum og notkun þeirra (Alþingistíðindi 1930, A., 6. hefti, bls. 879). Er þar uppdráttur og lýsing af veiðivél, er nefnist króknet, og telur hann, að sú veiðivél megi eigi, að því er veiðiútbúnað snertir, vera með öðrum hætti en uppdrátturinn sýnir, en hann sýnir aðeins eitt króknet við fyrirstöðu.

Að réttarins áliti er það sannað með framburði vitna, að jafnt fyrir og eftir gildistöku laga nr. 61 frá 1932 og allt til vorsins 1948 hafi það tíðkazt og verið látið óátalið af veiðieftirlitsmanni, að laxveiðilagnir í Hvítá og á leirusvæði hennar væru með þeim hætti, að fleiri en eitt net væru við sömu fyrirstöðu, en af því hlýtur að leiða, að allsterk rök verða að koma fram fyrir því, að veiðiaðferð þessi brjóti í bága við laxveiðilögin, ef banna á hana, og það því fremur sem í greinargerð fyrir frumvarpi til laxveiðilaga, er lagt var fram á Alþingi 1930 og telja verður frumdrög að laxveiðilögunum frá 1932, segir í umsögn um 25. gr., að ætlunin sé að heimila öll þau veiðitæki, sem notuð hafi verið til þess tíma.

Rétturinn lítur svo á, að uppdráttur sá, er veiðimálastjóri vísar til og birtur er í Alþingistíðindum 1930, A., 6. hefti, bls. 880, sýni að vísu, hvernig veitt er með krókneti. En af því verður á engan hátt ályktað, að króknet megi eigi nota á annan hátt en þar er sýnt, enda stendur í lýsingu á veiðitækjum, er uppdrættinum fylgir: „Króknetin eru venjulegast þannig gerð."

Ber því að telja, að uppdrátturinn sýni veiðitækið eins og almennast var, að það væri notað á þeim tíma, er lagafrumvarpið var samið. En sýnilegt er, að eigi getur verið jafnhagkvæmt að nota það óbreytt við allar aðstæður. Þar sem fyrirstaðan liggur beint út frá árbakka og er stutt, er engin þörf á að hafa fleiri en eitt net við hana. En er fyrirstaðan er sett á leirusvæði úti í miðri á, er enginn bakki til að mynda aðra hlið kvíarinnar, og verður þá að mynda hana með öðru neti eða leiðara.

Samkvæmt framansögðu og þar sem eigi verður fundið í laxveiðilögunum neitt ákvæði, er leggi bann við því að hafa fleiri en eitt króknet við sömu fyrirstöðu, ber að sýkna kærðan af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu.

Allan sakarkostnað ber að greiða úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun talsmanns kærðs, kr. 500.00.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Sigþór Þórarinsson, bóndi í Einarsnesi, skal vera sýkn af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun verjanda kærðs, Theodórs B. Líndals hæstaréttarlögmanns, 500.00 — fimm hundruð — krónur.

Miðvikudaginn 6. apríl 1949.

Nr. 97/1948. **Alfreð Guðmundsson** (Tómas Jónsson)
gegn
Búnaðarfélagi Garða- og Bessastaðahrepps og Gísla Guðjónssyni (Sveinbjörn Jónsson).

Ómerking. Málið ekki lagt til sátta.

Dómur Hæstaréttar.

Aðiljar máls þessa höfðu fyrir fram samið skriflega um að ganga fram hjá sáttamönnum um sáttatilraun í málinu. Átti héraðsdómari því samkvæmt 5. gr. laga nr. 85/1936 að leita sátta um dómkröfur aðilja í þinghaldi hinn 9. marz f. á., eftir að stefndu höfðu lagt fram greinargerð af sinni hálfu, sbr. 2. málsgr. 106. gr. sömu laga. Ekki sést, að héraðsdómari hafi leitað sátta í málinu, og verður því að ómerkja dóm og málsmeðferð í héraði frá þeim tíma, er sátta bar að leita samkvæmt framansögðu, og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Stefndu hafa ekki krafizt málskostnaðar hér fyrir dómi, og fellur því málskostnaður í Hæstarétti niður.

Dómsorð:

Dómur og málsmeðferð í héraði frá þeim tíma, er að framan greinir, eiga að vera ómerk, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 16. júní 1948.

Ár 1948, fimmtudaginn 16. júní, var í bæjarþingi Hafnarfjarðar, sem haldið var í réttarsal embættisins af fulltrúa bæjarfógeta, Kristni Ólafssyni, upp kveðinn dómur í málinu: Alfreð Guðmundsson gegn Búnaðarfélagi Garða- og Bessastaðahrepps og Gísla Guðjónssyni, — sem dómtekið var 5. júní síðastliðinn.

Mál þetta er höfðað fyrir bæjarþingi Hafnarfjarðar með stefnu, dags. 27. janúar síðastl., af Alfreð Guðmundssyni, Mánagötu 4, Reykjavík, gegn stjórn Búnaðarfélags Garða- og Bessastaðahrepps f. h. félagsins, þeim Einari Halldórssyni, Setbergi, form. félagsins, Birni Konráðssyni, Vífilsstöðum, og Klemens Jónssyni, öllum í stjórn áðurnefnds búnaðarfélags, og einnig gegn Gísla Guðjónssyni, bónda í Hlíð, til afhendingar á einni „Farmall"-dráttarvél, sem stefnandi kveðst hafa pantað hjá Sambandi ísl. samvinnufélaga 26. júlí 1945. Þá krefst stefnandi einnig skaðabóta vegna notkunar á dráttarvélinni og málskostnaðar, hvort tveggja eftir mati réttarins.

Við munnlegan flutning málsins breytti stefnandi kröfum sínum í það form, að stefndu verði dæmdir til að afhenda stefnandanum eina „Farmall"-dráttarvél samkvæmt pöntun, sem gerð var hjá Samb. ísl. samvinnufélaga 26. júlí 1945, gegn greiðslu kaupverðs dráttarvélarinnar og stefndu jafnframt dæmdir til greiðslu málskostnaðar, eins og áður er krafizt.

Af hálfu stefndu eru þær kröfur gerðar, að þeir verði algerlega sýknaðir í máli þessu og þeim tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnandans skv. mati dómarans.

Málið er rekið og dæmt í bæjarþingi Hafnarfjarðar með samkomulagi aðilja.

Málavextir eru þessir:

Í júlímánuði 1945 leitaði stefnandi máls þessa, Alfreð Guðmundsson, til Búnaðarfélags Garða- og Bessastaðahrepps um pöntun á einni „Farmall"-dráttarvél. Formaður búnaðarfélagsins, Einar Halldórsson, Setbergi, fyllti út og undirritaði pöntunarseðil, þar sem „félagið" óskar að fá keypt frá Búnaðardeild SÍS handa Alfreð Guðmundssyni, Urriðavatni, eina „Farmall"-dráttarvél ásamt meðfylgjandi (sláttuvél), eins og þar greinir orðrétt (rskj. 11), og er seðillinn dagsettur í júlí 1945. Var pöntunarseðill þessi því næst sendur Samb. ísl. samvinnufélaga. En samkv. samningi við Búnaðarfélag Íslands, gjörðum í árslok 1943, selur sambandið búnaðarfélögum landbúnaðarvélar og sáðvörur með sama verði og sömu kjörum og kaupfélögum. Vörurnar eru afgreiddar til formanns búnaðarfélaganna á hverjum stað eða eftir þeirra tilvísun gegn staðgreiðslu, eins og fram tekið er á pöntunarseðlinum, eða eftirkröfu, og sjá þeir þá um úthlutun á vörunum til félagsmanna án íhlutunar sambandsins.

Hins vegar tekur sambandið ekki við landbúnaðarvélapöntunum frá einstaklingum. Þessi aðferð um afgreiðslu landbúnaðarvéla frá sambandinu hefur verið upp tekin í því skyni, að þeir, sem helzt þyrftu vélanna með til landbúnaðarframkvæmda að dómi búnaðarfélaga, sætu í fyrir-

rúmi, þar sem mikill skortur er á slíkum vélum. Þá er og tilgangurinn að koma þannig í veg fyrir, að braskað verði með þessar vörur á svörtum markaði, sem búast mætti við, meðan ekki er nærri hægt að fullnægja eftirspurninni.

Umrædd „Farmall"-dráttarvél var síðan afgreidd í marzmánuði 1947, og samkv. fyrirmælum formanns Búnaðarfélags Garða- og Bessastaðahrepps var dráttarvélinni ráðstafað til Gísla Guðjónssonar, bónda í Hlíð í Garðahreppi, meðstefnda í máli þessu. En þá um vorið hafði stjórn búnaðarfélagsins samþykkt að afhenda ekki Alfreð Guðmundssyni „Farmall"-dráttarvél, sem hann hafði pantað hjá félaginu, þar sem hann hafði þá selt jörð sína í Garðahreppi, enda hefðu þá legið fyrir allmargar pantanir frá öðrum félagsmönnum um dráttarvélar.

Stefnandi heldur því fram, að hann eigi heimtingu á að fá þá dráttarvél, sem búið var að afgreiða á hans nafn og ráðstafa svo, að bindandi sé fyrir búnaðarfélagið. Milliganga búnaðarfélagsins sé umboðsstarfsemi eða umboðssala, og hafi þá félagið ekki heimild til slíkra sjálfstæðra ráðstafana. Stefnandinn hefði haft fullan rétt til að fá hina umstefndu dráttarvél, þótt hann hefði selt jörð sína í Garðahreppi (Urriðavatn), því að eignarréttur að jörðinni skipti engu um rétt manna til að fá slíkar vélar. Auk þess eigi stefnandinn erfðafestuland í Sogamýri við Reykjavík og hafi loforð frá hinum nýja eiganda Urriðavatns að fá hluta af landi þar til afnota fyrir sumarbústað, hvort tveggja óræktað.

Gegn þessu er því haldið fram af hálfu stefndu, að búnaðarfélagið skipti sér ekki af pöntunum á jarðyrkjuverkfærum handa öðrum en bændum á búnaðarfélagssvæðinu, sem er Garða- og Bessastaðahreppar, eða eigendum jarða þar, og sé því hvorki rétt né skylt að afhenda vél, þótt einhver hafi pantað, ef hann ekki uppfyllir þessi skilyrði, er vélin kemur, og það sé aðeins formsatriði, hvaða nafn sé gefið upp á pöntunarseðli.

Rétturinn verður að telja, að orðalag pöntunarseðilsins og samningur SÍS um sölu landbúnaðarvéla til búnaðarfélaga beri ótvírætt með sér, að ekki sé þar um að ræða neins konar umboðsstarfsemi eða umboðssölu af hálfu búnaðarfélagsins, heldur venjuleg kaup. Og enda þótt pöntunarseðillinn tilgreini nafn stefnandans og vélin sé upphaflega afgreidd á hans nafn, verður ekki talið, eins og þessum kaupum er hagað, að í því felist bindandi ráðstöfun á umræddri dráttarvél, sem stefnandi geti reist á kröfu sína um afhendingu vélarinnar. Þar sem ekki er um að ræða önnur atriði, er stefnandinn gæti reist rétt sinn á, ber að sýkna stefndu, stjórn Búnaðarfélags Garða- og Bessastaðahrepps, af öllum kröfum stefnandans í máli þessu.

Af þessu leiðir einnig, að ekki verða teknar til greina kröfur stefnandans á hendur stefnda Gísla Guðjónssyni, enda hefur hann keypt og fengið sér afhenta umrædda dráttarvél í góðri trú.

Samkv. þessari niðurstöðu réttarins ber að gera stefnandanum að greiða stefndu málskostnað, er þykir hæfilega metinn kr. 500.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu, stjórn Búnaðarfélags Garða- og Bessastaðahrepps og Gísli Guðjónsson, skulu vera sýkn af kröfum stefnandans í máli þessu.

Stefnandinn, Alfreð Guðmundsson, greiði stefndu, stjórn búnaðarfélagsins og Gísla Guðjónssyni, kr. 500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 8. apríl 1949.

Nr. 2/1949. **Valdstjórnin** (Einar Ásmundsson)
gegn
Jóni Einarssyni (Lárus Fjeldsted).

Ólögleg veiði togbáts í landhelgi.

Dómur Hæstaréttar.

Ari Kristinsson, fulltrúi sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Forstöðumaður Stýrimannaskólans hefur markað á sjóuppdrátt stað vélbáts kærða í landhelgi, og reyndist staðurinn 4.6 sjómílur innan landhelgislínu. Samkvæmt þessu og með hliðsjón af gullgildi íslenzkrar krónu, sem nú er 33.96, ber að staðfesta héraðsdóminn.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Kærði, Jón Einarsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars Ásmundssonar og Lárusar Fjeldsteds, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Þingeyjarsýslu 30. október 1948.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Jóni Einarssyni, Seyðisfirði, skipstjóra á vélbátnum Ásþór, N.S. 9, frá Seyðisfirði, fyrir brot gegn lögum um bann gegn botnvörpuveiðum, nr. 5 18. maí 1920, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924. Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, að eigin sögn fæddur 30. júlí 1915, og hefur hvorki sætt ákæru né refsingu, svo að kunnugt sé.

Samkvæmt skýrslu skipherrans á varðbátnum Faxaborg eru málavextir þessir, er nú skal greina:

Föstudaginn 29. okt. 1948 lá varðskipið Faxaborg við akkeri undan Hjálmarsnesi í Þistilfirði, eða nánara til tekið

Svalbarðsnúpur

$> 64.20°$

Óttarshnjúkur

$> 77.40°$

Sandhaugur.

Kl. 14.00 sást til skips, sem hélt í S.SaV. með lítilli ferð. Kl. 15.04 mælist $>$ frá Melrakkanesi til skipsins 28°. Var þá létt akkeri og vegmælir látinn út, er sýnir 0.0, og stýrt réttvísandi 28°. Kl. 15.14 stefnir skipið á varðskipið og snýr síðan frá því. Kl. 15.20 sést stjórnborðsafturhleri koma upp úr sjó á skipinu.

Kl. 15.29 er skotið lausum púðurskotum á skipið, þar eð skipið setti á ferð. Kl. 15.32 stöðvað hjá m/s Ásþóri, N.S. 9, sem er með stjórnborðstoghlera hangandi útbyrðis. Vegmælirinn tekinn inn og sýnir 3.6, og var þá gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Svalbarðsnúpur

$> 41.40°$

Rauðanes

$> 85.05°$

Melrakkanes.

Dýpi 107 metrar, og gefur það stað togbátsins 4.5 sjómílur fyrir innan landhelgislínu.

Var þá bátur settur út, og annar stýrimaður varðskipsins fór um borð til að athuga, hvernig umhorfs væri á togbátnum, og einnig að sækja skipstjórann, og var lifandi fiskur á þilfari á að gizka 1—2 pokar. Aðspurður skipstjóri togbátsins viðurkennir að hafa verið að veiðum og hafa tekið vörpuna inn um 15 mínútum áður en varðskipið kom að togbátnum. Var skipstjóra boðið að gera staðarákvörðun, sem hann hafnaði, en viðurkenndi staðarákvörðun varðskipsins rétta.

Síðan var skipstjóranum á Ásþóri sagt að fara til Húsavíkur, og var hann síðan fluttur um borð í sitt skip.

Kl. 16.30 haldið af stað til Húsavíkur og komið þangað kl. 02.00 hinn 30. okt. Veður S.A. 3, sjór S.A. 3, skýjað.

Kærður hefur hér fyrir réttinum viðurkennt framangreinda skýrslu rétta

í öllum atriðum. Hann hefur viðurkennt að hafa í þetta sinn verið að botnvörpuveiðum innan landhelgislínunnar.

Samkvæmt málavöxtum, sem nú hefur verið lýst, er ljóst, að kærður hefir gerzt brotlegur við 1. sbr. 3. gr. laga nr. 5 frá 1920 sbr. lög nr. 4 frá 1924. Með tilliti til núverandi gullgildis íslenzkrar krónu þykir refsing kærðs hæfilega ákveðin kr. 29.500.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 8 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, vélbátsins Ásþórs, N.S. 9, skulu upptæk gerr og andvirði þeirra renna í sama sjóð. Kærðan ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Kærður, Jón Einarsson, greiði kr. 29.500.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 8 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, vélbátsins Ásþórs, N.S. 9, skulu upptæk vera til sama sjóðs.

Kærður greiði allan sakarkostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 8. apríl 1949.

Nr. 43/1947. **Bæjarstjórn Neskaupstaðar f. h. kaupstaðarins** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Friðjóni Sigfússyni (Theodór B. Lindal).

Útsvarsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur upp kveðið Guðmundur Eggerz, fulltrúi bæjarfógeta á Akureyri.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. apríl 1947. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma lögtakið. Svo krefst hann og málskostnaðar úr

hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Ekki er komið fram í málinu, að stefndi hafi haft starfsstöð í Neskaupstað í sambandi við útgerð skips síns, v/s Stellu, árið 1945, og þykir það ekki, eins og á stóð, hafa bakað honum útsvarsskyldu í Neskaupstað, þó að skip hans væri skrásett þar og bróðir hans, sem þar var búsettur, hafi í tvö eða þrjú skipti nefnt ár staðið að samningum f. h. stefnda um skipið til fiskflutninga. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 600.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, bæjarstjórn Neskaupstaðar f. h. kaupstaðarins, greiði stefnda, Friðjóni Sigfússyni, kr. 600.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar 6. marz 1947.

Undir gerð þessari krefst gerðarbeiðandi, bæjarsjóður Neskaupstaðar, að lögtak verði gert hjá gerðarþola, Friðjóni Sigfússyni, Akureyri, fyrir útsvari, kr. 5.250.00, ásamt dráttarvöxtum, lögðu á hann árið 1946 í Neskaupstað, og krefst málskostnaðar. Gerðarþoli hefur mótmælt því, að lögtakið nái fram að ganga, og gerir einnig kröfu til málskostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Árið 1946 var lagt útsvar á gerðarþola í Neskaupstað, að upphæð kr. 7.500.00, vegna útgerðar hans og eignar á m/s Stellu, N.K. 61, 64 tonn brúttó, en útsvar þetta var af yfirskattanefnd fært niður um kr. 2.500.00, og er nú krafizt lögtaks fyrir alls kr. 5.353.00, sbr. rskj. nr. 9, og eru þá dráttarvextir taldir með.

Gerðarbeiðandi virðist aðallega byggja kröfur sínar á því, að skipið sé skrásett í Neskaupstað, gert þaðan út, skipshöfnin yfirleitt úr Neskaupstað og að við samningagerð um kaup og kjör skipverja hafi Guðmundur Sigfússon, Neskaupstað, jafnan komið fram fyrir hönd útgerðarinnar.

Þá tekur gerðarbeiðandi fram, að útsvarsálagningin á m/s Stellu sé fyrst og fremst byggð á heimilisfestu skipsins og á það lagt sem heimilisfasta atvinnustofnun utanbæjarmanna samkv. 8. gr., a-lið, útsvarslaganna frá 1945.

Það er upplýst, að gerðarþoli hefur ekki verið búsettur í Neskaupstað síðan vorið 1944, en hann fluttist til Akureyrar 17. maí 1945 frá Reykjavík. Þá er og upplýst, að gerðarþola hefur verið gert að greiða 200 króna útsvar á Akureyri árið 1946.

Gerðarþoli hefur ómótmælt haldið fram, að rekstri skipsins Stellu hafi verið þannig farið árið 1945, að hann hafi leigt það Samvinnufélagi útgerðarmanna í Neskaupstað til þess að flytja ísvarinn fisk til Englands, og hafi skipið farið tvær ferðir fyrir síldarvertíð 1945, en eina á eftir. Hins vegar gerði gerðarþoli sjálfur skipið út á síldveiðar frá Siglufirði 1945, og telur hann, að mágur hans á Siglufirði hafi annazt bókhaldið.

Af því, sem að framan er skráð, er ljóst, hvernig útgerð Stellu er farið árið 1945, og að því er Neskaupstað snertir, hafa gerðarþola ekki tilfallið þar aðrar tekjur af skipinu en leiga sú, er hann fékk eftir það hjá Samvinnufélagi útgerðarmanna. En þetta tvennt, að skipið er skrásett í Neskaupstað og að gerðarþoli fær leigu eftir það fyrir að fara til útlanda 3 ferðir með ísvarinn fisk, þykir ekki nægilegt til þess að brjóta þá meginreglu útsvarslaganna, að útsvar skuli leggja á, þar sem hlutaðeigandi hefur heimilisfang, en eins og áður er tekið fram, fluttist gerðarþoli til Akureyrar 17. maí 1945, og þar var lagt á hann útsvar árið 1946. Í sambandi við útsvarsskyldu gerðarþola í Neskaupstað árið 1946 þykir rétt að taka fram, að það virðist ekki skipta miklu máli, hver réð mennina á skipið, eða það, að þeir áttu heima í Neskaupstað.

Þar sem fógeti sendi gerðarbeiðanda málið til upplýsingar, sbr. réttarhaldið 9. janúar, og þar sem greinargerðin á rskj. nr. 11 er svar við þeirri málaleitun, þá þykir mega taka hana til greina, en þar eð rskj. nr. 12 er að mestu leyti mótmæli við greindu réttarskjali, sem er auk þess stuttort, taldi fógeti ekki ástæðu til að vísa þessu skjali frá. Er þetta tekið fram vegna mótmæla umboðsmanna aðilja undir rekstri málsins gegn því, að ofangreind skjöl yrðu tekin til greina.

Samkvæmt framanskráðu fer hið umbeðna lögtak ekki fram. Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 26. f. m.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak fer ekki fram. Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 8. apríl 1949.

Nr. 43/1949. **Réttvísin** (Einar Ásmundsson)
gegn
Pálma Gunnari Kristinssyni
(Lárus Jóhannesson)
og
Sigurði Kristjáni Kristinssyni
(Egill Sigurgeirsson).

Strok úr fangelsi.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði Pálmi Gunnar greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, kr. 400.00, og ákærði Sigurður Kristján laun skipaðs verjanda síns, kr. 400. Allan annan kostnað við áfrýjun sakarinnar greiði hinir ákærðu in solidum, þar með talin laun sækjanda í Hæstarétti, kr. 500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði Pálmi Gunnar Kristinsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, Lárusar Jóhannessonar hæstaréttarlögmanns, kr. 400.00.

Ákærði Sigurður Kristján Kristinsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 400.00. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar greiði ákærðu in solidum, þar með talin laun skipaðs sækjanda í Hæstarétti, Einars Ásmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 500.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 12. október 1948.

Ár 1948, þriðjudaginn 12. október, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4860—61/1948: Réttvísin gegn Pálma

Gunnari Kristinssyni og Sigurði Kristjáni Kristinssyni, — sem tekið var til dóms hinn 8. sama mánaðar.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn ákærðum Pálma Gunnari Kristinssyni sjómanni, Ásvallagötu 35 hér í bæ, og Sigurði Kristjáni Kristinssyni verkamanni, Bergþórugötu 20 hér í bæ, báðum refsiföngum í vinnuhæli ríkisins, fyrir brot gegn XII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940.

Ákærður Pálmi Gunnar Kristinsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 27. marz 1927, og hefur sætt þessum kærum og refsingum:

1934 19/12 Kærður fyrir hnupl.
1938 12/3 Áminntur fyrir að hanga í bifreið.
1938 11/5 Kærður fyrir hnupl á reiðhjólsgrind.
1939 14/4 Kærður fyrir spell. Brenndi stýri á reiðhjóli.
1939 7/5 Áminntur fyrir grjótkast.
1939 25/9 Kærður fyrir hnupl á reiðhjólum, málningu o. fl.
1939 31/10 Kærður fyrir hnupl á reiðhjólum o. fl.
1940 25/11 Kærður fyrir að hjóla ljóslaus.
1940 21/12 Kærður fyrir þjófnað á reiðhjóli.
1941 14/1 Kærður fyrir þjófnað á 95 krónum.
1941 11/11 Kærður fyrir þjófnað á reiðhjóli. Alvarlega áminntur í viðurvist föður síns.
1942 3/6 Kærður fyrir hnupl á árabáti.
1942 16/9 Kærður fyrir að fara upp í bíl í heimildarleysi og láta hann renna á götunni.
1942 18/12 Kærður fyrir að kaupa vörur af setuliðinu og fyrir slæpingshátt.
1943 18/2 Kærður fyrir misferli með áfengi.
1939 og 1942 Ráðstafað til dvalar á sveitaheimili. Reyndist bæði latur og óknyttasamur.
1943 í maí Kærður fyrir þjófnað o. fl. Dómsmálaráðuneytið ákvað með bréfi dags. 18/4 1944, að saksókn skyldi falla niður, en kærður skyldi háður eftirliti sakadómara í eitt ár frá 18/4 '44—18/4 '45 og málið skyldi tekið upp að nýju, ef kærður gerðist sekur um nýtt brot á eftirlitstímanum.
1944 10/11 Rvík. Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1945 15/1 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 6 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 5 ár, fyrir brot gegn 244. gr., sumpart sbr. 20. gr., 247. gr. og 248 gr. hegningarlaganna, 18. sbr. 38. gr. áfengislaganna og 3. og 7. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, sviptur kosningarrétti og kjörgengi. Skilorðstímann skal dómfelldur háður eftirliti þar til skipaðs manns og dveljast utan Reykjavíkur til fullnaðs 20 ára aldurs, og er sú ráðstöfun skilyrði fyrir niðurfalli refsingarinnar að 5 árum liðnum.
1945 2/2 Rvík. Dómur aukaréttar, 3 mánaða fangelsi, sviptur kosn-

ingarrétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna og áfengislögunum.

1945 21/12 Rvík. Dómur aukaréttar, 4 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna.

1946 17/1 Rvík. Dómur sama réttar, 6 mánaða fangelsi, fyrir brot gegn 110. gr. hegningarlaganna.

1946 20/5 Rvík. Dómur sama réttar, 15 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 110. gr. og 244. gr. sbr. 20. gr. hegningarlaganna og 17. gr. áfengislaganna. Staðfest í Hæstarétti 15/1 1947.

1947 4/10 Rvík. Kærður fyrir ölvun á lokuðum dansleik. Fellt niður.

1947 7/12 Rvík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1948 28/7 Rvík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1948 18/9 Rvík. Dómur aukaréttar, 18 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi, fyrir þjófnað.

Ákærður Sigurður Kristján Kristinsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 16. janúar 1930, og hefur sætt þessum kærum og refsingum:

1941 30/10 Kærður fyrir þjófnað á kanínum. Afgr. til barnaverndarnefndar.

1947 14/5 Rvík. Dómur aukaréttar, 6 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 5 ár, sviptur kosningarrétti og kjörgengi og ævilangt rétti til að öðlast ökuskírteini, fyrir þjófnað, nytjastuld og áfengis- og bifreiðalagabrot.

1947 14/6 Rvík. Dómur sama réttar, 4 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 244. og 245. gr. hegningarlaganna og 17. sbr. 37. gr. áfengislaganna.

1948 24/4 Rvík. Sátt, 10 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

1948 14/5 Rvík. Dómur aukaréttar, 8 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna, bifreiðalögunum, áfengislögunum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

1948 24/5 Rvík. Sátt, 500 kr. sekt, fyrir brot gegn 111. gr., 2. mgr., hegningarlaganna.

1948 20/7 Rvík. Dómur aukaréttar, 3 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 244. og 245. gr. hegningarlaganna, áfengislögunum, bifreiðalögunum og lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík.

1948 18/9 Rvík. Dómur aukaréttar, 10 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi, fyrir þjófnað, nytjastuld og áfengis- og bifreiðalagabrot.

Eins og að framan segir, var kveðinn upp refsidómur yfir ákærðum hinn 18. f. m., og var ákærður Pálmi Kristinn dæmdur í 18 mánaða fangelsi fyrir þjófnað, en ákærður Sigurður Kristján í 10 mánaða fangelsi

fyrir þjófnað o. fl. Dómurinn var kveðinn upp árdegis í hegningarhúsinu, þar sem ákærðir voru báðir í gæzluvarðhaldi.

Hafði ákærður Pálmi Kristinn verið í gæzluvarðhaldi frá 1. f. m., en ákærður Sigurður Kristján frá 6. f. m.

Ákærðir vildu báðir una dóminum, og voru þeir að uppkvaðningu dómsins lokinni látnir hefja úttekt refsinga sinna í hegningarhúsinu með samþykki dómsmálaráðuneytisins. Þegar þetta gerðist og fram að þeim atburði, sem mál þetta er höfðað vegna, voru ákærðir í fjögurra manna fangaklefa ásamt mönnum að nafni Andrés Björnsson og Viggó Guðbjartur Kristjánsson, sem báðir voru að afplána ölvunarsektir. Laust eftir kl. 5 síðdegis hinn 18. f. m., sama dag og dómurinn var kveðinn upp, struku ákærðir saman úr hegningarhúsinu. Þegar það gerðist, voru Andrés og Viggó Guðbjartur báðir utan klefans. Ákærðir fengu leyfi fangavarðar til að fara til salernis, en í sömu andránni þurfti fangavörður að sinna síma og leit því af ákærðum um stund. Þeir fóru þá vestur fangelsisganginn og út um opnar dyr á horninu út í vestri fangelsisgarðinn, upp á skúr, sem í garðinum stendur, og af honum stukku þeir upp á norðurmúr garðsins, niður af honum og á brott. Dyrnar út í garðinn voru opnar sökum þess, að verið var að þvo þvott í fangelsiskjallaranum, en venja er að hafa þessar dyr opnar, þegar þannig stendur á, enda talið, að garðurinn sé mannheldur. Lögreglunni tókst brátt að finna strokufangana, og voru þeir færðir aftur í hegningarhúsið kl. 7.15 síðdegis sama dag. Höfðu þeir, meðan á strokinu stóð, flækzt um bæinn.

Ákærður Sigurður Kristján hefur haldið því fram, að nokkrum dögum fyrir strokið hafi ákærður Pálmi Gunnar stungið upp á því við sig í fangelsisgarðinum, að þeir strykju úr fangelsinu, en hann kvaðst eigi þá hafa viljað taka þátt í þessu. Ákærður Pálmi Gunnar hefur neitað þessari skýrslu ákærðs Sigurðar Kristjáns, og verður hún því að teljast ósönnuð. Þegar ákærðir voru orðnir einir eftir í klefanum, svo sem áður segir, fóru þeir að tala um að strjúka og ákváðu að strjúka, þegar færi gæfist, en engar ráðagerðir höfðu þeir uppi um að beita fangavörðinn ofbeldi til að koma stroki í framkvæmd. Þeim kom saman um að hringja klefabjöllunni, og gerði ákærður Pálmi Gunnar það. Þeir sögðu fangaverðinum, sem opnaði fyrir þeim, að þeir þyrftu fram til salernis og þvotta. Fangavörðurinn leyfði þeim það, og urðu atburðir síðan þeir, sem að framan er lýst. Eigi höfðu ákærðir gert sér neina grein fyrir, hvert þeir ættu að strjúka né hvernig þeir skyldu komast undan eftirför lögreglunnar. Strokið, sem nú hefur verið lýst, þykir varða við 110. gr. hegningarlaganna. Með tilliti til þess, að ákærðum Pálma Gunnari hefur tvisvar áður verið refsað fyrir sams konar brot, þykir rétt að ákveða refsingu hans nokkru þyngri en refsingu ákærðs Sigurðar Kristjáns. Þykir refsing ákærðs Pálma Gunnars hæfilega ákveðin fangelsi í 10 mánuði, en refsing ákærðs Sigurðar Kristjáns fangelsi í 6 mánuði. Hina ákærðu ber að dæma in solidum til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda

þeirra, hrl. Lárusar Jóhannessonar, kr. 350.00. Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærður Pálmi Gunnar Kristinsson sæti fangelsi í 10 mánuði.

Ákærður Sigurður Kristján Kristinsson sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærðir greiði in solidum allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Lárusar Jóhannessonar, kr. 350.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 27. apríl 1949.

Nr. 168/1948. **Réttvísin og valdstjórnin** (Einar Arnórsson)
gegn
Yngva Kristni Jónssyni (Magnús Thorlacius).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Bifreiðalagabrot. Manndráp af gáleysi.

Dómur Hæstaréttar.

Björn Björnsson, sýslumaður Rangárvallasýslu, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Farmi á bifreið ákærða, sem lýst er í héraðsdómi, var svo háttað, að ákærða bar við akstur bifreiðarinnar að gæta ýtrustu varkárni. Þar, sem slysið varð, var vegurinn þröngur og útsýn byrgð. Er ákærði ók inn á þenna kafla vegarins, bar honum að gefa hljóðmerki og aka mjög hægt. Ákærði gaf ekki hljóðmerki, og eigi þykir hann, eins og á stóð, hafa dregið nægilega úr hraða bifreiðarinnar. Hefur hann því brotið refsiákvæði þau, er greinir í héraðsdómi, svo og 1. mgr. 28. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941.

Refsing ákærða er hæfilega ákveðin 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 15 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis og málskostnað má staðfesta.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Yngvi Kristinn Jónsson, greiði 1500 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 15 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis og málskostnað staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars Arnórssonar og Magnúsar Thorlacius, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Rangárvallasýslu 31. ágúst 1948.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Yngva Kristni Jónssyni bifreiðarstj., til heimilis að Stað í Ásahreppi, fyrir brot gegn XXIII. kap. hinna almennu hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940, bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941, og umferðarlögum, nr. 24 16. júní 1941. Málið var tekið til dóms í dag.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 5. maí 1905 að Hárlaugsstöðum í Ásahreppi. Hinn 3. júní 1948 sætti hann 75 króna sekt fyrir brot gegn 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur og 26. gr. bifreiðalaganna, en að öðru leyti hefur hann hvorki sætt hegningu né ákæru, svo að kunnugt sé. Ákærður tók bifreiðarstjórnarpróf 17. okt. 1929 í Reykjavík, hefur einnig svokallað „meira próf", tekið 20. júní 1934.

Málavextir eru þeir, sem nú greinir:

Föstudaginn 26. sept. sl. ók ákærður vörubifreið sinni, L-16, úr Reykjavík austur í Rangárvallasýslu með rafmagnsstaurafarm til héraðsrafveitunnar þar, en að slíkum flutningum hafði hann unnið um nokkurt skeið. Staurarnir, sem bifreiðin flutti í þetta sinn, voru 4 talsins, 2 sitt hvorum megin og hvor upp af öðrum, 45 feta langir nema efri staur vinstra megin 50 fet. Voru grindur hafðar á milli staura á vörupalli til skorðunar þeim, og auk þess var „vanta"-vírum slegið utan um staurana, en klemmur héldu vírunum saman. Staurarnir lágu beint fram með bifreiðinni, inn á vörupallinn og náðu ekki út fyrir breidd bifreiðarinnar, en gengu nær 2 metra fram fyrir varann („stuðarann"). Viðvörunarmerki (rauður fáni) var bæði

að framan og aftan á staurunum. Kveðst ákærður hafa átt að aka farminum austur að Hellu á Rangárvöllum, en þar skyldi önnur bifreið taka við honum og flytja hann enn lengra austur. Þegar komið var að Hellu, var umgetin bifreið ekki þangað komin, og hélt ákærður ferð sinni áfram austur á bóginn í þeim væntum að mæta henni. En er ákærður var á leið niður brekkuna hjá bænum Litlu-Strönd á Rangárvöllum, kveðst hann eigi hafa vitað, fyrr en bifreið, sem upp kom brekkuna að austan, skall á rafmagnsstaurana hægra megin.

Bifreið þessi var vörubifreiðin L-49 og ökumaður hennar Hróbjartur Jónsson, Mið-Grund, Vestur-Eyjafjallahreppi.

Við áreksturinn gekk efri staurinn hægra megin inn í stýrishúsið á L-49 og festist í húsbakinu, en ökumaðurinn klemmdist upp í hornið. Húsbrotið lagðist undir staurinn, en ofan á fætur ökumannsins, og lét hann þar líf sitt.

Við læknisathugun kom í ljós, að Hróbjartur heitinn „hafði mikinn áverka á höfði, sem var ærin orsök til bana. Auk þess var hægri fótur mölbrotinn fyrir neðan hné og vinstri fótur í sundur skammt ofan við hnélið. Aðrir stóráverkar fundust ekki á líkinu". Telur læknir, að Hróbjartur hafi látizt strax við áreksturinn. Bifreiðin L-49 skemmdist stórkostlega, en bifreiðin L-16 lítils háttar. Farþegi var í bifreiðinni L-49, en hann slapp að mestu ómeiddur. Hins vegar var hann svo vindrukkinn, er slysið vildi til, að hann mátti eigi greina frá um atvik að því. Um aðra sjónarvotta að slysinu er eigi að ræða.

Umhverfi slysstaðarins er þannig í aðaldráttum: Við veginn austur af bænum Litlu-Strönd er hæð það mikil norðan vegarins, að umferð að austan er eigi unnt að sjá, fyrr en komið er niður veginn, sem liggur þar í alldjúpu skarði, og er „blind" beygja neðanhallt í skarðinu. Þeir, sem að austan koma, geta eigi heldur séð til umferðar að vestan sakir þessarar sömu hæðar, fyrr en komið er að mestu upp úr skarðinu. Beggja vegna slysstaðarins voru hættumerki, enda staður þessi alþekktur í héraði sem mjög hættulegur fyrir umferðina.

Mæling fór fram á staðnum og myndir teknar af honum. Bifreiðarnar voru athugaðar strax og svo síðar af bifreiðaeftirlitsmönnum úr Reykjavík. Samkvæmt áliti þessara manna hafði L-16 verið í fyllsta lagi, enda skráð ný í júní 1947. — Hins vegar reyndist örðugt að kveða á um hæfni L-49 í akstri sakir hinna miklu skemmda. Þó er talið, að hemlar hennar hafi verið „slappir".

Veður og skyggni var gott og vegurinn góður, er slysið varð, en það var um kl. 17.40.

Ákærður kveðst hafa ekið í þriðja gangstigi, er hann fór niður brekkuna, og verið á um 10 km hraða miðað við klukkustund, haft fót á hemli og verið reiðubúinn að stöðva þegar í stað, ef með þyrfti. Hins vegar kveðst hann ekki hafa séð fram á veginn á slysstaðnum sakir hæðarinnar að norðanverðu, þá hefðu og staurarnir, þegar á beygjuna kom, byrgt alla útsýn fram á við. Kemur þessi framburður heim við athugun, sem gerð var

undir rekstri málsins. Þá kveðst ákærður eigi hafa gefið hljóðmerki. En í sömu andrá og árekturinn varð kveðst hann hafa hemlað að fullu og þegar stöðvað bifreiðina. Var ákærður að öllu leyti vel fyrir kallaður í þetta sinn.

Það er strax ljóst í máli þessu, að akstur með slíkan farm, sem hér ræðir um, á svo hættulegum stað, er hinn varhugaverðasti. Við slíkar aðstæður verður að minnsta kosti að krefjast alveg sérstaklega ríkrar aðgæzlu af bifreiðarstjóranum og því fremur, þegar þess er gætt, að þá komið er á hættustaðinn, er að mestu úr hans valdi að afstýra slysi, ef umferðin, sem á móti kemur, gætir sín ekki nógsamlega og í tæka tíð. Nú vitna verksummerki eftir árekturinn um það, að hraði L-49 hefur verið nokkuð mikill og miðað við almenna slysahættu staðarins of mikill. Er það álit réttarins, að þessi hraði hennar hafi verið meginorsök slyssins. Hins vegar verður að telja, að ákærður hafi ekki sýnt nægilega aðgæzlu, eins og á stóð. Hann ekur niður skarðið vitandi um hina tvöföldu slysahættu án yfirsýnar fram á veginn, í stað þess að ganga áður að fullu úr skugga um umferð á veginum austur, sem átti að vera auðvelt eftir atvikum.

Með þessum aðgæzluskorti hefur ákærður brotið 4. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga, nr. 23 16. júní 1941, og 3. mgr. 4. gr. umferðarlaga, nr. 24 16. júní 1941. Þá hefur ákærður og brotið 215. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940, með því að gerast samvaldur að dauðaslysi sakir ónógrar aðgæzlu í bifreiðaakstri.

Þykir refsing ákærðs samkvæmt 215. gr. alm. hegningarlaga, 38. gr. bifreiðalaga og 14. gr. umferðarlaga hæfilega ákveðin 1500 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi 30 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá þykir rétt að svipta ákærðan skv. 39. gr. bifreiðalaganna leyfi til stjórnar bifreiðar í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Ákærðan ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Magnúsar Thorlacius hrl., kr. 550.00.

Dráttur sá, er orðið hefur á máli þessu, eftir að rannsókn máls var að fullu lokið, stafar einvörðungu af tímafrekum önnum dómarans við undirbúning manntalsþinga svo og störfum að umfangsmiklum sýslumálum og loks þingaferðalögum.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Yngvi Kristinn Jónsson, greiði 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 30 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hann skal sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa. Ákærður greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Magnúsar Thorlacius hrl., kr. 550.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 29. apríl 1949.

Nr. 102/1948. **Valdstjórnin** (Einar Arnórsson)
gegn
Pétri Magnúsi Sigurðssyni (Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari pról. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Sýknað af kæru fyrir brot á lögum um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

Dómur Hæstaréttar.

Leitt er í ljós með skýrslu Sigurðar H. Péturssonar gerlafræðings, að mistök hafa orðið nokkrum sinnum á hitun mjólkur í Mjólkurstöðinni í Reykjavík á þeim tíma, er í málinu greinir. Skýrslur eru fram komnar um það, að tæki mjólkurstöðvarinnar voru á þessum tíma úr sér gengin og að vandkvæði voru mikil á því að ráða bót á ágöllum þeirra. Gögn og vætti í málinu veita enga ástæðu til að ætla, að kærði, sem hafði yfirstjórn á mjólkurstöðinni, hafi vanrækt eftirlit með gerilsneyðingu eða á annan hátt rækt starfa sinn á aðfinnsluverðan hátt. Eru þess vegna ekki efni til að dæma honum refsingu í máli þessu.

Samkvæmt þessu ber að leggja allan sakarkostnað á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði, kr. 300.00, og laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 800.00 til hvors.

Dómsorð:

Kærði, Pétur Magnús Sigurðsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði, Sveinbjörns hæstaréttarlögmanns Jónssonar, kr. 300.00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæsta-

réttarlögmannanna Einars Arnórssonar og Sveinbjörns Jónssonar, kr. 800.00 til hvors.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 21. júlí 1948.

Ár 1948, miðvikudaginn 21. júlí, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1561/1947: Valdstjórnin gegn Pétri Magnúsi Sigurðssyni, — sem tekið var til dóms hinn 20. sama mánaðar.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Pétri Magnúsi Sigurðssyni mjólkurbússtjóra Mjólkurstöðvarinnar í Reykjavík, til heimilis á Laugavegi 162, fyrir brot gegn lögum um meðferð og sölu mjólkur og rjóma, nr. 1 7. janúar 1935, sbr. reglugerð nr. 22 15. marz 1935.

Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna.

Hinn 14. júlí 1938 sætti hann 5 króna sekt fyrir brot gegn lögum nr. 18 1901 og hinn 13. desember 1939 sömu refsingu fyrir sams konar brot. Að öðru leyti hefur hann eigi, svo að kunnugt sé, sætt ákæru né refsingu, að því undanteknu, að hann var í þessu máli dæmdur hér í réttinum 27. maí 1947 í 1000 kr. sekt fyrir brot gegn mjólkurlöggjöfinni, en sá dómur var ómerktur í Hæstarétti hinn 7. maí sl.

Á undanförnum árum hefur megnið af þeirri mjólk, sem seld hefur verið hér í bænum, farið í gegnum mjólkurstöðina hér, og hefur stöðinni samkvæmt 28. gr. reglugerðar nr. 22 15. marz 1935 borið skylda til að gerilsneyða alla sölumjólk. Kærður hefur á þeim tíma, er hér skiptir máli, verið mjólkurbússtjóri í stöðinni, og hefur honum því borið að sjá um, að hin lögboðna gerilsneyðing færi fram.

Á sama tíma hefur Sigurður H. Pétursson gerlafræðingur verið eftirlitsmaður af hálfu hins opinbera með því, að mjólkurstöðin fullnægði skyldum sínum um meðferð sölumjólkur.

Samkvæmt skýrslum eftirlitsmannsins um rannsóknir hans á gerilsneyddri mjólk úr mjólkurstöðinni kemur fram, að á tímabilinu 1. nóvember 1944 til 28. febrúar 1945, hafa 7 sýnishorn eigi verið nægilega hituð af 151 sýnishorni, sem tekið var, á tímabilinu 1. nóvember 1945 til 28. febrúar 1946 hafa 2 sýnishorn af 349 eigi verið nægilega hituð og að af 170 sýnishornum í marz og apríl 1946 hafa 7 eigi verið nægilega hituð. Voru sum þessara sýnishorna tekin í mjólkurstöðinni, en sum í mjólkurbúðum. Að mjólkin var eigi nægilega hituð, merkir það, að gerilsneyðingarskyldunni hafi eigi verið fullnægt.

Kærður kveðst eigi vita betur en öll mjólk stöðvarinnar hafi verið nægilega hituð og gerilsneydd og hefur haldið því fram, að rannsóknaraðferð eftirlitsmannsins sé eigi svo örugg, að á henni sé byggjandi. Eftirlitsmaðurinn heldur því aftur á móti fram, að eigi leiki minnsti vafi á því samkvæmt rannsóknum sínum, að þau sýnishorn, sem samkvæmt framansögðu voru eigi nægilega hituð, hafi í raun og veru verið þannig, og að

hann hafi eigi kært yfir þeim tilfellum, sem nokkrum vafa gátu verið bundin.

Borið hefur verið undir dr. Jón Vestdal efnafræðing gildi þeirrar rannsóknaraðferðar, er eftirlitsmaðurinn hefur notað, og er það álit hans, að sú aðferð sé örugg í þeim tilfellum, er hún sýnir greinilega úrlausn, eins og eftirlitsmaðurinn heldur fram, að gerzt hafi í þeim tilfellum, sem hann hefur kært yfir.

Af kærðs hálfu er aftur á móti lögð fram skýrsla Stefáns Björnssonar mjólkurfræðings, sem dregur í efa gildi rannsóknaraðferðar eftirlitsmannsins.

Án þess að fara út í hinar efnafræðilegu útlistanir, sem fram eru komnar í máli þessu, þykir eigi vafi á því leika, að skýrslur eftirlitsmannsins um misbrest á gerilsneyðingu í mjólkurstöðinni hafi við rök að styðjast. Hins vegar er eigi ástæða til að ætla, að hér sé um ásetningsbrot kærðs að ræða, heldur skort á nægilegu og stöðugu eftirliti með, að gerilsneyðingin væri á fullnægjandi hátt af hendi leyst. Með þessu hefur kærður gerzt brotlegur við 28. gr., 1. mgr., sbr. 79. gr., 1. mgr., reglugerðar nr. 22 15. marz 1935, sbr. 15. gr., 1. mgr., laga nr. 1 7. janúar 1935. Þykir refsing hans eftir atvikum hæfilega ákveðin 1000 króna sekt til verðjöfnunarsjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærðan ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Sveinbjörns Jónssonar, kr. 300.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Kærður, Pétur Magnús Sigurðsson, greiði kr. 1000.00 í sekt til verðjöfnunarsjóðs, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærður greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Sveinbjörns Jónssonar, kr. 300.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 29. apríl 1949.

Nr. 48/1949. **Guðbjörg Árnadóttir**
gegn
Ólafi Bjarnasyni og
Önnu Guðvarðsdóttur Ólfjörð.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðbjörg Árnadóttir, er eigi sækir þing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 29. apríl 1949.

Kærumálið nr. 1/1949.
H/f Maí
gegn
Magnúsi Gunnarssyni.

Setudómari próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms kært.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 18. nóvember f. á., er hingað barst 6. janúar sl., hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar samkvæmt 186. gr. laga nr. 85/1936 málskostnaðarákvæði í dómi sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur frá 12. nóvember f. á. í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að téð málskostnaðarákvæði verði fellt úr gildi og að varnaraðili verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði í greindu máli að skaðlausu svo og kærumálskostnað fyrir Hæstarétti. Varnaraðili krefst staðfestingar málskostnaðarákvæðis hér-

aðsdóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir mega staðfesta ákvæði hans um málskostnað.

Eftir þessum úrslitum ber sóknaraðilja að greiða varnaraðilja kr. 100.00 í kærumálskostnað.

Drátt þann, sem varð á afgreiðslu kærumáls þessa til Hæstaréttar, þykir borgardómarinn í Reykjavík hafa réttlætt nægilega með embættisönnum.

Hér fyrir dómi hafa frestir verið veittir í málinu til öflunar frekari gagna.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Sóknaraðili, h/f Maí, greiði varnaraðilja, Magnúsi Gunnarssyni, kr. 100.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 12. nóv. 1948.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ. m., hefur Magnús Gunnarsson, sjómaður hér í bæ, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, út gefinni 6. janúar sl., gegn h/f Maí hér í bænum til greiðslu kauptryggingar, að fjárhæð kr. 1758.40, auk 6% ársvaxta frá 3. des. sl. til greiðsludags, kr. 70.33 í orlofsfé og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómsins. Þá krefst stefnandi þess, að viðurkenndur verði sjóveðréttur hans í v/b Marz, R.E. 27, eign stefnda, til tryggingar dómkröfunum.

Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi kauptryggingarkröfuna niður í kr. 1359.40, en hélt að öðru leyti fast við greindar dómkröfur.

Málavextir eru þeir, að hinn 7. nóv. f. á. var stefnandi lögskráður háseti á v/b Marz, er stunda skyldi síldveiðar, og var ráðningartími óákveðinn. Kaup og kjör áttu að fara eftir samningi frá 1. júlí 1945 milli Landssambands ísl. útvegsmanna annars vegar og ýmissa sjómanna- og verklýðsfélaga hins vegar svo og viðbótarsamningi milli sömu aðilja frá 31. janúar 1947. Eftir þeim samningi, sbr. 1. og 2. málsgr. 9. gr., tryggir útgerðarmaður hásetum mánaðarlega greiðslu, kr. 578.00, á síldveiðitímanum upp í hundraðshluta af afla þeirra auk verðlagsuppbótar samkvæmt vísitölu kauplagsnefndar. Stefnandi sagði upp starfi sínu á bátnum 2. desember f. á., og var hann afskráður daginn eftir, eða hinn 3. des., og fór þá af skipinu. Reiknar hann sér kauptryggingu í 28 daga, og nemur hún samkvæmt áðurgreindu samningsákvæði kr. 1758.40. Frá þessari fjárhæð kveður stefn-

andi eiga að draga fæðiskostnað í 28 daga, kr. 399.00, og kemur þá fram hin umkrafða fjárhæð.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu gegn greiðslu á kr. 786.43 án vaxta. Þá krefst hann og málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda. *Til vara* hefur hann mótmælt kröfum stefnanda sem of háum og bent í því sambandi á það, að frá því að stefnandi var skráður á skipið og þar til að hann var afskráður, eru aðeins 27 dagar, að komu- og brottfarardegi báðum meðtöldum.

Hina viðurkenndu fjárhæð kveður stefndi vera aflahlut stefnanda á því tímabili, sem hann var á bátnum, að viðbættu orlofsfé hans, en að frádregnum fæðiskostnaði. Kveður hann, að stefnanda hafi verið boðin fram greiðsla á þessari fjárhæð, og sé því mál þetta höfðað að ófyrirsynju.

Þá mótmælir stefndi, að stefnandi eigi rétt til kauptryggingar. Telur hann stefnanda hafa misst réttinn samkvæmt ákvæðum 4. málsgr. 9. gr. áðurgreinds samnings, en þar segir, að fari skipverji úr skiprúmi, áður en skip hættir veiðum eða áður en síldarvertíð lýkur, án gildra ástæðna eða samþykkis meiri hluta skipshafnar, hafi hann misst rétt til kauptryggingar. En með þeim hætti, sem hér er lýst, telur hann stefnanda hafa farið af bátnum.

Stefnandi hefur mótmælt framangreindum málsskýringum stefnda. Heldur hann því fram í fyrsta lagi, að ákvæðið sé miðað eingöngu við síldveiðar fyrir Norðurlandi og geti því ekki átt við hér. En þar sem hann, eins og áður er sagt, er lögskráður á skipið með þeim kjörum, sem í fyrrgreindum samningi greinir, verður að telja hann bundinn við ákvæði samningsins, enda er samningurinn ekki takmarkaður við síldveiðar við Norðurland. Hefur því þessi mótbára stefnanda ekki við rök að styðjast. Í öðru lagi telur stefnandi, að þrátt fyrir greint ákvæði eigi skipverji rétt á að fara úr skiprúmi með lögmætum fyrirvara, hafi hann verið skráður á síldveiðiskip til óákveðins tíma. Á þetta verður ekki fallizt. Telja verður, að ákvæðið takmarki að þessu leyti rétt skipverja, enda væri það ella ástæðulaust.

Þá byggir stefnandi rétt sinn til brottfarar af bátnum án missis kauptryggingar á því, að hann hafi haft samþykki meiri hluta skipshafnarinnar, svo sem til sé skilið. Þessu hefur stefndi andmælt.

Samkvæmt eftirriti af skipshafnarskrá v/b Marz hafa hinn 3. des. f. á., eða þegar stefnandi vék úr skiprúmi, 18 menn verið skráðir á bátinn auk skipstjóra. Þrír þessara manna, þeir Þorgrímur Eyjólfsson, Gísli Guðjónsson og Einar Jósteinsson, voru skráðir á skipið 2. des. f. á. og afskráðir daginn eftir. Því hefur verið haldið fram af stefnda ómótmælt, að menn þessir hafi aldrei út í bátinn komið. Verða þeir því ekki í þessu sambandi taldir til skipshafnarinnar, sem hinn 3. des. var því 16 manns. Eftir því, sem fyrir liggur, hafa eftirtaldir 8 menn af skipshöfninni ekki samþykkt brottför stefnanda: Erlendur Pálmason skipstjóri, Kristján Gunnarsson stýrimaður, Ásmundur Þorsteinsson 1. vélstjóri, Guðmundur Magnússon 2. vélstjóri, Leifur Eiríksson matsveinn og háseta rnir Guðjón Jóhannsson,

Ólafur Guðmundsson og Steinar Hagalínsson. Er því ljóst, að stefnandi hafði ekki samþykki meiri hluta skipshafnar til þess að fara af skipinu. Og þar sem stefnandi heldur því ekki fram, að hann hafi haft gildar ástæður til brottfararinnar, né heldur, að báturinn hafi verið hættur veiðum eða síldarvertíð lokið, er hann fór, verður að telja, að hann með brottför sinni hafi firrt sig rétti til kauptryggingar, og á hann þá aðeins rétt til aflahlutar og orlofsfjár fyrir veru sína á bátnum. Fjárhæð sú, sem stefndi hefur viðurkennt, að sér beri að greiða að þessu leyti, hefur ekki verið véfengd. Verður stefndi því dæmdur til að greiða hana. En þar sem hann hefur ekki gegn mótmælum stefnanda sannað, að hann hafi boðið fram greiðslu, fyrr en mál þetta var höfðað, ber að dæma hann til að greiða vexti af fjárhæðinni, eins og krafizt hefur verið, svo og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 275.00. Þá viðurkennist sjóveðréttur stefnanda í v/b Marz, R.E. 27, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnunum dr. Þorsteini hagstofustjóra Þorsteinssyni og Þorgrími skipstjóra Sigurðssyni.

Dómsorð:

Stefndi, h/f Maí, greiði stefnanda, Magnúsi Gunnarssyni, kr. 786.43 með 6% ársvöxtum frá 3. des. 1947 til greiðsludags og kr. 275.00 í málskostnað, og á stefnandi sjóveðrétt í v/b Marz, R.E. 27, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 29. apríl 1949.

Kærumálið nr. 2/1949.

H/f Maí

gegn

Björgúlfi Kristjánssyni.

Setudómari próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms kært.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 18. nóvember f. á., er hingað barst 6. jan. sl., hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar samkvæmt 186. gr.

laga nr. 85/1936 málskostnaðarákvæði í dómi sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur frá 12. nóvember f. á. í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að téð ákvæði verði úr gildi fellt og að varnaraðili verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði í greindu máli að skaðlausu svo og kærumálskostnað fyrir Hæstarétti. Varnaraðili krefst staðfestingar málskostnaðarákvæðis héraðsdóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir mega staðfesta ákvæði hans um málskostnað.

Eftir þessum úrslitum ber sóknaraðilja að greiða varnaraðilja kr. 100.00 í kærumálskostnað.

Drátt þann, sem varð á afgreiðslu kærumáls þessa til Hæstaréttar, þykir borgardómarinn í Reykjavík hafa réttlætt nægilega með embættisönnum.

Hér fyrir dómi hafa verið veittir frestir í málinu til öflunar frekari gagna.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Sóknaraðili, h/f Maí, greiði varnaraðilja, Björgúlfi Kristjánssyni, kr. 100.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 12. nóv. 1948.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ. m., hefur Björgúlfur Kristjánsson, sjómaður hér í bæ, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, út gefinni 6. janúar sl., gegn h/f Maí hér í bænum til greiðslu kauptryggingar, að fjárhæð kr. 1558.40, auk 6% ársvaxta frá 3. des. sl. til greiðsludags, kr. 70.33 í orlofsfé og málskostnaðar að skaðlausu eða eftir mati dómsins. Þá krefst stefnandi þess, að viðurkenndur verði sjóveðréttur hans í v/b Marz, R.E. 27, eign stefnda, til tryggingar dómkröfunum.

Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi kauptryggingarkröfuna niður í kr. 1159.40, en hélt að öðru leyti fast við greindar dómkröfur.

Málavextir eru þeir, að hinn 7. nóv. f. á. var stefnandi lögskráður háseti á v/b Marz, er stunda skyldi síldveiðar, og var ráðningartíminn óákveðinn. Kaup og kjör áttu að fara eftir samningi frá 1. júlí 1945 milli Landssambands ísl. útvegsmanna annars vegar og ýmissa sjómanna- og

verklýðsfélaga hins vegar svo og viðbótarsamningi milli sömu aðilja frá 31. jan. 1947. Eftir þeim samningi, sbr. 1. og 2. málsgr. 9. gr., tryggir útgerðarmaður hásetum mánaðarlega greiðslu, kr. 578.00, á síldveiðitímanum upp í hundraðshluta af afla þeirra auk verðlagsuppbótar samkvæmt vísitölu kauplagsnefndar. Stefnandi sagði upp starfi sínu á bátnum 2. des. f. á., og hann var afskráður daginn eftir, eða hinn 3. des., og fór þá af skipinu. Reiknar hann sér kauptryggingu í 28 daga, og nemur hún samkvæmt áðurgreindu samningsákvæði kr. 1758.40. Frá þessari fjárhæð kveður stefnandi eiga að draga kr. 200.00, er hann hafi fengið greiddar, og fæðiskostnað í 28 daga, kr. 399.00, og kemur þá fram hin umkrafða fjárhæð.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu gegn greiðslu á kr. 233.73 án vaxta. Þá krefst hann og málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda. *Til vara* hefur hann mótmælt kröfum stefnanda sem of háum og bent í því sambandi á það, að frá því að stefnandi var skráður á skipið og þar til að hann var afskráður, eru aðeins 27 dagar, að komu- og brottfarardegi báðum meðtöldum.

Hina viðurkenndu fjárhæð kveður stefndi vera aflahlut stefnanda á því tímabili, sem hann var á bátnum, að viðbættu orlofsfé hans, en að frádregnum fæðiskostnaði og úttekt. Kveður hann, að stefnanda hafi verið boðin fram greiðsla á þessari fjárhæð, og sé því mál þetta höfðað að ófyrirsynju. Þá mótmælir stefndi, að stefnandi eigi rétt til kauptryggingar. Telur hann stefnanda hafa misst réttinn samkvæmt ákvæðum 4. málsgr. 9. gr. áðurgreinds samnings, en þar segir, að fari skipverji úr skiprúmi, áður en skip hættir veiðum eða áður en síldarvertíð lýkur, án gildra ástæðna eða samþykkis meiri hluta skipshafnar, hafi hann misst rétt til kauptryggingar. En með þeim hætti, sem hér er lýst, telur hann stefnanda hafa farið af bátnum.

Stefnandi hefur mótmælt framangreindum málsskýringum stefnda. Heldur hann því fram í fyrsta lagi, að ákvæðið sé miðað eingöngu við síldveiðar fyrir Norðurlandi og geti því ekki átt við hér. En þar sem hann, eins og áður er sagt, er lögskráður á skipið með þeim kjörum, sem í fyrrgreindum samningi greinir, verður að telja hann bundinn við ákvæði samningsins, enda er samningurinn ekki takmarkaður við síldveiðar við Norðurland. Hefur þessi mótbára stefnanda því ekki við rök að styðjast.

Í öðru lagi telur stefnandi, að þrátt fyrir greind ákvæði eigi skipverji rétt á að fara úr skiprúmi með lögmætum fyrirvara, hafi hann verið skráður á síldveiðiskip til óákveðins tíma. Á þetta verður ekki fallizt. Telja verður, að ákvæðið takmarki að þessu leyti rétt skipverja, enda væri það ella ástæðulaust.

Þá byggir stefnandi rétt sinn til brottfarar af bátnum án missis kauptryggingar á því, að hann hafi haft samþykki meiri hluta skipshafnarinnar, svo sem til sé skilið. Þessu hefur stefndi mótmælt.

Samkvæmt eftirriti af skipshafnarskrá v/b Marz hafa hinn 3. des. f. á., eða þegar stefnandi vék úr skiprúmi, 18 menn verið skráðir á bátinn

auk skipstjóra. Þrír þessara manna, þeir Þorgrímur Eyjólfsson, Gísli Guðjónsson og Einar Jósteinsson, voru skráðir á skipið 2. des. f. á. og afskráðir daginn eftir. Því hefur verið haldið fram af stefnda ómótmælt, að menn þessir hafi aldrei út í bátinn komið. Verða þeir því ekki í þessu sambandi taldir til skipshafnarinnar, sem hinn 3. des. var því 16 manns. Eftir því, sem fyrir liggur, hafa eftirtaldir 8 menn af skipshöfninni ekki samþykkt brottför stefnanda: Erlendur Pálmason skipstjóri, Kristján Gunnarsson stýrimaður, Ásmundur Þorsteinsson 1. vélstjóri, Guðmundur Magnússon 2. vélstjóri, Leifur Eiríksson matsveinn og hásetarnir Guðjón Jóhannsson, Ólafur Guðmundsson og Steinar Hagalínsson. Er því ljóst, að stefnandi hafði ekki samþykki meiri hluta skipshafnar til þess að fara af skipinu, og þar sem stefnandi heldur því ekki fram, að hann hafi haft gildar ástæður til brottfararinnar, né heldur, að báturinn hafi verið hættur veiðum eða síldarvertíð lokið, er hann fór, verður að telja, að hann með brottför sinni hafi firrt sig rétti til kauptryggingar, og á hann þá aðeins rétt til aflahlutar og orlofsfjár fyrir veru sína á bátnum. Fjárhæð sú, sem stefndi hefur viðurkennt, að sér beri að greiða að þessu leyti, hefur ekki verið véfengd. Verður stefndi því dæmdur til að greiða hana. En þar sem hann hefur ekki gegn mótmælum stefnanda sannað, að hann hafi boðið fram greiðslu, fyrr en eftir að mál þetta var höfðað, ber að dæma hann til að greiða vexti af fjárhæðinni, eins og krafizt hefur verið, svo og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 175.00. Þá viðurkennist sjóveðréttur stefnanda í v/b Marz, R.E. 27, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnunum dr. Þorsteini hagstofustjóra Þorsteinssyni og Þorgrími skipstjóra Sigurðssyni.

Dómsorð:

Stefndi, h/f Mai, greiði stefnanda, Björgúlfi Kristjánssyni, kr. 233.73 með 6% ársvöxtum frá 3. des. 1947 til greiðsludags og kr. 175.00 í málskostnað, og á stefnandi sjóveðrétt í v/b Marz, R.E. 27, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 29. apríl 1949.

Kærumálið nr. 3/1949.

H/f Maí

gegn

Leó Ottósen.

Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms kært.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 18. nóvember f. á., er hingað barst 6. janúar sl., hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar samkvæmt 186. gr. laga nr. 85/1936 málskostnaðarákvæði í dómi sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur frá 12. nóvember f. á. í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að téð ákvæði verði úr gildi fellt og að varnaraðili verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði í greindu máli að skaðlausu svo og kærumálskostnað fyrir Hæstarétti. Varnaraðili krefst staðfestingar málskostnaðarákvæðis héraðsdóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir mega staðfesta ákvæði hans um málskostnað.

Eftir þessum úrslitum ber sóknaraðilja að greiða varnaraðilja kr. 100.00 í kærumálskostnað.

Drátt þann, er varð á afgreiðslu kærumáls þessa til Hæstaréttar, þykir borgardómarinn í Reykjavík hafa réttlætt nægilega með embættisönnum.

Hér fyrir dómi hafa frestir verið veittir í málinu til öflunar frekari gagna.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Sóknaraðili, h/f Maí, greiði varnaraðilja, Leó Ottósen, kr. 100.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 12. nóv. 1948.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ. m., hefur Leó Ottósen, sjómaður hér í bæ, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, út gefinni 6. jan. sl., gegn h/f Maí hér í bænum til greiðslu kauptryggingar, að fjárhæð kr. 1407.20, auk 6% ársvaxta frá 3. des. sl. til greiðsludags, kr. 60.28 í orlofsfé og málskostnaðar að skaðlausu eða eftir mati dómsins. Þá krefst stefnandi þess, að viðurkenndur verði sjóveðréttur hans í v/b Marz, R.E. 27, eign stefnda, til tryggingar dómkröfunum.

Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi kauptryggingarkröfuna niður í kr. 1065.20, en hélt að öðru leyti fast við greindar dómkröfur.

Málavextir eru þeir, að hinn 11. nóvember f. á. var stefnandi lögskráður háseti á v/b Marz, er stunda skyldi síldveiðar, og var ráðningartíminn óákveðinn. Kaup og kjör áttu að fara eftir samningi frá 1. júlí 1945 milli Landssambands íslenzkra útvegsmanna annars vegar og ýmissa sjómanna- og verklýðsfélaga hins vegar svo og viðbótarsamningi milli sömu aðilja frá 31. jan. 1947. Eftir þeim samningi, sbr. 1. og 2. málsgr. 9. gr., tryggir útgerðarmaður hásetum mánaðarlega greiðslu, kr. 578.00, á síldveiðitímanum upp í hundraðshluta af afla þeirra auk verðlagsuppbótar samkvæmt vísitölu kauplagsnefndar. Stefnandi sagði upp starfi sínu á bátnum 2. des., og hann var afskráður daginn eftir, eða hinn 3. des., og fór þá af skipinu. Reiknar hann sér kauptryggingu í 24 daga, og nemur hún samkvæmt áðurnefndu samningsákvæði kr. 1507.20. Frá þessari fjárhæð kveður stefnandi eiga að draga kr. 100.00, sem hann hafi fengið greiddar, og fæðiskostnað í 24 daga, kr. 342.00, og kemur þá fram hin umkrafða fjárhæð.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu gegn greiðslu á kr. 729.18 án vaxta. Þá krefst hann og málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda. *Til vara* hefur hann mótmælt kröfum stefnanda sem of háum og bent í því sambandi á það, að frá því að stefnandi var skráður á skipið og þar til að hann var afskráður, eru aðeins 23 dagar, að komu- og brottfarardegi báðum meðtöldum.

Hina viðurkenndu fjárhæð kveður stefndi vera aflahlut stefnanda á því tímabili, sem hann var á bátnum, að viðbættu orlofsfé hans, en að frádregnum fæðiskostnaði og úttekt. Kveður hann, að stefnanda hafi verið boðin fram greiðsla á þessari fjárhæð, og sé því mál þetta höfðað að ófyrirsynju.

Þá mótmælir stefndi, að stefnandi eigi rétt til kauptryggingar. Telur hann stefnanda hafa misst réttinn samkvæmt ákvæðum 4. málsgr. 9. gr. áðurgreinds samnings, en þar segir, að fari skipverji úr skiprúmi, áður en skip hættir veiðum eða áður en síldarvertíð lýkur, án gildra ástæðna eða samþykkis meiri hluta skipshafnar, hafi hann misst rétt til kauptryggingar. En með þeim hætti, sem hér er lýst, telur hann stefnanda hafa farið af bátnum.

Stefnandi hefur mótmælt framangreindum málsskýringum stefnda.

Heldur hann því fram í fyrsta lagi, að ákvæðið sé miðað eingöngu við síldveiðar fyrir Norðurlandi og geti því ekki átt við hér. En þar sem hann, eins og áður er sagt, er lögskráður á skipið með þeim kjörum, sem í fyrrgreindum samningi greinir, verður að telja hann bundinn við ákvæði samningsins, enda er samningurinn ekki takmarkaður við síldveiðar við Norðurland. Hefur því þessi mótbára stefnanda ekki við rök að styðjast.

Í öðru lagi telur stefnandi, að þrátt fyrir greind ákvæði eigi skipverji rétt á að fara úr skiprúmi með lögmætum fyrirvara, hafi hann verið skráður á síldveiðiskip til óákveðins tíma. Á þetta verður ekki fallizt. Telja verður, að ákvæðið takmarki að þessu leyti rétt skipverja, enda væri það ella ástæðulaust.

Þá byggir stefnandi rétt sinn til brottfarar af bátnum án missis kauptryggingar á því, að hann hafi haft samþykki meiri hluta skipshafnarinnar, svo sem til sé skilið. Þessu hefur stefndi andmælt.

Samkvæmt eftirriti af skipshafnarskrá v/b Marz hafa hinn 3. des. f. á., eða þegar stefnandi vék úr skiprúmi, 18 menn verið skráðir á bátinn auk skipstjóra. Þrír þessara manna, þeir Þorgrímur Eyjólfsson, Gísli Guðjónsson og Einar Jósteinsson, voru skráðir á skipið 2. des. f. á. og afskráðir daginn eftir. Því hefur verið haldið fram af stefnda ómótmælt, að menn þessir hafi aldrei út í bátinn komið. Verða þeir því ekki í þessu sambandi taldir til skipshafnarinnar, sem hinn 3. des. var því 16 manns. Eftir því, sem fyrir liggur, hafa eftirtaldir 8 menn af skipshöfninni ekki samþykkt brottför stefnanda: Erlendur Pálmason skipstjóri, Kristján Gunnarsson stýrimaður, Ásmundur Þorsteinsson 1. vélstjóri, Guðmundur Magnússon 2. vélstjóri, Leifur Eiríksson matsveinn og hásetarnir Guðjón Jóhannsson, Ólafur Guðmundsson og Steinar Hagalínsson. Er því ljóst, að stefnandi hafði ekki samþykki meiri hluta skipshafnar til þess að fara af skipinu, og þar sem stefnandi heldur því ekki fram, að hann hafi haft gildar ástæður til brottfararinnar, né heldur, að báturinn hafi verið hættur veiðum eða síldarvertíð lokið, er hann fór, verður að telja, að hann með brottför sinni hafi firrt sig rétti til kauptryggingar, og á hann þá aðeins rétt til aflahlutar og orlofsfjár fyrir veru sína á bátnum. Fjárhæð sú, sem stefndi hefur viðurkennt, að sér beri að greiða að þessu leyti, hefur ekki verið véfengd. Verður stefndi því dæmdur til að greiða hana. En þar sem hann hefur ekki gegn mótmælum stefnanda sannað, að hann hafi boðið fram greiðslu, fyrr en eftir að mál þetta var höfðað, ber að dæma hann til að greiða vexti af fjárhæðinni, eins og krafizt hefur verið, svo og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 275.00. Þá viðurkennist sjóveðréttur stefnanda í v/b Marz, R.E. 27, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnunum dr. Þorsteini hagstofustjóra Þorsteinssyni og Þorgrími skipstjóra Sigurðssyni.

Dómsorð:

Stefndi, h/f Maí, greiði stefnanda, Leó Ottósen, kr. 729.18 með 6% ársvöxtum frá 3. des. 1947 til greiðsludags og kr. 275.00 í málskostnað, og á stefnandi sjóveðrétt í v/b Marz, R.E. 27, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 29. apríl 1949.

Kærumálið nr. 4/1949.

H/f Maí

gegn

Dánarbúi Guðjóns Sigurjónssonar.

Setudómari próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms kært.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 18. nóvember f. á., er hingað barst 6. janúar sl., hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar samkvæmt 186. gr. laga nr. 85/1936 málskostnaðarákvæði í dómi sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur frá 12. nóvember f. á. í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að téð ákvæði verði úr gildi fellt og að varnaraðili verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði í greindu máli að skaðlausu svo og kærumálskostnað fyrir Hæstarétti. Varnaraðili krefst staðfestingar málskostnaðarákvæðis héraðsdóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir mega staðfesta ákvæði hans um málskostnað.

Eftir þessum úrslitum ber sóknaraðilja að greiða varnaraðilja kr. 100.00 í kærumálskostnað.

Drátt þann, sem varð á afgreiðslu kærumáls þessa til Hæstaréttar, þykir borgardómarinn í Reykjavík hafa réttlætt nægilega með embættisönnum.

Hér fyrir dómi hafa frestir verið veittir í málinu til öflunar frekari gagna.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Sóknaraðili, h/f Maí, greiði varnaraðilja, dánarbúi Guðjóns Sigurjónssonar, kr. 100.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 12. nóv. 1948.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ. m., hefur Guðjón Sigurjónsson, sjómaður hér í bæ, sem nú er látinn, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, út gefinni 6. janúar sl., gegn h/f Maí hér í bænum til greiðslu kauptryggingar, að fjárhæð kr. 1407.20, auk 6% ársvaxta frá 3. des. sl. til greiðsludags, kr. 60.28 í orlofsfé og málskostnaðar að skaðlausu eða eftir mati dómsins. Þá krefst stefnandi þess, að viðurkenndur verði sjóveðréttur hans í v/b Marz, R.E. 27, eign stefnda, til tryggingar dómkröfunum.

Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi kauptryggingarkröfuna niður í kr. 1065.20, en hélt að öðru leyti fast við greindar dómkröfur.

Málavextir eru þeir, að hinn 11. nóvember f. á. var stefnandi lögskráður háseti á v/b Marz, er stunda skyldi síldveiðar, og var ráðningartíminn óákveðinn. Kaup og kjör áttu að fara eftir samningi frá 1. júlí 1945 milli Landssambands ísl. útvegsmanna annars vegar og ýmissa sjómanna- og verklýðsfélaga hins vegar svo og viðbótarsamningi milli sömu aðilja frá 31. jan. 1947. Eftir þeim samningi, sbr. 1. og 2. málsgr. 9. gr., tryggir útgerðarmaður hásetum mánaðarlega greiðslu, kr. 578.00, á síldveiðitímanum upp í hundraðshluta af afla þeirra auk verðlagsuppbótar samkvæmt vísitölu kauplagsnefndar. Stefnandi sagði upp starfi sínu á bátnum 2. des. f. á., og hann var afskráður daginn eftir, eða hinn 3. des., og fór þá af skipinu. Reiknar hann sér kauptryggingu í 24 daga, og nemur hún samkvæmt áðurnefndu samningsákvæði kr. 1507.20. Frá þessari fjárhæð kveður stefnandi eiga að draga kr. 100.00, sem hann hafi fengið greiddar, og fæðiskostnað í 24 daga, kr. 342.00, og kemur þá fram hin umkrafða fjárhæð.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu gegn greiðslu á kr. 743.43 án

vaxta. Þá krefst hann og málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda. *Til vara* hefur hann mótmælt kröfum stefnanda sem of háum og bent í því sambandi á það, að frá því að stefnandi var skráður á skipið og þar til að hann var afskráður, eru aðeins 23 dagar, að komu- og brottfarardegi báðum meðtöldum.

Hina viðurkenndu fjárhæð kveður stefndi vera aflahlut stefnanda á því tímabili, sem hann var á bátnum, að viðbættu orlofsfé hans, en að frádregnum fæðiskostnaði og úttekt. Kveður hann, að stefnanda hafi verið boðin fram greiðsla á þessari fjárhæð, og sé því mál þetta höfðað að ófyrirsynju.

Þá mótmælir stefndi, að stefnandi eigi rétt til kauptryggingar. Telur hann stefnanda hafa misst réttinn samkvæmt ákvæðum 4. málsgr. 9. gr. áðurgreinds samnings, en þar segir, að fari skipverji úr skiprúmi, áður en skip hættir veiðum eða áður en síldarvertíð lýkur, án gildra ástæðna eða samþykkis meiri hluta skipshafnar, hafi hann misst rétt til kauptryggingar. En með þeim hætti, sem hér er lýst, telur hann stefnanda hafa farið af bátnum.

Stefnandi hefur mótmælt framangreindum málsskýringum stefnda. Heldur hann því fram í fyrsta lagi, að ákvæðið sé miðað eingöngu við síldveiðar fyrir Norðurlandi og geti því ekki átt við hér. En þar sem hann, eins og áður er sagt, er lögskráður á skipið með þeim kjörum, sem í fyrrgreindum samningi greinir, verður að telja hann bundinn við ákvæði samningsins, enda er samningurinn ekki takmarkaður við síldveiðar við Norðurland. Hefur því þessi mótbára stefnanda ekki við rök að styðjast.

Í öðru lagi telur stefnandi, að þrátt fyrir greind ákvæði eigi skipverji rétt á að fara úr skiprúmi með lögmæltum fyrirvara, hafi hann verið skráður á síldveiðiskip til óákveðins tíma. Á þetta verður ekki fallizt. Telja verður, að ákvæðið takmarki að þessu leyti rétt skipverja, enda væri það ella ástæðulaust.

Þá byggir stefnandi rétt sinn til brottfarar af bátnum án missis kauptryggingar á því, að hann hafi haft samþykki meiri hluta skipshafnarinnar, svo sem til sé skilið. Þessu hefur stefndi andmælt.

Samkvæmt eftirriti af skipshafnarskrá v/b Marz hafa hinn 3. des. f. á., eða þegar stefnandi vék úr skiprúmi, 18 menn verið skráðir á bátinn auk skipstjóra. Þrír þessara manna, þeir Þorgrímur Eyjólfsson, Gísli Guðjónsson og Einar Jósteinsson, voru skráðir á skipið 2. des. f. á. og afskráðir daginn eftir. Því hefur verið haldið fram af stefnda ómótmælt, að menn þessir hafi aldrei út í bátinn komið. Verða þeir því ekki í þessu sambandi taldir til skipshafnarinnar, sem hinn 3. des. var því 16 manns. Eftir því, sem fyrir liggur, hafa eftirtaldir 8 menn af skipshöfninni ekki samþykkt brottför stefnanda: Erlendur Pálmason skipstjóri, Kristján Gunnarsson stýrimaður, Ásmundur Þorsteinsson 1. vélstjóri, Guðmundur Magnússon 2. vélstjóri, Leifur Eiríksson matsveinn og hásetarnir Guðjón Jóhannsson, Ólafur Guðmundsson og Steinar Hagalínsson. Er því ljóst, að stefnandi hafði ekki samþykki meiri hluta skipshafnar til þess að fara af skipinu,

og þar sem stefnandi heldur því ekki fram, að hann hafi haft gildar ástæður til brottfararinnar, né heldur, að báturinn hafi verið hættur veiðum eða síldarvertíð lokið, er hann fór, verður að telja, að hann með brottför sinni hafi firrt sig rétti til kauptryggingar, og á hann því aðeins rétt til aflahlutar og orlofsfjár fyrir veru sína á bátnum. Fjárhæð sú, sem stefndi hefur viðurkennt, að sér beri að greiða að þessu leyti, hefur ekki verið véfengd. Verður stefndi því dæmdur til að greiða hana. En þar sem hann hefur ekki gegn mótmælum stefnanda sannað, að hann hafi boðið fram greiðslu, fyrr en eftir að mál þetta var höfðað, ber að dæma hann til að greiða vexti af fjárhæðinni, eins og krafizt hefur verið, svo og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 275.00. Þá viðurkennist sjóveðréttur stefnanda í v/b Marz, R.E. 27, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnunum dr. Þorsteini hagstofustjóra Þorsteinssyni og Þorgrími skipstjóra Sigurðssyni.

Dómsorð:

Stefndi, h/f Maí, greiði stefnanda, db. Guðjóns Sigurjónssonar, kr. 743.43 með 6% ársvöxtum frá 3. des. 1947 til greiðsludags og kr. 275.00 í málskostnað, og á stefnandi sjóveðrétt í v/b Marz, R.E. 27, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 29. apríl 1949.

Kærumálið nr. 5/1949.

H/f Maí

gegn

Guðmundi Karlssyni.

Setudómari próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms kært.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 18. nóvember f. á., er hingað barst 6. janúar sl., hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar samkvæmt 186. gr.

laga nr. 85/1936 málskostnaðarákvæði í dómi sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur frá 12. nóvember f. á. í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að téð ákvæði verði úr gildi fellt og að varnaraðili verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði í greindu máli að skaðlausu svo og kærumálskostnað fyrir Hæstarétti. Varnaraðili krefst staðfestingar málskostnaðarákvæðis héraðsdóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir mega staðfesta ákvæði hans um málskostnað.

Eftir þessum úrslitum ber sóknaraðilja að greiða varnaraðilja kr. 100.00 í kærumálskostnað.

Drátt þann, sem varð á afgreiðslu kærumáls þessa til Hæstaréttar, þykir borgardómarinn í Reykjavík hafa réttlætt nægilega með embættisönnum.

Hér fyrir dómi hafa frestir verið veittir í málinu til öflunar frekari gagna.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Sóknaraðili, h/f Maí, greiði varnaraðilja, Guðmundi Karlssyni, kr. 100.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 12. nóv. 1948.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ. m., hefur Guðmundur Karlsson, sjómaður hér í bæ, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, út gefinni 6. jan. sl., gegn h/f Maí hér í bænum til greiðslu kauptryggingar, að fjárhæð kr. 1231.60, auk 6% ársvaxta frá 3. des. sl. til greiðsludags, kr. 55.26 í orlofsfé og málskostnaðar að skaðlausu eða eftir mati dómsins. Þá krefst stefnandi þess, að viðurkenndur verði sjóveðréttur hans í v/b Marz, R.E. 27, eign stefnda, til tryggingar dómkröfunum.

Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi kauptryggingarkröfuna niður í kr. 918.10, en hélt að öðru leyti fast við greindar dómkröfur.

Málavextir eru þeir, að hinn 13. nóvember f. á. var stefnandi lögskráður háseti á v/b Marz, er stunda skyldi síldveiðar, og var ráðningartíminn óákveðinn. Kaup og kjör áttu að fara eftir samningi frá 1. júlí 1945

milli Landssambands ísl. útvegsmanna annars vegar og ýmissa sjómanna- og verklýðsfélaga hins vegar svo og viðbótarsamningi milli sömu aðilja frá 31. janúar 1947. Eftir þeim samningi, sbr. 1. og 2. málsgr. 9. gr., tryggir útgerðarmaður hásetum mánaðarlega greiðslu, kr 578.00, á síldveiðitímanum upp í hundraðshluta af afla þeirra auk verðlagsuppbótar samkvæmt vísitölu kauplagsnefndar. Stefnandi sagði upp starfi sínu á bátnum 2. des. f. á., og hann var afskráður daginn eftir, eða hinn 3. des., og fór þá af skipinu. Reiknar hann sér kauptryggingu í 22 daga, og nemur hún samkvæmt áðurnefndu samningsákvæði kr. 1381.60. Frá þessari fjárhæð kveður stefnandi eiga að draga kr. 150.00, er hann hafi fengið greiddar, og fæðiskostnað í 22 daga, kr. 313.50, og kemur þá fram hin umkrafða fjárhæð.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu gegn greiðslu á kr. 721.93 án vaxta. Þá krefst hann og málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda. *Til vara* hefur hann mótmælt kröfum stefnanda sem of háum og bent í því sambandi á það, að frá því að stefnandi var skráður á skipið og þar til að hann var afskráður, er aðeins 21 dagur, að komu- og brottfarardegi báðum meðtöldum.

Hina viðurkenndu fjárhæð kveður stefndi vera aflahlut stefnanda á því tímabili, sem hann var á bátnum, að viðbættu orlofsfé hans, en að frádregnum fæðiskostnaði og úttekt. Kveður hann, að stefnanda hafi verið boðin fram greiðsla á þessari fjárhæð, og sé því mál þetta höfðað að ófyrirsynju.

Þá mótmælir stefndi, að stefnandi eigi rétt til kauptryggingar. Telur hann stefnanda hafa misst réttinn samkvæmt ákvæðum 4. málsgr. 9. gr. áðurgreinds samnings, en þar segir, að fari skipverji úr skiprúmi, áður en skip hættir veiðum eða áður en síldarvertíð lýkur, án gildra ástæðna eða samþykkis meiri hluta skipshafnar, hafi hann misst rétt til kauptryggingar. En með þeim hætti, sem hér er lýst, telur hann stefnanda hafa farið af bátnum.

Stefnandi hefur mótmælt framangreindum málsskýringum stefnda. Heldur hann því fram í fyrsta lagi, að ákvæðið sé miðað eingöngu við síldveiðar fyrir Norðurlandi og geti því ekki átt við hér. En þar sem hann, eins og áður er sagt, er lögskráður á skipið með þeim kjörum, sem í fyrrgreindum samningi greinir, verður að telja hann bundinn við ákvæði samningsins, enda er samningurinn ekki takmarkaður við síldveiðar við Norðurland. Hefur því þessi mótbára stefnanda ekki við rök að styðjast.

Í öðru lagi telur stefnandi, að þrátt fyrir greind ákvæði eigi skipverji rétt á að fara úr skiprúmi með lögmæltum fyrirvara, hafi hann verið skráður á síldveiðiskip til óákveðins tíma. Á þetta verður ekki fallizt. Telja verður, að ákvæðið takmarki að þessu leyti rétt skipverja, enda væri það ella ástæðulaust.

Þá byggir stefnandi rétt sinn til brottfarar af bátnum án missis kauptryggingar á því, að hann hafi haft samþykki meiri hluta skipshafnarinnar, svo sem til sé skilið. Þessu hefur stefndi andmælt.

Samkvæmt eftirriti af skipshafnarskrá v/b Marz hafa hinn 3. des. f. á., eða þegar stefnandi vék úr skiprúmi, 18 menn verið skráðir á bátinn auk skipstjóra. Þrír þessara manna, þeir Þorgrímur Eyjólfsson, Gísli Guðjónsson og Einar Jósteinsson, voru skráðir á skipið 2. des. f. á. og afskráðir daginn eftir. Því hefur verið haldið fram af stefnda ómótmælt, að menn þessir hafi aldrei út í bátinn komið. Verða þeir því ekki í þessu sambandi taldir til skipshafnarinnar, sem hinn 3. des. var því 16 manns. Eftir því, sem fyrir liggur, hafa eftirtaldir 8 menn af skipshöfninni ekki samþykkt brottför stefnanda: Erlendur Pálmason skipstjóri, Kristján Gunnarsson stýrimaður, Ásmundur Þorsteinsson 1. vélstjóri, Guðmundur Magnússon 2. vélstjóri, Leifur Eiríksson matsveinn og hásetarnir Guðjón Jóhannsson, Ólafur Guðmundsson og Steinar Hagalínsson. Er því ljóst, að stefnandi hafði ekki samþykki meiri hluta skipshafnar til þess að fara af skipinu, og þar sem stefnandi heldur því ekki fram, að hann hafi haft gildar ástæður til brottfararinnar, né heldur, að báturinn hafi verið hættur veiðum eða síldarvertíð lokið, er hann fór, verður að telja, að hann með brottför sinni hafi firrt sig rétti til kauptryggingar, og á hann þá aðeins rétt til aflahlutar og orlofsfjár fyrir veru sína á bátnum. Fjárhæð sú, sem stefndi hefur viðurkennt, að sér beri að greiða að þessu leyti, hefur ekki verið véfengd. Verður stefndi því dæmdur til að greiða hana. En þar sem hann hefur ekki gegn mótmælum stefnanda sannað, að hann hafi boðið fram greiðslu, fyrr en eftir að mál þetta var höfðað, ber að dæma hann til að greiða vexti af fjárhæðinni, eins og krafizt hefur verið, svo og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 275.00. Þá viðurkennist sjóveðréttur stefnanda í v/b Marz, R.E. 27, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnunum dr. Þorsteini hagstofustjóra Þorsteinssyni og Þorgrími skipstjóra Sigurðssyni.

Dómsorð:

Stefndi, h/f Mai, greiði stefnanda, Guðmundi Karlssyni, kr. 721.93 með 6% ársvöxtum frá 3. des. 1947 til greiðsludags og kr. 275.00 í málskostnað, og á stefnandi sjóveðrétt í v/b Marz, R.E. 27, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 2. maí 1949.

Nr. 33/1949. **Réttvísin**
gegn
Ingólfi Einarssyni.

Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Umsagnar læknaráðs leitað.

Úrskurður Hæstaréttar.

Áður en mál þetta er dæmt í Hæstarétti, þykir rétt með skírskotun til 1. og 2. mgr. 2. gr. laga nr. 14/1942 að æskja umsagnar læknaráðs um eftirgreind efni:

Álits er beiðzt um andlega heilsu ákærða almennt, en sérstaklega um andlegt ástand hans hinn 3. maí 1947, er hann framdi glæpi þá, sem í máli þessu greinir, og hvort hann var þá alls ófær til að stjórna gerðum sínum; enn fremur um það, hvort ætla má eftir atvikum, að refsing gæti borið árangur gagnvart ákærða, Ingólfi Einarssyni, þannig að hún gæti skapað hjá honum hvatir til að forðast refsiverða hegðun. Loks er óskað umsagnar um vottorð dr. Helga Tómassonar yfirlæknis, dags. 20. október 1948, að öðru leyti.

Ályktarorð:
Læknaráð láti í té umsögn um framangreind atriði.

Föstudaginn 6. maí 1949.

Nr. 23/1948. **Kristján Guðmundsson** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Steindóri Einarssyni og gagnsök
(Theodór B. Líndal).

Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Fébótamál vegna áreksturs bifreiðar á hest. Ágreiningur dómenda.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 25. febr.

1948, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. marz s. á. Krefst hann þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 10.028.20 eða aðra lægri fjárhæð eftir mati dómsins ásamt 6% ársvöxtum frá 29. apríl 1947 til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem hefur áfrýjað málinu með stefnu 22. júlí 1948, að fengnu gagnáfrýjunarleyfi 15. s. m., krefst *aðallega* algerrar sýknu af kröfum aðaláfrýjanda, en *til vara*, að skaðabótakrafan verði færð niður eftir mati Hæstaréttar. Svo krefst hann þess og, að málskostnaður í héraði verði látinn falla niður, en aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Telja verður, að bifreiðarstjórinn á R—1467 hafi átt meginsök á slysinu með því að hemla ekki bifreið sína og stöðva í tæka tíð, er hann sá hestinn fram undan, sbr. 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941. Hins vegar þykir gagnáfrýjandi ekki hafa sýnt nægа varkárni, er hann lét hestinn fara lausan inn á mjög fjölfarinn veg í útjaðri Hafnarfjarðar, sbr. 12. gr. umferðarlaga, nr. 24/1941. Þykir hæfilegt að skipta ábyrgð á tjóninu þannig, að gagnáfrýjandi beri ⅘ hluta þess, en aðaláfrýjandi ⅕ hluta.

Eins og í héraðsdómi greinir, mátu tveir dómkvaddir menn tjón aðaláfrýjanda kr. 8000.00. Eftir að héraðsdómur gekk, hafa matsmennirnir komið fyrir dóm og gert grein fyrir mati sínu. Kveða þeir hest aðaláfrýjanda hafa verið afburðagóðan og kostamikinn reiðhest. Annar matsmaðurinn, Bogi Eggertsson, lýsti því, „að við matsgerðina hafi matsmennirnir talið, að hæfilegt matsverð á söluverði hestsins miðað við aðra gæðinga, sem þeir þekktu til, væri 6—7 þús. krónur, en ofan á það hafi þeir svo bætt 1—2 þús. krónum sem eins konar sárabótum til eigandans fyrir missi hestsins.“ Hinn matsmaðurinn, Magnús Bergsson, skýrði einnig svo frá, „að matsmennirnir hafi tekið nokkuð til greina sárabætur til eigandans fyrir missi hestsins.“ Ekki kveða matsmennirnir sig hafa heyrt þess getið, að hestar hafi á síðustu árum verið seldir hærra verði en 6000—7000 krónur.

Með skírskotun til ofangreindrar umsagnar matsmannanna

þykir tjón aðaláfrýjanda hæfilega ákveðið kr. 6500.00. Ber gagnáfrýjanda að bæta honum 4/5 hluta þess, eða kr. 5200.00, ásamt vöxtum, eins og krafizt er.

Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir rétt, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 1800.00.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Steindór Einarsson, greiði aðaláfrýjanda, Kristjáni Guðmundssyni, kr. 5200.00 með 6% ársvöxtum frá 29. apríl 1947 til greiðsludags og samtals kr. 1800.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði hrd. Gizurar Bergsteinssonar og hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Samkvæmt vætti tveggja farþega í bifreið gagnáfrýjanda fór hesturinn á hægu brokki út á veginn og stefndi yfir hann án nokkurra óvæntra viðbrigða. Telur annað þessara vitna, sem er vanur bifreiðarstjóri, að þá hafi verið 6—7 bíllengdir að hestinum. Hafi bifreiðarstjórinn þá hægt ferð bifreiðarinnar, en eigi hafi hann beitt hemlum, fyrr en eftir að bifreiðin hafði rekizt á afturhluta hestsins vinstra megin. Telur vitni þetta, að stöðva hefði mátt bifreiðina, áður en áreksturinn varð, jafnvel þótt hemlum hefði ekki verið beitt strax og sást til hestsins og eigi fyrr en komið var allnærri honum. Verður því að telja, að bifreiðarstjóranum hafi verið innan handar að afstýra slysinu, ef hann hefði sýnt nauðsynlega aðgæzlu og beitt hemlum í tæka tíð. Samkvæmt því, sem nú var rakið, og með skírskotun til 34. gr. laga nr. 23/1941, er leggur sönnunarbyrði um fulla aðgæzlu ökumanns á hendur ábyrgðarmanni bifreiðar, þykir gagnáfrýjandi eiga að bæta aðaláfrýjanda tjón hans, en ekki er ástæða til að leggja hluta sakar á aðaláfrýjanda, þótt hesturinn rynni laus yfir veginn, þar sem hann gerði það án allra óvæntra

og óeðlilegra viðbragða og bifreiðin var í þeirri fjarlægð frá honum, sem áður er lýst, er hann fór inn á veginn.

Menn þeir, sem framkvæmdu mat á hestinum, telja, að slíkur hestur hefði eigi verið seldur undir 6000—7000 krónum, en við þá fjárhæð hafi þeir bætt 1000—2000 krónum í sárabætur aðaláfrýjanda til handa. Miða verður bætur einungis við áætlað söluverð hestsins, og þykir samkvæmt því rétt að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda kr. 6500.00 ásamt vöxtum, eins og krafizt er, og samtals kr. 2000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt þessu teljum við, að dómsorð ætti að hljóða svo:

Gagnáfrýjandi, Steindór Einarsson, greiði aðaláfrýjanda, Kristjáni Guðmundssyni, kr. 6500.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 29. apríl 1947 til greiðsludags og samtals kr. 2000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. nóvember 1947.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. þ. m., hefur Kristján Guðmundsson bifreiðarstjóri, Kirkjuvegi 14 í Hafnarfirði, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 29. apríl 1947, gegn Steindóri Einarssyni, Sólvallagötu 68 hér í bæ, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 10.028.20, auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefnandi er ekki fjárráða, en samþykki föður hans til málshöfðunar er meðal gagna málsins.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu, en *til vara* lækkunar á dómkröfum stefnanda. Einnig hefur hann krafizt þess, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Málavextir eru þessir:

Stefnandi kom til Hafnarfjarðar úr ferðalagi 2. júní f. á. Var hann með tvo hesta og reið öðrum þeirra, en hafði tauminn uppi á hinum, sem rölti á undan stefnanda. Reið stefnandi Norðurbraut, þar til er hann kom í námunda við Dvergastein, hús, er stendur við þá götu. Sveigði stefnandi þá til hægri og ætlaði yfir Reykjavíkurveg, en austan þeirrar götu hýsti hann hesta sína. Áður en stefnandi riði yfir veginn, varð hann var áætlunarbifreiðar R. 1467, sem var að koma frá Reykjavík norðan veginn, og stöðvaði hann því ferð sína, en lausi hesturinn hélt áfram yfir veginn. Þegar hesturinn var kominn allnærri eystri vegarbrún, var áætlunarbifreiðinni ekið á hann aftanverðan, og skall hann í götuna, en bifreiðinni var þá sveigt til hægri, og stöðvaðist hún, eftir að hún hafði runnið yfir veginn og út af honum, samtals um 17

metra. Hestur stefnanda hafði fótbrotnað og skrámazt og var svo mikið meiddur, að stefnandi lét þegar skjóta hann. Telur stefnandi bifreiðarstjórann hafa átt alla sök á slysi þessu og því beri stefndi, sem var eigandi bifreiðarinnar, bótaábyrgð á tjóninu.

Stefndi hefur byggt sýknukröfu sína á því, að hesturinn hafi hlaupið snögglega í veg fyrir bifreiðina og hafi því eigi verið unnt að koma í veg fyrir slysið. Einnig hefur stefndi haldið því fram, að stefnandi beri að nokkru sök á slysinu, þar eð hann hafi rekið hestinn lausan, þótt slíkt sé bannað í umferðarlögum og lögreglusamþykktum, og sé því rétt að skipta bótaábyrgð með aðiljum.

Af skýrslu stefnanda, sem í öllum verulegum atriðum hefur stoð í vætti tveggja farþega, er í bifreiðinni voru, verður það ráðið, að hesturinn fór á hægu brokki yfir veginn án snöggra viðbragða, svo og, að bifreiðarstjóranum hefur gefizt ráðrúm til athafna, er afstýra mættu slysinu, hafi athygli hans annars verið nægilega beint að veginum fram undan bifreiðinni. Það er sannað, að dregið var úr hraða bifreiðarinnar, áður en slysið varð, en ekki er í ljós leitt, að bifreiðarstjórinn hafi sveigt úr vegi eða beitt hemlum, áður en bifreiðin rakst á hestinn, og verður því að telja upp komið, að hann hafi eigi gætt þeirrar sérstöku varúðar, sem lögboðin er í 28. gr. laga nr. 23 frá 1941. Samkvæmt þessu verður litið svo á, að bifreiðarstjórinn hafi átt alla sök á slysi þessu, enda þykir krafa stefnda um skiptingu sakar ekki styðjast við rök, þar sem 12. gr. umferðarlaga, nr. 24 frá 1941, heimilar rekstur lausra hesta á vegi utan þéttbýlis. Ber stefndi því bótaábyrgð á tjóni stefnanda, og kemur þá til athugunar fjárhæð bótanna.

Með mati tveggja dómkvaddra manna hefur verðmæti hestsins verið talið kr. 8000.00, en jafnframt hafa þeir metið eldiskostnað hests árin 1937—1946 samtals kr. 10.028.20, og hefur stefnandi miðað bótakröfu sína við það mat.

Stefndi hefur eindregið mótmælt þeim grundvelli kröfugerðarinnar og telur hann ekki eiga stoð í reglum bótaréttarins. Einnig hefur hann mótmælt matinu, er fyrr var greint, er hann telur ljóst, að miðað sé við minjagildi hestsins auk venjulegs verðmætis hans.

Um verðmæti hestsins er þetta helzt upp komið: Hesturinn var 9 vetra gamall og að áliti matsmannanna með afbrigðum vel upp alinn og í fyllsta máta fallegur gæðingur. Við hinn fyrri munnlega flutning málsins kom málflytjendum saman um það, að hestar hafi gengið kaupum og sölum í fyrra fyrir um og yfir kr. 3000.00, og við síðari flutning þess var lagt fram vottorð hrossaræktarráðunauts um, að gangverð 9 vetra gamalla reiðhesta hafi verið kr. 2000.00—2500.00 á sama tíma.

Með hliðsjón af framanrituðu svo og því, að stefnandi virðist hafa ráðstafað fallinu sjálfur, þykja bætur hæfilega ákveðnar kr. 4000.00, og verður stefndi því dæmdur til að greiða stefnanda þá fjárhæð auk vaxta, eins og krafizt var, svo og málskostnað, er ákveðst kr. 600.00.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Steindór Einarsson, greiði stefnanda, Kristjáni Guðmundssyni, kr. 4000.00 með 6% ársvöxtum frá 29. apríl 1947 til greiðsludags og kr. 600.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 9. maí 1949.

Nr. 98/1947. **Útibú Útvegsbanka Íslands h/f, Siglufirði** (Lárus Fjeldsted)

gegn

Kaupfélagi Siglfirðinga (Egill Sigurgeirsson).

Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Endurgreiðslukrafa samkv. 74. gr. víxillaga. Ómerking vegna galla á málsmeðferð.

Dómur Hæstaréttar.

Guðmundur Hannesson bæjarfógeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. september 1947.

Mál þetta var þingfest fyrir héraðsdómi hinn 20. febrúar 1947. Kom þá fyrir dóm af hendi stefnanda Hafliði Helgason útibússtjóri og lagði fram m. a. stefnu, sáttakæru, greinargerð svo og ágrip dómsgerða í hæstaréttarmálinu nr. 31/1946, en í því ágripi voru mörg skjöl, sem ekki virðast skipta mál það, er hér liggur fyrir til úrlausnar. Af hendi stefnda kom þá fyrir dóm Hjörtur Hjartar kaupfélagsstjóri. Fengu fyrirsvarsmenn aðilja síðan sameiginlegan frest til 24. apríl s. á. til gagnasöfnunar. Hinn 23. apríl var málið af nýju tekið til meðferðar á dómþingi Siglufjarðar. Lagði þá nefndur fyrirsvarsmaður stefnda fram greinargerð ásamt reikningseftirriti. Fyrrnefndur fyrirsvarsmaður stefnanda fékk þá með samþykki stefnda frest til 22. maí s. á. Þann dag fór fram

vitnaleiðsla. Málinu var síðan frestað til 19. júní. Lagði fyrirsvarsmaður stefnanda þá fram sóknarskjal. Veittur var því næst frestur til 30. júní s. á. Létu fyrirsvarsmenn aðilja þá bóka stuttar athugasemdir og mótmæli. Var málið að því loknu tekið til dóms og dómur kveðinn upp hinn 12. ágúst s. á.

Meðferð máls þessa hefur verið mjög andstæð ákvæðum laga nr. 85/1936. Gagnasöfnun fyrirsvarsmanna aðilja var mjög léleg, og bar dómaranum því samkvæmt 114. gr. nefndra laga að leiðbeina fyrirsvarsmönnunum, sem eru ólöglærðir, um öflun skýrslna og málsgagna. Dómari hefði átt að leiðbeina aðiljum um að leita rækilegra skýrslna um aðdraganda að stofnun Gilslaugar h/f og um hag félags þessa, einkum 12. júlí 1944. Hefði verið rétt að leggja fram stofnsamning, efnahags- og rekstursreikninga hlutafélagsins, svo og skýrslu endurskoðenda í þrotabúi þess. Þá hefði dómari átt að benda fyrirsvarsmönnum aðilja á að leiða í ljós, svo sem kostur er, öll atriði varðandi víxla þá, sem stefndi samþykkti og seldir voru Sparisjóði Siglufjarðar. Rétt hefði verið að fá skýrslur um það, hvers vegna Gilslaug h/f gerðist ekki eftir stofnun þess víxilskuldari á víxlum þessum, ef víxilfjárhæðin hefur runnið til hlutafélags þessa, svo sem haldið hefur verið fram. Þá bar dómaranum og að gefa fyrirsvarsmanni stefnanda bendingu um að leiða sönnur að þeirri staðhæfingu sinni, að andvirði víxils þess, sem seldur var áfrýjanda 13. júlí 1944, Gilslaug h/f samþykkti og stefndi gaf út, hafi runnið til greiðslu á víxli þeim, er stefndi hafði samþykkt og selt Sparisjóði Siglufjarðar. Loks hefur héraðsdómari látið undir höfuð leggjast að kveða á um, hvort málflutningur skyldi vera skriflegur eða munnlegur, og láta málflutning fara fram samkvæmt þeirri ákvörðun.

Vegna framangreindra megingalla verður sjálfkrafa að ómerkja alla meðferð málsins frá þingfestingu svo og hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Stefndi hefur krafizt málskostnaðar, og þykir rétt, að áfrýjandi greiði honum kr. 1200.00 málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins frá þingfestingu fyrir héraðsdómi eiga að vera ómerk, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar. Áfrýjandi, Útibú Útvegsbanka Íslands h/f, Siglufirði, greiði stefnda, Kaupfélagi Siglfirðinga, kr. 1200.00 málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Siglufjarðar 12. ágúst 1947.

Með stefnu, dags. 18. febr. 1947, krefst stefnandinn, Hafliði Helgason útbússtjóri, Siglufirði, f. h. Útvegsbanka Íslands h.f., að stefnd stjórn Kaupfélags Siglfirðinga, Siglufirði, verði dæmd til þess að greiða sér 30.000 kr. með 6% vöxtum frá 12. júlí 1945 vegna víxils í Útvegsbankanum Siglufirði, sem h.f. Gilslaug hafi verið samþykkjandi að, en kaupfélagið útgefandi að og féll í gjalddaga 12. júlí 1945.

Hefur Hæstiréttur með dómi 13. des. 1946 sýknað útgefanda, kaupfélagið, af víxilskuldinni eftir víxilrétti, þar eð þá starfandi kaupfélagsstjóri, sem féll frá afsögn víxilsins f. h. kaupfélagsins, hafi ekki verið löglegur kaupfélagsstjóri og fráfall hans frá víxilafsögn því verið ógilt gagnvart kaupfélaginu, sem stefnandi því hafi misst víxilrétt gegn. Hefur stefnandi nú stefnt stjórn kaupfélagsins til greiðslu á upphæð jafnhárri víxilupphæðinni auk 6% vaxta frá gjalddaga víxilsins auk málskostnaðar.

Þar sem Hæstiréttur hefur með fyrrgreindum dómi slegið því föstu, að starfandi kaupfélagsstjóri eins kaupfélags, er hafi fengið prókúru hjá ekki löglegri stjórn kaupfélags, sé ófær að falla frá afsögn fyrir kaupfélag, er hann starfar fyrir, — ekki einu sinni í líkingu við, að starf hans — fráfall afsagnar — gæti í því talizt sem hann mætti skoðast sem negotiorum gestor fyrir kaupfélagið, — verður að telja, að því að eins ætti stefnandi kröfu á stefndan samkv. 74. gr. víxillaganna, eins og hann skírskotar til fyrir kröfu sinni, að á bak við víxilútgáfuna hafi verið meir en víxilábyrgðin, svo að viðskipti þau milli stefnds, útgefanda víxilsins, og samþykkjanda hans, væru slík, að útgefandinn ætti að greiða víxilupphæðina samþykkjanda eða víxileiganda.

En í málflutningi stefnanda er því jafnvel ekki haldið fram. Ef útgefandi aðeins skuldar víxilupphæðina víxileiganda sem víxilábyrgðarmaður vegna útgáfu víxilsins og sú víxilábyrgð fellur niður vegna „vangeymslu" víxileiganda, eins og hér hefur átt sér stað, mun útgefandinn, — in hoc stefnd —, ekki „vinna" víxilupphæðina „úr hendi" víxileiganda, þótt fjárheimtan á útgefanda félli niður og samþykkjandi, eins og hér hefur einnig átt sér stað, reyndist ófær um að greiða víxilupphæðina. 74. gr.

víxillaganna vill ekki láta víxilábyrgðarmann græða upphæð víxilsins við það, að víxilábyrgðin falli niður, ef útgefandinn raunverulega hefur skuldað slíka upphæð utan víxilsins samkv. eðli málsins, samkv. alm. viðskiptum, en hún á ekki við það, að vegna víxilábyrgðarinnar, sem fallin er niður fyrir „vangeymslu", megi víxileigandinn sækja víxilábyrgðarmanninn þrátt fyrir vangeymsluna, eins og stefnandi virðist ætla. Þá væru allar reglur um víxilafsagnir og afleiðingar „vangeymslu" þýðingarlausar (að öðru en því, að þeirra gætti ekki í sjálfu víxilmálinu) og væru þá form eitt, er enga raunverulega þýðingu hefði.

Stefnandi heldur enn fremur fram um afskipti stefndrar og h. f. Gilslaugar: Stjórn kaupfélagsins (stefnds) hafi samþykkt:

1. „Þar til félagið er formlega stofnað, framkvæmi K. F. S. nauðsynlegar greiðslur vegna undirbúningsstarfs" (þ. e. a. s. við undirbúningsstarf við stofnun hlutafélagsins Gilslaugar).

2. Til þess að kaupfélagið fengi endurgreiddan útlagðan tilkostnað samkv. 1. lið, hafi kaupfélagið samþykkt víxil að upphæð 30.000 kr. í Sparisjóði Siglufjarðar 6. jan. 1943, er oft hafi verið framlengdur. Hafi sá víxill verið gefinn út af þáverandi kaupfélagsstjóra (prívat), en verið framlengdur til 13. júlí 1944, er hann var greiddur, en 3. sama dag (svo) hafi h.f. Gilslaug samþykkt í Útvegsbankanum, Siglufirði, 30.000 kr. víxil, en kaupfélagið gefið út. Hafi sá víxill verið framlengdur, unz hann fékkst ekki framlengdur lengur og fallið var frá afsögn hans af ólöglegum kaupfélagsstjóra og dóms er krafizt vegna (svo). Heldur stefnandi því fram, að fyrrgreindur sparisjóðsvíxill hafi verið greiddur með útvegsbankavíxlinum. Hins vegar mótmælir stefnd því eindregið og heldur fram, að ekkert samband sé milli víxlanna. Eftir flutningi aðilja, sem upplýsir ekki ýmis atriði málsins, virðist mega ætla, að til þess að hjálpa til við stofnun h.f. Gilslaugar hafi þáverandi stjórn kaupfélagsins látið kaupfélagið greiða allmiklar greiðslur fyrir hlutafélagið Gilslaug, sem þá var verið að stofna, en nú er gjaldþrota. Hve miklu þær greiðslur hafi numið, er ekki að fullu upplýst, né hvernig þær voru greiddar kaupfélaginu, en eftir greiðslutímanum að dæma virðist eðlilegt, að a. m. k. nokkuð af sparisjóðsvíxlinum, — hve mikið verður með vissu eigi vitað, þar sem aðiljar hafa eigi hirt um að upplýsa nægilega ýmis atriði, er þetta varða —, hafi runnið til þess að endurgreiða kaupfélaginu ýmsar greiðslur þess fyrir h.f. Gilslaug. Þótt þessi sparisjóðsvíxill hafi verið samþykktur af kaupfélaginu, virðist hann ekki hafa verið færður hjá því á venjulegan hátt, enda fullyrt af stefndum, að hann hafi ekki verið í págu kaupfélagsins. Eftir því ætti víxilábyrgð kaupfélagsins, — víxilsamþykki þess —, að hafa verið lánað h.f. Gilslaug, en frekara er ekki upplýst um það. Þetta verður því eigi talið sannað. Heldur er ekkert upplýst um, að stjórn kaupfélagsins hafi af félagsfundi verið heimilað að hafa slíkar greiðslur fyrir hlutafélagið, sem ella voru stjórn kaupfélagsins með öllu óheimilar. Heldur ekki verður talið sannað, að útvegsbankavíxlinum hafi verið varið til greiðslu á sparisjóðsvíxlinum,

þótt nokkrar líkur mæli með því. Verður að telja, að þessar aðstæður breyti í engu niðurstöðu málsins hér að framan og stefndan beri því að sýkna af kröfum stefnanda.

Eftir ástæðum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Fyrir því dæmist rétt vera:

Stefnd, stjórn Kaupfélags Siglfirðinga, Siglufirði, sé sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu. Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 11. maí 1949.

Nr. 99/1946. **Sófus Bender og Hörður Jónsson** (Theodór B. Líndal)

gegn

Jóni Sveinssyni og gagnsök (Egill Sigurgeirsson).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Bifreiðaárekstur. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. ágúst 1946. Þeir krefjast aðallega sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda eftir mati dómsins. Til vara gera þeir þá kröfu, að fjárhæð sú, sem dæmd var í héraði, verði lækkuð og að málskostnaður verði þá látinn falla niður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 29. ágúst 1946, að fengnu áfrýjunarleyfi 20. s. m. Krefst hann þess, að aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða honum kr. 1629.58 ásamt 6% ársvöxtum frá 15. júní 1945 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Er ökumaður á bifreið aðaláfrýjenda ók úr Liljugötu inn á Hringbraut, bar honum að sýna ýtrustu varkárni og vera við því búinn að stöðva bifreiðina þegar í stað, ef þörf gerðist. Þessa gætti ökumaðurinn ekki, og á hann því sök á árekstri bifreiðanna án tillits til þess, hvort talið verði, að honum hefði mátt vera kunnug ákvörðun lögreglustjóra um einstefnuakstur um Liljugötu milli Smáragötu og Hringbrautar eða hvort sú ákvörðun hafi verið nægilega birt.

Með þessari athugasemd þykir mega staðfesta héraðsdóminn.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. maí 1946.

Mál þetta, er dómtekið var 26. f. m., hefur Jón Sveinsson, Brautarenda á Seltjarnarnesi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 5. júní 1945, gegn þeim Sófusi Bender og Herði Jónssyni, báðum hér í bænum, til greiðslu skaðabóta in solidum vegna bifreiðaáreksturs, að fjárhæð kr. 2182.58, með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins voru kröfur stefnanda lækkaðar í kr. 1839.58 auk vaxta og málskostnaðar, sem fyrr var sagt.

Stefndir hafa krafizt *aðallega* sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómarans, en *til vara*, að kröfurnar verði lækkaðar að mati dómarans og málskostnaður látinn falla niður.

Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f hefur verið stefnt til réttargæzlu sem vátryggjanda neðangreindrar bifreiðar, en engar kröfur eru gerðar á hendur því, né heldur hefur það gert neinar sjálfstæðar kröfur.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt hins 17. september 1944 var fólksflutningabifreiðinni R. 2734, eign stefnanda, ekið suður Hringbraut. Er hún var komin rétt að Liljugötu, kveðst stjórnandi hennar hafa séð, að fólksflutningabifreiðinni R. 639, sem er eign stefndra, var ekið úr Liljugötu inn á Hringbraut. Þar eð ekki hafi verið svigrúm til þess að stöðva bifreiðina, hafi hann ætlað að forða árekstri með því að aka fyrir aftan bifreið þessa, enda hafi honum virzt bifreiðarstjóri hennar ætla að halda áfram ferð sinni. Hafi hann því hemlað bifreiðina og sveigt til vinstri í þessu skyni, en í sama bili hafi R. 639 stöðvazt og bifreiðarnar þá rekizt saman.

Telur stefnandi, að bifreiðarstjóri R. 639 eigi einn sök á árekstri þessum, þar eð óheimilt sé samkvæmt umferðarreglum Reykjavíkur að aka eftir Liljugötu frá norðri til suðurs, og stefndir sem eigendur bifreiðarinnar beri því ábyrgð á tjóni því, er af honum hlauzt.

Stefndir byggja aðalkröfu sína á því, að það sé aðalregla íslenzks umferðarréttar, að sá eigi að víkja, er hafi farartæki á vinstri hönd. Sé frá þessu brugðið eða akstur bannaður um vissar götur, beri að setja greinileg merki við hver gatnamót, þar sem slík afbrigði frá almennum reglum eigi að gilda. Kveða þeir stjórnanda bifreiðar sinnar hafa ekið suður Smáragötu í umrætt sinn og sveigt til hægri inn í Liljugötu, en við þau gatnamót eða gatnamót Liljugötu og Hringbrautar hafi ekki verið nein merki, er gæfu til kynna, að akstur væri óheimill um vegarkafla þennan.

Í máli þessu er ósannað, að nokkur merki um umferðarbann hafi verið við suðurenda Smáragötu eða norðurenda Liljugötu, þegar framangreindur atburður gerðist. Hins vegar hefur stjórnandi bifreiðar stefndra kannazt við það fyrir dómi, að honum hafi verið kunnugt um það, að bannað var að aka norður Liljugötu frá Laufásvegi, sem er næsta gata sunnan Smáragötu (svo). Eins og til háttar á gatnamótum þeim, er mál þetta varða, þykir hann eigi hafa haft réttmæta ástæðu til að ætla, að því banni væri af létt á móts við Smáragötu, þar eð hann, — sem hefur í mörg ár stundað bifreiðaakstur í atvinnuskyni hér í bænum —, mátti gera sér ljóst, að umferðarhætta var stórum aukin á þeim kafla Liljugötu, sem liggur milli Smáragötu og Hringbrautar. Verður því að telja mann þennan hafa gerzt sekan um slíkt gáleysi við akstur bifreiðarinnar, að hann eigi meginsök á slysinu. Á hinn bóginn er ljóst af gögnum málsins, að stjórnandi bifreiðar stefnanda sýndi eigi fyllstu aðgæzlu, þar eð hann nam eigi þegar staðar, svo sem honum var skylt og átti að vera unnt samkvæmt bifreiðalögunum, til þess að komizt yrði hjá slysi. Verður því að líta svo á, að hann eigi nokkra sök á samakstri þessum, og þykja sakarhlutföll hæfilega metin svo, að hann beri þriðjung sakar, en stjórnandi bifreiðar stefndra tvo þriðju hluta.

Um fjárhæð skaðabótanna er þess að geta, að stefndir hafa viðurkennt réttmæti allra kröfuliðanna nema eins, er nemur kr. 350.00. Hafa stefndir talið þann lið of háan, og þar eð stefnandi hefur eigi lagt fram gögn að þessu leyti fyrir hærri fjárhæð en kr. 140.00, verður lægri fjárhæðin tekin til greina, og nema bæturnar í heild því kr. 1629.58.

Stefndir hafa loks andmælt því, að þeir beri óskipta ábyrgð á tjóni því, er hljótast kann af bifreið þeirra, en gegn andmælum stefnanda verður þeirri mótbáru eigi sinnt, enda eigi í ljós leitt annað en bifreiðin sé óskipt sameign stefndra.

Málalok verða því þau, að stefndir verða in solidum dæmdir til að greiða stefnanda tvo þriðju hluta af kr. 1629.58, þ. e. kr. 1086.39, með vöxtum, eins og krafizt var, svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 350.00.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, hefur kveðið upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndir, Sófus Bender og Hörður Jónsson, greiði in solidum stefnanda, Jóni Sveinssyni, kr. 1086.39 með 6% ársvöxtum frá 5. júní 1945 til greiðsludags og kr. 350.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 11. maí 1949.

Nr. 1/1949. **Vigfús Pálmason** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Elínu Thorarensen og gagnsök
(Gústaf A. Sveinsson).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og hrl. Einar B. Guðmundsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Mál til endurheimtu ofgreiddrar húsaleigu.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. jan. 1949 og krafizt aðallega algerrar sýknu af kröfum gagnáfrýjanda, en til vara, að dæmd fjárhæð verði færð niður eftir mati dómsins. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi hefur með stefnu 24. jan. 1949, að fengnu áfrýjunarleyfi 20. s. m., gagnáfrýjað málinu. Krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt rökum þeim, er í héraðsdómi greinir, á gagnáfrýjandi rétt til að fá endurgreidda úr hendi aðaláfrýjanda oftekna húsaleigu á tímabilinu frá 1. nóvember 1943 til 31. október 1947. Fyrir Hæstarétti hefur aðaláfrýjandi haldið því

fram, að á ofangreindu tímabili hafi hann verið fjarverandi heimili sínu alls 183 daga og ekki notið fæðis hjá gagnáfrýjanda þá daga. Krefst hann af þessum sökum, að dómkrafa gagnáfrýjanda verði færð niður um kr. 2225.00. Af hálfu gagnáfrýjanda er lækkunarkröfu þessari mótmælt sem of seint fram kominni, og þar sem aðaláfrýjandi hreyfði þessari mótbáru ekki í héraði, þykir hún ekki eiga að koma nú til álita gegn andmælum gagnáfrýjanda. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 700.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Vigfús Pálmason, greiði gagnáfrýjanda, Elínu Thorarensen, kr. 700.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. október 1948.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. þ. m., hefur frú Elín Thorarensen, Baldursgötu 32 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu eftir árangurslausa sáttaumleitan með stefnu, út gefinni 9. desember sl., gegn Vigfúsi skósmíðameistara Pálmasyni, Baldursgötu 32 hér í bænum, til endurgreiðslu húsaleigu, að fjárhæð kr. 9.920.00, með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi, 29. nóv. 1947, til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Stefnandi hefur frá því á árinu 1924 haft á leigu húsnæði á Baldursgötu 32 hér í bæ, búið þar og rekið matsölu. Hefur stefndi keypt af henni fæði um 18 ára skeið. Húsnæði stefnandi var upphaflega 3 stofur og eldhús á neðri hæð og 1 herbergi á efri hæð hússins. Í ágústmánuði 1940 keypti stefndi hús þetta, og í júlí 1941 fluttist hann í eitt af herbergjum þeim, sem stefnandi hafði haft á neðri hæðinni, en í staðinn fékk hún til afnota herbergi á efri hæð, og mun það hafa verið öllu minna en herbergi það, er stefndi fluttist í. Frá því á árinu 1928 og þar til er breyting þessi varð, hafði stefnandi goldið kr. 140.00 á mánuði í húsa-

leigu, en nú varð að samkomulagi, að fæði stefnda skyldi koma til greiðslu leigunnar að sléttum skiptum, og hefur sá háttur haldizt síðan.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að fæði stefnda sé meira virði en leiga sú, sem hún greiddi fyrir húsnæðið þar til í júlí 1941. Á þeim tíma hafi verið óheimilt samkvæmt ákvæðum húsaleigulaga að hækka leiguna frá því, sem goldið var 14. maí 1940. Telur stefnandi, að fæði, sem stefndi hefur keypt af henni frá 1. nóvember 1943 til 31. október 1947, sé að verðmæti kr. 16.640.00, en á sama tíma telur hún, að sér beri að greiða kr. 140.00 mánaðarlega í húsaleigu, eða samtals kr. 6.720.00. Mismunur þessara fjárhæða er dómkrafa stefnandi.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að samkomulag málsaðilja í júlí 1941 um að leggja fæðiskaup hans og húsaleigu stefnandi að jöfnu, sé bindandi fyrir hana, þar eð það hafi verið gert af frjálsum vilja hennar, en henni sé í sjálfsvald sett að verðleggja fæði það, er hún selur, svo lágt sem henni þóknist.

Frá 14. maí 1940 hefur verið óheimilt að lögum að hækka leigu fyrir húsnæði frá því, sem goldið var og um samið þann dag, nema samkvæmt mati húsaleigunefnda. Samningar, þar sem samið er um hærri leigu en að framan greinir, eru samkvæmt ákvæðum 13. gr. laga nr. 39 frá 1943 ógildir, að því er fjárhæð varðar, og afturkræft það, sem leigutaki kann að hafa ofgreitt. Ákvæði þessi gilda að sjálfsögðu jafnt, þótt samið sé um greiðslu í öðru en peningum. Húsaleigunefnd hefur ekki metið húsnæði stefnandi, og því hefur ekki verið mótmælt, að það hafi fremur rýrnað að gæðum við þá breytingu, sem á því varð í júlí 1941. Stefnda var því óheimilt að taka hærri leigu fyrir húsnæðið en goldin var 14. maí 1940, eða kr. 140.00 á mánuði. Því hefur ekki verið haldið fram, að verðmæti fæðis þess, sem stefnandi hefur selt stefnda, sé minna en hún heldur fram í máli þessu. Ber stefnda því samkvæmt framansögðu að endurgreiða stefnandi mismun fæðiskostnaðarins og leigu þeirrar, er honum var heimilt að taka fyrir íbúð hennar.

Samkvæmt framanrituðu ber að taka kröfur stefnandi til greina að öllu leyti.

Málskostnaður til handa stefnandi telst hæfilega ákveðinn kr. 1200.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Vigfús Pálmason, greiði stefnandi, Elínu Thorarensen, kr. 9.920.00 með 6% ársvöxtum frá 29. nóvember 1947 til greiðsludags og kr. 1200.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. maí 1949.

Kærumálið nr. 10/1949.

Ágúst Jónsson

gegn

Glóa s/f.

Frávísunardómur héraðsdóms staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 26. apríl sl., er hingað barst 28. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 108. gr. laga nr. 85/1936 kært dóm bæjarþings Reykjavíkur, upp kveðinn 23. s. m., þar sem vísað var frá dómi máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að hinn áfrýjaði dómur verði felldur úr gildi og varnaraðilja dæmt að greiða honum kærumálskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Varnaraðili hefur ekki borið fram neinar kröfur né greinargerð í málinu.

Sóknaraðili hefur sent Hæstarétti nýtt skjal með greinargerð sinni, en þar sem ekki verður séð, að varnaraðili hafi haft færi á að kynna sér það, þykir ekki unnt að taka tillit til þess við úrlausn málsins. Og þar sem fallast má á forsendur og niðurstöður hins áfrýjaða dóms, ber að staðfesta hann.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. apríl 1949.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. þ. m., hefur Ágúst Jónsson, rafvirkjameistari hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 25. f. m., gegn sameignarfélaginu Glóa, Hafnarfirði, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 368.06, með 6% ársvöxtum frá 31. marz 1945 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefnda hefur ekki látið sækja þing og er þó löglega stefnt. Eftir ákvæðum 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 verður málið dæmt eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Til stuðnings kröfum sínum hefur stefnandi lagt fram reikning frá sameignarfélaginu Rafvirkjanum á stefnda að fjárhæð kr. 368.06, en þar eð hann hefur ekki sýnt fram á heimild sér til handa til heimtu reiknings þessa, þykir verða að vísa máli þessu ex officio frá dómi. — Málskostnaður fellur niður.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Máli þessu er ex officio vísað frá dómi.
Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 16. maí 1949.

Kærumálið nr. 11/1949.

Pétur Hjartarson og Guðrún Þórunn Eggertsdóttir
gegn
Jóni Jónassyni.

Frávísunardómur héraðsdóms staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 13. f. m., sem hingað barst 28. s. m., hafa sóknaraðiljar samkvæmt 108. gr. laga nr. 85/1936 skotið til Hæstaréttar dómi bæjarþings Reykjavíkur, upp kveðnum 11. apríl sl., þar sem máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja var vísað frá dómi. Krefjast sóknaraðiljar þess, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og varnaraðili dæmdur til greiðslu kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að sóknaraðiljar greiði in solidum varnaraðilja kr. 250.00 í málskostnað í Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðiljar, Pétur Hjartarson og Guðrún Þórunn

Eggertsdóttir, greiði in solidum varnaraðilja, Jóni Jónassyni, kr. 250.00 í kærumálskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. apríl 1949.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 4. þ. m., hafa Pétur Hjartarson og Þórunn Eggertsdóttir, bæði til heimilis að Mávahlíð 9 hér í bænum, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 10. marz sl., gegn Jóni Jónassyni, Mávahlíð 9 hér í bænum.

Hafa stefnendur gert þessar dómkröfur: *að* síðargreindur úrskurður húsaleigunefndar Reykjavíkur verði úr gildi felldur að því leyti, sem hann gerir stefnanda Pétri Hjartarsyni skylt að rýma íbúð sína að Mávahlíð 9; *að* viðurkennt verði, að leigusamningur stefnanda Péturs Hjartarsonar við stefnda frá 2. október 1948 sé áfram í gildi með þeim breytingum á fjárhæð leigunnar, sem leiðir af úrskurði húsaleigunefndar frá 2. febrúar 1949; *að* synjað verði kröfum stefnda um, að stefnendum skuli skylt að víkja úr íbúðinni að Mávahlíð 9; *að* stefnda verði gert að greiða stefnendum málskostnað að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins gerði lögmaður stefnenda þá kröfu, að málskostnaður yrði dæmdur umbjóðendum hans við væntanlegan efnisdóm í málinu, en krafðist ekki sérstaklega málskostnaðar í þessum hluta þess.

Stefndi hefur krafizt, að málinu verði vísað frá dómi, og málskostnaðar sér til handa.

Mál þetta hefur verið sótt og varið, aðeins að því er varðar frávísunarkröfu stefnda, og hefur nú verið tekið til dóms eða úrskurðar um það atriði.

Tildrög málsins eru þau, sem hér greinir: Með samningi, dags. 2. okt. 1948, tók stefnandi Pétur Hjartarson á leigu af stefnda íbúð í kjallara hússins nr. 9 við Mávahlíð. Býr Pétur í þessari íbúð ásamt sambýliskonu sinni, stefnandi Þórunni Eggertsdóttur. Stefndi býr einnig í kjallara hússins í einu herbergi. Með bréfi til húsaleigunefndar Reykjavíkur, dags. 9. febrúar 1949, óskaði stefndi þess, að stefnendum yrði með úrskurði nefndarinnar gert að rýma leiguíbúð sína sökum framkomu þeirra gagnvart honum. Úrskurður nefndarinnar féll hinn 7. marz sl. og var á þá lund, að stefnandanum Pétri var gert að rýma íbúðina, en stefnandi Þórunni hins vegar talið heimilt að búa þar áfram. Að fengnum úrskurði húsaleigunefndar snéri stefndi sér til borgarfógetans í Reykjavík með beiðni um, að stefnendur yrðu bornir út úr íbúð sinni með beinni fógetagerð. Bréf þetta barst fógeta 12. marz sl., en útburðarmálið var fyrst tekið fyrir í fógetadómi 14. s. m.

Stefndi byggir kröfu sína um vísun máls þessa hér frá dómi á því, að

áðurgreint útburðarmál, sem fjalli um sama efni og mál þetta, sé nú rekið fyrir fógetadómi og hafi verið tekið þar til meðferðar, áður en mál þetta var þingfest hér.

Stefnendur byggja kröfur sínar um, að frávísunarkröfunni verði hrundið, á því, að stefna sé út gefin í máli þessu, áður en útburðarmálið var tekið til meðferðar í fógetadómi og áður en beiðni um útburðargerðina barst fógeta. Hafa stefnendur í þessu sambandi bent á, að samkvæmt 103. gr. laga nr. 85 frá 1936 sé mál talið höfðað við birtingu sáttakæru eða stefnu, en stefna í máli þessu hafi verið birt 10. marz sl. Af þessu leiði, að vísa beri útburðarmálinu frá fógetadómi. Hafa stefnendur haft þar uppi kröfu um frávísun.

Eins og áður er rakið, var útburðarmál stefnda á hendur stefnendum tekið til meðferðar í fógetadómi 14. marz sl., en bæjarþingsmál þetta þingfest 17. s. m. Með vísun til 3. mgr. 104. gr. einkamálalaganna ber því að vísa máli þessu hér frá dómi, enda hafa kröfur stefnda fyrir fógetadómi ekki sætt frávísun.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 16. maí 1949.

Nr. 149/1948. **Réttvísin og valdstjórnin** (Magnús Thorlacius)
gegn
Ólafi Þóri Hansen og Sigurði Kristjáni Kristinssyni (Kristján Guðlaugsson)
og
Réttvísin (Magnús Thorlacius)
gegn
Ingiberg Kvist Sigurgeirssyni
(Kristján Guðlaugsson).

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Þjófnaður. Fjársvik. Ólögleg áfengisneyzla.

Dómur Hæstaréttar.

Dómur í sakamáli gegn ákærðu var kveðinn upp 14. maí

1948. Síðar varð ákærði Ólafur Þórir uppvís að afbrotum, er hann hafði framið fyrir þann tíma. Var mál því höfðað gegn honum af nýju og honum dæmdur refsiauki 15. október 1948. Báðum þessum málum var áfrýjað til Hæstaréttar, þar sem þau voru sameinuð.

Ákærði Ólafur Þórir hefur brotið refsiákvæði þau, sem greind eru í héraðsdóminum. Samkvæmt þeim ákvæðum svo og 72. og 255. gr. laga nr. 19/1940 þykir refsing á hendur honum hæfilega ákveðin fangelsi 18 mánuði.

Athæfi ákærða Sigurðar Kristjáns hefur héraðsdómari fært til réttra refsiákvæða. Er refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 8 mánuði.

Eigi þykir verða staðhæft, að ákærða Ingibergi Kvist hafi verið ljóst, er félagar hans tóku hjólbarðana, að þeir væru þá að fremja þjófnað. Hitt gat honum, eins og á stóð, eigi dulizt, að munir þessir voru þeim ófrjálsir. Varðar þátttaka hans í þjófnaðarafbrotum þessum því við 254. gr. laga nr. 19/1940, og er refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 2 mánuði.

Ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um frádrátt gæzluvarðhaldstíma, sviptingu réttinda, skaðabætur og sakarkostnað ber að staðfesta.

Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði Ólafur Þórir Hansen sæti fangelsi 18 mánuði.

Ákærði Sigurður Kristján Kristinsson sæti fangelsi 8 mánuði.

Ákærði Ingiberg Kvist Sigurgeirsson sæti fangelsi 2 mánuði.

Ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um frádrátt gæzluvarðhaldstíma, sviptingu réttinda, skaðabætur og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækj-

anda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Magnúsar Thorlacius og Kristjáns Guðlaugssonar, kr. 1000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 14. maí 1948.

Ár 1948, föstudaginn 14. maí, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2287—89/1948: Réttvísin og valdstjórnin gegn Ólafi Þóri Hansen og Sigurði Kristjáni Kristinssyni og réttvísin gegn Ingiberg Kvist Sigurgeirssyni, — sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn ákærðu Ólafi Þóri og Sigurði Kristjáni til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar og einnig gegn ákærða Ólafi Þóri til greiðslu skaðabóta fyrir brot gegn XXVI. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940, áfengislögum, nr. 33 9. janúar 1935, bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941, og lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík, nr. 2 7. janúar 1930. Gegn ákærða Ingiberg Kvist er málið af réttvísinnar hálfu höfðað til refsingar og greiðslu málskostnaðar fyrir brot gegn XXVI. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940.

Ákærðu eru allir komnir yfir lögaldur sakamanna. Ákærði Ólafur Þórir Hansen sjómaður, Kletti við Kleppsveg, er fæddur í Reykjavík 21. apríl 1928 og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1940 17/5 Kærður fyrir brot gegn 19. gr. lögreglusamþ. Rvíkur.
1942 2/2 Áminntur fyrir þátttöku í rúðubroti.
1942 1/7 Kærður af barnaverndarnefnd fyrir óknytti (vinnuleysi, útivistir og óhlýðni við foreldra).
1942 18/8 Uppvís að þjófnaði á reiðhjóli.
1943 23/2 Kærður fyrir ólæti í veitingahúsi.
1943 27/10 Áminntur fyrir strákapör.
1943 27/10 Uppvís að þjófnaði á reiðhjóli.
1943 22/11 Kærður fyrir þátttöku í þjófnaði á hönzkum, veski, bók, tilraun til þjófnaðar á dekki, lindarpenna (tvisvar), veski, hönzkum (6 sinnum), lindarpenna, veskjum (tvisvar), hönzkum, pennum, hönzkum (tvisvar), bifreiðadekki, tjaldi og dekki. Með bréfi dómsmálaráðuneytisins 28/11 1944 var saksókn út af framangreindum þjófnaði á bifreiðadekkjum 22/11 felld niður skv. 30. gr. hegningarlaganna og eftir tillögum barnaverndarnefndar Reykjavíkur gegn því, að kærður verði háður eftirliti í 2 ár frá 22/11 1944 að telja. Gerist kærður sekur um nýtt brot á eftirlitstímanum eða óhlýðnist verulega settum reglum, þá ber að taka málið upp að nýju.

1944 21/9 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1945 20/1 Sátt, 75 kr. sekt og 100 kr. skaðabætur fyrir ölvun og óspektir.
1945 2/2 Dómur aukaréttar, 3 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 5 ár, sviptur kosningarrétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 244. og 245. gr. hegningarlaganna og áfengislögunum.
1945 16/5 Dómur lögregluréttar, 20 daga varðhald og sviptur rétti til þess að öðlast ökuskírteini í 3 mánuði, eftir að hann hefði aldur til að öðlast það, fyrir að stýra stolinni bifreið ölvaður og réttindalaus. Greiði in solidum með Ívari Rogne kr. 1009.87 í skaðabætur.
1945 25/5 Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri og brot gegn 3. gr. lögreglusamþ. Rvíkur, 420 kr. skaðabætur í sama máli.
1945 15/9 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1945 21/10 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1945 27/11 Dómur aukaréttar, 3 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi, fyrir þjófnað og brot gegn 3. gr. lögrsþ. Rvíkur.
1946 21/4 Siglufj. Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot gegn áfengislöggjöfinni.
1946 3/6 Dómur aukaréttar, 2 mánaða fangelsi og sviptur rétti til að öðlast ökuskírteini ævilangt fyrir brot gegn 259. gr. hegningarlaganna, 20. gr., 1. mgr., 23. gr., 1. mgr., og 26. gr., 2. mgr., sbr. 38. gr. bifreiðalaganna, 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislaganna og 46. sbr. 96. gr. lögrsþ. Reykjavíkur.
1946 19/6 Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1946 6/8 Siglufj. Sátt, 60 kr. sekt fyrir brot gegn áfengislöggjöfinni.
1946 12/10 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1946 30/11 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1947 6/1 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 1 árs fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi, fyrir þjófnað, rán og áfengislagabrot.
1948 24/4 Rvk. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

Ákærði Sigurður Kristján Kristinsson verkamaður, Bergþórugötu 20, er fæddur 16. janúar 1930 og hefur, svo að vitað sé, sætt þessum kærum og refsingum:

1941 30/10 Kærður fyrir þjófnað á kanínum. Afgr. til barnaverndarn.
1947 14/5 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 6 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 5 ár, sviptur kosningarrétti og kjörgengi og ævilangt rétti til að öðlast ökuskírteini, fyrir þjófnað, nytjastuld, áfengislaga- og bifreiðalagabrot.
1947 14/6 Dómur sama réttar, 4 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 244. gr. og 245. gr. hegningarlaganna og 17. gr. sbr. 37. gr. áfengislaganna.
1948 24/4 Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

Ákærði Ingiberg Kvist Sigurgeirsson verkamaður, Múlacamp 4, er

fæddur hér í bæ 8. apríl 1929 og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1938 20/5 Kærður fyrir að kveikja í rusli úti. Afgr. til barnaverndarnefndar.
1938 15/6 Kærður fyrir reiðhjólsþjófnað. Sams konar afgreiðsla.
1939 11/2 Kærður fyrir hvellbyssunotkun á almannafæri. Sams konar afgreiðsla.
1939 8/7 Kærður fyrir hnupl. Sams konar afgreiðsla.
1940 26/10 Kærður fyrir þjófnað. Sams konar afgreiðsla.
1946 9/8 Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot gegn 14. gr., 17. gr. og 20. gr., 1. mgr., bifreiðalaganna.
1947 14/5 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 3 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, sviptur kosningarrétti og kjörgengi, fyrir þjófnað og bifreiðalagabrot.
1948 31/1 Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 10 daga varðhald fyrir að fá ölvuðum manni í hendur stjórn bifreiðar.

Verða nú málavextir raktir samkvæmt eigin framburðum ákærðu og því, er á annan hátt er upplýst í máli þessu:

I.

Miðvikudagskvöldið 14. f. m. sat ákærði Ólafur Þórir við drykkju með Ágústi Kjartanssyni í herbergi hans í Miðstræti 5. Var ákærði Ólafur Þórir um stund einn inni í herberginu og stal þá 100.00 krónum úr peningaveski Ágústs. Einnig stal hann 50.00 krónum og skömmtunarbók frá herbergisfélaga Ágústs, Magnúsi Albertssyni. Skömmtunarbókina seldi ákærði Ólafur Þórir einhverjum manni, sem hann veit engin deili á, fyrir 20.00 krónur. Ágúst Kjartansson kveður hann einnig hafa stolið frá sér átekinni áfengisflösku, en því hefur ákærði neitað, og er það ósannað.

Ágúst Kjartansson hefur krafizt þess, að ákærði Ólafur Þórir verði dæmdur til að greiða sér í skaðabætur kr. 150.00, og Magnús Albertsson hefur krafizt þess, að hann verði dæmdur til að greiða sér kr. 50.00 í skaðabætur. Báðar þessar kröfur hefur ákærði Ólafur Þórir samþykkt, og verða þær því þegar af þeirri ástæðu að öllu leyti teknar til greina.

Með þjófnaði þessum hefur ákærði Ólafur Þórir gerzt brotlegur við 244. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940.

II.

Fimmtudagskvöldið 15. f. m. var ákærði Ólafur Þórir staddur uppi hjá Laufskálacafé. Hitti hann þar Guðmund Kristján Ottósson sjómann, skála 12 í Þóroddsstaðahverfi, og Friðgeir Þorvald Eiríksson sjómann, Karlagötu 24, og urðu þeir allir samferða í leigubifreið til bæjarins. Allir voru þeir við skál og þó mest Friðgeir Þorvaldur. Úr bifreiðinni fóru þeir við Selbúðirnar, og var Friðgeir Þorvaldur þá svo drukkinn, að hann komst ekki hjálparlaust út úr henni. Eftir þetta man hann ekki

eftir sér fyrr en nokkru síðar, er lögregluþjónar fundu hann liggjandi ósjálfbjarga í götunni. Saknaði hann þá peningaveskis síns, sem hann kveður kr. 100.00 hafa verið í, vindlakveikjara, er kostað hafi kr. 48.00, og gullhrings, sem kostað hafi kr. 150.00. Taldi hann ákærða Ólaf Þóri hafa ráðizt á sig og rænt framangreindum verðmætum. Ákærði Ólafur Þórir skýrir svo frá, að hann hafi orðið að hjálpa Friðgeiri Þorvaldi út úr bifreiðinni sökum ofurölvunar hans. Hafi hann leitað í vösum Friðgeirs Þorvalds, en enga peninga fundið, tekið af honum gullhringinn og vindlakveikjarann og því næst látið hann setjast á gangbretti bifreiðar, sem var þarna nærri. Meðan þessu fór fram, var bifreiðarstjórinn farinn og Guðmundur Ottósson inni í nálægu húsi. Síðan fór hann og ákærði Ólafur Þórir um borð í bát þann, sem Guðmundur var skipverji á. Auk vindlakveikjarans og hringsins kveðst ákærði Ólafur Þórir hafa tekið brennivínsflösku af Friðgeiri Þorvaldi, en eigi verður annað séð en Guðmundur Ottósson hafi átt hana.

Gegn eindregnum mótmælum ákærða er ekki sannað, að hann hafi barið Friðgeir Þorvald né tekið af honum peningaveskið.

Hringinn kveðst ákærði hafa selt fyrir kr. 50.00 einhverjum manni, sem hann veit engin deili á, og eigi hefur heldur hafzt uppi á vindlakveikjaranum. Friðgeir Þorvaldur hefur krafizt þess, að ákærði Ólafur Þórir verði dæmdur til að greiða sér í skaðabætur kr. 200.00. Ákærði hefur fallizt á þessa kröfu, og verður hún því tekin til greina.

III.

Föstudagskvöldið 23. f. m. voru saman kærðu Ólafur Þórir og Sigurður Kristján, sem átti kr. 70.00 í peningum, en ákærði Ólafur var með lindarpenna, er hann kveðst hafa stolið um borð í einhverjum báti. Í fyrstu kváðust þeir hafa keypt eina flösku af brennivíni af Aðalsteini Grímssyni bifreiðarstjóra, Laugavegi 27, fyrir 70.00 krónurnar og veðsett honum lindarpennann fyrir kr. 20.00. Þessu hefur Aðalsteinn neitað og segist aðeins hafa lánað ákærða Ólafi Þóri kr. 20.00 og fengið lindarpennann að veði. Síðar breytti ákærði Ólafur Þórir framburði sínum í samræmi við framburð nefnds Aðalsteins og kvaðst hafa keypt brennivínsflöskuna af einhverjum öðrum bifreiðarstjóra, en ákærði Sigurður Kristján segist ekki vera viss um, að Aðalsteinn sé bifreiðarstjóri sá, er seldi þeim félögum áfengið.

Áfengisins neyttu þeir inni í tveim veitingastofum hér í bænum og fóru því næst að Hringbraut 209. Þar stálu þeir nýjum bifreiðarhjólbarða á felgu og fóru með hann að húsi við Víðimel, en þangað ætluðu þeir að sækja hann síðar og koma honum í peninga. Síðar fóru þeir að Hringbraut 145 og stálu úr ólæstri jeppabifreið blöndungi, er þeir svo köstuðu inn í kirkjugarðinn. Þá gerðu þeir tilraun til að brjótast inn í læsta vörubifreið, er stóð fyrir utan húsið Ásvallagötu 35, og ætluðu að aka í henni inn í Múlacamp, þótt báðir væru þeir drukknir og hvorugur þeirra hefði bifreiðarstjóraréttindi, en þetta mistókst þeim. Er hér var komið, hugðist

ákærði Ólafur Þórir losa sig við félaga sinn og fór inn um opinn glugga inn í kjallarann á nefndu húsi í íbúð Kristins Sófusar Pálmasonar, en kom þaðan brátt aftur án þess að hafa þaðan nokkuð á brott með sér að ófrjálsu. Hefur Kristinn Sófus enga kröfu gert í máli þessu. Eftir þetta fóru þeir félagar í leigubifreið inn í Múlacamp, en þar býr móðir ákærða Sigurðar Kristjáns, og skildu við bifreiðarstjórann, sem eigi er vitað, hver er, án þess að greiða ökugjaldið, enda voru þeir félausir. Dvöldust þeir nokkura stund hjá móður ákærða Sigurðar Kristjáns, en áður en þeir fóru þaðan, tóku þeir skiptilykil, er þeir ætluðu að nota til að losa hjólbarða af bifreiðum, og héldu síðan til ákærða Ingibergs Kvists, sem slóst í förina með þeim. Lofaði ákærði Ingiberg að annast sölu hjólbarðans, er félagar hans höfðu stolið á Hringbraut 209, og segja þeir, að hann hafi vitað, að hjólbarðinn var stolinn, en því hefur ákærði Ingiberg Kvist neitað og segist ekki hafa betur vitað en ákærði Ólafur Þórir ætti hann. Þeir félagarnir héldu nú allir að Kaplaskjólsvegi 3 og tóku þar bifreiðarhjólbarða á felgu, sem stóð uppi við grindverk. Einnig tóku þeir annan bifreiðarhjólbarða á felgu úr kjallaragangi hússins nr. 22 við Hofsvallagötu, en kjallaradyr húss þessa voru ólæstar, og af rælni opnaði ákærði Ólafur Þórir þær. Hjólbörðunum veltu þeir að bæjarhúsunum við Hringbraut og skildu þá þar eftir, en ákærði Ingiberg Kvist ætlaði svo að reyna að selja þá, en tókst það ekki. Því næst gengu þeir að skóbúð við Bankastræti, og mun klukkan þá hafa verið um 6 að morgni. Við skóbúðina var löng biðröð af kvenfólki, en ákærðu Ólafur Þórir og Sigurður Kristján voru þar með óspektir, svo að þeir voru handteknir.

Ákærði Ingiberg Kvist fullyrðir, að hann hafi ekki betur vitað en ákærði Ólafur Þórir ætti alla hjólbarðana, enda hafi hann spurt félaga sína að því og þeir sagt það vera. Ákærðu Ólafur Þórir og Sigurður Kristján kveða aftur á móti, að meðákærða Ingiberg Kvist hafi verið fullljóst, að þeir væru að stela hjólbörðunum, enda hafi verið haft orð á því við hann, áður en þeir frömdu þjófnaðina á síðastnefndum tveim hjólbörðum. Verður því að telja sannað, að ákærði Ingiberg Kvist hafi tekið þátt í þjófnuðum þessum með fullri vitund um, hvað þeir félagar aðhöfðust, enda hefði hann mátt vita það, þótt eigi hefði verið haft orð á því við hann.

Uppi á hjólbörðunum og blöndungnum hafðist, og þeim var komið til eigendanna, sem engar kröfur hafa gert í máli þessu.

Með þjófnuðum þessum hafa ákærðu gerzt brotlegir við 244. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940. Einnig hafa ákærðu Ólafur Þórir og Sigurður Kristján gerzt brotlegir við 248. gr. nefndra laga með vanskilum ökugjaldsins.

Ákærðu Ólafur Þórir og Sigurður Kristján hafa með tilraun sinni til að aka bifreið með áhrifum áfengis gerzt brotlegir við 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga, nr. 23 16. júní 1941. Með neyzlu áfengis inni í veitingastofum og óspektum á almannafæri hafa þeir gerzt brotlegir við 1. mgr. 17. gr.

sbr. 1. mgr. 37. gr. áfengislaga, nr. 33 9. janúar 1935, og 7. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík, nr. 2 7. janúar 1930.

Refsingu ákærðu ber að ákveða með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing ákærða Ólafs Þóris með hliðsjón af fyrri brotum hans hæfilega ákveðin fangelsi í eitt ár, refsing ákærða Sigurðar Kristjáns fangelsi í 6 mánuði og refsing ákærða Ingibergs Kvists fangelsi í 4 mánuði.

Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940, ber að ákveða, að gæzluvarðhald ákærða Ólafs Þóris frá 24. f. m. og gæzluvarðhald ákærða Sigurðar Kristjáns frá 26. f. m. komi refsingum þeirra til frádráttar.

Alla hina ákærðu ber að svipta kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga.

Alla hina ákærðu ber að dæma in solidum til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði Ólafur Þórir Hansen sæti fangelsi í eitt ár.

Ákærði Sigurður Kristján Kristinsson sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði Ingiberg Kvist Sigurgeirsson sæti fangelsi í 4 mánuði.

Gæzluvarðhald ákærða Ólafs Þóris Hansens frá 24. apríl 1948 og gæzluvarðhald ákærða Sigurðar Kristjáns Kristinssonar frá 26. sama mánaðar komi refsingum þeirra til frádráttar.

Ákærðu eru allir frá birtingu dóms þessa sviptir kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði Ólafur Þórir Hansen greiði Ágústi Kjartanssyni kr. 150.00, Magnúsi Albertssyni kr. 50.00 og Friðgeiri Þorvaldi Eiríkssyni kr. 200.00, allt innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 15. október 1948.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Ólafi Þóri Hansen, nú refsifanga í hegningarhúsinu hér í bæ, fyrir brot gegn XXVI. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940, áfengislögum, nr. 33 9. janúar 1935, og reglugerð nr. 164 2. október 1940.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 21. apríl 1928 í Reykjavík, og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum refsingum:

1948 14/5 Rvík. Dómur aukaréttar, 1 árs fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna, bifreiðalögum, áfengislögum og lögreglusamþ. Rvíkur.

(Sjá um hegningarvottorðið að öðru leyti bls. 192—193 hér að framan.)

Samkvæmt eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við það, sem með öðrum hætti er upplýst í málinu, eru málavextir þessir:

I.

Aðfaranótt 3. febrúar sl. var ákærði staddur undir áhrifum áfengis í Hafnarstræti hér í bæ, og datt honum þá í hug að fara inn í efnalaug við þá götu til að athuga, hvort hann gæti ekki fundið þar eitthvað fémætt, sem hann gæti slegið eign sinni á. Hann fór inn í portið á bak við húsið, sem efnalaugin var í, og sá þar glugga, sem var brotinn eða illa kræktur aftur. Ákærða minnir þó frekar, að rúðan hafi verið brotin í honum og að hann hafi farið með hendina inn um opið og opnað gluggann með því að losa hann af krókunum. Ákærði fór síðan inn um gluggann og var þá kominn inn í afgreiðsluherbergi í efnalauginni. Sló hann eign sinni á nokkur herðatré með fatnaði, sem hefur verið, eftir því sem fram hefur komið í málinu, 4 karlmannajakkar og tvennar karlmannabuxur. Hann hélt síðan með fatnaðinn á herðatrjánum út úr efnalauginni út um dyr, sem læstar voru með smekklás, sem hann gat opnað að innanverðu. Ákærði hélt síðan upp á Arnarhólstún, en fannst þá fatnaðurinn helzt til þungur. Skildi hann því fatnaðinn og herðatrén þar eftir og skeytti ekkert meira um varninginn, en hélt heim til sín.

II.

Aðfaranótt 26. febrúar sl. var ákærði staddur eitthvað undir áhrifum áfengis hjá Lækjartorgi hér í bæ, og datt honum þá í hug að fara inn í hús við Kalkofnsveg, þar sem bifreiðastöðin Hreyfill hefur aðsetur sitt, til að slá eign sinni á verðmæti, sem hann kynni að finna þar. Hann fór á bak við húsið og sprengdi með öxlinni „fullning" frá í hurð þar. Hann hélt síðan inn í húsið og sprengdi upp nokkra skápa í bakdyraganginum, en fann þar ekkert fémætt. Hann hélt því næst inn í lítið hliðarherbergi og braut þar upp tvo skápa og fann þar í öðrum eina flösku af brennivíni. Sló hann eign sinni á flöskuna. Því næst fór hann inn í skrifstofuherbergi og braut þar upp tréskáp, en fann þar ekkert fémætt. Hann braut upp skápana, sem voru allir læstir, og gerði það með því að koma fingrunum milli skáphurðar og karms. Hann hélt síðan út úr húsinu og drakk úr áfengisflöskunni.

III.

Síðar sömu nótt, sem um ræðir í II. hér að framan, hélt ákærði austur í bæ að Hlemmitorgi, og datt honum í hug að fara inn í afgreiðslu Litlu bílastöðvarinnar við það torg til að slá eign sinni á verðmæti, sem hann kynni að finna þar. Fór hann inn um lítinn opinn glugga á salerni á vesturhlið afgreiðsluhússins og var þá greiður gangur fyrir hann um allt húsið. Hann tók króka úr salernisglugganum með hníf sínum til að rífa sig ekki á þeim, er hann fór inn um gluggann. Í einu herbergi braut hann upp nokkra skrifborðsskápa, en fann þar ekkert fémætt. Í öðru her-

bergi braut hann upp skrifborðsskáp og fann þar 720 krónur í peningum, sem hann sló eign sinni á. Í öðrum skáp, sem hann braut upp, í sama herbergi, fann hann 2 flöskur af gin, 1 af whisky og 2 af brennivíni, og sló hann eign sinni á vínið. Ákærði kveðst við opnun skápanna munu hafa beitt áðurgreindum hníf sínum til að geta sveigt hurðir þeirra svo, að hann gat komizt með fingurna milli hurðar og karms. Ákærði hélt síðan á brott úr húsinu. Hann notaði áðurgreinda peninga til eigin nota, aðallega áfengiskaupa. Einnig neytti hann áfengisins og fór með nokkuð af því inn á veitingahúsið Hvol í Hafnarstræti daginn eftir og neytti þess þar og veitti öðrum af því, sem ekki er vitað um, hverjir verið hafa.

IV.

Ákærði hefur með atferli sínu, sem lýst er í I.—III. hér að framan, gerzt brotlegur gegn 244. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940, og einnig, að því er atferli hans í III. varðar, gerzt brotlegur gegn 18. gr. sbr. 24. gr. reglugerðar nr. 164 2. október 1940 og 17. gr., 1. mgr., sbr. 37. gr., 1. mgr., áfengislaga, nr. 33 9. janúar 1935.

Á hinn bóginn eru framangreind brot ákærða framin fyrir uppkvaðningu seinasta refsidóms hans í aukarétti Reykjavíkur 14. maí sl. Ber því að ákveða honum hegningarauka fyrir framantalin brot, og þykir refsing hans með hliðsjón af 78. gr., 1. mgr., og 77. gr., 1. mgr., hegningarlaganna, svo og með tilliti til fyrri afbrotaferils hans, hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði.

Samkvæmt 68. gr., 3. mgr., hegningarlaganna ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Ólafur Þórir Hansen, sæti fangelsi í 4 mánuði.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 16. maí 1949.

Nr. 10/1948. **Kaupfélag Eyfirðinga** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Hreppsnefnd Öngulsstaðahrepps f. h. hreppsins (Ragnar Jónsson).

Útsvör. Samvinnufélög.

Dómur Hæstaréttar.

Guðmundur Eggerz, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. febrúar 1948, krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og stefndi dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Telja verður, að gróðurhúsarekstur áfrýjanda, sem í málinu greinir, sé innan verksviðs samvinnufélaga samkvæmt lögum nr. 46/1937. Samkvæmt II. tölulið 2 6. gr. sbr. b-lið 2. málsgr. 8. gr. útsvarslaga, nr. 66/1945, verður að líta svo á, að áfrýjandi hafi átt að greiða til stefnda útsvar af arði þessa reksturs, sem leitt hefur af skiptum við utanfélagsmenn. Nú er ljóst, að útsvar það, er um ræðir í málinu, er ekki þannig á lagt, heldur hefur verið miðað við allan framangreindan gróðurhúsarekstur áfrýjanda. Er útsvarið því ólöglega á lagt, og ber þess vegna að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður fyrir báðum dómum.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar 9. desember 1947.

Undir gerð þessari krefst gerðarbeiðandi, oddviti Öngulsstaðahrepps f. h. hreppsins, að lögtak verði gert hjá Kaupfélagi Eyfirðinga hér fyrir útsvari, kr. 2500.00, er lagt var á kaupfélagið í hreppnum sl. vor.

Gerðarþoli, kaupfélagið, mótmælir því, að lögtakið nái fram að ganga.

Báðir aðiljar krefjast málskostnaðar.

Málsatvik eru þessi:

Það er upplýst í málinu, að gerðarþoli hefur afnot af gróðurhúsum við Brúnhúsalaug í Öngulsstaðahreppi og að árið 1946 voru þar framleiddir tómatar, grænmeti og vínber fyrir kr. 7.435.10 og blóm fyrir kr. 74.760.62.

Mótmæli sín byggir gerðarþoli á því, að ofangreind starfsemi sé ekki búrekstur, heldur ræktun margs konar grænmetis og jurta við jarðhita, sem ekki sé auðið að framkvæma án sérstakrar aðstöðu, virkjunar og tækja, sem ekki sé á færi alþýðumanna að koma sér upp og reka sér til hagsbóta nema með félagssamtökum. Tekur gerðarþoli fram, að þessi starfsemi falli undir 2. gr. samvinnufélagalaganna, nr. 46/1937. Rekstur gróðurhúsanna sé því útsvarsfrjáls, enda selji kaupfélagið framleiðsluna eingöngu í sölubúðum sínum. Gerðarþoli tekur fram, að gróðurhúsastarfsemi sé hins vegar gjaldskyld í sveitarsjóð samkv. 41. gr. samvinnufélagalaganna og að um aðra gjaldskyldu til hreppsins sé ekki að ræða.

Gerðarbeiðandi heldur hins vegar fram, að rekstur Brúnhúsalaugar, þar sem stunduð er bæði úti- og innirækt, sé almenn framleiðslustarfsemi, sem falli ekki undir samvinnufélagalögin, enda þótt rekin sé af samvinnufélagi, og beri því gerðarþola að greiða útsvarið, enda heimili 8. gr. útsvarslaganna og lög nr. 59/1947 að leggja á gjaldþegn á fleiri stöðum en einum, ef hann hefur lóðarafnot, sem gefa arð, utan heimilissveitar sinnar.

Rétturinn getur ekki fallizt á þá skoðun gerðarþola, að gróðurstarfsemi sú, er hér um ræðir, sé þess eðlis, að hún geti ekki verið rekin til hagsbóta nema með félagssamtökum, en á þessari staðhæfingu sinni virðist gerðarþoli byggja það, að þessi starfsemi heyri undir 2. gr. samvinnufélagalaganna, en hins vegar lítur rétturinn svo á, að hreppsnefnd Öngulsstaðahrepps hafi verið heimilt samkv. 8. gr. b útsvarslaganna að leggja umrætt útsvar á gerðarþola, sbr. orð greinarinnar: „lóðarafnot, ef þau gefa arð".

Þegar þess er gætt, að framleiðsla gerðarþola 1946 á Brúnhúsalaug nam kr. 82.195.72, má vera, að löggjöfin hafi ekki haft slíka framleiðslu fyrir augum með orðunum „lóðarafnot, ef þau gefa arð", en rétturinn telur hins vegar, að ef svo hefur verið, sé heimilt í þessu tilfelli að nota analógíuna af þessu lagaboði.

Samkvæmt framanskráðu á hið umbeðna lögtak að fara fram. Þá þykir rétt, að gerðarþoli, framkvæmdastjóri Jakob Frímannsson f. h. Kaupfélags Eyfirðinga hér, greiði gerðarbeiðanda, oddvita Öngulsstaðahrepps f. h. hreppsins, í málskostnað kr. 400.00 samkv. kröfu umboðsmanns gerð-

arbeiðanda undir hinum munnlega málflutningi. Málið tekið til úrskurðar 5. þ. m.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak á að fara fram.

Gerðarþoli, Jakob Frímannsson f. h. Kaupfélags Eyfirðinga, greiði gerðarbeiðanda, oddvita Öngulsstaðahrepps, í málskostnað kr. 400.00.

Úrskurðinum, að því er málskostnað snertir, á að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Laugardaginn 21. maí 1949.

Nr. 34/1949. **Valdstjórnin**
gegn
Benjamín Ólafssyni.

Öflun matsgerðar.

Úrskurður Hæstaréttar.

Áður en dómur verður lagður á mál þetta í Hæstarétti, þykir rétt, að skorið sé úr því með matsgerð samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga nr. 112/1941, hvort lögn sú, sem í málinu greinir, telst vera í kvísl, sbr. 1. og 34. gr. nefndra laga.

Ályktarorð:

Matsgerð um framangreint efni skal fara fram.

Sératkvæði
hrd. Jóns Ásbjörnssonar og hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Við teljum óþarft, að ofangreind matsgerð fari fram.

Mánudaginn 23. maí 1949.

Nr. 169/1948. **Þuríður Bárðardóttir** (Ragnar Ólafsson)
gegn
Borgarstjóranum í Reykjavík f. h. Reykjavíkurkaupstaðar (Einar B. Guðmundsson).

Húsaleiga. Útburðarmál.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson, borgarfógeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. desember f. á., gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma útburð þann, sem krafizt er. Svo krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta þá niðurstöðu hans, að útburðargerð skuli ekki fara fram.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Dómsorð:

Útburðargerð sú, sem krafizt er, skal ekki fara fram.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 12. nóvember 1948.

Í máli þessu hefur gerðarbeiðandi, Þuríður Bárðardóttir, Tjarnargötu 16, krafizt þess, að gerðarþoli, Mæðraheimili Reykjavíkur, verði borið út úr húsnæði því, sem það hefur undanfarið haft til afnota í húsi gerðarbeiðanda, nr. 16 við Tjarnargötu.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu gerðar, og lögðu aðiljar málið undir úrskurð fógetaréttarins að loknum munnlegum flutningi, sem fram fór hinn 6. þ. m.

Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar, og eru þær kröfur einnig hér til úrskurðar.

Mæðraheimili Reykjavíkur, sem er rekið af Reykjavíkurbæ sem hjúkrunarheimili fyrir barnshafandi konur, hefur á leigu alla 3. hæð og mestalla þakhæð í húsi gerðarbeiðanda, Þuríðar Bárðardóttur, nr. 16 við Tjarnargötu. Hefur gerðarþoli haft húsnæði þetta til afnota allt frá 15. maí 1943. Ekki liggur fyrir skriflegur samningur, en leiga var í upphafi ákveðin kr. 400.00 á mánuði að grunnleigu til. Gerðarbeiðandi hefur sótt leigu til skrifstofu Reykjavíkurbæjar, en komið hefur fyrir, að leiga hefur verið greidd fyrir marga mánuði í einu, sbr. rskj. 12.

Gerðarbeiðandi ritar hinn 13. apríl sl. bréf til bæjarsjóðs Reykjavíkur, og hefur Ragnar Lárusson framfærslufulltrúi viðurkennt móttöku þess bréfs með áritun sinni hinn 14. s. m. Í þessu bréfi, sjá rskj. 3, lætur gerðarbeiðandi í ljós óánægju sína yfir því, hversu erfiðlega gangi að nálgast leigu hjá Reykjavíkurbæ fyrir húsnæði mæðraheimilisins. Krefst hún þess, að sér verði færð leigan, svo sem lög og venjur standi til, skilvíslega fyrir hvern mánuð, og verði litið á misbresti á því sem vanefndir af hálfu bæjarins á leigumála aðiljanna.

Enn ritar gerðarbeiðandi borgarstjóranum í Reykjavík hinn 19. ágúst sl. og gerir þá kröfu, að húsnæði mæðraheimilisins verði þegar í stað eða ekki seinna en 1. september rýmt vegna vanefnda, og vísar gerðarbeiðandi meðal annars til bréfsins á rskj. 3.

Hinn 3. september sl. ritar gerðarbeiðandi svo fógetarétti Reykjavíkur og krefst útburðar á gerðarþola. Skýrir hún svo frá, að þrátt fyrir bréfið á rskj. 3 skuldi gerðarþoli húsaleigu fyrir mánuðina maí, júní, júlí og ágúst ásamt uppbót skv. húsaleiguvísitölu, og byggir gerðarbeiðandi útburðarbeiðnina á þessum vanskilum.

Af hálfu gerðarþola er framgangi gerðarinnar mótmælt og því haldið fram, að sú viðskiptavenja sé föst orðin, að leigusalar Reykjavíkurbæjar eða stofnana, sem eins og þessi sé rekin beinlínis fyrir reikning bæjarsjóðs, sæki sjálfir leigugreiðslur á skrifstofu bæjarins. Svo hafi og gerðarbeiðandi gert, frá því að mæðraheimilið tók til starfa. Þurfi þannig í þessu falli annað og meira til breytingar á þessari venju en einhliða yfirlýsingu gerðarbeiðanda, og hafi bæjaryfirvöldin alls ekki fallizt á neina nýja skipun mála í þessu efni. Lögð hafa verið fram vottorð frá þrem leigusölum Reykjavíkurbæjar, sjá rskj. 8, 9 og 10, og votta allir, að þeir hafi fengið tilskilda húsaleigu greidda á skrifstofum Reykjavíkurbæjar skv. reikningum, er þeir hafi framvísað þar.

Gerðarbeiðandi lét meta leigu eftir hið umdeilda húsnæði hinn 26. sept. sl., og var hæfileg grunnleiga talin kr. 510.00 á mánuði.

Það er fram komið í máli þessu, að sá háttur hafi verið á um leigugreiðslur eftir húsnæði þetta, að gerðarbeiðandi hafi vitjað húsaleigunnar á skrifstofu Reykjavíkurbæjar, allt frá því að gerðarþoli tók húsnæðið á leigu á árinu 1943 og fram til 1. maí 1948, enda er það vitað, að sú framkvæmd er viðhöfð almennt um fjárgreiðslur úr bæjarsjóði Reykja-

víkur. Þar sem samningar voru eigi um aðra afgreiðslu leigugjaldsins, verður eigi talið, að bæjarsjóður Reykjavíkur eigi sök á þeim drætti, sem orðið hefur á greiðslu leigunnar, þrátt fyrir kröfugerð gerðarbeiðanda í rskj. 3, og þar sem ekkert er fram komið, er bendi til, að Reykjavíkurbær hafi ekki haft bæði vilja og getu til að inna af hendi leigugreiðslur þessar á sinn venjulega hátt, þykir ekki fært að leyfa framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt. að gerðarbeiðandi greiði gerðarþola kr. 300.00 upp í málskostnað.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna útburðargerð skal ekki fara fram.

Gerðarbeiðandi, Þuríður Bárðardóttir, Tjarnargötu 16, greiði gerðarþola, Mæðraheimili Reykjavíkur, kr. 300.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 25. maí 1949.

Nr. 70/1949. **Kristinn Hallsson** (Ólafur Þorgrímsson)
gegn
Lögreglustjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs
(Einar B. Guðmundsson).

Skattamál. Ágreiningur dómenda.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson, borgarfógeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. apríl sl. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og að synjað verði um framkvæmd lögtaksins. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 100 frá 29. desember

1948, sem tóku gildi 1. janúar þ. á., skal greiða gjald í ríkissjóð, 20% af matsverði bifreiða, sem ganga kaupum og sölum innan lands. Þar sem umræddur skattur er lagður á sölu bifreiða, ber að miða gjaldskylduna við þann tíma, er sala fer fram. Eftir 3. mgr. 31. gr. skal lögreglustjóri innheimta gjaldið, um leið og bifreiðin er skrásett á nafn hins nýja eiganda. Þetta ákvæði lýtur aðeins að innheimtu skattgjaldsins, en haggar ekki þeirri reglu 1. mgr. 31. gr., að gjald þetta miðast við sölutíma.

Í máli þessu er viðurkennt af stefnda, enda fullkomlega sannað, að áfrýjandi keypti bifreið þá, sem í málinu greinir, hinn 13. ágúst 1948 og varð þá eigandi hennar. Með því að lög nr. 100/1948 höfðu þá ekki tekið gildi, var salan skattfrjáls, og skiptir ekki máli samkvæmt framansögðu, þó að skrásetning bifreiðarinnar færi ekki fram fyrr en eftir gildistöku þeirra. Ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og synja um framkvæmd lögtaksins.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 1000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Stefndi, lögreglustjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs, greiði áfrýjanda, Kristni Hallssyni, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 1000.00.

Sératkvæði
hrd. Gizurar Bergsteinssonar og hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Samkvæmt 16. gr. laga nr. 23/1941, um bifreiðar, skulu bæði hinn fyrri og hinn nýi eigandi skrásettrar bifreiðar tafarlaust tilkynna eigendaskipti lögreglustjóra í því umdæmi, þar sem bifreiðin er skrásett. Eftir 31. gr. laga nr. 100/1948 skal skattgjald það, 20% af matsverði bifreiðar, sem seld er innan lands, greitt til lögreglustjóra, um leið og bifreiðin er skrásett á nafn hins nýja eiganda. Eftir gildistöku laga nr. 100/1948 hefur skrásetning um eigendaskipti gjaldskyldu í för með sér, án

þess að gerð sé nokkur undantekning um bifreiðar, sem seldar hafa verið innan lands, áður en síðastnefnd lög gengu í gildi, en eigendaskiptin hafa andstætt lögum ekki verið tilkynnt fyrr en á árinu 1949, enda verður að ætla, að löggjafinn hafi viljað skapa á þenna hátt handhæga og glögga aðferð til ákvörðunar á skattgjaldinu og innheimtu þess. Nú verður að vísu að telja, að seljandi bifreiðar eigi að lokum að inna skattgjaldið af hendi, en þar sem lögveð er í bifreið áfrýjanda fyrir gjaldi því, sem krafizt er lögtaks fyrir í máli þessu, þykir verða að staðfesta úrskurð fógeta, en rétt er að láta málskostnað fyrir Hæstarétti falla niður.

Samkvæmt því, er nú var ritað, teljum við, að dómsorð eigi að hljóða svo: Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 18. marz 1949.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 11. þ. m., hefur lögreglustjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs krafizt lögtaks í bifreiðinni R-5456, eign Kristins Hallssonar, Lindargötu 15 hér í bænum, til tryggingar gjaldi samkv. 31. gr. laga nr. 100 29. des. 1948, að upphæð kr. 2000.00, með 6% ársvöxtum frá 10. jan. 1949 til greiðsludags auk alls kostnaðar, áfallins og áfallandi.

Gerðarþoli, Kristinn Hallsson, hefur mótmælt framgangi gerðarinnar.

Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar.

Samkv. því, sem kemur fram í skjölum málsins og aðiljum kom saman um við munnlegan flutning þess, eru málsatvik þessi:

Hinn 13. ágúst sl. keypti gerðarþoli bifreiðina R-5456 af Haraldi Guðmundssyni, Grettisgötu 58A hér í bænum, á kr. 12.000.00, er hann greiddi þá þegar að fullu. Næsta dag fór hann í Útvegsbanka Íslands h/f í því skyni að fá þar lán út á bifreiðina og lagði þá jafnframt inn til bankans afsal fyrir henni, dags. daginn áður. Sama dag tilkynnti hann Sjávátryggingafélagi Íslands h/f eigendaskiptin, en þar mun bifreiðin hafa verið tryggð samkv. 36. gr. bifreiðalaga. Gerðarþoli fór og um þetta leyti eða nokkru síðar á skrifstofu lögreglustjórans í Reykjavík til þess að fá umrædda bifreið skráða á sitt nafn í bifreiðaskrá. Af þessu varð þó ekki, með því að hann hafði ekki í höndum yfirlýsingu seljanda um eigendaskiptin. Leið svo þar til 12. jan. sl., en þá loks barst skrifstofu lögreglustjóra sölutilkynning með undirskrift beggja aðilja.

Lögreglustjóri taldi, að heimta bæri gjald samkv. áðurnefndum lögum af bifreiðasölu þessari, með því að hún var ekki tilkynnt, svo að viðhlítandi væri, fyrr en eftir gildistöku laganna. Var því látið fara fram mat á bifreiðinni 29. jan. sl., og varð matsverð hennar kr. 10.000.00. Þegar lög-

reglustjóri krafði gerðarþola um hið lögákveðna gjald af matsupphæðinni, neitaði hann að greiða það, með því að hann taldi sig ekki gjaldskyldan.

Gerðarbeiðandi byggir lögtakskröfu sína á því, svo sem áður er drepið á, að samkv. 31. gr. laga nr. 100/1948 sé lögreglustjórum falið að innheimta umrætt gjald af matsverði bifreiða þeirra, sem ganga kaupum og sölum, um leið og bifreið sé skrásett á nafn nýs eiganda. Gjaldskyldan miðist við tilkynningardag til bifreiðaskrár, en ekki þann dag, sem sala kunni að hafa farið fram. Skoðun sinni til stuðnings hefur hann bent á 16. gr. l. nr. 23/1941, en í henni er svo lagt fyrir, að eigenda- eða umráðamannaskipti að skrásettri bifreið skuli tilkynnt lögreglustjóra skrásetningarumdæmis tafarlaust. Af samanburði þessara tveggja lagaákvæða telur hann ljóst vera, að tilætlunin hafi verið, að gjaldskyldan næði til allra þeirra bifreiða, er ekki hefðu verið tilkynnt eigendaskipti að fyrir 1. jan. sl.

Gerðarþoli telur hins vegar þessa skoðun gerðarbeiðanda alranga og heldur því fram, að gjaldskylduna beri að miða við raunverulegan söludag bifreiðarinnar. Skrásetning skipti engu máli í þessu efni, en þótt svo væri, verði honum ekki gefinn að sök sá dráttur, sem varð á því, að umrædd bifreið var ekki fyrr skráð á hans nafn í bifreiðaskrá, heldur sé það gerðarbeiðanda að kenna að verulegu leyti.

Af því, sem fram er komið í málinu, verður eigi dregið í efa, að sala umræddrar bifreiðar hefur farið fram 13. ágúst 1948, eða rúmum 4 mánuðum fyrir gildistöku laga nr. 100 frá 29. des. 1948, en þau fengu gildi 1. jan. 1949.

Þá er og leitt í ljós, að fullgild beiðni til lögreglustjórans í Reykjavík um skráningu bifreiðarinnar hafi ekki komið fram fyrr en 12. jan. 1949, og er með öllu ósannað, að skrifstofa hans hafi átt nokkra sök á þeim drætti.

Samkvæmt 31. gr., 1. mgr., áminnztra laga skal greiða 20% af matsverði bifreiða, sem seldar eru, og er gjald þetta innheimt samkv. 3. mgr. sömu greinar, um leið og bifreiðin er skrásett á nafn hins nýja eiganda. Af þessum ákvæðum svo og með hliðsjón af reglugerð, út gefinni af fjármálaráðuneytinu 11. jan. 1949, verður að ráða, að gjaldskyldan miðist við skráningardaginn, og þar sem fullgild beiðni um skráningu kemur fyrst fram eftir gildistöku laganna, þykir verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu gerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Málskostnaður út af þessum ágreiningi, þykir rétt, að falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 27. maí 1949.

Nr. 156/1948. **Ingibjörg Jónsdóttir og Kristín Halldórsdóttir**
(Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Boga Brynjólfssyni og gagnsök (sjálfur).

Setudómari hrl. Einar B. Guðmundsson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Umferðarréttur um lóð í kaupstað.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. nóvember 1948, krefjast þess *aðallega*, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum gagnáfrýjanda nema kröfu um gangrétt yfir syðsta hluta lóðarinnar Garðastrætis 8 til og frá Garðastræti að baklóð Ránargötu 1, *til vara*, að gagnáfrýjanda verði einungis dæmdur umferðarréttur um 2 metra breiða lóðarræmu syðst á fyrrgreindri lóð og um syðra hliðið á steingirðingu aðaláfrýjenda við Garðastræti, enda sé þeim heimilt að hafa einvængja grind í hliðinu. — Svo krefjast aðaláfrýjendur málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem áfrýjað hefur málinu með stefnu 6. desember 1948, gerir þær dómkröfur

aðallega,

1. að viðurkennt verði með dómi, að hann eigi óskoraðan umferðarrétt og „frían" aðgang að baklóð Ránargötu 1 yfir alla lóðarspilduna fyrir sunnan húsið Garðastræti 8 að beinni línu, er hugsast dregin meðfram suðurgafli hússins vestur að lóð Ránargötu 1 og austur að Garðastræti,

2. að aðaláfrýjendur verði dæmdir til þess að viðlögðum dagsektum að brjóta niður og flytja burtu steingirðinguna ásamt hliðgrindum meðfram Garðastræti 8 frá lóð hússins Bárugötu 2 og að ofangreindri línu, sem hugsast dregin meðfram suðurgafli Garðastrætis 8 út að Garðastræti,

3. að viðurkennt verði með dómi, að aðaláfrýjendum sé

óheimilt að hafa kassa, öskutunnu eða annað á ofangreindri lóðarspildu,

4. að aðaláfrýjendur verði að viðlögðum dagsektum dæmdir til þess að taka burtu þvottasnúrur þær, sem nú hanga yfir umferðarréttarspildunni fyrir sunnan húsið, og að viðurkennt verði með dómi, að slíkar snúrur megi þar ekki vera;

til vara,

1. að viðurkennt verði með dómi, að gagnáfrýjandi eigi óskoraðan umferðarrétt um 2 metra lóðarspildu yfir lóð húseignarinnar Garðastrætis 8, syðst á lóðinni fyrir sunnan húsið, að baklóð Ránargötu 1,

2. að aðaláfrýjendur verði dæmdir til þess að viðlögðum dagsektum að taka burtu hliðgrindur (syðri hliðgrindur) með hjörum og öðrum útbúnaði, sem nú hindrar umferðarréttinn frá Garðastræti að baklóð hússins Ránargötu 1.

Loks krefst gagnáfrýjandi þess, að aðaláfrýjendur verði in solidum dæmdir til þess að greiða honum málskostnað að skaðlausu í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann, þó með þeirri skýringu, að aðaláfrýjendum er heimilt að hafa einvængja grind í hliði út að Garðastræti, enda skerðist ekki við það umferðarréttur um tveggja metra breiða ræmu, þá er í málinu greinir.

Eftir þessari niðurstöðu þykir rétt að dæma aðaláfrýjendur til að greiða in solidum gagnáfrýjanda kr. 800.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjendur, Ingibjörg Jónsdóttir og Kristín Halldórsdóttir, greiði in solidum gagnáfrýjanda, Boga Brynjólfssyni, kr. 800.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur merkjadóms Reykjavíkur 14. október 1948.

Mál þetta, er dómtekið var 7. þ. m., hefur Bogi Brynjólfsson, fyrrum sýslumaður, eigandi fasteignarinnar nr. 1 við Ránargötu hér í bæ, höfðað fyrir merkjadóminum með stefnu, út gefinni 27. marz sl., gegn þeim Ingibjörgu Jónsdóttur og Kristínu Halldórsdóttur, eigendum fasteignarinnar nr. 8 við Garðastræti hér í bænum, og haft uppi þessar kröfur:

aðallega:

1. að viðurkennt verði með dómi, að stefnandi eigi óskoraðan umferðarrétt og frían aðgang að baklóð Ránargötu 1 yfir alla lóðarspilduna fyrir sunnan húsið Garðastræti 8 að beinni línu, er hugsast dregin meðfram suðurgafli hússins vestur að lóð Ránargötu 1 og austur að Garðastræti,

2. að stefndar verði dæmdar til þess að viðlögðum dagsektum að brjóta niður og flytja burtu steingirðinguna ásamt hliðgrindum meðfram Garðastræti 8 frá lóð hússins Bárugötu 2 og að ofangreindri línu, sem hugsast dregin meðfram suðurgafli Garðastrætis 8 út að Garðastræti,

3. að viðurkennt verði með dómi, að stefndum sé óheimilt að hafa kassa, öskutunnur eða annað á ofannefndri lóðarspildu,

4. að stefndar verði að viðlögðum dagsektum dæmdar til þess að taka burtu þvottasnúrur þær, sem nú hanga yfir umferðarréttarspildunni fyrir sunnan húsið, og að viðurkennt verði með dómi, að slíkar snúrur megi þar ekki vera;

til vara:

1. að viðurkennt verði með dómi, að stefnandi eigi óskoraðan umferðarrétt um 2 metra breiða lóðarspildu yfir lóð húseignarinnar Garðastrætis 8, syðst á lóðinni fyrir sunnan húsið, að baklóð hússins Ránargötu 1,

2. að stefndar verði dæmdar til þess að viðlögðum dagsektum að taka burtu hliðgrindur þær (syðri hliðgrindur) með hjörum og öðrum útbúnaði, sem nú hindra umferðarréttinn frá Garðastræti að baklóð hússins Ránargötu 1.

Loks krefst stefnandi málskostnaðar að mati dómsins úr hendi stefndra in solidum.

Af hálfu stefndra hefur verið viðurkenndur gangréttur stefnanda, en að öðru leyti hafa þær krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Með bréfi, dagsettu 28. desember 1929, samþykkti byggingarnefndin í Reykjavík skiptingu lóðarinnar nr. 1 við Ránargötu þannig, að vestri hlutinn skyldi vera Ránargata 1, en eystri hlutinn Garðastræti 8. Jafnframt segir svo í nefndu bréfi: „Tveggja metra breiður gangur verði yfir hina síðartöldu lóð að baklóð Ránargötu 1."

Með samningi, dagsettum 1. október 1930, seldi Tómas Tómasson trésmíðameistari stefnanda húseignina nr. 1 við Ránargötu. Í samningi þessum er svo ákveðið, að kaupandi og allir síðari eigendur húseignarinnar skuli hafa „frían aðgang" að lóð hússins yfir lóð þá, er liggur fyrir sunnan húseignina nr. 8 við Garðastræti, án þess að nánar sé greint, hver rétturinn skuli vera.

Einu eða tveimur árum eftir að samningur þessi var gerður, lét nefndur Tómas reisa steingirðingu meðfram lóðinni nr. 8 við Garðastræti. Var þann veg gengið frá girðingunni, að 2 metra breitt op var haft á henni syðst við lóðarmörk og sett þar járnhlið tvöfalt.

Með afsali, dagsettu 4. október 1938, seldi Tómas stefndu Ingibjörgu fasteignina Garðastræti 8. Í 3. gr. afsalsins segir svo: „Á hinni seldu lóð hvílir kvöð um aðgang að lóð hússins Ránargötu 1." Telur stefnandi, að samkvæmt framangreindu ákvæði kaupsamningsins frá 1. október 1930 eigi hann ótakmarkaðan umferðarrétt um allan lóðarhlutann fyrir sunnan húsið nr. 8 við Garðastræti og þar á meðal með bifreiðar að og frá bifreiðaskýli, er hann lét byggja árið 1944 í suðausturhorni lóðarinnar nr. 1 við Ránargötu. Hluti af nefndri steingirðingu svo og hliðið sé því tálmi, sem óheimill sé samkvæmt samningnum, og er aðalkrafa hans á þessu reist. Verði hins vegar ekki fallizt á þessa skýringu á nefndu samningsákvæði, byggir stefnandi varakröfu sínu á því, að samkvæmt nefndu samningsákvæði eigi hann að minnsta kosti hindrunarlausan umferðarrétt um 2 metra breiða spildu á nefndum lóðarhluta, og verði stefndar þá skyldaðar til að nema í brott hliðgrindurnar ásamt hjörunum.

Sýknukröfu sína byggja stefndar á því, að með fyrrgreindum samningi hafi stefnandi einungis öðlazt gangrétt um lóðina, enda hafi það atriði verið tekið skýrt fram af seljanda. Þeim sé því heimilt að hafa girðinguna og hliðið óbreytt, þar eð það hindri á engan hátt gangrétt stefnanda um lóðina.

Áðurgreindur Tómas Tómasson hefur komið fyrir dóm í máli þessu sem vitni. Hefur hann borið, að við sölu húseignarinnar nr. 1 við Ránargötu hafi hann tjáð stefnanda, að einungis gangréttur væri frá Garðastræti inn á baklóð Ránargötu 1, enda hafi annað aldrei komið til mála. Gegn andmælum stefnanda hefur stefndum ekki tekizt að færa nægar sönnur á þessa staðhæfingu, og verður sýknukrafa þeirra því ekki á henni byggð. Eins og að framan er getið, er svo ákveðið í fyrrnefndum kaupsamningi, að kaupandi og allir síðari eigendur húseignarinnar skuli hafa „frían aðgang" að lóð hússins yfir lóð þá, er liggur fyrir sunnan húseignina nr. 8 við Garðastræti og tilheyrir húseign þessari. Nánar er ekki greint í samningnum, hver réttur eigenda Ránargötu 1 skuli vera, og virðist verða að skilja hin auðmerktu orð á þá leið, að eigendum Ránargötu 1 sé veittur réttur til umferðar um lóð Garðastrætis 8 með öllum þeim flutningatækjum, sem þá var tíðkað hér í bæ, að menn notuðu, til þess að komast að og frá húslóðum sínum, en sé ekki takmarkaður við umferð gangandi manna. Með því að notkun bifreiða í því skyni var þá orðin almenn hér í bæ, verður að telja, að réttur stefnanda nái einnig til aksturs bifreiða að og frá baklóð hans. Um 1930 var breidd bifreiða að vísu almennt minni en hún er nú, og varð þá komizt af með mjórri brautir fyrir bifreiðaakstur en nú þarf með, til þess að öllum almennum gerðum bifreiða verði ekið um akbrautirnar. Virðist eigi heimilt að láta þá breytingu hafa í för með sér aukningu á skyldum stefndra í þessu efni, heldur

miða skyldu þeirra við það, hvað almennt var talið fullnægjandi um það bil, er kvöð þessi var lögð á eignina nr. 8 við Garðastræti. Verður þá meðal annars með hliðsjón af því, að byggingarnefnd hefur gert það að skilyrði fyrir skiptingu lóðarinnar, að 2 metra breiður gangur verði yfir lóðina nr. 8 við Garðastræti að baklóð Ránargötu 1, að taka til greina fyrsta lið varakröfu stefnanda og viðurkenna með dómi, að hann eigi óskoraðan umferðarrétt um 2 metra breiða lóðarspildu yfir lóð húseignarinnar Garðastrætis 8, syðst á lóðinni fyrir sunnan húsið, að baklóð Ránargötu 1.

Samkvæmt þessu verða aðrar kröfur stefnanda teknar til greina að því leyti, að stefndum sé skylt að viðlögðum dagsektum að búa svo um innkeyrslu á akstíg þennan, að stefnandi geti óhindrað neytt umferðarréttar síns um hann. Þykja dagsektirnar, sem renni til stefnanda, hæfilega ákveðnar kr. 50.00.

Þá þykir rétt, að stefndar greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 700.00.

Dóminn kváðu upp þeir Einar Arnalds borgardómari og meðdómsmennirnir dr. Ólafur Lárusson prófessor og Sigurður Thoroddsen, fyrrum yfirkennari.

Dómsorð:

Stefnandi, Bogi Brynjólfsson, eigandi fasteignarinnar nr. 1 við Ránargötu, á óskoraðan umferðarrétt að baklóð sinni um 2 metra breiða spildu syðst á lóð fasteignarinnar nr. 8 við Garðastræti.

Stefndum, Ingibjörgu Jónsdóttur og Kristínu Halldórsdóttur, eigendum fasteignarinnar nr. 8 við Garðastræti, er skylt að viðlögðum 50 króna dagsektum, er renni til stefnanda, að búa svo um framangreindan akstíg og aðgang að honum, að stefnandi geti óhindrað neytt umferðarréttar síns.

Stefndar greiði stefnanda in solidum kr. 700.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 30. maí 1949.

Nr. 146/1948. **Guðrún Ingibjörg Jóhannesdóttir f. h. sjálfrar sín og ólögráða dætra sinna, Elínar Aspar og Hildu Bjarkar Jónsdætra** (Theodór B. Líndal)
gegn
Bæjarstjórn Akureyrar f. h. bæjarsjóðs og gagnsök (Sveinbjörn Jónsson).

Bifreiðamál. Konu, sem bjó ógift með manni, er fórst í bifreiðarslysi, dæmdar dánarbætur svo og dætrum þeirra.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem fengið hefur gjafsókn í málinu, hefur skotið því til Hæstaréttar með stefnu 9. nóv. 1948. Krefst aðaláfrýjandi þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða henni sjálfri kr. 88.000.00 og henni f. h. dóttur hennar Elínar Aspar kr. 15.000.00 og sömu fjárhæð f. h. dóttur hennar Hildu Bjarkar ásamt 6% ársvöxtum frá 16. apríl 1948 til greiðsludags. Svo krefst aðaláfrýjandi og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Gagnáfrýjandi, sem skotið hefur málinu til Hæstaréttar með stefnu 8. jan. 1949, krefst *aðallega* sýknu af öllum kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hennar fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar. *Til vara* krefst hann þess, að dæmd fjárhæð í héraði verði lækkuð eftir mati Hæstaréttar og aðaláfrýjanda dæmt að greiða málskostnað, eins og getur í aðalkröfu.

Jón Rósmundsson, sem hlaut bana af slysi því, er í málinu getur, vann í þágu gagnáfrýjanda að flutningi slökkviliðsbifreiðar hans norður í land. Ekki er í ljós leitt, að bifreiðarslysið hefði orðið, þótt ökumaður hefði sýnt fulla aðgæzlu. Ber gagnáfrýjandi því bótaábyrgð í máli þessu samkvæmt 1. og 2. málsgr. 34. gr. sbr. 35. gr. laga nr. 23/1941, og þykja ekki efni til að skipta ábyrgðinni.

Gagnáfrýjandi, Guðrún Ingibjörg Jóhannesdóttir, og Jón Rósmundsson höfðu búið saman ógift frá því á árinu 1933 og

þar til er slysið varð í ársbyrjun 1947 og átt saman þær tvær dætur, er í málinu greinir. Ekkert er fram komið, er bendi til þess, að breyting væri í vændum á sambúð þessari, enda voru þau og að endurbæta og auka húsnæði fjölskyldunnar, er slysið varð. Að svo vöxnu máli þykir aðaláfrýjandi eiga rétt til bóta fyrir missi framfærslu vegna dauða Jóns Rósmundssonar samkvæmt 2. málsgr. 264. gr. laga nr. 19/1940, og hefur sá skilningur stuðning í ákvæðum laga nr. 50/1946. Við ákvörðun bótanna þykir þó bera að líta til þess, að sambandi aðaláfrýjanda og Jóns Rósmundssonar verður ekki að fullu jafnað til hjúskapar.

Aðaláfrýjandi hefur sundurliðað kröfu sína þannig, að kr. 85.000.00 eru bætur fyrir missi fyrirvinnu, þjáningar hennar og óþægindi af völdum slyssins svo og röskun á stöðu hennar og högum, en kr. 3000.00 til greiðslu útfarar Jóns Rósmundssonar. Þykja bæturnar fyrir fyrirvinnumissinn og röskun á högum aðaláfrýjanda hæfilega ákveðnar kr. 23.000.00 og útfararkostnaður eins og í héraðsdómi segir.

Börn aðaláfrýjanda og Jóns Rósmundssonar hafa hvort um sig fengið 800 krónur á ári auk verðlagsuppbótar samkvæmt lögum um almannatryggingar, frá því að slysið varð, og haldast þær greiðslur til 16 ára aldurs barnanna. Bætur fyrir fyrirvinnumissi og röskun á högum úr hendi gagnáfrýjanda til handa Elínu Ösp, sem er fædd 5. marz 1934, þykja eftir atvikum hæfilega ákveðnar kr. 10.000.00 og sams konar bætur til handa Hildu Björk, sem er fædd 26. nóv. 1935, kr. 11.500.00. Ber að dæma gagnáfrýjanda til greiðslu framangreindra fjárhæða ásamt vöxtum af hverri fjárhæð, eins og krafizt hefur verið. Einnig ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 5500.00, þar af kr. 2000.00 til talsmanns aðaláfrýjanda í héraði, kr. 2500.00 til talsmanns hennar í Hæstarétti og kr. 100.00 í ríkissjóð fyrir dómgjöld.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, bæjarstjórn Akureyrar f. h. bæjarsjóðs, greiði aðaláfrýjanda, Guðrúnu Ingibjörgu Jó-

hannesdóttur, sjálfri kr. 25.500.00, henni f. h. dóttur hennar Elínar Aspar Jónsdóttur kr. 10.000.00 og f. h. dóttur hennar Hildu Bjarkar Jónsdóttur kr. 11.500.00 ásamt 6% ársvöxtum af hverri fjárhæð frá 16. apríl 1948 til greiðsludags. Einnig greiði gagnáfrýjandi kr. 5500.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, þar af kr. 2000.00 til talsmanns aðaláfrýjanda í héraði, Jónasar G. Rafnars hdl., kr. 2500.00 til talsmanns hennar í Hæstarétti, Theodórs B. Líndals hæstaréttarlögmanns, og kr. 100.00 í ríkissjóð.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 29. október 1948.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 26. okt. sl., var höfðað fyrir bæjarþingi Akureyrar með stefnu hinn 16. apríl 1948 af Guðrúnu Ingibjörgu Jóhannesdóttur, Linnetsstíg 4, Hafnarfirði, vegna sín og ólögráða dætra sinna, Elínar Aspar og Hildu Bjarkar, gegn bæjarstjórn Akureyrar vegna Akureyrarkaupstaðar til greiðslu skaðabóta vegna bifreiðarslyss, sem varð við Húnsstaðalæk 18. jan. 1947. Var stefnan birt Þorsteini M. Jónssyni, forseta bæjarstjórnar Akureyrar. Hinn reglulegi héraðsdómari, Friðjón Skarphéðinsson, vék sæti í málinu með úrskurði í fyrsta þinghaldi hinn 19. apríl sl. Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 28. apríl sl., var svo Magnús Jónsson hdl. skipaður til þess að fara með málið og dæma það.

Stefnandi gerir þær dómkröfur vegna sín og dætra sinna, að þeim verði tildæmdar samtals 118.000.00 kr. skaðabætur frá Akureyrarkaupstað auk 6% vaxta frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags vegna dauða Jóns Rósmundssonar, Linnetsstíg 4, Hafnarfirði, sem fórst í bifreiðarslysi, er brunabifreið í eigu Akureyrarkaupstaðar rann út af þjóðveginum við Húnsstaðalæk á Ásum í Húnaþingi 18. jan. 1947. Einnig krefst stefnandi málskostnaðar samkv. reikningi eða eftir mati dómara. Stefnandi hefur fengið gjafsókn í málinu.

Stefndur hefur krafizt sýknunar af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar eftir reikningi eða mati dómara. Til vara krefst stefndur þess, að synjað verði algerlega um bætur til handa Guðrúnu Ingibjörgu Jóhannesdóttur og aðrir kröfuliðir lækkaðir. Til ýtrustu vara er þess krafizt, að bótakrafa Ingibjargar verði stórlega lækkuð. Jafnframt verði málskostnaður látinn niður falla eða aðeins tildæmdur að hluta.

Sáttatilraun reyndist árangurslaus.

Málavextir eru þessir samkv. lögregluskýrslu þeirri, er fram hefur verið lögð í málinu, og upplýsingum aðilja:

Að kvöldi hins 17. jan. 1947 héldu þeir Erlendur Halldórsson brunaeftirlitsmaður í Hafnarfirði, og Jón Rósmundsson bifreiðarstjóri, Linnetsstíg 4, Hafnarfirði, af stað frá Hafnarfirði með slökkviliðsbifreiðina A-832. Var bifreið þessi eign Akureyrarkaupstaðar, og hafði Erlendur sérstaklega verið beðinn að sjá um flutning hennar til Akureyrar, en Jón verið ráðinn honum til aðstoðar til Blönduóss.

Fyrir lögreglurétti Húnavatnssýslu 18. jan. sl. skýrir Erlendur svo frá ferðalagi þeirra félaga og tildrögum slyssins, að þeir hafi lagt af stað frá Hafnarfirði kl. rúmlega 8 hinn 17. janúar. Hafi þeir skipzt á um að aka bifreiðinni, 1½—2 tíma hvor. Námu þeir staðar á nokkrum stöðum, drukku kaffi og borðuðu brauð, sem þeir höfðu meðferðis, og hvíldu sig nokkra hríð. Eftir að þeir fóru frá Fornahvammi, námu þeir aðeins staðar til þess að skipta um sæti. Án frekari hvílda óku þeir þannig samfleytt til kl. um 15.30 hinn 18. jan., er slysið varð. Kveður Erlendur þá hafa ekið hægt alla leiðina, en hvorugur þeirra muni hafa verið þreyttur eftir þessa löngu keyrslu, því að þeir hafi sofið í bílnum til skiptis. Áfengis neyttu þeir ekki. Veður var gott norður fyrir Holtavörðuheiði, en þá fór nokkuð að hvessa. Ekki er þess getið í réttarprófum, hvort hálka hafi verið mikil, en keðjur voru á afturhjólum bifreiðarinnar, og Erlendur getur þess, að hann hafi „hálfpartinn" verið að hugsa um að setja keðjur á framhjólin í Fornahvammi, en bæði Jón og Páll Sigurðsson, bifreiðarstjóri þar, hafi ekki talið þess þörf.

Erlendur kveður það hafa verið venju þeirra að stanza við hverja brú, og sá, sem ekki stýrði, gætti þess sín megin, að bíllinn strykist ekki við, en þeir hafi alltaf ekið með hægum gönguhraða í kraftgír yfir brýrnar. Erlendur var við stýrið, er þeir komu að mjórri brú yfir svokallaðan Húnsstaðalæk á þjóðveginum á Ásum í Húnaþingi. Kveðst Erlendur þá hafa sagt við Jón Rósmundsson: „Þú gætir að þín megin". Ekki heyrði hann Jón svara og telur, að hann kunni að hafa sofið, en aðgætti það þá ekki nánar. Kveðst hann hafa fundið, að bíllinn aðeins straukst við vinstra megin, þar sem Jón sat. Leit hann þá yfir til vinstri og sá, að bíllinn mundi vera tæpt á vegbrúninni vinstra megin. Reyndi hann þá að sveigja bílinn til hægri inn á veginn, en tókst það ekki, og tók bíllinn allt í einu „svikk" til vinstri og rann um leið út af vegbrúninni vinstra megin. Rann bíllinn þarna skáhallt út af vegkantinum, sem er allhár, og lagðist rólega á hliðina. Erlendur reis upp í sætinu, er hann sá, hvað verða vildi, og tók vinstri hendi um stigann ofan á bílnum, en hélt hægri hendi um stýrið, og slapp hann ómeiddur. Við veltuna féll Jón Rósmundsson út úr bílnum. Varð hann ekki undir honum, en líklegt, að stiginn hafi slegizt í höfuð hans. Lá hann hreyfingarlaus, og rann blóð úr vitum hans, og við nánari aðgæzlu sá Erlendur, að Jón mundi örendur. Hljóp hann þá til næsta bæjar og símaði til sýslumanns. Kom hann ásamt lækni á slysstaðinn um klukkustund seinna. Reyndist þá Jón dáinn.

Bifreiðin var látin liggja óhreyfð til næsta dags, er rannsóknardómarinn tilkvaddi tvo menn til þess að athuga allar aðstæður. Staðfesta þeir skýrslu Erlends um sennilegar orsakir slyssins. Kom í ljós við athugun á bifreiðinni daginn eftir slysið, að sprungið var á vinstra framhjóli. Telur Erlendur það án efa aðalorsök þess, að bifreiðina dró svo úr höndum hans yfir til vinstri. Í fyrsta réttarhaldi hafði hann talið sennilegt, að steinn hefði orðið fyrir vinstra framhjólinu og kippt bifreiðinni út á vegarbrún. Inn á veginn gat hann ekki sveigt aftur, því að svell var undir hjólunum hægra megin og snarpur vindur á þá hlið. Vinstra framhjólið muni síðan hafa „naggað" í vegbrúninni, þar til er bifreiðin, sem er um 6 metrar á lengd, fór alveg út af, en hún lagðist á hliðina um 16 metra frá brúnni. Alla þessa leið seig bifreiðin áfram í kraftgír. Í veltunni mun bifreiðin hafa kastazt nokkuð lengra yfir til vinstri en í hvíldarstöðuna og hrokkið aftur til baka. Telur rannsóknardómarinn þetta yfirkast „sennilega og eðlilega" skýringu á rothögginu.

Stefnandi telur slys þetta bótaskylt samkvæmt VI. kafla bifreiðalaga og samkv. almennum reglum skaðabótaréttarins og Akureyrarkaupstað bótaskyldan sem eiganda bifreiðarinnar og vinnuveitanda beggja umræddra bifreiðarstjóra. Stefndur hefur hins vegar mótmælt því, að sérregla 34. gr. bifreiðalaga geti átt hér við.

Það er sannað í málinu, að Jón Rósmundsson hafi verið ráðinn til þess að aðstoða við flutning bifreiðarinnar norður. Vera hans í bifreiðinni var því óhjákvæmileg vegna starfs hans. Hin ríka bótaábyrgðarregla 34. gr. bifreiðalaganna frá 1941 er að vísu þar aðeins talin ná til fólks utan bifreiðarinnar og farþega gegn borgun, en Hæstiréttur hefur túlkað ákvæði gr. þannig, að þau geti einnig náð til manna, er ferðast með bifreið beinlínis vegna starfa í þágu eiganda hennar eða umráðamanns. Verður því að telja Jón Rósmundsson hafa notið verndar þessa lagaákvæðis.

Til álita kemur þá, hvort hin súbjektívu bótaskilyrði séu hér fyrir hendi. Lögregluréttarrannsóknin er að mörgu leyti ófullkomin, og verður um öll tildrög slyssins að byggja á skýrslu bifreiðarstjórans sjálfs. Aðiljar hafa þó ekki mótmælt þeirri skýrslu eða reynt að afla frekari upplýsinga. Stefndur hefur hins vegar haldið því fram, að báðir bifreiðarstjórarnir hafi borið sömu ábyrgð á flutningi bifreiðarinnar og hugsanleg vangæzla sé því jafnt sök Jóns og Erlends. Þar sem ekki er upplýst, hvort veruleg hálka hafi verið á veginum, verður ekki um það dæmt, hvort ógætilegt hafi verið að hafa ekki keðjur á framhjólum bifreiðarinnar, þótt það reyndar sýnist hafa átt sinn þátt í slysinu. Sökin af þeirri vangæzlu verður að skiptast jafnt á báða bifreiðarstjórana með hliðsjón af ómótmæltum framburði Erlends um það atriði. Aftur á móti er ekki hægt að telja Jón Rósmundsson hafa borið neina ábyrgð á stjórn bifreiðarinnar, þegar slysið varð, því að hverju sinni hlýtur sá bifreiðarstjóri, sem bifreið stjórnar, að bera ábyrgð á akstri hennar.

Ekki mun hafa verið höfðað opinbert mál gegn Erlendi Halldórssyni,

en það þarf þó hvorki að útiloka bótaskyldu eiganda bifreiðarinnar né vera því til sönnunar, að slysi hefði ekki orðið afstýrt með ýtrustu varkárni. Bendir enda ýmislegt til þess, að ekki hafi verið sýnd nægileg gætni við akstur bifreiðarinnar, er slysið varð. Úr því að bifreiðarstjórarnir voru vanir að sofa til skiptis, var ástæða fyrir Erlend að athuga, hvort Jón væri vakandi, áður en hann ók út á brúna. Það verður einnig að teljast gáleysi að nema ekki staðar, þegar bifreiðarstjórinn fann bílinn strjúkast við brúna, heldur aka áfram 16 metra vegarlengd frá brúnni með annað framhjólið finnanlega utan í allháum kantinum, þegar þess enn fremur er gætt, að ísing virðist hafa verið hægra megin á veginum og því litlar líkur til að sveigja bifreiðina inn á veginn, úr því að framhjólin voru keðjulaus. Ef bifreiðin var í kraftgír á hægum gönguhraða, átti að vera hægt að stöðva hana samstundis. Verður því ótvírætt að telja ósannað í málinu, að slysi hefði eigi orðið afstýrt, þótt ökumaður hefði sýnt fulla aðgæzlu og varkárni. Hefur ekki fyrir réttinum verið færð nein frekari sönnun fyrir varkárni bifreiðarstjórans en um getur í framburði hans sjálfs.

Með hliðsjón af þessu verður að telja bótaskyldu stefnds ótvíræða samkv. 34. sbr. 35. gr. bifreiðalaga, auk þess sem almennar reglur um ábyrgð vinnuveitanda á verkum starfsmanna geta einnig komið hér til greina.

Þótt trygging hafi verið keypt fyrir Jón Rósmundsson sem bifreiðarstjóra, útilokar það ekki frekari bótaskyldu eiganda bifreiðarinnar og vinnuveitanda hans, einkum þegar þess er gætt, að það er athöfn annars starfsmanns sama vinnuveitanda, sem veldur fjörtjóni hans. Þótt stefnendur, sem hinn látni hafði á framfæri sínu, hafi fengið lögboðnar dánarbætur frá Tryggingastofnun ríkisins, útilokar það ekki rétt þeirra til frekari bóta frá eiganda bifreiðarinnar, en hafa ber hliðsjón af því, að ekki virðist tjóni hafa verið valdið með refsiverðum verknaði, og verður því aðeins um að ræða bætur fyrir beint fjárhagstjón vegna missis framfæranda.

Það er sannað í málinu, að stefnandinn, Guðrún Ingibjörg Jóhannesdóttir, og hinn látni voru ekki gift, heldur höfðu þau búið saman ógift frá árinu 1933 og átt saman tvær dætur, Elínu Ösp, fædda 5. marz 1934, og Hildu Björk, fædda 26. nóv. 1935. Á framfæri þeirra Jóns og Guðrúnar var einnig dóttir hennar, Erna Ragnarsdóttir, fædd 31. des. 1928, nú sjúklingur á Vífilsstaðahæli. Samkv. framlögðu vottorði fulltrúa bæjarfógetans í Hafnarfirði er fjárhagur Guðrúnar mjög slæmur. Frá tryggingastofnuninni hefur hún fengið kr. 15.345.00 í dánarbætur, Elín Ösp hefur fengið kr. 10.074.00 og Hilda Björk kr. 14.060.00, sem er kapítalíseraður lífeyrir þeirra til 16 ára aldurs.

Kröfur stefnanda í málinu eru sundurliðaðar þannig:

1. Bætur til ekkjunnar Guðrúnar I. Jóhannesdóttur fyrir missi fyrirvinnu, þjáningar hennar og óþægindi og röskun á stöðu og högum kr. 85.000.00.

2. Jarðarfararkostnaður kr. 3000.00.
3. Bætur til Elínar Aspar fyrir föðurmissi og fyrirvinnu og röskun á stöðu og högum kr. 15.000.00.
4. Sams konar bætur til Hildu Bjarkar kr. 15.000.00.

Að 1. Stefndur hefur algerlega mótmælt bótarétti Guðrúnar Ingibjargar Jóhannesdóttur, þar eð hún hafi ekki verið lögleg eiginkona hins látna og hann því ekki lögskyldur framfærandi hennar. Verður að nokkru leyti að taka þessi mótmæli til greina, þótt ekki geti talizt heimilt að ályktа e contrario frá ákvæðum 58. gr. l. um almannatryggingar frá 1946. Er þó raunar í þeirri grein staðfest, að ógift kona sé um bótarétt sett skör lægra en gift. Er enda í framfærslulögum framfærsluskyldan bundin við hjónaband. Samt verður ekki talið rétt að synja konu, sem um langan tíma hefur búið með manni sem eiginkona væri og alið honum börn, um bætur vegna tjóns, er hún ótvírætt verður fyrir við fráfall hans. Upplýst er, að þau Jón og Guðrún hafi búið saman í 14 ár og Jón auk þess tekið til framfærslu barn hennar og annars manns. Allar þeirra fjárreiður virðast hafa verið sameiginlegar, og konunni verður að teljast réttmætt eftir svo langar samvistir að miða ráðstafanir sínar við framhald þess ástands. Með hliðsjón af öllum aðstæðum og ríkjandi anda í félags- og framfærslulöggjöf þykir því rétt að veita stefnanda bótarétt sín vegna, hafi hún beðið sannanlegt tjón við fráfall Jóns Rósmundssonar, umfram bætur frá tryggingunum, sbr. og heimild 264. gr. alm. refsilaga, þótt réttarstaða hennar að þessu leyti verði samt ekki talin söm og giftrar konu. Krafa hennar um kr. 85.000.00 skaðabætur umfram framlag tryggingganna hefur ekki verið rökstudd nægilega og verður að teljast allt of há miðað við allar aðstæður. Þrátt fyrir ítrekaða fresti í málinu hefur ekki tekizt að afla nánari upplýsinga um efnahag konunnar og fjárhagslegt samband hennar og hins látna en greinir í vottorði fulltrúa bæjarfógetans í Hafnarfirði, sem upplýsir þetta ekki nægilega. Eftir öllum atvikum er því ekki hægt að dæma Guðrúnu Ingibjörgu Jóhannesdóttur hærri bætur en kr. 15.000.00 úr hendi stefnds vegna röskunar á stöðu hennar og högum.

Að 2. Ekki hefur fengizt sundurliðaður reikningur yfir greftrunarkostnað. Þykir sá liður hæfilega áætlaður kr. 2500.00.

Að 3 og 4. Framfærsluskylda hins látna gagnvart dætrum sínum er ótvíræð. Miðað við aldur þeirra og þær bætur, sem þær þegar hafa fengið, þykir hæfilegt að tildæma hvorri um sig kr. 8000.00.

Dæma ber stefndan til greiðslu vaxta að upphæð 6% frá stefnudegi til greiðsludags. Einnig ber honum að greiða stefnanda kr. 2000.00 í málskostnað.

Dráttur sá, sem varð á flutningi málsins, stafaði af miklum önnum setudómarans við störf í Reykjavík.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Þorsteinn M. Jónsson, forseti bæjarstjórnar Akureyrar, vegna Akureyrarkaupstaðar, greiði stefnanda, Guðrúnu Ingibjörgu

Jóhannesdóttur, persónulega kr. 17.500.00 og vegna ófjárráða dætra hennar, Elínar Aspar og Hildu Bjarkar, kr. 8000.00 til hvorrar um sig auk 6% vaxta frá 16. apríl 1948 til greiðsludags og kr. 2000.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför.

Mánudaginn 30. maí 1949.

Nr. 162/1946. **Jónas Sveinsson**
gegn
Vígkoni Hjörleifssyni og
Guðmundi Þorkelssyni.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jónas Sveinsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 30. maí 1949.

Nr. 98/1948. **Jón Gauti**
gegn
Bæjarstjórn Vestmannaeyja f. h. bæjarsjóðs.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jón Gauti, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 30. maí 1949.

Nr. 58/1949. **Ágúst Pétursson**
gegn
H/f Björgvin.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ágúst Pétursson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 3. júní 1949.

Nr. 26/1949. **Valdstjórnin** (Guttormur Erlendsson)
gegn
Ísleifi Högnasyni (Theodór B. Líndal).

Brot gegn lögum nr. 70/1947 og rgl. nr. 82/1947.

Dómur Hæstaréttar.

Greiðslu andvirðis umræddra rita í íslenzkum peningum til aðilja þess, sem getur í héraðsdómi, þykir verða jafnað til flutnings íslenzks gjaldeyris úr landi, og varðar hún því við 5. mgr. 13. gr. sbr. 22. gr. laga nr. 70/1947 og 33. gr. sbr. 39. gr. reglugerðar nr. 82/1947. Með þessari breytingu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Kærði, Ísleifur Högnason, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun

skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Guttorms Erlendssonar og Theodórs B. Líndals, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 28. desember 1948.

Ár 1948, þriðjudaginn 28. desember, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 6030/1948: Valdstjórnin gegn Ísleifi Högnasyni, — sem tekið var til dóms hinn 21. sama mánaðar.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Ísleifi Högnasyni, forstjóra Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis, til heimilis á Skólavörðustíg 12, fyrir brot gegn lögum nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, sbr. reglugerð nr. 82 31. júlí 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun, gjaldeyrismeðferð og verðlagseftirlit.

Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefur, svo að kunnugt sé, sætt þessum kærum og refsingum:

1932 10/10 Dómur Hæstaréttar, 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 212. gr. sbr. 48. gr. og með hliðsjón af 50. gr. hegningarlaganna.

1947 10/9 Sátt, 40 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.

1947 11/9 Kærður fyrir verðlagsbrot. Felt niður. Ólöglegur hagnaður, kr. 282,75, gerður upptækur.

1948 7/4 Sátt, 100 kr. sekt fyrir verðlagsbrot. Upptækur ólöglegur ágóði, kr. 2619.05.

Með bréfi, dagsettu 2. f. m., fyrirskipaði dómsmálaráðuneytið rannsókn um innflutning Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis á nokkrum rússneskum tímaritum, sem virtist, eftir því sem fyrir lá, hafa verið með óvenjulegum hætti. Við rannsókn málsins skýrði kærður svo frá, að félagið hefði á undanförnum árum keypt eitt þessara rita frá firma einu í London og hefði sú verzlun farið fram með venjulegum hætti um bóka- og blaðakaup frá útlöndum. Þannig hafi verið fram á síðastliðið vor eða í lok síðastliðins vetrar. Þá komst kærður í samband við rússneskan mann hér í bænum, Nikita Panchenko að nafni, og skýrir kærður svo frá, að maður þessi hafi sagzt vera umboðsmaður rússneskra útflytjenda og boðið kærðum vörur, aðallega vefnaðarvörur, en ekkert hafi orðið úr þeim viðskiptum. Í viðræðum sínum við mann þennan kveðst kærður hafa spurt hann, hvort hann gæti útvegað kaupfélaginu áðurnefnt rit beint frá Moskvu, og hafi hann tekið því vel og kveðizt mundu athuga það. Nokkru síðar hafi kærður fengið frá honum lista yfir nokkur rit, út gefin í Moskvu, og ákvað kærður, að félagið skyldi kaupa fjögur þeirra, öll á ensku, en eitt þeirra einnig á þýzku. Gerðist félagið síðan áskrifandi rita

þessara. Skömmu eftir að listinn barst kærðum, átti hann viðtal við Panchenko um kaup ritanna, og tók hinn síðarnefndi þá fram að sögn kærðs, að andvirði þeirra mætti greiða í íslenzkum peningum, en eigi var á það minnzt, hver tæki við greiðslunni, og kveðst kærður hafa hugsað sér, að greiðslan biði, þar til er reikningi yrði framvísað. Þegar félagið hafði gerzt áskrifandi ritanna, tóku þau að berast því í sendingum, sem vitjað var í tollpóststofuna hér, og vitjaði forstöðumaður bókabúðar félagsins þeirra þangað. Við móttöku sendinganna framvísaði hann gjaldeyris- og innflutningsleyfum fyrir bókum og tímaritum frá sterlingsvæðinu og frá Danmörku, og hafa þau leyfi bæði verið lögð fram í málinu. Enn fremur kveðst forstöðumaður bókabúðarinnar hafa lagt fram önnur leyfi, sem séu fullnotuð og tollpóststofan hafi tekið í sínar hendur. Við afhendingu sendinganna hafi starfsmenn tollpóststofunnar ritað í innflutningsdálk leyfanna verðmæti sendinganna og innheimt af þeim söluskatt og tollmeðferðargjald. Vera má þó samkvæmt framburði forstöðumanns tollpóststofunnar, að sendingar þessar hafi eigi verið færðar inn á neitt innflutningsleyfi, ef þær hafa verið lítilræði. Tollpóststofan skiptir sér ekki af greiðslum fyrir sendingar sem þessar, sem hún afgreiðir, nema sent sé með póstkröfu, en svo var eigi um rit þessi. Þegar liðið var fram á sl. haust og farið var að rita um margnefndan ritainnflutning í blöðin, tjáðu starfsmenn tollpóststofunnar félaginu, að ritasendingar þessar yrðu eigi afhentar framvegis nema gegn leyfum, sem bundin væru við Ráðstjórnarríkin. Fékk félagið þá hinn 1. f. m. leyfi að upphæð kr. 500.00 fyrir bókum frá Rússlandi, og var sú upphæð dregin frá hinu eldra leyfi, sem gilti fyrir sterlingsvæðið. Kærður skýrði skrifstofustjóra félagsins frá kaupum ritanna og tjáði honum, að andvirði þeirra mætti greiða í íslenzkum peningum manni að nafni Panchenko, en eigi segir skrifstofustjórinn kærðan hafa nefnt, hverrar þjóðar maður þessi væri né hvað hann starfaði. Samkvæmt þessu var andvirði ritanna, kr. 357.72, greitt í íslenzkum peningum í skrifstofu félagsins, þegar reikningum var framvísað, en þeir hljóðuðu á dollara. Var kvittað fyrir greiðslunum, og hafa kvittanir þessar verið lagðar fram í málinu. Aðra undirritaði N. Panchenko, verzlunarráðunautur í sendiráði Ráðstjórnarríkjanna, en undir hinni stendur ólæsilegt nafn, en starfsfólk félagsins man, að það var erlendur maður, sem tók við þeirri greiðslu.

Kærður heldur því fram, að sér hafi verið ókunnugt um, að Panchenko var starfsmaður sendiráðs Ráðstjórnarríkjanna, þar til er rannsókn máls þessa hófst og hann sá undirskrift manns þessa, nafn og stöðu á kvittuninni.

Vegna máls þessa var Landsbanka Íslands sent gjaldeyris- og innflutningsleyfi það á sterlingsvæðið, sem áður er nefnt, með fyrirspurn um, hvaða lönd hafi í ár verið á sterlingsvæðinu og hvort Ráðstjórnarríkin hafi talizt til þess.

Í svari bankans segir svo:

„Í þessu sambandi viljum vér upplýsa, að rétt skilið eru á „sterling-

svæðinu" (Sterling Area) aðeins löndin innan brezka heimsveldisins (að undanskildu Canada og Newfoundland) auk örfárra annarra landa, þar á meðal Íslands. Utan Landsbankans virðist hins vegar orðið „sterlingsvæði" yfirleitt vera notað í víðari merkingu, þ. e. a. s. ná einnig til þeirra landa, sem bankarnir hér samkvæmt sérstöku samkomulagi við Englandsbanka geta yfirfært sterlingspund til og gera það samkvæmt venju eða beinu samkomulagi við þjóðbanka viðkomandi lands. Þessi misskilningur á hugtakinu „sterlingsvæði" er eðlilegur, þegar þess er gætt, að niðurstaðan er sú sama frá gjaldeyrislegu sjónarmiði, hvort gefið er út leyfi fyrir greiðslu til Englands, sem að sjálfsögðu er á „sterlingsvæðinu", eða t. d. til Belgíu, sem er að vísu utan „sterlingsvæðisins", en yfirfærslur þangað eiga sér stað í pundum eins og til Bretlands.

Þá skal og upplýst, að Sovétríkin eru og hafa í nokkur ár verið meðal þeirra landa, sem hægt hefur verið að yfirfæra sterlingspund til. Mundi leyfi eins og það, sem fylgir bréfi sakadómara, vera tekið gilt í Landsbankanum til yfirfærslu gjaldeyris til Sovétríkjanna, þar sem svo mundi verða litið á sem orðið „sterlingsvæði" í leyfinu taki til allra landa, sem hægt er að yfirfæra sterlingspund til, að undanskildum hinum svo nefndu „clearing-löndum"."

Samkvæmt þessari umsögn bankans, sem viðskiptanefndin hefur enga athugasemd gert við, verður kærðum eigi gefin að sök notkun félagsins á gjaldeyris- og innflutningsleyfinu, sem gilti fyrir sterlingsvæðið. Hins vegar náði gjaldeyris- og innflutningsleyfið fyrir bókum og tímaritum frá Danmörku eigi til rita þeirra, sem mál þetta fjallar um, og varðar því innflutningur þeirra rita, sem flutt voru inn á þetta leyfi, við 11. gr., 1. mgr., laga nr. 70/1947 og 21. gr., 1. mgr., reglugerðar nr. 82/1947, en nokkur afsökun þessa brots hlýtur sú staðreynd að vera, að tollpóststofan virðist athugasemdalaust hafa afhent sendingarnar gegn framvísun leyfisins.

Greiðslu andvirðis ritanna var samkvæmt framansögðu þannig háttað, að raunverulega var um að ræða kaup erlends gjaldeyris af öðrum en heimilt var að lögum að selja hann, og varðar hún því við 13. gr., 1. mgr., laga nr. 70/1947 og 25. gr., 2. mgr., reglugerðar nr. 82/1947.

Samkvæmt 22. gr., 2. mgr., laga nr. 70/1947 og 39. gr., 2. mgr., reglugerðar nr. 82/1947 og með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna þykir refsing kærðs hæfilega ákveðin 800.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 6 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærðan ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Theodórs B. Líndals, kr. 400.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Kærður, Ísleifur Högnason, greiði kr. 800.00 í sekt til ríkissjóðs,

og komi varðhald í 6 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Theodórs B. Líndals, kr. 400.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 3. júní 1949.

Nr. 27/1949. **Valdstjórnin** (Guttormur Erlendsson)
gegn
Ólafi Eiríkssyni (Ragnar Ólafsson).

Brot á lögum nr. 70/1947 og rgl. nr. 82/1947.

Dómur Hæstaréttar.

Greiðslu andvirðis umræddra rita í íslenzkum peningum til aðilja þess, sem getur í héraðsdómi, þykir verða jafnað til flutnings íslenzks gjaldeyris úr landi, og varðar hún því við 5. mgr. 13. gr. sbr. 22. gr. laga nr. 70/1947 og 33. gr. sbr. 39. gr. reglugerðar nr. 82/1947. Með þessari breytingu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Kærði, Ólafur Eiríksson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Guttorms Erlendssonar og Ragnars Ólafssonar, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 28. desember 1948.

Ár 1948, þriðjudaginn 28. desember, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 6031/1948: Valdstjórnin gegn Ólafi Eiríkssyni, — sem tekið var til dóms hinn 21. sama mánaðar.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Ólafi Eiríkssyni verzlunarstjóra, til heimilis í Kaplaskjóli 7, fyrir brot gegn lögum nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, sbr. reglugerð nr. 82 31. júlí 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun, gjaldeyrismeðferð og verðlagseftirlit.

Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefur hvorki sætt ákæru né refsingu, svo að kunnugt sé.

Með bréfi, dagsettu 2. f. m., fyrirskipaði dómsmálaráðuneytið rannsókn um innflutning bókabúðar Máls og menningar hér í bæ á nokkrum rússneskum tímaritum, sem virtist eftir því, sem fyrir lá, hafa verið með óvenjulegum hætti. Við rannsókn málsins skýrði kærður, sem veitir verzlun þessari forstöðu, svo frá, að á þessu ári hefði verzlunin haft til sölu fjögur tímarit, sem gefin eru út á enskri tungu í Moskvu. Á undanförnum árum hefði verzlunin haft a. m. k. sum þessara rita til sölu og fékk þau þá á venjulegan hátt frá Englandi, en fyrir árið í ár gerðist hún áskrifandi ritanna, og hafði það, sem komið var af ritunum, þegar rannsókn máls þessa hófst hinn 3. f. m., borizt verzluninni beint frá Moskvu í krossbandssendingum í bögglapósti. Við móttöku sendinganna í ár í tollpóststofunni hér hefur verzlunin framvísað gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir bókum frá Bretlandi og Danmörku, og hafa starfsmenn tollpóststofunnar ritað í innflutningsdálk leyfisins við afhendingu sendinganna og innheimt af þeim söluskatt og tollmeðferðargjald. Vera má þó samkvæmt framburði forstöðumanns tollpóststofunnar, að sendingar þessar hafi eigi verið færðar inn á neitt innflutningsleyfi, ef þær hafa verið lítilræði. Tollpóststofan skiptir sér ekki af greiðslum fyrir böggla og krossbandssendingar, sem hún afgreiðir, nema sent sé með póstkröfu, en svo var eigi um rit þessi.

Verzluninni bárust frá seljanda ritanna reikningar yfir áskriftargjaldið í ár, og hljóðuðu þeir á dollara. Gjald þetta greiddi kærður fyrir verzlunarinnar hönd verzlunarfulltrúanum í sendiráði Ráðstjórnarríkjanna hér með ísl. kr. 999.79 og fékk kvittun fyrir, sem fram er lögð í málinu. Var að sögn kærðs svo um talað milli hans og verzlunarfulltrúans, að sá síðarnefndi héldi fé þessu og kæmi því til útgefanda ritanna, ef eigi yrði síðar ákveðið, að greiðslan til útgefandans færi fram á annan hátt. En síðan kærður innti greiðsluna af hendi, hefur hann ekkert aðhafzt til, að henni yrði hagað á annan hátt, og hefur því við þetta setið.

Þar sem gjaldeyris- og innflutningsleyfi það, sem nefnt hefur verið, náði einungis til vara frá Bretlandi og Danmörku, hefur kærður með nefndum ritainnflutningi gerzt brotlegur við 11. gr., 1. mgr., laga nr. 70/1947 og 21. gr., 1. mgr., reglugerðar nr. 82/1947, en nokkur afsökun þessa brots

hlýtur sú staðreynd að vera, að tollpóststofan virðist athugasemdalaust hafa afhent sendingarnar gegn framvísun leyfisins.

Greiðslu andvirðis ritanna var samkvæmt framansögðu þannig háttað, að raunverulega var um að ræða kaup erlends gjaldeyris af öðrum en heimilt var að lögum að selja hann, og varðar hún því við 13. gr., 1. mgr., laga nr. 70/1947 og 25. gr., 2. mgr., reglugerðar nr. 82/1947.

Með tilliti til 77. gr. hegningarlaganna þykir refsing kærðs fyrir framangreind brot hæfilega ákveðin samkvæmt 22. gr., 2. mgr., laga nr. 70/1947 og 39. gr., 2. mgr., reglugerðar nr. 82/1947 800.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 6 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærðan ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Ragnars Ólafssonar, kr. 400.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Kærður, Ólafur Eiríksson, greiði 800.00 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 6 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Ragnars Ólafssonar, kr. 400.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 8. júní 1949.

Nr. 25/1949. **Kristján Kristjánsson** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Kristján Guðlaugsson).

Setudómari próf. Ólafur Jóhannesson í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Skattamál. Hlutafélög.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. jan. þ. á., krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og að stefnda verði dæmt að greiða hon-

um málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Forráðamenn h/f Dagverðareyrar tjáðust að vísu í samningnum frá 9. apríl 1941 selja kaupunautum sínum öll hlutabréf í nefndu hlutafélagi, en kaupunautarnir fengu þó einungis eina tiltekna eign hlutafélagsins, þ. e. verksmiðjuna á Dagverðareyri ásamt búnaði hennar, og svokallað andvirði hlutabréfanna, 75 að tölu, er ákveðið var kr. 600.000.00, var miðað við söluverð verksmiðju þessarar, það sama verð, er forráðamenn hlutafélagsins höfðu áður boðizt til að selja verksmiðjuna fyrir. Kaupunautarnir skyldu auk þess ganga inn í kaup á síldarpressu frá Ameríku og sömuleiðis inn í kaup á síldarpokum og endurgreiða seljendum kaupverð þeirra. Hins vegar voru undan kaupunum teknar aðrar eignir hlutafélagsins Dagverðareyrar og útistandandi skuldir, hvort tveggja að fjárhæð kr. 876.621.06. Þá tóku og seljendur, þ. e. hluthafar í h/f Dagverðareyri, að sér greiðslu allra skulda hlutafélagsins, að fjárhæð kr. 895.000.00, enda skyldu þær vera kaupendum verksmiðjunnar óviðkomandi. Framkvæmdu seljendur síðan skuldaskil á þessum eignum og skuldum, og stóðu þau skuldaskil fram á árið 1943. Kaupendur verksmiðjunnar hófu hins vegar frá 10. apríl 1941 að telja sjálfstæðan rekstur í hinni keyptu verksmiðju, og var þessi atvinnurekstur kaupenda algerlega óháður skuldaskiptum af rekstri fyrri eigenda verksmiðjunnar.

Af því, sem nú hefur rakið verið, verður að leiða þá ályktun, að hið raunverulega efni samningsins frá 10. apríl 1941 hafi einungis verið sala á verksmiðjunni á Dagverðareyri ásamt búnaði og jafnframt hafi hafizt félagsslit og skuldaskil h/f Dagverðareyrar.

Samkvæmt framanskráðu og þar sem skattavöld þykja ekki hafa vangeymt svo réttar ríkissjóðs, að varða eigi niðurfalli skattskyldu, þá ber að staðfesta úrskurð fógeta.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Akureyrar 3. desember 1948.

Lögtaksmál þetta hófst hér fyrir fógetadómi 23. ágúst 1946, að undangengnum almennum lögtaksúrskurði 22. júlí s. ár, sem birtur hafði verið í blöðum á venjulegan hátt. Var málið síðan að beiðni gerðarþola flutt fyrir fógetadómi í Reykjavík, og kveðinn var upp úrskurður um málið þar fyrir dómi hinn 4. marz 1947. Úrskurður sá og meðferð málsins öll fyrir fógetadómi í Reykjavík var ómerkt með hæstaréttardómi 2. marz sl., þar sem ekki var talið heimilt að lögum, að málið væri rekið þar fyrir dómi. Hefur það því verið tekið upp að nýju og flutt fyrir dómi hér og var nú tekið til úrskurðar hinn 26. f. m.

Af hálfu gerðarbeiðanda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, var þess upphaflega krafizt, að lögtak færi fram hjá gerðarþola, Kristjáni Kristjánssyni forstjóra, Brekkugötu 4 hér í bæ, til tryggingar ógoldnum opinberum gjöldum fyrir skattárið 1941, að upphæð kr. 26.786.40, auk dráttarvaxta. Þá krefst gerðarbeiðandi hæfilegs málskostnaðar úr hendi gerðarþola eftir mati fógeta. Á síðara stigi málsins hefur gerðarbeiðandi lækkað kröfu sína um kr. 1995.00 í kr. 24.791.40.

Af hálfu gerðarþola er þess aðallega krafizt, að synjað verði um framgang umbeðinnar lögtaksgerðar, en til vara er þess krafizt, að síðargreindir skattar verði reiknaðir að nýju, þannig að þeir verði aðeins reiknaðir af 418.90 kr. viðbót við tekjur gerðarþola 1941 í stað viðbótar að fjárhæð kr. 62.418.90, svo sem gert var í upphafi. Þá krefst gerðarþoli hæfilegs málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda eftir mati réttarins.

Tildrög málsins eru þau, að ríkisskattanefndin lét fara fram endurskoðun árið 1945 á reikningum Síldarbræðslustöðvarinnar Dagverðareyrar h/f fyrir árið 1941. Hafði því verið veitt athygli, að í bókum Djúpavíkur h/f var það félag talið eigandi allra hlutabréfa Dagverðareyrarfélagsins, að nafnverði kr. 150.000.00, og hafði greitt allt andvirði bréfanna, kr. 600.000.00, úr sjóði sínum í apríl 1941. Var því talin ástæða til að ætla, að félagsslit hefðu orðið í Dagverðareyrarfélaginu, er sala bréfanna fór fram, og hefði því andvirði bréfanna umfram nafnverð átt að teljast til tekna hjá seljendum þeirra á skattárinu 1941, en svo hafði ekki verið gert.

Að endurskoðuninni lokinni kvað ríkisskattanefndin upp úrskurð um það 14. des. 1945, að hún liti svo á, að félagsslit hefðu orðið í Síldarbræðslustöðinni Dagverðareyri h/f hinn 9. apríl 1941 og bæri því að taka upp og áætla að nýju skatt viðkomandi aðilja, enda sé þeim tilkynnt um þessa fyrirhuguðu breytingu og gefinn frestur til andsvara.

Gerðarþoli var einn af eigendum hlutabréfa í margnefndu félagi, er seld voru 9. apríl 1941. Tilkynnti ríkisskattanefndin honum í bréfi, dags. 16. jan. 1946, úrskurð sinn og að samkvæmt honum bæri að hækka tekjur

gerðarþola um kr. 54.377.01, sem væri upphæð sú, er hann hefði fengið greidda við félagsslitin umfram nafnverð bréfanna, og bæri því að hækka skatta hans samkvæmt því. Með bréfi, dags. 21. febr. 1946, breytir ríkisskattanefndin upphæð þessari í kr. 62.418 90, en þá hafði hún komizt að raun um, að gerðarþoli hafði átt 10 hlutabréf í stað 9, er hún vissi áður um. Að lokum er þetta enn leiðrétt undir rekstri máls þessa með bréfi nefndarinnar, dags. 13. f. m., og upphæðin lækkuð í kr. 60.418.90.

Gerðarþoli mótmælti skatthækkun þessari með bréfum, dags. 6. febr. og 14. febr. 1946, ásamt öðrum seljendum hlutabréfa félagsins, sem eins stóð á með, en ríkisskattanefndin tók þau mótmæli ekki til greina. Reiknaði hún skatta gerðarþola að nýju, og urðu skatthækkanir hans framtalsárið 1942 þessar, eftir að leiðrétting útreikningsins hafði verið gerð með fyrrgreindu bréfi, dags. 13. f. m.:

Tekjuskattshækkun	kr.	13.287.40
Stríðsgróðaskattshækkun	—	10.900.00
Lífeyrisgjaldshækkun	—	604.00
Samtals	kr.	24.791.40

en það er sú upphæð, sem lögtaks er beiðzt fyrir.

Áður en málsástæður eru raktar nánar, þykir rétt að taka afstöðu til aðalkröfu gerðarþola, um að algerlega verði synjað um framgang lögtaksins, en sú krafa byggist á þeim forsendum, að skattyfirvöld landsins hafi með athafnaleysi sínu og tómlæti fyrirgert rétti hins opinbera til að leggja viðbótarskatta á gerðarþola, þá er hér ræðir um, og þá jafnframt, að skattkrafan sé fallin niður fyrir fyrningu. Ráðstöfun sú, sem skattlögð er, hafi farið fram 9. apríl 1941. Tæpum 5 árum síðar, eða 14. des. 1945, úrskurðar ríkisskattanefndin, að hækka beri skatta þá, sem lagðir voru á gerðarþola 1942. Skatthækkun þessi er ákveðin í bréfi nefndarinnar til gerðarþola, dags. 8. apríl 1946, eða réttum 5 árum eftir að sala bréfanna fór fram.

Samkvæmt 34. gr. laga nr. 6/1935, nú 10. gr. laga nr. 20/1942, er heimilt að reikna skatta að nýju allt að 5 árum aftur í tímann, enda komi síðar í ljós, að áætlun skattyfirvaldanna um tekjur skattþegns hafi verið of lág eða skattþegni hafi ekki verið gert að greiða skatt af öllum tekjum sínum eða eignum. Gerðarþoli heldur því fram, að þessi ákvæði komi hér ekki til greina, þar sem skattyfirvöldunum var þegar á árinu 1942 kunnugt um sölu hlutabréfanna. Hins vegar hafi ekki verið hafizt handa í málinu fyrr en 1945. Drátt þennan telur gerðarþoli óhæfilegan og telur, að réttur til álagningar viðbótarskatta hafi verið fallinn niður annaðhvort fyrir vangeymslu eða fyrningu.

Ekki þykir unnt að taka til greina þessa mótbáru gerðarþola gegn framgangi gerðarinnar. Ákvæði 10. gr. laga nr. 20/1942, sbr. 34. gr. l. nr. 6/1935, þykir verða að skilja þannig, að heimild sé fyrir hendi til að reikna skatta að nýju innan þar greinds 5 ára frests, jafnvel þótt skattyfirvöld hefðu átt að geta séð fyrr, að skattþegni hefur ekki verið gert að greiða

skatt af öllum tekjum sínum eða eignum. Skattálagning sú, er hér skiptir máli, fór fram vorið 1942, og er hún hækkuð með bréfi nefndarinnar til gerðarþola, dags. 8. apríl 1946, og vantar þá a. m. k. ár til þess, að ofangreindur frestur sé liðinn.

Gerðarbeiðandi byggir kröfu sína á því, að álit ríkisskattanefndar sé rétt, um að félagsslit í Síldarbræðslustöðinni Dagverðareyri h/f hafi raunverulega orðið 9. apríl 1941, og eigi því gerðarþoli að greiða framangreinda skatta af fé því, er hann fékk við sölu margnefndra hlutabréfa umfram upphaflegt hlutafjárframlag, skv. 7. gr. laga nr. 6/1935, sbr. 2. gr. laga nr. 20/1942.

Sala hlutabréfanna og undirbúningur þeirrar sölu fór fram með þeim hætti, er hér greinir:

Framkvæmdastjóri félagsins átti tal um það við einn stjórnarmann Síldarverksmiðja ríkisins í janúar 1941, hvort líklegt væri, að ríkisverksmiðjurnar vildu kaupa Dagverðareyrarverksmiðjuna, en áður hafði félagsstjórnin rætt um sölu sín á milli. Stjórnarnefndarmaðurinn taldi, að ekki væri fyrir hendi áhugi fyrir kaupunum. Átti framkvæmdastjórinn þá tal um þetta við Ólaf Jónsson, forstjóra Alliance h/f og stjórnarmann í Djúpavík h/f, en hann taldi ekki ólíklegt, að félag hans hefði áhuga fyrir þessum kaupum. Var síðan á stjórnarfundi í Dagverðareyrarfélaginu 27. jan. 1941 samþykkt að gera hr. Ólafi Jónssyni eftirfarandi tilboð:

„Stjórn Dagverðareyrar h/f samþykkir einróma að bjóða yður til sölu síldarbræðslustöðina Dagverðareyri með tilheyrandi áhöldum og varahlutum samkvæmt meðfylgjandi lista fyrir kr. 600.000.00, — sex hundruð þúsund krónur —. Tilboðið er miðað við greiðslu við undirskrift kaupsamnings. Vörubirgðir verksmiðjunnar, svo sem kol, salt og umbúðir, seljast á gangverði, þegar kaupin fara fram. Kaupandi gangi inn í þegar gerð kaup á síldarpressu samkv. afriti af bréfi um kaupin og pöntun á 15 þúsund tómpokum. Tilboð þetta gildir til 20. febr. þ. á. og er endanlegt frá hálfu verksmiðjustjórnarinnar, þar sem hún er sammála um, að lægra tilboði verði ekki tekið."

Tilboð þetta var síðan sent með bréfi, dags. 30. jan. 1941.

Svar við tilboði þessu barst í símskeyti, dags. 28. febr. 1941, svohljóðandi:

„Samþykkjum hér með tilboð yðar í bréfi, dags. 30. jan. s.l. Góðfúslega staðfestið með símskeyti. Alliance h/f Ólafur H. Jónsson."

Á hluthafafundi í Dagverðareyrarfélaginu 6. marz næst á eftir var svofelld ályktun samþykkt:

„Á lögmætum fundi í Síldarbræðslustöðinni Dagverðareyri h/f, sem haldinn var að Hótel Gullfossi, Akureyri, fimmtudaginn 6. marz 1941, samþykkja hluthafar einum rómi að selja hlutabréf sín í félaginu fyrir kr. 8000.00 hvert 2000.00 króna bréf. Er stjórn og framkvæmdastjóra falið að annast um, að allir hluthafar riti framsal á bréf sín til kaupenda, og veita móttöku greiðslu.

Afurðir ársins 1940 ásamt kola- og saltbirgðum og tómum pokum seljast

ekki með bréfunum og ekki heldur neitt af þeim arði, sem kann að vera af rekstri verksmiðjunnar 1940."

Hinn 9. apríl næst á eftir er síðan gerður samningur á Akureyri um sölu hlutabréfanna í Síldarbræðslustöðinni Dagverðareyri h/f milli Ólafs Einarssonar og Ólafs H. Jónssonar f. h. Djúpavíkur h/f o. fl. sem kaupenda og þáverandi hluthafa sem seljenda. Samningur þessi er að efni til í aðalatriðum á þessa leið:

Seljendur selja öll hlutabréfin, 75 að tölu, að nafnverði kr. 2000.00 hvert, samtals nafnverð kr. 150.000.00, fyrir kr. 600.000.00, þ. e. fjórfalt nafnverð. Seljendur reka fyrirtækið, njóta arðs af því og bera allan kostnað af rekstri þess árið 1940. Allar skuldir, er á fyrirtækinu hvíla frá reksturstíma þeirra, ber þeim að greiða. Allar vörubirgðir, lýsi og síldarmjöl, sem óselt er við undirskrift samningsins, er eign seljenda. Nýju hluthafarnir taka við forráðum félagsins frá og með 10. apríl 1941 og hafa áhættu reksturs og arð eftir það. Eignir félagsins við afhendingu bréfanna er verksmiðjan á Dagverðareyri ásamt vélum, tækjum og varahlutum samkvæmt áður gerðum lista. Aðrar eignir félagsins, svo sem tómir pokar, kol og salt, eru eign seljenda, en kaupendur eiga kost á að kaupa eignir þessar við gangverði. Kaupendur samþykkja, að lýsisbirgðir og síldarmjöl, sem allt er undanskilið sölunni, megi seljendur geyma í lýsisgeymi og geymsluhúsi verksmiðjunnar, þar til er vörur þessar verða afgreiddar í skip, og skal geymsla á þessu vera seljendum að kostnaðarlausu. Seljendur greiða þó kostnað við umhleðslu síldarmjölsins og upphitun á lýsi vegna framskipunar og annast hreinsun á lýsisgeymi auk útskipunar varanna. Kaupendur ganga inn í gerð kaup á síldarpressu frá Ameríku og síldarmjölspokum og endurgreiða kaupverð pressunnar og annað, sem þegar er greitt vegna þeirra kaupa.

Sama dag var aðalfundur haldinn í félaginu, en fundinum frestað að beiðni umboðsmanna kaupenda. Var honum síðan fram haldið í Reykjavík hinn 15. apríl næst á eftir og ný stjórn kosin úr hópi hinna nýju hluthafa, enda höfðu hlutabréfin verið framseld þeim. Hinir nýju hluthafar voru 7 að tölu, 6 einstaklingar og h/f Djúpavík. Síðastgreint félag greiddi andvirði bréfanna, svo sem fyrr segir, en hinir einstöku hluthafar endurgreiddu h/f Djúpavík andvirði bréfa sinna síðla árs 1945.

Eignir þær og skuldir, sem seljendur tóku undan við framangreinda sölu, voru bókfærðar 1. jan. 1941 sem hér segir:

Sjóður	kr.	427.55	
Umbúðareikningur	—	4.184.00	
Útistandandi skuldir	—	326.924.43	
Verðbréfareikningur	—	6.000.00	
Vörubirgðir	—	539.085.08	
Víxlareikningur			700.000.00
Inneign viðskiptamanna			195.000.00
Skuldir umfram eignir	—	18.378.94	
	Kr.	895.000.00	895.000.00

Framangreindar vörubirgðir voru 1160 smálestir af lýsi og 155 smál. mjöls auk lítils háttar af kolum og salti. Fyrri hluthafar seldu síðan vörur þessar og greiddu skuldirnar og önnuðust lok þessara viðskipta á árunum 1941—1943. Nokkur tekjuafgangur varð við reikningslok, og var honum ráðstafað til skattgreiðslu og gjafa eða kaupuppbóta til framkvæmdastjóra og gamals hluthafa o. fl. Milli hluthafa var skipt kr. 3141.75, og féllu þar af í hlut gerðarþola í máli þessu kr. 418.90, og er það sú upphæð, sem gerðarþoli fellst á að greiða viðbótarskatt af samkvæmt því, sem greinir í varakröfu hans.

Gerðarbeiðandi styður fullyrðingu sína um, að félagsslit hafi orðið 9. apríl 1941, með eftirfarandi rökum:

1. að gerð hafi verið tilraun til að selja Síldarverksmiðjum ríkisins eignir félagsins, og hefði það ótvírætt leitt til félagsslita, og að samþykkt hafi verið í félaginu hinn 6. marz 1941 að selja Alliance h/f eignir félagsins, og þýði það raunverulega, að samþykkt hafi verið félagsslit;
2. að frá 9. apríl, er hlutabréfin voru framseld, til 15. s. m. hafi engin stjórn verið í félaginu, þar sem fyrrverandi hluthafar gátu ekki lengur verið í stjórn;
3. að kaupverðið hafi verið greitt með einni óskiptri greiðslu til stjórnar Dagverðareyrarfélagsins, en stjórnin síðan skipt greiðslunni milli hluthafanna;
4. að við söluna hafi ekki verið fullnægt ákvæðum 4. gr., 2. mgr., laga nr. 77/1921, sbr. 38. gr., 1. mgr., sömu laga, þar sem Djúpavík h/f hafi raunverulega keypt öll hlutabréfin og talið þau síðan sína eign. Þeir 6 einstaklingar, sem bréf fengu framseld, hafi ekki greitt þau og ekki talið til eignar í skattframtali fyrr en farið var að gera reka að máli þessu;
5. að verulegur hluti eigna félagsins hafi verið undanskilinn við söluna, en einungis verksmiðjan sjálf með áhöldum og fylgifé hafi verið seld, en sú sala hefði átt að fara að hætti fasteignasölu. Fyrri hluthafar önnuðust á sína ábyrgð sölu og skuldalúkningu þeirra afurða og skulda, er voru fyrir hendi, er sala hlutabréfanna fór fram, og var þeim reikningsskilum ekki lokið fyrr en á árinu 1943.

Af hálfu gerðarþola er því eindregið mótmælt, að ofangreind atriði valdi því, að félagsslit hafi orðið, og að ekki hafi verið fullnægt lagaákvæðum um hlutafélög við sölu bréfanna, enda hafi félagið starfað æ síðan á sama hátt og áður og ávallt verið sérstakur skattgreiðandi.

Fallast verður á það með gerðarþola, að hér skipti ekki máli, þótt Síldarverksmiðjum ríkisins hafi verið boðin síldarverksmiðjan til kaups, né heldur, þótt samþykkt hafi verið að taka kauptilboði frá Alliance h/f, sem byggt var á tilboði stjórnar Dagverðareyrarfélagsins. Leggja verður til grundvallar í málinu, með hvaða hætti salan fór endanlega fram. Ekki þykir það heldur hafa úrslitaþýðingu í málinu, að lögleg stjórn virðist ekki hafa verið í félaginu frá 10. apríl til 15. s. m., en slíkt gat, eins og

ástatt var, verið afsakanlegt, þar sem hlutabréfin öll voru framseld samtímis og kaupendur búsettir í öðrum landshluta. Ekki skiptir heldur máli í þessu sambandi, þótt kaupverð bréfanna hafi verið greitt í einu lagi með óskiptri greiðslu til þeirra, er hluthafar höfðu falið að annast sölu bréfanna.

Hlutabréfin voru framseld á 7 nöfn, eins og fyrr greinir, og hefur að því leyti verið fullnægt ákvæðum 4. gr., 2. mgr., hlutafélagalaganna. Vanræksla hluthafanna um að telja bréfin sér til eignar í skattframtali og andvirði þeirra til skuldar þykir ekki næg sönnun þess, að Djúpavík h/f hafi raunverulega átt öll bréfin.

Ljóst er þó af því, sem að framan er rakið um tilhögun sölunnar, að hún fer fram með óvenjulegum hætti og ekki eins og venjuleg hlutabréfasala. Hinir nýju eigendur fá aðeins verksmiðjuna sjálfa með því, sem henni til heyrir, sem þó er raunar aðaleign félagsins, er atvinnurekstur þess og framleiðsla byggist á. Hins vegar halda fyrri hlutabréfaeigendur vörubirgðum öllum og annast skuldaskil félagsins vegna atvinnurekstursins fram að þeim tíma, er salan fór fram. Þeir halda bókum þess og halda áfram færslu þeirra þar til fullnaðaruppgjör fór fram á þessum viðskiptum árið 1943, en nýju eigendurnir byrja nýtt bókhald, er kaupin höfðu verið gerð, á algerlega nýjum grundvelli, eins og nýtt félag hefði verið stofnað. Af hálfu gerðarþola er því haldið fram, að þetta fyrirkomulag samsvari því, að bréfin hafi verið seld án arðmiða næstliðins árs, sem seljendur hafi áskilið sér, og kaupendur hefðu ekki getað gert sér fulla grein fyrir, hvað þeir voru að kaupa, ef sölunni hefði verið hagað á venjulegan hátt. Í þessu liggur að sjálfsögðu skýring á því, hvers vegna sölunni var hagað á þennan hátt. Hins vegar breytir það ekki því meginatriði málsins, að gömlu hluthafarnir gerðu sjálfir upp félag sitt á sína ábyrgð og nýju hluthafarnir byrjuðu nýjan rekstur, að vísu í sama formi, en óháðan fyrra rekstri, enda byrjar rekstursár hins nýja félags samkvæmt skattframtali þess hinn 10. apríl 1941, en salan hafði farið fram daginn áður. Verður því að telja, að raunveruleg félagsslit hafi átt sér stað, er fyrrgreindur sölusamningur var gerður, og ber samkvæmt því að taka til greina kröfu gerðarbeiðanda, um að lögtak fari fram.

Málskostnaður þykir mega niður falla.

Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak á að fara fram.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 10. júní 1949.

Nr. 111/1948. **Franz A. Andersen** (Magnús Thorlacius)
gegn
Finni Jónssyni (Ingólfur Jónsson hdl.).

Húsaleiga. Útburðarmál.

Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. september 1948, gerir þær dómkröfur *aðallega*, að hinn áfrýjaði úrskurður verði ómerktur og málinu vísað heim til málflutnings og álagningar úrskurðar af nýju, en *til vara*, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og breytt, þannig að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma útburðargerð þá, er í málinu greinir. Hvernig sem málið fer, krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst þess, að synjað verði um framkvæmd gerðarinnar og áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar. Svo krefst hann þess, að áfrýjandi verði dæmdur í sekt fyrir óþarfa málsýfingu.

Krafa áfrýjanda í máli þessu var á því reist, að hann ætti sjálfur rétt á að setjast að í húsnæði því, sem hann krefst, að stefndi verði borinn út úr. Útburðarkrafan verður ekki dæmd nema í sambandi við kröfu áfrýjanda á hendur húseiganda um rétt áfrýjanda til að flytjast inn í hina umdeildu íbúð. Var því nauðsynlegt að beina gerðinni jafnframt gegn eiganda íbúðarinnar, sbr. 46. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að staðfesta úrskurð fógeta að niðurstöðu til.

Samkvæmt þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað í Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 600.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Franz A. Andersen, greiði stefnda, Finni

Jónssyni, 600.00 krónur í málskostnað í Hæstarétti að viðlagri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 29. júlí 1948.

Í máli þessu hefur gerðarbeiðandi, Franz A. Andersen, Ránargötu 19, krafizt þess, að gerðarþoli, Finnur Jónsson, verði borinn út úr húsnæði því, sem hann hefur undanfarið haft til afnota í húsinu nr. 49 við Reynimel.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu gerðar, og var málið lagt undir úrskurð fógetaréttarins að afloknum munnlegum flutningi hinn 16. þ. m.

Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar, og hefur gerðarþoli enn fremur krafizt þess, að gerðarbeiðandi verði sektaður fyrir óþarfa málsýfingu.

Á árinu 1940 tók gerðarbeiðandi, Franz A. Andersen, á leigu 4 herbergi og eldhús í húsinu nr. 49 við Reynimel, eign Péturs Daníelssonar, og bjó gerðarbeiðandi þar, allt til þess að hann fór til USA sumarið 1943 í verzlunarerindum. Áður en gerðarbeiðandi fór, samdi hann svo við leigusala sinn, Pétur Daníelsson, að sér væri heimilt að framleigja leiguíbúð sína, meðan dvöl sín vestra stæði yfir. Varð úr, að dr. med. Snorri Hallgrímsson tók íbúðina á framleigu af gerðarbeiðanda með skriflegum samningi þar um, dags. 17. júlí 1943, sjá rskj. 2. Var því þar slegið föstu, að gerðarbeiðandi hefði leigt dr. Snorra afnotarétt af íbúðinni, á meðan gerðarbeiðandi dveldist í verzlunarerindum í Ameríku, og skuldbatt dr. Snorri sig til að rýma húsnæðið með eins mánaðar fyrirvara, eftir að gerðarbeiðandi hefði tilkynnt honum um vilja sinn til að taka húsnæðið til eigin afnota. — Pétur Daníelsson undirritar samning þenna sem samþykkur.

Hinn 14. september 1945 ritar dr. Snorri Hallgrímsson gerðarbeiðanda bréf og kveðst hafa í hyggju að ferðast ásamt konu sinni til útlanda í ársbyrjun 1946. Biður dr. Snorri gerðarbeiðanda leyfis að fá að ráðstafa íbúðinni, á meðan á þessari utanferð þeirra hjónanna standi, að áskildum rétti gerðarbeiðanda yfir íbúðinni.

Gerðarbeiðandi skýrir svo frá, að þegar hann fékk þetta bréf dr. Snorra, hafi enn eigi verið ákveðið um heimför sína, en hins vegar hafi sonur sinn, Hans Andersen cand. jur., sem þá var á förum frá USA hingað til lands að loknu framhaldsnámi þar, ákveðið að taka íbúðina á leigu, ef húseigandi samþykkti það. Þess ber að geta, að þegar hér var komið sögu, höfðu Pétur Daníelsson og kona hans, Benedikta Jónsdóttir, slitið hjúskap sínum, og við skiptin milli þeirra hafði húsið nr. 49 við Reynimel komið í hlut Benediktu. Gerðarbeiðandi skýrir nú svo frá, að hann hafi leitað leyfis Benediktu Jónsdóttur til þess, að Hans fengi hið nú umdeilda húsnæði til afnota, og hafi það leyfi fengizt.

Gerðarbeiðandi ritar dr. Snorra Hallgrímssyni bréf rétt fyrir áramótin

1945—46 og biður hann að sjá til þess, að afnotaréttur sinn að íbúðinni geti haldizt. Enn fremur tekur gerðarbeiðandi fram, að Hallgrímur Helgason tónskáld, en hann er mágur Hans, sonar gerðarbeiðanda, muni fyrir sína hönd hafa umsjón með íbúðinni.

Dr. Snorri ritar gerðarbeiðanda aftur hinn 23. apríl 1946, sjá rskj. 7. Kveðst hann hafa átt tal við Benediktu Jónsdóttur á nýársdag 1946 og hafi svo um samizt með þeim, að gerðarbeiðandi fengi íbúðina, og kveðst dr. Snorri við þetta tækifæri hafa álitið sig bundinn samningnum á rskj. 2 og mundi því undireins rýma íbúðina, er gerðarbeiðandi kæmi heim. Þá kveðst dr. Snorri hafa skýrt Hallgrími Helgasyni þegar í stað frá þessu samkomulagi og ráðlagt honum að tala sem fyrst við Benediktu. Hallgrímur hafi svo gert það, og allt hafi virzt falla í ljúfa löð. Þá segir enn fremur í bréfi þessu, að þegar dr. Snorri og kona hans fóru af landi burt hinn 5. marz 1946, hafi þau kvatt Benediktu, og hafi þá ekki verið að heyra, að hún hefði neinar aðrar ráðagerðir um íbúðina.

Enn fremur segir í nefndu bréfi, að 3 vikum eftir að dr. Snorri var kominn til Svíþjóðar, hafi hann átt tal við gerðarþola, tengdaföður sinn. Hafi gerðarþoli þá tjáð sér, að Ólafur Þorgrímsson hrl. hafi boðið sér (dr. Snorra) íbúðina að nýju. Ólafur hafi fengið bréf frá gerðarbeiðanda, sem upplýsi, að gerðarbeiðandi byggist ekki við því að koma sjálfur heim að svo stöddu, en útilokað væri, að sonur hans fengi húsnæðið, svo að ef dr. Snorri hirti ekki um að halda afnotunum, mundi íbúðin verða leigð öðrum. Dr. Snorri kveður sér hafa þótt þessar fréttir nokkuð undarlegar, og kveðst hann hafa beðið gerðarþola að gera ekkert frekara í málinu, fyrr en hann hefði átt tal við Hallgrím Helgason. Litlu síðar kveðst dr. Snorri hafa átt annað símtal við gerðarþola, og hafi gerðarþoli þá sagt eftir samtali við Hallgrím Helgason, að Hallgrímur ætlaði sjálfur að flytjast inn í íbúðina, en Benedikta hefði neitað honum um það. Gerðarþoli hafi enn fremur sagt, að Benedikta og lögfræðingur hennar, Ólafur Þorgrímsson hrl., ætluðu nú að leigja íbúðina þegar í stað, en dr. Snorri kveðst þá hafa beðið gerðarþola að tryggja sér (dr. Snorra) heldur íbúðina en láta hana fara út í veður og vind. Daginn eftir þetta samtal kveðst dr. Snorri hafa fengið skeyti frá gerðarbeiðanda, og kveðst hann þá hafa átt enn eitt samtal við gerðarþola og afsalað sér íbúðinni til konu gerðarbeiðanda, þegar hún kæmi heim, svo framarlega sem Benedikta samþykkti þá ráðstöfun, en dr. Snorri tekur fram í bréfinu, að samþykki hún það ekki, gangi hún á bak loforða sinna, þeirra er hún gaf á nýársdag 1946 og að framan er getið.

Gerðarþoli tekur hina umdeildu íbúð á leigu af Benediktu Jónsdóttur frá og með 1. marz 1946 og hefur búið þar síðan.

Gerðarbeiðandi kemur hingað til lands frá Ameríku undir árslok 1947. Umboðsmaður hans, Magnús Thorlacius hrl., ritar gerðarþola bréf, dags. hinn 8. apríl sl., sjá rskj. 4, og krefst þess, að gerðarþoli rými hið umdeilda húsnæði hið bráðasta. Gerðarþoli svaraði ekki því bréfi.

Hinn 15. apríl sl. ritar gerðarbeiðandi fógetarétti Reykjavíkur og

krefst útburðar á gerðarþola. Telur hann dvöl gerðarþola í hinu umdeilda húsnæði vera ólögmæta gagnvart sér.

Gerðarþoli mótmælir framgangi hinnar umbeðnu gerðar. Hann kveðst hafa tekið hina umdeildu íbúð á leigu af Benediktu Jónsdóttur, og sé hann því ekki bundinn neinum loforðum við gerðarbeiðanda um að rýma hið umdeilda húsnæði og ekki hafi hann heldur vanefnt neinn samning við gerðarbeiðanda, er útburði geti valdið. Gerðarþoli telur gerðarbeiðanda hafa átt að beina máli til rýmingar húsnæðinu að Benediktu Jónsdóttur, en eigi að sér, og sé því mál þetta höfðað gegn röngum aðilja. Annars telur gerðarþoli rétt gerðarbeiðanda til íbúðar þessarar niður fallinn fyrir löngu. Gerðarbeiðandi hafi gert ráð fyrir því að vera ekki nema eitt ár í Ameríku og út frá því hafi Pétur Daníelsson gengið, er hann veitti gerðarbeiðanda framleiguleyfið á rskj. 2, þannig, að þegar það eina ár var liðið, hafi Pétur verið laus allra mála við gerðarbeiðanda, ef í það hefði farið. Gerðarþoli kveður það munu vera rétt, að dr. Snorri Hallgrímsson hafi á nýársdag 1946 fengið loforð Benediktu Jónsdóttur fyrir því, að gerðarbeiðandi mætti taka við hinni umdeildu íbúð að nýju. En þegar Hallgrímur Helgason og faðir hans, Helgi Hallgrímsson, hafi krafizt þess af Benediktu, að Hallgrímur fengi húsnæðið til afnota fyrir sjálfan sig, hafi Benedikta spurt Ólaf Þorgrímsson hrl. að því, hvort hún þyrfti að hlíta slíkum ráðstöfunum gerðarbeiðanda um íbúðina. Ólafur hafi kveðið nei við og látið hana vita um leið, að gerðarbeiðandi hefði nýverið ritað sér bréf, sem benti til þess, að hann hygði ekki til Íslandsferðar að sinni. Enn fremur hafi Ólafur tjáð Benediktu, að gerðarþoli vildi gjarnan fá þessa íbúð leigða, ef þess væri kostur og gerðarbeiðandi tæki hana ekki. Varð svo úr, að Benedikta hafi beðið Ólaf Þorgrímsson að láta gerðarþola vita, að hann gæti fengið íbúðina á leigu, þar sem hún vildi alls ekki hleypa Hallgrími Helgasyni inn í íbúðina, en gerðarbeiðandi hefði hins vegar ekkert samband haft við hana um þessi mál og allt í óvissu um, hvenær hann kæmi heim til Íslands. Gerðarþoli hafi svo fengið íbúðina á leigu frá og með 1. marz 1946, eins og að framan segir, og hafi Ólafur Þorgrímsson hrl. komið fram við samningsgerðina fyrir hönd húseiganda. Gerðarþoli skýrir svo frá, að Ólafur hafi tjáð sér, að Benedikta væri ekki lengur bundin af þeim samningum, sem fyrrverandi eiginmaður hennar, Pétur Daníelsson, hafi gert um hina umdeildu íbúð á sínum tíma. Þá kveður hann sér hafa verið allsendis ókunnugt um það, hvort gerðarbeiðandi hafði eða hafði ekki óskað eftir að halda leiguafnotum íbúðarinnar, en Ólafur Þorgrímsson hafi tjáð sér, er samningar tókust, að ein af ástæðunum fyrir því, að leigusamningurinn við gerðarbeiðanda væri úr gildi fallinn, væri sú, að hann hefði ekki komið til Íslands á þeim tíma, sem ráð var fyrir gert, en hins vegar hefði gerðarbeiðandi sýnt viðleitni til að halda leiguréttinum einungis í því skyni að fá hann öðrum í hendur.

Pétur Daníelsson hefur mætt hér í réttinum sem vitni, og kveðst hann hafa gefið framleiguleyfið á rskj. 2 á þeirri ákveðnu forsendu, að gerðar-

beiðandi yrði ekki lengur en 1 ár vestra. Þetta atriði hafi þó ekki borizt í tal milli sín og gerðarbeiðanda, þegar framleiguleyfið var gefið.

Ólafur Þorgrímsson hrl. hefur einnig mætt hér í réttinum sem vitni. Hann skýrir svo frá, að gerðarþoli, Finnur Jónsson, hafi komið að máli við sig fyrir áramótin 1945—46 og tjáð sér, að dr. Snorri Hallgrímsson væri að fara úr íbúðinni, og þar sem gerðarþoli hafi haldið, að hann (Ólafur) annaðist leigu á nefndri íbúð, hafi gerðarþoli falazt eftir íbúðinni til leigu. Ólafur kveðst þá hafa tjáð gerðarþola, að hann hefði enga heimild til að leigja íbúðina út. — Þá skýrir Ólafur enn fremur svo frá, að Benedikta Jónsdóttir hafi síðar um veturinn komið á sinn fund og tjáð sér, að Hallgrímur Helgason hefði krafizt viðgerðar á hinni umdeildu íbúð, þar sem hann hugsaði sér að flytjast þangað inn. Kveður Ólafur, að hann hafi tjáð Benediktu, aðspurður af henni, að hún þyrfti ekki að hlíta slíku atferli af hálfu gerðarbeiðanda, en um leið kveðst hann hafa getið þess, að gerðarþoli máls þessa hefði verið að fala íbúðina til leigu. Benedikta hafi svo leigt gerðarþola íbúðina 1. marz 1946. — Að öðru leyti greinir Ólafur frá því, að hann hafi upp úr áramótum 1945—46 fengið bréf frá gerðarbeiðanda, og hafi gerðarbeiðandi þar ekki gert ráð fyrir að koma til Íslands að svo stöddu, en á húsnæðismál sín hafi hann alls ekki minnzt.

Þess skal getið, að ekki hefur reynzt unnt að fá Benediktu Jónsdóttur hér fyrir réttinn til að gefa skýrslu um málsatvik, m. a. vegna þess, að hún er búsett utan bæjar.

Málavextir hafa nú verið raktir hér nokkuð að framan. En hvað sem þeim viðvíkur að öðru leyti, verður að telja, að gerðarbeiðandi hefði fyrst átt að leita dómsúrskurðar um réttarsamband sitt og húseigandans, áður en útburðarmál væri höfðað gegn gerðarþola. Þetta hefur gerðarbeiðandi látið undir höfuð leggjast og verður því að synja um framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Rétt þykir, að gerðarbeiðandi greiði gerðarþola kr. 200.00 í málskostnað. Sektarkrafan verður ei tekin til greina.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna gerð skal ekki fram fara.

Gerðarbeiðandi, Franz A. Andersen, Ránargötu 19, greiði gerðarþola, Finni Jónssyni, Reynimel 49, kr. 200.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 14. júní 1949.

Nr. 143/1948. **Valdstjórnin** (Ragnar Ólafsson)
gegn
Stefáni Thorarensen (Theodór B. Líndal).

Verðlagsbrot.

Dómur Hæstaréttar.

Það er ljóst, að möndlur þær, er í málinu greinir, hefur kærði selt í lyfjabúð sinni sem almenna verzlunarvöru, enda auglýst hana þannig. Og þar sem álagning kærða á vöru þessa fór fram úr því, sem heimilað er í auglýsingu verðlagsstjóra frá 6. febr. 1946, þá ber að dæma kærða sekt samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga nr. 3/1943. Með hliðsjón af 51. gr. laga nr.19/1940 þykir sektin, er renna skal til ríkissjóðs, hæfilega ákveðin kr. 1200.00, og komi 5 daga varðhald í stað hennar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað í héraði á að vera óraskað.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 800.00 til hvors.

Dómsorð:

Kærði, Stefán Thorarensen, greiði 1200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 5 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar í héraði á að vera óraskað.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ragnars Ólafssonar og Theodórs B. Líndals, kr. 800.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 6. júlí 1948.

Ár 1948, þriðjudaginn 6. júlí, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Þórði Björnssyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3335/1948: Valdstjórnin gegn Stefáni Thorarensen, — sem tekið var til dóms 16. f. m.

Mál þetta er að fyrirlagi dómsmálaráðuneytisins höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Stefáni Thorarensen lyfsala, Sóleyjargötu 11 hér í bæ, fyrir brot gegn lögum um verðlag, nr. 3 13. febrúar 1943, sbr. tilkynningu verðlagsstjóra nr. 2 6. febrúar 1946, um hámarksálagningu á þar tilgreindum vörutegundum.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, talinn fæddur 31. júlí 1891 á Akureyri, og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1923 10/1 Dómur Hæstaréttar, 150 kr. sekt fyrir brot gegn 219. gr. alm. hegningarlaga frá 1869.
1923 24/1 Dómur sama réttar, 100 kr. sekt fyrir brot gegn 7. gr. laga nr. 88/1917, um notkun bifreiða, og skaðabætur kr. 442.65.
1930 7/6 Sátt, 5 kr. sekt fyrir brot gegn lögreglusamþykkt.
1930 17/11 Áminning fyrir brot gegn reglugerð um bifreiðastæði.
1930 5/12 Aðvörun fyrir afturljósleysi á bifreið.
1934 17/5 Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 100 kr. sekt fyrir brot gegn 17. gr. laga nr. 47/1932 og 12. gr. laga nr. 84/1933. Sýknaður í Hæstarétti 14. júní 1935.
1935 8/7 Kærður af Jóni Daníelssyni fyrir ökuslys. Danske Lloyd greiddi skaðabætur.
1935 14/10 Dómur lögregluréttar Reykjavíkur. Sýknaður vegna fyrningar sakar af kæru fyrir brot gegn lögum nr. 47/1932.
1936 31/8 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 200. gr. og 292. gr., 1. mgr., alm. hegningarlaga frá 1869. Sýknaður í Hæstarétti 27/10 1937.
1938 4/1 Sátt, 15 kr. sekt fyrir of harðan bifreiðarakstur.

Málavextir eru þessir:

Laust fyrir jólin árið 1946 tilkynnti kona, sem ekki er vitað um, hver verið hefur, símleiðis til skrifstofu verðlagsstjóra, að möndlur hefðu áður verið seldar í Laugavegs Apóteki hér í bæ á kr. 15.00 hvert kg, en nú væri farið að selja þær í pokum á kr. 2.50 pokann og væri hann 100 g á þyngd. Björn Jakobsson, eftirlitsmaður hjá verðlagsstjóra, var fenginn til að fara í apótekið til að athuga þetta. Kom hann að vörmu spori aftur með tvo poka af möndlum úr „cellophan"-pappír, sem hann kvaðst hafa keypt í apótekinu á kr. 2.50 pokann eða báða á kr. 5.00. Sýndi hann „contant"-nótu frá apótekinu, dags. 16/12 1946 og undirritaða af „Aðalbj. Björgv." (rskj. nr. 7), því til sönnunar. Fulltrúi verðlagsstjóra og annar starfsmaður hans vigtuðu síðan pokana á bréfavog í skrifstofu hans, og reyndust pokarnir vera 200 g að þyngd báðir saman. Starfsmennirnir muna ekki,

hvort þeir vigtuðu pokana báða í einu, en þeim fannst pokarnir vera jafnstórir og alveg eins. Gekk verðlagseftirlitið út frá því, að enginn vafi eða ágreiningur gæti verið um verð eða þunga möndlupokanna, og rannsakaði því málið ekki neitt frekar, heldur kærði það til sakadómara með bréfi, dags. 21. des. 1946. Telur verðlagseftirlitið, að smásöluálagning apóteksins á möndlunum hafi verið yfir 50%, sem sé hámarksálagning í smásölu á möndlum, er þær séu seldar sem venjuleg verzlunarvara, eins og hér hafi verið, og því innan valdsviðs verðlagseftirlitsins að ákveða verð þeirra, þó að jafnhliða sé hægt að nota þær sem lyf og þær séu upp taldar á lyfjaskrá.

Árið 1946 keypti Laugavegs Apótek möndlur af Efnagerð Reykjavíkur h/f sem hér segir:

„31. maí 12.7 kg á kr. 13.52 kg.
9. nóv. 4 ks. á 12.5 kg möndlur á kr. 118.13 pr. ks.
22. nóv. 4 ks. á 12.5 kg möndlur á kr. 118.13 pr. ks."

Kærði, Stefán Thorarensen, eigandi Laugavegs Apóteks, hefur borið það, að þetta séu einu innkaup apóteksins á möndlum það ár. Möndlurnar, sem keyptar hafi verið í maí, hafi verið að mestu óseldar, er hinar möndlurnar hafi verið keyptar, en möndlur seljist mestmegnis fyrir jólin. Hann man ekki útsöluverðið á möndlunum, sem keyptar voru í maí, en kveður það hafa verið löglegt. Þegar möndlurnar hafi verið keyptar í nóvember, hafi starfsmaður hans grennslazt fyrir um verð á möndlum í nokkrum matvöruverzlunum og fengið þær upplýsingar, að í einni verzlun hafi möndlupokar 50 g að þyngd verið seldir á kr. 1.00 pokinn og í annarri verzlun möndlupokar 200 g að þyngd á kr. 5.00 pokinn. Möndlum apóteksins hafi nú verið blandað saman og síðan seldar bæði í lausri vigt á kr. 15.00 hvert kg og í „cellophan"-pokum 125 g á þyngd á kr. 2.00 pokinn. Möndlurnar hafi verið auglýstar í glugga í apótekinu, og hafi þær selzt upp fyrir jólin 1946. Hann kveðst ekki geta sagt um, hve mikið af þeim seldist í pokum og hve mikið í lausri vigt.

Kærði kveður, að iðnfyrirtæki reikni sér þóknun fyrir vinnu við að setja vörur í poka, og hafi því verð á möndlunum í pokum verið hærra en í lausri vigt. Hann fór þó ekki fram á við verðlagsyfirvöldin að fá aukaálagningu á þær möndlur, sem settar voru í poka, og hann leitaði ekki heldur til verðlagsyfirvaldanna við greinda verðákvörðun á möndlunum. Kveður hann, að engin skylda hafi verið til að gera svo. Möndlur séu í lyfsöluskrá I frá 22. janúar 1945 undir nafninu Semen amygdali dulcis, en samkvæmt skránni hafi útsöluverð á þeim mátt vera kr. 5.45 100 gr. Möndlur séu einnig teknar upp í Pharmacopea Danica, sem löggilt sé fyrir Ísland, og sé því apótekunum skylt að hafa þær til og selja hverjum, sem um þær biður. Mörg lyf, t. d. möndlur, megi að vísu selja án lyfseðils og séu því frjáls verzlunarvara, en af því leiði þó engan veginn, að apótek séu bundin af ákvæðum verðlagsyfirvalda um hámarksálagningu á vörum þessum.

Fengin hefur verið umsögn landlæknis um mál þetta. Í bréfi hans, dags. 3. nóvember f. á., segir m. a. svo:

„Lyf og lyfjavörur er torvelt og reyndar ógerlegt að greina með allsherjar skýrgreiningu frá öðrum vörum, og er engin slík skýrgreining fyrir hendi í íslenzkum lögum. Til lyfja er notaður fjöldi efna, sem jafnframt eru höfð til margvíslegra annarra nota, m. a. til krydds, sælgætis eða manneldis. Í þeim flokki er Semen Amygdali dulcis (sætar möndlur). Af öðrum þess háttar vörum, greindum í núgildandi lyfjaskrá, nefni ég af handahófi örfáar: Acetum (edik), Adeps lotus (svínafeiti), Amylum Solani (kartöflumjöl), Cortex Cinnamoni ceylanici (kanill), Fructus Cardamommi (kardamómur), Lichen islandicus (fjallagrös), Mel depuratum (hunang), Natrii chloridum (matarsalt), Rhizoma Zingiberis (engifer), Saccharum (hvítasykur), Syrupus Cerasi (kirsuberjasaft).

Til eru vörur, sem geta talizt lyfjavörur í höndum lyfsala eða sérstakra lyfjagerðarmanna, en hins vegar ekki í höndum almennings. Það er, þegar svo á stendur, að varan óbreytt hefur sjálfstætt gildi fyrir almenning og ekki lyfjagildi, en aðeins á færi lyfsala eða sérstakra lyfjagerðarmanna að vinna úr henni lyf. Ég mundi einmitt vilja telja sætar möndlur slíka vöru, með því að sem slíkar eru þær krydd eða sælgæti, en alls ekki lyf.

Þó að tiltekin vara sé höfð til matar handa sjúklingum, verður hún ekki fyrir það talin lyf eða lyfjavara.

Vitnað er í ákvæði lyfjasöluskrárinnar: Þegar lyf eru seld í lausasölu (þ. e. án lyfseðils), má ekki selja þau hærra verði en ákveðið er í þessari lyfsöluskrá (lyfsöluskrá I (sic), sem gildir frá 1. janúar 1947, 11. töluliður ýmissa ákvæða, bls. 52; ákvæðið er fyrst að gefnu tilefni tekið upp í lyfsöluskrá I, sem gilti frá 1. maí 1934). — Hér ræðir einungis um *lyf*, sem seld eru án lyfseðils. Um verðlagningu á almennum verzlunarvörum, sem sérhverjum kaupmanni er frjálst að selja, eru engin sérstök ákvæði í lyfsöluskránni, og er það afskiptaleysi að sjálfsögðu miðað við óhindraða verzlun með slíkar vörur og frjálsa verðmyndun. Eftir að verðlagseftirlit hefur verið tekið upp, er viðhorfið bersýnilega gerbreytt. Hið háa lyfsöluverð á ýmsum almennum verzlunarvörum miðast meðal annars við það og réttlætist af því, að lyfsalar selji vöruna í svo agnarsmáum skömmtum, sentígrömmum og grömmum, er kaupmenn láta sömu vörur úti í kílógrömmum, ef ekki í tugum og hundruðum kílógramma. Með ýmsar þessar vörur verða lyfsalar að liggja án tillits til þess, hvort nokkuð selzt af þeim eða ekki neitt. En þessari tillitssemi hefur aldrei verið ætlað að leiða til þess, að lyfsalar gætu okrað á að selja þessar vörur til almennrar neyzlu. Ef sykurþurrð er yfirvofandi á einhverjum stað, má ekki sú freisting vera fyrir hendi, að lyfsalanum á staðnum séu fengnar í hendur sykurbirgðirnar til að selja þær með lyfsöluverði."

Fallast verður á það álit landlæknis, að sætar möndlur (Semen Amygdali dulcis) séu ekki sem slíkar lyf, þó að á færi lyfsala eða sérstakra lyfjagerðarmanna sé að vinna úr þeim lyf, heldur hafi þær óbreyttar

sjálfstætt gildi fyrir almenning sem krydd eða sælgæti. Sama máli gegnir um margar aðrar vörur en sætar möndlur, sem greindar eru í gildandi lyfjaskrá. Sætar möndlur eru því almenn verzlunarvara. Sérhverjum kaupmanni er frjálst að selja þær, og er auðsætt, að þeir verða að lúta hámarksálagningu verðlagsyfirvalda á vörunni. Óeðlilegt væri í alla staði, að lyfsalar, sem seldu sömu vöru óbreytta í lyfjabúð, þyrftu ekki að hlíta þeirri hámarksálagningu, heldur væru þeir aðeins bundnir af hámarksverði gildandi lyfsöluskrár, því að ef svo væri, hefðu kaupmenn mátt selja þær möndlur, sem mál þetta snýst um, að meðaltali kr. 14,87 hvert kg, en lyfsalar á kr. 54.50 hvert kg. Slíkt tvenns konar verðlag sömu vöru gæti ekki réttlætzt af því, að lyfsalar selji hana í margfalt minni skömmtum en kaupmenn og lyfsalar þurfi að liggja með vöruna án tillits til þess, hvort nokkuð selst af henni eða ekki neitt. Á hinn bóginn virðist kærði í verki ekki hafa talið hinar sætu möndlur lyf, því að hann auglýsti þær í glugga apóteksins, en samkv. 17. gr. laga nr. 47 23. júní 1932 eru lyfjaauglýsingar bannaðar hér á landi, og nær það einnig til auglýsinga í gluggum apóteka. Samkvæmt framansögðu verður að líta svo á, að kærða hafi verið skylt að hlíta ákvæðum verðlagsyfirvalda um hámarksálagningu við sölu hinna sætu mandla. Það gerði hann ekki, og varðar sú háttsemi hans við 1. gr. laga um verðlag, nr. 3 13. febrúar 1943, sbr. tilkynningu verðlagsstjóra nr. 2 6. febrúar 1946, um hámarksálagningu á þar til greindum vörutegundum.

Starfsfólk Laugavegs Apóteks hefur verið leitt sem vitni í málinu, og hefur það borið það, að í desember 1946 hafi möndlur verið seldar í apótekinu.

Matthías Hlíðdal Ingibergsson lyfjafræðingur hefur borið það, að möndlurnar hafi verið seldar í pokum, en hann minnist þess ekki, að þær hafi verið seldar um það leyti í lausri sölu nema þá kannski í einhverjum undantekningartilfellum, er viðskiptavinur hefur sérstaklega beðið um það. Stúlka, Ingigerður Gísladóttir að nafni, muni hafa vigtað möndlurnar í poka, sem hafi átt að vera 125 g að þyngd, og notað til þess sérstakar skálavogar, sem apótekið notar við vigtun vara sem mandla og prófuð er venjulega árlega. Hann veit ekki, hve mikið af möndlum var sett í poka, en sett var í marga í einu. Hann kveðst hafa afgreitt nokkra möndlupoka til viðskiptavina, en verð hvers poka hafi verið kr. 2.00.

Ingigerður Kristín Gísladóttir hefur borið það, að hún hafi vigtað möndlurnar í „cellophan"-poka og vigtað marga poka í einu og sett 125 g af möndlum í hvern. Hún treystir sér ekki til að segja um, hve mikið af möndlum hún lét þannig í poka, en heldur, að hún hafi fyllt langflesta eða alla 125 g möndlupokana, sem seldir voru í apótekinu á þessum tíma. Hafi hún verið ein við verkið og notað vigt apóteksins. Hún kveðst hafa selt nokkra poka til viðskiptavina, og hafi verð hvers poka verið kr. 2.00.

Helgi Þorvarðarson hefur borið það, að möndlurnar hafi verið seldar í lausri vigt á kr. 15.00 hvert kg, en einnig seldar í pokum. Hann hafi horft á vigtina, er Ingigerður Gísladóttir hafi vigtað nokkra poka, og hafi þyngd

þeirra verið 125 g. Hann man ekki, hvort hann afgreiddi poka til viðskiptavina, en verð pokanna átti að vera kr. 2.00. Hann treystir sér ekki til að segja um, hve mikið magn af möndlum hefur verið sett í poka og selt þannig.

Steinunn Thorlacius hefur borið það, að fyrst hafi möndlurnar verið seldar í lausri vigt á kr. 15.00 hvert kg, en þær hafi einnig verið seldar í pokum. Ingigerður Gísladóttir hafi vigtað möndlurnar í poka og vigtað marga poka í einu. Steinunn kveðst ekki vita, hve pokarnir voru þungir eða hve mikið var selt af möndlum í pokum og hve mikið í lausri vigt. Hún kveðst hafa selt poka í apótekinu, og minnir hana fastlega, að verð hvers poka hafi verið kr. 2.00.

Soffía Aðalbjörg Björgvinsdóttir, sem vann við afgreiðslu í Laugavegs Apóteki í desember 1946, hefur kannazt við að hafa ritað áðurgreinda nótu, sem starfsmaður verðlagsstjóra fékk í hendur í apótekinu (rskj. nr. 7), en kveðst þó ekki muna eftir því atviki, er hún ritaði hana, eða í hvaða tilefni það var gert. Hún kveðst ekki geta sagt um, hvort það verð, sem þar er greint á möndlupoka, þ. e. kr. 2.50, hefur verið hið venjulega verð á þeim. Ef til vill kunni innihald þeirra poka að hafa verið annað, minna eða meira, en í venjulegum poka og verð þeirra miðað við það. Ingigerður Gísladóttir hafi vigtað möndlurnar í poka og vigtað marga poka í einu. Soffía Aðalbjörg kveðst ekki geta sagt neitt um þunga hvers möndlupoka eða hve mikið var selt af þeim eða hve mikið var sett af möndlum í poka, en það hafi áreiðanlega ekki verið mikið.

Ekkert hefur komið fram í málinu um, að aðrar möndlur hafi verið seldar árið 1946 í Laugavegs Apóteki en þær, sem keyptar voru í Efnagerð Reykjavíkur h/f og áður hefur verið frá greint. Skipta því hér aðeins þær möndlur máli. Innkaupsverð apóteksins á þeim möndlum, sem keyptar voru í maí, var kr. 171.70 (12.7 á 13/52), en á þeim möndlum, sem keyptar voru í nóvember, kr. 945.04 (8 ks. (= 100 kg) á 118/13) og heildarinnkaupsverð mandlanna því kr. 1116.74. Samkvæmt tilkynningu verðlagsstjóra nr. 2/1946 (1. mgr. kaflans með fyrirsögninni „Aðrar vörur") mátti smásöluálagning á möndlum vera 50%. Smásöluverð á þeim möndlum, sem keyptar voru í maí, mátti því vera hæst kr. 257.56 (12.7 á 20/28), en á þeim, sem keyptar voru í nóvember, kr. 1418.00 (100 kg á 14/18) og heildarsmásöluverð þeirra því kr. 1675.56. Hefði öllum möndlunum verið blandað saman og þær seldar þannig, hefði meðalsmásöluverð þeirra mátt vera kr. 14.87 hvert kg (1675.56 : 112.7).

Kærði og starfsfólk hans í apótekinu hefur viðurkennt, að útsöluverð mandlanna hafi verið a. m. k. að mestum hluta til kr. 16.00 hvert kg. Ef þær hefðu allar verið seldar á því verði, hefði útsöluverð þeirra numið samtals kr. 1803.20 og óleyfilegur hagnaður kærða því kr. 127.64. Það þykir þó mega telja upplýst í málinu, að möndlurnar hafi að einhverju leyti verið seldar á mun hærra verði, jafnvel kr. 25.00 hvert kg, og hefði útsöluverð þeirra numið samtals kr. 2817.50, ef þær hefðu allar verið seldar á því verði, en óleyfilegur hagnaður kærða numið kr. 1141.94.

Draga bæri þó frá hinum óleyfilega hagnaði kostnað, sem kærði kynni að hafa haft af því að setja möndlurnar í poka. Þegar nú þess er gætt, að ekki er unnt að leiða í ljós nánar en að framan greinir, hve mikið af möndlum var selt í lausri vigt og hve mikið í pokum eða hvert verð möndlupokanna hefur verið og hver þyngd þeirra, er ekki fengin niðurstaða um, hvern hagnað kærði hefur haft af hinni ólöglegu álagningu, og verður því ekki kveðið á um upptöku ólöglegs hagnaðar í máli þessu.

Með tilvísun til þess, sem nú hefur verið greint, þykir refsing sú, sem kærði hefur til unnið samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga um verðlag, nr. 3/1943, hæfilega ákveðin 2000 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánist 30 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að dæma til greiðslu alls kostnaðar sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ágústs Fjeldsteds héraðsdómslögmanns, 350 krónur.

Málið hefur verið rekið vítalaust.

Dómsorð:

Kærði, Stefán Thorarensen, greiði 2000 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánist 30 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ágústs Fjeldsteds héraðsdómslögmanns, 350 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 14. júní 1949.

Nr. 54/1949. **Haraldur Eiríksson** (Gústaf A. Sveinsson)
gegn
Lilju Guðjónsdóttur (Theodór B. Líndal).

Húsaleiga. Útburðarmál.

Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. febrúar 1949, krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma útburðargerð þá, sem krafizt er. Einnig krefst áfrýj-

andi málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Ekki verður talið, að stefndi hafi ráðstafað leiguhúsnæði sínu ólöglega, þótt hún hafi tekið unnustu sonar síns og ungbarn þeirra til sín í íbúðina. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda kr. 1000.00 í málskostnað í Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Haraldur Eiríksson, greiði stefnda, Lilju Guðjónsdóttur, kr. 1000.00 í málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 12. febrúar 1949.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar hinn 10. þ. m., hefur gerðarbeiðandi, Haraldur Eiríksson, Ásvallagötu 18, krafizt þess, að gerðarþoli, Lilja Guðjónsdóttir, verði borin út úr húsnæði því, sem hún hefur undanfarið haft á leigu í ofangreindu húsi gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu gerðar, og lögðu aðiljar málið undir úrskurð fógetaréttarins.

Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar.

Samkvæmt veðbókarvottorði á rskj. 19 kaupir gerðarbeiðandi, Haraldur Eiríksson, húsið nr. 18 við Ásvallagötu hinn 4. október 1946. Kona gerðarbeiðanda flyzt í íbúð í húsinu haustið 1947 ásamt sonum þeirra, þrem að tölu, en gerðarbeiðandi flyzt þangað ekki fyrr en á sl. vori.

Á þakhæð nefnds húss hefur gerðarþoli máls þessa, Lilja Guðjónsdóttir, haft á leigu 2 herbergi og eldhús. Með henni er í heimili sonur hennar, Magnús Ágústsson, og síðan í júlímánuði sl. unnusta Magnúsar og ungt barn þeirra.

Skriflegur leigusamningur hefur ekki verið gerður.

Gerðarbeiðandi, Haraldur, ritar fógetarétti Reykjavíkur hinn 23. október sl. og krefst útburðar á gerðarþola. Gefur hann henni það að sök, að hún hafi leyfislaust tekið unnustu Magnúsar, sonar síns, og barn þeirra inn í leiguíbúð sína.

Í þessu sambandi skýrir gerðarbeiðandi svo frá, að gerðarþoli hafi farið fram á það, að gerðarbeiðandi veitti leyfi sitt til þessarar ráðstöfunar, en hann kveðst hafa synjað þess. Hafi ekki verið rætt meira um þetta að sinni, en síðan hafi umgetin unnusta Magnúsar flutzt inn í íbúð gerðarþola án sinnar vitundar. Þegar gerðarþoli greiddi leigu fyrir júlímánuð, kveðst gerðarbeiðandi hafa innt hana eftir því, hvort ætlunin væri sú, að kona þessi og barn dveldust þarna framvegis, og er gerðarþoli kvað svo vera, hafi hann mótmælt því. Gerðarþoli hafi látið þessi mótmæli sem vind um eyru þjóta.

Hinn 20. júlí ritar gerðarbeiðandi gerðarþola bréf, sem henni er birt af stefnuvottum hinn 30. sama mán., sjá rskj. 3, bls. 6—9. Endurtekur hann þar mótmæli sín við því, að unnusta Magnúsar Ásgeirssonar og barn þeirra dveljist í íbúð gerðarþola, og krefst þess, að þau rými, ella kveðst gerðarbeiðandi krefjast útburðar á gerðarþola og öllu því, er henni fylgi. Tjáir gerðarbeiðandi, að gerðarþoli hafi aldrei svarað bréfi þessu. Hins vegar hafi hún boðið fram leigu fyrir ágústmánuð hinn 10. sama mánaðar, en gerðarbeiðandi kveðst þá hafa sagt henni, að þessu leigueframboði yrði ekki sinnt, þar sem hún yrði að teljast hafa brotið af sér leigurétt sinn með því að taka fólk inn í íbúð sína án leyfis húseiganda. Síðan hafi húsaleigu verið neitað viðtöku. Gerðarþoli hafi að vísu allt frá þeim tíma lagt leigugreiðslur inn í Landsbanka Íslands, en ekki sé þó um löglega depositio að ræða.

Gerðarbeiðandi ritaði húsaleigunefnd hinn 12. ágúst sl. og krafðist þess, að gerðarþola yrði gert að rýma húsnæði sitt vegna ofangreindra vanefnda á leigumála sínum. Úrskurður húsaleigunefndar gekk hinn 15. október sl. og var brottvikningarkrafan ekki tekin til greina.

Gerðarþoli mótmælir því, að það atriði, að hún hafi leyft unnustu Magnúsar, sonar síns, og barni þeirra vist í íbúð sinni, verði talið gerðarbeiðanda svo verulega óþægilegt, að útburði geti varðað.

Hún kveðst ásamt manni sínum, er lézt árið 1940, hafa tekið 3 herbergi og eldhús á leigu í húsi þessu árið 1936 og búið í þeirri íbúð allt til ársins 1944. Þá hafi hún sakir kröfu þáverandi húseiganda rýmt íbúð þessa og fengið í staðinn núverandi íbúð sína, sem er 2 herbergi og eldhús. Þá er þetta skeði, hafi verið þrennt í heimili hjá sér, sem sé hún sjálf og synir hennar, Sigurður og Magnús, og svo hafi enn verið, er gerðarbeiðandi keypti húsið. Litlu síðar, eða um 12. október 1946, hafi Sigurður gengið í hjónaband og farið þá þegar af heimilinu, en um líkt leyti hafi skólapiltur utan af landi flutzt inn í íbúðina og dvalizt þar þar til vorið 1947. Þannig hafi oftast verið 3 manneskjur í þessari íbúð eins og nú, og geti þetta á engan hátt talizt óvenjuleg notkun á tveggja herbergja íbúð, og þar sem gerðarbeiðandi hafi lýst yfir því undir rekstri málsins fyrir húsaleigunefnd, að hann hafi ekkert út á framkomu unnustu Magnúsar að setja, verði ekki á neinn hátt hægt að telja þetta ástand vera honum til neinna óþæginda. Gerðarþoli getur þess einnig, að unnusta Magnúsar

greiði sér enga húsaleigu né heldur hann sjálfur, en hann sé fyrirvinna heimilisins.

Annars kveðst gerðarþoli ekki hafa nefnt það atriði við gerðarbeiðanda sjálfan, hvort sér leyfðist að taka þessa tilvonandi tengdadóttur sína inn á heimilið, en hún kveðst hafa spurt konu gerðarbeiðanda um það, og hafi hún ritað gerðarbeiðanda og fengið álit hans á því. Svar gerðarbeiðanda hafi verið neikvætt, og kveður gerðarþoli sér hafa verið það kunnugt, áður en unnusta Magnúsar kom í íbúðina. Gerðarbeiðandi hafi hins vegar aldrei mótmælt þessu við sig fyrr en með bréfinu á rskj. 3, sem birt var með stefnuvottum og er getið hér að framan.

Ekki virðist unnt að líta svo á, að dvöl unnustu Magnúsar Ágústssonar í hinu umdeilda húsnæði geti verið gerðarbeiðanda svo bagaleg, að útburði geti varðað á gerðarþola, með tilliti til þess, að gerðarbeiðandi hefur í sjálfu sér ekkert út á persónulega hegðun konu þessarar að setja, og enn fremur af því, að notkun húsnæðisins virðist nú ekki meiri en áður hefur lengst af verið.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:
Hin umbeðna útburðargerð skal ekki fram fara.
Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 14. júní 1949.

Nr. 56/1948. **Valdstjórnin** (Gústaf A. Sveinsson)
gegn
Skapta Kristóferssyni (Sigurgeir Sigurjónsson).

Ómerking héraðsdóms. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Guðbrandur Ísberg, sýslumaður Húnavatnssýslu, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Hinn 24. september 1947 kom kærði fyrir dóm og viðurkenndi, að hann væri þá með áhrifum áfengis og að hann hefði í því ástandi ekið bifreiðinni H-116. Er kærði hafði játað þetta, var hann laus látinn og málinu frestað, án þess að hlutast væri til um rannsókn áfengismagns í blóði kærða eða leitað vættis

löggæzlumanns þess, er hafði handtekið kærða og leitt hann fyrir dómara.

Næst var dómþing háð í málinu 10. janúar 1948. Tjáði dómarinn þá kærða, að mál yrði höfðað gegn honum fyrir brot gegn 23. gr. bifreiðalaganna, án nánari skýrgreiningar á kröfum ákæruvaldsins, broti kærða eða refsiákvæðum.

Hinn 13. janúar 1948 kom kærði enn fyrir héraðsdómara. Tók kærði þá aftur játningu sína, um að hann hefði með áfengisáhrifum ekið bifreið, og bar fyrir sig nauðung af hendi löggæzlumanns þess, sem hlut átti að máli. Eigi sinnti dómarinn þessari skýrslu kærða, en kvað upp dóm í málinu 20. s. m. án frekari prófunar sakarefnis.

Eftir uppsögu héraðsdóms kom umræddur löggæzlumaður fyrir dóm í öðru lögsagnarumdæmi og gaf skýrslu um málsatvik. Eigi var sú skýrsla borin undir kærða né hann samprófaður við löggæzlumanninn.

Próf málsins eru, eins og nú var rakið, mjög ófullkomin. Höfðun málsins er og, svo sem lýst hefur verið, andstæð réttum reglum. Vegna þessara galla á meðferð málsins verður ekki hjá því komizt að ómerkja héraðsdóminn og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms af nýju.

Allan áfrýjunarkostnað sakarinnar ber að greiða úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 400.00 til hvors.

Það er aðfinnsluvert, að í fyrsta þinghaldi í málinu 24. september 1947 var löggæzlumaður sá, er handtekið hafði kærða og kært hann, látinn vera þingvottur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms af nýju.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gústafs A. Sveinssonar og Sigurgeirs Sigurjónssonar, kr. 400.00 til hvors.

Dómur lögregluréttar Húnavatnssýslu 20. janúar 1948.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Skapta Kristófers-syni, bónda að Hnjúkahlíð í Blönduóshreppi, fyrir brot gegn ákvæðum 23. gr. bifreiðalaganna, nr. 23 frá 1941, sbr. 38. gr. og 39. gr. sömu laga, og eru málavextir þeir, sem nú skal greina:

Hinn 24. september f. á. hitti Bergur Arnbjörnsson löggæzlumaður kærðan, Skapta Kristófersson, á Blönduósi, þar sem hann kom akandi í jeppabifreið sinni H-116. Stöðvaði löggæzlumaðurinn bifreiðina og sá, að kærður var undir áhrifum víns, og fór með hann til sýslumanns til yfir-heyrslu. Viðurkenndi kærður í réttinum, tregðulítið, að hann væri undir áhrifum víns, hefði drukkið vín um daginn hjá ýmsum kunningjum sínum, og lýsti yfir því, að hann óskaði ekki, að blóðrannsókn færi fram á sér, þar sem hún mundi ekki sanna neitt sér í hag.

Í réttarhaldi 13. þ. m., er málið var tekið undir dóm, bar kærður það fram í málinu sér til varnar, að hann hefði alls ekki verið undir áhrifum víns 24. september, er hann var tekinn og yfirheyrður, heldur hefði hann játað þetta þá vegna þess, að kona sín hefði verið fárveik heima og hann hefði þurft að losna við töf hennar vegna. Nánar aðspurður um veikindi konu sinnar viðurkenndi kærður, að læknis hefði ekki verið vitjað til konunnar, að hún hefði verið „lasin" um morguninn og að hann hefði ekki hitt hana frá því um morguninn, en heimili hans liggur fast við Svínvetningabraut, sem hann fór eftir á leið sinni úr Auðkúlurétt til Blönduóss. Kærður, Skapti Kristófersson, sem er fæddur að Köldukinn í Torfalækjarhreppi 14. marz 1913, hefur eigi áður sætt ákæru eða dómi fyrir refsivert athæfi, svo að vitað sé. Fellur brot hans undir refsiákvæði 38. og 39. gr. bifreiðalaganna, nr. 23/1941, og þykir refsing sú, er hann hefur til unnið, hæfilega ákveðin 10 daga varðhald og svipting ökuleyfis í 3 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja. Svo greiði kærður og allan áfallinn og áfallandi kostnað sakarinnar.

Á rekstri málsins hefur orðið nokkur dráttur, er stafar af embættis-önnum dómarans.

Því dæmist rétt vera:

Kærður í máli þessu, Skapti Kristófersson, bóndi að Hnjúkahlíð í Blönduóshreppi, sæti 10 daga varðhaldi og skal vera sviptur ökuleyfi í 3 mánuði frá löglegri birtingu dóms þessa að telja.

Svo greiði hann og allan áfallinn og áfallandi kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 14. júní 1949.

Nr. 170/1948. **Hafnarsjóður Keflavíkur** (Sigurgeir Sigurjónsson)
gegn
H/f Shell á Íslandi (Gunnar Þorsteinsson).

Setudómari Valdimar Stefánsson sakadómari í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Um skyldu til greiðslu hafnargjalda.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 13. desember f. á., skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. s. m., krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 960.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 23. október 1947 til greiðsludags svo og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi fékk olíu þá, sem í málinu greinir, hjá Bandaríkjamönnum á Keflavíkurflugvelli gegn því að greiða síðar sams konar vöru. Afnot af hafnartækjum í Keflavík við flutning á olíunni út í v/s Skeljung voru því í þágu stefnda. Samkvæmt þessu og með tilvísun til 34., 38. og 3. mgr. 43. gr. hafnarreglugerðar Keflavíkurkaupstaðar, nr. 10/1942, ber stefnda að greiða áfrýjanda hafnargjöld þau, sem hann er krafinn í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 1200.00.

Dómsorð:

Stefndi, h/f Shell á Íslandi, greiði áfrýjanda, Hafnarsjóði Keflavíkur, kr. 960.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 23. október 1947 til greiðsludags svo og kr. 1200.00 í málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. júní 1948.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. þ. m., hefur Keflavíkurhöfn höfðað fyrir bæjarþinginu eftir árangurslausa sáttaumleitan með stefnu, út gefinni 12. nóvember 1947, gegn stjórn olíufélagsins Shell h/f f. h. félagsins til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 960.00, auk 5% ársvaxta frá sáttakærudegi, 23. okt. 1947, til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt reikningi.

Stefnda hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Í marzmánuði 1947 þótti hætta á, að stefnda skorti olíu handa vélbátaflotanum, og var það ráð tekið fyrir atbeina ríkisstjórnarinnar að fá nokkurt magn olíu að láni hjá umboðsmönnum Bandaríkja Norður-Ameríku á Keflavíkurflugvelli. Sendi stefnda skip sitt, Skeljung, til Keflavíkur, og fluttu umboðsmenn Bandaríkjanna samtals 480 lestir olíu um borð. Stefnandi telur stefnda skylt að greiða vörugjald af olíu þessari samkvæmt 34. gr. hafnarreglugerðar fyrir Keflavík frá 22. janúar 1942, og nemur það samkvæmt sömu grein, sbr. 38. gr. reglugerðarinnar, stefnukröfunni í máli þessu.

Stefnda hefur í fyrsta lagi byggt sýknukröfu sína á því, að amerísk yfirvöld á Keflavíkurflugvelli séu undanþegin vörugjaldi af olíu, sem þau flytja á land eða úr landi um Keflavíkurhöfn, og þar eð hér sé eingöngu um lán að ræða, sem endurgoldið hafi verið í sömu mynt, eigi stefnandi ekki kröfu til vörugjalds þessa. Í annan stað heldur stefnda því fram, að amerísku yfirvöldin hafi flutt olíuna úr landi, en samkvæmt venju beri útflytjanda (sendanda) vöru að greiða gjald þetta.

Af hálfu stefnandi er viðurkennt í máli þessu, að það sé föst venja, að eigandi vöru greiði gjald það, sem hér ræðir um. Það er ekki vefengt, að yfirvöld flugvallarins, sem telja verður eigendur olíunnar, hafi flutt hana um borð í skip stefnda. Því verður að telja ljóst, að stefnda hafi ekki orðið eigandi olíunnar, fyrr en hún var komin á skipsfjöl, og hefur stefnda því ekki verið eigandi þessarar vöru, er hún var flutt úr landi í skip í Keflavíkurhöfn. Samkvæmt þessu þykir kröfu stefnandi eigi beint gegn réttum aðilja, og verður sýknukrafa stefnda því til greina tekin. Eftir atvikum þykir þó rétt, að málskostnaður falli niður.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefnda, Shell h/f, skal vera sýknt af kröfum stefnandi, Keflavíkurhafnar, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 20. júní 1949.

Nr. 42/1946. **Bifreiðastjórafélagið Hreyfill, Félag blikksmiða í Reykjavík, Félag járniðnaðarmanna í Reykjavík, Félagið Skjaldborg, Iðja, félag verksmiðjufólks, Rakarasveinafélag Reykjavíkur, Starfsstúlknafélagið Sókn, Sveinafélag húsgagnasmiða í Reykjavík, Sveinafélag skipasmiða í Reykjavík, Verkamannafélagið Dagsbrún og Þvottakvennafélagið Freyja**
(Ragnar Ólafsson)

gegn

Alþýðuhúsi Reykjavíkur h/f, Jóni Axel Péturssyni, Jónasi Guðmundssyni, Guðgeiri Jónssyni, dánarbúi Sigurðar Ólafssonar og Jónínu Guðjónsdóttur (Guðm. Í. Guðmundsson bfg.).

Setudómarar hrl. Einar B. Guðmundsson og prof. Ólafur Jóhannesson í stað hrd. Gizurar Bergsteinssonar og hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Krafa um ógildingu afsals að húsi og húsmunum. Véfengd heimild fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Reykjavík til afhendingar eigna þessara. Tómlætisverkanir.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 28. marz 1946, og eru dómkröfur þeirra þessar:

1. að dæmdur verði ógildur afsalsgerningur, dags. 12. ágúst 1940, þar sem þáverandi stjórn fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Reykjavík, stefndu Jón Axel Pétursson, Jónas Guðmundsson, Guðgeir Jónsson, Jónína Guðjónsdóttir og Sigurður heitinn Ólafsson, afsalaði stefnda Alþýðuhúsi Reykjavíkur h/f húseigninni Iðnó, nr. 3 við Vonarstræti í Reykjavík, ásamt meðfylgjandi eignarlóð og mannvirkjum á henni, útbúnaði öllum og áhöldum, sem húsinu fylgdu og notuð voru til rekstrar þess og starfsemi þeirrar, er fram fór í húsinu og

Ingólfs Café, svo og 30 þúsundum króna í hlutabréfum Alþýðuhúss Reykjavíkur h/f;

2. að stefndu verði dæmdir til að skila fulltrúaráði verkalýðsfélaganna í Reykjavík eignum þeim, sem afhentar voru stefnda Alþýðuhúsi Reykjavíkur h/f samkvæmt fyrrnefndum afsalsgerningi gegn greiðslu á skuldum þeim, er Alþýðuhús Reykjavíkur h/f tók að sér að greiða;

3. að stefndu verði dæmdir til að skila áfrýjendum ágóða þeim, sem orðið hefur af rekstri Alþýðuhússins Iðnó og Ingólfs Café, síðan Alþýðuhús Reykjavíkur h/f fékk þau afhent;

4. að stefndu verði dæmdir til að greiða áfrýjendum fullar bætur fyrir það tjón, sem þeir hafa orðið fyrir vegna framangreindrar eignaafhendingar;

5. að stefndu verði dæmdir til að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt ákvæðum 5. töluliðar 71. gr. laga nr. 85/1936 er samkomulag um, að hvorki verði dæmt um fjárhæð endurgreiðslu né bóta samkvæmt 3. og 4. kröfulið í þessum þætti málsins.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjenda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Þegar höfðun máls þessa var ráðin, var 31 stéttarfélag í fulltrúaráði verkalýðsfélaganna í Reykjavík. Af þessum félögum ákváðu 11, þ. e. áfrýjendur máls þessa, að leita úrlausnar dómstólanna um það, hvort umræddar ráðstafanir fyrra fulltrúaráðs væru löglegar. Þrátt fyrir ákvæði 46. gr. laga nr. 85/1936 verður að telja, að þessi 11 félög geti leitað dóms fyrir sig um kröfur á hendur stefndu samkvæmt 1., 3., 4. og 5. lið hér að framan, eins og þær eru í þessum þætti málsins. Hins vegar verður ekki séð heimild áfrýjenda til að krefjast dóms samkvæmt 2. kröfulið, þar sem krafist er afhendingar eigna í hendur fulltrúaráðinu, sem ekki er sjálfstæður málsaðili. Ber því að vísa þeirri kröfu frá héraðsdómi.

Í hinum fyrstu lögum Alþýðusambands Íslands frá árinu 1919 var svo ákveðið, að hvert félag innan sambandsins skyldi kjósa fulltrúa til sambandsþings og þessir fulltrúar síðan mynda fulltrúaráð í hverju kjördæmi. Skyldu fulltrúaráð

þessi, er nefndust fulltrúaráð verkalýðsfélaganna, setja sér sjálf reglur um verkaskiptingu og annast milli þinga þau mál, er sérstaklega snertu hvert kjördæmi. Sams konar ákvæði voru í lögum Alþýðusambandsins frá árinu 1927. Hinn 30. marz 1919 var fyrst sett reglugerð fyrir fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Reykjavík, og var sú reglugerð í gildi til 19. febrúar 1931, er ný reglugerð var sett. Samkvæmt reglugerðinni frá 1919 skyldi fulltrúaráðið hafa til meðferðar „sameiginleg hagsmunamál félaganna", og skyldi sérstök framkvæmdastjórn hafa með höndum yfirstjórn allra framkvæmda fulltrúaráðsins, og eru þar með taldar „ráðstafanir vegna fyrirtækja fulltrúaráðsins, svo sem kaup og sölur á fasteignum og öðru." Á fundi, sem haldinn var í þessu fulltrúaráði hinn 16. marz 1919, var rætt um kaup á lóð við Hverfisgötu í Reykjavík fyrir samkomuhús handa félögum þeim, er að ráðinu stóðu, og var nafngreindum manni veitt umboð til að festa kaup á lóðinni fyrir hönd fulltrúaráðsins. Afsal fyrir þessari lóð, stílað á nafn fulltrúaráðsins í Reykjavík, var síðan gefið út hinn 2. apríl 1919 og þess þar getið, að það væri skilyrði fyrir sölunni, að lóðin yrði á sínum tíma notuð undir byggingu í þarfir verkalýðsfélaganna í Reykjavík. Á fundi í fulltrúaráðinu hinn 6. apríl 1919 skýrði og sá, er samninginn gerði fyrir hönd ráðsins, frá því, að hann hefði lokið kaupum á lóð þessari „handa verkalýðsfélögunum". Á fundi í fulltrúaráðinu hinn 15. maí 1929 fól ráðið stjórn sinni að festa kaup á samkomuhúsinu Iðnó, nr. 3 við Vonarstræti í Reykjavík. Þau kaup voru síðan gerð hinn 17. maí s. á. og húseigninni afsalað til fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Reykjavík. Þegar til þess er litið, hvernig háttað var sams konar fasteignakaupum ráðsins árið 1919, eins og áður er rakið, og ekki verður séð í hinum tilvitnuðu reglum fulltrúaráðsins, að það hafi haft heimild til kaupa eða sölu fasteigna fyrir sjálft sig, verður að telja, að félög þau, er mynduðu fulltrúaráðið í Reykjavík, hafi orðið hinir raunverulegu eigendur húseignarinnar Iðnó með afsalinu frá 17. maí 1929. Ekki verður annað séð en félög þau, er stóðu að fulltrúaráðinu á hverjum tíma, hafi síðan haldið eignarrétti þessum, þar til er húseigninni var afsalað með samningi þeim frá 12. ágúst 1940, sem áfrýjendur vé-

fengja. Með samningi þessum afsalaði hin stefnda stjórn þáverandi fulltrúaráðs f. h. fulltrúaráðsins húseigninni Iðnó ásamt því, er áður greinir, til stefnda Alþýðuhúss Reykjavíkur h/f, og var kaupverðið talið kr. 130.400.00, en í kaupunum fylgdu kr. 30.000.00 í hlutabréfum kaupanda sjálfs.

Áfrýjendur byggja dómkröfur sínar í fyrsta lagi á því, að fulltrúaráðinu hafi verið óheimilt án sérstaks umboðs frá félögum innan fulltrúaráðsins að afsala umræddri eign, og hljóti það að valda ógildi samningsins, að þessa umboðs var ekki aflað.

Því er þegar lýst, hvaða ákvæði giltu um fulltrúaráðið í lögum Alþýðusambandsins frá 1919 og 1927 og reglugerð fulltrúaráðsins í Reykjavík frá 1919. Fulltrúaráðið í Reykjavík annaðist og kaup á fasteigninni við Hverfisgötu árið 1919, eins og áður er getið, án þess að séð verði, að leitað hafi verið sérstaks umboðs frá félögum innan fulltrúaráðsins í því efni né nokkrum athugasemdum hreyft við þeim erindisrekstri, og sama máli gegnir um kaupin á húseigninni Iðnó árið 1929. Í lögum Alþýðusambandsins frá 1930 er sams konar ákvæði um fulltrúaráð félaganna og áður var, og í reglugerð fyrir fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Reykjavík frá 19. febrúar 1931 segir, að nefndir, sem kosnar eru til að veita forstöðu sérstökum fyrirtækjum fulltrúaráðsins, skuli fara með umboð ráðsins við allar skuldbindingar vegna fyrirtækjanna, svo sem kaup og sölu á fasteignum og öðru, en allar veðsetningar, kaup og sala á fasteignum skuli þó áður samþykkt í fulltrúaráði. Hinn 28. september 1935 afsalaði fultrúaráðið Alþýðuhúsi Reykjavíkur h/f fasteigninni við Hverfisgötu, sem keypt hafði verið árið 1919, og verður ekki séð, að neinum athugasemdum hafi verið hreyft við þeirri sölu. Í lögum Alþýðusambandsins frá 1938 eru sams konar ákvæði og fyrr um myndun fulltrúaráðs og þar tekið fram, að fulltrúaráðið í Reykjavík hafi með höndum hin sameiginlegu mál sambandsfélaganna, gæti hinna sameiginlegu eigna þeirra og stjórni hinum sameiginlegu fyrirtækjum þeirra. Í reglugerð fyrir fulltrúaráðið frá 12. júní 1939 eru síðan ákvæði um verkefni ráðsins, samhljóða þeim, er nú voru rakin, og ákvæðin um kaup og sölu fasteigna eru hin sömu og greind voru í reglugerðinni frá 1931. Þegar

litið er til þessara ákvæða svo og þeirrar venju, sem lýst hefur verið, um kaup og sölu fasteigna af hálfu fulltrúaráðsins, verður ekki talið, að fulltrúaráðið hafi þurft að afla sér sérstaks umboðs frá félögunum innan ráðsins til sölunnar á húseigninni Iðnó árið 1940, og verður framangreind riftunarástæða áfrýjenda því ekki tekin til greina.

Í öðru lagi byggja áfrýjendur dómkröfur sínar á því, að ekki hafi verið farið eftir gildandi reglum um samþykkt sölunnar í fulltrúaráðinu.

Samkvæmt 8. gr. reglugerðar fyrir fulltrúaráðið frá 1939 skyldi boða fulltrúaráðsfundi með auglýsingu í Alþýðublaðinu með minnst sólarhrings fyrirvara, og eru fundir, sem þannig eru boðaðir, lögmætir, hvort sem margir sækja þá eða fáir. Ef sérstök nauðsyn krefur, má þó boða fund með styttri fyrirvara, ef öll stjórnin er því samþykk, en slíkur fundur er því aðeins ályktunarfær, að minnst helmingur fulltrúa sæki hann.

Á fundi í fulltrúaráðinu 3. jan. 1940 var kosin nefnd til að gera tillögur um framtíðarfyrirkomulag fyrirtækja fulltrúaráðsins. Með auglýsingum í Alþýðublaðinu 16. og 17. apríl s. á. var síðan kvatt til fundar í fulltrúaráðinu hinn 17. apríl um kvöldið. Á þeim fundi lagði áðurgreind nefnd fram tillögur um sölu á Alþýðubrauðgerðinni og húseigninni Iðnó á þann hátt, sem síðar varð, og var þar samþykkt að hafa tvær umræður um tillögurnar. Á fundi þessum, sem ekki hefur verið véfengdur að lögmæti, var samþykkt með samhljóða atkvæðum að vísa tillögunum til 2. umræðu. Með auglýsingum í Alþýðublaðinu 22. og 23. apríl 1940 var aftur kvatt til fundar í fulltrúaráðinu að kvöldi síðari dagsins, og átti þá að vera 2. umræða um málið. Fundarsókn varð svo lítil, að ekki þótti rétt að halda fund. Eins fór um fund, sem halda átti 27. júní s. á., og hafði þó verið kvatt til þess fundar með auglýsingum í Alþýðublaðinu með meira en sólarhrings fyrirvara. Hinn 1. júlí s. á. var loks auglýst í Alþýðublaðinu, að framhaldsumræður yrðu í fulltrúaráðinu þá um kvöldið. Sóttu 28 fulltrúar þann fund, og var þar m. a. salan á húseigninni Iðnó samþykkt með 26 atkvæðum gegn 2.

Í 66. gr. laga Alþýðusambandsins frá 1938 segir, að fulltrúaráðið í Reykjavík myndi fulltrúar frá þeim félögum, sem eru

í Alþýðusambandinu og setu eiga á sambandsþingi með fullum réttindum, enda hafi félagið greitt skatt til fulltrúaráðsins. Sams konar ákvæði er í 1. gr. reglugerðar fyrir fulltrúaráðið frá 1939. Af gögnum málsins þykir að vísu mega ráða, að vanskil á árgjöldum félaganna um stuttan tíma hafi ekki verið látin valda réttindamissi að þessu leyti, en hins vegar, ef verulegur misbrestur varð á. Miðað við það verður að telja, að einungis þau félög, sem höfðu greitt árgjöld til fulltrúaráðsins fyrir árið 1939, hefðu átt rétt til setu með fullum réttindum á fundinum 1. júlí 1940. Fulltrúar þessara félaga voru samkvæmt gögnum málsins 43 að tölu, og sóttu því fundinn nægilega margir gildir fulltrúar til þess, að hann yrði ályktunarfær. Þegar til þessa er litið svo og þess, að lögmæti fundarins hefur ekki verið véfengt fyrr en í máli þessu í héraði á árinu 1945, og átti þó fljótlega að vera unnt að afla sér vitneskju um kvaðningu til fundarins og fundarsókn, þykir sölugerningnum ekki verða hnekkt á þessum grundvelli.

Loks reisa áfrýjendur dómkröfur sínar á því, að fulltrúaráðið hafi misfarið með umboð sitt með því að selja húseignina Iðnó óhæfilega lágu verði, en dómkvaddir menn hafa metið hina seldu eign kr. 237.279.00 miðað við verðlag á afsalsdegi. Fasteignamat hússins var þá kr. 126.600.00 og brunabótamat kr. 187.790.00.

Verðlag á fasteignum í Reykjavík á þeim tíma, er sala þessi fór fram, hafði ekki tekið verulegum breytingum til hækkunar. Félög þau, er stóðu að fulltrúaráðinu, og önnur verkalýðsfélög í Reykjavík áttu og eiga verulega hluti í h/f Alþýðuhúsi Reykjavíkur, sem stofnað var til að reisa og reka samkomu- og skrifstofuhús fyrir alþýðusamtökin í Reykjavík, enda á og fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Reykjavík og félög í Reykjavík innan Alþýðusambandsins forkaupsrétt að hlutabréfum Alþýðuhússins h/f, sem eigendaskipti verða að, eftir nánari reglum í samþykktum félagsins. Fulltrúaráðið hafði og á árinu 1935 selt hlutafélagi þessu verðmæta fasteign fyrir lágt verð og það engum andmælum sætt. Þegar til þessa er litið svo og þess, að engum andmælum hefur verið hreyft út af sölu þessari, sem þinglýst var 17. okt. 1940, fyrr en með höfðun máls þessa með sáttakæru 8. ágúst 1944 og stefnu 13. apríl

1945, þykja ekki, þótt söluverðið verði að teljast lágt, efni til að taka dómkröfur áfrýjenda til greina á þessum grundvelli.

Ber því að sýkna stefndu af kröfum áfrýjenda samkvæmt 1., 3. og 4. lið, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Framangreindri kröfu er vísað frá héraðsdómi.

Stefndu, Alþýðuhús Reykjavíkur h/f, Jón Axel Pétursson, Jónas Guðmundsson, Guðgeir Jónsson, dánarbú Sigurðar Ólafssonar og Jónína Guðjónsdóttir, eiga að vera sýkn af öðrum dómkröfum áfrýjenda, Bifreiðastjórafélagsins Hreyfils, Félags blikksmiða í Reykjavík, Félags járniðnaðarmanna í Reykjavík, Félagsins Skjaldborgar, Iðju, félags verksmiðjufólks, Rakarasveinafélags Reykjavíkur, Starfsstúlknafélagsins Sóknar, Sveinafélags húsgagnasmiða í Reykjavík, Sveinafélags skipasmiða í Reykjavík, Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og Þvottakvennafélagsins Freyju.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. marz 1946.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. f. m., hefur fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Reykjavík höfðað fyrir bæjarþinginu í umboði Bifreiðastjórafélagsins Hreyfils, Félags blikksmiða í Reykjavík, Félags járniðnaðarmanna í Reykjavík, Félagsins Skjaldborgar, Iðju, Rakarasveinafélags Reykjavíkur, Starfsstúlknafélagsins Sóknar, Sveinafélags húsgagnasmiða í Reykjavík, Sveinafélags skipasmiða í Reykjavík, Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og Þvottakvennafélagsins Freyju eftir árangurslausa sáttaumleitan með stefnu, út gefinni 13. apríl 1945, gegn stjórn Alþýðuhúss Reykjavíkur h/f f. h. félagsins og fyrrverandi stjórnarmeðlimum fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Reykjavík, þeim Jóni Axel Péturssyni hafnsögumanni, Hringbraut 153, Jónasi Guðmundssyni, fyrrum alþingismanni, Miklubraut 9, Guðgeiri bókbindara Jónssyni, Hofsvallagötu 20, Sigurði Ólafssyni gjaldkera, Hverfisgötu 71, og Jónínu Guðjónsdóttur, Freyjugötu 32, öllum hér í bænum.

Stefnukröfurnar eru þessar:

1. að síðargreindur afsals- og kaupsamningur, dagsettur 12. ágúst 1940, verði dæmdur ógildur;
2. að stefnd verði dæmd til að skila stefnanda aftur eignum þeim, sem afhentar voru hinu stefnda hlutafélagi samkvæmt nefndum samningi;
3. að stefnd verði dæmd til að skila stefnanda ágóða þeim, sem orðið hefur af rekstri nefndra eigna, síðan þær voru afhentar stefndu hlutafélagi;
4. að stefnd verði dæmd til að greiða stefnanda fullar bætur fyrir það tjón, sem umbjóðendur hans hafa orðið fyrir, að mati dómara vegna framangreindrar eignaafhendingar;
5. að stefnd verði dæmd til að greiða málskostnað að mati dómara.

Aðiljar hafa óskað þess, að málinu yrði skipt þannig, að dómur verði fyrst felldur um kröfur stefnanda, aðrar en þær, sem lúta að fjárhæð endurgreiðslu og bótakrafna hans, og hefur dómarinn samþykkt það samkvæmt heimild 5. mgr. 71. gr. laga nr. 85 frá 1936. Við munnlegan flutning málsins hefur stefnandi því gert framangreindar dómkröfur án þess að tiltaka fjárhæðir samkvæmt 3. og 4. lið þeirra.

Stefnd hafa krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Með afsalsbréfi, dagsettu 12. ágúst 1940, seldi þáverandi stjórn fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Reykjavík hinu stefnda hlutafélagi húseignina nr. 3 við Vonarstræti (Alþýðuhúsið Iðnó) hér í bænum ásamt meðfylgjandi eignarlóð, að stærð 1158.2 m², og mannvirkjum á henni svo og útbúnaði þeim öllum og áhöldum, sem húsið átti og notuð voru til reksturs þess og starfsemi þeirrar, er fram fór í húsinu og Ingólfs Café, hverju nafni sem nefndist, svo og öllu því öðru, sem reikningslega tilheyrði eigninni, að engu undanskildu. Kaupverðið var í afsalsbréfinu talið kr. 130.400.00, en í kaupunum fylgdu kr. 30.000.00 í hlutabréfum kaupanda sjálfs.

Skýrir stefnandi svo frá, að komið hafi fram raddir um heimildarleysi fulltrúaráðsins til framangreindrar ráðstöfunar, þegar er kunnugt varð um hana við þinglýsingu afsalsins, en hún fór fram 17. október 1940, án þess þó að einstakir meðlimir ráðsins hæfu aðgerðir þegar í stað. Um haustið 1942 fóru fram kosningar fulltrúa á þing Alþýðusambands Íslands, og hafði þá áður verið breytt skilyrðum til kjörgengi manna. Varð við þetta mikil breyting á fulltrúavali verkalýðsfélaganna, og sú stjórn, er fulltrúaráðið kjöri sér, var skipuð öðrum en áður. Fráfarandi stjórn afhenti ekki gerðabækur þær, er fulltrúaráðið hafði notað, og krafðist hin nýja stjórn bókanna með aðstoð fógeta, en árangurslaust. Þá reyndi stjórnin að nálgast bækurnar með rannsókn sakadómara, en sú rannsókn féll niður í ágústmánuði 1944, og hefur stjórnin ekki enn fengið umráð bóka þessara. Jafnframt kynnti stjórnin sér eftir föngum, hvernig sala á eignum verkalýðsfélaganna, sem voru í umsjá fulltrúaráðsins, hefði farið fram og hvaða heimild þáverandi stjórn þess hafði til þeirra ráðstafana. Hafi þá komið í ljós, að um sölurnar hafði ekki verið leitað álits

né heimildar meðlima fulltrúaráðsins, alþýðusambandsfélaganna í Reykjavík, enn fremur, að söluverð eignanna miðað við gangverð samsvarandi eigna á þeim tíma, sem salan fór fram, hafi verið svo lágt, að augsýnilegt sé, að hagsmunir eigendanna, fyrrgreindra félaga, hafi verið fyrir borð bornir. Að fengnum þessum upplýsingum tilkynnti stjórnin þær verkalýðsfélögunum í Reykjavík. Héldu mörg þeirra fundi um málið og samþykktu að óska eftir málshöfðun vegna sölunnar, og gáfu ellefu þeirra fulltrúaráðinu umboð til hennar til þess að fá rift sölunni.

Byggir stefnandi dómkröfur sínar í fyrsta lagi á því, að hinar seldu eignir hafi verið sameign félaga þeirra í Reykjavík, sem á hverjum tíma eru í Alþýðusambandi Íslands, en umsjón þeirra hafi verið falin fulltrúaráðinu eftir reglum þeim, sem samkvæmt lögum og venjum Alþýðusambandsins hafi gilt um þá starfsemi þess frá upphafi. Nánari reglur um framkvæmd þessarar umsjónar hafi verið í reglugerð fyrir fulltrúaráðið, sem sett var á fundi þess 12. júní 1939, en í 3. gr. hennar segir meðal annars: „Fulltrúaráðið hefur með höndum hin sameiginlegu mál sambandsfélaganna í Reykjavík, gætir hinna sameiginlegu eigna þeirra og stjórnar sameiginlegum fyrirtækjum þeirra.“ Heldur stefnandi því fram, að fyrirtækið Alþýðuhúsið Iðnó hafi verið eitt þeirra fyrirtækja og það ásamt húseigninni sameign verkalýðsfélaganna. Húseign þessa keypti fulltrúaráðið samkvæmt afsali, dagsettu 1. júlí 1929, fyrir kr. 130.000.00 með það fyrir augum að auðvelda fundahöld og aðra starfsemi verkalýðsfélaganna í Reykjavík. Sá ráðið um reksturinn og kaus stjórn fyrirtækisins, allt þar til er eignin var seld, sem fyrr segir. Samhliða starfseminni í Vonarstræti 3 rak fyrirtæki þetta veitingar í Ingólfs Café að Hverfisgötu 8—10, og rann arður þeirra til fyrirtækisins. Í 11. gr. fyrrgreindrar reglugerðar segir svo: „Hlutdeild einstakra félaga í sameiginlegum eignum er við það bundið (svo), að félagið sé í Alþýðusambandi Íslands og hafi kjörna fulltrúa í fulltrúaráðinu. Missir því hvert félag að fullu og öllu eignar- og umráðarétt í þessu falli, sem hættir að vera í Alþýðusambandi Íslands eða hættir að hafa fulltrúa í ráðinu. — Félög, sem ganga í Alþýðusambandið og senda fulltrúa í fulltrúaráðið, öðlast með því fullan rétt í sameiginlegum fjármálum á móts við eldri félögin.“ Telur stefnandi, að af þessu sé ljóst, að fulltrúaráðinu beri um rekstur og ráðstafanir á sameiginlegum eignum að gæta hagsmuna verkalýðsfélaganna og fara að vilja félagsmanna þeirra á hverjum tíma. Þess vegna hafi fulltrúarnir ekki frekari ráðstöfunarrétt eigna þeirra, sem ráðið hefur umsjón með, en umboð þeirra frá hinum skipulagða verkalýð í verkalýðssamtökunum nær. Í 10. gr. marg-nefndrar reglugerðar segir svo: „Fulltrúaráðið kýs nefndir og stjórnir til að veita forstöðu sérstökum fyrirtækjum eða framkvæmdum, sem fulltrúaráðið ræður yfir. Þær skulu starfa samkvæmt reglugerðum hlutaðeigandi fyrirtækja og fara með umboð fulltrúaráðsins við allar skuldbindingar vegna þeirra fyrirtækja, sem þær eiga að stjórna, svo sem kaup og sölu á fasteignum og öðru, veðsetningar og lántökur. Þó skulu allar veðsetningar, kaup og sala á fasteignum áður hafa hlotið samþykki full-

trúaráðsins." Telur stefnandi, að hér sé aðeins rætt um ráðstöfunarrétt á einstökum eignum, þegar um er að ræða áframhaldandi rekstur fyrirtækis, þannig að fulltrúaráð og kosnar stjórnir einstakra fyrirtækja hafi aðeins rétt til slíkra ráðstafana, þegar hinn venjulegi rekstur fyrirtækis gerir það nauðsynlegt. Hins vegar hafi hvorki fulltrúaráðið né stjórnir hinna einstöku fyrirtækja heimild til sölu fyrirtækja þeirra, sem ráðinu sé falið að gæta og reka til hagsbóta fyrir félögin og meðlimi þeirra, nema með sérstöku umboði hverju sinni frá hinum raunverulegu eigendum fyrirtækjanna.

Stefnd byggja sýknukröfur sínar fyrst og fremst á því, að fulltrúaráðið hafi keypt Vonarstræti 3 fyrir eigin reikning, þar eð því hafi borizt tilboðið um kaupin, það hafi samþykkt kaupin, tekið lán til þeirra og afsal verið gefið út því til handa. Allt þetta átti sér stað, án þess að álits verkalýðsfélaganna væri leitað, enda hafi málið ekki snert þau, sem ekki voru kaupendur né báru ábyrgð á kaupunum. Eftir að fulltrúaráðið keypti Iðnó, hafi oft verið tekið lán til hússins, og hafi ráðið ávallt tekið þau lán og borið ábyrgð á þeim, án þess að félögin kæmu þar nærri. Telja stefnd þetta sanna, að fulltrúaráðið sjálft hafi verið einkaeigandi hússins og starfsemi þeirrar, sem rekin var á þess vegum, og hafi ráðinu því verið heimilt að selja eign þessa að eigin vild án þess að leita samþykkis annarra. Telja stefnd þessu til stuðnings þá sölu, sem fram fór á sama hátt á eignum fulltrúaráðsins við Hverfisgötu 8—10 á árinu 1934, er aldrei síðan hefur verið véfengd. Auk þess telja stefnd, að hér hafi ekki verið um raunverulega sölu eignanna að ræða, þar eð Alþýðuhús Reykjavíkur h/f hafi verið stofnað af fulltrúaráðinu og félögum þeim, sem að því stóðu, og hinir sömu aðiljar séu enn hluthafar í félaginu, sem hafi hinn sama tilgang sem fulltrúaráðið, að því er varðar rekstur eignanna.

Af lögum Alþýðusambands Íslands frá 1938, IX. kafla, svo og margnefndri reglugerð fyrir fulltrúaráðið, sem sett er samkvæmt ákvæðum hans og telja verður hafa gilt, er ráðstöfun þessi var gerð, er ljóst, einkum þegar gætt er orðalags 3., 10., 11. og 14. gr. reglugerðarinnar, að þær eignir, sem voru í umsjá fulltrúaráðsins, voru sameiginleg eign þeirra félaga, sem fullnægðu skilyrðum 11. gr. reglugerðarinnar.

Í öðru lagi byggja stefnd sýknukröfu sína á því, að fulltrúaráðið hafi haft fulla og ótakmarkaða heimild til þess að selja og afsala hverri þeirri eign, er það hafði umsjón með, og hafi þessi ráðstöfun því farið fram með löglegu móti.

Fulltrúaráðinu er veitt umboð það, sem hér ræðir um, með 2. mgr. 66. gr. laga Alþýðusambandsins, en þau ákvæði eru samhljóða því, sem þegar hefur verið tilfært hér að framan úr 3. gr. reglugerðarinnar, sem er, eins og fyrr greinir, sett samkvæmt sömu lagagrein. Hér að framan hafa einnig verið rakin þau ákvæði 10. gr. reglugerðarinnar, sem skipta hér máli. Af ákvæðum þessum verður ekki séð, að fulltrúaráðið hafi þurft að afla sér frekara umboðs en í þeim felst til þess að veðsetja eða selja sam-

eiginlegar fasteignir sambandsfélaganna, og verða kröfur stefnanda því eigi til greina teknar á þessum grundvelli.

Í öðru lagi byggir stefnandi dómkröfur sínar á því, að þótt fulltrúaráðið yrði talið hafa heimild til slíkra ráðstafana sem þeirra, er mál þetta er af risið, sé sú ráðstöfun allt að einu ógild, þar eð ekki hafi verið farið eftir settum reglum um samþykkt hennar í fulltrúaráðinu. Tillaga um að selja eignina kom fram á fundi ráðsins hinn 17. apríl 1940, og var samþykkt að láta fram fara tvær umræður og tillögunni jafnframt vísað til annarrar umræðu. Hún fór fram á fundi hinn 1. júlí 1940, og var tillagan samþykkt þá. Í 8. gr. oftnefndrar reglugerðar segir, að fundi fulltrúaráðs skuli boða með auglýsingu í Alþýðublaðinu með sólarhrings fyrirvara, og séu þeir þá lögmætir, hvernig sem til tekst um fundarsókn. Þar er og heimilað, ef sérstök nauðsyn krefur, að boða fund með styttri fyrirvara, enda samþykki allir stjórnendur það. Slíkur fundur er því aðeins ályktunarfær, að helmingur fulltrúa a. m. k. sæki hann. Stefnandi heldur því fram, að fundurinn 1. júlí hafi ekki verið boðaður með sólarhrings fyrirvara, og hafi því þurft að sækja hann a. m. k. helmingur fulltrúa. Nú hafi á þessum tíma verið 80 fulltrúar í ráðinu, en fund þenna sóttu aðeins 28 fulltrúar, og af þeim greiddu 26 atkvæði með tillögunni, en 2 á móti. Fundurinn hafi því ekki verið ályktunarfær og sala stjórnarinnar samkvæmt þeirri samþykkt því markleysa ein.

Stefnd hafa mótmælt þessari staðhæfingu stefnanda og færa fram þessi rök:

Í 1. gr. reglugerðar fyrir fulltrúaráðið segir svo: „Fulltrúar þeirra félaga í Reykjavík, sem eru í Alþýðusambandi Íslands og setu eiga á sambandsþingi með fullum réttindum, mynda fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Reykjavík samkvæmt 66. gr. Alþýðusambandslaganna, enda greiði félögin skatt til fulltrúaráðsins samkvæmt 13. gr. reglugerðar þessarar." Skatt þenna hafi ekki fleiri en 12 félög greitt, þannig að þau hefðu rétt til að hafa fulltrúa í ráðinu. Þessi 12 félög hafi átt samtals 44 fulltrúa, og sé þar með fullnægt ákvæðum 8. gr. um fundarsókn, þrátt fyrir það að fundurinn 1. júlí var boðaður samdægurs. Fundurinn hafi því verið ályktunarfær og samþykkt sölunnar gild.

Stefnandi hefur ekki vefengt þá staðhæfingu stefndra, að ekki fleiri en 12 félög hafi verið skuldlaus, né heldur fulltrúafjölda þeirra á þeim tíma. Verður því að leggja hana til grundvallar og telja, að samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar hafi fundur þessi verið lögmætur. Verða dómkröfur stefnanda því ekki teknar til greina af þessum sökum.

Í þriðja lagi styður stefnandi kröfur sínar við það, að þótt ráðstöfun sú, er að framan greinir, verði að öðru leyti talin gild, beri samt sem áður að ómerkja hana vegna þess, að fulltrúaráðið hafi misbeitt umboði sínu með því að selja eignirnar svo vægu verði, að það megi nánast telja gjöf. Hefur það og bent á, að ýmsir fulltrúanna voru þá hluthafar í hinu stefnda hlutafélagi, og sé salan enn varhugaverðari, að því er söluverðið snerti, fyrir þær sakir. Hefur stefnandi látið fara fram mat dómkvaddra

manna á hinum seldu eignum, og nemur það kr. 237.279.00 miðað við verðlag á afsalsdegi. Fasteignamat hússins nam þá kr. 126.600.00, en brunabótamat kr. 187.790.00, og var það á árinu 1942 hækkað í kr. 400.670.00.

Loks hefur stefnandi til aukins rökstuðnings kröfum sínum á hendur hinu stefnda hlutafélagi bent á það, að í stjórn þess áttu sæti, er sala fór fram, tveir meðlimir fulltrúaráðsins og annar þeirra í stjórn ráðsins. Því hljóti félaginu að hafa verið kunnugur heimildarbrestur seljanda og það því ekki í góðri trú um gildi afsalsins.

Stefnd hafa eindregið mótmælt því, að söluverðið hafi verið óeðlilega lágt. Þvert á móti megi telja það sanngjarnt, þegar þess sé gætt, að ekki megi byggja af nýju á lóðinni, ef húsið brenni eða verði rifið, og ekki megi heldur framkvæma á því meiri háttar viðgerðir. Þá hafa þau og haldið því fram, að hlutabréfin í Alþýðuhúsi Reykjavíkur h/f séu lítils, jafnvel einskis virði vegna ákvæða samþykkta þess. Loks hafa stefnd mótmælt því, að lögmæti sölunnar hafi verið véfengt fyrr en mál þetta var höfðað, og telja, að sambandsfélögin hafi samþykkt hana með aðgerðaleysi sínu í fjögur ár.

Þegar virt eru gögn málsins um þáverandi verðmæti eignanna og söluverð þeirra og þess jafnframt gætt, hversu víðtækt umboð fulltrúaráðinu var falið til slíkra ráðstafana, þykir ekki unnt að telja söluverðið svo lágt ákveðið, að stefnandi geti borið það fyrir sig til riftunar kaupunum. Auk þess þykir svo langur tími liðinn frá því, að ætla má, að stefnanda og umbjóðendum hans hafi orðið kunnugt um söluna, og þar til er hafizt var handa um kröfugerð þessa, að telja verður þau hafa firrt sig þeim rétti, er þau álíta sig hafa á hendur stefndum í máli þessu..

Málalok verða því þau, að stefnd verða sýknuð af kröfum stefnanda í málinu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari hefur kveðið upp dóm þenna. Uppsaga hans hefur dregizt um venju fram, og stafar það bæði af embættisönnum og því, að mál þetta er allviðamikið.

Dómsorð:

Stefnd, Alþýðuhús Reykjavíkur h/f, Jón Axel Pétursson, Jónas Guðmundsson, Guðgeir Jónsson, Sigurður Ólafsson og Jónína Guðjónsdóttir, skulu vera sýkn í máli þessu af kröfum stefnanda, fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Reykjavík f. h. Bifreiðastjórafélagsins Hreyfils, Félags blikksmiða í Reykjavík, Félags járniðnaðarmanna í Reykjavík, Félagsins Skjaldborgar, Iðju, Rakarasveinafélags Reykjavíkur, Starfsstúlknafélagsins Sóknar, Sveinafélags húsgagnasmiða í Reykjavík, Sveinafélags skipasmiða í Reykjavík, Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og Þvottakvennafélagsins Freyju.

Málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 21. júní 1949.

Nr. 99/1948. **Réttvísin og valdstjórnin** (Hermann Jónasson)
gegn
Kristjáni Helga Benjamínssyni
(Lárus Jóhannesson).

Bifreiðalagabrot. Líkamsáverkar. Áfengislagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Bilun á hemlum á bifreið ákærða var aðalorsök slyss þess, sem ákærða er gefið að sök, en telja verður, að ákærði hafi ekið of hart á slysstaðnum, sem er sérstaklega hættulegur, og tekið of seint að reyna að skipta úr þriðja yfir í lægra ganghraðastig, og verður að meta þenna aðgæzluskort hans samorsök slyssins, en sýnt þykir, að ákærði hafi sýnt snarræði, er í óefni var komið, til að afstýra meira slysi. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin kr. 5000.00 sekt í ríkissjóð, er afplánist tveggja mánaða varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Með tilvísun til fortíðar ákærða þykir bera að svipta hann ökuleyfi ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 700.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Kristján Helgi Benjamínsson, greiði kr. 5000.00 sekt í ríkissjóð, er afplánist tveggja mánaða varðhaldi, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ævilangt rétti til að stjórna bifreið.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar,

þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Hermanns Jónassonar og Lárusar Jóhannessonar, kr. 700.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 31. maí 1948.

Ár 1948, mánudaginn 31. maí, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2663/1948: Réttvísin og valdstjórnin gegn Kristjáni Helga Benjamínssyni, — sem tekið var til dóms hinn 18. sama mánaðar.

Málið er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn ákærðum, Kristjáni Helga Benjamínssyni bifreiðarstjóra, Drápuhlíð 6 hér í bæ, fyrir brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940, bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941, umferðarlögum, nr. 24 16. júní 1941, og áfengislögum, nr. 33 9. janúar 1935.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 8. febrúar 1914 á Akureyri, og hefur hann, svo að vitað sé, sætt eftirfarandi kærum og refsingum:

1934 24/5 Sætt, 20 kr. sekt fyrir of harðan akstur.
1934 8/10 Sætt, 20 kr. sekt fyrir of harðan akstur.
1934 27/10 Sætt, 20 kr. sekt fyrir of harðan akstur.
1934 7/11 Sætt, 10 kr. sekt fyrir afturljósleysi á bifreið.
1934 23/11 Kærður fyrir að aka bifreið á skíðasleða. Afgreitt með skaðabótum.
1937 1/2 Áminning fyrir bifreiðalagabrot.
1937 11/6 Kærður fyrir að aka bifreið á reiðhjól. Skýrsla send hlutaðeigandi vátryggingafélagi. Ekki talin ástæða til réttargerða.
1937 2/7 Sætt, 25 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögunum.
1937 5/9 Kærður fyrir ökuslys. Málið sent bæjarfógetanum í Hafnarfirði til meðferðar.
1937 9/10 Sætt, 25 kr. sekt fyrir bifreiðalagabrot.
1938 24/7 Undir rannsókn út af ökuóhappi. Skýrsla send hlutaðeigandi vátryggingafélagi. Ekki talin ástæða til málssóknar.
1938 12/9 Undir rannsókn út af ökuóhappi. Skýrsla send hlutaðeigandi vátryggingafélagi. Ekki talin ástæða til málssóknar.
1938 30/9 Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 60 kr. sekt fyrir of harðan bifreiðarakstur.
1939 27/9 Sátt, 10 kr. sekt fyrir brot á lögreglusamþ. Rvíkur.
1939 16/10 Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot á reglugerð 6. sept. 1939.
1939 25/11 Sátt, 10 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.
1940 4/11 Áminning fyrir brot á umferðarreglum í Hafnarfirði.

1940 6/12 Undir rannsókn út af ökuóhappi. Skýrsla send hlutaðeigandi vátryggingafélagi. Ekki talin ástæða til málssóknar.
1943 19/7 Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og ryskingar á almannafæri.
1944 28/6 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 300 kr. sekt fyrir brot gegn 218. gr. hegningarlaganna og 3. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþ. fyrir Reykjavík með hliðsjón af 4. tölul. 74. gr. hegningarlaganna. Dómur Hæstaréttar í sama máli 7/3 1945, 15 daga varðhald og 1700 kr. skaðabætur fyrir brot gegn 217. gr. hegningarl. og 3. sbr. 96. gr. lögreglusamþ. Rvíkur.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

I.

Um kl. 10 að morgni laugardagsins 20. júlí 1946 lagði áætlunarbifreiðin D. 11 af stað frá Reykjavík, og var förinni heitið vestur í Dali. Ákærður ók bifreiðinni, sem var eign Guðbrands Jörundssonar, sérleyfishafa á þessari leið. 22 farþegar, þar af eitt barn, voru í bifreiðinni frá upphafi ferðarinnar. Ákærður var starfsmaður Strætisvagna Reykjavíkur um þessar mundir, en hafði ekið bifreiðinni D. 11 þrjár áætlunarferðir vestur í Dali þetta sumar svo og nokkrar aukaferðir um Suðurland. Ákærður ók sem leið liggur fyrir Hvalfjörð með viðkomu í Ferstiklu. Er hann var staddur á veginum undir Hafnarfjalli, kveðst hann hafa orðið var bilunar í hægri afturfjöður bifreiðarinnar og hafi bilunin verið í því fólgin, að fremra „auga" fjaðrarinnar brotnaði, og gekk hægra afturhjól við það aftur að hjólskál. Nam ákærður nú staðar til að færa þetta í lag, og kveðst hann hafa gert það með þeim hætti, að hann tók fjaðrahengslið burt og setti fjöðrina fasta að aftan, en að framan hafi fjöðrin legið á „boltanum". Hélt ákærður nú áfram ferðinni, eftir að viðgerð þessi hafði farið fram, en hún mun hafa tekið um 3—4 stundarfjórðunga. Um kl. 3 e. h. umræddan dag kveðst ákærður hafa verið kominn að Svignaskarði í Borgarhreppi. Heldur hann því fram — og heldur fast við þann framburð sinn —, að litlu síðar, þ. e. fyrir ofan Svignaskarð, hafi hann mætt áætlunarbifreiðum, sem voru á leið til Reykjavíkur vestan úr Dölum. Námu nú bifreiðarnar staðar, og töluðust stjórnendur þeirra og farþegar eitthvað við. Hefur ákærður tekið fram, að hann hafi við þetta tækifæri orðað það við Júlíus Sigurðsson, sem ók annarri Dalabifreiðinni, hvort óhætt myndi vera að halda ferðinni áfram vegna bilunarinnar í afturfjöðrinni, sem fyrr er vikið að, en Júlíus hafi talið öllu óhætt eftir viðgerðina. Segist ákærður, meðan á þessari viðdvöl stóð, hafa litið á, hvort það, sem hann hafði þá nokkru áður gert við, væri í lagi, og hafi svo reynzt vera, svo og áður, þegar hann hafi aðgætt það, en það kveðst hann hafa gert fleirsinnis, eftir að viðgerðin fór fram, þar til er komið var á fyrrnefndan stað. Eftir þetta hélt ákærður enn af stað og kveðst hafa verið búinn að skipta bifreiðinni upp í 3. af fjórum ganghraðastigum, er komið var að hallanum, þar sem kröpp bugða er á veginum um 20—30

metra fyrir vestan gljúfurbarm Gljúfurár. Beygir vegurinn þarna til norðurs og liggur síðan í aflíðandi halla um 50—60 m skáhallt niður að gljúfurbarminum, en þar þverbeygir hann aftur til austurs og út á sjálfa brúna yfir ána, sem þarna mun vera um 7 metrar á breidd, en brúin um 14 metrar á lengd, mjög mjó. Gizkar ákærður á, að þegar hér var komið, hafi hann ekið með um 20 km hraða miðað við klst., enda telur hann bifreiðina ekki hafa verið komna á fulla ferð, eftir að hann ók af stað, þar sem hann mætti Dalabifreiðinni. Hugðist hann nú hægja á ferðinni vegna beygjunnar og skipta hreyflinum niður í 2. ganghraðastig, og hafi hann jafnframt þessu stigið á fóthemil bifreiðarinnar. Kveðst hann þá þegar hafa orðið þess var, að hemillinn verkaði ekki, þótt hann stigi hann til botns hvað eftir annað. Af þessum sökum hafi bifreiðin ekki hægt neitt á sér, og hafi honum ekki tekizt að skipta hreyfli hennar í 2. ganghraðastig, heldur aðeins í „hlutlaust". Er fóthemill bifreiðarinnar brást, kveðst ákærður hafa tekið í handhemil hennar, en ekki hafi hann þvingað nægilega til að stöðva hana. Tók hann nú það til bragðs að aka út af veginum til hægri, lítið eitt ofan við steinvegg, sem er til hlífðar sunnan við umrædda beygju, þar sem hún er kröppust. Er út af veginum kom, valt bifreiðin vegna hliðarhalla, fyrst á vinstri hlið, síðan valt hún á þakið og stöðvaðist loks á hægri hlið. Telur ákærður, að afturendi bifreiðarinnar hafi þá legið uppi á veginum. Ekki telur hann veltuna hafa verið mjög snögga, en rúður á vinstri hlið bifreiðarinnar muni hafa brotnað, er hún lagðist á þá hlið, en er bifreiðin valt á hægri hliðina, hafi glerbrotunum rignt yfir farþegana.

Við veltuna kom upp eldur í bifreiðinni, og telur ákærður hans fyrst hafa orðið vart undir mælaborði hennar. Var reynt að slökkva hann með litlu handslökkvitæki, en ekki vann slökkviefnið neitt á honum. Breiddist hann óðfluga út, og brann bifreiðin þarna til kaldra kola. Ákærður, sem hafði ekki hlotið nein meiðsli við hnjaskið, komst fljótlega út úr bifreiðinni og tók þegar að hjálpa farþegunum út, og tókst með hjálp símavinnumanna, sem voru við vinnu sína rétt hjá brúnni, að hjálpa þeim öllum (farþegunum) út úr bifreiðinni, áður en eldurinn læsti sig um hana. Munu einhverjir farþegar hafa hlotið nokkur brunasár, en um helmingur þeirra hlaut meiri og minni meiðsli við það, að bifreiðin valt, og verður þeirra nánar getið síðar. Eftir slysið voru þeir, sem slasazt höfðu, fluttir til Borgarness, þar sem gert var til bráðabirgða að meiðslum þeirra.

Ákærður telur orsakir slyssins hafa verið þær, að fóthemillinn hafi ekki þvingað, þegar til hans var gripið. Gizkar hann á, að komið hafi gat á hemlavökvaleiðslu, og hafi vökvinn við það lekið niður. Fóthemilinn kveðst hann hafa notað, þegar hann mætti Dalabifreiðunum, stuttu áður en slysið varð, og hafi hann þá verið í lagi. Hann telur útilokað, að bilun þessi hafi staðið í nokkru sambandi við bilunina, sem hann gerði við við Hafnarfjall fyrr um daginn og fyrr er getið. Ekki kveðst ákærður hafa orðið þess var, að bifreiðin D. 11 hafi verið í neinu ólagi yfirleitt í umræddri ferð. Hann hefur látið þess getið, að bifreiðin hafi runnið mjög

stuttan spöl, frá því að hann fann, að fóthemill þvingaði ekki, þar til er hann beygði henni út af veginum, gizkar á, að hún hafi runnið um lengd sína eða nokkra metra. Hann hefur einnig látið þess getið, að hann hafi farið að sofa rétt eftir kl. 1 eftir miðnætti aðfaranótt hins 20. júlí 1946 og sofið þar til um kl. 9 um morguninn. Áfengi kveðst hann ekki hafa bragðað um langan tíma, þegar slysið varð. Hann tók bifreiðarstjórapróf árið 1932 og fékk árið 1934 réttindi til að aka leigubifreið til mannflutninga. Vegurinn hjá slysstaðnum er um 7—8 metra breiður, en norðan við hann var um þessar mundir á slysstaðnum verið að grafa skurð fyrir jarðsímalínu, og telur ákærður, að uppgröfturinn úr skurði þessum hafi náð um 1 metra inn á veginn um margnefnda beygju og þannig mjókkað veginn, og auk þess hafi loftpressa, sem símavinnumenn voru þarna með, staðið innan við uppgröftinn á beygjunni, þar sem hún er kröppust, og hafi hún einnig mjókkað veginn stórlega á þessum slóðum. Hvorki um uppgröftinn né loftpressuna ber ákærðum fyllilega saman við símavinnumennina sjálfa, og verður ósamræmisins í framburði hans annars vegar og þeirra hins vegar nánar getið síðar. Margnefnt slys mun hafa orðið kl. 3—3½ umræddan dag. Veður var þá bjart og þurrt, sólskin og vegir þurrir. Samkvæmt nákvæmum uppdrætti, sem gerður hefur verið af slysstaðnum og umhverfi hans, virðist bifreiðin hafa ekið út af veginum og oltið um 30 metra frá gljúfurbarminum, þar sem styzt er til hans.

Eins og fyrr er getið, voru 22 farþegar í bifreið ákærðs, þegar slysið varð. Verða nú framburðir þeirra raktir, svo sem ástæða þykir til, svo og annarra, sem einhverjar upplýsingar hafa getað gefið um, með hvaða hætti slysið varð.

Vitnið Filippus Ámundason, járn- og koparsmiður, Brautarholti hér í bæ, sat í næstaftasta sæti bifreiðarinnar í umræddri ferð. Kveðst það af þeim sökum hafa fylgzt fremur lítið með akstri ákærðs, áður en slysið vildi til, en segir hann þó hafa ekið fremur hratt. Í Melasveit segir það bifreiðina hafa bilað, og lýsir það biluninni og viðgerðinni, sem vitnið aðstoðaði ákærðan við, með sama hætti og rakið er hér að framan í framburði hans. Ekki telur vitnið, að útbúnaður fjaðrarinnar, eftir að gert hafði verið við hana, hafi getað stuðlað að því, að hemlavökvarör færi í sundur. Það minnist þess ekki, að ákærður hafi litið á eða aðgætt, hvort viðgerð þessi dygði, fyrr en hann mætti Dalabifreiðunum, sem vitnið segir hafa verið nokkru fyrir neðan Svignaskarð, en þar hafi hann gert það ásamt stjórnendum Dalabifreiðanna og jafnframt farið þess á leit við þá, að þeir hefðu bifreiðaskipti við sig. Þó telur vitnið, að verið geti, að ákærður hafi aðeins litið eftir umbúnaðinum á fjöðrinni, sem bilaði, við Hvítárbrú. Það segir ákærðan hafa dregið úr hraða bifreiðarinnar, er hann ók út af veginum, og telur hraða bifreiðarinnar varla hafa verið undir 40 km miðað við klst. þá. Það varð þess ekki vart, að ákærður reyndi að hemla bifreiðinni um það leyti, sem hann ók út af veginum til hægri. Framkomu ákærðs segir vitnið hafa verið eðlilega í alla staði. Við slysið hlaut vitnið allmikil meiðsli, og hefur Þórður

læknir Þórðarson lýst þeim þannig í vottorði, út gefnu hinn 31. júlí 1947:

„Herra Filippus Ámundason, f. 2/8 1877, til heimilis í Brautarholti í Reykjavík, leitaði mín 25. júlí 1946 vegna meiðsla, sem hann sagðist hafa hlotið í bílslysi hinn 20. júlí s. ár.

Slasaði hafði sár á vinstra gagnauga — ca. 3 cm langt —, og höfðu verið tekin í það 3 spor. Vinstri úlnliður var þrútinn og aumur, og reyndist ölnin brotin (röntgenmynd 21/8 sýndi fract. proc. styloidici ulnae sin.).

Diagn.: Vulnus cæsum reg. supraorb. sin. Fractura proc. styl. ulnae sin.

Við síðari skoðun og myndatökur af v. úlnlið hafa sézt kalkmyndanir og liðbrjóskbreytingar í liðnum (rtg.-mynd 9/1 1947, sbr. einnig vottorð Karls Jónssonar læknis).

Slasaði var í nuddlæknismeðferð til 14. jan. þ. á. og hefur nú fulla flexion og extension í v. úlnlið, sömul. adduction og abduction, en rotation er mikið minnkuð og sár, og þess vegna getur slasaði ekki unnið öll þau störf, sem hann gat unnið áður."

Vitnið Garðar Dagbjartsson múraralærlingur, Ránargötu 23 hér í bæ, sat í aftasta sæti bifreiðar ákærðs, þegar slysið varð. Segir það bifreiðina hafa bilað skammt frá Hvanneyri í Borgarfirði, og hafi þá ákærður numið staðar og fært það í lag með aðstoð vitnisins, sem úr lagi hafði gengið, en því lýsir það á sama hátt og ákærður sjálfur hér að framan. Einu sinni eftir þetta segir vitnið ákærðan hafa litið eftir fjöðrinni, sem bilað hafði, og hafi hún þá reynzt vera í lagi. Ekki kveðst vitnið hafa veitt akstri ákærðs mikla athygli vegna þess, hve aftarlega í bifreiðinni það sat, en þó kveðst það hafa orðið þess vart, að hann reyndi að hemla, rétt áður en hann ók út af veginum, en þá telur það hann hafa ekið með 30—35 km hraða miðað við klst. Valt síðan bifreiðin á hliðina, er út af veginum kom, og rotaðist vitnið við hnjaskið, en var síðan hjálpað út úr bifreiðinni. Vitnið kveðst ekki hafa orðið vart við, að ákærður reyndi að skipta um ganghraðastig, áður en bifreiðin fór út af veginum, og ekki tók það heldur eftir, að hann reyndi að taka í handhemil hennar. Ekkert kveðst það hafa séð óeðlilegt við framkomu hans. Við veltu bifreiðarinnar hlaut vitnið nokkur meiðsli, og hefur Halldór læknir Hansen lýst þeim þannig í vottorði, út gefnu hinn 28. ágúst 1946:

„Sjúkl. Garðar Dagbjartsson, Ránargötu 23, hefur verið óvinnufær vegna afleiðinga af meiðslum þar til nú í dag. Hann slasaðist 20. júlí þ. á.

1. Vuln. contus. capit. (ca. 15 cm).
2. — punct. reg. dors.
3. Infract. costarum 9—11."

Vitnið Ásgeir Daníel Einarsson verkamaður, Eiríksgötu 35 hér í bæ, sat í framsæti bifreiðar D. 11 við hlið ákærðs í umræddri ferð. Segir það ákærðan hafa ekið skikkanlega á leiðinni og mjög vel og ekki hratt. Ekki

segir það heldur framkomu hans hafa verið óeðlilega að neinu leyti. Vitnið minnist þess, að bifreiðin bilaði á veginum undir Hafnarfjalli, en ekki veit það, hvernig gert var við bilunina, sem verið hafði í hægri afturfjöður. Við Andakílsá segir það ákærðan hafa stöðvað bifreið sína og litið eftir fjöðrinni, og hafi hún reynzt vera í lagi. Einhvers staðar í Borgarfirði segir vitnið bifreiðina hafa mætt áætlunarbifreiðum vestan úr Dalasýslu, og hafi ákærður þá numið staðar og átt tal við stjórnendur þeirra, en veit ekki, hvað þeim bifreiðarstjórunum fór þar á milli. Þegar bifreiðin fór út af veginum við Gljúfurá, kveðst vitnið hafa verið að horfa út um glugga. Það segir ákærðan hafa reynt að skipta um ganghraðastig í þessum svifum, því að það hafi heyrt urg í „gearkassa" bifreiðarinnar, en ekki hafi það tekið eftir, hvort hann hafi tekið í handhemilinn eða stigið á fóthemilinn. Þegar bifreiðin valt, missti vitnið meðvitund, en komst þó af eigin rammleik út úr henni. Það hlaut engin teljandi meiðsli við hnjaskið.

Vitnið Einar Stefán Einarsson verkamaður, Eiríksgötu 35 hér í bæ, sat í fremsta sæti bifreiðarinnar í ferðalaginu við hlið bróður síns, Ásgeirs Daníels, sem nýlega er nefndur. Er framburður þessa vitnis að mestu í samræmi við framburð bróður þess, sem rakinn er hér að framan. Ekki kveðst þó þetta vitni vita, hvort ákærður hafi aðgætt, hvort viðgerðin á margnefndri afturfjöður væri traust, eftir að hann framkvæmdi hana. Hins vegar hefur það borið, að bifreiðarstjórarnir hafi rætt um viðgerðina á fjöðrinni, þegar bifreiðin, sem það var í, mætti bifreið vestan úr Dölum í Borgarfirðinum og ákærður nam staðar og hafði tal af stjórnanda hennar. Einnig hefur vitnið borið, að ákærður hafi reynt að hemla bifreiðinni, rétt áður en slysið varð, en ekki tekizt. Það hefur látið þess getið, að farþegarnir í bifreiðinni hafi rætt um það á leiðinni, að ákærður æki jafnt og vel. Engin teljandi meiðsli hlaut vitnið við veltu bifreiðarinnar.

Vitnið Teitur Magnússon húsasmiður, Jófríðarstöðum við Kaplaskjólsveg hér í bæ, var einn af farþegunum í bifreið ákærðs, þegar slysið varð. Segir það hægri afturfjöður bifreiðarinnar hafa bilað, er komið var fyrir Hafnarfjall, og lýsir það biluninni nánar og viðgerðinni á fjöðrinni á sama hátt og hér að framan hefur verið rakið. Rétt áður en slysið varð, segir vitnið bifreiðina hafa mætt áætlunarbifreiðum úr Dölum, og hafi ákærður þá numið staðar svo og hinar Dalabifreiðarnar. Framburður þessa vitnis um það, með hvaða hætti slysið varð, er í samræmi við framburði framangreindra vitna, svo langt sem hann nær. Það hlaut lítils háttar skurð á höfði, en meiddist annars lítið við veltu bifreiðarinnar, og var gert að meiðslunum í Borgarnesi samdægurs.

Vitnið Þorvarður Þorsteinsson verkamaður, Nýlendu við Nýlendugötu hér í bæ, sat í aftasta sæti bifreiðar ákærðs í umræddri ferð. Segir það ferðina hafa gengið vel, þar til er komið var upp í Borgarfjörð, en þar hafi afturfjöður í bifreiðinni bilað, og hafi ákærður þá numið staðar og

gert við það, sem aflaga hafði farið, en ekki veit vitnið, hvernig hann framkvæmdi viðgerðina. Vitnið kveður ákærðan einu sinni hafa numið staðar eftir þetta til að gæta að fjöðrinni, sem bilað hafði, og reyndist hún þá vera í lagi. Það segir bifreið ákærðs og Dalabifreiðarnar, sem áður hefur oft verið minnzt á, hafa mætzt við Svignaskarð í Borgarhreppi. Vegna þess, hvað vitnið sat aftarlega í bifreiðinni, kveðst það ekki hafa fylgzt með akstri ákærðs, og hafi það ekki vitað fyrr til en bifreiðin var komin út af veginum. Þó telur það ákærðan hafa ekið hægt og rólega, en treystir sér ekki til að áætla hraðann nánar. Ekkert segir vitnið hafa verið óeðlilegt við framkomu ákærðs. Það hlaut allmikil meiðsli í slysinu, viðbeinsbrotnaði, og hefur Björgvin Finnsson læknir lýst meiðslum þess þannig í vottorði, út gefnu hinn 6. nóv. 1946:

„Hr. Þorvarður Þorsteinsson, Nýlendugötu, hefur gengið hingað síðan 11. sept. 1946 vegna fract. claviculae sin., sem hann hlaut í bifreiðarslysi við Gljúfurá hinn 20/7 1946.

Er hann nú að mínum dómi fær um að byrja að vinna aftur."

Vitnið Sigurjón Hreiðar Gestsson verkamaður, Ægissíðu 107 hér í bæ, sat í næstaftasta sæti bifreiðarinnar í umræddri ferð. Telur það, að bifreiðinni hafi yfirleitt verið ekið allhratt í ferðalaginu, en þó ekki sérstaklega ógætilega. Vitnið minnist þess, að neðarlega í Borgarfirði brotnaði fjöður undir bifreiðinni, og hafi ákærður þegar gert við þessa bilun. Rétt áður en slysið varð, hafi bifreiðin D. 11 mætt 2 bifreiðum vestan úr Döllum, og sá vitnið stjórnendur þessara bifreiða ásamt ákærðum athuga fjöðrina, sem við hafði verið gert, en ekki kveðst það hafa heyrt samtal bifreiðarstjóranna við þetta tækifæri. Ekki kveðst það geta gizkað nákvæmlega á, með hve miklum hraða bifreiðin hafi ekið, er hún kom að beygjunni við Gljúfurá, en telur þó, að hún hafi ekið hraðar en með 20 km hraða miðað við klst., og gizkar á, að hraði hennar hafi þá verið um 40 km miðað við klst., án þess að það vilji þó fullyrða þetta. Vitnið minnist þess, að það heyrði urg í „gearkassa" bifreiðarinnar, rétt áður en henni var sveigt út af veginum, en ekki hafi það tekið eftir, að ákærður stigi á fóthemilinn eða tæki í handhemilinn, enda hafi það setið svo aftarlega í bifreiðinni, að það hafi ekki getað fylgzt með slíkum hreyfingum ákærðs. Í slysinu hryggbrotnaði vitnið og hlaut önnur minni meiðsli. Hefur Friðrik aðstoðarlæknir Einarsson lýst meiðslunum og líðan vitnisins þannig í vottorði, út gefnu hinn 5. júlí sl.:

„Sigurjón Hreiðar Gestsson, f. 28/1 1930, til heimilis Ægissíðu 107 í Reykjavík, lá á handlækningadeild Landspítalans 17/8—28/11 1946 vegna *beinbrots á hryggjarlið.*

Við komu sjúkl. hingað á spítalann var skýrt svo frá, að bíll hefði oltið með sjúkl. við Gljúfurá í Borgarfirði 20. júlí 1946 og hefði hann þá meiðzt og haft verki í baki síðan, en þó lengst af verið á fótum.

15/8 1946 var tekin röntgenmynd af sjúkl. hér á Landspítalanum (nr. 57004/1946) og fannst þá brotinn II. mjóbaks hryggjarliður.

Við rannsóknina hér á deildinni (17/8 '46) voru mikil eymsli í hryggnum svarandi til brotstaðarins.

Ný röntgenmynd, tekin 15/11 '46, sýndi, að brotið var nú nokkuð gróið, en það var komin kryppa á hrygginn og auk þess hryggskekkja.

Þegar þessi útdráttur úr sjúkraskránni er tekinn (4/7 '47), er sjúkl. enn alveg ófær til vinnu, og má búast við, að hann þurfi að leggjast inn á spítala aftur til frekari aðgerða."

Vitnið Trausti Gestsson verkamaður, Ægissíðu 107 hér í bæ, sat í næstaftasta sæti bifreiðarinnar í ferðinni við hlið bróður síns, Sigurjóns Hreiðars. Er framburður þess að mestu í samræmi við framburð bróður þess, sem hér að framan er rakinn. Segir þetta vitni, að ákærður hafi yfirleitt ekið greitt alla leiðina og hafi bifreiðin verið á talsverðri ferð, rétt áður en hún fór út af veginum, en ekki treystir það sér til að gizka nánar á um hraðann. Varð vitnið þess vart, að ákærður reyndi að taka í handhemilinn og reyndi að skipta um ganghraðastig, en ekki hafi skiptingin tekizt. Það segir ekkert hafa verið óeðlilegt við framkomu ákærðs, og minnist það þess, að haft var orð á því við ákærðan í ferðinni, hve vel og jafnt hann æki. Ekki hlaut vitnið nein teljandi meiðsli, þegar bifreiðin valt.

Vitnið Kristinn Sveinsson iðnnemi, Ljósvallagötu 20 hér í bæ, sat í næstaftasta sæti bifreiðarinnar í ferðinni. Telur það, að ákærður hafi ekið með hæfilegum hraða á leiðinni yfirleitt, og kveðst aldrei hafa orðið þess vart, að hann sýndi neina óvarkárni við aksturinn. Þetta vitni segir bifreiðina hafa bilað í Hafnarskógi, gegnt Borgarnesi, og telur bilunina hafa legið í því, að vinstri afturfjöður hafi lagzt niður, en þetta álit þess mun vera á misskilningi byggt, þar eð það mun hafa verið hægri afturfjöður, sem úr lagi gekk. Vitnið minnir, að það hafi verið nálægt Hvítárbrú, sem bifreiðin D. 11 mætti að minnsta kosti 1 áætlunarbifreið, sem var að koma vestan úr Dölum, og segir það þá báðar bifreiðarnar hafa numið staðar og hafi bifreiðarstjórarnir tekið tal saman. Heyrði það á samtali þeirra, að ákærður fór fram á það við hinn bifreiðarstjórann, að hann skipti við sig á bifreið, en ekki hafi hann fallizt á það. Þegar komið var að bugðunni við Gljúfurá, telur vitnið hraða bifreiðarinnar hafa verið 30—40 km miðað við klst. Ekki sá það ákærðan reyna að hemla bifreiðinni, áður en að beygjunni kom, eða á henni, en það hafi heyrt urga í „gearkassa" hennar, eins og verið væri að reyna að skipta um ganghraðastig, en veit ekki, hvort skiptingin tókst. Eftir þetta hafi ákærður beygt út af veginum í miklum flýti, og valt síðan bifreiðin. Við veltuna hlaut vitnið allmikil meiðsli, og hefur Gunnar læknir Cortes lýst þeim þannig í vottorði, út gefnu hinn 19. september 1946:

„Þ. 22. júlí sl. kom til mín hr. Kristinn Sveinsson, Ljósvallagötu 20, vegna meiðsla, er hann hafði hlotið í bílslysi 2 dögum áður.

V. megin á enni, alveg uppi undir hársverði, var 6 cm langt sár, sem hafði verið saumað saman með 5 silkiþráðum. Húðin cranialt við sárið var tilfinningarlaus á lófastórum bletti. Sjl. mundi ekkert eftir, með

hverjum hætti slysið varð né hvað gerðist fyrsta klukkutímann eftir slysið. Hann kvartaði um þyngsli í höfði og dál. svima. Tveim dögum seinna, 24/7, skoðaði ég hann aftur, og var þá komið fram dál. subconjunctivalt hæmatom, nasalt í v. auga. Var þá tekin röntgenmynd af cranium, en engin fractura kom í ljós. Ca. 3—4 vikum eftir slysið vildi sjl. fara að vinna, og leyfði ég honum það til reynslu, en hann varð að hætta aftur vegna svima og þyngsla í höfði.

Það er enn tilfinningarlaus blettur í hársverðinum. Öll cardinal symptom eru nú horfin, og sjl. hefur unnið í 3 daga og virtist þola það vel. Á enninu er ör, ekki sérlega áberandi, og á eftir að „dofna" dál. enn.

Diagnosis: Commotio cerebri v. contusum reg. front.

Obs. f. fractura cranii."

Ekki kvaðst vitnið enn hafa náð sér eftir áfallið, þegar það var yfirheyrt hinn 18. desember 1946, þar eð það kvaðst þá oft finna enn til þrauta kringum hinn tilfinningarlausa blett á höfði sínu.

Vitnið Guðbjörg Ágústa Þorsteinsdóttir húsfrú, Ránargötu 23, var farþegi í bifreiðinni í umræddri ferð ásamt manni sínum, Garðari Dagbjartssyni, sem fyrr er minnzt á. Ekki veit þetta vitni, hvernig gert var við aðra afturfjöður bifreiðarinnar, sem það segir hafa bilað, er komið var upp í Borgarfjörð. Nokkru eftir að gert hafði verið við fjöðrina, minnir það, að ákærður hafi numið staðar og hugað að, hvort viðgerðin dygði, og hafi hún þá reynzt vera í lagi. Þegar bifreiðin fór út af veginum, kveður vitnið henni ekki hafa verið ekið hart, ekki hraðar en áætlunarbifreiðum er venjulega ekið. Varð það þess vart, að ákærður reyndi að stíga á hemilinn, en hann hafi þá ekki þvingað neitt. Ekki segir vitnið neitt hafa verið athugavert við framkomu ákærðs, og fannst því hann aka vel. Í slysinu hlaut vitnið nokkur meiðsli, og hefur Halldór læknir Hansen lýst þeim þannig í vottorði, út gefnu hinn 27. ágúst 1946:

„Sjúkl. Guðbjörg Ág. Þorsteinsdóttir, Ránargötu 23, er varð fyrir bílslysi 20. júlí þ. á., er nú aftur vinnufær.

[1. Vuln. contus. capiti, ca. 5 cm.

2. Contusio region. cubit. sin.

3. — — brachii post. dext.]."

Vitnið Theódóra Þorsteinsdóttir húsfreyja, Nýlendu við Nýlendugötu hér í bæ, var farþegi í bifreiðinni D. 11 í umræddri ferð, og hefur það að mestu skýrt á sama hátt frá málavöxtum og systir þess, Guðbjörg Ágústa, sem nefnd er hér að framan. Ekki kveðst vitnið vita, hver orsök slyssins var, en segir sér hafa fundizt ákærður aka hægt og vel, er hann beygði út af veginum, eins og hann hafi gert alla leiðina. Ekki segir það neitt hafa verið athugavert við framkomu ákærðs. Við hnjaskið, er bifreiðin valt, hlaut vitnið allmikil meiðsli, og hefur Kristján Hannesson læknir lýst þeim þannig í vottorði, út gefnu hinn 20. jan. 1947:

„Frú Theódóra Þorsteinsdóttir, Nýlendugötu 29, Rv., hefir verið hjá mér til meðferðar vegna afl. eftir bílslys, er varð þann 20/7 1946.

Hægri öxl og upphandleggur og herðablað marðist mjög mikið, tognaði í lið og blæddi á axlarlið. Nú getur sjl. unnið öll venjuleg húsmóðurstörf. Hreyfingar í axlarlið eðlilegar og kraftur í hendi eðlilegur. Sjúkl. kom til mín fyrst 30/7 1946 og útskrifaðist þann 20/1 1947."

Vitnið Sigríður Þórunn Franzdóttir, Lindargötu 27 hér í bæ, sat sem næst í miðri bifreiðinni í ferð þessari. Segir það ákærðan hafa ekið fremur hratt, en vel á leiðinni að slysstaðnum, og hafi verið haft orð á því, rétt áður en slysið varð. Vitnið minnist þess, að bifreiðin bilaði einhvers staðar í Borgarfirði, og hafi ákærður þá þegar gert við bilunina, sem það telur hafa legið í því, að fjöður hafi brotnað. Einnig segir það bifreiðina hafa mætt bifreiðum, sem voru að koma vestan úr Dölum, einhvers staðar í Borgarfirði, og hafi bifreiðarnar þá allar numið staðar og stjórnendur þeirra litið á viðgerðina á fjöðrinni og talið hana nægilega örugga. Hafi þá komið til tals, að skipt yrði á bifreiðum, en ekki hafi orðið af því. Skammt fyrir ofan slysstaðinn tók vitnið eftir því, að ákærður hemlaði bifreiðinni, því að það segir bifreiðina þá hafa rykkzt lítið eitt til, en hafi þó hægt lítið á sér. Þá kveður það ákærðan hafa reynt að skipta um ganghraðastig, því að iskrað hafi í „gearkassanum", en eigi hafi skiptingin tekizt. Ekki sá það ákærðan taka í handbremsuna. Eftir þetta hafi svo ákærður beygt út af veginum, og telur vitnið hraða bifreiðarinnar hafa verið nokkuð mikinn þá, en treystir sér ekki til að ákveða hann nánar. Við slysið hlaut vitnið nokkur meiðsli, og hefur Árni læknir Pétursson lýst þeim þannig í vottorði, út gefnu hinn 16. janúar 1947:

„Þ. 22. júlí sl. var mín vitjað til Sigríðar Þ. Franzdóttur, Lindargötu 27, Reykjavík. Hafði hún lent í bílslysi tveim dögum áður. Það, sem ég fann að henni, var þetta:

1. ca. 5 cm langt skurðsár á enni (hafði verið saumað af lækni í Borgarnesi, 3 saumar og tvær sáraklemmur), 2. glóðarauga beggja megin, 3. fleiður frá vinstra neðra augnloki og niður á vinstra kjálkabarð, 4. marbólga í munni og á vörum, 5. tognun á hálsi (var slétt frá kjálkabörðum niður á viðbeinin), 6. eymsli og fyrirferðaraukning (mar) á báðum öxlum, 7. eymsli á bringspölum, 8. eymsli í kviðarholi, 9. brunasár á vinstra framhandlegg, 10. marin sár á 1. og 2. fingri hægri handar, 11. tognun á báðum úlnliðum, 12. markúla uppi á höfðinu."

Vitnið Anna Jónsdóttir nemandi, Ránargötu 22 hér í bæ, var farþegi í bifreiðinni í umræddri ferð og mun hafa setið hjá vinkonu sinni, Sigríði Þórunni Franzdóttur, sem nefnd er hér að framan. Ekki man vitnið eftir, að ákærður hafi numið staðar til að líta á viðgerðina á afturfjöður bifreiðarinnar, sem bilað hafði og verið hafði gert við einhvers staðar í Borgarfirðinum, og ekki veit það, hvað þeim bifreiðarstjórunum fór á milli, þegar ákærður mætti og nam staðar hjá áætlunarbifreiðum vestan úr Dölum. Þó minnist vitnið þess, að haft var orð á því, hvort ekki ætti að skipta um bifreið, en ekki hafi orðið úr því. Þetta vitni minnist þess ekki, að talað væri um það í bifreiðinni, að ákærður æki hratt eða vel og

jafnt. Það segir ákærðan hafa ekið á venjulegum hraða, áður en hann ók út af veginum, en treystir sér ekki til að ákveða hann nánar. Framkoma ákærðs virtist því eðlileg. Við veltu bifreiðarinnar hlaut vitnið engin teljandi meiðsli.

Vitnið Sigríður Unnur Konráðsdóttir heimasæta, Bergstaðastræti 33 hér í bæ, sat í 3. sætaröð, talið framan frá hægra megin, í umræddri ferð. Er framburður þess í samræmi við framburð vitnisins Önnu Jónsdóttur, sem rakinn er hér að framan, að öðru leyti en því, að þetta vitni minnist þess, að talað hafi verið um það í bifreiðinni á leiðinni, að ekki æki ákærður illa. Einnig segir það ákærðan hafa ekið fremur hægt, en treystir sér ekki til að gizka nánar á um hraðann. Kveðst það yfirleitt hafa fylgzt lítið sem ekkert með akstrinum og áttaði sig ekki á, að bifreiðin fór út af veginum, fyrr en allt var um garð gengið. Framkomu ákærðs segir vitnið alla hafa verið hina eðlilegustu. Það meiddist ekki, svo að teljandi væri, þegar bifreiðin valt.

Vitnið Sigþrúður Bæringsdóttir starfskona, Veghúsastíg 9 hér í bæ, sat í aftasta sæti bifreiðarinnar í ferð þessari. Treystir það sér ekki til að segja um, hvort bifreiðinni hafi yfirleitt verið hart ekið í ferðinni, en kveðst ekki hafa orðið vart neins klaufalegs við aksturinn, sem benti til, að ákærður hefði ekki fullt vald á bifreiðinni. Vitnið segir bifreiðina hafa bilað annaðhvort í Melasveit eða Andakílshreppi, og hafi ákærður gert við það, sem úr lagi hafði gengið þar. Einhvers staðar rétt fyrir neðan Gljúfurá segir það ákærðan hafa stöðvað bifreiðina, þegar hann mætti 2 langferðabifreiðum vestan úr Dölum, og hafi bifreiðarstjórarnir þar tekið tal saman, en ekki veit vitnið, um hvað samtal þeirra snerist, en skildist þó, að þeir væru að athuga það, sem bilað hafði í bifreið ákærðs. Vitnið kveðst ekki geta sagt um, hvort bifreiðin hafi verið á miklum hraða áður og um það leyti sem hún fór út af veginum, og ekki hafi það þá heyrt sérstakt hljóð í hreyfli hennar. Ekki kveðst það heldur hafa fylgzt með því, hvort ákærður reyndi að hemla bifreiðinni, áður en á beygjuna kom. Í slysi þessu hlaut vitnið mikil meiðsli. Hafa læknarnir Kristján Arinbjarnar og Valtýr Albertsson lýst meiðslum og líðan vitnisins þannig í vottorðum:

„Frk. Sigþrúður Bæringsdóttir, Veghúsastíg 9, meiddist í bílslysi 20. júlí sl. Lá hún í 10 vikur á Hafnarfjarðarspítala, og tjáði spítalalæknirinn mér, að hún hefði verið viðbeinsbrotin v. megin og marin, einkum í kringum h. axlarlið. Hafði hún þar verki, og allar hreyfingar voru sárar og mjög takmarkaðar. Fékk hún þegar á sjúkrahúsinu nuddmeðferð, og þegar hún leit til mín í október sl., voru hreyfingar svo takmarkaðar og verkir og eymsli svo mikil, að hún var algerlega óvinnufær. Sendi ég hana þá til gigtlæknis, og fylgir vottorð frá Björgvin Finnssyni lækni.

Ég er gigtlækninum sammála um, að hreyfing í liðnum sé nú mun betri og að óhætt muni vera fyrir hana að byrja létta vinnu. Hins vegar er ekki hægt að segja um, hvort hún muni þola fulla vinnu í bráð."

„Sigþrúður Bæringsdóttir, Veghúsastíg 9, Reykjavík, lenti í bílslysi við Gljúfurá í Borgarfirði 20. júlí 1946.

Hún kom á St. Jósefsspít., Hafnarfirði, 21/7 1946, og við skoðun kom í ljós eftirfarandi:

Fract. clav. sin. Sár á vinstri olnboga. Mikið marin og bólgin á höfði og hægri handlegg. Auk þess var hún meira og minna lemstruð á öllum líkamanum.

Status við brottför af spítalanum 28/9 1946: Hægri handlegg getur hún lítið lyft upp á við, hreyfing í axlarlið út frá síðu ca. 30°. Enginn dofi. Hreyfingar á vinstri handlegg normalar, en sárar.

Hún er enn mjög slöpp og óvinnufær. Kvartar um titring í öllum líkamanum."

Vitnið Ágústa Friðmey Jónsdóttir saumakona, Ásvallagötu 81 hér í bæ, sat í þriðju sætaröð, framan frá talið, í bifreið ákærðs í umræddri ferð. Segir það afturfjöður undir bifreiðinni hafa brostið neðarlega í Borgarfirði, og hafi ákærður þar gert við bilun þessa, og virtist því bifreiðin vera eins eftir þessa viðgerð og fyrir hana. Vitnið minnir, að ákærður hafi stöðvað bifreiðina nokkru eftir, að viðgerð þessi fór fram, til að athuga, hvort hún væri traust, en ekki man það, hvar þetta var. Rétt fyrir neðan Gljúfurá segir vitnið ákærðan hafa numið staðar, er hann mætti 1 eða 2 áætlunarbifreiðum vestan úr Dölum, og hafi stjórnendur bifreiðanna skipzt á nokkrum orðum þarna, og báru sig eitthvað saman um, hvort viðgerðin á bifreið ákærðs mundi duga, og virtist vitninu á samtali bifreiðarstjóranna, að þeir væru sammála um, að þetta væri í lagi. Ekki minnist vitnið þess, að ákærður hafi mælzt til þess við hinn eða hina bifreiðarstjórana, að hann eða þeir skiptu við sig á bifreið. Það kveður sér hafa virzt ákærður aka með svipuðum hraða og venjulegur er hjá langferðabifreiðum, og hafi það aldrei veitt neinu ógætilegu athygli í sambandi við akstur hans. Það telur þó, að hann hafi ekki verið tekinn að reyna að hægja á ferð bifreiðarinnar, fyrr en komið var mjög nálægt beygjunni við Gljúfurá. Vitnið segist hafa orðið þess vart, að ákærður reyndi að hemla bifreiðinni, en getur ekki sagt um, hvort hann tók í handhemilinn í þessari viðleitni sinni, og ekki man það, hvort það heyrði nokkurt urg í hreyfli bifreiðarinnar, rétt áður en hún fór út af veginum. Við veltu bifreiðarinnar hlaut vitnið engin meiðsli.

Vitnið Guðný Jónsdóttir, Gilsbakka í Miðdölum, var farþegi í bifreiðinni í margnefndri ferð, og sat það í næsta sæti fyrir aftan ákærðan. Minnist það þess, að bifreiðin bilaði einhvers staðar í Borgarfirðinum, en veit ekki, hvað það var, sem úr lagi gekk. Eftir að viðgerð á þessu var lokið, hafi síðan ferðinni verið haldið áfram, og segir vitnið ákærðan einu sinni hafa litið á, hvort viðgerðin dygði. Þetta vitni segir það hafa verið nokkuð fyrir ofan skálann við Hvítárbrú, sem bifreiðin mætti bifreiðum, sem voru á leið vestan úr Dölum. Hafi ákærður þá numið staðar og talað eitthvað við stjórnendur bifreiðanna, en ekki veit vitnið, hvað

þeim fór á milli. Það segir ákærðan hafa ekið fremur greitt alla leiðina, en getur ekki gizkað nánar á um hraðann. Varð það þess vart, að hann reyndi að hemla með fóthemli, skömmu áður en bifreiðin fór út af, og einnig hafi hann þá tekið í handhemilinn og reynt að skipta um ganghraðastig, en ekki hafi það tekizt. Ekkert kveðst vitnið hafa séð óeðlilegt við framkomu ákærðs. Það varð ekki fyrir neinum teljandi meiðslum, er bifreiðin valt.

Vitnið Ólöf Hulda Sigfúsdóttir, Valfelli hér í bæ, var eitt af farþegunum í bifreið ákærðs í umræddri ferð. Segir það fjöður undir bifreiðinni hafa brotnað, er komið var upp í Borgarfjörð, og hafi ákærður þá þegar gert við þessa bilun, en ekki veit vitnið, hvernig sú viðgerð fór fram. Ekki minnist vitnið þess, að ákærður næmi staðar til að athuga, hvernig viðgerðin reyndist. Einhvers staðar í Borgarfirði segir það ákærðan hafa mætt bifreiðum, sem komu vestan úr Dölum, og hafi hann þá numið staðar svo og hinar Dalabifreiðarnar, og hafi síðan bifreiðarstjórarnir átt tal saman, en ekki veit vitnið, um hvað samtalið snerist. Þó hafi ákærður haft orð á því áður að hafa skipti á bifreiðum, en úr þessu hafi ekkert orðið. Vitnið segir ákærðan hafa ekið allhratt alla leiðina og einnig rétt fyrir slysið. Það tók ekki eftir, að hann reyndi að hemla bifreiðinni, en hann hafi reynt að skipta um ganghraðastig, en ekki hafi það tekizt. Það minnist þess ekki, að um það hafi verið rætt, að ákærður æki vel. Ekkert virtist vitninu vera óeðlilegt við framkomu hans. Í slysinu skarst vitnið á vinstri hendi, og var það enn með höndina í fatla, þegar það var yfirheyrt hinn 21. ágúst 1946.

Vitnið Guðrún Kristín Magnúsdóttir, Breiðabólsstað í Miðdölum, sat í næstfremstu sætaröð í umræddri ferð. Segir vitnið sér hafa fundizt sem bifreiðin æki með venjulegum hraða í ferðinni, og minnist það ekki neins sérstaks ógætilegs í sambandi við aksturinn. Það man eftir, að bifreiðin bilaði í Hafnarskógi, og hafi ákærður þegar gert við það, sem bilað hafði. Einnig man vitnið, að ákærður mætti bifreiðum, sem voru á leið til Reykjavíkur vestan úr Dölum, einhvers staðar í Borgarhreppi fyrir neðan Svignaskarð, og hafi hann (ákærður) þá numið staðar og talað eitthvað við stjórnanda annarrar Dalabifreiðarinnar, sem vitnið veit, að heitir Júlíus Sigurðsson. Kveðst það þá hafa heyrt ávæning af, að ákærður hafi viljað skipta um bifreið við Júlíus, en ekki hafi þó orðið úr þessu. Þegar bifreiðin nálgaðist Gljúfurá, segir vitnið hana hafa ekið með jöfnum hraða. Hafi það orðið vart við, að ákærður reyndi að hemla, er að beygjunni við brúna kom, en veit ekki, hvort hann tók í handhemilinn í þeirri viðleitni sinni. Ekki man vitnið, hvort það heyrði urg eða annað óvenjulegt hljóð í hreyfli bifreiðarinnar, rétt áður en hún fór út af veginum. Við veltu bifreiðarinnar hlaut vitnið skurð á höfuð og marðist víða um líkamann, en ekki beinbrotnaði það þó. Þegar það var yfirheyrt hinn 3. desember 1946, kvaðst það tæplega enn hafa náð sér eftir áfallið, enda hafi það verið veiklað fyrir.

Vitnið Ingveldur Elínmundardóttir lausakona, Stakkabergi í Dalasýslu, sat í þriðju fremstu sætaröð í ferðinni, sem hér ræðir um. Segir það bifreiðina hafa bilað í Hafnarskógi, og hafi ákærður þá þegar gert við það, sem úr lagi hafði farið. Nokkru fyrir neðan slysstaðinn hafi bifreiðin, sem vitnið var í, mætt áætlunarbifreið á leið vestan úr Dölum. Námu bifreiðarnar þá staðar, og segir vitnið sér þá hafa heyrzt sem ákærður hefði orð á að skipta á bifreiðum við stjórnanda bifreiðarinnar, sem hann mætti, en ekki hafi orðið úr þessu. Vitnið kveður sér hafa virzt ákærður aka með venjulegum hraða að slysstaðnum, þar til er bifreiðin fór út af veginum og valt. Veit það ekki um orsök þess né hvaða tilraunir ákærður gerði til að stöðva bifreiðina. Í slysinu hlaut vitnið mikil meiðsli, og hefur Kristján Arinbjarnar læknir lýst meiðslum þess þannig í vottorði, dagsettu 28. september 1946:

„Ingveldur Elínmundardóttir frú, Stakkabergi í Dalasýslu, lenti í bílslysi við Gljúfurá í Borgarfirði 20. júlí 1946.

Hún kom á St. Jósefsspítala, Hafnarfirði, þ. 21/7 1946. Við rannsókn þann dag kom í ljós eftirfarandi:

Fract. epicond. humeri dx. Infract. scap. sin. Fract. cost. VII. & VIII. vinstra megin. Mikil bólga og mar á enni vinstra megin og á vinstra kinnbeini. Töluv. dofi í hægri hendi og hreyfingar sárar.

Auk þess var hún öll meira og minna lemstruð í öllum líkamanum.

28/9 1946. Enn er talsv. dofi í öllum fingrum hægri handar. Bólgan á enni og kinnbeini ekki horfin að fullu. Mikill titringur á hægri hendi. Hún er enn mjög slöpp og er óvinnufær.

Hún fór af spítalanum 28/9 1946."

Vitnið Emma Benediktsdóttir húsfrú, Ásgarði í Dalasýslu, sat í sætaröð um miðja bifreiðina í þessari ferð. Segir það sér hafa virzt bifreiðin aka frekar hægt í ferðinni yfirleitt. Þetta vitni segir bifreiðina hafa bilað undir Hafnarfjalli undan Borgarnesi, en í Borgarfirðinum einhvers staðar hafi 2 áætlunarbifreiðar úr Dölum og Ströndum mætt henni, og hafi bifreiðarnar allar þá numið staðar. Kveður vitnið ákærðan þarna hafa átt tal við Júlíus Sigurðsson, sem stjórnaði annarri Dalabifreiðinni, og hafi þeim komið saman um, að ekki væri bót að því að skipta á bifreiðum. Rétt þegar bifreiðin var að koma að beygjunni við Gljúfurá, segir vitnið sér hafa fundizt hún fara hraðar en annars. Sá það það síðast til ákærðs, áður en bifreiðin valt, að hann hamaðist við að snúa hjóli bifreiðarinnar. Við hnjaskið, þegar bifreiðin valt, meiddist vitnið nokkuð, en ekki alvarlega, skarst á höfði og marðist talsvert. Kveðst það hafa verið frá verki um vikutíma eftir áfallið.

Hafa nú framburðir allra uppkominna farþega, sem í bifreiðinni D. 11 voru, þegar slysið varð, verið raktir svo sem ástæða þykir til, en eins og áður er minnzt á, var þá í bifreiðinni eitt barn.

Eins og margsinnis áður hefur verið getið hér að framan, mætti ákærður bifreið, sem var á leið til Reykjavíkur vestan úr Dölum, og átti

hann þá tal við stjórnanda bifreiðarinnar, Þorgrím Júlíus Sigurðsson bifreiðarstjóra, Grettisgötu 54 B hér í bæ. Hefur Þorgrímur Júlíus skýrt þannig frá þessu, að hann hafi mætt bifreiðinni D. 11 við læk einn rétt fyrir neðan Svignaskarð í Borgarhreppi umræddan dag. Hafi síðan báðar bifreiðarnar (ákærðs og Þorgríms Júlíusar) numið staðar og þeir bifreiðarstjórarnir tekið tal saman. Hafi ákærður þá látið þess getið, að hægri afturfjöður undir bifreið hans hefði bilað þá fyrr um daginn. Kveðst Þorgrímur Júlíus hafa litið á fjöðrina og virzt hún vera í lagi. Einnig telur hann þá hemla bifreiðar ákærðs hafa verið í lagi, því að þarna hafi bifreiðin stöðvazt á stuttu færi, og ekki hafi ákærður látið þess getið við sig, að hemlar bifreiðarinnar væru í ólagi. Þorgrímur Júlíus segir farþega í bifreið ákærðs hafa nefnt það við sig, að rétt væri, að hann æki þeim vestur, en ekki kveðst hann hafa talið ástæðu til að sinna þessu, þar eð búið hafi verið að koma því í lag á bifreið ákærðs, sem bilað hafði, og auk þess hafi bifreið hans (Þorgríms) verið fullskipuð af farþegum á suðurleið.

Bifreiðaeftirlitsmennirnir Bergur Ársæll Arnbjarnarson, Akranesi, og Geir G. Bachmann, Borgarnesi, höfðu spurnir af slysinu, stuttu eftir að það varð. Báðir munu þeir þá hafa verið staddir í Borgarnesi og brugðu þaðan skjótt við og óku á slysstaðinn. Var bifreiðin D. 11 þá enn að brenna, og gátu þeir því ekki athugað hana. Bergur Ársæll gerði rissmynd af slysstaðnum, en Geir fór með ákærðan til Borgarness, þar sem sýslumaður Mýra- og Borgarfjarðarsýslu tók hann þegar til yfirheyrslu. Báðir skrifuðu þeir eftirlitsmennirnir niður nöfn farþeganna, sem í bifreiðinni voru. Síðar um daginn fóru þeir sýslumaður og Geir G. Bachmann á slysstaðinn og athuguðu bifreiðina D. 11. Reyndist bifreiðin þá vera í 3. ganghraðastigi. Hemlavökvarör reyndist brotið rétt við höfuðdælu. Athugaður var þá og umbúnaður hægri afturfjaðrar, sem bilað hafði við Hafnarfjall fyrr um daginn, og reyndist hann vera eins og ákærður hefur lýst honum, eftir að viðgerð á fjöðrinni hafði farið fram, og sást eigi, að þessi umbúnaður hefði raskazt. Báðir hafa fyrrnefndir eftirlitsmenn látið þess getið, að þeir féllust á, að réttara hafi verið fyrir ákærðan að aka út af veginum en hætta á að ná beygjunni við brúna, eftir að hann fann, að hemlar bifreiðarinnar unnu ekki neitt. Bergur Ársæll hefur þó gert þá athugasemd við þetta, að hann byggi þetta álit sitt á þeim forsendum, að hraði bifreiðarinnar hafi verið mun meiri en ákærður vill vera láta. Telur hann allar aðstæður benda til, að hraði bifreiðarinnar hafi ekki verið undir 40 km miðað við klst. um það leyti, sem ákærður sveigði henni út af veginum, og telur enn fremur, að hafi hraðinn þá ekki verið meiri en um 20 km miðað við klst., eins og ákærður ber, hefði honum átt að veitast auðvelt að aka yfir brúna klaklaust og átt að geta haft vald á bifreiðinni með handhemli og ganghraðastigum.

Þegar margumrætt slys varð, voru 3 símaverkamenn við vinnu sína við beygjuna á veginum, sem slysið varð við. Unnu þeir að skurðgrefti og jarðsímalagningu og notuðu loftpressu við vinnu sína, þar eð þeir munu hafa þurft að sprengja fyrir símalínunni í bergið, sem er á vinstri hönd

við beygjuna miðað við stefnu í norður. Menn þessir heita Eggert Sigurðsson, verzlunarmaður, Deildartúni 6, Akranesi, Magnús Guðmundur Stefánsson, verkamaður, Kalastöðum, Hvalfjarðarströnd, og Guðmundur Andrés Guðmundsson, verkamaður, Skólavegi 12 í Vestmannaeyjum.

Hafa þeir allir verið kvaddir sem vitni í málinu, og verða framburðir þeirra nú raktir nokkuð.

Vitnið Eggert Sigurðsson segir, að loftpressan, sem hér kemur við sögu, hafi staðið fyrir neðan bergið fyrir neðan beygjuna. Telur vitnið hana ekki hafa þrengt veginn, þannig að umferð bifreiða um hann yrði erfiðari. Enn fremur hafi loftpressan staðið svo neðarlega, að bifreiðin D. 11 hafi ekki verið komin að henni, þegar ákærður ók henni út af veginum, og telur, að hann muni ekki einu sinni hafa séð hana fyrir berginu, þegar hann ók út af veginum. Vitnið minnist þess, að skurðurinn fyrir jarðsímalínuna lá vestan við veginn fyrir ofan bugðuna og allt niður að brúnni, en man hins vegar ekki, hvort uppgröfturinn úr skurði þessum lá inn á veginn og mjókkaði hann þannig. Vitnið sá ekki til ferða bifreiðarinnar, áður en henni hvolfdi, og ekki sá það heldur, þegar slysið varð, heldur kom það fyrst að henni, eftir að hún stöðvaðist eftir veltuna, og var þá kominn upp eldur í henni. Segir það bifreiðina þá hafa legið nokkuð frá árgljúfrinu.

Vitnið Magnús Guðmundur Stefánsson sá ekki heldur til ferða bifreiðarinnar, áður en slysið varð, og ekki sá það heldur, þegar bifreiðin valt, en kom fyrst á staðinn, eftir að bifreiðin var tekin að brenna. Er lýsing þessa vitnis á öllum aðstæðum og afstöðu loftpressunnar til vegarins í fullu samræmi við framburð vitnisins Eggerts hér að framan, að öðru leyti en því, að þetta vitni telur sig muna, að skurðurinn fyrir jarðsímalínuna hafi ekki þrengt hið minnsta að veginum á þeim stað, sem bifreiðin ók út af á, því að þar hafi hann legið um 4 metra frá veginum og uppgröfturinn úr honum hafi hvergi náð inn á hann.

Vitnið Guðmundur Andrés Guðmundsson lýsir afstöðu umræddS skurðar og loftpressunnar til vegarins þannig, að hún (loftpressan) hafi staðið ofan til á veginum vinstra megin, er ekið er norður, rétt innan við, þar sem beygjan á veginum er kröppust. Skurðinn segir það hafa verið grunnan, og hafi hann verið grafinn í vinstri vegarbrúnina, allt að því upp að brúnni. Uppmoksturinn úr skurðinum hafi verið hægra megin við hann eða inn á veginn, enda sé berg þarna á löngum kafla fram með veginum vinstra megin, þannig að ekki hafi verið hægt að koma uppmokstrinum fyrir þeim megin. Vitnið segir loftpressuna hafa staðið innan við uppmoksturinn eða hægra megin við hann miðað við stefnu í norður. Kveður það skurðinn, uppmoksturinn og loftpressuna því hafa þrengt veginn þarna talsvert, en hins vegar telur það, að ekki hafi þetta verið svo mikið, að umferðinni hafi stafað veruleg tálmun af.

Ekki veitti vitnið bifreiðinni D. 11 neina athygli, fyrr en ákærður kallaði til þeirra símaverkamannanna, eftir að bifreiðin hafði oltið. Skunduðu þeir þá á staðinn og hjálpuðust að við að koma farþegunum út úr hinni brennandi bifreið.

Kvaddur hefur einnig verið sem vitni Sigurður Árnason, verkstjóri þeirra símavinnumannanna á nefndum stað, en það var ekki statt nálægt slysstaðnum, þegar slysið varð, og kom þangað ekki fyrr en nokkru eftir, að það vildi til.

Hefur nú verið drepið á framburði allra þeirra vitna, sem til hafa verið kvödd og vitað er um, að upplýsingar hafa getað gefið um margumrætt slys.

II.

Um kl. 8 að kvöldi hins 6. janúar sl. voru þeir Sigurbjörn Eiríksson verkamaður, Kamp Knox E-22 hér í bæ, og Unnar Sæmundur Sigurtryggvason verkamaður, Háteigsvegi 19 hér í bæ, á gangi á Kalkofnsvegi hér í bænum. Hittu þeir þá ákærðan að máli, þar sem hann sat inni í bifreiðinni R. 5015, sem stóð fyrir utan ferðaskrifstofuna við fyrrnefnda götu. Bað síðan Sigurbjörn ákærðan um að selja sér 1 flösku af brennivíni. Varð ákærður við þessu, tók 1 brennivínsflösku út úr geymsluhólfi bifreiðarinnar og afhenti Unnari Sæmundi hana, en hann greiddi ákærðum hana með kr. 80.00 að Sigurbirni viðstöddum og ásjáandi.

Atvikalýsing þessi er samkvæmt samhljóða framburðum þeirra Sigurbjörns og Unnars Sæmundar, og hafa þeir báðir sem vitni unnið eið að framburðum sínum.

Ákærður kveðst minnast þess, að Sigurbjörn Eiríksson, sem hann segist þekkja í sjón, hafi komið inn í bifreið sína, þar sem hún stóð á Kalkofnsvegi, og hafi þá setið farþegi, sem ákærður kveðst engin deili vita á, í bifreiðinni hjá honum. Hafi Sigurbjörn, sem hann (ákærður) segir þá hafa verið einan síns liðs, falað 1 flösku af áfengi. Farþeginn hafi þá þegar svarað, að hann gæti selt honum áfengi, tekið síðan 1 brennivínsflösku úr fórum sínum og afhent Sigurbirni, en ekki kveðst ákærður hafa veitt því athygli, hve mikið Sigurbjörn galt fyrir flöskuna. Ákærður hefur látið þess getið, að Sigurbjörn hafi gleymt hönzkum sínum í bifreið hans, er hann fór þaðan út, eftir að hann hafði gert þessi kaup, en farþeginn hafi þá farið út á eftir honum og afhent honum þá.

Út af þessum staðhæfingum ákærðs, að óþekktur farþegi hafi selt umrædda brennivínsflösku, en ekki ákærður, hafa þeir Sigurbjörn og Unnar Sæmundur tekið fram í framburðum sínum, að þeir minnist þess að vísu, að farþegi einn, sem þeir vita engin deili á, hafi setið í bifreið ákærðs, þegar hin óleyfilega áfengissala fór fram, en bera báðir, að hann hafi engan hlut átt að sölunni, heldur ákærður einn. Sigurbjörn kannast við, að hann hafi gleymt hönzkum sínum í bifreið ákærðs, eins og ákærður ber, og hafi hinn óþekkti farþegi afhent honum þá.

III.

Það verður ekki rengt hér, að fóthemill bifreiðarinnar D. 11 hafi verið óvirkur, þegar ákærður ætlaði að beita honum, rétt áður en slysið varð, enda bendir skoðunin, sem Geir G. Bachmann bifreiðaeftirlitsmaður framkvæmdi á flakinu af bifreiðinni eftir slysið, til þessa.

Ákærður hefur borið, að hann hafi ekið með um 20 km hraða miðað við

klst., er hann ætlaði að beita fóthemlinum rétt hjá beygjunni við Gljúfurá. Telja verður þó sannað, að hraði bifreiðarinnar hafi verið nokkru meiri, enda hafa allir þeir farþegar, sem á annað borð hafa gizkað ákveðið á um, hvað hraðinn hafi verið mikill þá, borið, að hann hafi þá verið meiri, eða 30—40 km miðað við klst. Einnig bendir það til þess, að hraði bifreiðarinnar hafi verið meiri en ákærður vill vera láta um það leyti, sem slysið varð, að hann gat ekki hægt á ferð hennar með handhemlinum eða með því að skipta um ganghraðastig, enda telur bifreiðaeftirlitsmaðurinn Bergur Ársæll Arnbjarnarson, að ákærðum hefði átt að veitast auðvelt að hafa stjórn á bifreiðinni með handhemli og ganghraðastigum, ef hraði hennar hefði ekki verið meiri en hann (ákærður) ber, þ. e. um 20 km hraði miðað við klst., þegar hann fann, að fóthemillinn var óvirkur. Þar eð þannig telst sannað, að hraðinn hafi verið mun meiri en ákærður ber og svo mikill, að ómögulegt hafi verið að hafa stjórn á bifreiðinni með öðrum öryggistækjum hennar en fóthemlinum, verður það ekki talin hafa verið óskynsamleg ráðstöfun hjá ákærðum, eftir að hann fann, að fóthemillinn var óvirkur, að aka út af veginum til að reyna með þeim hætti að forða enn meira slysi.

Hins vegar telst mikið hafa skort á aðgæzlu hjá ákærðum að aka með slíkum hraða stórri og þungri bifreið, sem í voru auk þess 22 farþegar, svo að segja fast að einhverri erfiðustu og hættulegustu beygju, sem til er á þjóðvegi hér á landi og ákærður hlaut að vita um, án þess að gera ráðstafanir til að hægja á bifreiðinni fyrr en á síðustu stundu, er engu mátti úr því skeika, eða eftir því sem ákærður sjálfur ber, þegar hann var kominn í hallann að beygjunni niður að Gljúfurárbrú vestan árinnar. Bar ákærðum vitanlega að gera ráðstafanir til að hægja á ferðinni fyrr og eigi síðar en hjá hættumerkinu við veginn, sem stendur við hann að minnsta kosti 100 metra frá umræddri beygju.

Með aðgæzluskorti sínum telzt ákærður hafa brotið gegn 1. og 5. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga, nr. 23 16. júní 1941, og 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. umferðarlaga, nr. 24 16. júní 1941. Einnig telst hann hafa brotið gegn 219. sbr. 218. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940, með því að valda meiri og minni lemstrum á 11—12 mönnum með gálausum akstri sínum.

Með eiðfestum framburði þeirra Sigurbjörns Eiríkssonar og Unnars Sæmundar Sigurtryggvasonar telst sannað, að ákærður hafi selt þeim 1 flösku af brennivíni á kr. 80.00 að kvöldi hins 6. febrúar sl., og hefur hann með þessari áfengissölu sinni brotið gegn 15. gr. áfengislaga, nr. 33 9. janúar 1935.

Samkvæmt 219. gr. almennra hegningarlaga, 38. gr. bifreiðalaganna, 14. gr. umferðarlaganna og 33. gr. áfengislaganna og með tilliti til 77. gr. hegningarlaganna og fortíðar ákærðs þykir refsing hans eftir atvikum hæfilega ákveðin varðhald í 3 mánuði.

Þá þykir rétt samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna að svipta ákærðan leyfi til að aka bifreið í 3 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærðan ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin

málsvarnarlaun skipaðra verjenda sinna, Lárusar Jóhannessonar hrl., kr. 450.00, og Magnúsar Thorlacius hrl., kr. 300.00.

Á rekstri máls þessa hefur orðið mikill dráttur, og stafar hann aðallega af því, að senda þurfti málið í 4 önnur lögsagnarumdæmi, til þess að þar yrðu teknar skýrslur af vitnum, sem þar voru búsett.

Dómsorð:

Ákærður, Kristján Helgi Benjamínsson, sæti varðhaldi í 3 mánuði.

Hann skal sviptur leyfi til að aka bifreið í 3 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærður greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðra verjenda sinna, Lárusar Jóhannessonar hrl., kr. 450.00, og Magnúsar Thorlacius hrl., kr. 300.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. júní 1949.

Nr. 100/1948. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Hlífari Höskuldssyni (Einar Ásmundsson).

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, settur bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Leiðarbók varðskipsins Ægis hefur verið lögð fram í Hæstarétti. Samkvæmt henni voru horn þau, sem mæld voru, er staðarákvörðun var gerð hjá skipi kærða kl. 22.09:

Pétursey
> 44° 32'
Dyrhólaviti
> 61° 55'
Hjörleifshöfði,

en stærð horna þessara hafði misritazt í skýrslu skipherrans.

Forstöðumaður Stýrimannaskólans hefur markað stað

þenna á sjóuppdrátt, og reyndist hann vera rúmlega 1.5 sjómílu innan landhelgislínu.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms verður að telja sannað, að kærði hafi verið að ólöglegum botnvörpuveiðum í landhelgi. Varðar brot hans við 1. gr. laga nr. 5/1920 sbr. 1. mgr. 3. gr. sömu laga og lög nr. 4/1924, en ekki eiga hér við lög nr. 14/1948, þar sem sektir samkvæmt fyrrgreindum lögum eru miðaðar við gullkrónur. Með hliðsjón af núverandi gullgengi íslenzkrar krónu, 33.96, og þegar litið er til þess, að togbáturinn er einungis 62.71 rúmlestir að stærð, þykir refsing kærða hæfilega ákveðin 29.500 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 6 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra svo og um málskostnað ber að staðfesta.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Dómsorð:

Kærði, Hlífar Höskuldsson, greiði 29.500 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 6 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra svo og um greiðslu málskostnaðar eiga að vera óröskuð.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Einars Ásmundssonar, kr. 600.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 8. maí 1948.

Mál þetta, sem var dómtekið í gær, er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Hlífari Höskuldssyni, Neskaupstað, skipstjóra á v/b Skrúð, S.U. 410, fyrir meint brot gegn lögum nr. 5 frá 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. l. 4/1924 og l. 14/1948 til refsingar, upptöku afla og veiðarfæra og til greiðslu sakarkostnaðar.

Kærður, Hlífar Höskuldsson, er fæddur 29. okt. 1909 að Krossi á Berufjarðarströnd og hefur, svo að kunnugt sé, ekki sætt kæru né refsingu fyrir nokkurt brot.

Málsatvik eru eftirfarandi:

Samkvæmt skýrslu skipherrans á varðskipinu Ægi, dags. 5. maí 1948, var skipið á eftirlitsferð austur með landi út af Pétursey um kvöldið hinn 4. s. m. Kl. 21.27 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Drangshlíðarfjall

$> 74^\circ\ 00'$

Pétursey

$> 47^\circ\ 30'$

S.endi Dyrhólaeyjar

Réttvísandi stefna Ægis 112°. Sást þá skip fram undan, sem hlaut að vera á landhelgissvæðinu.

Kl. 21.55 var gerð staðarákvörðun: Hjörleifshöfði $+$ S. kanti Lundadrangs $>$ til Péturseyjar 90° og Lundadrangur $>$ skipið 30°. Var þá auðséð, að það var á landhelgissvæðinu. Kl. 22.02 var sett upp stöðvunarmerki og kl. 22.09 stöðvað við hlið v/b Skrúðs, er var að taka inn stjórnborðsvörpu sína. Var þá gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Pétursey

$> 44^\circ\ 00'$

Dyrhólaviti

$> 66^\circ\ 55'$

S.k. Hjörleifshöfða

Dýpi 65 metrar, sem gefur staðinn 1.5 sjóm. innan landhelgislínu.

Skipstjóri Skrúðs var sóttur og honum bent á það, að hann hefði verið að landhelgisveiðum, en hann taldi sig ókunnugan á þessum slóðum og varpan hefði orðið óklár hjá sér, en hann kvaðst ekki véfengja mælingar varðskipsins. Síðan var skipstjórinn fluttur í skip sitt og honum skipað að halda til Vestmannaeyja og bíða Ægis þar, en hann hélt áfram austur með landi kl. 23.19.

Veður var: SV. 2; sjór SV. 2; skýjað.

Lagt var fram í réttinum sjókort og staðurinn samkvæmt ofanrituðum staðarákvörðunum markaður á kortinu.

Kærður hefur eigi véfengt, að staðarákvarðanir varðskipsins væru réttar, og samþykkti, að hann hefði verið í landhelgi, er varðskipið kom að honum. Hins vegar neitar hann að hafa verið að veiðum. Kveðst hann hafa kastað vörpunni fyrir utan landhelgislínuna í umrætt sinn, en varpan hafi orðið óklár og skipið rekið inn fyrir landhelgislínu í um 2 klst. Vindur var SV. 3—4 stig, er hann kastaði, en lægði, er frá leið.

Kærður skýrði svo frá, að „trollið" hafi orðið óklárt, þannig að hlerarnir fóru saman og vírarnir snerust saman fyrir ofan hlerana. Hlerarnir voru báðir hífðir upp í framgálga og þar lásað úr framhleranum. Hlerunum var þannig komið fyrir, að afturvír eða aftur „grandrópur" var bundinn. Kærður segir, að forvængur hafi að nokkru leyti verið klár, poki klár og belgur að nokkru leyti, en afturvængur og það, sem fyrir utan var, var í haug. Tókst seint að greiða flækjuna, en búið var að því um svipað leyti og varðskipið kom að þeim. Kærður tekur fram, að lifandi fiskur hafi ekki verið í pokanum, er hann var kominn inn á dekkið. Hins vegar voru nokkrir dauðir kolar og ein keila, að hann minnir, og kvaðst hann halda, að þessi fiskur hefði verið í pokanum, er hann var látinn út í síðasta skipti.

Hásetinn Jóhann Þorgeir Klausen skýrði svo frá, að þeir á v/b Skrúð hefðu kastað um kl. 20 þá um kvöldið 4/5 sl. og hift inn skömmu síðar. Þegar hlerarnir komu upp úr sjónum, voru þeir fastir saman, og þar sem skipshöfnin hafi verið óvön togveiðum, hafi það tekið þá nokkurn tíma að greiða þetta sundur. En eftir ýmsar tilraunir með hlerana í sjávarskorpunni var forhlerinn hífður upp í gálga, og þar var „grandrópnum" lásað úr forhleranum. Gekk þetta seint sökum þess, að afturhlerinn hékk þungt í „grandrópnum". Síðan var afturhlerinn hífður upp í afturgálga. Segir hann, að varpan hafi verið meira og minna snúin, og hafi þeir tekið það ráð að losa vænginn við leggina. Hann kveðst ekki minnast þess, að pokinn hafi verið óklár né belgur. Segir hann, að afturvængur hafi verið flæktur við kjaftinn, en hins vegar sé ekki hægt að segja, að „trollið" hafi allt verið í haug. Ekki kveðst hann minnast þess, að rifnað hafi hjá þeim. Ekki kveðst hann muna glöggt, hvort kolar með lífsmarki hafi verið í pokanum, er hann var dreginn innbyrðis, en langa hafi legið þar.

Fyrsti vélstjóri á v/b Skrúð, Alfreð Guðnason, hélt því einnig fram, að báturinn hefði eigi verið að veiðum í landhelgi, heldur hefði hann rekið inn í landhelgina með óklára vörpu, og gerði hann ráð fyrir, að bátinn hefði verið búið að reka í um 2 klst., er varðskipið kom að. Segir hann, að um kl. 20 hafi varpan orðið óklár, snerust hlerarnir saman, og þurfti að lása úr afturvæng og bera hann fyrir forvæng og hífa upp „bobbingana". Hann kvað bátinn ekki hafa snúið, meðan verið var að greiða úr flækjunni. Segir hann, að afturvængur eða „trollið" hafi ekki verið í hnút eða aðeins snúningur á afturvæng.

Hásetinn Pétur Nikulásson hélt því einnig fram, að bátinn hefði rekið inn í landhelgina með óklár veiðarfæri. Vindur hafi verið 3—4 vindstig, þegar báturinn byrjaði að kasta, en síðan farið lygnandi. Kveðst hann ekki muna, hvað klukkan hafi verið, þegar varpan varð óklár. Kvað hann víra hafa verið snúna saman. Hann kvaðst ekkert geta sagt um það, hvort báturinn hafi snúið, meðan greitt var úr veiðarfærunum.

Óskar Jónasson, kafari á Ægi, kvaðst hafa verið sendur um borð á bát kærðs, v/b Skrúð, með öðrum manni, eftir að varðskipið kom á vettvang. Segir hann, að veiðarfæri bátsins hafi þá verið klár. Kvaðst hann í mörg ár hafa verið togarasjómaður og vel kunnugur botnvörpuveiðar-

færum. Leit hann á netið og pokann, og var hvort tveggja heilt og ekki sjáanleg nein merki þess, að um flækju hefði verið að ræða, enda hefðu skipverjar dregið það af veiðarfærunum, sem í sjó var, hindrunarlaust inn. Hann kvaðst ekki vita þess dæmi, að stærri flækjur á botnvörpu séu greiddar utan borðs. Slíkt eigi sér ekki stað, nema um snúning í væng sé að ræða, og taki slík aðgerð aðeins nokkrar mínútur.

Hann segir, að í pokanum hafi verið nokkrir lifandi kolar, að hann minnti, og ein langa hreyfingarlaus. Á dekki lágu dauðir fiskar. Tók mættur á vírunum, og voru þeir ekki blautir.

Baldur Einarsson, bátsmaður á varðskipinu Ægi, kveðst hafa verið á þilfari varðskipsins, er það stöðvaðist við v/b Skrúð. Var þá stjórnborðsvarpa bátsins í sjó og hlerar komnir í gálga. Kvaðst hann hafa farið um borð í Skrúð með Óskari Jónassyni og athugað framhluta veiðarfæranna og strokið höndum um framhlerann, og var hann votur. Engin merki sá hann þess, að um flækju hefði verið að ræða, enda hefði netið legið slétt fram og í eðlilegum stellingum. Hann sá dauðan fisk liggja stjórnborðsmegin frammi á skipinu. Hann fór höndum um vírana, og voru þeir hálfþurrir, og hafði hann orð á því.

Hann kvaðst vera vanur togarasjómaður og kvaðst ekki vita til þess, að flækjur í veiðarfærum væru greiddar utan borðs, nema því aðeins að um smámuni væri að ræða, svo sem snúning í væng.

Kvaðst hann álíta, að útilokað væri, að varpa v/b Skrúðs hefði verið svo flókin, að það hefði getað tekið langan tíma að greiða hana.

Skipherrann á Ægi skýrði svo frá, að meðan kærður var um borð í varðskipinu og honum voru sýndar staðarákvarðanir varðskipsins, er tók 45 mínútur, hafi Ægi rekið 0.8 sjómílur og hafi skipið rekið S.A. t. A.½A. Kærður kvaðst ekki véfengja, að þetta væri rétt.

Samkvæmt því, sem að ofan er rakið, telur kærður og skipverjar hans, að bátinn hafi rekið með óklár veiðarfæri 1.5 sjóm. inn í landhelgi á um 2 tímum. Með tilliti til vindáttar, sem sýnir, að skipið hlaut að reka á ská inn í landhelgina, virðist þetta tæplega fá staðizt, þegar höfð er í huga vegalengdin, er varðskipið rak, meðan kærður var um borð, er sýnir, að varðskipið hefði ekki rekið jafndjúpt inn í landhelgina á 2 tímum með sömu vindátt og vindhraða. En auk þess er yfirbygging varðskipsins mun meiri en yfirbygging báts kærðs, og hlaut varðskipið því að reka mun hraðar. Þá verður og að telja í meira lagi ólíklegt, að áhöfn bátsins hafi þurft svo langan tíma til þess að koma veiðarfærunum í rétt horf sem kærður og skipverjar hans halda fram, og þykir ekki fært að leggja trúnað á frásögn þeirra, þar sem veiðarfæri bátsins báru þess engin merki, að um flækju eða snúning hefði verið að ræða, er menn varðskipsins komu um borð. Þá virðist vél skipsins hafa verið í fullu lagi, og hefði kærðum því verið innan handar að halda sér utan við landhelgi, og er því ekki unnt að fallast á, að skipið hafi vegna neyðarástands borizt inn í landhelgina. Með tilliti til þess, er nú hefur verið greint, þykir verða að telja, að kærður hafi verið að botnvörpuveiðum í landhelgi, er varðskipið bar að. Hefur hann þar með gerzt brotlegur gegn ákvæðum laga nr. 5

frá 1920, 3. gr., sbr. l. nr. 4 frá 1924 og lög nr. 14 frá 1948. Þar sem kærður hefur ekki áður sætt kæru né refsingu fyrir sams konar brot, þykir refsing hans hæfilega ákveðin kr. 88.500.00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands með tilliti til þess, að gullgengi íslenzkrar krónu er nú 33.90 aurar og verðlagsvísitala 300. Hina tildæmdu sekt ber kærðum að greiða innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, og komi ella í stað hennar 7 mánaða varðhald.

Allur afli og veiðarfæri í v/b Skrúð, S.U. 410, þar með taldir dragstrengir, skal gert upptækt til Landhelgissjóðs Íslands.

Allan sakarkostnað, áfallinn og áfallandi, ber kærðum að greiða.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Hlífar Höskuldsson, greiði kr. 88.500.00 í sekt í Landhelgissjóð Íslands innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með 7 mánaða varðhaldi.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í m/b Skrúð, S.U. 410, er gert upptækt til sama sjóðs.

Kærður greiði allan sakarkostnað, áfallinn og áfallandi.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 28. júní 1949.

Nr. 33/1949. **Réttvísin** (Eggert Claessen)
gegn
Ingólfi Einarssyni (Sveinbjörn Jónsson).

Manndráp. Sakhæfi. Öryggisgæzla.

Dómur Hæstaréttar.

Með úrskurði Hæstaréttar 2. maí þ. á. var æskt umsagnar Læknaráðs um andlega heilsu ákærða, svo sem nánar greinir í úrskurðinum. Hæstarétti hefur borizt umsögn Læknaráðsins, dags. 24. þ. m., og er ályktun réttarmáladeildar ráðsins á þessa leið:

„Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, hefur sakborningur fengið geðveikisköst bæði fyrir og eftir 3. maí 1947, en annars virðist hann ekki hafa verið geðveikur þess á milli. Réttarmáladeild getur fallizt á ályktun yfirlæknis geðveikrahælis ríkisins, dr. Helga Tómassonar, að sakborningur

geti ekki talizt geðveikur að staðaldri, en hann sé geðveill (psychopat) og það ástand sé varanlegt; enn fremur, að því fylgi sú hætta, að hann geti misst stjórn á sér og unnið óhappaverk, ef svo ber undir, og orðið þannig hættulegur umhverfi sínu.

Erfitt er að fullyrða með vissu samkvæmt gögnum málsins um andlegt ástand sakbornings hinn 3. maí, er hann framdi umræddan verknað sinn. Greinilegt virðist, að einhvers konar æði hafi gripið sakborning, en hann hefur vafalaust allan tímann gert sér ljóst, hvað hann aðhafðist. Réttarmáladeild treystir sér ekki til að segja neitt ákveðið um, hvort sakborningur hefur verið alls ófær um að stjórna gerðum sínum, því að engin leið er að úrskurða eftir á, hve sterkum vilja sakborningur hefði getað beitt á tilteknu tímabili. Hins vegar má geta þess, að mörg dæmi eru til um, að slík óhappaverk hafa verið unnin, vegna þess að vilji manns hefur engu um ráðið, enda þótt honum sé ljóst, hvað hann sé að gera, og vilja þá skýringar á verknaðinum eftir á verða mjög út í hött.

Samkvæmt framansögðu telur réttarmáladeild mjög vafasamt, að refsing geti borið árangur gagnvart sakborningi.

Að öðru leyti sér réttarmáladeild ekki ástæðu til að gera athugasemdir við umsögn yfirlæknis dr. Helga Tómassonar."

Eins og segir í framangreindri umsögn Læknaráðs, er ákærði geðveill og það ástand hans varanlegt. Samkvæmt skýrslu dr. med. Helga Tómassonar yfirlæknis, dags. 20. okt. 1948, var ákærði geðveikur fyrra hluta árs 1940 og dvaldist þá á geðveikraspítalanum á Kleppi, en fór þaðan albata, að því er yfirlæknirinn taldi, hinn 17. júlí nefnt ár. Eftir það var ákærði þó vistaður á Kleppi frá 14. jan. 1944 til 1. ágúst s. á. og aftur frá 17. okt. 1944 til 13. júní 1945, en yfirlæknirinn telur, að því er ráða má af skýrslu hans, að ekki hafi þá verið um eiginlega geðveiki að ræða. Sumarið 1947, eftir að ákærði hafði drýgt verknað þann, sem hann er ákærður fyrir, varð hann geðveikur að nýju samkvæmt skýrslu yfirlæknisins. Fékk hann þá óróaköst, sem stóðu 2—3 daga hverju sinni, og um mánaðartíma varð að hafa tveggja manna vörð yfir honum dag og nótt. Kveður yfirlæknirinn veikindakastið hafa rénað, þegar kom fram í nóvember, og á árinu 1948, fram til

þess, er skýrsla yfirlæknisins er dagsett, hafi ákærði verið „psykiskt eðlilegur", þegar yfirlæknirinn athugaði hann.

Verknaður ákærða er slíkur sem lýst er í 211. gr. laga nr. 19/1940, að því er tekur til morðsins á ungbarninu Kristínu, og sömu gr. sbr. 1. mgr. 20. gr., að því er varðar banatilræðið við mæðgurnar Rósu Aðalheiði og Sigríði Hólm. Þegar það er virt, *að* andlegri heilsu ákærða er svo áfátt sem að framan er lýst og að hann hefur fengið brjálsemisköst bæði fyrir og eftir, að hann framdi afbrotið, *að* ekki hefur verið leitt í ljós neitt sennilegt tilefni annað en brjálsemi til svo ægilegs glæps sem hér átti sér stað, *að* árásin var framin án nokkurrar leyndar og að tilviljun virðist hafa ráðið, hver eða hverjir fyrir henni urðu, þá má telja víst, að ákærði hafi verið alls ófær um að stjórna gerðum sínum, er hann vann verkið. Verður honum því samkvæmt 15. gr. nefndra laga ekki refsað fyrir verknaðinn. En þar sem andlegu ástandi ákærða er svo háttað, að mikil hætta er á því, að hann geti, hvenær sem er, misst stjórn á sjálfum sér og framið ódæðisverk, og að hann þess vegna er mjög hættulegur umhverfi sínu, þá ber nauðsyn til, að honum sé að óbreyttu ástandi haldið í öruggri gæzlu ævilangt. Ber því samkvæmt 62. gr. nefndra laga, nr. 19/1940, að dæma hann til að sæta slíkri öryggisgæzlu.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda og greiðslu sakarkostnaðar í héraði ber að staðfesta. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 1800.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Ingólfur Einarsson, skal sæta öryggisgæzlu samkvæmt framansögðu.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda og greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Eggerts

Claessens og Sveinbjörns Jónssonar, kr. 1800.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 20. desember 1948.

Ár 1948, mánudaginn 20. desember, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í hegningarhúsinu af Valdimar Stefánssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 5963/1948: Réttvísin gegn Ingólfi Einarssyni, — sem dómtekið var hinn 10. sama mánaðar.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Ingólfi Einarssyni, gæzlufanga í hegningarhúsinu hér, fyrir brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940, sbr. II. og VII. kafla sömu laga.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 17. febrúar 1910 í Reykjavík, og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1931 23/12 Sátt, sekt 5 kr. fyrir ljósleysi á reiðhjóli.
1935 16/6 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1941 11/2 Kærður fyrir þjófnað á gasmæli o. fl. Látið niður falla, með því að þýfið var undir 50 kr. virði. Því var skilað aftur og málssóknar ekki krafizt.
1941 15/8 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 6 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi, 30 kr. skaðabætur, fyrir brot gegn 245. gr. hegningarl., nr. 19/1940.
1942 19/5 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1943 22/1 Kærður fyrir innbrot í sumarbústað. Fellt niður, með því að kærði reyndist vera geðveikur.
1943 13/4 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1943 11/6 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1944 29/8 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun og neitun að segja til nafns.
1945 5/12 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1946 26/7 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1946 17/12 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Verður nú greint frá málavöxtum, eftir því sem ákærði hefur skýrt frá og því sem á annan hátt er upplýst í máli þessu:

Laugardagskvöldið 3. maí 1947 kom ákærði inn í skála nr. 1 við Háteigsveg, en hann bjó í skúr þaðan skammt frá. Meðferðis hafði ákærði sax, sem beit allvel.

Í skála þessum bjuggu hjónin Rósa Aðalheiður Georgsdóttir og Kjartan Friðberg Jónsson ásamt dóttur þeirra, Kristínu, fæddri 5. ágúst 1945, og dóttur konunnar, Sigríði Hólm Guðmundsdóttur, 8 ára, og voru börnin ein heima, og lá yngra barnið í legubekk í svefnherbergi skálans.

Rósa Aðalheiður var að þvo þvott í þvottahúsi, sem er í lítilli sérbyggingu skammt frá skálanum, en eiginmaður hennar var nýgenginn út, þegar ákærði kom í skálann. Litlu eftir að ákærði var kominn inn í

skálann, réðist hann með hnífnum á bæði börnin og stakk þau margar stungur með þeim afleiðingum, að yngra barnið lézt strax af sárum, en því eldra tókst að komast undan ákærða og hljóp mjög blóðugt inn í þvottahúsið. Er móðir þess sá það, hljóp hún strax inn í skálann, en ákærði réðist þegar á hana og stakk hana einnig mörgum stungum. Henni tókst þó að losa sig við ákærða og komast að nærliggjandi skálum og ná í hjálp. Var ákærði litlu síðar handtekinn og færður á lögreglustöðina. Aðfaranótt sunnudagsins 4. maí var hann svo úrskurðaður í gæzluvarðhald, og hefur hann síðan dvalizt í hegningarhúsinu hér í bæ.

Nokkru eftir að ákærði hafði verið handtekinn, fóru rannsóknarlögreglumenn að skálanum, en inni í honum, við dyr hans og þvottahússdyrnar var allmikið blóð eða blóðslettur. Voru myndir teknar þarna á staðnum, sem lagðar hafa verið fram, rskj. nr. 6, 7 og 8. Bæði Rósa Aðalheiður og eldri dóttir hennar, Sigríður Hólm, særðust mjög mikið og lágu lengi í sjúkrahúsi, eins og síðar verður skýrt frá.

Verða nú framburðir ákærða og vitna raktir, eftir því sem ástæður þykja til.

Ákærði kveðst ekki hafa verið við vín, þegar hann framdi verknaðinn, enda reyndist blóðsýnishorn, sem tekið var úr honum, skömmu eftir að hann var handtekinn, aðeins innihalda 0.18‰ af alkóhóli, og ekkert af vitnum þeim, sem yfirheyrð hafa verið, segjast hafa séð áfengisáhrif á ákærða eða fundið áfengislykt úr vitum hans. Ákærði skýrði fyrst svo frá, að hann hefði verið við vín föstudaginn 2. maí 1947, sofið lítið næstu nótt og verið illa fyrirkallaður kvöldið 3. maí 1947, þegar hann framdi árásina. Síðar breytti hann þessum framburði sínum og kvaðst hafa sofið vel aðfaranótt laugardagsins 3. maí 1947 og ekki verið illa fyrirkallaður næsta morgun. Dag þennan segist hann að mestu hafa dvalizt í skúr sínum og neytt mjög lítils matar. Um fjögurleytið e. h., að því er hann telur, hafi hann farið úr jakka sínum, lagzt upp á legubekk og legið þar fyrir þar til um klukkan 9 um kvöldið, en ekkert hafi hann þó sofnað, ef til vill blundað eitthvað. Skyndilega hafi eitthvert æði gripið sig og hann þotið upp af legubekknum, farið í jakka sinn, tekið stórt borðsax, er hann hafði fundið í skálarústum, og gengið greitt út úr skúrnum. Í fyrsta réttarhaldi, aðfaranótt sunnudagsins 4. maí 1947, kvaðst ákærði hafa haft hug á að fara inn í skála nr. 1 við Háteigsveg og ráðast á eitthvert fólk, sem þar kynni að vera, og stinga það með hnífnum. Í réttarhaldi mánudaginn 5. maí 1947 segir ákærði það í og með hafa verið ásetning sinn að beita hnífnum gegn mönnum, þó ekki gegn nokkrum sérstökum, og hann hafi farið inn í framangreindan skála, af því að hann var næstur, en ekki vegna þess, að hann hafi vitað, að börn voru þar ein heima, eða af því, að hann hafi átt eitthvað sökótt við íbúa skálans. Í réttarhaldi 7. maí s. á. gefur ákærði þá skýringu á verknaði sínum, að hann hafi verið einmana í kofanum og átt mjög erfitt með allt samband við fólk og hafi hugsað sem svo, að lögreglan yrði þó að minnsta kosti að hirða hann, ef hann gerðist morðingi.

Strax og hann var kominn inn í skálann, kveðst ákærði fyrirvaralaust

hafa ráðizt á börnin, fyrst yngra barnið, og er hann hafði lokið verknaðinum við það, hafi eldri telpan komið inn eftir skálaganginum og hann þegar ráðizt á hana og stungið hana mörgum stungum, en þó ekki jafnmörgum og hitt barnið, enda hafi hnífsblaðið bognað í viðureign þessari, svo að hann hafi orðið að rétta það til að geta haldið stungunum áfram. Viðureign þessi hafi svo borizt út fyrir skáladyrnar, en þar hafi telpan hlaupið burtu og kallað á hjálp, en móðir hennar hafi þá komið. Segist hann þegar hafa ráðizt á hana og stungið hana nokkrum stungum, en hún hafi veitt mjög mikla mótspyrnu, náð öflugu taki á vinstri jakkaermi hans, en hann sé örvhentur, og haldið ermi hans svo fast, að hann hafi átt mjög erfitt með að losa sig, en konan hafi svo komizt undan og hlaupið burtu að einhverju húsi. Litlu síðar hafi hópur manna komið að skáladyrunum og hann verið handtekinn, en áður hafi hann kastað hnífnum inn í skálaganginn, þar sem hann fannst. Var hnífurinn lagður fram í máli þessu og þingmerktur nr. 14.

Ákærði kveður sér hafa verið ljóst, hvað hann aðhafðist, þegar hann beitti hnífnum gegn börnunum og konunni, en sér hafi verið ómögulegt að sporna gegn þessu, þótt hálfgerður óhugur hafi verið í sér.

Vitnið Sigríður Hólm Guðmundsdóttir skýrir svo frá, að er ákærði kom inn í skálann, hafi það verið inni í svefnherbergi hjá systur sinni, og hafi ákærði spurt, hvort Kjartan Friðberg væri heima, en það hafi svarað því neitandi. Kveðst vitnið hafa séð í odd á hnífi, er ákærði hélt á fyrir aftan bak, og þá hafi það farið að gráta, en ákærði þegar ráðizt á það mjög æstur og stungið það mörgum stungum með hnífnum, en hve mörgum hefur það ekki getað gert sér grein fyrir. Er hér var komið, segir það systur sína hafa farið að gráta, og hafi ákærði þá snúið sér að ungbarninu, og sá vitnið hann stinga það tveim stungum. Hafi vitnið reynt að hjálpa systur sinni og tekið í föt ákærða, en hann hafi hrint því frá sér, og þá hafi það hlaupið fram skálaganginn og þannig komizt undan ákærða, sem hafi veitt því eftirför, og gert móður sinni aðvart. Því næst hafi það ætlað út á götuna til að ná í hjálp, en þar hafi liðið yfir það. Ekki kveðst vitnið hafa orðið vart við, að hnífsblaðið bognaði, enda hafi það verið með lokuð augu, þegar ákærði stakk það, og hann orðið æstari, þegar hann sá, að það var hrætt.

Vitnið Rósa Aðalheiður Georgsdóttir kveður dóttur sína, Sigríði Hólm, hafa komið út í þvottahúsið til sín einhvern tíma milli klukkan 7 og 8 e. h. margnefnt laugardagskvöld, alblóðuga og grátandi, en ekkert getað sagt. Hljóp vitnið þegar inn í stofu skálans og sá þaðan, að ungbarn þess lá dáið á legubekknum í svefnherberginu, en inni í stofunni kveður það ákærða, sem því virtist ekki vera æðisgenginn, hafa verið með hníf í hendinni. Segir það hann strax hafa ráðizt að sér, stungið það með hnífnum neðan til við hálsinn og sagt: „Það skal ekki verða mikið eftir af þér.“ Kveðst vitnið hafa streitzt mikið á móti og þau borizt fram eftir ganginum, þar sem ákærði hafi stungið það einu sinni neðan við vinstra herðablað, og svo út fyrir dyrnar, og hafi ákærði þar stungið það einni stungu í bakið og hnífsoddurinn lent í vinstra nýra. Er ákærði hafi komið þessu

höggi á vitnið, sleppti hann því, en það sagði: „Guð hjálpi þér, maður, hvað ertu að gera?" Segir það ákærða hafa svarað: „Það þýðir lítið að biðja guð að hjálpa sér." Er hér var komið, kveðst vitnið hafa hlaupið að skála nr. 3 við Háteigsveg, en á leiðinni þangað sá það eldri dóttur sína liggja við vegarkantinn og taldi hana látna. Við síðastnefndan skála kveðst það hafa kallað til fólksins þar eftir hjálp og sagt, að verið væri að drepa börn þess, en því næst hafi það farið að öðrum skála og beðið um aðstoð, enda hafi menn brátt komið og handtekið ákærða, borið vitnið upp í bifreið og flutt það á Landspítalann.

Vitnið Valdimar Óskar Kristmundsson bifreiðarstjóri, Háteigsvegi 25, sem kveðst þekkja vel Rósu Aðalheiði, Sigríði Hólm og ákærða, skýrir svo frá, að margnefnt laugardagskvöld hafi það verið að hafa fataskipti í herbergi sínu um klukkan 20.40 og þá séð út um herbergisglugga sinn, hvar eldri dóttir Rósu Aðalheiðar kom hlaupandi út úr heimili sínu, en á hælum hennar hafi móðir telpunnar komið og svo ákærði. Er telpan var komin að vegarbrúninni, kveður það hana hafa litið til baka, en fallið svo fram yfir sig á vegarkantinn. Fyrir framan skáladyrnar kveður vitnið ákærða hafa náð tökum á Rósu Aðalheiði, slegið til hennar, svo að hún féll við, en stóð strax aftur upp. Hafi ákærði, sem vitnið sá, að var með eitthvert verkfæri í höndum, slegið oft til hennar og höggin lent á herðum hennar og neðan til á baki og hún fallið, en getað staðið á fætur, hlaupið að skála nr. 3 við Háteigsveg og kallað þar á hjálp. Vitnið, sem var næstum nakið, þar eð það var að hafa fataskipti yzt sem innst, hringdi í síma sínum strax á lögreglustöðina og bað um aðstoð, enda kveður það þetta hafa borið svo skjótt að og ákafa ákærða verið svo mikinn, að því mundi eigi hafa unnizt tími til að hlaupa út konunni til aðstoðar.

Í skála nr. 3 voru stödd eftirtalin vitni: Þorleifur Kristinn Þorleifsson verzlunarmaður, Pálína Þorleifsdóttir heimasæta og móðir þeirra, Elín Sigurðardóttir, öll búsett í nefndum skála, auk festarmanns Pálínu, Jóns Tryggva Valentínussonar járnsmíðanema, Hverfisgötu 82 hér í bæ. Skýrir Þorleifur Kristinn svo frá, en framburður hans er í samræmi við framburði nefndra vitna að því leyti, sem þau hafa getað borið um málsatvik, að um klukkan hálfníu laugardagskvöldið 3. maí 1947 hafi Rósa Aðalheiður komið að heimili hans, særð og blóðug, kallað á hjálp og sagt, að brjálaður maður hefði ráðizt á sig og börn sín, en því næst fór hún að skála nr. 4 við nefndan veg og bað einnig hjónin Baldur Gíslason bifreiðarstjóra og Sigríði Margrétu Guðmundsdóttur um hjálp. Þorleifur Kristinn og Jón Tryggvi hlupu þegar niður að skála Rósu Aðalheiðar, en á leiðinni þangað sáu þeir eldri dóttur hennar liggja meðvitundarlausa við vegarbrúnina og hugðu eigi að henni, þar sem fólk hafði þegar komið þar að. Í þessum svifum bar þarna að tvær bifreiðar, og var Sigríður Hólm borin upp í aðra þeirra, en Rósa Aðalheiður upp í hina af Elínu Sigurðardóttur og hjónunum í skála nr. 4 við Háteigsveg. Þeir Þorleifur Kristinn og Jón Tryggvi fóru að skála Rósu Aðalheiðar, en þangað var einnig komið fleira fólk, og eru framburðir þess einnig í samræmi við aðra

vitnaframburði að því leyti, sem hvert vitni hefur getað skýrt frá. Verða þeir nú raktir sameiginlega.

Er komið var að skálanum, kallaði Pálína Þorleifsdóttir, að barn væri þar inni, en þá hafði verið skorað á ákærða, sem stóð inni fyrir skáladyrunum og þurrkaði blóð af hnífi þeim, er hann var með, og hafði orð á því, að kalla skyldi á lögregluaðstoð, að koma út. Kveða vitnin hann hafa verið rólegan að sjá. Varð ákærði við áskoruninni, kastaði hnífnum inn í skálaganginn og var svo færður á lögreglustöðina, að sögn vitna rólegur og þögull, nema hvað hann bað um leyfi að þurrka blóð af hendi sinni, er honum var leyft. Á lögreglustöðinni gerði ákærði tilraun til að hlaupast á brott, en var aftrað frá því. Jón Tryggvi fór inn í skálann og bar yngra barnið, sem þá var örent, út í bifreið þá, sem systir hennar var flutt í á Landspítalann, en þangað var móðir þess einnig ekið í annarri bifreið.

Á oddi hnífsblaðs ákærða voru blóðblettir, er rannsakaðir voru ásamt blóði Rósu Aðalheiðar og dætra hennar, og segir í vottorði Þórarins Sveinssonar læknis, að líkur séu til, að blóðblettir hnífsblaðsins séu úr blóði Rósu Aðalheiðar. Í krufningarskýrslu sama læknis segir, að yngri dóttir Rósu Aðalheiðar, Kristín Kjartansdóttir, hafi orðið fyrir hnífstungusárum, bæði í gegnum hjartað og aðalslagæðina aftur við hrygginn, og áverkar þessir muni hafa valdið bráðum bana. Samkvæmt vottorði Þorgeirs Gestssonar læknis lá Rósa Aðalheiður Georgsdóttir á Landspítalanum frá 3. maí 1947 til 4. júní s. á. Á utanverðum hægri upphandlegg hafi verið tvær stungur um 1½—2 cm á lengd og nokkuð djúpar. Á baki milli 2. og 3. rifs sé stunga um 1½ cm á lengd. Þá segir enn fremur, að aftan til í vinstra nýra-„region" sé um 3 cm langur skurður og komi í ljós, að vinstra nýra hafi skaddazt. Við komu á sjúkrahúsið segir, að konan sé talsvert „shockeruð", hafi slæma verki í kviði og talsvert blæði úr áverkunum, en henni gefið blóð og „plasma infusion", og við brottför af sjúkrahúsinu hafi hún verið orðin sæmilega hress, þótt hún væri talsvert máttfarin.

Samkvæmt vottorði greinds læknis lá Sigríður Hólm á Landspítalanum frá 3. maí 1947 til 5. júní s. á. Segir í vottorðinu, að hún hafi hlotið 9 hnífstungur, flestar um 2 cm á lengd, nema eina á hægri framhandlegg um 5 cm á lengd og þar hafi skorizt í sundur sinar, margar stungur nái inn í bein og ein inn í brjósthol og talsvert hafi blætt úr sárunum, en telpan verið í allmiklu „shock"-ástandi, föl, útblædd og rænulítil, enda hafi hún strax fengið blóðgjöf og hresstst við það. Síðan hafi verið gert að sárum hennar, sinar saumaðar saman og blæðing stöðvuð. Telpan hafi verið illa haldin fyrst og fengið lungnabólgu, en hafi svo hresstst smátt og smátt, og við brottför af sjúkrahúsinu hafi henni liðið vel og verið eðlileg að sjá.

Hinn 7. maí 1947 var kveðinn upp úrskurður um, að geðheilbrigði ákærða skyldi rannsökuð af geðveikralækni. Dr. Helgi Tómasson, yfirlæknir á Kleppi, hafði ákærða til rannsóknar alllangan tíma, enda var læknirinn erlendis um skeið. Í skýrslu sinni, dagsettri 20. október sl., og

viðbótarskýrslu, dagsettri 27. s. m., lýsir hann hugarástandi ákærða, segir frá æviferli hans. Segir svo í niðurlagi skýrslunnar frá 20. október:

„Ingólfur Einarsson var þegar frá barnæsku sérsinna, stiflundaður og fálátur, og hefur máski nokkru ráðið þar um líkamslýti til augnanna. Hann aðhylltist snemma frekar öfgafullar skoðanir og var þar á öndverðum meið við heimili sitt og fjarlægðist það því enn meira. Hann byrjaði að drekka, varð fyrir vonbrigðum. Í hysterísku geðveikiskasti veitir hann sér óviljandi áverka, svo að líkamslýti hans verða enn meiri. Það dregur úr starfsmöguleikum hans og starfslöngun hans, og hann einangrast enn meira. Fyrri vini vill hann lítið umgangast. Drykkjuskapur, lögbrot og einstæðingsskapur var orðið hlutskipti hans, en fálæti og stundum hysterísk frekjuköst einkenndu framferði hans.

Hann hefur að vísu áður verið geðveikur og drykkfelldur, geðveiki hans var psykogen og læknaðist. Drykkjuskapur hans var mun meiri áður, en virðist þó hafa verið með minna móti í vetur (1946—47), a. m. k. sólarhringur er liðinn, frá því er hann síðast bragðar áfengi, og þá ekki mikið, þar til er hann fremur afbrotið.

Afbrot hans virðist mér ekki hvatabragð eða skammhlaupaverk geðveiks manns, heldur vanhugsað örþrifaráð til sjálfsbjargar hjá þrásinna manni, er hefur horn í síðu þjóðfélagsins, — örþrifaráð svipaðs eðlis og sefasjúk viðbrögð vanmátta einstaklinga. Að hann varð mannsbani, var frekar af vangá en yfirlögðu ráði. Hann ætlaði sér ekki af frekar en margir í sefasýkisköstum.

Hann virðist hafa verið algáður á undan og eftir og a. m. k. að einhverju leyti, á meðan hann vann verkið. — Hann vissi, hvað hann var að gera, og hann hafði ógeð á því, sem hann var að gera. Bendir það til þess, að ekki hafi verið um æði frávita manns né morðsýki kaldrifjaðs glæpamanns að ræða og ekki um misþyrmingar sadistísks eðlis eða verkan eftir áfengisofnautn. Á hinn bóginn hefur hann ekki virzt iðrast verknaðar síns, aðaltilganginum varð náð, að komast undir manna hendur, þótt hrapallega tækist til.

Afbrigðileg hegðun mannsins virðist eiga rót sína að rekja til líkamslýtis, nokkurs andlegs misþroska, sálarlegra og félagslegra aðlögunarerfiðleika, en hvorki geðsjúkdóms né illmennsku."

Álit yfirlæknisins á ákærða hinn 3. maí 1947 er, að hann hafi verið geðveill, psykopat, en hvorki vanviti né geðveikur. Í viðbótarskýrslunni frá 27. október tekur yfirlæknirinn fram að gefnu tilefni frá rannsóknardómaranum, að hann telji verknað ákærða eigi geta fallið undir 15. gr. hegningarlaganna, en að ákærði hafi verið í því ástandi, sem 16. gr. nefndra laga gerir ráð fyrir. Ekki kveðst læknirinn með vissu geta sagt um, hvort refsing geti borið árangur, en telur það frekar ósennilegt.

Eins og atvikum hefur nú verið lýst, þykir brot ákærða varða við 211. gr. og 218. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940, sbr. 16. gr. sömu laga, en með tilliti til framanskráðs álits geðveikislæknisins og þess, að ákærði hefur samkvæmt skýrslu sama læknis fengið geðveikiskköst bæði fyrir 3. maí 1947 og eftir, verður eigi talið, að refsing honum til

handa geti borið árangur. Þykir því samkvæmt 62. gr. hegningarlaganna bera að dæma hann til gæzlu á viðeigandi hæli.

Samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans hér við réttinn, hrl. Sveinbjörns Jónssonar, kr. 500.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Ingólfur Einarsson, skal sæta gæzlu á viðeigandi hæli.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Sveinbjörns Jónssonar, kr. 500.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 26. september 1949.

Nr. 56/1949. **Valdstjórnin** (Einar Arnórsson)
gegn
Ingólfi Vestmann Eyjólfssyni (Sigurður Ólason)
og
Réttvísin (Einar Arnórsson)
gegn
Magnúsi Hauki Jónssyni (Ragnar Jónsson).

Setudómari próf. Ólafur Jóhannesson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Áfengis- og bifreiðalagabrot. Rangur framburður.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó með þeirri breytingu, að kærði, Ingólfur Vestmann Eyjólfsson, skal sviptur leyfi til að aka bifreið 8 mánuði alls.

Kærði, Ingólfur Vestmann Eyjólfsson, greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, kr. 400.00. Ákærði, Magnús Haukur Jónsson, greiði málflutningslaun skipaðs

verjanda síns í Hæstarétti, kr. 400.00. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda í Hæstarétti, kr. 500.00, greiði kærði Ingólfur og ákærði Magnús in solidum.

Það athugast, að við framhaldsrannsókn í Reykjavík í máli þessu var ekki rannsakaður aðdragandi að því, að ákærði, Magnús Jónsson, bar rangt fyrir dómi, er haldin voru frumpróf máls þessa í lögreglurétti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að kærði, Ingólfur Vestmann Eyjólfsson, skal sviptur ökuleyfi 8 mánuði alls.

Kærði, Ingólfur Vestmann Eyjólfsson, greiði skipuðum verjanda sínum fyrir Hæstarétti, Sigurði Ólasyni hæstaréttarlögmanni, málflutningslaun, kr. 400.00. Ákærði, Magnús Haukur Jónsson, greiði skipuðum verjanda sínum fyrir Hæstarétti, Ragnari Jónssyni hæstaréttarlögmanni, málflutningslaun, kr. 400.00. Allan annan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda í Hæstarétti, Einars Arnórssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 500.00, greiði kærði og ákærði in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 17. sept. 1948.

Ár 1948, föstudaginn 17. september, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4433/ og 4434/1948: Valdstjórnin gegn Ingólfi Vestmann Eyjólfssyni og réttvísin gegn Magnúsi Hauki Jónssyni, sem tekið var til dóms sama dag. Málið er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn kærðum, Ingólfi Vestmann Eyjólfssyni símamanni, Karlagötu 3 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum, nr. 33 9. janúar 1935, og bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941, til refsingar, sviptingar ökuleyfis og greiðslu sakarkostnaðar, og gegn ákærðum, Magnúsi Hauki Jónssyni verkamanni, Lindargötu 14 hér í bæ, fyrir brot gegn XV. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940.

Báðir eru þeir kærður og ákærður komnir yfir lögaldur sakamanna,

kærður fæddur 11. október 1925 í Hafnarfirði, og hefur hann, svo að vitað sé, sætt þessum kærum og refsingum:

1937 12/5 Kærður fyrir barsmíð. Afgr. til barnaverndarn.
1938 3/3 Kærður fyrir hnupl, rúðubrot o. fl. Sams konar afgr.
1943 4/8 Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun og ókvæðisorð um lögregluna.
1943 29/8 Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og árás á lögregluna.
1948 21/4 Sátt, 125 kr. sekt fyrir óspektir og rúðubrot. Skaðabætur skv. reikningi.

Ákærður er fæddur 6. júlí 1928 í Reykjavík, og hefur hann, svo að vitað sé, sætt eftirfarandi kærum og refsingum:

1947 19/11 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun, áflog og rúðubrot, 175 kr. skaðabætur í sama máli.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Sunnudaginn 13. júlí 1947 voru þeir Geir G. Bachmann, bifreiðaeftirlitsmaður í Borgarnesi, og Jón Pétursson verkamaður, Borgarnesi, við umferðareftirlit í Borgarfirði. Kl. 12—12½ á miðnætti (aðfaranótt hins 14. júlí) voru þeir staddir í Borgarnesi, á Egilsgötu við hornið, þar sem bifreiðastöð Kaupfélags Borgfirðinga er. Sáu þeir þá jeppabifreiðina R-2844 koma akandi fyrir götuhorn þetta á mikilli ferð. Gáfu þeir bifreiðarstjóranum merki um að nema staðar. Virtist þeim koma hik á hann og hann hálfstöðva bifreiðina, en ók þegar áfram eftir það. Þeir Geir og Jón sáu glögglega, að tveir menn sátu í bifreiðinni, bifreiðarstjórinn og annar maður til, sem sat í framsætinu, en engan sáu þeir í aftursæti bifreiðarinnar. Eftir þetta hófu þeir Geir og Jón leit að umræddri bifreið og fundu hana á Skúlagötu í kaupstaðnum, en ekki fundu þeir menn þá, sem í henni höfðu verið, þar. Fóru þeir síðan á gistihúsið og fundu mennina 2 þar í gestaherbergi. Virtust þeir eða þóttust vera sofnaðir. Hjá starfsstúlkum á gistihúsinu fengu þeir Geir og Jón þær upplýsingar, að menn þessir væru þangað komnir aðeins fyrir um 10 mínútum. Þeir Geir G. Bachmann og Jón Pétursson fóru nú til sýslumanns, Jóns Steingrímssonar, vöktu hann upp og kærðu mennina, sem í bifreiðinni R-2844 höfðu verið. Brá sýslumaður við og fór ásamt þeim Geir og Jóni á gistihúsið til að hafa tal af mönnunum tveim. Brugðust þeir illa við þessari heimsókn og viðhöfðu móðgandi orð og hótanir við sýslumann og löggæzlumenn, enda virtust þeir vera ölvaðir að dómi sýslumanns og löggæzlumannanna tveggja.

Mennirnir tveir, sem í bifreiðinni R-2844 höfðu verið, reyndust vera þeir kærður, Ingólfur Vestmann Eyjólfsson, og ákærður, Magnús Haukur Jónsson. Setti sýslumaður yfir þeim rétt næsta dag, og skýrðu þeir þá báðir svo frá, að um kl. 2½ e. h. hinn 13. júlí, daginn áður, hefðu þeir komið til Borgarness með m/s Laxfossi. Þaðan kváðust þeir hafa farið á íþróttamót, sem þennan dag var haldið nálægt Ferjukoti í Borgarhreppi, og verið þar allt til kvölds. Á skemmtuninni sögðust þeir kærður og ákærður hafa neytt nokkurs áfengis og verið orðnir allölvaðir, er henni lauk. Hafi þeir því fengið mann nokkurn, sem þeir gátu enga grein gert fyrir, hver var, til að aka bifreiðinni R-2844, sem var á þeirra

vegum, frá skemmtistaðnum niður í Borgarnes. Á tilteknum stað í kaupstaðnum kváðust þeir síðan hafa skilið við mann þennan og farið síðan á gistihúsið á staðnum og fengið sér gistingu, háttað og verið í rúmum sínum, er löggæzlumenn og síðan sýslumaður komu til þeirra þangað.

Í þessu sama réttarhaldi lýstu þeir báðir yfir því, Geir G. Bachmann og Jón Pétursson, að þeir þekktu kærða Ingólf Vestmann fyrir hinn sama mann, sem ekið hefði bifreiðinni R-2844, er hún ók fram hjá þeim í Borgarnesi kvöldið áður. Staðfestu þeir báðir þann framburð sinn, Geir með eiði, en Jón með drengskaparheiti.

Hinn 4. september 1947 var mál þetta tekið til rannsóknar í lögreglurétti Reykjavíkur. Skýrði kærður, Ingólfur Vestmann, frá málavöxtum á þessa leið: Hann kvaðst hafa ekið bifreiðinni R-2844 fyrir Landssímann um tíma sumarið 1947. Um helgina 12.—14. júlí þetta sumar kveðst hann hafa brugðið sér til Reykjavíkur, en skilið bifreiðina eftir í Borgarnesi á meðan. Sunnudaginn 13. júlí hafði hann farið upp í Borgarnes aftur, tekið bifreiðina þar og ekið henni að Ferjukoti á fyrrnefnda samkomu. Kveðst hann þá hafa verið algáður. Á skemmtun þessari kveðst hann síðan hafa dvalizt þar til um kl. 9 um kvöldið, brugðið sér þá til Borgarness með Englendingi nokkrum, en ekið síðan í umræddri bifreið aftur að Ferjukoti á skemmtunina og dvalizt þar, þar til henni var lokið um kl. 12 um nóttina (aðfaranótt hins 14. júlí). Eftir það kveðst kærður enn hafa tekið bifreiðina R-2844, ekið henni niður í Borgarnes, stöðvað hana einhvers staðar í kaupstaðnum, skundað síðan inn á Hótel Borgarnes og háttað. Með sér segir hann hafa verið ákærðan, Magnús Hauk Jónsson. Ekki kveðst kærður hafa orðið þess var, að honum hafi verið gefið stöðvunarmerki, er hann ók í gegnum Borgarnesskauptún, og ekki telur hann sig hafa ekið með yfir 25 km hraða miðað við klst. í gegnum kauptúnið. Kærður kveðst ekki hafa vaknað, er löggæzlumennirnir og sýslumaður komu í herbergi þeirra félaga umrædda nótt, og hafi hann því ekki getað viðhaft móðgandi orðbragð við sýslumann og löggæzlumennina. Á tímabilinu á að gizka kl. 10.15—12 kveðst kærður hafa drukkið úr einni flösku af brennivíni við þriðja mann, þannig að hann hafi neytt um ⅓ hluta af innihaldi flöskunnar á þessum tíma. Af þessu kveðst hann hafa fundið talsvert til áhrifa áfengis, og hafi hann því ekið bifreiðinni R-2844 undir þessum áhrifum frá Ferjukoti til Borgarness í síðara skiptið, sem hann ók þangað þetta kvöld.

Ákærður, Magnús Haukur, viðurkenndi það í lögreglurétti Reykjavíkur hinn 14. nóvember 1947, að hann hefði skýrt rangt frá í lögreglurétti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hinn 14. júlí 1947 að því leyti, að kærður, Ingólfur Vestmann, hefði ekið bifreiðinni R-2844 frá Ferjukoti til Borgarness eftir kl. 12 aðfaranótt hins 14. júlí 1947. Hefur ákærður annars skýrt svo frá, að hann hafi orðið kærðum samferða frá Reykjavík til Borgarness hinn 13. júlí 1947, farið síðan með honum í bifreiðinni R-2844 frá Borgarnesi að Ferjukoti og dvalizt þar, þar til skemmtuninni lauk þar næstu nótt. Ekki fór ákærður með kærðum, er hann (kærður) ók til Borgarness með Englendinginn um kl. 9 að kvöldi hins

13., en neytti með honum áfengis eftir kl. 10 um kvöldið, eftir að kærður kom aftur á skemmtunina frá Borgarnesi. Er haldið var til Borgarness eftir kl. 12 um nóttina, kveðst ákærður hafa setið í framsæti bifreiðarinnar við hlið kærðs, og kveðst hann hafa veitt því athygli, er löggæzlumennirnir gáfu bifreiðinni stöðvunarmerki í Borgarnesi, og haft orð á því við kærðan, en hann ekki sinnt því. Ekki kveðst ákærður muna, hvað hann sagði við sýslumanninn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, er hann vakti þá félaga um nóttina, en telur vel geta verið, að það hafi verið eitthvað móðgandi; segist ekki hafa vitað fyrr en daginn eftir, að hann talaði þar við yfirvaldið á staðnum. Ekki kveðst ákærður hafa gert sér grein fyrir því við réttarhaldið hjá sýslumanni hinn 14. júlí 1947, að óheimilt væri að viðlögðum þungum refsingum að bera ljúgvitni fyrir rétti; kveðst aðallega hafa gert þetta til að reyna að bjarga félaga sínum, kærðum Ingólfi Vestmann.

Samkvæmt atvikalýsingunni hér að framan telst sannað, að kærður hafi ekið bifreiðinni R-2844 undir áhrifum áfengis aðfaranótt hins 14. júlí 1947, og hefur hann með þessu gerzt brotlegur við 21. gr. áfengislaga, nr. 33 9. janúar 1935, og 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga, nr. 23 16. júní 1941. Einnig telst sannað, að hann hafi ekið of hratt, er hann var á ferð um Borgarnes sömu nótt, og hefur hann með því brotið gegn 2. mgr. 26. gr. bifreiðalaganna.

Þykir refsing hans, samkvæmt 39. gr. áfengislaganna og 38. gr. bifreiðalaganna, hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga.

Þá ber, samkvæmt 21. sbr. 39. gr. áfengislaganna og 39. gr. bifreiðalaganna, að svipta kærðan leyfi til að aka bifreið í 4 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Með játningu ákærðs telst og sannað, að hann hafi sem vitni borið vísvitandi rangt fyrir lögreglurétti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hinn 14. júlí 1947, enda er þetta í samræmi við aðrar upplýsingar, sem fyrir liggja í máli þessu. Hefur ákærður með þessu athæfi sínu brotið 1. mgr. 142. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940.

Þykir refsing hans, samkvæmt nefndri grein, hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Ákærður skal frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga, samkv. 3. mgr. 68. gr. alm. hegningarlaga.

Þá ákærðan og kærðan ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað in solidum.

Á rekstri máls þessa hefur orðið allmikill dráttur, og stafar hann af því, að allerfitt hefur reynzt að hafa uppi á þeim ákærðum og kærðum, sem hafa verið langdvölum úr bænum, meðan rannsókn málsins stóð yfir.

Dómsorð:

Kærður, Ingólfur Vestmann Eyjólfsson, sæti varðhaldi í 10 daga. Hann skal sviptur leyfi til að aka bifreið í 4 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Ákærður, Magnús Haukur Jónsson, sæti fangelsi í 3 mánuði. Hann skal sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa. Þeir ákærður og kærður greiði in solidum allan sakarkostnað. Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 26. september 1949.

Kærumálið nr. 12/1949.

H/f Sæfinnur

gegn

Bæjarstjórn Neskaupstaðar f. h. bæjarsjóðs.

Setudómari próf. Ólafur Jóhannesson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Frávísunardómur héraðsdóms staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 16. júní þ. á., sem Hæstarétti barst 30. s. m., hefur sóknaraðili kært dóm bæjarþings Reykjavíkur, upp kveðinn 11. s. m., en með þeim dómi var máli sóknaraðilja á hendur varnaraðilja vísað frá dómi. Sóknaraðili gerir þær kröfur hér fyrir dómi, að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi felldur og varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 300.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, h/f Sæfinnur, greiði varnaraðilja, bæjarstjórn Neskaupstaðar f. h. bæjarsjóðs, kr. 300.00 kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. júní 1949.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 3. þ. m., hefur stjórn h/f Sæfinns, Akureyri, f. h. félagsins, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 31. janúar sl., gegn bæjarstjórn Neskaupstaðar til endurgreiðslu útsvars, að fjárhæð kr. 40.000.00, með 6% ársvöxtum frá 16. febrúar 1948 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefnda hefur *aðallega* krafizt, að máli þessu verði vísað frá bæjarþinginu og stefnandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar að mati dómarans. *Til vara* hefur stefnda krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Stefnandi hefur krafizt þess, að frávísunarkröfunni verði hrundið og stefnda dæmd til að greiða málskostnað að mati dómarans.

Málsatvik eru þau, að á árinu 1944 var stefnanda gert að greiða útsvar til stefndu, að fjárhæð kr. 39.750.00. Stefnandi hafði talið lögheimili sitt í Neskaupstað þá undanfarin ár, en í desember 1943 var ákveðið að flytja heimilisfangið til Mjóafjarðar í Suður-Múlasýslu, og var félagið skrásett þar í janúar 1944. Félagið taldi fram til skatts í Mjóafirði árið 1944, og var lagt á það útsvar þar, sem það mun hafa greitt. Hins vegar taldi félagið ekki fram í Neskaupstað, enda þótt því væri gefinn kostur á því. Voru félaginu því áætlaðar tekjur og eignir fyrir árið 1943 og síðan lagt á það útsvar til Neskaupstaðar, eins og áður greinir. Stefnandi kærði útsvarsálagningu þessa til niðurjöfnunarnefndar Neskaupstaðar og krafðist þess, að útsvarið yrði niður fellt. Með úrskurði, upp kveðnum 15. júlí 1944, hratt niðurjöfnunarnefndin kæru þessari. Stefnandi greiddi ekki útsvarið, og hinn 12. sept. 1944 krafðist stefnda, að útsvarið yrði tekið lögtaki hjá stefnanda. Lögtaksmál þetta var síðan sótt og varið fyrir fógetadómi Suður-Múlasýslu. Með úrskurði, upp kveðnum 6. des. 1944 í fógetadómi Suður-Múlasýslu, var ákveðið, að lögtakið skyldi fara fram á ábyrgð gerðarbeiðanda. Úrskurði þessum mun ekki hafa verið skotið til Hæstaréttar. Nokkru síðar greiddi stefnandi útsvarið, sem með kostnaði virðist hafa numið kr. 40.000.00, en kveðst hafa gert fyrirvara um endurheimtu.

Hinn 20. des. 1944 kærði stefnandi útsvarsálagningu þessa til ríkisskattanefndar, en með úrskurði, upp kveðnum 13. janúar 1945, vísaði ríkisskattanefnd málinu frá sér, þar sem það hefði ekki áður verið borið undir niðurjöfnunarnefnd og yfirskattanefnd.

Stefnandi lagði því næst málið fyrir yfirskattanefnd Neskaupstaðar og krafðist lækkunar á útsvarinu. Með úrskurði yfirskattanefndarinnar, upp kveðnum 28. des. 1945, var þessari kæru stefnanda hrundið, og er úrskurðurinn á því byggður, að allir venjulegir kærufrestir séu liðnir. Hins vegar tók yfirskattanefndin enga afstöðu til efnishliðar málsins. Stefnandi sneri sér því næst aftur til ríkisskattanefndar, en hinn 27. marz 1946 vísaði ríkisskattanefnd málinu frá sér, þar sem yfirskattanefnd hefði ekki fjallað um efnishlið málsins. Með stefnu, út gefinni 19. maí 1948, höfðaði stefnandi mál fyrir bæjarþingi Neskaupstaðar og gerði þar þær kröfur, að stefnda yrði dæmd til að endurgreiða sér umrætt útsvar,

kr. 40.000.00. Stefnda hafði þar uppi þá aðalkröfu, að málinu yrði vísað frá bæjarþinginu. Frávísunarkröfuna rökstuddi stefnda með því, að skorið væri úr um útsvarsskyldu stefnanda með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 28. marz 1947. Með úrskurði, upp kveðnum 8. júní 1948, var frávísunarkröfu þessari hrundið, þar sem nefndur hæstaréttardómur fjallaði aðeins um útsvarsskyldu stefnanda árið 1945. Úrskurður þessi var ekki kærður til Hæstaréttar. Mál þetta var síðan hafið. Með samkomulagi aðilja var síðan höfðað mál það, er hér liggur fyrir, og gerðu aðiljar þar framangreindar kröfur.

Frávísunarkröfu sína byggir stefnda í fyrsta lagi á því, að mál um sama efni milli sömu aðilja hafi þegar verið dæmt af fógetadómi Suður-Múlasýslu hinn 4. desember 1944, en þeim dómi hafi ekki verið áfrýjað. Bæjarþingið, sem sé hliðsettur dómstóll, geti því ekki dæmt um atriðið, og beri að vísa málinu frá bæjarþinginu. Enda þótt nokkur önnur rök séu nú færð fyrir kröfum stefnanda en hann hafði uppi í fógetamálinu, þá skipti það ekki máli, þar sem þau rök hafi verið unnt að hafa uppi þar. Og þar sem þess hafi ekki verið gætt, þá verði ekki um þau dæmt í sérstöku máli um sama efni.

Í öðru lagi byggir stefnda frávísunarkröfu sína á því, að hér sé um að ræða ákvörðun fjárhæðar útsvars, en slík mál heyri ekki undir úrskurðarvald dómstólanna.

Í þriðja lagi byggir stefnda frávísunarkröfu sína á því, að kröfugerð stefnanda sé svo óákveðin, að eigi verði lagður dómur á málið, og beri því að vísa því frá. Ef svo verði litið á, að stefnandi eigi rétt til endurgreiðslu, þá sé ljóst, og enda viðurkennt af stefnanda, að eigi komi til greina að endurgreiða nema hluta af útsvarinu. Hins vegar komi ekki fram í kröfum hans, hve mikinn hluta hann telji sig eiga að fá endurgreiddan.

Af hálfu stefnanda hefur það verið fram fært, að stefnda hafi haft uppi frávísunarkröfu, er mál þetta var rekið fyrir bæjarþingi Neskaupstaðar. Frávísunarkröfu þessari hafi verið hrundið með úrskurði, upp kveðnum 8. júní 1948. Þá hafi verið lýst yfir því af hendi stefndu, að úrskurðurinn yrði kærður til Hæstaréttar. Hins vegar hafi ekki af kærunni orðið, og standi úrskurður þessi því óhaggaður. Málið hafi síðan verið hafið og flutt fyrir bæjarþing Reykjavíkur með samkomulagi aðilja.

Þar sem stefnda hafi eigi hirt um að kæra greindan úrskurð, sé hún af honum bundin og eigi þess ekki kost að hafa uppi frávísunarkröfu í þessu máli, enda séu engin þau ný atriði fram komin, er réttlæti slíkt. Frávísunarkröfur þær, er stefnda hafi nú uppi, séu því of seint fram komnar.

Að því er varðar úrskurð fógetadóms Suður-Múlasýslu frá 4. des. 1944, þá hefur af hendi stefndu því verið haldið fram, að hann skipti ekki máli hér. Með þeim úrskurði hafi aðeins verið ákveðin útsvarsskylda stefnanda, á því byggð, að stefnandi hafi átt heimili í Neskaupstað árið 1943. Nú sé endurkröfumál þetta á öðrum rökum reist, m. a. á því, að

um valdníðslu af hendi stefndu hafi verið að ræða við útsvarsálagninguna.

Í máli þessu byggir stefnandi fyrst og fremst kröfur sínar á því, að félagið hafi ekki átt lögheimili í Neskaupstað árið 1943. Þessar varnir hafði stefnandi sem gerðarþoli uppi fyrir fógetadómi Suður-Múlasýslu, sem hratt þeim með úrskurði, upp kveðnum 6. desember 1946. Hefur því hliðsettur dómstóll dæmt um þetta efni.

Í annan stað byggir stefnandi kröfur sínar á því, að stofn sá, er niðurjöfnunarnefnd Neskaupstaðar lagði útsvarið á, sé rangur, þar sem tekjur og eignir félagsins fyrir árið 1943 séu áætlaðar of háar. Stefnandi höfðaði ekki mál í héraði um lögmæti fógetagerðarinnar innan þeirra tímamarka, sem boðin eru í 1. mgr. 12. gr. laga nr. 29 frá 1885, um lögtak o. fl. Samkvæmt þessu ber að vísa máli þessu ex officio frá bæjarþinginu.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Máli þessu vísast ex officio frá bæjarþinginu.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 26. september 1949.

Kærumálið nr. 14/1949.

Magnús Blöndal Jónsson

gegn

Kristjáni Þorvarðssyni, Einari Ragnari Jónssyni, Jónasi Sveinssyni og Jakobi Hafstein.

Setudómari próf. Ólafur Jóhannesson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Máli frestað sjálfkrafa.

Úrskurður Hæstaréttar.

Með kæru, dags. 4. júlí þ. á., er hingað barst 9. ágúst sl., kærir sóknaraðili málskostnaðarákvæði dóms bæjarþings Reykjavíkur, er upp var kveðinn 27. júní þ. á. í máli sóknaraðilja gegn varnaraðiljum.

Varnaraðiljar hafa skotið framangreindu máli til Hæstaréttar með stefnu 6. ágúst sl. til þingfestingar í októbermánuði nk. Þykir því rétt, samkvæmt analógíu 2. mgr. 117. gr.

laga nr. 85/1936, að fresta kærumálinu ex officio, unz séð er, hvort áðurnefnt áfrýjunarmál verður lagt í dóm.

Ályktarorð:

Máli þessu er frestað ex officio samkvæmt framanskráðu.

Mánudaginn 26. september 1949.

Kærumálið nr. 13/1949.

Kaupfélag Ísfirðinga

gegn

Sigrúnu Edwald og Rögnvaldi Jónssyni.

Setudómari próf. Ólafur Jóhannesson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Úrskurður héraðsdóms og málsmeðferð ómerkt.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 2. júlí þ. á., er hingað barst 3. f. m., hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar úrskurði, upp kveðnum á bæjarþingi Ísafjarðar 29. júní sl., þar sem synjað var dómkvaðningar í máli sóknaraðilja gegn varnaraðiljum.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, dómkvaðning heimiluð og varnaraðiljum dæmt að greiða kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðiljar hafa hvorki sent dóminum kröfur né greinargerð í málinu.

Ólöglærðir menn hafa flutt mál þetta í héraði. Samkvæmt stefnu var málið höfðað til riftunar á sölu á húsum og lóð verzlunar J. S. Edwalds á Ísafirði og viðurkenningar á forkaupsrétti sóknaraðilja að nefndum eignum. Í greinargerð sóknaraðilja, sem fram var lögð á bæjarþingi Ísafjarðar 7. marz þ. á., var þess hins vegar krafizt *aðallega*, að riftað yrði umræddri sölu og sóknaraðilja heimilað að kaupa nefndar fasteignir gegn greiðslu á tiltölulegum hluta af heildarverði því, er Rögnvaldur Jónsson gaf fyrir eignir þessar ásamt

verzlun og vörubirgðum. *Til vara* var þess krafizt, að nefndri sölu yrði riftað og sóknaraðilja heimilað að ganga inn í kaupin. Auk þess krafðist sóknaraðili þar fyrst málskostnaðar úr hendi varnaraðilja. Þar sem kröfur sóknaraðilja voru þannig víðtækari í greinargerð en í stefnu, átti dómari að leiðbeina sóknaraðilja um annaðhvort að fá samþykki varnaraðilja á þessari auknu kröfugerð án framhaldsstefnu eða að öðrum kosti leiðbeina um útgáfu framhaldsstefnu. Svo átti dómari og, eftir að kröfugerð var fram komin af hendi varnaraðilja, að leita um sættir í málinu samkvæmt lögjöfnun frá 5. tölulið 5. gr. sbr. 78. gr. laga nr. 85/1936. Auk þessa er samningu hins kærða úrskurðar áfátt um lýsingu á málsatvikum, sbr. 2. málsgr. 190. gr. laga nr. 85/1936. Af framangreindum ástæðum þykir því bera að ómerkja úrskurð og málsmeðferð í héraði frá þeim tíma, er greinargerð sóknaraðilja var lögð fram, og vísa málinu heim til löglegrar meðferðar af nýju.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að varnaraðiljar greiði in solidum sóknaraðilja kærumálskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 200 krónur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður og málsmeðferð í héraði frá þeim tíma, er greinargerð sóknaraðilja var lögð fram, eiga að vera ómerk, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar af nýju.

Varnaraðiljar, Sigrún Edwald og Rögnvaldur Jónsson, greiði in solidum sóknaraðilja, Kaupfélagi Ísfirðinga, 200 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Ísafjarðar 29. júní 1949.

Ár 1949, miðvikudaginn 29. júní, var í bæjarþingi Ísafjarðar, sem haldið var í bæjarfógetaskrifstofunni á Ísafirði af hinum reglulega dómara, Jóh. Gunnari Ólafssyni bæjarfógeta, kveðinn upp úrskurður í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 27. júní sl.

Í þinghaldi 27. þ. m. í máli þessu gerði stefnandi kröfu til þess, að dómkvaddir væru tveir menn til þess að meta, hve mikill hluti eignir

þær, sem stefnandi telur sig eiga forkaupsrétt að, séu af öllum þeim eignum, sem seldar voru stefndum, Rögnvaldi Jónssyni.

Umboðsmaður stefndu mótmælti því, að dómkvaðningin færi fram á þessu stigi málsins, sökum þess að ekki hefði verið úr því skorið, hvort stefnandi hefði fyrirgert forkaupsrétti sínum.

Stefnukröfur í málinu eru þær, að riftað verði sölu á húsum og lóð verzlunar J. S. Edwalds og viðurkenndur forkaupsréttur stefnanda að þessum eignum. Hins vegar hefur ekki verið gerð krafa um það, að þessar eignir verði afhentar stefnanda gegn greiðslu matsupphæðar, nema í greinargerð stefnanda. Og hefur það atriði ekki verið lagt til sátta á lögmætan hátt í máli þessu. Eins og málið hefur verið lagt fyrir bæjarþingið, virðist ekki nauðsynlegt til skýringar málsatvikum eða vegna dómsniðurstöðu, að mat þetta fari fram að svo stöddu. Gegn mótmælum stefndu virðist því ekki ástæða til, að dómkvaðningin fari fram. Ber því að synja um umbeðna dómkvaðningu.

Því úrskurðast:
Umbeðin dómkvaðning skal ekki fara fram.

Mánudaginn 26. september 1949.

Kærumálið nr. 16/1949.

Sigurður Guðmundsson
gegn
Jóhanni Þ. Jósefssyni.

Setudómari próf. Ólafur Jóhannesson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Úrskurður um frestsynjun staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 4. júlí sl., er hingað barst 19. þ. m., hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar úrskurði bæjarþings Reykjavíkur hinn 4. júlí þ. á., þar sem sóknaraðilja er synjað um frekari frest í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja.

Sóknaraðili hefur ekki sent Hæstarétti greinargerð eða kröfur í málinu, en ætla verður, að hann hafi kært í þeim tilgangi að fá frest þann, sem lýst er í úrskurði héraðsdóms.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar af sóknaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kr. 200.00 í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Sigurður Guðmundsson, greiði varnaraðilja, Jóhanni Þ. Jósefssyni, kr. 200.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 4. júlí 1949.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 28. f. m., hefur Jóhann Þ. Jósefsson, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 23. febrúar 1949, gegn Sigurði Guðmundssyni, Fálkagötu 1 hér í bænum. Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, *að* ummæli, sem birtust í 23. tölublaði Þjóðviljans, er út kom þriðjudaginn 1. febrúar 1949, verði dæmd dauð og ómerk, *að* stefndi verði dæmdur í þyngstu refsingu fyrir þau og honum gert að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Mál þetta var þingfest 22. marz sl., og fékk stefndi þá frest til ritunar greinargerðar til 29. s. m., en þann dag lagði hann fram greinargerð með nokkrum fylgiskjölum. Var aðiljum síðan veittur sameiginlegur frestur til gagnaöflunar til 19. apríl sl. og síðan nokkrir framhaldsfrestir, nú síðast til 21. f. m. Í þinghaldi þann dag óskaði umboðsmaður stefnda enn eftir viku framhaldsfresti til öflunar gagna hjá tollstjóranum í Reykjavík, sem hafi ekki enn fengizt sökum anna tollstjóra sem sáttasemjara í vinnudeilum, sem staðið hafi yfir. Með úrskurði bæjarþingsins, upp kveðnum 23. s. m., var stefnda veittur þessi frestur. Er málið var tekið fyrir 28. s. m., óskaði stefndi enn eftir fresti í sama skyni til 1. réttardags í september. Stefnandi andmælti öllum frekari fresti, og var atriðið tekið til úrskurðar að kröfu stefnda.

Þegar virtir eru frestir þeir, sem veittir hafa verið í máli þessu, verður að ætla, að stefndi hafi haft nægan tíma til að afla nefndra gagna hjá tollstjóranum, og verður því að synja kröfu hans um frekari frest.

Jón Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurðinn.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur verður ekki veittur.

Föstudaginn 30. september 1949.

Nr. 109/1949. **Valdstjórnin** (Einar Ásmundsson)
gegn
Georg Emil Nielsen (Ólafur Þorgrímsson).

Setudómari próf. Ólafur Jóhannesson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Áfengis- og bifreiðalagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Málsatvikum er rétt lýst í héraðsdómi að öðru en því, að einstefnuakstur er eigi um Smiðjustíg frá Lindargötu að Hverfisgötu. Hefur kærði því eigi gerzt brotlegur við 30. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur. Að öðru leyti er brot kærða fært til réttra refsiákvæða. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 400.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Kærði, Georg Emil Nielsen, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars Ásmundssonar og Ólafs Þorgrímssonar, kr. 400.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 30. júní 1949.

Ár 1949, fimmtudaginn 30. júní, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Guðm. Ingva Sigurðssyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2530/1949: Valdstjórnin gegn Georg Emil Nielsen.

Mál þetta, er dómtekið var samdægurs, var höfðað gegn Georg Emil Nielsen endurskoðanda, til heimilis í Hafnarhvoli við Tryggvagötu hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum, nr. 33 9. janúar 1935, bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941, og lögreglusamþykkt Reykjavíkur, nr. 2 7. janúar 1930. Kærður er fæddur 4. maí 1902 í Nakskov í Danmörku. Ár 1949,

24. marz, fékk kærður áminningu fyrir ólæsilegt skrásetningarmerki. Um aðrar kærur eða refsingar er eigi kunnugt.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Miðvikudaginn 13. apríl 1949 kl. 14.40 var Björn Jónsson lögregluþjónn staddur í Hafnarstræti. Veitti hann þá athygli bifreiðinni R. 3382, er ekið var skrykkjótt austur strætið, og bifreiðarstjórinn, þ. e. kærður, hékk fram á stýrið. Lögregluþjónninn gaf kærðum stöðvunarmerki, en kærður mun ekki hafa séð það. Lögregluþjónninn náði sér í bifreiðina G. 351 og fékk bifreiðarstjóra hennar til að aka á eftir bifreið kærðs. Rétt vestan við gatnamót Ingólfsstrætis og Hverfisgötu ók G. 351 fram fyrir kærðan, og var kærðum gefið greinilega til kynna, að hann ætti að nema staðar, en kærður ók þá niður Ingólfsstræti og inn Lindargötu, en G. 351 var ekið áfram inn Hverfisgötu og niður Smiðjustíg og stöðvuð um þvera Lindargötu. Lögregluþjónninn stökk út og gaf kærðum, er kom akandi vestan Lindargötu, merki um að staðnæmast, en kærður komst enn undan með því að aka upp Smiðjustíg. Lögregluþjónninn hljóp á eftir bifreið kærðs og fékk stöðvað kærðan upp við Hverfisgötu.

Farið var með kærðan á lögreglustöðina til yfirheyrslu. Kærðum var tekið blóð, er í fundust „reducerandi" efni, er samsvara 1.51‰ af alkóhóli. Kærður hefur þverneitað því, að hann hafi fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Hann kveðst hafa drukkið vín daginn áður og fram á nótt, án þess þó, að hann kæmist undir áhrif áfengis. Daginn, sem hann var handtekinn, hafi hann eigi bragðað vín. Kærður kveðst hafa ekið niður Ingólfsstræti til að forða árekstri við G. 351. Síðan hafi hann ekið inn Lindargötu og upp Smiðjustíg í því skyni að komast aftur upp á Hverfisgötu, en þar á gatnamótunum stöðvaði lögreglan hann.

Vitnið Ástríður Ingimundardóttir matreiðslukona, Njálsgötu 112, en þar borðar kærður, hefur borið, að er það bar kærðum mat á hádegi umræddan dag, hafi það séð vín á kærðum, er m. a. lýsti sér í því, að kærður var óstöðugur á fótum; auk þess fann vitnið vínþef af vitum kærðs.

Vitnið Björn Jónsson lögregluþjónn, er handtók kærðan, hefur borið, að kærður hafi greinilega verið undir áhrifum áfengis. Til marks um það hafi verið vínþefur, slappir andlitsdrættir, starandi augnaráð og skrykkjóttur akstur kærðs.

Vitnið Jakob Björnsson varavarðstjóri yfirheyrði kærðan á lögreglustöðinni. Hefur vitnið borið, að kærður hafi greinilega verið ölvaður. Lýsti það sér m. a. í því, að kærður talaði drafandi röddu og var óstöðugur á fótum.

Hafa báðir lögreglumennirnir staðfest framburð sinn með eiði.

Með eiðfestum framburði hinna tveggja lögregluþjóna, sem eru í samræmi við framburð vitnisins Ástríðar Ingimundardóttur og niðurstöðu blóðrannsóknar, er fengin sönnun þess þrátt fyrir neitun kærðs, að kærður hafi ekið umrætt skipti undir áhrifum áfengis. Varðar þetta

brot kærðs við 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislaga, nr. 33 frá 1935, og 23. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga, nr. 23 frá 1941.

Með því að óhlýðnast stöðvunarmerki lögregluþjónsins hefur kærður gerzt brotlegur við 28. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, nr. 2 frá 1930.

Með því að aka Smiðjustíg til suðurs hefur kærður brotið gegn einstefnuakstri þeim, er á Smiðjustíg gildir frá suðri til norðurs. Varðar slík háttsemi við 30. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, sbr. auglýsingu lögreglustjóra frá 9. júlí 1948.

Refsing kærðs þykir hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga. Þá ber samkvæmt 21. gr. áfengislaga og 39. gr. bifreiðalaga að svipta kærðan ökuleyfi í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Kærðan ber loks að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Málið hefur verið rekið vítalaust.

Dómsorð:

Kærður, Georg Emil Nielsen, sæti varðhaldi í 10 daga. Kærður er sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Kærður greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 30. september 1949.

Nr. 117/1949. **Valdstjórnin** (Kristján Guðlaugsson)
gegn
Árna Ásgrími Blöndal (Ragnar Jónsson).

Setudómari próf. Ólafur Jóhannesson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Áfengis- og bifreiðalagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að refsing kærða ákveðst 10 daga varðhald.

Eftir þessum úrslitum ber kærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 300.00 til hvors.

Það athugast, að héraðsdómari hefði átt að taka skýrslu fyrir dómi af lögregluþjóni þeim, er kærði brot kærða, svo og farþegum þeim, sem voru í bíl kærða. Einnig hefði dómarinn

átt að hlutast til um, að rannsakað væri áfengismagn í blóði kærða, ef þess var kostur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að refsing kærða, Árna Ásgríms Blöndals, ákveðst 10 daga varðhald.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Kristjáns Guðlaugssonar og Ragnars Jónssonar, kr. 300.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Sauðárkróks 22. júní 1949.

Ár 1949, miðvikudaginn 22. júní, var í lögreglurétti Sauðárkrókskaupstaðar, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Sigurði Sigurðssyni bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í málinu: Valdstjórnin gegn Árna Ásgrími Blöndal, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn kærðum, Árna Ásgrími Blöndal, verkamanni á Sauðárkróki, fyrir brot gegn áfengislögum, nr. 33 9. jan. 1935, bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941, og lögreglusamþykkt fyrir Skagafjarðarsýslu, nr. 71 15. júlí 1937.

Kærður, sem er fæddur 31. maí 1929, hefur með sátt í lögreglurétti Skagafjarðarsýslu 19. maí 1946 verið sektaður um 100 krónur fyrir byssuskot í friðlýstu æðarvarpi, samkv. 3. gr. sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 74 frá 1941, en ekki sætt öðrum kærum eða refsingum.

Sunnudagskvöldið 19. þ. m. ók kærður bifreið sinni, sem er lítil fólksflutningsbifreið, K-45, er hann sjálfur á, héðan frá Sauðárkróki fram að Löngumýri í Seyluhreppi. Var hann þar á lokadansleik kvennaskólans á Löngumýri ásamt 3 mönnum, sem hann leyfði rúm í bifreiðinni. Um kl. 2 eftir miðnætti aðfaranótt sunnudagsins 20. þ. m. hélt hann heim aftur í ofangreindri bifreið sinni og hafði þá tekið með sér 4 menn í bifreiðina, en hún er skrásett aðeins fyrir 3 menn auk bifreiðarstjóra. Kl. 3.15 um nóttina varð lögregluþjónninn hér á Sauðárkróki bifreiðarinnar var, er henni var ekið hér um kaupstaðinn, og veitti hann því eftirtekt, að kærður, sem ók bifreiðinni, mundi vera undir áhrifum áfengis. Kærður hefur fyrir lögregluréttinum játað það tregðulaust og hreinskilnislega, að hann hafi neytt áfengis á dansskemmtuninni á Löngumýri og einnig á leiðinni þaðan til Sauðárkróks, meðan hann ók bifreiðinni. Átti hann sjálfur áfengið, sem hann drakk, og hafði fengið það frá útsölu Áfengisverzlunar ríkisins á Siglufirði. Kærður hefur

látið þess getið, að orsökin til þess, að hann tók einum manni fleira í bifreiðina en honum var rétt að gera, hafi verið sú, að vegna hinna afar miklu vatnavaxta, sem kunnugt er, að nú síðan um síðustu helgi hafa torveldað umferð um láglendi Skagafjarðar, hafi fólkið frá danskemmtuninni á Löngumýri sætt vosbúð og verið í vandræðum að komast þaðan. Því hafi hann ekki getað neitað fjórða manninum um far í bifreiðinni.

Kærður hefur ekki haft bifreiðarstjórn að atvinnu, en aðeins ekið framangreindri einkabifreið sinni í eigin þarfir.

Með framangreindu framferði sínu hefur kærður að réttarins áliti gerzt sekur um brot á 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislaga, nr. 33/1935, 3. mgr. 14. gr. og 1. mgr. 23. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941, og 34. gr. sbr. 102. gr. lögreglusamþykktar fyrir Skagafjarðarsýslu, nr. 71/1937. Þykir refsing kærðs með tilliti til tregðulausrar og hreinskilinnar játningar hans og með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga, nr. 19/1940, hæfilega ákveðin 500 króna sekt í ríkissjóð, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún er ekki greidd innan 8 vikna frá birtingu dóms þessa. Samkvæmt 21. gr. áfengislaganna og 39. gr. bifreiðalaganna þykir rétt að svipta kærðan ökuleyfi bifreiðarstjóra í sex mánuði frá birtingu dóms þessa. Þá ber að dæma kærðan til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Árni Ásgrímur Blöndal, greiði 500 króna sekt í ríkissjóð, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 8 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærður er sviptur ökuleyfi bifreiðarstjóra í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 3. október 1949.

Nr. 72/1949. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Kára Söebeck Kristjánssyni (Gunnar J. Möller).

Setudómari próf. Ólafur Jóhannesson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Bifreiðalagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Kærði er fæddur 11. ágúst 1928, en ekki 1920, svo sem í héraðsdómi segir. Hegðun hans, sem lýst er í héraðsdómi, er þar rétt færð til refsiákvæða. Þykir mega staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms um sekt og vararefsingu, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, svo og ákvæði um greiðslu sakarkostnaðar í héraði.

Þar sem kærði, sem tvisvar áður hefur sætt refsingu fyrir of hraðan akstur, gerði sér leik að því að aka með óhóflegum hraða um fjölfarnar götur Reykjavíkur, brjóta þá ýmsar umferðarreglur og sinna ekki stöðvunarmerki lögreglumanna, þá hefur hann sýnt, að hann er ekki hæfur til að hafa réttindi til að aka bifreið. Ber því samkvæmt 39. gr. laga nr. 23/1941 að svipta hann ökuleyfi ævilangt.

Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 350.00 til hvors.

Dómsorð:

Kærði, Kári Söebeck Kristjánsson, greiði kr. 1000.00 sekt til ríkissjóðs, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hann skal sviptur ævilangt rétti til bifreiðaraksturs.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu málskostnaðar í héraði staðfestist.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verj-

anda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Gunnars Möllers, kr. 350.00 til hvors. Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 19. nóvember 1948.

Ár 1948, laugardaginn 19. nóvember, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans, Einari Ingimundarsyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 5650/ 1948: Valdstjórnin gegn Kára Söebeck Kristjánssyni, sem tekið var til dóms hinn 12. október sl.

Málið er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn kærðum, Kára Söebeck Kristjánssyni járnsmíðanema, Eskihlíð 14 A hér í bæ, fyrir brot gegn bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941, umferðarlögum, nr. 24 16. júní 1941, og lögreglusamþykkt Reykjavíkur, nr. 2 7. janúar 1930.

Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 11. ágúst 1920 á Ísafirði, og hefur hann, svo að vitað sé, sætt þessum kærum og refsingum:

1947 14/2 Rvík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot gegn 46. gr. lögrsþ. og 26. gr. bifreiðal.

1948 9/2 Rvík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir of hraðan akstur á bifreið.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina.

I.

Með bréfi, dags. 23. júlí sl., kærði sýslumaðurinn í Árnessýslu yfir því við sakadómarann í Reykjavík, að nokkrar bifreiðar, sem skrásettar voru í Árnessýslu, en eigendur þeirra búsettir í Reykjavík, hefðu ekki komið til skoðunar á þessu ári og eigendur þeirra ekki tjáð lögmæt forföll. Meðal þessara bifreiða var bifreiðin X-390, sem kærður átti þá. Kveðst hann hafa keypt nefnda bifreið af 2 nafngreindum mönnum á Selfossi nálægt mánaðamótum júní—júlí sl. Var bifreiðin þá óskoðuð, og ekki kveðst kærður hafa getað fengið hana skoðaða hér, fyrr en búið var að greiða af henni skatta, en skjölin fyrir hinum ógreiddu sköttum hafi hins vegar verið hjá sýslumanninum í Árnessýslu. Kærður segir margnefnda bifreið hafa verið bilaða, þegar bifreiðaskoðun fór fram í Árnessýslu, en ekki hafi hann gert sýslumanninum þar aðvart um, að hann gæti ekki fært hana til skoðunar á réttum tíma. Ekki kveðst kærður hafa ekið nefndri bifreið neitt, frá því að hana átti að skoða, þar til hinn 30. júlí sl.

II.

Um kl. 5.55 e. h. föstudaginn 9. júlí sl. voru þeir lögreglumennirnir Davíð Hálfdánarson og Eiður Gíslason á eftirlitsferð um Hafnarfjarðarveg í einni af lögreglubifreiðunum. Sáu þeir þá, hvar bifreiðinni R-3018 var ekið suður nefndan veg með miklum hraða. Segja þeir, að frá há-Eskihlíðinni niður í Fossvog hafi bifreið þessi farið með 60-70 km hraða

miðað við klst. og einnig hafi bifreiðinni verið ekið með 50—55 km hraða miðað við klst. á Fossvogsvegi. Lögreglumennirnir, sem fyrr eru nefndir, stöðvuðu nú margnefnda bifreið, og segir Eiður Gíslason stjórnanda hennar hafa sagzt heita Kristján Kristjánsson, Eskihlíð 14. Kærður hefur viðurkennt, að hann hafi verið á ferð í bifreiðinni R-3018 á fyrrnefndum stað og tíma, og einnig hefur hann viðurkennt, að hann hafi ekið með þeim hraða, sem 2 fyrrnefndir lögreglumenn telja hann hafa ekið með á fyrrnefndum stöðum. Hins vegar kveðst kærður ekki hafa sagzt heita Kristján Kristjánsson, enda hafi hann ekki verið spurður um nafn, en Eiður Gíslason hafi skrifað nafn sitt (kærðs) upp úr ökuskírteini sínu. Út af þessu hefur Eiður Gíslason tekið fram, að hann vilji ekki fullyrða, að kærður hafi sagzt heita Kristján, er hann spurði hann um nafn, og hefur tekið fram, að ökuskírteini kærðs, sem hann (Eiður) skoðaði við þetta tækifæri, hafi verið illlæsilegt og óhreint.

III.

Um kl. 3.30 e. h. föstudaginn 30. júlí sl. voru þeir lögreglumennirnir Geir Jón Helgason og Sverrir Guðmundsson staddir í jeppabifreiðinni R-3122 á móts við húsið nr. 166 við Laugaveg. Veittu þeir þá athygli bifreiðinni X-390, sem ók niður Laugaveg. Með því að lögreglumennirnir vissu, að bifreið þessi var óskoðuð, gáfu þeir stjórnanda hennar hljóðmerki til þess að gefa honum til kynna, að þeir vildu hafa tal af honum, en við þessu brást hann þannig, að hann ók sem hraðast niður Laugaveg. Veittu nú lögreglumennirnir fyrrnefndri bifreið eftirför, og óku þeir með rúmlega 50 km hraða miðað við klst. niður fyrrnefnda götu, en samt dró sundur með þeim og bifreiðinni X-390. Síðan var bifreið þessari ekið austur veg nokkurn, sem er fyrir ofan Mjólkurstöðina við Laugaveg, en síðan niður Lönguhlíð, vestur Laugaveg og niður á Skúlagötu. Kringum umferðareyjarnar, sem eru á gatnamótum Skúlagötu og Laugavegar, ók bifreið þessi öfugt. Eftir þetta ók bifreiðin X-390 vestur Skúlagötu, beygði suður Rauðarárstíg, austur Hverfisgötu og síðan Laugaveg, en þar eð bilið milli bifreiðarinnar X-390 og bifreiðar lögreglumannanna var nú orðið langt, fór Geir Jón Helgason úr bifreiðinni á Rauðarárstíg, en Sverrir Guðmundsson hélt áfram að veita bifreiðinni X-390 eftirför. Geir Jón Helgason hljóp síðan niður á Skúlagötu, en í sömu svifum sá hann, hvar bifreiðinni X-390 var ekið norður Höfðatún, svo að hann stöðvaði bifreið, sem var að fara vestur Skúlagötu, og ók henni austur Borgartún, en skilaði henni við hús Bifreiðaeftirlitsins við Borgartún. Fékk síðan Geir Jón mann og bifreið hjá Bifreiðaeftirlitinu og hélt áfram eftirförinni. Eftir að eltingarleikurinn hafði borizt um Borgartún, Sundlaugaveg og Laugarásveg, náði bifreið sú, sem Geir Jón var í, loks bifreiðinni X-390 austast á Sundlaugavegi, og hafði hún numið þar staðar. Tókst Geir Jóni að handsama stjórnanda margnefndrar bifreiðar, áður en honum tókst að aka af stað aftur, sem hann var þó að búa sig undir að gera. Fyrrnefndir lögreglumenn telja akstur margnefndrar bifreiðar hafa verið afar ógætilegan, þar eð börn, fólk

og önnur umferð hafi verið mikil um götur þær, sem hún ók eftir.

Stjórnandi bifreiðarinnar X-390, sem svo erfiðlega gekk að handsama, reyndist vera kærður. Hefur hann viðurkennt, að hann hafi ekið eins og hér að framan hefur verið lýst og vitað um ferðir lögreglumannanna á eftir sér, en ætlað að reyna að forða sér, þar eð hann hafi þurft að flýta sér austur í Árnessýslu umræddan dag.

IV.

Með því að færa ekki bifreið sína til skoðunar á tilsettum tíma og með því að láta ekki lögreglustjóra í því umdæmi, sem bifreiðina skyldi skoða, vita um, að forföll hömluðu honum að koma með bifreiðina, hefur kærður brotið 4. mgr. 17. gr. bifreiðalaga, nr. 23 16. júní 1941. Með því að aka í senn allt of hratt og ógætilega, bæði á Hafnarfjarðarvegi hinn 9. júlí sl. og víðs vegar um Austurbæinn hinn 30. júlí sl., hefur kærður brotið 2. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaganna, 2. gr. umferðarlaganna, nr. 24 16. júní 1941, og 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, nr. 2 7. janúar 1930. Með því að sinna ekki stöðvunarmerki lögreglumannanna, en láta þá í þess stað veita sér eftirför í langan tíma, hefur kærður brotið 1. mgr. 28. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, og með því að aka um gatnamót Skúlagötu og Laugavegar, gagnstætt því, sem umferðarmerki á þessum stað gefa til kynna, hefur kærður brotið 1. mgr. 5. gr. umferðarlaganna, sbr. auglýsingu lögreglustjóra um umferð á gatnamótum þessum.

Refsing kærðs þykir, samkvæmt 38. gr. bifreiðalaganna, 14. gr. umferðarlaganna og 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, hæfilega ákveðin 1000 króna sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá þykir rétt, samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna, að svipta kærðan leyfi til að aka bifreið í 3 mánuði frá birtingu dóms þessa. Kærðan ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, Jóns Hallvarðssonar hdl., 300 krónur.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Kærður, Kári Söebeck Kristjánsson, greiði 1000 króna sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hann skal sviptur leyfi til að aka bifreið í 3 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Kærður greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, Jóns Hallvarðssonar hdl., 300 krónur.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 5. október 1949.

Nr. 140/1948. **Ólafur P. Ólafsson**
gegn
Arnóri Steinasyni.

Setudómari próf. Ólafur Jóhannesson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Öflun framhaldsskýrslna.

Úrskurður Hæstaréttar.

Áður en dómur gangi í máli þessu í Hæstarétti, þykir rétt samkvæmt lögjöfnun frá 120. gr. laga nr. 85/1936 að veita aðiljum kost á því að leiða í ljós, eftir því sem kostur er, þau atriði, sem nú verða talin.

1. Rétt er, að þeir stefndi, Arnór Steinason, og Páll Vídalín Magnússon gefi rækilegar skýrslur um það, sem þeim fór á milli, er kaup þeirra gerðust um sauðfé það, sem í málinu greinir. Skulu þeir sérstaklega látnir gera grein fyrir því, hvað Páll Vídalín tjáði Arnóri um heimildir sínar á sauðfénu og hvers Arnór spurði Pál Vídalín í því efni.
2. Þeir Arnór og Páll Vídalín skulu og inntir sagna um fóðurbæti þann, sem Arnór lét upp í kaupverðið, hverrar tegundar hann var, hversu mikill að vöxtum og á hvaða verði reiknaður.
3. Rétt er að yfirheyra áfrýjanda, Ólaf Ólafsson, allrækilega um það, hvenær hann fékk fregnina um, að Páll Vídalín væri búinn að farga sauðfénu, og hvort hann, þ. e. Ólafur, hafi þá þegar hafizt handa um að fá þeim kaupum riftað. Páll Vídalín skal og spurður um það, hvenær Ólafur hafi fyrst talað um söluna við hann og hvað þeim Ólafi hafi þá og síðar farið á milli varðandi hana.
4. Fá skal skýrslur kunnáttumanna um verð það, sem Arnór greiddi fyrir sauðféð. Þá skal og gerð sundurliðuð skýrsla um þær kindur, sem nú er krafizt innsetningar í.
5. Æskilegt er að fá umsögn forðagæzlumanna hreppsins um fóðurbirgðir Páls Vídalíns haustið og veturinn 1947—1948, hvort þeir hafi talið nauðsynlegt að farga þá fénaði í Belgsholti vegna yfirvofandi hættu á fóðurskorti, svo og,

hvort færi hafi verið á öflun fóðurbætis í verzlunum á þeim tíma.

Þá skal áfrýjanda gefinn kostur á því að gefa skýrslu um það, hvernig fénaðurinn í Belgsholti var talinn fram til skatts veturinn 1947 og 1948.

Loks er æskilegt, að skýrslna sé aflað um öll atriði, sem efni verða til, og að þeir, er skýrslur gefa, verði samspurðir um þau atriði, sem þeim ber á milli um eða ástæða annars verður til að skýra frekar.

Ályktarorð:

Aðiljum veitist kostur á því að afla ofangreindra skýrslna.

Miðvikudaginn 5. október 1949.

Kærumálið nr. 15/1949.

Karl Dúason

gegn

Jósep Blöndal, bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar f. h. kaupstaðarins, Haraldi Sölvasyni, Oddi Oddssyni, Jóni Pálssyni, Gesti Fanndal, Hólm Dýrfjörð, Páli Jónssyni, Þorvaldi Þorleifssyni, Steinunni Schram, Þórði Jónssyni, Karli Sigtryggssyni, Árna Magnússyni og Guðjóni Magnússyni.

Setudómari próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Úrskurður héraðsdóms, sem heimilaði vitni staðfestingu vættis síns, staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur með kæru 17. ágúst þ. á., er hingað barst 15. f. m., skotið til Hæstaréttar úrskurði merkjadóms Siglufjarðarkaupstaðar 11. ágúst sl., þar sem varnaraðilja Jósep Blöndal var heimilað að staðfesta fyrir dómi vætti sitt í máli sóknaraðilja gegn varnaraðiljum. Gerir sóknaraðili þær dóm-

kröfur, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og varnaraðilja Jósep Blöndal synjað að staðfesta vitnisburð sinn með eiði eða drengskaparheiti. Þá krefst sóknaraðili og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja eftir mati dómsins.

Varnaraðiljar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar af sóknaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Rök þykja eigi hafa verið færð að því, að varnaraðili Jósep Blöndal hafi fyrir merkjadóminum verið svo óstöðugur í framburði sínum, að synja beri honum staðfestingar vættis síns. Ber því að staðfesta úrskurð merkjadómsins.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðiljum kr. 200.00 í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Karl Dúason, greiði varnaraðiljum, Jósep Blöndal, bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar f. h. kaupstaðarins, Haraldi Sölvasyni, Oddi Oddssyni, Jóni Pálssyni, Gesti Fanndal, Hólm Dýrfjörð, Páli Jónssyni, Þorvaldi Þorleifssyni, Steinunni Schram, Þórði Jónssyni, Karli Sigtryggssyni, Árna Magnússyni og Guðjóni Magnússyni, kr. 200.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður merkjadóms Siglufjarðar 11. ágúst 1949.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 26. f. m., hefur Karl Dúason, Hvanneyrarhlíð hér í bænum, höfðað fyrir merkjadóminum með stefnu, út gefinni 17. maí 1949, gegn bæjarstjórn Siglufjarðar f. h. Siglufjarðarkaupstaðar og haft uppi þær dómkröfur, að ákveðið verði með dómi, að suðausturmörk leigulands hans séu þar, sem áður stóð nýja túngirðingin meðfram Bakkavegi norðvestanverðum í norðvesturbrún núverandi Hvanneyrarbrautar allt frá Hvanneyrará að girðingu norðan við land hans, þeirri er liggur þvert á Hvanneyrarbraut. Einnig krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu. Síðar í málinu hefur stefnandi gert þann fyrirvara, að hann geri ekki kröfu til lóðar Steingríms Bjarnasonar (nr. 59 við Hvanneyrarbraut), sem liggur vestan girðingar þeirrar, sem fyrr greinir.

Með framhaldsstefnu 12. júlí 1949 hefur stefnandi stefnt í mál þetta þeim Haraldi Sölvasyni, Hvanneyrarbraut 53, Gesti Fanndal, Suðurgötu

6, Hólm Dýrfjörð, Eyrargötu 10, Páli Jónssyni, Hvanneyrarbraut 52, Þorvaldi Þorleifssyni, Hvanneyrarbraut 57, Steinunni Schram, Grundargötu 17, Þórði Jónssyni, Aðalgötu 24, Karli Sigtryggssyni, Fossvegi 20, Árna Magnússyni, Fossvegi 22, og Guðjóni Magnússyni, s. st., öllum hér í bænum, og krafizt þess, að leigumálar bæjarstjórnar við þau um lóðir úr landi því, er stefnandi gerir kröfu til, verði dæmdir ógildir, svo og, að hin stefndu verði in solidum með hinni stefndu bæjarstjórn dæmd til að greiða sér að skaðlausu allan kostnað framhaldssakar þessarar og aukamáls.

Af hálfu aðalstefndu eru þessar dómkröfur gerðar: að suðausturmörk lands stefnanda verði talin þar, sem áður stóð „nýja túngirðingin", en hana telur aðalstefnda hafa legið svo: Norðurtakmörk girðingarinnar voru við suðvesturhorn núverandi girðingar um land norðan hins umdeilda bletts eða nánar tiltekið í punkti 142 metra í beina línu austan hornsteins gömlu girðingarinnar í norðvesturhorni lands stefnanda og 88 metra frá núverandi vesturmörkum Hvanneyrarbrautar. Frá þessum punkti lá girðingin hér um bil samhliða Hvanneyrarbraut beint til suðurs, en 150 metrum sunnan fyrrgreindra norðurtakmarka girðingarinnar og 84 metrum vestan núverandi vesturbrúnar Hvanneyrarbrautar beygði girðingin til suðvesturs upp að Hvanneyrará neðan við hús stefnanda og endaði þar. Einnig krefst aðalstefnda málskostnaðar úr hendi stefnanda í aðalsök.

Af hálfu framhaldsstefndu og aukastefndu eru gerðar sömu kröfur, að því er merki varðar, en af hálfu aukastefndu er sérstaklega mótmælt kröfu stefnanda um ógilding leigusamninga, og enn fremur krefjast framhaldsstefnda og aukastefndu málskostnaðar úr hendi stefnanda í framhaldssök og aukamáli.

Málavextir eru þeir, að með samningi, dags. 5. janúar 1931, leigði Bjarni Þorsteinsson, prestur í Siglufirði, stefnanda lóðarblett í fjallshlíðinni fyrir ofan Hvanneyri, norðan við ána, til hænsnageymslu og grasræktar. Í samningi þessum er mörkum lýst svo: „Að austan og suðaustan takmarkast bletturinn af nýju girðingunni um Hvanneyrartún, að sunnan af Hvanneyrará, að vestan af gömlu girðingarstæði í fjallshlíðinni, og er sú hlið lóðarinnar ca. 180 faðmar, mæld sunnan frá fossi norður að hornsteini gömlu girðingarinnar, að norðan bein lína þaðan austur að nýju girðingunni. Alls er bletturinn ca. 4.8 ha eða tæpar 15 dagsláttur".

Enginn ágreiningur er með aðiljum um mörk lands stefnanda að sunnan, vestan og norðan. Hins vegar hefur stefnandi höfðað mál þetta til þess að fá viðurkennt með dómi, að girðing sú, er í samningnum skal vera mörk að austan og suðaustan, hafi verið norðvesturbrún Hvanneyrarbrautar, eins og hún er nú.

Meðal vitna þeirra, er komið hafa fyrir dóm í máli þessu, er Jósep Blöndal hér í bæ. Hann hefur undirritað vottorðið á dskj. nr. 11 og komið fyrir dóm 13. f. m., gengið á þrætulandið með dómendum og umboðsmönnum aðilja hinn 25. f. m. og komið á ný fyrir dóminn hinn 26. f. m. Er að því kom, að vitni þetta skyldi eiðfesta vætti sitt, mót-

mælti umboðsmaður stefnanda því, að vitninu yrði heimiluð eiðfesting, og taldi of mikils ósamræmis gæta í vætti vitnisins, til þess að eiðfesting mætti fram fara. Var atriðið síðan tekið til úrskurðar að kröfu umboðsmanns stefndu.

Dómendur hafa borið saman vottorð vitnisins og allt vætti þess, en eigi hefur þess orðið vart við þann samanburð, að vitnið hafi reynzt óstöðugt í framburði sínum, og af hálfu stefnanda hefur eigi verið bent á neitt atriði þeirri staðhæfingu til stuðnings. Verður því eigi talið sýnt, að varhugavert geti verið að heimila vitni þessu að staðfesta skýrslu sína, og verður vitninu samkvæmt þessu heimiluð eiðfesting. Uppsaga úrskurðar þessa hefur dregizt töluvert vegna óvenjulegra embættisanna formanns dómsins.

Því úrskurðast:

Vitninu Jósep Blöndal er heimilt að staðfesta fyrir dómi vætti sitt í máli þessu.

Mánudaginn 10. október 1949.

Nr. 50/1948. **Jón S. Guðmann** (Theodór B. Líndal)
gegn
Þórði Gunnarssyni og gagnsök
(Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Fébótamál vegna bifreiðarslyss.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. apríl 1948. Krefst hann þess, að fjárhæð sú, er gagnáfrýjanda var dæmd í héraði, verði færð niður eftir mati dómsins, málskostnaður í héraði felldur niður, en gagnáfrýjanda gert að greiða honum málskostnað hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi, sem áfrýjað hefur málinu af sinni hálfu með stefnu 11. maí 1948, krefst þess *aðallega*, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 30.172.89 með 5% árs-

vöxtum frá 15. janúar 1948 til greiðsludags svo og málskostnað bæði í héraði og Hæstarétti eftir mati dómsins. *Til vara* krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Fallast má á rök héraðsdóms fyrir því, að aðaláfrýjanda beri að greiða gagnáfrýjanda fullar bætur vegna tjóns þess, er slysið hafði í för með sér fyrir hann.

Bótakröfu gagnáfrýjanda má sundurliða þannig:

1. Full laun fyrstu sex mánuði eftir slysið, þ. e. til áramóta 1946—1947	Kr.	9.867.00
2. Töpuð aukavinna í 6 mánuði, þ. e. júlí—des. 1946	—	2.536.22
3. Sjúkrahússvist og læknishjálp greitt af sjúkrasamlagi Akureyrar	—	2.524.17
4. Læknisskoðun, bifreiðakostnaður og fataspjöll	—	245.50
5. Bætur fyrir þjáningu og óþægindi, varanlegt mein og minnkaða orku	—	15.000.00
	Samtals kr.	30.172.89

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Páll Sigurðsson yfirtryggingarlæknir metið örorku gagnáfrýjanda vegna slyssins sem hér segir:

1. Frá slysdegi og til ársloka 1946 100%. 2. Fyrstu 2 mánuði ársins 1947 50%. 3. Næstu 2 mánuði sama árs 30%. 4. Frá þeim tíma til ársloka 1947 10%. 5. a. Varanleg örorka við sams konar störf og gagnáfrýjandi stundaði áður 0%. 5. b. Varanleg örorka við mjög erfið störf, sem krefjast mikils gangs, undir 5%.

Koma þá hinir einstöku kröfuliðir til athugunar.

Um 1. lið. Þar sem gagnáfrýjandi var algerlega frá verki þá 6 mánuði, sem hér getur, á hann rétt til bóta samkvæmt þessum lið. Hann hefur þegar fengið greiddar frá póststjórninni kr. 7.361.75 af þeirri fjárhæð, en póststjórnin hefur í máli þessu falið honum heimtu þeirrar fjárhæðar úr hendi aðaláfrýjanda. Þegar af þeirri ástæðu, að póststjórnin varð

að ráða annan mann til starfa í stað gagnáfrýjanda og greiða honum laun, á hún rétt til að fá fjárhæð þessa greidda af aðaláfrýjanda. Ber því að taka þennan kröfulið til greina að fullu.

Um 2. lið. Samkvæmt rökum þeim, sem í héraðsdómi greinir, þykir rétt að staðfesta niðurstöðu hans um 2000 króna bætur til handa gagnáfrýjanda samkvæmt þessum lið.

Um 3. lið. Sjúkrasamlag Akureyrar hefur þegar greitt þá fjárhæð, sem hér greinir, en falið gagnáfrýjanda heimtu hennar í máli þessu úr hendi aðaláfrýjanda. Með því að sjúkrasamlagið átti samkvæmt 15. gr. laga nr. 104/1943 rétt til heimtu þeirra bóta úr hendi aðaláfrýjanda, sem það hefur greitt vegna slyssins og gagnáfrýjandi hefði átt rétt til að fá greiddar af aðaláfrýjanda, þá ber að taka þennan kröfulið til greina, enda þykir ekki, eins og á stóð, ástæða til lækkunar á fjárhæðinni.

Um 4. lið. Þær fjárhæðir, sem hér greinir, hafa ekki sætt andmælum og verða því teknar til greina að fullu.

Um 5. lið. Þegar litið er til þess, hvernig meiðslum gagnáfrýjanda var háttað, þjáninga þeirra og óþæginda, sem ætla má, að þau hafi haft í för með sér, svo og þess, að hann virðist ekki munu verða alveg jafngóður af meiðslunum, þá þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 8.000.00.

Samkvæmt framansögðu ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda kr. 9.867.00 + kr. 2.000.00 + kr. 2.524.17 + kr. 245.50 + kr. 8.000.00, eða samtals kr. 22.636.67, ásamt vöxtum, eins og krafizt er. Þá þykir og rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 4.500.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Jón G. Guðmann, greiði gagnáfrýjanda, Þórði Gunnarssyni, kr. 22.636.67 með 5% ársvöxtum frá 15. janúar 1948 til greiðsludags og samtals kr. 4.500.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 13. apríl 1948.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. þ. m., hefur stefnandi, Þórður Gunnarsson póstmaður, Ráðhústorgi 3 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþingi Akureyrar með stefnu, út gefinni 15. jan. sl., á hendur Jóni G. Guðmann, bónda að Skarði hér í bæ, og gerir þær dómkröfur, að stefndur verði dæmdur til að greiða bætur fyrir tjón af völdum síðargreinds slyss, að upphæð kr. 30.172.89, ásamt 5% ársvöxtum frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags og málskostnað eftir reikningi eða eftir mati dómara.

Stefndur krefst þess, að bótaupphæð verði ákveðin allmiklu lægri en að ofan greinir og málskostnaður stefnanda verði lækkaður í samræmi við það.

Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f hefur verið stefnt til réttargæzlu, en bifreið stefnds, A-64, er tryggð skyldutryggingu hjá því félagi.

Stefnandi skýrir þannig frá málavöxtum, að kl. rúmlega 23 hinn 27. júní 1946 hafi hann ekið bifhjólinu A-224 suður Skipagötu á Akureyri. Í aftursætinu sat kona hans, Guðrún Ísberg. Í Skipagötu er einstefnuakstur frá norðri til suðurs. Stefnandi ók á vinstri götubrún á 1. hraðastigi og ekki hraðar en 10 km miðað við klst.

Þegar hann kom að götuhorni þvergötu þeirrar, sem liggur inn í Skipagötu frá austri af nyrðri Torfunefsbryggju, kom bifreiðin A-64 vestur þvergötuna á hægri vegarbrún og ók inn í Skipagötu, um leið og bifhjólið bar að. Horn þetta er blint vegna kolaports, sem byrgir útsýn. Virtist stefnanda bifreiðin ætla að aka norður Skipagötu. Bifreiðin rakst á bifhjólið, og varð vinstri fótur stefnanda fyrir henni. Hafði stefnandi þá numið staðar. Stefndur, sem er eigandi bifreiðarinnar, ók henni. Kona stefnanda slapp ómeidd, en stefnandi slasaðist. Báðar beinpípur vinstra fótleggs brotnuðu, og var brotið opið. Stefndur ók stefnanda þegar í sjúkrahús og tilkynnti síðan lögreglunni slysið. Með dómi aukaréttar 21. des. 1946 var hann dæmdur til refsingar fyrir það að hafa með óvarkárum akstri og broti á umferðarreglum valdið slysi því, er mál þetta er risið af.

Í sjúkrahúsinu var reynt að lagfæra brotið með gibsumbúðum, en það fékkst ekki í viðunandi stellingar nema með því að skera inn að því, færa í lag og spengja síðan sköflunginn. Var það gert svo fljótt eftir slysið sem fært þótti sáranna vegna.

Brotið greri seint og lokaðist ekki fyrr en eftir tvo mánuði. Stefnandi dvaldist í sjúkrahúsinu til 20. sept. um haustið, en hafði þá haft nokkra fótavist undanfarið og gengið við hækju og staf í gibsumbúðum.

Hann byrjaði að vinna í pósthúsinu hér á áramótum, en þar er hann fastur starfsmaður. Þá var hann enn afllítill í fætinum, þreyttist fljótt og gekk haltur.

Samkvæmt áliti héraðslæknis, dags. 6. marz sl., fer því enn þá fjarri, að stefnandi hafi náð sér, og álítur hann, að stefnandi muni aldrei verða jafngóður eftir, og metur varanlega örorku hans 4%.

Stefnandi telur, að stefndum beri að bæta allt tjón, er stefnandi varð fyrir sökum slyssins, og sundurliðar hann bótakröfuna þannig:

1. Atvinnutjón	kr.	12.403.22
2. Sjúkrahússvist, læknishjálp o. fl.	—	2.629.67
3. Fataskemmdir	—	140.00
4. Bætur fyrir þjáningar og óþægindi, varanlegt mein og minnkaða orku	—	15.000.00
Samtals	kr.	30.172.89

Stefndur viðurkennir að hafa átt verulega sök á slysinu og þar með bótaskyldu sína, en telur, að stefnandi sjálfur hafi átt nokkra sök á slysinu og beri því að færa fébætur niður samkv. 3. mgr. 34. gr. bifreiðalaganna.

Ekkert er fram komið um það, að stefnandi hafi sýnt nokkra þá ógætni, er slysið varð, sem geti dregið úr bótarétti hans. Ber því að dæma stefndan til að bæta honum tjónið að fullu. Kemur því til álita um tjónsupphæð, en stefndur hefur mótmælt því, að tjónið hafi numið upphæð þeirri, sem krafizt er.

Um 1. lið. Kröfuupphæð þessi er full laun stefnanda fyrir mánuðina júlí—des. 1946 að báðum mánuðum með töldum, kr. 9.867.00, og töpuð aukavinnu á þessum tíma, sem stefnandi telur hafa numið kr. 2.536.22, samtals kr. 12.403.22. Stefndur hefur ekki mótmælt fyrri upphæðinni, en mótmælir kröfu um bætur fyrir eftirvinnumissi sem of hárri. Stefnandi rökstyður kröfu þessa með því, að öðrum starfsmanni póststofunnar í sama launaflokki hafi á þessu tímabili verið greidd þessi upphæð í aukavinnulaun og að áliti póstmeistarans hefði aukavinna stefnanda ekki orðið minni. Í málinu liggur fyrir yfirlýsing póstmeistarans um þetta.

Stefndur heldur því hins vegar fram, að líklegt sé, að aukavinna hafi verið meiri í póststofunni þetta tímabil vegna fjarvistar stefnanda, sem er duglegur maður, enda þótt annar maður, ef til vill óvanur, hafi verið tekinn í hans stað.

Að sjálfsögðu er ekki hægt að segja um það með neinni vissu, hvaða tekjur stefnandi hefði haft af aukavinnu. Hins vegar er vitað og viðurkennt, að nokkur aukavinna er jafnan í póststofunni. Ekki verður þó talið fullsannað, að aukavinnulaun stefnanda hefðu numið upphæð þeirri, sem krafizt er. Eftir atvikum þykir mega telja fullvíst, að upphæð þessi hefði numið a. m. k. kr. 2.000.00. Verður sú upphæð því talin tjón stefnanda af þessum sökum.

Samkvæmt þessu verður stefndur dæmdur til að greiða stefnanda kr. 11.867.00 fyrir atvinnutjón.

Um 2. lið. Stefndur hefur ekki mótmælt þessum lið að öðru en því, að hann krefst þess, að frá upphæðinni verði dreginn fæðiskostnaður, sem stefnandi hefur sparað sér heima með dvöl á sjúkrahúsi, að upphæð kr. 825.00. Sparnaður stefnanda þykir í þessu sambandi hæfilega metinn kr. 700.00, og þykja bætur til stefnanda samkvæmt þessum lið mega lækka um þá upphæð í kr. 1 929.67.

3. lið hefur ekki verið mótmælt, og verður hann tekinn til greina að fullu.

Um 4. lið. Stefndur mótmælir þessum lið sem allt of háum. Stefnandi hafði miklar og talsvert langvarandi þjáningar vegna fótbrotsins, og samkvæmt því, sem segir í vottorði héraðslæknis, dskj. nr. 19, hefur hann enn þá veruleg óþægindi, sem ekki er fyrirsjáanlegt, hversu varanleg verða. Varanlega örorku stefnanda áætlar héraðslæknir 4%, eins og fyrr segir, þótt ekki sé hægt að ákveða það með vissu.

Með tilliti til þessa og aldurs stefnanda, sem var 27 ára, er hann slasaðist, þykja bætur fyrir þjáningar, óþægindi og örorku hæfilega metnar kr. 10.000.00.

Samkvæmt þessu verður niðurstaða málsins sú, að stefndur verður dæmdur til að greiða stefnanda, kr. 11.867.00, kr. 1.929.67, kr. 140.00 og kr. 10.000.00, eða samtals kr. 23.936.67, ásamt vöxtum, eins og krafizt er, og málskostnað, sem þykir hæfilega metinn kr. 2.750.00.

Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndur, Jón G. Guðmann, greiði stefnanda, Þórði Gunnarssyni, kr. 23.936.67 ásamt 5% ársvöxtum frá 15. jan. 1948 til greiðsludags og kr. 2.750.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 13. október 1949.

Nr. 120/1948. **Valdstjórnin** (Jón N. Sigurðsson)
gegn
Páli Ingibergssyni (Theodór B. Líndal).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Sakaratriðum er rétt lýst í héraðsdómi, og varðar brot kærða við 1. gr. sbr. 1. mgr. 3. gr. og 5. gr. laga nr. 5/1920 og lög nr. 4/1924. Gullgildi íslenzkrar krónu er nú 23.594. Samkvæmt þessu og öðrum atvikum þykir sekt á hendur kærða hæfilega ákveðin 42.500 krónur til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá verður samkvæmt nefndri 5. gr. laga nr. 5/1920 að dæma kærða, sem hinn 2. apríl 1947 sætti refsidómi fyrir botn-

vörpuveiðar í landhelgi, til að sæta varðhaldi 2 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra svo og um greiðslu sakarkostnaðar í héraði ber að staðfesta.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Dómsorð:

Kærði, Páll Ingibergsson, sæti varðhaldi 2 mánuði og greiði 42.500 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands. Verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, komi í hennar stað varðhald 7 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra svo og greiðslu málskostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Jóns N. Sigurðssonar og Theodórs B. Líndals, kr. 600.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 19. maí 1948.

Ár 1948, miðvikudaginn 19. maí, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu borgardómara að Tjarnargötu 10 af Gunnari A. Pálssyni setudómara, kveðinn upp dómur í málinu: Valdstjórnin gegn Páli Ingibergssyni, sem tekið var til dóms 13. þ. m.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Páli Ingibergssyni skipstjóra, Bakkastíg 10, Vestmannaeyjum, fyrir brot gegn lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924, um að miða við gullkrónur sektir fyrir landhelgisbrot, til refsingar, upptöku afla og veiðarfæra svo og til greiðslu sakarkostnaðar.

Kærði, Páll Ingibergsson, er fæddur í Vestmannaeyjum 7. maí 1913 og er því kominn yfir lögaldur sakamanna. Hann hefur, svo að kunnugt sé, sætt þeim refsingum, er nú greinir:

1933 10/4 Sætt í Vestmannaeyjum, 50 króna sekt fyrir ölvun og óspektir.

1940 29/10 Sætt á s. st., aðvörun fyrir brot gegn hafnarreglugerð Vestmannaeyja.

1943 4/5 Sætt á s. st., 100.00 króna sekt fyrir ölvun og óspektir.
1947 2/4 Dómur s. st., 31.000.00 króna sekt fyrir botnvörpuveiðar í landhelgi. Afli og veiðarfæri v/b Reynis gerð upptæk.

Atvik máls þessa eru þau, að klukkan 10.30 miðvikudaginn 31. marz sl. var Grummanflugbátur flugfélagsins Loftleiða h/f hafinn til flugs af flugvellinum í Reykjavík. Flugmenn voru þeir Alfreð Elíasson flugstjóri, Eskihlíð 7, og Stefán Magnússon flugmaður, Laugahvoli við Laugarásveg, báðir í Reykjavík. Var flugvélin send af framkvæmdastjóra landhelgisgæzlunnar, Pálma Loftssyni, og var ferðinni heitið með suðurströndinni austur að Ingólfshöfða í því skyni að athuga um ólögmætar veiðar. Voru því með í förinni landhelgisgæzlumennirnir Jón Jónsson skipherra, Njálsgötu 4, og Eyjólfur Hafstein, 1. stýrimaður, Kjartansgötu 3, báðir í Reykjavík. Hefur Jón skipherra sem vitni skýrt frá ferðum flugvélarinnar á þá leið, er nú verður greint, og hefur Eyjólfur 1. stýrimaður, og sem vitni, staðfest þá frásögn hans svo og báðir fyrrgreindir flugmenn, einnig sem vitni, að því leyti sem þeir hafa verið spurðir.

Kveður Jón skipherra, að flogið hafi verið yfir Reykjanesskaga og komið að sjó við Krýsuvíkurberg, en þaðan hafi verið haldið austur með landi innan landhelgislínu í um það bil tveggja sjómílna fjarlægð frá landi. Á Herdísarvík hafi sézt togbátur að veiðum í landhelgi klukkan 10.53, og er komið hafi verið að Dyrhólaey, hafi enn sézt tveir togbátar í landhelgi. Á öðrum þessara báta hafi bátverjar breitt yfir nafn og umdæmistölu, er þeir hafi orðið þess varir, að farið var að athuga athafnir þeirra, en á hinum bátnum hafi bæði nafn og umdæmistala verið svo máð, að þeir gæzlumennirnir hafi ekki séð þau, enda þótt þeir gerðu sex tilraunir til þess. Á báðum þessum bátum hafi þó sézt umdæmisbókstafirnir V.E. Bátar þessir hafi verið 1.7 sjómílu innan landhelgislínu. Klukkan 11.55 hafi fluginu verið haldið áfram austur með frá þessum stað og stefnt laust af Kötlutanga utan við Hjörleifshöfða. Hafi hin flogna lína öll verið innan landhelgi, en misjafnlega langt vegna hlykkja landhelgislínunnar. Lengst hafi hún verið 2.4 sjómílur fyrir innan línuna, en stytzt 1.8 sjómílu. Þegar komið hafi verið austur á móts við Kötlutanga, hafi orðið á leið flugvélarinnar nokkrir bátar, þ. á m. v/b Reynir, V.E. 15, en það er togbátur að stærð rúmar 53 smálestir brúttó með 170 hestafla vél, og er eigandi hans h/f Reynir í Vestmannaeyjum. Skipstjóri á v/b Reyni var kærði, Páll Ingibergsson. Þar eð gæzlumenn töldu v/b Reyni vera þarna að ólöglegum landhelgisveiðum, hófu þeir athugun um stað hans og athafnir, en þá var klukkan alveg um 12 á hádegi. Segir Jón skipherra, að er komið hafi verið að bátnum, hafi hann stefnt austur með landi. Hafi verið flogið mjög nálægt bátnum á stjórnborðshlið og skammt fyrir ofan siglur hans að hæðinni til. Dálitið hafi verið flogið austur fyrir hann, en þá snúið við og stefna tekin á „Portlands"-vita til þess að gera staðarákvörðun bátsins. Hafi þá verið flogið vestur með honum aftur, og hafi flugvélin nú haft bátinn sömum megin við sig, þegar á móts við hann var komið. Á

þessu flugi hafi landhelgisgæzlumennirnir báðir gert staðarákvörðun bátsins við fullkomlega öruggar aðstæður að öllu leyti. Hafi staðarákvörðunin verið framkvæmd þannig, að flugvélin hafi verið stafnsett á „Portlands"-vita. Þegar komið hafi verið yfir bátinn, hafi staður hans reynzt: austurkantur Hjörleifshöfða ≠ Drang og réttvísandi miðun 281° á „Portlands"-vita. Enn fremur hafi Reynisdranga á sama tíma borið í Dyrhólaey að ofanverðu. Hafi staðarákvörðun þessi sýnt v/b Reyni 1.8 sjómílu innan landhelgislínu. Staðarákvörðun þessa bar skipherrann undir flugmennina, er hann hafði sett hana á kort. Höfðu þeir mælt fjarlægðina milli bátsins og strandar með því að fljúga þar á milli, og töldu þeir staðarákvörðun gæzlumannanna koma heim við athugun sína. — Í rannsókn málsins var lagt fram sjókort með ámörkuðum stað v/b Reynis, gert af Jóni skipherra og staðfest í lögregluréttinum af honum. Hlutaðist dómarinn til um, að skólastjóri Stýrimannaskólans, Friðrik Ólafsson, fyrrum varðskipsforingi, kynnti sér gögn málsins og athugaði staðarákvörðun skipherrans. Taldi skólastjórinn staðarákvörðunina rétta á kortinu, eftir því sem upp væri gefið, og staðfesti það álit sitt með áritun á fyrrgreint sjókort í viðurvist dómarans. — Kærði hefur viðurkennt, að eins vel geti verið, að hann hafi verið í landhelgi umrætt skipti, þótt hann segist ekki geta um það sagt með neinni vissu. — Að staðarákvörðuninni lokinni flugu gæzlumennirnir enn austur með bátnum og héldu áfram för sinni til áframhalds gæzlustarfinu.

Að þessu athuguðu þykir ekki vafi leika á um það, að v/b Reynir hafi verið staddur á þeim stað, er fyrrgreind staðarákvörðun greinir, þegar landhelgisgæzlumennirnir athuguðu hann á fyrrgreindum tíma.

Við athugun sína töldu gæzlumennirnir sig verða þess vísa, að v/b Reynir væri þarna að botnvörpuveiðum í landhelgi, og er þeir komu heim úr gæzluförinni, sendu þeir bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum símskeyti og kærðu skipstjórann fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi. Var rannsókn síðan hafin af settum bæjarfógeta, Axel Ó. Ólafssyni bæjarfógetafulltrúa, 2. apríl sl., en vegna anna taldi hann sig ekki geta haldið henni áfram og lokið málinu. Hinn 7. sama mánaðar var Gunnar A. Pálsson, lögfræðingur í Reykjavík, skipaður til þess að fara með málið sem setudómari. Hefur hann því farið með það síðan.

Kærði neitar að hafa verið að botnvörpuveiðum í landhelgi umrætt skipti. Hefur hann skýrt svo frá ferðum sínum, að hann hafi látið úr höfn í Vestmannaeyjum klukkan 4—4.30 að morgni 30. marz sl. Kastað hafi hann fyrst austur á milli Hrauna, en síðan flutt sig austur á móts við Pétursey. Þar hafi hann kastað klukkan 11.30—12 um daginn og síðan haldið áfram veiðum á sömu slóðum allan daginn og fram á nótt, en hluta nætur hafi hann þó látið reka. Með morgni 31. marz hafi hann haldið austur á Vík og kastað út af Vík klukkan 6 um morguninn. Þar kveðst hann síðan hafa verið að veiðum allan daginn, unz hann hafi farið heim til Eyja, en á heimleiðinni hafi hann tekið eitt tog út af „Portlandi". — Þegar flugvélin hafi verið yfir bátnum klukkan 12 á hádegi, hafi hann verið á siglingu á litlum hraða út af Hjörleifshöfða,

og hafi báturinn snúið í austur, að því er sig minni. Veiðarfærin hafi legið á þilfari og hlerarnir verið á sínum stað. Bátverjar hafi ekkert verið að vinna, en flestir verið á þilfari, er flugvélin hafi hætt að sveima þarna. Á þilfari hafi verið fiskur, en lítill.

Í rannsókn málsins hafa bátverjar kærða verið krafðir vættis. Eru framburðir þeirra að mestu í samræmi við frásögn kærða, og verða nú rakin þau atriði þeirra, er einhverju virðast geta skipt.

Vitnið Skafti Jakobsson háseti minnist þess að hafa séð gæzluflugvélina og segir, að er hún hafi flogið yfir, hafi enginn verið við vinnu um borð. Öll veiðarfæri hafi verið innan borðs og báturinn hafi verið að lóna upp undir. Fiskur úr síðasta toginu hafi legið á þilfari bátsins.

Vitnið Jón Sigurðsson háseti segir, að er flugvélin hafi flogið yfir bátinn, hafi hann lónað út af Vík og áhöfnin ekkert aðhafzt. Nokkrir tittir, aðgerðir, hafi legið á þilfari.

Vitnið Grétar Skaftason háseti segir, að er flugvélin hafi flogið yfir bátinn, hafi varpan verið á þilfari og báturinn ekki verið að toga. Afli úr síðasta togi hafi verið á þilfari og aðeins byrjað að gera að honum.

Vitnið Hannes Marteinsson stýrimaður segir, að er gæzluflugvélin hafi flogið yfir v/b Reyni, hafi hann verið á hægri ferð út og austur og ekki verið að toga. Enginn hafi verið að vinna um borð. Eitthvað af aðgerðum fiski hafi verið á þilfari.

Um öll vitnin gildir það, að þau voru enn skipverjar kærða og undir hans stjórn, er þau voru leidd. Enn fremur taka öll vitnin kaup sitt í aflahlut. Af þessum ástæðum verða vitnin ekki talin óaðfinnanleg, og verður að meta framburði þeirra með þeim fyrirvara, er þau bera kærða í hag.

Ekki verður dregið í efa, að landhelgisgæzlumennirnir hafi athugað athafnir bátsins og bátverja við góða aðstöðu, enda var veður og skyggni gott og ekki vont í sjó. Létu þeir flugvélina fljúga mjög nálægt bátnum í þrjú skipti. Athuguðu þeir, hvað fram fór um borð, bæði með berum augum og sjónaukum. Rúður flugvélarinnar voru hreinar, og vængirnir voru fyrir ofan gluggana og byrgðu því ekki sýn. — Dómarinn lætur þess getið í þessu sambandi, að hann hafi sjálfur, í því skyni að gera sér grein fyrir aðstöðu gæzlumannanna, látið flugvél fljúga með sig að togbáti á veiðum. Hafi sér virzt mjög góð aðstaða til allrar athugunar á bátnum, t. d. hafi dragstrengir sézt mjög greinilega.

Vitnið Jón Jónsson skipherra kveðst algerlega visst um, að v/b Reynir hafi verið að botnvörpuveiðum, er yfir hann hafi verið flogið. Hafi dragstrengirnir sézt vel svo og það, hvernig þeir skáru sjóinn. Engin veiðarfæri hafi verið sjáanleg á þilfari né heldur hafi toghlerar verið sjáanlegir. Lítið hafi freytt fyrir bátnum, enda þótt sjáanlegt væri af skrúfuvatni hans, er verið hafi þungt, að vélinni hafi verið beitt af miklum krafti. Mikill fiskur hafi verið á framþilfari bátsins. Þá hafi það gerzt um borð í bátnum, þegar flugvélin hafi flogið hjá honum á vesturleið, að maður nokkur hafi breitt yfir nafn og umdæmistölu á stjórnborðshlið, en það hafi ekki orðið til meins, þar eð gæzlumennirnir

hafi þá þegar verið búnir að ná nafni hans og umdæmistölu.

Vitnið Eyjólfur Hafstein, 1. stýrimaður, kveðst og algerlega visst um, að v/b Reynir hafi verið þarna að botnvörpuveiðum. Hafi greinilega sézt allt, er fram hafi farið um borð. Tveir dragstrengir hafi sézt aftur úr bátnum stjórnborðs megin. Hvorki varpa né hlerar hafi sézt um borð. Allt hafi sér virzt benda til, að mikið álag væri á vél bátsins, sérstaklega skrúfuvatnið, en áreiðanlega hafi þó verið lítil ferð á honum, enda hafi mjög lítið freytt fyrir honum að framan. Þá kveðst vitnið og hafa séð mikinn fisk á þilfari bátsins. Loks kveðst vitnið hafa veitt athygli manni, er verið hafi að breiða yfir umdæmisstafi bátsins stjórnborðs megin, þegar yfir hann hafi verið flogið á vesturleið.

Um tilraunina, er gæzlumennirnir segja frá, að gerð hafi verið til að varna því, að þeir sæju, hver báturinn væri, var kærði spurður í rannsókn málsins svo og vitnin Jón Sigurðsson, Grétar Skaftason og Hannes Marteinsson. Svöruðu bæði kærði og vitnin þessu svo óljóst og undanbragðalega, að telja má, að það sé viðurkennt af þeirra hálfu.

Báðir hafa landhelgisgæzlumennirnir staðfest framburð sinn með eiði.

Með vísun til framangreindra ákveðinna og eiðfestra vitnaframburða landhelgisgæzlumannanna og þeirrar stoðar, er þeir eiga í viðurkenningu kærða á því, að afli hafi verið á þilfari, enda þótt það verði að teljast óeðlilegt, ef frásögn hans væri rétt, svo og nýgreindri, en að vísu nokkuð óljósri viðurkenningu þess, að tilraun hafi verið gerð til að dylja deili á bátnum, þegar yfir hann var flogið, þykir ekki varhugavert að telja uppvíst, að v/b Reynir hafi verið að ólöglegum landhelgisveiðum með botnvörpu á fyrrgreindum stað og tíma þrátt fyrir gagnstæða framburði bátverja, er samkvæmt framansögðu engir geta talizt lögfull vitni í máli þessu, enda verður og að telja þá alla hluttakendur í hinum refsiverða verknaði kærða, þótt þeir séu að lögum undanþegnir refsingu.

Verður því að telja kærða hafa gerzt sekan við 1. gr. sbr. 3. gr. laga nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. og lög nr. 4 11. apríl 1924, um að miða við gullkrónur sektir fyrir landhelgisbrot. Þykir refsing kærða, sem áður hefur gerzt sekur um sams konar brot, með vísun til núverandi gullgildis íslenzkrar krónu (100 gullkrónur = 294.46 pappírskrónur) hæfilega ákveðin 35.000.00 króna sekt, er renna skal í Landhelgissjóð Íslands.

Verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, skal kærði afplána hana með 8 mánaða varðhaldsvist.

Þá skal og allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, er innan borðs voru í v/b Reyni, upptæk ger og andvirðið renna til Landhelgissjóðs Íslands.

Loks skal kærði greiða allan kostnað sakar þessarar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Theodórs B. Lindals hæstaréttarlögmanns, kr. 350.00.

Enda þótt kærði hafi áður gerzt sekur um sams konar brot, þykir

ekki eftir öllum atvikum alveg næg ástæða til að dæma honum varðhaldsvist eftir 5. gr. laga nr. 5 18. maí 1920.

Rekstur máls þessa hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Kærði, Páll Ingibergsson, greiði 35.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands.

Skal sektin greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en ella skal kærði afplána hana með 8 mánaða varðhaldsvist.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í v/b Reyni, V.E. 15, skulu upptæk ger og andvirðið renna til Landhelgissjóðs Íslands.

Kærði skal greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Theodórs B. Líndals hæstaréttarlögmanns, kr. 350.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 17. október 1949.

Nr. 124/1948. **Valdstjórnin** (Jón N. Sigurðsson)
gegn
Björgvin Jónssyni (Gústaf A. Sveinsson).

Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Sakaratriðum er rétt lýst í héraðsdómi, og varðar brot kærða við 1. gr. sbr. 1. mgr. 3. gr. og 5. gr. laga nr. 5/1920 og lög nr. 4/1924. Gullgildi íslenzkrar krónu er nú 23.594. Samkvæmt þessu og öðrum atvikum þykir sekt á hendur kærða hæfilega ákveðin 42.500 krónur til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá verður samkvæmt nefndri 5. gr. laga nr. 5/1920 að dæma kærða, sem hinn 27. febrúar 1946 sætti refsidómi fyrir botnvörpuveiðar í landhelgi, til að sæta varðhaldi 2 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra svo og um greiðslu sakarkostnaðar í héraði ber að staðfesta.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Dómsorð:

Kærði, Björgvin Jónsson, sæti varðhaldi í 2 mánuði og greiði 42.500 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands. Verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, komi í hennar stað varðhald í 7 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra svo og greiðslu málskostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Jóns N. Sigurðssonar og Gústafs A. Sveinssonar, kr. 600.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 19. maí 1948.

Ár 1948, miðvikudaginn 19. maí, var í lögregluréttí Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu borgardómara að Tjarnargötu 10 af Gunnari A. Pálssyni setudómara, kveðinn upp dómur í málinu: Valdstjórnin gegn Björgvin Jónssyni, sem tekið var til dóms 3. þ. m.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Björgvin Jónssyni skipstjóra, Úthlíð í Vestmannaeyjum, fyrir brot gegn lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924, um að miða við gullkrónur sektir fyrir landhelgisbrot, til refsingar, upptöku afla og veiðarfæra svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Kærði er fæddur að Varmahlíð í Vestur-Eyjafjallahreppi í Rangárvallasýslu 16. maí 1899 og er því kominn yfir lögaldur sakamanna. Hann hefur, svo að kunnugt sé, sætt þeim refsingum, er nú greinir:

1930 7/4 Sætt, 25.00 króna sekt fyrir brot gegn fiskveiðasamþykkt Vestmannaeyja.
1933 18/5 Sætt, 25.00 króna sekt fyrir sams konar brot.
1934 9/2 Kærður fyrir brot gegn heilbrigðissamþykkt Vestmannaeyja. Afgreitt með aðvörun.
1935 29/4 Sætt, 25.00 króna sekt fyrir brot gegn fiskveiðasamþykkt Vestmannaeyja.
1937 23/2 Sætt, 25.00 króna sekt fyrir sams konar brot.
1946 27/2 Dómur, 29.500.00 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands, afli og

veiðarfæri m/s Gottu, V.E. 108, gerð upptæk til sama sjóðs, fyrir brot gegn lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924, um að miða við gullkrónur sektir fyrir landhelgisbrot.

Atvik máls þessa eru þau, að klukkan 10.30 miðvikudaginn 31. marz sl. var Grummanflugbátur flugfélagsins Loftleiða h/f hafinn til flugs af flugvellinum í Reykjavík. Flugmenn voru þeir Alfreð Elíasson flugstjóri, Eskihlíð 7, og Stefán Magnússon flugmaður, Laugahvoli við Laugarásveg, báðir í Reykjavík. Var flugvélin send af framkvæmdastjóra landhelgisgæzlunnar, Pálma Loftssyni, og var ferðinni heitið með suðurströndinni austur að Ingólfshöfða í því skyni að athuga um ólögmætar veiðar. Voru því með í förinni landhelgisgæzlumennirnir Jón Jónsson skipherra, Njálsgötu 4, og Eyjólfur Hafstein, 1. stýrimaður, Kjartansgötu 3, báðir í Reykjavík. Hefur Jón skipherra sem vitni skýrt frá ferðum flugvélarinnar á þá leið, er nú verður greint, og hefur Eyjólfur 1. stýrimaður, og sem vitni, staðfest þá frásögn hans svo og báðir fyrrgreindir flugmenn, einnig sem vitni, að því leyti sem þeir hafa verið spurðir.

Kveður Jón skipherra, að flogið hafi verið yfir Reykjanesskaga og komið að sjó við Krýsuvíkurberg, en þaðan hafi verið haldið austur með landi innan landhelgislínu í um það bil tveggja sjómílna fjarlægð frá landi. Á Herdísarvík hafi sézt togbátur að veiðum í landhelgi klukkan 10.53, og er komið hafi verið að Dyrhólaey, hafi enn sézt tveir togbátar í landhelgi. Á öðrum þessara báta hafi bátverjar breitt yfir nafn og umdæmistölu, er þeir hafi orðið þess varir, að farið var að athuga athafnir þeirra, en á hinum bátnum hafi bæði nafn og umdæmistala verið svo máð, að gæzlumennirnir hafi ekki séð þau, enda þótt þeir gerðu sex tilraunir til þess. Á báðum þessum bátum hafi þó sézt umdæmisbókstafirnir V.E. Bátar þessir hafi verið 1.7 sjómílu innan landhelgislínu. Klukkan 11.55 hafi fluginu verið haldið áfram austur með frá þessum stað og stefnt laust af Kötlutanga utan við Hjörleifshöfða. Hafi hin flogna lína öll verið innan landhelgi, en misjafnlega langt vegna hlykkja landhelgislínunnar. Lengst hafi hún verið 2.4 sjómílur fyrir innan línuna, en styzt 1.8 sjómílu. Þegar komið hafi verið austur á móts við Kötlutanga, hafi orðið á leið flugvélarinnar nokkrir bátar, þ. á m. v/b Jón Stefánsson, V.E. 49, en það er togbátur að stærð 65 smálestir brúttó með 193 hestafla vél, og er eigandi hans kærði í máli þessu, og var hann sjálfur skipstjóri á bátnum í þetta sinn. Þar eð gæzlumennirnir töldu, að báturinn væri þarna að ólöglegum landhelgisveiðum, hófu þeir athugun um stað hans og athafnir, en þá var klukkan alveg um 12 á hádegi. Segir Jón skipherra, að fyrst hafi verið flogið austur með honum stjórnborðs megin og komið aftan að honum, enda hafi hann stefnt í austur. Flogið hafi verið nokkuð austur fyrir bátinn, en síðan snúið við og flogið vestur með honum. Hafi þá verið komið á móti bátnum og flogið bakborðs megin við hann. Í bæði skiptin hafi verið flogið mjög nálægt bátnum og lágt eða vel yfir siglum hans. Í

síðasta skiptið hafi stefna verið tekin á „Portlands"-vita í því skyni að gera staðarákvörðun bátsins. Staðarákvörðunina hafi landhelgisgæzlumennirnir gert báðir við fullkomlega örugga aðstöðu að öllu leyti. Hafi hún verið framkvæmd þannig, að flugvélin hafi verið stafnsett á „Portlands"-vita, og þegar komið hafi verið yfir bátinn, hafi staður hans reynzt: austurbrún Hjörleifshöfða ≠ Drang og réttvísandi miðun 281° á „Portlands"-vita. Enn fremur hafi Reynisdranga á sama tíma borið í Dyrhólaeyna að ofanverðu. Hafi staðarákvörðun þessi sýnt v/b Jón Stefánsson 1.8 sjómílu innan landhelgislínu. Staðarákvörðun þessa bar skipherrann undir flugmennina, er hann hafði sett hana á kort. Höfðu þeir mælt fjarlægðina milli báts og strandar með því að fljúga þar á milli, og töldu þeir staðarákvörðun gæzlumannanna koma heim við athugun sína. — Í rannsókn málsins var lagt fram sjókort með ámörkuðum stað v/b Jóns Stefánssonar, gert af Jóni skipherra og staðfest í lögregluréttinum af honum. Hlutaðist dómarinn til um, að skólastjóri Stýrimannaskólans, Friðrik Ólafsson, fyrrverandi varðskipsforingi, kynnti sér gögn málsins og athugaði staðarákvörðun skipherrans. Taldi skólastjórinn staðarákvörðunina rétta á kortinu, eftir því sem upp væri gefið, og staðfesti það álit sitt með áritun á fyrrgreint sjókort í viðurvist dómarans. — Kærði hefur lýst því í rannsókn málsins, að hann hafi enga staðarákvörðun gert sjálfur, er flugvélin flaug yfir v/b Jón Stefánsson, en hann mótmælti þó ekki staðarákvörðun gæzlumannanna. — Að staðarákvörðuninni lokinni flugu gæzlumennirnir enn austur með bátnum og héldu áfram för sinni austur með ströndinni til áframhalds gæzlustarfinu.

Að þessu athuguðu þykir ekki leika vafi á um það, að v/b Jón Stefánsson hafi verið staddur á þeim stað, er fyrrgreind staðarákvörðun greinir, þegar landhelgisgæzlumennirnir athuguðu hann á fyrrgreindum tíma.

Við athugun sína töldu gæzlumennirnir sig verða þess vísa, að v/b Jón Stefánsson væri þarna að botnvörpuveiðum í landhelgi, og er þeir komu heim úr gæzluförinni, sendu þeir bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum símskeyti og kærðu skipstjórann fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi. Var rannsókn síðan hafin af settum bæjarfógeta, Axel Ó. Ólafssyni bæjarfógetafulltrúa, 3. apríl sl., en vegna anna taldi hann sig ekki geta haldið henni áfram og lokið málinu. Hinn 7. sama mánaðar var Gunnar A. Pálsson, lögfræðingur í Reykjavík, skipaður til þess að fara með málið sem setudómari. Hefur hann því farið með það síðan.

Kærði neitar því ákveðið að hafa verið að botnvörpuveiðum í landhelgi umrætt skipti. Hefur hann skýrt svo frá ferðum sínum, að hann hafi farið í róður frá Vestmannaeyjum klukkan 9.40 að morgni 30. marz sl. og verið á togveiðum um daginn. Klukkan 5 að morgni 31. marz sl. hafi hann verið staddur suðvestur af Dyrhólaey. Hafi hann tekið þar tvö tog og lokið þeim um klukkan 10 f. h. Hafi varpan þá verið tekin á þilfar, forhlerinn settur á öldustokk langs eftir bátnum, en afturhlerinn látinn liggja þversum gegnum afturgálgann. Að þessu loknu

kveðst kærði hafa hafið siglingu og sett stefnuna suðaustur að austri fyrir Dyrhólaey. Segist hann hafa haldið þeirri siglingu áfram óslitið í sömu eða svipaða stefnu, unz hann hafi kastað aftur klukkan 13.30.

Kærði sá gæzluflugvélina á þeim tíma, er gæzlumennirnir segja, að þeir hafi verið að athuga v/b Jón Stefánsson, og segist hann hafa skrifað hjá sér, er hún flaug vestur með bátnum, að klukkan hafi verið nákvæmlega 12. Telur hann hana hafa flogið svo lágt og nálægt bátnum, að vorkunnarlaust hafi verið fyrir gæzlumennina að sjá allt, er fram hafi farið um borð. Fluginu lýsir hann á svipaðan hátt og gæzlumennirnir. Kærði kveður bátinn hafa verið á 9 sjómílna ferð austur með, þegar yfir hann hafi verið flogið. Segist hann ekki skilja, að neitt það hafi farið fram um borð, er hafi getað valdið því, að gæzlumönnunum hafi misýnzt svo sem hann telur, að þeim hafi gert. Fisk segir kærði ekki hafa verið á þilfari bátsins annan en nokkra eða örfáa ufsa, sem verið hafi í einni stíu bakborðs megin.

Í rannsókn málsins hafa bátverjar kærða verið krafðir vættis. Eru framburðir þeirra að mestu í samræmi við frásögn kærða, þótt nokkurs misræmis gæti um tímaákvarðanir. Verða framburðir bátverja nú raktir um þau atriði, er einhverju virðast skipta.

Vitnið Þorgils Bjarnason, 2. vélstjóri, kveðst hafa komið á vörð klukkan 9 að morgni 31. marz. Hafi báturinn þá verið á siglingu austur með landi, líklega í stefnu suðaustur að austri. Minni sig, að ekki hafi verið kastað eftir það fyrr en á 13. eða 14. tímanum, og ekkert hafi verið dregið úr hraða á þessu tímabili. Vitni þetta kveðst ekki hafa orðið gæzluflugvélarinnar vart, en fullyrðir, að v/b Jón Stefánsson hafi ekki verið að toga um það leyti, sem sér hafi verið sagt, að hún hafi flogið yfir bátinn.

Vitnið Kjartan Guðmundsson stýrimaður segist hafa verið á verði frá klukkan 9 til 14. Um klukkan 10 hafi verið sett á ferð austur með og haldið áfram óslitið til klukkan milli 12.30 og 13, en þá hafi verið kastað á ný, og komi ekki til mála, að báturinn hafi verið að toga, þegar yfir hann var flogið.

Vitnið Theodór Jóhannsson háseti segir, að báturinn hafi ekki verið að toga um klukkan 12 á hádegi hinn 31. marz. Segist vitnið hafa verið niðri og ekki hafa orðið gæzluflugvélarinnar vart, en byggja staðhæfingu sína á því, að það hafi ekki verið kallað á þilfar til að varpa vörpunni, en það hafi verið sitt verk, hvernig sem staðið hafi á um vaktir sínar. Enn fremur segist vitnið hafa fundið það á hreyfingu bátsins um þetta leyti, að hann hafi ekki verið að toga.

Um öll vitnin er þess að geta, að þau voru enn skipverjar kærða og undir hans stjórn, er þau voru leidd. Enn fremur tekur öll áhöfn v/b Jóns Stefánssonar kaup sitt í aflahlut. Af þessum ástæðum verða vitnin ekki talin óaðfinnanleg, og verður að meta framburði þeirra með þeim fyrirvara, er þau bera kærða í hag.

Ekki verður dregið í efa, að landhelgisgæzlumennirnir hafi athugað at-

hafnir bátsins og bátverja við góða aðstöðu, enda var veður og skyggni gott og ekki vont í sjó. Létu þeir flugvélina fljúga mjög nálægt bátnum í þrjú skipti. Athuguðu þeir, hvað fram fór um borð, bæði með berum augum og sjónaukum. Rúður flugvélarinnar voru hreinar og vængirnir fyrir ofan gluggana og byrgðu því ekki sýn. — Dómarinn lætur þess getið í þessu sambandi, að hann hafi sjálfur, í því skyni að gera sér grein fyrir aðstöðu gæzlumannanna, látið flugvél fljúga með sig að togbáti að veiðum. Hafi sér virzt mjög góð aðstaða til allrar athugunar á bátnum, t. d. hafi dragstrengirnir sézt mjög greinilega.

Vitnið Jón Jónsson skipherra segist hafa séð greinilega, að v/b Jón Stefánsson hafi verið á togveiðum umrætt skipti. Sézt hafi greinilega dragstrengir aftur úr bátnum. Engin veiðarfæri, hvorki varpa né hlerar, hafi sézt á þilfari. Sérstaklega kveðst vitnið hafa athugað, hvort freytt hafi fyrir bátnum, og séð, að það hafi verið svo lítið, að um fulla ferð hans hafi ekki verið að ræða, enda þótt skrúfuvatn væri þungt, er bent hafi til þess, að báturinn hafi erfiðað. Þá segist vitnið hafa veitt því sérstaka athygli, hvernig dragstrengirnir hafi skorið sjóinn, og hafi það verið á sama hátt og venjulegt sé, þegar skip séu að toga. Loks segir vitnið, að nokkur fiskur hafi verið á þilfari, dreifður um það, en kveðst þó ekki hafa veitt því athygli, hvort fiskur hafi verið í öllum stíum.

Vitnið Eyjólfur Hafstein, 1. stýrimaður, kveðst greinilega hafa séð, að v/b Jón Stefánsson hafi verið þarna á togveiðum. Engin veiðarfæri hafi verið sjáanleg á þilfari. Greinilega hafi sézt tveir dragstrengir aftur úr bátnum og hvernig þeir hafi skorið sjóinn, en það sjáist vel, þegar jafngott sé í sjó og þarna hafi verið, og sé þeim mun greinilegra, þar sem jafnan sé titringur á strengjunum af átakinu frá skipinu. Vitnið kveður bátinn hafa verið á venjulegri togferð, og hafi það sézt á því, að lítið hafi freytt fram undan honum. Af skrúfuvatninu hafi þó virzt, að þungt álag væri á vélinni. Þá kveðst vitnið hafa séð talsverðan fisk á þilfari bátsins.

Báðir hafa landhelgisgæzlumennirnir unnið eið að framburði sínum.

Með vísun til framangreindra ákveðinna og eiðfestra vitnaframburða landhelgisgæzlumannanna þykir ekki varhugavert að telja uppvíst, að v/b Jón Stefánsson hafi verið að ólöglegum landhelgisveiðum með botnvörpu á fyrrgreindum stað og tíma, þrátt fyrir gagnstæða framburði nokkurra bátverja, er samkvæmt framanskráðu geta engir talizt lögfull vitni í máli þessu, enda verður að telja þá alla hluttakendur í hinum refsiverða verknaði kærða, þótt þeir séu að lögum undanþegnir refsingu. Verður því að telja kærða hafa gerzt sekan við 1. gr. sbr. 3. gr. laga nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. og lög nr. 4 11. apríl 1924, um að miða við gullkrónur sektir fyrir landhelgisbrot. Þykir refsing kærða, sem áður hefur gerzt sekur um sams konar brot, með vísun til núverandi gullgildis íslenzkrar krónu (100 gullkrónur = 294.46 pappírskrónur), hæfilega ákveðin 35.000.00 króna sekt, er renna skal í Landhelgissjóð Íslands. Verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, skal kærði afplána hana með

8 mánaða varðhaldsvist. Þá skal og allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, er innan borðs voru í v/b Jóni Stefánssyni, upptæk ger og andvirðið renna til Landhelgissjóðs Íslands. Loks skal kærði greiða allan kostnað sakar þessarar.

Enda þótt kærði hafi áður gerzt sekur um sams konar brot, þykir ekki eftir öllum atvikum alveg næg ástæða til að dæma honum varðhaldsvist eftir 5. gr. laga nr. 5 18. maí 1920.

Rekstur máls þessa hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Kærði, Björgvin Jónsson, greiði 35.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands.

Skal sektin greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en ella skal kærði afplána hana með 8 mánaða varðhaldsvist.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í v/b Jóni Stefánssyni, V.E. 49, skulu upptæk ger og andvirðið renna til Landhelgissjóðs Íslands.

Kærði skal greiða allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. október 1949.

Nr. 46/1947. **Magnús Jónsson** (Gústaf A. Sveinsson)
gegn
Steingrími Benediktssyni (Egill Sigurgeirsson).

Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Ágreiningur um kaupgreiðslu.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. maí 1947, krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar í Hæstarétti eftir mati dómsins.

Ekki eru leiddar að því sönnur, að stefndi í máli þessu hafi, svo að bindandi væri, ráðizt til áfrýjanda með þeim kjörum, að áfrýjandi tæki í sínar hendur mismun á þeim launum, er h/f Smiður greiddi fyrir vinnu stefnda, og venjulegu verka-

mannakaupi. Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í Hæstarétti, og ákveðst hann kr. 800.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Magnús Jónsson, greiði stefnda, Steingrími Benediktssyni, kr. 800.00 í málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. marz 1947.

Mál þetta, er dómtekið var 10. þ. m., hefur Steingrímur Benediktsson, Meðalholti 19 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 27. september 1946, gegn Magnúsi Jónssyni húsasmíðameistara, Lindargötu 52 hér í bæ, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 2069.79, með 5% ársvöxtum frá 1. september 1946 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Stefnandi skýrir svo frá málavöxtum:

Síðari hluta septembermánaðar 1945 fluttist stefnandi til bæjarins. Skömmu síðar komst hann í samband við Arinbjörn Þorkelsson byggingameistara, er réð hann í vinnu til Byggingarfélagsins Smiðs h/f. Skildist stefnanda, að hann ætti fljótlega að fá námssamning í húsasmíði. Hinn 23. október s. á. fór Arinbjörn síðan með stefnanda á einn af vinnustöðum Smiðs h/f. Var þar fyrir stefndur, er Arinbjörn sagði, að mundi ráðstafa stefnanda í vinnuna. Lét stefndur stefnanda fá eitthvað af trésmíðaverkfærum og fór síðan með hann til Árna Erasmussonar byggingameistara. Vann stefnandi síðan undir stjórn Árna allt fram í aprílmánuð 1946. Brátt varð stefnandi þess var, að honum var ekki greitt sama kaup og vinnufélögum hans og að hann þurfti aldrei að kvitta fyrir launum sínum, eins og hinir gerðu. Spurði hann Árna, er afhenti honum launin, eitt sinn að þessu, en hann gaf lítið út á það og taldi það mál ekki varða sig. Upp úr áramótum 1945 og 1946 innti stefnandi Árna eftir, hvort hann færi ekki að fá námssamning, og svaraði Árni því til, að hann vissi ekki, hjá hverjum hann mundi verða, en hefði heyrt því fleygt, að það yrði hjá stefndum. Átti stefnandi þá tal við stefndan, sem sagði, að óvíst væri, að hann gæti tekið stefnanda, því að hann vissi ekki, hvort leyfi fengist, en um það mundi hann geta sagt síðar. Áttu þeir nokkrum sinnum tal um þetta, og voru svör stefnds ætíð þau sömu. Í byrjun apríl s. á. sagðist stefndur hafa fengið leyfi og bauð stefnanda námssamning, en eftir nokkrar tilraunir að ná sam-

komulagi um kaup og kjör yfir námstímann slitnaði upp úr samningum, enda bauðst stefnanda þá samningur við annan byggingameistara Smiðs h/f með betri kjörum en stefndur bauð.

Stefndur skýrir hins vegar svo frá, að á miðju sumri 1945 hafi Arinbjörn Þorkelsson komið að máli við sig og beðið sig að kenna pilti húsasmíði. Kvaðst stefndur mundu gera þetta, ef til fengist leyfi Trésmiðafélags Reykjavíkur, en það mundi ekki verða fyrr en á árinu 1946. Um miðjan október kom Arinbjörn aftur að máli við stefndan og tilkynnti honum, að pilturinn væri kominn. Stefndur tjáði Arinbirni þá, að pilturinn gæti byrjað að vinna hjá sér strax, en samning gæti hann ekki fengið fyrr en á næsta ári. Hinn 23. s. m. komu svo Arinbjörn og pilturinn, sem er stefnandi máls þessa, til stefnds, og varð að samkomulagi, að hann hæfi strax vinnu við hús, er Byggingarfélagið Smiður h/f hafði þá í smíðum undir stjórn Árna Erasmussonar. Var skýrt fram tekið milli þeirra aðilja og Arinbjarnar, að stefnandi skyldi fá venjulegt verkamannakaup, þar til er samningur um nám yrði gerður. Greiddi stefndur síðan stefnanda vikulega kaup í samræmi við það, en tók sjálfur kaup það, er Smiður h/f greiddi fyrir vinnu stefnanda, en það var svonefnt „gervimannakaup".

Telur stefnandi, að honum beri sjálfum öll þau vinnulaun, sem Smiður h/f hafi greitt fyrir vinnu hans. Nemi mismunur þess og þeirra launa, sem hann hafi veitt móttöku, stefnufjárhæðinni. Stefndur hafi tekið þetta fé til sín og neitað að láta það af hendi, en hann eigi engan rétt til þess, þar sem stefnandi hafi ekki unnið í þjónustu hans.

Stefndur byggir sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi ráðizt í vinnu til sín fyrir venjulegt verkamannakaup, þar til er námssamningur yrði gerður þeirra á milli. Skipti því engu máli, hvað stefndur hafi fengið fyrir vinnu stefnanda hjá Smið h/f. Stefnandi hafi fengið greitt hjá stefndum það kaup, sem honum bar samkvæmt ráðningu hans, og meira eigi hann ekki kröfu til.

Gegn eindregnum mótmælum stefnanda hefur stefndur ekki fært sönnur á þá staðhæfingu sína, að stefnandi hafi ráðizt til hans persónulega, en ekki félagsins, enda ósannað, að fastmælum hafi verið bundið, að stefnandi fengi námssamning hjá stefndum og fyrrgreindur vinnutími yrði reynslu- eða undirbúningstími fyrir námið. Þykir stefndur því ekki hafa átt rétt til neinnar þóknunar af kaupi því, er Smiður h/f greiddi fyrir vinnu stefnanda. Ber því að dæma stefndan, sem viðurkennt hefur móttöku fjárins og fjárhæð þess, til þess að endurgreiða stefnanda það með 5% ársvöxtum, sem reiknast frá stefnudegi.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndur greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndur, Magnús Jónsson, greiði stefnanda, Steingrími Benediktssyni, kr. 2069.79 með 5% ársvöxtum frá 27. september 1946

til greiðsludags og kr. 500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 21. október 1949.

Nr. 121/1948. **Valdstjórnin** (Jón N. Sigurðsson)
gegn
Angantý Arngrími Elíassyni
(Theodór B. Líndal).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Sakaratriðum er rétt lýst í héraðsdómi, og varðar brot kærða við 1. gr. sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 5/1920 og lög nr. 4/1924. Gullgildi íslenzkrar krónu er nú 23.594. Samkvæmt þessu og öðrum atvikum þykir sekt á hendur kærða hæfilega ákveðin 42.500 krónur til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra svo og um greiðslu sakarkostnaðar í héraði ber að staðfesta.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Dómsorð:

Kærði, Angantýr Arngrímur Elíasson, greiði 42.500 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands. Verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, komi í hennar stað varðhald 7 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra svo og greiðslu málskostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar

með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Jóns N. Sigurðssonar og Theodórs B. Líndals, kr. 600.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 19. maí 1948.

Ár 1948, miðvikudaginn 19. maí, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu borgardómara að Tjarnargötu 10 af Gunnari A. Pálssyni setudómara, kveðinn upp dómur í málinu: Valdstjórnin gegn Angantý Arngrími Elíassyni, sem tekið var til dóms 13. þ. m.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Angantý Arngrími Elíassyni skipstjóra, Hlaðbæ í Vestmannaeyjum, fyrir brot gegn lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924, um að miða við gullkrónur sektir fyrir landhelgisbrot, til refsingar, upptöku afla og veiðarfæra svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Kærði er fæddur í Bolungarvík 29. apríl 1916 og er því kominn yfir lögaldur sakamanna. Hann hefur, svo að kunnugt sé, ekki sætt annarri refsingu en þeirri, að hinn 26. janúar 1937 sætti hann í Reykjavík 15.00 króna sekt fyrir snjókast á götum bæjarins.

Atvik máls þessa eru þau, að klukkan 10.30 miðvikudaginn 31. marz sl. var Grummanflugbátur flugfélagsins Loftleiða h/f hafinn til flugs af flugvellinum í Reykjavík. Flugmenn voru þeir Alfreð Elíasson flugstjóri, Eskihlíð 7, og Stefán Magnússon flugmaður, Laugahvoli við Laugarásveg, báðir í Reykjavík. Var flugvélin send af framkvæmdastjóra landhelgisgæzlunnar, Pálma Loftssyni, og var ferðinni heitið með suðurströndinni austur að Ingólfshöfða í því skyni að athuga um ólögmætar veiðar. Voru því með í förinni landhelgisgæzlumennirnir Jón Jónsson skipherra, Njálsgötu 4, og Eyjólfur Hafstein, 1. stýrimaður, Kjartansgötu 3, báðir í Reykjavík. Hefur Jón skipherra sem vitni skýrt frá ferðum flugvélarinnar á þá leið, er nú verður greint, og hefur Eyjólfur 1. stýrimaður, og sem vitni, staðfest þá frásögn hans svo og báðir fyrrgreindir flugmenn, einnig sem vitni, að því leyti, sem þeir hafa verið spurðir.

Kveður Jón skipherra, að flogið hafi verið yfir Reykjanesskaga og komið að sjó við Krýsuvíkurberg, en þaðan hafi verið haldið austur með landi innan landhelgislínu í um það bil tveggja sjómílna fjarlægð frá landi. Á Herdísarvík hafi sézt togbátur að veiðum í landhelgi klukkan 10.53, og er komið hafi verið að Dyrhólaey, hafi enn sézt tveir togbátar í landhelgi. Á öðrum þessara báta hafi bátverjar breitt yfir nafn og umdæmistölu, er þeir hafi orðið þess varir, að farið var að athuga athafnir þeirra, en á hinum bátnum hafi bæði nafn og umdæmistala verið svo máð, að þeir gæzlumennirnir hafi ekki séð þau, enda þótt þeir gerðu sex tilraunir til þess. Á báðum þessum bátum hafi þó sézt um-

dæmisbókstafirnir V.E. Bátar þessir hafi verið 1.7 sjómílu innan landhelgislínunnar. Klukkan 11.55 hafi fluginu verið haldið áfram austur með frá þessum stað og stefnt laust af Kötlutanga utan við Hjörleifshöfða. Hafi hin flogna lína öll verið innan landhelgi, en misjafnlega langt vegna hlykkja landhelgislínunnar. Lengst hafi hún verið 2.4 sjómílur fyrir innan línuna, en stytzt 1.8 sjómílu. Þegar komið hafi verið austur á móts við Kötlutanga, hafi orðið á leið flugvélarinnar nokkrir bátar, allir að ólöglegum landhelgisveiðum 1.8 sjómílu innan landhelgislínunnar. Eftir athugun á þeim hafi fluginu enn verið haldið áfram austur með landi til áframhalds gæzlustarfinu og nú stefnt laust við Alviðruhamarsvita. Klukkan 12.13 sást bátur grunsamlega nærri landi út af Mýrnatanga, og var stefna sett á hann. Klukkan 12.15 var flogið yfir bátinn, er reyndist vera v/b Sidon, V.E. 29, en það er togbátur að stærð 65 smálestir brúttó með 200 hestafla vél, og er eigandi hans h/f Sæbjörg í Vestmannaeyjum. Skipstjóri á v/b Sídon var kærði, Angantýr Arngrímur Elíasson. Þar eð gæzlumennirnir töldu, að báturinn væri þarna að ólöglegum landhelgisveiðum, hófu þeir þegar athugun um stað hans og athafnir. Sneri báturinn stefni upp og austur með landi. Var fyrst flogið yfir bátinn, rétt á hlið við hann á stjórnborða, í rúmlega sigluhúnahæð, austur með honum og nokkuð austur fyrir hann með stefnu á Mýrnatangamerki. Síðan var snúið vestur aftur og að Kúðafljótsós, en þaðan var flogið beint út að bátnum og yfir hann. Þá var beygt í vestur og stefnt á Alviðruhamarsvita. Var þessi stefna flogin, meðan gæzlumennirnir voru að átta sig á miðinu, en er þeir voru búnir að því, var snúið við og enn flogið austur, fram hjá bátnum landmegin, og var þá athugun í sambandi við hann lokið. Staðarákvörðun bátsins höfðu gæzlumennirnir gert á flugi því, er lýst hefur verið, með því að stafnsetja flugvélina fyrst á Mýrnatangamerki og síðan Alviðruhamarsvita. Reyndist staður bátsins: Alviðruhamarsviti réttvísandi 285°, Mýrnatangamerki réttvísandi 360°, eða 1.8 sjómílu innan landhelgislínu. — Staðarákvörðun þessa bar skipherrann undir flugmennina, er hann hafði sett hana á kort. Höfðu þeir mælt fjarlægðina milli bátsins og strandar með því að fljúga þar á milli, og töldu þeir staðarákvörðun gæzlumannanna koma heim við athugun sína. Í rannsókn málsins var lagt fram sjókort með ámörkuðum stað v/b Sídons, gert af Jóni skipherra og staðfest í lögregluréttinum af honum. Hlutaðist dómarinn til um, að skólastjóri Stýrimannaskólans, Friðrik Ólafsson, fyrrum varðskipsforingi, kynnti sér gögn málsins og athugaði staðarákvörðun skipherrans. Taldi skólastjórinn staðarákvörðunina rétta á kortinu, eftir því sem upp væri gefið, og staðfesti það álit sitt með áritun á fyrrgreint sjókort í viðurvist dómarans. — Kærði lýsti því í rannsókn málsins, að hann gæti ekkert um staðarákvörðunina sagt og því ekki heldur andmælt henni.

Að þessu athuguðu þykir ekki vafi leika á um það, að v/b Sídon hafi verið staddur á þeim stað, er fyrrgreind staðarákvörðun greinir, þegar landhelgisgæzlumennirnir athuguðu hann á fyrrgreindum tíma.

Við athugun sína töldu gæzlumennirnir sig verða þess vísa, að v/b Sídon

væri þarna að botnvörpuveiðum í landhelgi, og er þeir komu heim úr gæzluförinni, sendu þeir bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum símskeyti og kærðu skipstjórann fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi. Var rannsókn síðan hafin af settum bæjarfógeta, Axel Ó. Ólafssyni bæjarfógetafulltrúa, 2. apríl sl., en vegna anna taldi hann sig ekki geta haldið henni áfram og lokið málinu. Hinn 7. sama mánaðar var Gunnar A. Pálsson, lögfræðingur í Reykjavík, skipaður til að fara með málið sem setudómari. Hefur hann því farið með það síðan.

Kærði neitar því ákveðið að hafa verið að botnvörpuveiðum í landhelgi umrætt skipti. Hefur hann skýrt svo frá ferðum sínum, að hann hafi farið í róður frá Vestmannaeyjum klukkan 6 að morgni hins 30. marz sl. Hafi hann farið austur að Mýrdalsvík og fiskað þar allan daginn, en um kvöldið haldið austur með landi. Um klukkan 5 að morgni 31. marz muni hann hafa kastað djúpt út af Kúðafljóti á 65 faðma dýpi. Þarna hafi hann tekið tvö tog, og í hinu síðara hafi varpan rifnað. Aflandsvindur hafi verið, og hafi hann því siglt upp undir land til þess að gera við vörpuna. Hafi viðgerðin tekið 45—60 mínútur, og meðan á henni hafi staðið, hafi gæzluflugvélin flogið yfir bátinn. Tveir menn hafi þá verið að gera við vörpuvænginn, en aðrir bátverjar að gera að afla. Gizkar kærði á, að um tvær smálestir af fiski hafi verið á þilfari bátsins á þessum tíma. — Í rannsókn málsins gat kærði ekki gert grein fyrir, hvenær hann hætti að fiska að morgni 31. marz né hve langt leið frá inndrætti vörpunnar, unz gæzluflugvélin kom. Hann lýsti veðri og sjólagi svo, að dálítil norðaustangola hafi verið og svolítil kvika á suðvestan.

Í rannsókn málsins voru skipverjar krafðir vættis. Eru framburðir þeirra flestra að mestu í samræmi við frásögn kærða, og verða nú rakin þau atriði þeirra, er einhverju virðast geta skipt.

Vitnið Hafsteinn Stefánsson stýrimaður minnist þess, er gæzluflugvélin flaug yfir bátinn um hádegisbilið 31. marz. Segist það þá hafa verið að bæta vörpuna ásamt netjamanninum. Hásetar hafi um það leyti verið að vinna við fiskinn á þilfari. Engir vírar hafi þá legið út frá bátnum, og hlerar hafi hangið í gálgum.

Vitnið Hans Heinrich Tegeder netjamaður segist hafa verið að bæta vörpuna ásamt stýrimanninum, þegar flugvélin flaug yfir, og segir sig minna, að þrír hásetar væru þá að gera að fiski. Sérstaklega aðspurt kveðst vitnið ekki geta um það borið, hvort báturinn hafi verið fjær landi, er varpan hafi rifnað, en þegar gæzluflugvélin flaug yfir hann.

Vitnið Jakob Ólafsson háseti segir, að er vörpuforvængurinn hafi rifnað, hafi verið farið að bæta vörpuna og siglt upp að landi á nokkuð mikilli ferð í á að gizka þrjá stundarfjórðunga.

Vitnið Jóhannes Jóhannesson, 2. vélstjóri, segir, að viðgerð á vörpunni hafi staðið yfir, þegar flugvélin flaug yfir bátinn, og enn fremur aðgerð fisks á þilfari; báturinn hafi ekki verið að toga, varpan legið í ganginum stjórnborðs megin, hlerarnir hangið í gálgunum og engir vírar legið frá bátnum út í sjó.

Vitnið Árni Sigurjónsson, 1. vélstjóri, sem einn bátverja auk kærða er hluthafi í h/f Sæbjörgu, eiganda v/b Sídons, virðist einkennilega ófrótt um alla atburði, er nokkru varða í máli þessu. Þó segist það hafa verið við að draga vörpuna inn í síðasta skipti, áður en flugvélin kom, og ekki hafa orðið þess vart, að hún væri rifin.

Vitnið Geir Sigurgeirsson háseti skýrir frá því, að vírarnir hafi legið úti í sjó frá hlerunum, pokinn verið úti og áhöfnin að draga vörpuna inn, þegar gæzluflugvélin hafi flogið yfir bátinn. Pokinn hafi síðan verið dreginn inn, þegar eftir að flugvélin hafi flogið yfir bátinn. Segir vitnið, að talið hafi verið um borð, að flugvélin væri við landhelgisgæzlu og mundu þeir kærðir fyrir að vera í landhelgi. Hafi verið um það talað, að þeir gætu sagt, að þeir hefðu verið að bæta vörpuna, ef þeir yrðu kallaðir fyrir rétt. Hafi kærði haft þau orð við skipshöfnina, hvort þeir gerðu sér ekki ljóst, að þeir hafi verið að bæta, og ættu að halda því fram fyrir réttinum.

Áður er getið sérstöðu vitnisins Árna Sigurjónssonar, og um öll vitnin gildir það, að þau voru enn skipverjar kærða og undir hans stjórn, er þau voru leidd. Enn fremur taka vitnin öll kaup sitt í aflahlut. Af þessum ástæðum verða vitnin ekki talin óaðfinnanleg, og verður að meta framburði þeirra með þeim fyrirvara, er þau bera kærða í hag.

Ekki verður dregið í efa, að landhelgisgæzlumennirnir hafi athugað athafnir bátsins og bátverja við góða aðstöðu, enda var veður og skyggni gott og ekki vont í sjó. Létu þeir flugvélina fljúga mjög nálægt bátnum nokkur skipti. Athuguðu þeir, hvað fram fór um borð, bæði með berum augum og sjónaukum. Rúður flugvélarinnar voru hreinar, og vængirnir voru fyrir ofan gluggana og byrgðu því ekki sýn. — Dómarinn lætur þess getið í þessu sambandi, að hann hafi sjálfur, í því skyni að gera sér grein fyrir aðstöðu gæzlumannanna, látið flugvél fljúga með sig að togbáti á veiðum. Hafi sér virzt mjög góð aðstaða til allrar athugunar á bátnum, og t. d. hafi dragstrengir sézt mjög greinilega.

Vitnið Jón Jónsson skipherra segir, að báturinn hafi verið að toga með stjórnborðsvörpu. Hafi hlerarnir verið komnir í gálga og hangið utan borðs, en varpan öll verið í sjó. Vörpustrengirnir („grandróparnir") hafi staðið út frá gálgunum, nálægt því þvert út af bátnum stjórnborðs megin. Ekkert veiðarfæri hafi verið sjáanlegt innan borðs, en hlerarnir þó hangið í gálgunum, svo sem sagt hefur verið. Á meðan gæzlumennirnir hafi athugað bátinn, hafi áhöfnin ekkert aðhafzt, og af þeirri ástæðu og með tilliti til þess, hvernig ástatt hafi verið um veiðarfærin, hafi verið mjög erfitt að átta sig á, hvort bátverjar hafi verið að varpa vörpunni til að veiða eða draga hana inn að afloknu togi. Þó hafi sér frekar virzt, að verið væri að draga hana inn, vegna þess, hvað vírarnir hafi staðið mikið þvert út frá bátnum. Hafi svo virzt sem bátverjar væru að rétta vörpuna af til inndráttar í bátinn. Þá hafi báturinn virzt liggja kyrr, og bendi það einnig til þess, að bátverjar hafi verið að draga vörpuna inn eftir tog. Áreiðanlegt sé, að enginn

hafi verið að bæta net eða gera að fiski, þegar yfir bátinn hafi verið flogið. Allmikill fiskur hafi verið á þilfari.

Vitnið Eyjólfur Hafstein, 1. stýrimaður, segir, að svo hafi verið ástatt um veiðarfæri í bátnum, að hlerarnir hafi hangið í gálgunum utan borðs stjórnborðs megin. Sjálf varpan hafi öll verið í sjó. Vörpustrengirnir („grandróparnir") hafi staðið nokkurn veginn þvert út frá bátnum, en þó vísað aðeins á ská aftur með. Þetta, segir vitnið, að bendi ákveðið til þess, að áhöfnin hafi verið að draga vörpuna inn eftir tog. Einnig segir vitnið, að sér hafi virzt báturinn liggja alveg kyrr, og bendi það og til þess, að unnið hafi verið að inndrætti vörpunnar. Hins vegar segir vitnið, að þar eð bátverjar hafi ekkert aðhafzt, meðan athugun gæzlumannanna fór fram, hafi ekki beint verið hægt að sjá á hegðun þeirra, hvort verið var að varpa vörpunni eða draga hana inn eftir tog. En af því, sem fyrr er sagt, svo og af reynslu sinni virtist vitninu augljóst, að verið væri að draga vörpuna inn eftir tog. Ekki segir vitnið koma til greina, að neinir bátverja hafi verið að gera við vörpuna eða að gera að fiski, meðan sveimað hafi verið yfir bátnum. Þá segir vitnið loks, að talsverður fiskur hafi verið á þilfari.

Báðir hafa landhelgisgæzlumennirnir staðfest framburð sinn með eiði.

Áður er að því vikið, að kærði hefur ekki getað gert grein fyrir, hvenær hann hætti að veiða að morgni 31. marz sl. né hve langt hafi liðið frá inndrætti vörpunnar, unz gæzluflugvélin kom. Þykir það veikja frásögn hans, að hann skuli þannig ekki geta gert nákvæma grein fyrir athöfnum sínum, rétt áður en yfir bát hans var flogið. Eftir veður- og sjólagslýsingu kærða virðist engin ástæða hafa verið til þess að sigla upp undir til þess að lagfæra vörpuna, enda þótt hún hefði rifnað. Vitnið Árni Sigurjónsson, er tók þátt í síðasta inndrætti vörpunnar, kvaðst ekki hafa orðið þess vart, að hún væri rifin. Vitnið Hans Heinrich Tegeder gat ekki um það borið, hvort báturinn var nær eða fjær landi, þegar varpan var talin hafa rifnað, en þegar gæzluflugvélin kom. Vitnið Geir Sigurgeirsson sagði frá því, að inndráttur vörpunnar hefði staðið yfir, þegar flugvélin var yfir bátnum. Allmikill afli var á þilfari bátsins, um tvær smálestir, að því er kærði hefur viðurkennt.

Með vísun til framangreindra ákveðinna og eiðfestra vitnaframburða landhelgisgæzlumannanna svo og þeirrar stoðar, er þeir eiga í nýgreindum atriðum úr frásögn kærða og framburðum bátverja, þykir ekki varhugavert að telja uppvíst, að v/b Sídon hafi verið að ólöglegum landhelgisveiðum með botnvörpu á fyrrgreindum stað og tíma, þrátt fyrir gagnstæða framburði flestra bátverja, er samkvæmt framansögðu geta ekki talizt lögfull vitni í máli þessu, enda verður og að telja þá alla hluttakendur í hinum refsiverða verknaði kærða, þótt þeir séu að lögum undanþegnir refsingu. Verður því að telja kærða hafa gerzt sekan við 1. gr. sbr. 3. gr. laga nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. og lög nr. 4 11. apríl 1924, um að miða við gullkrónur sektir fyrir landhelgisbrot. Þykir refsing kærða, með vísun til núverandi gullgildis íslenzkrar krónu (100 gullkrónur = 294.46 pappírskrónur), hæfi-

lega ákveðin 29.500.00 króna sekt, er renna skal í Landhelgissjóð Íslands. Verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, skal kærði afplána hana með 7 mánaða varðhaldsvist.

Þá skal og allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, er innan borðs voru í v/b Sídon, upptæk ger og andvirðið renna til Landhelgissjóðs Íslands.

Loks skal kærði greiða allan kostnað sakar þessarar, þar með talin málflutningslaun skipaðs verjanda síns, Theodórs B. Líndals hæstaréttarlögmanns, kr. 350.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Kærði, Angantýr Arngrímur Elíasson, greiði 29.500.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands.

Skal sektin greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en ella skal kærði afplána hana með 7 mánaða varðhaldsvist.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í v/b Sídon, V.E. 29, skulu upptæk ger og andvirðið renna til Landhelgissjóðs Íslands.

Kærði skal greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs verjanda síns, Theodórs B. Líndals hæstaréttarlögmanns, kr. 350.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 21. október 1949.

Nr. 125/1948. **Valdstjórnin** (Jón N. Sigurðsson)
gegn
Júlíusi Sigurðssyni (Gústaf A. Sveinsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Gullgildi íslenzkrar krónu er nú 23.594. Samkvæmt því og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms er refsing kærða hæfilega ákveðin 42.500 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði og um upptöku afla og veiðarfæra ber að staðfesta.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Dómsorð:

Kærði, Júlíus Sigurðsson, greiði 42.500 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Að öðru leyti á héraðsdómurinn að vera óraskaður.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Jóns N. Sigurðssonar og Gústafs A. Sveinssonar, kr. 600.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 19. maí 1948.

Ár 1948, miðvikudaginn 19. maí, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu borgardómara að Tjarnargötu 10 af Gunnari A. Pálssyni setudómara, kveðinn upp dómur í málinu: Valdstjórnin gegn Júlíusi Sigurðssyni, sem tekið var til dóms 3. þ. m.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Júlíusi Sigurðssyni skipstjóra, Bárugötu 2 í Vestmannaeyjum, fyrir brot gegn lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924, um að miða við gullkrónur sektir fyrir landhelgisbrot, til refsingar, upptöku afla og veiðarfæra svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Kærði er fæddur í Vestmannaeyjum 2. júlí 1912 og er því kominn yfir lögaldur sakamanna. Hann hefur, svo að kunnugt sé, sætt þeim refsingum, er nú greinir:

1933 16/5 Sætt í Vestmannaeyjum, 25.00 króna sekt fyrir brot gegn fiskveiðasamþykkt Vestmannaeyja.

1935 29/5 Sætt í Vestmannaeyjum, 25.00 króna sekt fyrir sams konar brot.

1941 3/4 Dómur aukaréttar Vestmannaeyja, 250.00 króna sekt fyrir brot gegn 217. gr. hegningarlaganna.

1941 3/6 Kærður fyrir ölvun og óspektir. Látið falla niður.

Atvik máls þessa eru þau, að klukkan 10.30 miðvikudaginn 31. marz sl. var Grummanflugbátur flugfélagsins Loftleiða h/f hafinn til flugs af flugvellinum í Reykjavík. Flugmenn voru þeir Alfreð Elíasson flugstjóri, Eskihlíð 7, og Stefán Magnússon flugmaður, Laugahvoli við Laug-

arásveg, báðir í Reykjavík. Var flugvélin send af framkvæmdastjóra landhelgisgæzlunnar, Pálma Loftssyni, og var ferðinni heitið með suðurströndinni austur að Ingólfshöfða í því skyni að athuga um ólögmætar veiðar. Voru því með í förinni landhelgisgæzlumennirnir Jón Jónsson skipherra, Njálsgötu 4, og Eyjólfur Hafstein, 1. stýrimaður, Kjartansgötu 3, báðir í Reykjavík. Hefur Jón skipherra sem vitni skýrt frá ferðum flugvélarinnar á þá leið, er nú verður greint, og hefur Eyjólfur 1. stýrimaður, og sem vitni, staðfest frásögn hans svo og báðir fyrrgreindir flugmenn, einnig sem vitni, að því leyti, sem þeir hafa verið spurðir.

Kveður Jón skipherra, að flogið hafi verið yfir Reykjanesskaga og komið að sjó við Krýsuvíkurberg, en þaðan hafi verið haldið austur með landi innan landhelgislínu í um það bil tveggja sjómílna fjarlægð frá landi. Á Herdísarvík hafi sézt togbátur að veiðum í landhelgi klukkan 10.53, og er komið hafi verið að Dyrhólaey, hafi enn sézt tveir togbátar í landhelgi. Á öðrum þessara báta hafi bátverjar breitt yfir nafn og umdæmistölu, er þeir hafi orðið þess varir, að farið var að athuga athafnir þeirra, en á hinum bátnum hafi bæði nafn og umdæmistala verið svo máð, að þeir gæzlumennirnir hafi ekki séð þau, enda þótt þeir gerðu sex tilraunir til þess. Á báðum þessum bátum hafi þó sézt umdæmisbókstafirnir V.E. Bátar þessir hafi verið 1.7 sjómílu innan landhelgislínunnar. Klukkan 11.55 hafi fluginu verið haldið áfram austur með frá þessum stað og stefnt laust af Kötlutanga utan við Hjörleifshöfða. Hafi hin flogna lína öll verið innan landhelgi, en misjafnlega langt vegna hlykkja landhelgislínunnar. Lengst hafi hún verið 2.4 sjómílur fyrir innan línuna, en stytzt 1.8 sjómílu. Þegar komið hafi verið austur á móts við Kötlutanga, hafi orðið á leið flugvélarinnar nokkrir bátar, þ. á m. v/b Þorgeir goði, V.E. 34, en það er togbátur að stærð rúmar 67 smálestir brúttó með 180 hestafla vél, og er eigandi hans h/f Tangabátarnir í Vestmannaeyjum. Skipstjóri á v/b Þorgeiri goða var kærði, Júlíus Sigurðsson. Þar eð gæzlumennirnir töldu, að báturinn væri þarna að ólöglegum landhelgisveiðum, hófu þeir athugun um stað hans og athafnir, en þá var klukkan alveg um 12 á hádegi. Segir Jón skipherra, að fyrst hafi verið flogið austur með honum á stjórnborðshlið og flugvélin þá haft bátinn landmegin við sig, enda hafi báturinn snúið austur með landinu. Hafi verið flogið mjög nálægt bátnum, líklega 50—100 m frá honum og skammt fyrir ofan sigluhúna hans að hæðinni til. Dálítið hafi verið flogið austur fyrir hann, en þá snúið við og stefna tekin á „Portlands"-vita til þess að gera staðarákvörðun bátsins. Hafi þá verið flogið vestur með honum landmegin og þannig með bakborðshlið hans. Stutt hafi verið flogið frá bátnum og e. t. v. heldur lægra en fyrr. Á þessu flugi hafi landhelgisgæzlumennirnir báðir gert staðarákvörðun bátsins við fullkomlega örugga aðstöðu að öllu leyti. Hafi staðarákvörðunin verið framkvæmd þannig, að flugvélin hafi verið stafnsett á „Portlands"-vita. Þegar komið hafi verið yfir bátinn, hafi staður hans reynzt: austurkantur Hjörleifshöfða $\nearrow$ Drang og réttvísandi miðun 281° á

„Portlands"-vita. Enn fremur hafi Reynisdranga á sama tíma borið í Dyrhólaeyna að ofanverðu. Hafi staðarákvörðun þessi sýnt v/b Þorgeir goða 1.8 sjómílu innan landhelgislínu. Staðarákvörðun þessa bar skipherrann undir flugmennina, er hann hafði sett hana á kort. Höfðu þeir mælt fjarlægðina milli bátsins og strandar með því að fljúga þar á milli, og töldu þeir staðarákvörðun gæzlumannanna koma heim við athugun sína. — Í rannsókn málsins var lagt fram sjókort með ámörkuðum stað v/b Þorgeirs goða, gert af Jóni skipherra og staðfest í lögregluréttinum af honum. Hlutaðist dómarinn til um, að skólastjóri Stýrimannaskólans, Friðrik Ólafsson, fyrrum varðskipsforingi, kynnti sér gögn málsins og athugaði staðarákvörðun skipherrans. Taldi skólastjórinn staðarákvörðunina rétta á kortinu, eftir því sem upp væri gefið, og staðfesti það álit sitt með áritun á fyrrgreint sjókort í viðurvist dómarans. — Kærði hefur lýst því í rannsókn málsins, að hann telji, að staðarákvörðunin geti staðizt.

Að staðarákvörðuninni lokinni flugu gæzlumennirnir enn austur með bátnum og héldu áfram för sinni austur með ströndinni til áframhalds gæzlustarfinu.

Að þessu athuguðu þykir ekki vafi leika á um það, að v/b Þorgeir goði hafi verið staddur á þeim stað, er fyrrgreind staðarákvörðun greinir, þegar gæzlumennirnir athuguðu hann á fyrrgreindum tíma.

Við athugun sína töldu gæzlumennirnir sig verða þess vísa, að v/b Þorgeir goði væri þarna að botnvörpuveiðum í landhelgi, og er þeir komu heim úr gæzluförinni, sendu þeir bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum símskeyti og kærðu skipstjórann fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi. Var rannsókn síðan hafin af settum bæjarfógeta, Axel Ó. Ólafssyni bæjarfógetafulltrúa, 1. apríl sl., en vegna anna taldi hann sig ekki geta haldið henni áfram og lokið málinu. Hinn 7. sama mánaðar var Gunnar A. Pálsson, lögfræðingur í Reykjavík, skipaður til þess að fara með málið sem setudómari. Hefur hann því farið með það síðan.

Kærði neitar því ákveðið að hafa verið að botnvörpuveiðum í landhelgi umrætt skipti. Hefur hann skýrt svo frá ferðum sínum, að hann hafi látið úr höfn í Vestmannaeyjum klukkan 7.30 að morgni hins 30. marz sl. Byrjað hafi hann veiðar V a N ¼ N frá „Portlands"-vita, og kveðst hann hafa verið á þeim slóðum til klukkan 24 aðfaranótt 31. marz. Um nóttina hafi hann látið reka til klukkan 4.30, en þá kveðst hann hafa hafið veiðar á ný og tekið nokkur tog þangað til um það bil klukkan 9.30 að morgni hins 31. marz. Þá hafi hann tekið ákvörðun um að sigla austur í Meðallandsflóa og gengið frá veiðarfærum á venjulegan hátt sinn, hengt hlerana í gálga og tekið þá inn fyrir borðstokkinn og dregið vörpuna á þilfar stjórnborðs megin. Klukkan um 9.30—10 hafi hann hafið ferðina austur og siglt austur með landi við góða landsýn. Á leiðinni austur hafi gæzluflugvélin flogið yfir bátinn um kukkan 12 á hádegi. Hafi báturinn þá verið á fullri ferð austur með landi. Flugvélin hafi flogið þrisvar meðfram bátnum, öll skiptin lágt og nálægt honum. Er flugvélin hafi verið þarna, hafi ekki neinir bátverjar verið

við vinnu, enda ekki legið nein vinna fyrir. Báturinn hafi verið á ferð austur með landi og öll veiðarfæri hans innbyrðis, svo sem fyrr er greint. Kærði segir, að veður og skyggni hafi verið gott, en nokkuð þung alda. Á meðan gæzlumennirnir hafi athugað bátinn, hafi hann ekki gefið neina skipun um að breyta stefnu hans. Loks hefur kærði skýrt svo frá, að verið geti, að einhver fiskur hafi verið á þilfari, en hann hafi áreiðanlega verið aðgerður.

Í rannsókn málsins hafa bátverjar kærða verið krafðir vættis. Eru framburðir þeirra að mestu í samræmi við frásögn kærða, og verða nú rakin þau atriði þeirra, er einhverju virðast geta skipt.

Vitnið Egill Axel Árnason vélstjóri segir, að v/b Þorgeir goði hafi verið á fullri ferð austur, er flugvélin hafi flogið yfir.

Vitnið Kjartan Ólafsson háseti segir og, að báturinn hafi verið á fullri ferð, þegar flugvélin hafi flogið yfir hann, og ekki verið að toga. Um það leyti, er flugvélin hafi verið yfir bátnum, kveðst vitnið hafa verið við stýrið og kærði verið hjá sér í stýrishúsinu. Hafi kærði þá beðið sig að halda dýpra, þ. e. fjær landi, líklega ½ striki eða eitthvað um það bil.

Vitnið Óli Jónsson háseti kveðst hafa vaknað og farið á þilfar, er flugvélin var yfir bátnum. Hafi báturinn þá verið á siglingu í austurátt og ekki verið að toga.

Vitnið Jóhann Pétur Sigurðsson háseti segir, að báturinn hafi ekki verið að toga, þegar flogið var yfir hann.

Vitnið Sigurður Jónsson, 2. vélstjóri, segir, að báturinn hafi verið á fullri ferð og ekki að toga, er flogið var yfir hann.

Vitnið Jón Ingimundarson stýrimaður segir, að þegar flogið var yfir bátinn, hafi hann verið á fullri ferð og öll veiðarfæri innan borðs.

Um öll vitnin gildir það, að þau voru enn skipverjar kærða og undir stjórn hans, er þau voru leidd. Enn fremur taka vitnin öll kaup sitt í aflahlut. Tortryggilegt þykir, hve vitnin töldu sig öll viss um, að flugvélin hafi alltaf flogið bakborðs megin við bátinn, þegar þess er gætt, að athafnir um borð fara að langmestu leyti fram stjórnborðs megin, þegar togað er. Af þessum þremur síðastgreindu ástæðum verða vitnin ekki talin óaðfinnanleg, og verður að meta framburð þeirra með þeim fyrirvara, er þau bera kærða í hag.

Ekki verður dregið í efa, að landhelgisgæzlumennirnir hafi athugað athafnir bátsins og bátverja við góða aðstöðu, enda var veður og skyggni gott og ekki vont í sjó. Létu þeir flugvélina fljúga mjög nálægt bátnum í þrjú skipti. Athuguðu þeir, hvað fram fór um borð, bæði með berum augum og sjónaukum. Rúður flugvélarinnar voru hreinar, og vængirnir voru fyrir ofan gluggana og byrgðu því ekki sýn. — Dómarinn lætur þess getið í þessu sambandi, að hann hafi sjálfur, í því skyni að gera sér grein fyrir aðstöðu gæzlumannanna, látið flugvél fljúga með sig að togbáti á veiðum. Hafi sér virzt mjög góð aðstaða til allrar athugunar á bátnum, og t. d. hafi dragstrengirnir sézt mjög greinilega.

Vitnið Jón Jónsson skipherra kveðst visst um, að v/b Þorgeir goði hafi verið á togveiðum, þegar flogið var yfir hann. Segist vitnið enga

toghlera hafa séð neins staðar á bátnum. Tveir dragstrengir hafi greinilega sézt aftur úr bátnum, og einnig hafi sézt, hvernig strengirnir hafi skorið sjóinn. Þá hafi verið auðséð af skrúfuvatni bátsins, að vél hans hafi unnið af krafti, en þó hafi ekki freytt fram undan honum. Er flogið hafi verið yfir bátinn í annað sinn, hafi hann verið búinn að breyta stefnu og farinn að toga frá landi, en sú staðreynd sé eftir sinni reynslu sem landhelgisgæzlumanns enn ein röksemd fyrir því, að v/b Þorgeir goði hafi verið að togveiðum, því að það megi telja algilda reglu, þegar komið sé að skipi togandi í landhelgi, að það beygi frá landi, svo framarlega sem skipverjar telji það geta haft þýðingu.

Vitnið Eyjólfur Hafstein, 1. stýrimaður, segist visst um, að varpan hafi ekki verið um borð, og hlera segist það ekki heldur hafa séð. Greinilega hafi sézt tveir dragstrengir aftur úr bátnum, og kveðst vitnið svo oft hafa séð slíkt, að misskilningur hafi ekki getað átt sér stað. Þá sá vitnið dragstrengina og skera sjóinn, en ekkert eða mjög lítið sá það freyða fyrir stefni bátsins. Í fyrra skiptið, er flogið hafi verið austur með bátnum, hafi hann stefnt austur með landi, en er vestur með honum hafi verið flogið, hafi hann verið búinn að breyta stefnu í áttina frá landi, líklega um 45°—60°. Bæði telja vitnin, að mikill fiskur hafi verið á þilfari bátsins.

Báðir hafa landhelgisgæzlumennirnir staðfest framburð sinn með eiði.

Með vísun til framangreindra ákveðinna og eiðfestra vitnaframburða landhelgisgæzlumannanna og þeirrar stoðar, er þeir eiga í viðurkenningu kærða á því, að fiskur hafi verið á þilfari bátsins, er yfir hann var flogið, enda þótt það verði að telja mjög óeðlilegt, ef frásögn hans væri rétt, svo og framburði vitnisins Kjartans Ólafssonar, er það skýrði frá, að kærði hefði látið sig beita bátnum fjær landi, er yfir hann var flogið, enda þótt engin ástæða virðist hafa verið til þess, ef báturinn hefði verið á siglingu austur með, þykir ekki varhugavert að telja uppvíst, að v/b Þorgeir goði hafi verið að ólöglegum landhelgisveiðum með botnvörpu á fyrrgreindum stað og tíma, þrátt fyrir gagnstæða framburði bátverja, er samkvæmt framansögðu geta engir talizt lögfull vitni í máli þessu, enda verður og að telja þá alla hluttakendur í hinum refsiverða verknaði kærða, þótt þeir séu að lögum undanþegnir refsingu. Verður því að telja kærða hafa gerzt sekan við 1. gr. sbr. 3. gr. laga nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. og lög nr. 4 11. apríl 1924, um að miða við gullkrónur sektir fyrir landhelgisbrot. Þykir refsing kærða, með vísun til núverandi gullgildis íslenzkrar krónu (100 gullkrónur = 294.46 pappírskrónur), hæfilega ákveðin 29.500.00 króna sekt, er renna skal í Landhelgissjóð Íslands. Verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, skal kærði afplána hana með 7 mánaða varðhaldsvist.

Þá skal og allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, er innan borðs voru á v/b Þorgeiri goða, upptæk ger og andvirðið renna til Landhelgissjóðs Íslands.

Loks skal kærði greiða allan kostnað sakar þessarar.
Rekstur máls þessa hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Kærði, Júlíus Sigurðsson, greiði 29.500.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands. Skal sektin greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en ella skal kærði afplána hana með 7 mánaða varðhaldsvist.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í v/b Þorgeiri goða, V.E. 34, skulu upptæk ger og andvirðið renna til Landhelgissjóðs Íslands.

Kærði skal greiða allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 21. október 1949.

Nr. 122/1948. **Valdstjórnin** (Jón N. Sigurðsson)
gegn
Sigurði Gísla Bjarnasyni (Theodór B. Líndal).

Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Sakaratriðum er rétt lýst í héraðsdómi, og varðar brot kærða við 1. gr. sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 5/1920 og lög nr. 4/1924. Gullgildi íslenzkrar krónu er nú 23.594. Samkvæmt þessu og öðrum atvikum þykir sekt á hendur kærða hæfilega ákveðin 42.500 krónur til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra svo og um greiðslu sakarkostnaðar í héraði ber að staðfesta.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Dómsorð:

Kærði, Sigurður Gísli Bjarnason, greiði 42.500 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands. Verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, komi í hennar stað varðhald 7 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra svo og greiðslu málskostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Jóns N. Sigurðssonar og Theodórs B. Líndals, kr. 600.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 19. maí 1948.

Ár 1948, miðvikudaginn 19. maí, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu borgardómara að Tjarnargötu 10 af Gunnari A. Pálssyni setudómara, kveðinn upp dómur í málinu: Valdstjórnin gegn Sigurði Gísla Bjarnasyni, sem tekið var til dóms 13. þ. m.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Sigurði Gísla Bjarnasyni skipstjóra, Svanhóli í Vestmannaeyjum, fyrir brot gegn lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924, um að miða við gullkrónur sektir fyrir landhelgisbrot, til refsingar, upptöku afla og veiðarfæra svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Kærði er fæddur í Vestmannaeyjum 14. nóvember 1905 og er því kominn yfir lögaldur sakamanna. Hann hefur, svo að kunnugt sé, sætt þeim refsingum, er nú greinir:

1936 21/2 Dómur aukaréttar Vestmannaeyja, 300.00 króna sekt fyrir ölvun og óspektir og ofbeldi við lögregluþjón.

1947 23/5 Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja, 7000.00 króna sekt fyrir brot gegn l. nr. 5 18. maí 1920 (hlerasekt).

Atvik máls þessa eru þau, að klukkan 10.30 miðvikudaginn 31. marz sl. var Grummanflugbátur flugfélagsins Loftleiða h/f hafinn til flugs af flugvellinum í Reykjavík. Flugmenn voru þeir Alfreð Elíasson flugstjóri, Eskihlíð 7, og Stefán Magnússon flugmaður, Laugahvoli við Laugarásveg, báðir í Reykjavík. Var flugvélin send af framkvæmdastjóra landhelgisgæzlunnar, Pálma Loftssyni, og var ferðinni heitið með suðurströndinni austur að Ingólfshöfða í því skyni að athuga um ólöglegar veiðar. Voru því með í förinni landhelgisgæzlumennirnir Jón Jónsson

skipherra, Njálsgötu 4, og Eyjólfur Hafstein, 1. stýrimaður, Kjartansgötu 3, báðir í Reykjavík. Hefur Jón skipherra sem vitni skýrt frá ferðum flugvélarinnar á þá leið, er nú verður greint, og hefur Eyjólfur 1. stýrimaður, og sem vitni, staðfest þá frásögn hans svo og báðir fyrrgreindir flugmenn, einnig sem vitni, að því leyti sem þeir hafa verið spurðir.

Kveður Jón skipherra, að flogið hafi verið yfir Reykjanesskaga og komið að sjó við Krýsuvíkurberg, en þaðan hafi verið haldið austur með landi innan landhelgislínu í um það bil tveggja sjómílna fjarlægð frá landi. Á Herdísarvík hafi sézt togbátur að veiðum í landhelgi klukkan 10.53, og er komið hafi verið að Dyrhólaey, hafi enn sézt tveir togbátar í landhelgi. Á öðrum þessara báta hafi bátverjar breitt yfir nafn og umdæmistölu, er þeir hafi orðið þess varir, að farið var að athuga athafnir þeirra, en á hinum bátnum hafi bæði nafn og umdæmistala verið svo máð, að þeir gæzlumennirnir hafi ekki séð þau, enda þótt þeir gerðu sex tilraunir til þess. Á báðum þessum bátum hafi þó sézt umdæmisbókstafirnir V.E. Bátar þessir hafi verið 1.7 sjómílu innan landhelgislínunnar. Klukkan 11.55 hafi fluginu verið haldið áfram austur með frá þessum stað og stefnt laust af Kötlutanga utan við Hjörleifshöfða. Hafi hin flogna lína öll verið innan landhelgi, en misjafnlega langt vegna hlykkja landhelgislínunnar. Lengst hafi hún verið 2.4 sjómílur fyrir innan línuna, en stytzt 1.8 sjómílu. Þegar komið hafi verið austur á móts við Kötlutanga, hafi orðið á leið flugvélarinnar nokkrir bátar, þ. á m. v/b Kári, V.E. 47, en það er togbátur að stærð 63 smálestir brúttó með 150 hestafla vél, og er kærði eigandi hans ásamt Kristjáni Sigurði Sigurjónssyni, vélstjóra bátsins, og tveimur mönnum öðrum. Skipstjóri á v/b Kára var kærði, Sigurður Gísli Bjarnason. Þar eð gæzlumennirnir töldu, að báturinn væri þarna að ólöglegum landhelgisveiðum, hófu þeir athugun um stað hans og athafnir, en þá var klukkan alveg um 12 á hádegi. Segir Jón skipherra, að flogið hafi verið eins nálægt bátnum og flugmennirnir hafi þorað. Fyrst hafi verið flogið austur með honum á hlið og síðan verið snúið við og þá flogið vestur með hinni hlið hans, og loks hafi enn verið flogið austur með bátnum aftur. Næst bátnum, telur vitnið, að flogið hafi verið í um það bil 200 feta fjarlægð og mjög lágt eða laust ofan við sigluhúna hans. Á fluginu vestur með bátnum hafi gæzlumennirnir gert staðarákvörðun hans, báðir saman, við mjög góða aðstöðu. Hafi staðarákvörðunin verið framkvæmd þannig, að flugvélin hafi verið stafnsett á „Portlands"-vita. Þegar komið hafi verið að bátnum á því flugi, hafi staður hans reynzt: austurkantur Hjörleifshöfða $\neq$ Drang og réttvísandi miðun 281° á „Portlands"-vita. Enn fremur hafi Reynisdranga á sama tíma borið í Dyrhólaeyna að ofanverðu. Hafi staðarákvörðun þessi sýnt v/b Kára 1.8 sjómílu innan landhelgislínu. Staðarákvörðun þessa bar skipherrann undir flugmennina, þegar er hann hafði markað hana á kort. Höfðu þeir mælt fjarlægðina milli báts og strandar með því að fljúga þar á milli, og töldu þeir staðarákvörðun gæzlumannanna koma heim við athuganir sínar. Í rannsókn málsins var lagt fram sjókort með ámörkuðum

stað v/b Kára, gert af Jóni skipherra og staðfest í lögregluréttinum af honum. Hlutaðist dómarinn til um, að skólastjóri Stýrimannaskólans, Friðrik Ólafsson, fyrrverandi varðskipsforingi, kynnti sér gögn málsins og athugaði staðarákvörðun skipherrans. Taldi skólastjórinn staðarákvörðunina rétta á kortinu, eftir því sem upp væri gefið, og staðfesti það álit sitt með áritun á fyrrgreint sjókort í viðurvist dómarans. — Kærði hefur lýst því í rannsókn málsins, að hann geti ekki sagt um, hvort staðarákvörðun gæzlumannanna sé rétt, enda hafi hann enga staðarákvörðun gert sjálfur. Sér þyki þó mjög ósennilegt, að hann hafi verið svo langt innan landhelgislínu, þegar flogið var yfir bátinn, og í staðarákvörðun gæzlumannanna greini. Hefur kærði þannig ekki andmælt því, að verið geti, að hann hafi verið í landhelgi umrætt skipti.

Að þessu athuguðu þykir ekki vafi leika á um það, að v/b Kári hafi verið staddur á þeim stað, er fyrrgreind staðarákvörðun greinir, þegar landhelgisgæzlumennirnir athuguðu hann á fyrrgreindum tíma.

Við athugun sína töldu gæzlumennirnir sig verða þess vísa, að v/b Kári væri þarna að botnvörpuveiðum í landhelgi, og er þeir komu heim úr gæzluförinni, sendu þeir bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum símskeyti og kærðu skipstjórann fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi. Var rannsókn málsins síðan hafin 2. apríl sl. af settum bæjarfógeta, Axel Ó. Ólafssyni bæjarfógetafulltrúa, en vegna anna taldi hann sig ekki geta haldið henni áfram og lokið málinu. Hinn 7. sama mánaðar var Gunnar A. Pálsson, lögfræðingur í Reykjavík, skipaður til þess að fara með málið sem setudómari. Hefur hann því farið með það síðan.

Kærði neitar því ákveðið að hafa verið að botnvörpuveiðum í landhelgi umrætt skipti. Hefur hann skýrt svo frá ferðum sínum, að hann hafi farið frá Vestmannaeyjum klukkan 6 að morgni 30. marz sl. Þann dag segist hann hafa verið að veiðum út af Vík og víðar við tregt fiski. Með birtingu, eða um klukkan 5 að morgni 31. marz, hafi hann aftur byrjað veiðar út af Vík. Telur hann sig hafa hætt veiðum aftur klukkan 10—11 um daginn og þá hafa dregið bæði vörpu og strengi inn. Stað bátsins, þegar veiðunum hafi verið hætt, kveðst hann ekki muna, en heldur, að hann hafi verið eitthvað lítið eitt utan við venjuleg mið sín á þessum slóðum, en þau séu: Háidrangur kominn inn fyrir „Portland" og Búrfell að komast að Reynisfjalli, en sá staður er alllangt utan landhelgislínu. Segir kærður, að fyrst hafi sér dottið í hug að fara austur að Ingólfshöfða, en ekki muni hann, hvort hann hafi lagt strax af stað þangað eða hvort hann hafi dokað eitthvað við. Segist hann þó minnast þess að hafa farið nokkuð austur, en hafa hætt greindri ætlun sinni eftir nokkurn spöl farinn. Ekki kveðst hann geta gert grein fyrir, hve hratt hann hafi farið né hve lengi hann hafi siglt austur með. Þá er hann hafi hætt við austurförina, hafi hann stanzað og legið kyrr, enda hafi hvarflað að sér að hafa tal af skipum, er þarna hafi verið, enda þótt ekki yrði úr því. Segist hann því hafa legið þarna og hugsað ráð sitt. Svona segir kærði, að staðið hafi á hjá sér, þegar flugvélin hóf að athuga bátinn. Um það leyti, segir hann, að flestir bátverjar hafi verið uppi, og hafi þeir verið að setja bakreipi í

forhlera, en fyrr um daginn, segir hann, að slitnað hafi þáttur í bakreipi forhlerans. Veiðarfæri hafi öll verið innan borðs, en þó kunni að vera, að vegna nýgreindrar aðgerðar hafi vörpuvængurinn verið eitthvað hreyfður og jafnframt lagður yfir borðstokkinn og út í sjó. Fiskur úr síðasta togi hafi verið óaðgerður á þilfari. Ekki man kærði, hvort vél bátsins var í gangi eða ekki. Þegar flugvélin hafi flogið yfir, kveðst kærði hafa tekið áfram og siglt frá landi í því skyni að kasta, en um það leyti segist hann hafa verið búinn að ákveða að hætta við förina austur að Ingólfshöfða.

Í rannsókn málsins hafa bátverjar kærða verið krafðir vættis. Verða nú rakin þau atriði úr framburðum þeirra, er einhverju virðast geta skipt.

Vitnið Símon Gísli Símonarson háseti segist muna það eitt glöggt, að unnið hafi verið að því að skipta um bakreipi, þegar flugvélin flaug yfir bátinn. Enn fremur virðist vitnið minnast þess, að þá hafi verið hætt að toga fyrir alllöngu og að veiðarfæri hafi þá öll verið um borð.

Vitnið Sigurður Hólm Guðmundsson háseti segir, að byrjað hafi verið að veiða aðfaranótt 31. marz og veiðunum verið haldið óslitið áfram allan daginn að öðru leyti en því, að orðið hafi smátafir, svo sem venja sé til. Einhvern tíma um daginn hafi þurft að skipta um bakreipi í forhleranum, og þegar flugvélin hafi flogið yfir, heldur vitnið, að vörpuvængurinn hafi verið úti á borðstokk, en hvort endi hans hafi verið í sjó, kveðst vitnið ekki geta sagt um. Þá segir vitnið, að þó dálítil stund hafi liðið frá því, að varpan var síðast dregin upp, unz flugvélin hafi komið. Loks segir vitnið sig minna, að eftir síðasta tog, áður en flugvélin hafi komið, hafi báturinn lónað eitthvað á lítilli ferð, og minni sig, að það hafi verið austur með, en ekki muni það til, að eftir það tog hafi v/b Kári hreyft sig nær landi, áður en flugvélin hafi komið.

Vitnið Gestur Jóhannesson háseti segir bátinn hafa verið að veiðum nálægt „Portlandi" fyrri hluta 31. marz sl. Segist það hafa komið á vörð klukkan 11 f. h. þann dag. Minni sig, að þá hafi verið búið að kasta fyrsta skipti þann dag, en ekki verið búið að draga vörpuna inn, og hafi alltaf liðið a. m. k. hálftími, unz hún hafi verið innbyrt. Eftir að varpan hafði verið innbyrt, klukkan um 11.30, hafi verið látið reka þarna um það bil eina klukkustund. Heldur vitnið, að bátinn hafi rekið austur með landi og a. m. k. hafi hann ekki lent áberandi nær landi en hann hafi verið síðast, þegar varpan hafi verið dregin inn. Nokkrum mínútum eftir að síðast var dregið inn, áður en flugvélin hafi komið, líklega um 12-leytið, segir vitnið, að farið hafi verið að lása bakreipi úr forhleranum og nýju í aftur, en á meðan hafi verið látið reka á sama eða svipuðum stað og síðast var dregið inn á. Það hafi líklega verið 15—20 mínútna verk, og á meðan á því hafi staðið, hafi flugvélin flogið yfir bátinn. Geti þá verið, að klafinn, er haldi vörpunni sundur, og e. t. v. hluti af vörpuvængnum hafi verið utan borðs, en að öðru leyti hafi veiðarfæri öll verið innan borðs.

Vitnið Kristján Sigurður Sigurjónsson, vélstjóri og sameigandi kærða að v/b Kára, segir, að fyrri hluta 31. marz hafi báturinn verið að veiðum út af Vík í Mýrdal. Kveðst vitnið hafa verið niðri, en farið upp, þegar

það hafi heyrt til gæzluflugvélarinnar, líklega klukkan 12 á hádegi. Segir vitnið, að líklega um einni klukkustund áður en flugvélin hafi flogið yfir hafi verið lokið við að draga vörpuna inn úr síðasta toginu þar áður. Þann tíma, er þar var á milli, segir vitnið sig minna, að eitthvað hafi verið andæft austur með, fremur en látið reka. Ekki kveðst vitnið hafa orðið þess vart, að báturinn flyttist neitt nær eða fjær landi, frá því að varpan hafi síðast verið dregin inn, áður en flugvélin kom, unz hún flaug yfir. Visst kveðst vitnið um, að ekki hafi staðið yfir inndráttur vörpunnar eftir tog, þegar flugvélin hafi flogið yfir bátinn.

Vitnið Ingólfur Guðmundsson matsveinn segir, að veiðarfæri hafi öll verið inni, er flugvélin hafi flogið yfir, og að báturinn hafi verið á einhverri ferð, í norðvestur, að því er það helzt heldur.

Vitnið Páll Gíslason stýrimaður virðist einkennilega fáfrótt og vita það eitt, að er flugvélin flaug yfir bátinn, hafi það verið að skipta um bakreipi í afturtoghleranum og að varpan hafi þá verið innan borðs.

Um öll vitnin gildir það, að þau voru enn skipverjar kærða og undir hans stjórn, er þau voru leidd. Enn fremur taka vitnin öll kaup sitt í aflahlut. Af þessum ástæðum verða vitnin ekki talin óaðfinnanleg, og verður að meta framburði þeirra með þeim fyrirvara, er þau bera kærða í hag.

Ekki verður dregið í efa, að landhelgisgæzlumennirnir hafi athugað athafnir bátsins og bátverja við góða aðstöðu, enda var veður og skyggni gott og ekki vont í sjó. Létu þeir flugvélina fljúga mjög nálægt bátnum í þrjú skipti. Athuguðu þeir, hvað fram fór um borð, bæði með berum augum og sjónaukum. Rúður flugvélarinnar voru hreinar og vængirnir fyrir ofan gluggana og byrgðu því ekki sýn. — Dómarinn lætur þess getið í þessu sambandi, að hann hafi sjálfur, í því skyni að gera sér grein fyrir aðstöðu gæzlumannanna, látið flugvél fljúga með sig að togbáti að veiðum. Hafi sér virzt mjög góð aðstaða til allrar athugunar á bátnum, og t. d. hafi dragstrengir sézt mjög greinilega.

Vitnið Jón Jónsson skipherra segir, að hlerar hafi hangið í aftur- og framgálga stjórnborðs megin, varpan hafi verið uppi á borðstokknum stjórnborðs megin og einnig úti í sjó. Kveðst vitnið hafa talið, að áhöfnin væri að vinna að inndrætti vörpunnar, en annars hafi bátverjar lítt aðhafzt, meðan gæzluflugvélin hafi verið yfir bátnum, heldur staðið og horft á hana. Af þeirri ástæðu kveðst vitnið ekki beint hafa séð, hvort verið var að draga vörpuna inn, en kveður þó allar aðstæður hafa bent til þess. Þá segist vitnið hafa séð fisk dreifðan um þilfarið, og hafi sér þótt hann nokkuð mikill.

Vitnið Eyjólfur Hafstein, 1. stýrimaður, segir, að hlerar hafi verið uppi, bæði í fram- og afturgálga, og hafi þeir hangið utan borðs. Segist vitnið greinilega hafa séð áhöfn bátsins vera að vinna við vörpuna. Hún hafi legið inn yfir stjórnborðsborðstokk og út í sjó frá stjórnborðshlið bátsins. Hvort eitthvað af henni hafi verið komið inn á þilfar, kveðst vitnið ekki hafa séð svo greinilega, að það geti um það borið, en áreiðanlegt sé, að hún hafi verið bæði á borðstokknum og úti í sjó, og segist vitnið ekki eftir öllum aðstæðum hafa getað ályktað annað en að verið væri að

draga hana inn. Þá kveðst vitnið hafa séð talsverðan fisk á þilfari bátsins.

Báðir hafa landhelgisgæzlumennirnir staðfest framburð sinn með eiði.

Með vísun til framangreindra ákveðinna og eiðfestra framburða landhelgisgæzlumannanna og þeirrar stoðar, er þeir eiga í þeirri viðurkenningu kærða, að afli hafi verið á þilfari v/b Kára, er yfir hann var flogið, enda þótt það verði ekki talið eðlilegt, ef frásögn hans væri rétt, svo og í framburðum vitnanna Sigurðar Hólms Guðmundssonar, Gests Jóhannessonar og Kristjáns Sigurðar Sigurjónssonar, er af öllum virðist mega ráða, að togað hafi verið í landhelgi, rétt áður en flugvélin kom, þar eð báturinn var svo langt inni í landhelgi þá sem raun ber vitni, og ekkert þessara vitna hafði orðið þess vart, að hann færðist nær landi þann tíma, er leið frá seinasta toginu, er þau telja, að tekið hafi verið, áður en flugvélin kom, til þess tíma, að gæzlumennirnir gerðu staðarákvörðun bátsins, þykir ekki varhugavert að telja uppvíst, að v/b Kári hafi verið að ólöglegum landhelgisveiðum með botnvörpu á fyrrgreindum stað um það leyti, er gæzlumennirnir athuguðu hann. Þykir þetta ekki varhugavert þrátt fyrir gagnstæða framburði bátverja, er samkvæmt framansögðu geta engir talizt lögfull vitni í máli þessu, enda verður og að telja þá alla hluttakendur í hinum refsiverða verknaði kærða, þótt þeir séu að lögum undanþegnir refsingu. Verður því að telja kærða hafa gerzt sekan við 1. gr. sbr. 3. gr. laga nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. og lög nr. 4 11. apríl 1924, um að miða við gullkrónur sektir fyrir landhelgisbrot. Þykir refsing kærða, með vísun til núverandi gullgildis íslenzkrar krónu (100 gullkrónur = 294.46 pappírskrónur), hæfilega ákveðin 29.500.00 króna sekt, er renna skal í Landhelgissjóð Íslands. Verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, skal kærði afplána hana með 7 mánaða varðhaldsvist.

Þá skal og allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, er innan borðs voru í v/b Kára, upptæk ger og andvirðið renna til Landhelgissjóðs Íslands.

Loks skal kærði greiða allan kostnað sakar þessarar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Theodórs B. Líndals hæstaréttarlögmanns, kr. 350.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Kærði, Sigurður Gísli Bjarnason, greiði 29.500.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands. Skal sektin greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en ella skal kærði afplána hana með 7 mánaða varðhaldsvist.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í v/b Kára, V.E. 47, skulu upptæk ger og andvirðið renna til Landhelgissjóðs Íslands.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin máls-

varnarlaun skipaðs verjanda síns, Theodórs B. Lindals hæstaréttarlögmanns, kr. 350.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 26. október 1949.

Nr. 81/1948. **Ingólfur Gíslason** (Guttormur Erlendsson)
gegn
Kjartani Ólafssyni og gagnsök
(Bergur Jónsson hdl.).

Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Ágreiningur um verksamning og um kaup á íbúð.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. júní 1948, gerir þessar dómkröfur:

Aðalkrafa: Að áfrýjandi verði sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda í aðalsök í héraði, og gagnáfrýjanda verði í gagnsök í héraði dæmt að greiða honum kr. 172.008.91 með 6% ársvöxtum frá 23. febr. 1948 til greiðsludags, en til vara kr. 34.978.53 með 6% ársvöxtum frá sama tíma.

1. varakrafa: Að hinum áfrýjaða dómi verði breytt á þá lund, að greiðslan til aðaláfrýjanda verði ákveðin kr. 98.812.15 með 6% ársvöxtum frá 1. okt. 1945 til greiðsludags.

2. varakrafa: Að hinum áfrýjaða dómi verði breytt á þá lund, að greiðslan til aðaláfrýjanda verði ákveðin kr. 78.812.15 með 6% ársvöxtum frá 1. október 1945 til greiðsludags. Svo krefst aðaláfrýjandi og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi, sem skotið hefur málinu til Hæstaréttar með stefnu 8. júlí 1948, gerir þessar kröfur:

Aðalkrafa: Að aðaláfrýjanda verði dæmt að afsala honum þriggja herbergja íbúð á fyrstu hæð í austurenda hússins nr.

35 við Grenimel í Reykjavík, lausri til íbúðar, ásamt einu herbergi í norðausturhorni í kjallara hússins, einnig lausu, og með öllu, sem íbúðinni fylgir.

1. varakrafa: Að aðaláfrýjanda verði dæmt að afsala honum framangreindri íbúð og herbergi, hvoru tveggja lausu, gegn greiðslu á kr. 38.214.44.

2. varakrafa: Að héraðsdómurinn verði staðfestur að öðru en málskostnaði.

Loks krefst hann málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

I. Hinn 7. maí 1944 veitti bæjarráð gagnáfrýjanda o. fl. kost á að taka lóðina nr. 35 við Grenimel á leigu til að reisa á henni íbúðarhús. Nokkru síðar tókust samningar aðilja, þeir er raktir eru í héraðsdómi, um bygging íbúðarhúss á lóðinni. Sumarið 1944 urðu aðiljar ásáttir um, að gagnáfrýjandi skyldi verða eigandi þriggja herbergja íbúðar í austurenda hússins á fyrstu hæð svo og herbergis í norðausturhorni kjallara, og hinn 15. des. 1944 gaf gagnáfrýjandi og annar sameigandi aðaláfrýjanda umboð til lántöku gegn veði í húsinu. Umboð þetta notaði gagnáfrýjandi þrisvar sinnum, síðast 1. júlí 1945. Gagnáfrýjandi fékkst við að reisa húsið, unz aðaláfrýjandi í maí 1945 neitaði að ávísa honum framvegis fé til byggingarinnar. Samkvæmt veðbókarvottorðum frá 14. maí 1945 og 25. okt. 1947 er gagnáfrýjandi einn af eigendum hússins. Eftir að gagnáfrýjandi hafði látið af störfum við smíði hússins, krafðist hann afhendingar á greindri íbúð, en aðaláfrýjandi synjaði. Sneri gagnáfrýjandi sér þá hinn 23. maí 1945 til fógeta með beiðni um innsetningu í íbúðina, en með úrskurði fógeta 28. nóv. 1945 var beiðni hans synjað, þar sem fógeti taldi eignarrétt hans ekki nægilega glöggan.

Með stefnu, dags. 28. maí 1945, höfðaði aðaláfrýjandi mál gegn gagnáfrýjanda og gerði þær kröfur, að gagnáfrýjanda yrði dæmt að gefa út afsal honum til handa fyrir lóðinni nr. 35 við Grenimel, enda verði aðaláfrýjanda dæmt rétt að rifta samningi aðilja um kaup gagnáfrýjanda á íbúðinni.

Með dómi bæjarþings Reykjavíkur, upp kveðnum 27. janúar 1947, var kröfu aðaláfrýjanda um afsal á lóðinni

vísað frá dómi, en gagnáfrýjandi sýknaður af riftunarkröfunni. Hefur þeim dómi ekki verið áfrýjað.

Aðaláfrýjandi getur samkvæmt þessu ekki í málinu reist sýknukröfu sína á vanefndum gagnáfrýjanda, að því leyti sem þessum málsástæðum hans er hrundið með ofannefndum dómi.

Með skírskotun til ummæla í héraðsdómi verður ekki talið sannað, að gagnáfrýjandi hafi tekizt á hendur að reisa húsið með þeim kjörum, sem aðaláfrýjandi heldur fram.

Samkvæmt því, sem rakið er að framan, á gagnáfrýjandi rétt til afhendingar á íbúðinni, þar með talið áðurnefnt herbergi í kjallara, gegn greiðslu þeirrar fjárhæðar, sem hann skuldar aðaláfrýjanda vegna þessara skipta aðilja, enda verður að líta svo á, að aðaláfrýjandi hafi haldsrétt í íbúðinni fyrir þeirri fjárhæð.

1.	Hinn 21. marz 1947 mátu dómkvaddir menn húsið. Við matið kveðast þeir einungis hafa tekið tillit til vinnulauna, efnis og umsjónarlauna, en ekki vaxta og lántökukostnaðar, og er niðurstaða þeirra ..	kr. 582.500.00
2.	Hinn 6. marz 1948 mátu dómkvaddir menn bílskúr, er húsinu fylgir, á	— 21.480.00
3.	Lóðarlögun og kostnað við girðingu reiknar aðaláfrýjandi á	— 26.415.06
	Vextir, stimpilgjöld, lántökukostnaður, lóðarleiga 1945, tryggingar-, heimtauga- og skipulagsgjöld nema	— 30.665.70
4.	Aðaláfrýjandi metur sjálfs sín vinnu við efnisútvegun, eftirlit o. fl. á	— 13.000.00
	Samtals	kr. 674.060.76

Við reikning þenna er það að athuga, að 3. liður er reistur á áætlun aðaláfrýjanda, að því er varðar kr. 20.000.00, og hefur hann ekki flutt fram sannanir fyrir því, að kostnaður við lóðarlögun og girðingu hafi orðið svo mikill. Þá verður að ætla, að matsmenn hafi við mat húseignarinnar tekið tillit til kostnaðar við umsjón og efnisútvegun, og er 4. liður því

ekki rökstuddur. Aðrir liðir reikningsins virðast vera rökstuddir. Í greinargerð í héraði telur aðaláfrýjandi kostnaðarverð hússins kr. 644.503.62. Með skírskotun til þess, sem að framan er greint, virðist þessi fjárhæð ekki of hátt reiknuð, en aðaláfrýjandi er við hana bundinn, og ber því að leggja hana til grundvallar.

Samkvæmt því, sem telja verður fram komið um samninga aðilja, átti gagnáfrýjandi að greiða 1/5 af kostnaðarverði allrar húseignarinnar fyrir íbúð sína og kjallaraherbergið. Verður það kr. 644.503.62 × 1/5 = kr. 128.900.72.

II. Er þá næst úrlausnarefni, hver er skuld gagnáfrýjanda við aðaláfrýjanda.

Gagnáfrýjandi hefur samið reikning yfir framlag sitt til byggingarinnar. Telur hann það nema	kr.	227.822.89
Frá þeirri fjárhæð hefur hann dregið tvo liði, samtals	—	537.33
Mismunur	kr.	227.285.56
Í þessari fjárhæð er innifalin umsjónarþóknun gagnáfrýjanda, kr. 20.000.00. Aðaláfrýjandi hefur greitt gagnáfrýjanda upp í byggingarkostnað	kr.	185.000.00
Mismunur	kr.	42.285.56

Vill gagnáfrýjandi láta þessa fjárhæð ganga upp í kaupverð íbúðarinnar.

Aðaláfrýjandi hefur hins vegar gert reikning um skipti aðilja. Eftir því sem málið liggur fyrir Hæstarétti, vill aðaláfrýjandi telja til frádráttar kostnaðarreikingi gagnáfrýjanda, kr. 227.285.56, eftirtalda liði:

1. Aðaláfrýjandi telur endurskoðun, er hann lét fram fara, hafa leitt í ljós, að kostnaðarreikningur gagnáfrýjanda sé oftalinn vegna reikningsskekkju um kr. 1.234.69. Gagnáfrýjandi véfengir þessa endurskoðun, og þar sem hann fékk ekki tækifæri til að gæta réttar síns við hana,

verður ekki tekið tillit til hennar. Kemur þessi fjárhæð því ekki til frádráttar reikningi gagnáfrýjanda.

2. Aðaláfrýjandi hefur neitað ýmsum reikningum, að fjárhæð kr. 2.643.78 + kr. 593.72 eða alls kr. 3.237.50, er hann telur byggingu hússins óviðkomandi. Gagnáfrýjandi hefur ekki sannað gegn þessari neitun, að reikningarnir eigi að takast til greina, og kemur fjárhæð þeirra því til frádráttar kostnaðarreikningi gagnáfrýjanda.
3. Aðaláfrýjandi neitar þremur ókvittuðum reikningum, samtals kr. 96.60. Kemur þessi fjárhæð því til frádráttar kostnaðarreikningi gagnáfrýjanda.
4. Aðaláfrýjandi neitaði í héraði greiðslu á kr. 93.872.88, sem gagnáfrýjandi kvaðst hafa greitt í vinnulaun, en ekki var kvittað fyrir. Í rekstri málsins komu fram vottorð allmargra manna, er unnu við húsið. Kvitta þeir nú fyrir alls kr. 35.513.56 af greindri fjárhæð. Vantar þá kvittanir fyrir kr. 58.359.32 af þeirri fjárhæð, er gagnáfrýjandi tjáist hafa greitt í vinnulaun. Samkvæmt framburði aðilja í fógetadómi Reykjavíkur 22. júní 1945 virðist byggingu hússins hafa verið langt komið, er gagnáfrýjandi lét af störfum. Verður því að telja, að hann hafi innt meiri vinnulaun af hendi en hann getur sýnt kvittanir fyrir. Hins vegar telst ekki rétt að dæma honum gegn andmælum aðaláfrýjanda alla þá fjárhæð, er greinir á ókvittuðum vinnulistum hans. Þykir hæfilegt að draga af þessum sökum frá kostnaðarreikningi gagnáfrýjanda kr. 14.000.00.
5. Aðaláfrýjandi krefst þess, að frá kostnaðarreikningi gagnáfrýjanda verði enn dregnar kr. 2.356.70. Telur aðaláfrýjandi þetta greiðslu fyrir járnateikningar, sem hafi ekki komið að notum vegna vanrækslu gagnáfrýjanda. Aðaláfrýjanda hefur ekki tekizt að sanna þessa staðhæfingu sína, og verður því þessi krafa hans ekki tekin til greina.
6. Enn krefst aðaláfrýjandi frádráttar á kr. 1.500.00 fyrir múrvinnu, er hann telur sig hafa sjálfan greitt, en kvittunin hafi komizt í vörzlur gagnáfrýjanda, er nú tjáist hafa greitt reikninginn. Aðaláfrýjandi hefur enga sönn-

un fært fyrir þessari staðhæfingu sinni, og verður þessi fjárhæð því ekki dregin frá reikningi gagnáfrýjanda.

7. Gagnáfrýjandi reiknar sér kr. 800.00 fyrir afnot af hjólsög í 8 mánuði. Aðaláfrýjandi neitar þessum reikningi, þar sem hann sé allt of hár. Hæfileg þóknun fyrir afnot verkfæris þessa þykir vera kr. 400.00. Ber því af þessum sökum að draga kr. 400.00 frá kostnaðarreikningi gagnáfrýjanda.
8. Aðaláfrýjandi kveðst hafa greitt sjálfur reikning, að fjárhæð kr. 9.641.50, fyrir miðstöðvartæki í húsið. Kveðst hann hafa kvittun fyrir þessari greiðslu í höndum. Gagnáfrýjandi tjáist hafa greitt reikning þenna og síðan afhent aðaláfrýjanda kvittunina til athugunar. Gegn neitun aðaláfrýjanda er ósannað, að gagnáfrýjandi hafi innt þessa greiðslu af höndum, og ber því að draga hana frá reikningi hans.

Kostnaðarreikningur gagnáfrýjanda nemur, svo sem áður segir	kr.	227.285.56
Samkvæmt framansögðu er hann oftalinn um kr. 27.375.60 (= 3.237.50 + 96.60 + 14.000.00 + 400.00 + 9.641.50).	—	27.375.60
Mismunur	kr.	199.909.96
Gagnáfrýjandi hefur fengið greitt í peningum	—	185.000.00
Mismunur	kr.	14.909.96

er gengur upp í kaupverð íbúðarinnar.

III. Gagnáfrýjandi krefst þess, að honum verði talin til tekna í skiptum aðilja húsaleiga fyrir íbúð þá og herbergi í kjallara, er í málinu greinir, og reiknar hann húsaleiguna þannig:

1. Leiga fyrir íbúðina samkvæmt mati húsaleigunefndar frá 18. okt. 1946, kr. 440.00 á mánuði auk verðlagsbótar frá 1. janúar 1945 til 31. október 1949, alls ..	kr.	36.273.60
2. Leiga fyrir herbergi í kjallara samkvæmt mati húsaleigunefndar frá 31. október		

1946, kr. 110.00 á mánuði auk verðlagsbótar frá 1. janúar 1945 til 31. október 1949, alls ..... kr. 9.069.00

Samtals kr. 45.342.60

Þessa fjárhæð ber að leggja til grundvallar, enda hefur aðaláfrýjandi ekki fært sönnur á, að leigutekjur hans af íbúðinni hafi numið lægri fjárhæð. Hér frá ber að draga vexti, skatta og gjöld og viðhald samkvæmt óvéfengdum reikningi aðaláfrýjanda, alls ..... kr. 9.503.00

Mismunur kr. 35.839.60

Ber að reikna þessa fjárhæð greiðslu frá gagnáfrýjanda upp í andvirði íbúðarinnar og herbergis í kjallara.

IV. Kaupverð íbúðarinnar er, svo sem áður segir ..... kr. 128.900.72

Frá þeirri fjárhæð dregst:

Samkvæmt II.	kr.	14.909.96
Samkvæmt III.	—	35.839.60
Svo og ⅕ áhvílandi veðskulda	—	36.000.00
	—	86.749.56

Mismunur kr. 42.151.16

Á gagnáfrýjandi rétt á að fá afhenta nefnda íbúð og kjallaraherbergi gegn greiðslu þeirrar fjárhæðar ásamt 6% ársvöxtum frá 1. október 1945.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Aðaláfrýjanda, Ingólfi Gíslasyni, er skylt að afhenda gagnáfrýjanda, Kjartani Ólafssyni, þriggja herbergja íbúð á fyrstu hæð í austurenda hússins nr. 35 við Greni-

mel í Reykjavík, lausa til íbúðar, ásamt einu herbergi í norðausturhorni kjallara húss þessa, einnig lausu, gegn greiðslu kr. 42.151.16 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. október 1945.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. maí 1948.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, hefur Kjartan trésmiður Ólafsson, Ránargötu 15 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu, eftir árangurslausa sáttaumleitan, með stefnu, út gefinni 1. október 1947, gegn Ingólfi kaupmanni Gíslasyni, Grenimel 35 hér í bæ, og haft uppi þessar kröfur: *Aðallega:* Að stefndi verði dæmdur til að afhenda stefnanda eina þriggja herbergja íbúð á fyrstu hæð í austurenda hússins nr. 35 við Grenimel, lausa til íbúðar, ásamt einu herbergi í norðausturhorni kjallara hússins, lóðarréttindum og öllu, er íbúðinni tilheyrir, gegn greiðslu á því fé, er ógreitt kann að vera af matsverði, þá er frá eru dregnar hlutfallslega áhvílandi veðskuldir og reikningur stefnanda, að fjárhæð kr. 42.513.79, svo og leigutekjur af íbúðinni frá 1. janúar 1945 til afhendingardags. *Til vara* krefst stefnandi þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 42.513.79 með 6% ársvöxtum af kr. 25.000.00 frá 1. janúar 1945 til 1. maí 1945 og af kr. 42.513.79 frá þeim degi til greiðsludags. Í báðum tilvikum krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnda.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu og málskostnaðar, en *til vara* mótmælt varakröfu stefnanda sem allt of hárri og krafizt lækkunar hennar að mati dómsins. Enn fremur hefur hann höfðað gagnsök með stefnu, út gefinni 9. desember 1947, og krafizt þess, að gagnstefnda verði gert að gefa gagnstefnanda afsal fyrir hluta sínum af leigulóðinni nr. 35 við Grenimel og að greiða málskostnað í gagnsök að mati dómara. Jafnframt hefur Aðalsteini bókbindara Sigurðssyni, Grenimel 35, verið stefnt til réttargæzlu í gagnsök, en hann er eigandi hluta húss og lóðarréttinda að Grenimel 35.

Með stefnu, út gefinni 23. febrúar 1948, höfðaði gagnstefnandi framhaldsgagnsök á hendur gagnstefnda og krafðist þess, að framhaldsgagnstefndi yrði dæmdur til að greiða sér kr. 210.559.92 eða aðra lægri fjárhæð að mati dómara auk 6% ársvaxta frá 23. febrúar 1948 til greiðsludags og málskostnaðar í framhaldsgagnsök að mati dómara. Gagnstefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar í gagnsök og framhaldsgagnsök.

Málavextir eru þessir:

Um vorið 1944 hafði aðalstefnandi umráð lóðarinnar nr. 35 við Grenimel, og varð samkomulag með aðiljum um, að hann tók að sér að byggja íbúðarhús fyrir aðalstefnda á lóð þessari. Hefur aðalstefnandi lýst samn-

ingum aðilja svo, að allt fé til byggingar hússins skyldi aðalstefndi leggja fram og greiða að auki kr. 20.000.00 sem umsjónarlaun. Aðalstefnandi kveðst hafa átt að láta í té það byggingarefni, sem hann hafði þegar fest kaup á, og að sinna verki þessu sem aðalverki svo og að afsala lóðarleiguréttindum til aðalstefnda, þegar er það væri heimilt.

Vinna við húsgerðina hófst skömmu eftir samningsgerð aðilja, en nokkru síðar óskaði aðalstefnandi að kaupa íbúð, og kveðst hann því hafa farið þess á leit við aðalstefnda, að hann greiddi fyrrgreind umsjónarlaun þá þegar. Varð það þá að samkomulagi með aðiljum, að aðalstefnandi yrði eigandi einnar 3 herbergja íbúðar á fyrstu hæð í austurenda hússins. Skýrir aðalstefnandi svo frá, að íbúðin hafi átt að kosta ⅕ hluta kostnaðarverðs alls hússins, og hafi umsjónarlaunin verið talin fyrsta greiðsla sín upp í andvirði íbúðarinnar, en auk þess hafi hann lofað að leggja fram kr. 20.000.00 smám saman, meðan á byggingunni stæði. Aðalstefndi hafi átt að útvega lán á 1. og 2. veðrétt í öllu húsinu sameiginlega, og skyldi byggingarkostnaði skipt í réttum hlutföllum að verkinu loknu. Um haustið samdi Aðalsteinn Sigurðsson um kaup á annarri íbúð í húsinu, og hinn 15. desember gáfu þeir Aðalsteinn og aðalstefnandi aðalstefnda umboð til að taka lán gegn veði í húseigninni, og virðist hann hafa neytt umboðs þessa a. m. k. í febrúar og apríl 1945. Leigusamningur um lóðina milli Reykjavíkurbæjar annars vegar og málsaðiljanna þriggja hins vegar var gerður 29. des. 1944 og leigutíminn ákveðinn 75 ár frá 1. júní s. á.

Hinn 21. desember 1944 fluttist aðalstefndi í húsið, sem var þá ekki nærri fullgert, og settist hann að í íbúð þeirri, sem aðalstefnandi hafði fest kaup á, og var það eftir samkomulagi þeirra gert. Í marzmánuði 1945 hafði aðalstefndi selt kjallaraíbúð hússins tveim mönnum og taldi þá rétt, að gerður yrði sameignarsamningur með húseigendum, er voru þá taldir menn þessir auk þeirra þriggja, sem í lóðarleigusamningnum greinir, og komu þeir allir saman á fund. Ekki varð af því, að aðalstefnandi undirritaði samninga þá, sem þar lágu frammi, og virðist hvort tveggja hafa valdið, að hann sætti sig lítt við ákvæði samninganna um forkaupsrétt aðalstefnda, og hitt, að hann taldi sig eiga fé inni hjá aðalstefnda og vildi ekki leggja meira af mörkum, áður en reikningar væru jafnaðir.

Hinn 4. apríl s. á. ritaði þáverandi málflutningsmaður aðalstefnda aðalstefnanda bréf, og er þar í fyrsta skipti sett fram skriflega staðhæfing aðalstefnda um efni samninga aðilja, og verður hún rakin hér síðar. Lýkur bréfi þessu með áskorun til aðalstefnanda um að gera full skil á því fé, er aðalstefndi hafi afhent honum, og leggja fram kvittanir fyrir útgjöldum svo og að gera skil á kostnaðarverði íbúðarinnar, en afsala að öðrum kosti lóðinni og sleppa öllu tilkalli til íbúðarinnar. Ritaði aðalstefnandi þá greinargerð um málavöxtu, dags. 17. s. m., og afhenti málflutningsmanninum, en hinn 11. maí ritaði málflutningsmaður aðalstefnanda einnig svar við bréfinu og kvaðst þar endurtaka mótmæli þau, er greinargerðin hafði að geyma, gagnvart staðhæfingum aðalstefnda.

Jafnframt var í bréfi þessu tilkynnt, að með því að aðalstefndi hefði neitað að greiða áfallin vinnulaun fyrir fyrstu vikuna í maí, yrði aðalstefnandi að hætta allri vinnu við húsið, ef reikningar þessir yrðu ekki greiddir án tafar. Áskorun þessari var ekki sinnt, en aðalstefnandi lagði þó ekki niður vinnuna fyrr en hér um bil 3 vikum síðar. Hinn 23. s. m. fór hann þess á leit við fógetarétt Reykjavíkur, að sér yrðu fengin umráð íbúðarinnar með beinni fógetagerð, en því máli lauk svo, að synjað var um framgang gerðarinnar, þar eð eignarréttur hans var ekki talinn nægilega glöggur. Aðalstefndi höfðaði hins vegar mál gegn aðalstefnanda á bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu 28. maí 1945 og krafðist þess, að hann yrði dæmdur til að gefa út til sín afsal fyrir lóðinni og sleppa tilkalli til íbúðarinnar, enda yrði sér talið heimilt að rifta samningnum. Fyrstu kröfunni var vísað frá dómi, en aðalstefnandi sýknaður af hinum. Aðalstefnandi höfðaði gagnsök í málinu og hafði uppi sömu eða svipaðar kröfur sem í aðalsök þessa máls. Undir rekstri málsins var aðiljum bent á að afla gagna um kostnaðarverð hússins og áhvílandi veðskuldir, matsgerðar um húsaleigu o. fl. Gögn þessi komu ekki fram, og var kröfum aðalstefnanda því vísað frá dómi. Nokkurra gagna um þessi atriði hefur síðan verið aflað, og verða þau rakin hér á eftir. Síðan höfðaði aðalstefnandi mál þetta, svo sem fyrr var sagt.

Þar eð dómurinn telur frávísunaratriði koma fram í *gagnsök* þeirri, sem höfðuð var með stefnu, út gefinni 9. desember 1947, þykir með skírskotun til 108. gr. laga nr. 85 frá 1936 rétt að taka það atriði fyrst til úrlausnar.

Af veðbókarvottorði, sem fram hefur verið lagt í málinu (dómskjali nr. 11), verður ekki annað séð en lóðin nr. 35 við Grenimel sé í óskiptri sameign málsaðilja og Aðalsteins Sigurðssonar, sem stefnt hefur verið í gagnsök, og jafnframt þeirra Ólafs Johnsons, Guðmundar Ólafssonar og Júlíusar Guðmundssonar. Þessir þrír menn, er síðast voru taldir, hafa ekki tekið þátt í höfðun gagnsakar þessarar né heldur hefur þeim verið stefnt eða þeim veittur kostur á að gæta réttar síns. Verður því með vísan til 46. gr. laga nr. 85 frá 1936 að vísa gagnsökinni frá dómi ex officio, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóm þenna hafa upp kveðið Einar Arnalds borgardómari og meðdómsmennirnir Gústaf E. Pálsson verkfræðingur og Tómas Vigfússon húsasmíðameistari.

Dómsorð:

Framangreindri gagnsök er vísað frá dómi ex officio. — Málskostnaður falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. júní 1948.

Mál þetta, sem var dómtekið 27. f. m., hefur Kjartan trésmiður Ólafsson, Ránargötu 15 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu, eftir árangurslausa sáttaumleitan, með stefnu, út gefinni 1. október 1947, gegn Ingólfi kaupmanni Gíslasyni, Grenimel 35 hér í bæ, og haft uppi þessar kröfur:

Aðallega, að stefndi verði dæmdur til að afhenda stefnanda eina þriggja herbergja íbúð á fyrstu hæð í austurenda hússins nr. 35 við Grenimel, lausa til íbúðar, ásamt einu herbergi í norðausturhorni kjallara hússins, lóðarréttindum og öllu, er íbúðinni tilheyrir, gegn greiðslu á því fé, er ógreitt kann að vera af matsverði, þá er frá eru dregnar hlutfallslega áhvílandi veðskuldir og reikningur stefnanda, að fjárhæð kr. 42.513.79, svo og leigutekjur af íbúðinni frá 1. janúar 1945 til afhendingardags. *Til vara* krefst stefnandi þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 42.513.79 með 6% ársvöxtum af kr. 25.000.00 frá 1. janúar 1945 til 1. maí 1945 og af kr. 42.513.79 frá þeim degi til greiðsludags. Í báðum tilvikum krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnda.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu og málskostnaðar, en *til vara* mótmælt varakröfu stefnanda sem allt of hárri og krafizt lækkunar hennar að mati dómsins. Enn fremur hefur hann höfðað gagnsök með stefnu, út gefinni 9. desember 1947, og krafizt þess, að gagnstefnda verði gert að gefa gagnstefnanda afsal fyrir hluta sínum að leigulóðinni nr. 35 við Grenimel og að greiða málskostnað í gagnsök að mati dómara. Jafnframt hefur Aðalsteini bókbindara Sigurðssyni, Grenimel 35, verið stefnt til réttargæzlu í gagnsök, en hann er eigandi hluta húss og lóðarréttinda að Grenimel 35. Með dómi bæjarþingsins, upp kveðnum 27. f. m., var gagnsökinni vísað frá dómi ex officio.

Með stefnu, út gefinni 23. febrúar 1948, höfðaði gagnstefnandi framhaldsgagnsök á hendur gagnstefnda og krafðist þess, að framhaldsgagnstefndi yrði dæmdur til að greiða sér kr. 210.559.92 eða aðra lægri fjárhæð að mati dómara auk 6% ársvaxta frá 23. febrúar 1948 til greiðsludags og málskostnað í framhaldsgagnsök að mati dómara. Gagnstefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar í gagnsök og framhaldsgagnsök.

Málavextir eru þessir:

Um vorið 1944 hafði aðalstefnandi umráð lóðarinnar nr. 35 við Grenimel, og varð samkomulag með aðiljum um, að hann tók að sér að byggja íbúðarhús fyrir aðalstefnda á lóð þessari. Hefur aðalstefnandi lýst samningum aðilja svo, að allt fé til byggingar hússins skyldi aðalstefndi leggja fram og greiða að auki kr. 20.000.00 sem umsjónarlaun. Aðalstefnandi kveðst hafa átt að láta í té það byggingarefni, sem hann hafði þegar fest kaup á, og að sinna verki þessu sem aðalverki svo og að afsala lóðarleiguréttindum til aðalstefnda, þegar er það væri heimilt.

Vinna við húsgerðina hófst skömmu eftir samningsgerð aðilja, en nokkru síðar óskaði aðalstefnandi að kaupa íbúð, og kveðst hann því hafa farið þess á leit við aðalstefnda, að hann greiddi fyrrgreind umsjónarlaun þá þegar. Varð það þá að samkomulagi með aðiljum, að aðalstefnandi yrði eigandi einnar 3 herbergja íbúðar á fyrstu hæð í austurenda hússins. Skýrir aðalstefnandi svo frá, að íbúðin hafi átt að kosta ⅛ hluta kostnaðarverðs alls hússins, og hafi umsjónarlaunin verið talin fyrsta greiðsla sín upp í andvirði íbúðarinnar, en auk þess hafi hann lofað að leggja fram kr. 20.000.00 smám saman, meðan á byggingunni stæði.

Aðalstefndi hafi átt að útvega lán á 1. og 2. veðrétt í öllu húsinu sameiginlega, og skyldi byggingarkostnaði skipt í réttum hlutföllum að verkinu loknu. Um haustið samdi Aðalsteinn Sigurðsson um kaup á annarri íbúð í húsinu, og hinn 15. desember gáfu þeir Aðalsteinn og aðalstefnandi aðalstefnda umboð til að taka lán gegn veði í húseigninni, og virðist hann hafa neytt umboðs þessa a. m. k. í febrúar og apríl 1945. Leigusamningur um lóðina milli Reykjavíkurbæjar annars vegar og málsaðiljanna þriggja hins vegar var gerður 29. des. 1944 og leigutíminn ákveðinn 75 ár frá 1. júní s. á.

Hinn 21. desember 1944 fluttist aðalstefndi í húsið, sem var þá ekki nærri fullgert, og settist hann að í íbúð þeirri, sem aðalstefnandi hafði fest kaup á, og var það eftir samkomulagi þeirra gert. Í marzmánuði 1945 hafði aðalstefndi selt kjallaraíbúð hússins tveim mönnum og taldi þá rétt, að gerður yrði sameignarsamningur með húseigendum, er voru þá taldir menn þessir auk þeirra þriggja, sem í lóðarleigusamningnum greinir, og komu þeir allir saman á fund. Ekki varð þó af því, að aðalstefnandi undirritaði samninga þá, sem þar lágu frammi, og virðist hvort tveggja hafa valdið, að hann sætti sig lítt við ákvæði samninganna um forkaupsrétt aðalstefnda, og hitt, að hann taldi sig eiga fé inni hjá aðalstefnda og vildi ekki leggja meira af mörkum, áður en reikningar væru jafnaðir.

Hinn 4. apríl s. á. ritaði þáverandi málflutningsmaður aðalstefnda aðalstefnanda bréf, og er þar í fyrsta skipti sett fram skriflega staðhæfing aðalstefnda um efni samninga aðilja, og verður hún rakin hér síðar. Lýkur bréfi þessu með áskorun til aðalstefnanda um að gera full skil gagnvart því fé, er aðalstefndi hafi afhent honum, og leggja fram kvittanir fyrir útgjöldum svo og að gera skil á kostnaðarverði íbúðarinnar, en afsala að öðrum kosti lóðinni og sleppa öllu tilkalli til íbúðarinnar. Ritaði aðalstefnandi þá greinargerð um málavöxtu, dags. 17. s. m., og afhenti málflutningsmanninum, en hinn 11. maí ritaði málflutningsmaður aðalstefnanda einnig svar við bréfinu og kvaðst þar endurtaka mótmæli þau, er greinargerðin hafði að geyma, gagnvart staðhæfingum aðalstefnanda. Jafnframt var í bréfi þessu tilkynnt, að með því að aðalstefndi hefði neitað að greiða áfallin vinnulaun fyrir fyrstu vikuna í maí, yrði aðalstefnandi að hætta allri vinnu við húsið, ef reikningar þessir yrðu ekki greiddir án tafar. Áskorun þessari var ekki sinnt, en aðalstefnandi lagði þó ekki niður vinnuna fyrr en hér um bil 3 vikum síðar. Hinn 23. s. m. fór hann þess á leit við fógetarétt Reykjavíkur, að sér yrði fengin umráð íbúðarinnar með beinni fógetagerð, en því máli lauk svo, að synjað var um framgang gerðarinnar, þar eð eignarréttur hans var ekki talinn nægilega glöggur. Aðalstefndi höfðaði hins vegar mál gegn aðalstefnanda á bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu 28. maí 1945 og krafðist þess, að hann yrði dæmdur til að gefa út til sín afsal fyrir lóðinni og sleppa tilkalli til íbúðarinnar, enda yrði sér talið heimilt að rifta samningnum. Fyrstu kröfunni var vísað frá dómi, en aðalstefnandi sýknaður af hinum. Aðalstefnandi höfðaði gagnsök í

málinu og hafði uppi sömu eða svipaðar kröfur sem í aðalsök þessa máls. Undir rekstri málsins var aðiljum bent á að afla gagna um kostnaðarverð hússins og áhvílandi veðskuldir, matsgerðar um húsaleigu o. fl. Gögn þessi komu ekki fram, og var kröfum aðalstefnanda því vísað frá dómi. Nokkurra gagna um þessi atriði hefur síðan verið aflað, og verða þau rakin hér á eftir. Síðan höfðaði aðalstefnandi mál þetta, svo sem fyrr var sagt.

Aðalsök. Aðalstefnandi telur sig hafa staðið við gerða samninga að öllu leyti og telur sig því hafa kröfu til efnda kaupsamningsins um íbúðina.

Aðalstefndi byggir sýknukröfu sína á því, að aðalstefnandi hafi vanefnt samninga aðilja bæði um húsbygginguna og íbúðarkaupin. Lýsir hann efni samninganna svo, að aðalstefnandi hafi tekið að sér byggingu hússins í ákvæðisvinnu og átt að fá fyrir húsið fullgert að öllu leyti kr. 400.000.00, þó hafi svo verið samið, að aðalstefnandi skyldi fá hálfan hagnað af því, sem húsið yrði ódýrara en kr. 400.000.00, en greiða að hálfu leyti þann byggingarkostnað, sem færi fram úr nefndri fjárhæð. Skyldi aðalstefnandi fá venjulegt taxtakaup fyrir vinnu sína við húsið og að auki kr. 20.000.00 í umsjónarlaun. Aðalstefnandi skyldi láta í té formlegt afsal lóðarréttinda, er það væri heimilt. Húsið skyldi vera fullgert fyrir jól 1944, en bráðabirgðaíbúð handa aðalstefnda vera tilbúin í september. Kaupsamningnum um íbúðina lýsir aðalstefndi svo, að hún hafi átt að kosta ⅕ hluta kostnaðarverðs alls hússins, en aðalstefnandi skyldi afsala sér rétti til umsjónarlaunanna og greiða þegar kr. 20.000.00 í peningum, en eftirstöðvar kaupverðsins að frádregnum ⅕ hluta væntanlegs 1. veðréttarláns á allri eigninni skyldu greiddar aðalstefnda að kröfu hans smám saman, meðan á byggingu stæði, þó þannig, að lokagreiðsla færi fram, er íbúðin væri fullgerð og afsal afhent aðalstefnanda.

Gegn mótmælum aðalstefnanda hefur aðalstefnda eigi tekizt að færa sönnur á þá staðhæfingu sína, að samið hafi verið um ákvæðisvinnu eða ákvæðisverð, hvorki í þessu máli né hinu fyrra. Við athugun reikninga þeirra, sem aðalstefndi hefur lagt fram í máli þessu, þykir það og bert, að hann hefur sjálfur aflað að nokkru leyti þess efnis, sem til hússins fór, og þykir það og tilhögun sú, sem aðiljar höfðu um greiðslu kostnaðar að öðru leyti, draga úr sennileik þess, að samið hafi verið samkvæmt skýrslu aðalstefnda. Eigi hefur aðalstefndi heldur sannað þá staðhæfingu sína, að aðalstefnanda hafi verið settur ákveðinn frestur til að ljúka verkinu. Í því sambandi verður ekki komizt hjá að virða aðalstefnda í óhag þá staðreynd, að hann, sem fluttist ekki í húsið fyrr en síðari hluta desembermánaðar, tók við fyrrgreindu umboði og átti þátt í leigusamningnum (29. des.), án þess að séð verði, að hann hafi þá haft uppi nokkrar athugasemdir við aðalstefnanda vegna þess, hvernig verkinu miðaði áfram, eða nokkurn fyrirvara um að viðurkenna rétt hans til íbúðarinnar. Aðalstefndi hefur ekki haldið því fram, að gagnaðili hans hafi greitt kr. 20.000.00 í peningum, er samningar tókust um íbúðarkaupin, né heldur, að hann hafi nokkru sinni, fyrr

eða síðar, krafið hann um slíka greiðslu, og yfirleitt verður ekki séð af gögnum málsins, að aðalstefndi hafi krafið aðalstefnanda nokkurs hluta kaupverðsins fyrr en í marzlok 1945, á fyrrgreindum fundi, og var þá liðið a. m. k. misseri frá samningsgerð þeirra. Þegar þetta er virt, hefur aðalstefndi ekki, gegn eindregnum mótmælum aðalstefnanda, fært neinar sönnur á staðhæfingar sínar að þessu leyti heldur. Loks er á það að líta, að komið er upp í þessu máli, að hinn 1. júlí 1945 neytti aðalstefndi enn fyrrgreinds umboðs frá 15. des. 1944 til þess að taka hlutdeildarskuldabréfalán, að fjárhæð kr. 200.000.00, gegn 1. veðrétti í húseigninni, og tók hann lán þetta í nafni sínu og þeirra aðalstefnanda og Aðalsteins Sigurðssonar. Þegar þess er gætt, að þá var rúmur mánuður liðinn frá höfðun hins fyrra bæjarþingsmáls aðilja, þykir þessi háttsemi aðalstefnda ekki samrýmanleg staðhæfingum hans um, að aðalstefnandi hafi þá verið búinn að glata rétti sínum til íbúðarinnar. Samkvæmt öllu framanrituðu þykir, eins og hér stendur á, ekki annars úrkostar en að leggja staðhæfingar aðalstefnanda um efni samninganna til grundvallar, þ. e. að hann hafi átt að leggja fram til íbúðarkaupanna auk umsjónarlaunanna kr. 20.000.00, meðan á verkinu stæði, en afganginn, þegar byggingarkostnaði yrði jafnað niður. Verður þá næst fyrir að athuga, hvort hann hafi vanefnt þær samningsskyldur sínar.

Af gögnum málsins er ljóst, að hinn 11. janúar 1945 hafði aðalstefnandi veitt viðtöku kr. 175.000.00, sem aðalstefndi hafði látið honum í té gegn lausum kvittunum, en hinn 25. janúar s. á. afhenti aðalstefnandi gagnaðilja sínum reikninga og vinnuskýrslur, og kveður hann samtölu þessara gagna hafa verið rúmlega kr. 181.000.00. Hinn 6. febrúar s. á. greiddi aðalstefndi enn kr. 10.000.00 á sama hátt sem fyrr, og hefur ekkert komið upp í málinu, sem bendi til þess, að hann hafi þá gert athugasemdir við reikningana, og ekki sést, að hann hafi talið þá vera ófullnægjandi greinargerð af hálfu aðalstefnanda, fyrr en það er gefið í skyn í fyrrnefndu bréfi frá 4. apríl 1945. Hinn 30. apríl 1945 eru dagsettar athugasemdir aðalstefnda við reikningana, en óvíst er, að þær hafi komið til vitundar aðalstefnanda fyrr en 16. september 1946, er þær voru lagðar fram á bæjarþingi í fyrra máli aðilja. Reikningar þessir hafa verið lagðir fram í máli þessu auk þeirra reikninga og vinnuskýrslna, sem aðalstefnandi kveðst hafa greitt eftir 25. jan. 1945, og enn fremur yfirlit um alla reikningana. Samkvæmt því telur hann sig hafa lagt fram til byggingarinnar samtals kr. 227.513.79 að meðtöldum umsjónarlaununum. Þegar frá þeirri fjárhæð séu dregnar greiðslur aðalstefnda, kr. 185.000.00, verði mismunurinn kr. 42.513.79, og telur aðalstefnandi sig þar með hafa fullnægt samningsskyldum sínum að þessu leyti.

Í hinu fyrra bæjarþingsmáli aðilja var lögð fram skýrsla um tölulega endurskoðun reikninganna, og átti heildartalan samkv. henni að lækka um kr. 228.23. Undir rekstri máls þessa hefur einnig farið fram endurskoðun reikninganna, og var henni að þessu sinni ætlað að ná til reikninganna einnig að því, er efni þeirra og réttmæti varðar. Hin tölulega

niðurstaða þessarar endurskoðunar er önnur en hinnar, og hefur ekki verið upplýst, hverju það sætir. Samkvæmt hinni síðari er samtala reikninganna oftalin um kr. 1234.69. Athugasemdir vegna ófullnægjandi fylgiskjala eru í 4 liðum, sem hér segir:

1. Vinnuskýrslur án kvittunar viðtakenda vinnulauna, samtals að fjárhæð kr. 93.872.88
   og fylgiskjöl vegna ýmissa annarra útgjalda, einnig ókvittuð, kr. 840.51
2. Reikningur frá Landssmiðjunni fyrir timbur, stílaður á Pál Einarsson, Eiríksgötu 23, v/Kjartan Ólafsson, kr. 21.299.98
3. Reikningur fyrir „vél", sem ekki virðist hluti byggingarkostnaðar, kr. 100.00
4. Allmörg fylgiskjöl bera ekki með sér, að þau séu vegna hússins, samtals kr. 8.048.33

Þykir nauðsynlegt að taka afstöðu til þessara athugasemda, til þess að séð verði, hvert framlag aðalstefnanda raunverulega hefur verið, og verður hver liður tekinn fyrir sig.

Um 1. Aðalstefnandi skýrir svo frá, að öll þau ár, sem hann hafi annazt greiðslur vinnulauna við húsasmíðar, hafi hann afhent hverjum sitt vikukaup án kvittunar, og hafi það aldrei komið að sök. Heldur hann því fram, að þessi háttur sé alvanalegur hér, a. m. k. í byggingariðnaði. Þá hefur hann og aflað vottorða frá 13 mönnum, er hafa komið hér fyrir dóm og staðfest það, að hann hafi greitt þeim kaup fyrir vinnu við húsið, og nema laun þeirra samtals kr. 35.513.56. Þessara vottorða var og getið í skýrslu endurskoðanda.

Telja verður, að kunnugt sé hér, að mikil brögð hafa verið að vanhirðu á að láta byggingarverkamenn kvitta fyrir launum sínum. Þegar virt eru þau gögn, sem fyrir hendi eru um það, hve langt framkvæmd byggingarinnar var komið, þegar aðalstefnandi lét af stjórn verksins, og það, hve miklu efni hafði þá verið varið til verksins, þykir fjárhæð vinnulaunanna í heild vera eðlileg. Eftir atvikum þykir því ekki rétt að láta aðalstefnanda bera hallann af þeirri háttsemi sinni að láta hjá líða að taka kvittun manna sinna. Hins vegar hafa engar skýringar verið gefnar um þau fylgiskjöl önnur, sem ekki eru kvittuð, og þykir því verða að draga samtölu þeirra, kr. 840.51, frá framlagi aðalstefnanda.

Um 2. Þrátt fyrir orðalag reiknings þessa verður að telja sannað, að hér sé um að ræða mótatimbur það, er aðalstefnandi taldi sig eiga á staðnum, er aðiljar sömdu um húsbygginguna. Eins og áður var greint, skuldbatt aðalstefnandi sig til að selja aðalstefnda byggingarefni það, er hann átti, en ekki hefur aðalstefndi fært sönnur á þá staðhæfingu sína, að timbrið hafi átt að kosta kr. 18.000.00 alls. Reikninginn verður því að taka til greina með fullri fjárhæð hans.

Um 3. Telja verður upplýst, að athugasemdin byggist á mislestri (vél fyrir net), og kemur hún því ekki til álita framar.

Um 4. Í skýrslu endurskoðandans, sem dagsett er 20. febrúar sl., segir, að sundurliðun fylgiskjalanna sé hægt að leggja fram, sé þess óskað.

Endurskoðandinn kom fyrir dóm í máli þessu tveim mánuðum síðar, en hafði þá enga sundurliðun á takteinum, og síðan hefur eigi verið hirt um að afla hennar. Dómendur hafa kynnt sér reikningana og séð þar á meðal nokkra af því tagi, sem vænta má, að athugasemd þessi sé sprottin af. Miðað við þær upplýsingar, sem fyrir hendi eru, um það, hve langt var komið byggingu hússins á hverjum tíma, verður ekki séð annað en að reikningar þessir séu til orðnir vegna eðlilegra aðdrátta til verksins. Með hliðsjón af þessu hvoru tveggja þykir ekki unnt að taka til greina athugasemd þessa.

Hins vegar þykir verða að leggja til grundvallar um rétta samtölu reikninganna niðurstöðu síðari endurskoðunarinnar, ekki síst þegar þess er gætt, að aðalstefnandi hefur sjálfur ekki breytt kröfu sinni til samræmis við hina fyrri.

Samkvæmt þessum athugunum verður að líta svo á, að framlag aðalstefnanda nemi kr. 42.513.79 — 840.51 — 1234.69 eða alls kr. 40.438.59 og að hann hafi á þann hátt efnt samningsskyldur sínar, þær er honum var unnt að efna án samstarfs við aðalstefnda. Verður því að telja honum rétt að krefjast íbúðarinnar gegn greiðslu eftirstöðva hins umsamda kaupverðs. Hins vegar virðist krafa hans um afhendingu herbergis í kjallara ekki eiga neina stoð í gögnum málsins, og er ekki unnt að sjá, að þetta herbergi hafi nokkru sinni borið á góma með aðiljum. Verður því að sýkna aðalstefnda af þeirri kröfu.

Í febrúarmánuði f. á. ritaði umboðsmaður aðalstefnanda aðalstefnda og skoraði á hann að gera grein fyrir kostnaðarverði hússins. Aðalstefndi svaraði bréfi þessu og taldi, að kostnaðarverð hinnar umræddu íbúðar væri kr. 125.000.00. Í máli þessu staðhæfir aðalstefndi, að kostnaðarverð hússins sé kr. 644.503.62, þó með þeim fyrirvara, að tölu þessa beri að hækka um þá fjárhæð, er honum kynni að bera að greiða aðalstefnanda samkvæmt fyrrgreindum reikningum. Hinn 21. marz 1947 mátu tveir dómkvaddir menn kostnaðarverð hússins kr. 582.500.00, miðað við verðlag á byggingartímanum, en bifreiðarskýli, girðingar og önnur mannvirki á lóðinni voru undanskilin í matinu. Hinn 6. marz mátu dómkvaddir menn bifreiðarskýlið til peningaverðs kr. 21.480.00, en ekki sést, að önnur mannvirki hafi verið metin. Staðhæfing aðalstefnda um byggingarkostnaðinn er studd allmörgum reikningum, er hann hefur lagt fram, en aðalstefnandi hefur vefengt þá að verulegu leyti, og endurskoðun eða nánari athugun hefur ekki verið framkvæmd. Þykir því rétt að miða í máli þessu við matsgerðina, sem hefur eigi verið vefengd, og telja kostnaðarverð hússins kr. 582.500.00. Aðalstefndi hefur haldið því fram, að við eigi að bæta matsverði bifreiðarskýlisins, en eigi virðist unnt að taka þá staðhæfingu til greina gegn mótmælum aðalstefnanda, þar eð eigi hafa verið færðar sönnur á það, að bifreiðarskýlið sé sameign húseigenda. Kaupverð íbúðarinnar samkvæmt framansögðu verður því talið kr. 116.500.00, og verður þá næst fyrir að rekja þá liði, sem aðalstefnandi telur, að frá þeirri fjárhæð beri að draga.

Lagt hefur verið fram veðbókarvottorð, er sýnir, að á allri húseign-

inni hvílir aðeins fyrrgreint hlutdeildarskuldabréfalán, upphaflega að fjárhæð kr. 200.000.00. Af hálfu aðalstefnda er upplýst, að eftirstöðvar þess eru nú kr. 180.000.00. Ber aðalstefnanda því að sjá um greiðslu á ⅙ hluta þeirrar fjárhæðar eða kr. 36.000.00, er dragast því frá greiðslu hans til aðalstefnda. Eins og fyrr getur, var lán þetta tekið í umboði aðalstefnanda, og virðist því óþarfi, að hann geri sérstakar ráðstafanir til að taka að sér skuldina gagnvart skuldareigendum eða aðalstefnda.

Þá ber og að draga frá fjárhæð þá, sem fyrr var greint, að aðalstefnandi hefur þegar lagt fram til kaupanna, kr. 40.438.59.

Loks hefur aðalstefnandi krafizt þess, að frá verði dregnar leigutekjur af íbúðinni frá 1. janúar 1945 til afhendingardags. Mat á leigufjárhæðinni fór fram 22. október 1946, og var hæfileg grunnleiga metin kr. 440.00 á mánuði. Aðalstefnandi hefur ekki tekið þátt í greiðslu afborgana af lánum á húsinu, vaxtagreiðslum eða sköttum og skyldum af því þann tíma, sem hann krefst húsaleigu fyrir, og ekki hefur hann heldur boðizt til þess í málinu. Af gögnum málsins verður ekki ráðið, hve miklar fjárhæðir húseigendur hafa þurft að greiða þenna tíma, og þykir því, eins og á stendur, ekki unnt að taka til greina kröfur aðalstefnanda að þessu leyti.

Úrslit aðalsakar verða því þau, að aðalstefndi verður dæmdur til að afsala aðalstefnanda framangreindri íbúð, lausri til íbúðar, ásamt því, er henni fylgir, gegn greiðslu á kr. 116.500.00 að frádregnum kr. 36.000.00 og kr. 40.438.59 eða alls kr. 40.061.41. Eftir öllum málavöxtum þykir þó rétt, að málskostnaður falli niður í aðalsök.

Framhaldsgagnsök. Kröfur gagnstefnanda eru byggðar öðrum þræði á því, að gagnstefndi hafi tekið að sér að byggja húsið fyrir kr. 400.000.00 og skuldbundið sig til að greiða helming þeirrar fjárhæðar, er til verksins færi umfram þá samningsfjárhæð. Svo sem fyrr segir, telur gagnstefnandi byggingarkostnað nema kr. 644.503.62 og telur samkvæmt þessu til skuldar hjá gagnstefnda kr. 122.251.81. Í annan stað byggir gagnstefnandi kröfur sínar á því, að hann hafi afhent gagnstefnda kr. 185.000.00, meðan á byggingu hússins stóð, en gagnstefndi hafi ekki gert skil á meira fé en kr. 96.691.89, og virðist gagnstefnandi byggja það aðallega á endurskoðun þeirri, er fyrr greinir og fram fór undir rekstri málsins.

Málavextir að þessu leyti þykja nægilega raktir í aðalsök og verða því eigi skýrðir nánar hér. Með vísan til alls þess, sem í aðalsök var sagt um skipti aðilja, þykir verða að taka til greina sýknukröfu gagnstefnda, en rétt þykir þó, að málskostnaður falli niður einnig í framhaldsgagnsök.

Dóminn hafa kveðið upp Einar Arnalds borgardómari og meðdómsmennirnir Gústaf E. Pálsson verkfræðingur og Tómas húsasmíðameistari Vigfússon.

Dómsorð:

Í aðalsök ber aðalstefnda, Ingólfi Gíslasyni, að afsala aðalstefnanda, Kjartani Ólafssyni, framangreindri íbúð ásamt því, er

henni fylgir, gegn greiðslu á kr. 40.061.41. — Málskostnaður falli niður.

Í framhaldsgagnsök skal gagnstefndi vera sýkn af kröfum gagnstefnanda, en málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 26. október 1949.

Nr. 83/1949. **Valdstjórnin** (Ragnar Jónsson)
gegn
Jóni Sigurðssyni (Egill Sigurgeirsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Brot gegn 261. gr. siglingalaganna.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn áfrýjaði dómur er kveðinn upp í siglingadómi af dómsmönnunum Valdimar Stefánssyni, Hafsteini Bergþórssyni, Pálma Vilhjálmssyni, Jóni Kristóferssyni og Þorsteini Loftssyni.

Telja verður, að kærði hafi sýnt nokkra vangæzlu með því að halda áfram lestun síldar, eftir að hann hafði orðið þess var, hversu óstöðugt skipið var. Varðar brot hans við 261. gr. siglingalaga, nr. 56/1914. Þykir refsing hans samkvæmt þeirri grein hæfilega ákveðin 400 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 5 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði ber að staðfesta. Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Dómsorð:

Kærði, Jón Sigurðsson, greiði 400 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 5 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún

verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ragnars Jónssonar og Egils Sigurgeirssonar, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur siglingadóms 26. janúar 1949.

Ár 1949, miðvikudaginn 26. janúar, var í siglingadómi, sem haldinn var í bæjarþingstofunni í Reykjavík, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3/1948: Valdstjórnin gegn Jóni Sigurðssyni, sem tekið var til dóms hinn 21. sama mánaðar.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Jóni Sigurðssyni skipstjóra, Hringbraut 107 hér í bæ, fyrir brot gegn siglingalögum, nr. 56/1914, sbr. lög nr. 41/1930.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 15. febrúar 1906, og hefur, svo að kunnugt sé, sætt þessum kærum og refsingum:

1920 21/6 Sátt, 2 kr. sekt fyrir að tvímenna á reiðhjóli.
1925 8/1 Sátt, 20 kr. sekt fyrir lögreglubrot.
1929 21/10 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1929 29/12 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1932 23/8 Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot gegn bifreiðalögunum.
1938 8/5 Sátt, 40 kr. sekt fyrir brot gegn 6. gr. sbr. 15. gr. laga nr. 1/1935.
1938 13/9 Sátt, 70 kr. sekt fyrir sams konar brot.
1940 18/5 Sátt, 25 kr. sekt fyrir sams konar brot.
1941 25/6 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Að kvöldi 12. júlí 1947 sökk síldveiðiskipið m/s Snerrir, E.A. 771, á Skagagrunni í logni og ládeyðu. Kærði var skipstjóri á skipinu, og er mál þetta gegn honum af atburði þessum risið. Skip þetta var byggt sem olíuflutningaskip, „tank"-skip, og var árum saman í olíuflutningum hér við land og hét þá Skeljungur, eign h/f Shell. Vorið 1947, að því er virðist, eignaðist h/f Grani á Hjalteyri skipið, og var þá breytt nafni þess. Á hluthafafundi 20. maí ákvað félagið að breyta skipinu þannig, að það gæti stundað síldveiðar, en eigi var sú ákvörðun nákvæmari en svo, að þær breytingar skyldi gera, sem yfirmenn skipsins teldu nauðsynlegar. Kærði var ráðinn skipstjóri á skipið, bróðir hans, Vilhelm Sigurður Sigurðsson, stýrimaður og Eiríkur Ásmundsson 1. vélstjóri, og var sá síðastnefndi eini maður hinnar nýju skipshafnar, sem hafði verið á skipinu áður. Kærði athugaði skipið, þegar hann tók við því, og sagði fyrir,

hverjar breytingar þyrfti að gera á því vegna fyrirhugaðra síldveiða. Heldur hann því fram, að breytingarnar, sem gerðar voru á því, hafi verið í samræmi við fyrirsagnir sínar.

Eigi töldu kærði og forstjóri félagsins, Vésteinn Guðmundsson, Hjalteyri, að neinir örðugleikar væru á að breyta skipinu úr olíuflutningaskipi í fiskiskip, og kærði gerði ekki ráð fyrir neinum vandkvæðum á því að flytja annan farm með skipinu en það upprunalega var gert fyrir. Eigi kveðst hann heldur hafa gert ráð fyrir, að breytingar þær, sem gerðar voru á skipinu, hefðu í för með sér breytingu á burðarþoli skipsins eða sjóhæfni.

Breytingar skipsins voru gerðar bæði hér í Reykjavík og nyrðra, á Akureyri og Hjalteyri. Breytingarnar hér voru gerðar undir eftirliti Viggó Jessens skipaeftirlitsmanns, Víðimel 19, og voru aðallega í því fólgnar, að tekin var burt þilfarsvindan, sem verið hafði í skipinu, og ný sett í staðinn, og jafnframt var sett upp disilvél til að knýja vinduna. Telur skipaeftirlitsmaðurinn, að tæki þessi hafi verið á að gizka 2—3 smálestir að þyngd og nokkru þyngri og veigameiri en þau, sem úr skipinu voru tekin. Kælivatn fyrir þilfarsvélina var tekið úr fremsta olíuhólfi (cofferdam) bakborðs megin, framan við tunnulest. Vindan var sett miðskips, en þilfarsvélin stjórnborðs megin, og kom kælivatnsgeymslan sem mótvægi á móti vélinni. Bátauglurnar voru lagfærðar. Í skipinu voru þrír olíulestargeymar. Var langskilrúm í þeim, og var ein lagfæringin þar í því fólgin, að logskorin voru þrjú op á skilrúm þessi, eitt í hverjum lestargeymi, fyrir millirennsli til að auðvelda löndun síldar og smíðaðar í opin rennilokur, sem stjórna mátti frá þilfari. Framan við „tankana" var tunnulestin, og voru smíðaðir tréhlerar í op hennar og körmum hennar breytt nokkuð.

Aðalbreytingarnar nyrðra voru í því fólgnar, að sett var gólf í lestargeymana, skilrúm langsum í tunnulestina, trélúgur á tvö lestargeymaopin og háfunargrind og síldarkassi. Þegar skipið kom norður, voru lausar járnplötur í botni tunnulestarinnar ofan á böndunum, og voru þær festar og jafnframt gataðar, svo að sjór gæti runnið gegnum þær niður í svelginn. Ógerlegt þótti að losa síld úr lestargeymunum, nema gólf væri í þeim, og var það smíðað úr timbri og látið hvíla á botnböndunum. Var þess gætt að hafa það þannig úr garði gert, að sjórinn gæti auðveldlega runnið niður um það. Heldur formaður félagsins því fram, að við þessa breytingu, sem hafði það óhjákvæmilega í för með sér, að farmurinn yrði hærri í skipinu en áður hafði verið, hafi verið gert ráð fyrir, að svelgurinn yrði jafnan fullur eða hálffullur af sjó, og mundi breytingin því eigi hafa áhrif á burðarþol eða sjóhæfni skipsins. Fyrir breytingunum nyrðra stóðu þeir Valmundur Guðmundsson vélsmiður og Gunnar Jósepsson skipasmíðameistari, Akureyri, í samráði við kærða og formann félagsins, en Valmundur er skipaeftirlitsmaður á Akureyri. Að viðgerðinni lokinni eða hinn 4. júlí og eftir að aukaskoðun skipsins hafði farið fram, gáfu skipaeftirlitsmennirnir á Akureyri, nefndur Val-

mundur og Jóhannes Júlínusson, út haffærisskírteini fyrir skipið sem fiskiskip við strendur landsins.

Að þessu loknu fór skipið í hina fyrstu og einu síldveiðiför sína frá Hjalteyri hinn 6. eða 8. júlí, að kærða minnir, með 21 manns áhöfn. Var þá tómt lestarrúm það, sem ætlað var undir veiðina, en olíugeymarnir voru fullir og neyzluvatnsgeymirinn aftur í skipinu a. m. k. næstum fullur. Fram að 12. júlí veiddi skipið um 100—150 mál síldar, en þann dag fékk það góða veiði, og þegar farið var að háfa úr síðasta kastinu, voru komin í það um 1200 mál síldar. Voru þá allir lestargeymarnir fullir eða því sem næst. Þegar hér var komið sögu, hafði kærði reynslu af skipinu, frá því að það lagði af stað úr Reykjavík norður til síldveiðanna. Hafði hann því eigi siglt því með farmi fyrr en þennan dag. Hefur hann borið það, að sér hafi á öllum þessum tíma, bæði meðan skipið var á siglingu og einnig meðan það lá við bryggju, virzt það vera mjög valt. Hefur hann orðað þetta þannig, „að sér hafi oftar en hitt fundizt skipið ekki vera á réttum kili eða að slagsíða væri á því á aðra hvora hlið." Þegar komin voru 800—900 mál í skipið, þ. e. a. s. þegar tveir fremri lestargeymarnir voru orðnir fullir og kominn var slatti í bæði hólf hins aftasta, virtist kærða skipið vera orðið mjög óstöðugt og fara óeðlilega í sjó. Ekki kveðst hann þó hafa séð ástæðu til að hætta að bæta við farminn, því að sér hafi verið kunnugt um, að skipinu hafi verið siglt fullfermdu olíu undanfarin 17 ár með ströndum landsins, jafnt sumar og vetur, og kveðst hann því eigi hafa trúað öðru en óhætt væri að fylla það af síld neðan þilja. Þegar síld var komin hátt í bæði hólf aftasta geymisins, var skipið samkvæmt skýrslu kærða orðið svo valt, að háfa varð með sérstakri varúð, en þó hafi það eigi hallazt svo, að ekki hafi verið unnt að rétta það með því að hlaða hverju sinni út í það borðið, sem það hallaðist frá. Varð kærði að láta tvo menn gæta þess, að síldin færi jafnan niður í það geymishólf, sem hallaðist frá, en venjulega þarf eigi meiri nákvæmni við þessa hleðslu en svo, að einn maður nægir til þessa starfa.

Í síðasta kastinu öfluðust um 300 mál síldar. Nótin var bundin við stjórnborðssíðu og tekið að háfa, og skyldi háfað í tunnulestina, sem er framan við lestargeymana, eins og áður segir. Áður en byrjað var á þessari háfun, hafði kærði orð á því við stýrimanninn, að skipið færi óeðlilega í sjó, einkum sökum þess, hve erfitt væri að halda því hallalausu, en eigi lét hann þó í ljós, að hann teldi hættu á ferðum. Þegar háfuð höfðu verið við stjórnborðssíðuna um 100 mál, valt skipið yfir á þá hlið svo mjög, að kærði sleppti nótinni niður og hætti að háfa í bili. Færði hann síðan bátana að bakborðssíðunni og fór að háfa þeim megin til að rétta skipið, og jafnframt var í sama skyni og samkvæmt skipun hans dælt vatni úr neyzluvatnsgeyminum. Tókst að rétta skipið, og var það góða stund hallalaust. Var þá háfað því sem næst allt úr nótinni og tunnulestin orðin hálffull, en sama og engin síld var á þilfari. Tók skipið þá aftur að hallast á stjórnborða. Kærði ætlaði þá að rétta það við með því að háfa á þilfarið bakborðs megin, en þá var hallinn orðinn svo

mikill, að þilfarsvélin var komin í kaf í sjó og því eigi unnt að háfa. Skipaði kærði þá áhöfninni í bátana og var því hlýtt.

M/s Fagriklettur, sem var þarna nálægt, kom nú samkvæmt merki frá kærða að m/s Snerri til að reyna að aðstoða skipið. Nýr 4" kaðall var strengdur úr bakborðssíðu m/s Snerris yfir í m/s Fagraklett í því skyni að rétta m/s Snerri við, en þetta bar engan árangur. Skipið hallaðist æ meir á stjórnborða, þar til er siglutré og yfirbygging lágu því sem næst slétt við sjó. Þá tók það að síga að aftan og sökk síðan á mjög skammri stundu. Gizkar kærði á, að klukkan hafi þá verið 9—9.15 um kvöldið. Þar sem skipið sökk, er að sögn kærða samkvæmt lauslegum mælingum hans 80 faðma dýpi og staðurinn 66° 30′ norðlægrar breiddar og 20° 20′ vestlægrar lengdar, NV—N frá Sauðanessvita. Áhöfn skipsins fór í vélbát skipsins yfir í línuveiðarann Alden, sem var í nánd við slysstaðinn, og fór með því skipi um nóttina til Hjalteyrar og kom þangað að morgni næsta dags, sunnudagsins 13. júlí, heilu og höldnu. Úr skipinu bjargaðist eigi annað en nótin og bátarnir. Önnur áhöfn skipsins skýrir mjög á sömu lund og kærði frá atvikunum að því, að skipið sökk, og þykir ekki ástæða til þess að rekja þá framburði í einstökum atriðum.

Það er samhljóða álit áhafnarinnar og eins skipstjóranna á e/s Alden og m/s Fagraklett, að m/s Snerrir hafi verið létt hlaðinn, áður en farið var að háfa úr síðasta kastinu, og alkunna er, að það þykir yfirleitt eigi ofhleðsla á síldveiðiskipum, þó að þau séu með fullar lestar af síld. Ekkert hefur komið fram við rannsókn málsins, sem bendi til þess, að utanaðkomandi atvik hafi valdið slysinu. Kærði hefur látið það í ljós í prófum málsins, að sér geti ekki komið í hug önnur ástæða til þess, að skipið sökk, en að það hafi ekki þolað þann farm, sem í það var kominn. Söm er skoðun þeirra skipverja annarra, sem nokkuð hafa látið í ljós um, hvað þeir telji hafa valdið slysinu. Eftir að skipaskoðunarstjóri hafði kynnt sér rannsókn málsins, ritaði hann dómsmálaráðuneytinu um það og kveðst þar helzt hallast að því, að skipið hafi sokkið vegna vanhleðslu. Telur hann, að breyting skipsins, sem lýst hefur verið, hafi haft það í för með sér, að allur farmur hafi komið hærra í skipinu, vegna þess að „garnering" var lögð í skipið ofan á botnstokka, og hafi þessi breyting getað haft áhrif á stöðugleika (stabilitet) skipsins. Skipaskoðunarstjóri tekur fram í niðurlagi bréfs síns, að hann álíti, að því verði eigi með réttu neitað, að kærði hafi ekki sýnt þá varkárni við hleðslu skipsins, sem honum hafi verið skylt, og það á skipi, sem hann þekkti ekki, hvernig hagaði sér með síldarhleðslu.

Dómurinn er sömu skoðunar. Kærði var ókunnugur skipinu að því leyti, að hann hafði aldrei siglt því með farmi fyrr en þennan dag. Hins vegar hafði hann nokkra reynslu af skipinu á siglingu án farms, og var hún, eins og kærði segir sjálfur, þannig, að það væri sjaldnar en hitt á réttum kili og slagsíða á því á annað hvort borð bæði á siglingu og við bryggju. Hann hafði og fylgzt með breytingum þeim, sem gerðar voru á skipinu, og hlaut sem reyndur sjómaður að sjá, að hækkun lestargeymabotnanna mundi hafa áhrif til hins verra á stöðugleika skipsins.

Honum virtist skipið vera orðið mjög óstöðugt og fara óeðlilega í sjó, þegar komin voru í það 800—900 mál síldar, enda þótt sjór væri ládauður, og þegar síld var komin hátt í síðustu lestargeymahólfin, var skipið orðið svo valt, að háfa varð með sérstakri varúð. Þó að svona væri komið, taldi kærði eigi hættu á ferðum og veiddi til viðbótar um 300 mál og lét innbyrða þá veiði mestalla, enda þótt skipið ylti geigvænlega á meðan. Af þessu gálauslega veiðikappi kærða hlauzt missir skipsins, eða a. m. k. átti það sinn hlut að honum, enda þótt aðrar orsakir, sem eigi er hlutverk dómsins að rekja, kunni einnig að hafa legið að honum.

Í flutningi málsins hélt sækjandinn því fram, að beita bæri kærða refsingu og réttindamissi fyrir brot gegn 85. gr. sjómannalaganna og 12. kafla siglingalaganna. Af 85. gr. sjómannalaganna sjálfri, sambandi hennar við önnur ákvæði laganna og tilorðningu hennar verður að telja, að hún eigi ekki við um skipstjóra, og eigi er brot hans þannig vaxið, að það falli undir 74. eða 76. gr. þessara laga. Verður því kærði eigi sakfelldur fyrir brot gegn sjómannalögunum. Eigi er brotið heldur að áliti dómsins þannig vaxið, að það falli undir 260. gr., 1. mgr., eða 261. gr. siglingalaganna. Hins vegar þykir rétt með lögjöfnun að heimfæra brotið undir 31. gr., 2. mgr., sbr. 260 gr., 2. mgr., siglingalaganna, og þykir refsing kærða eftir atvikum og með tilliti til laga nr. 14/1948 hæfilega ákveðin 1000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt þessu ber að dæma kærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda, kr. 500.00 til hvors.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Kærði, Jón Sigurðsson, greiði 1000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 12 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda, hæstaréttarlögmannanna Ragnars Jónssonar og Egils Sigurgeirssonar, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 28. október 1949.

Nr. 121/1949. **Réttvísin og valdstjórnin** (Eggert Claessen)
gegn
Valgarði Kristinssyni (Ragnar Jónsson).

Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Líkamsárás. Áfengislagabrot. Ágreiningur dómenda.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn áfrýjaði dómur er upp kveðinn af Friðjóni Skarphéðinssyni bæjarfógeta.

Þegar til þess er litið, að Erla Steingrímsdóttir lét ákærða líðast að dveljast fulla 2 klukkutíma drukknum inni í herbergi því, er hún hafði náttstað í, enda þótt hún væri fáklædd og ætti auðvelt með bæði að kalla til fólk til þess að koma ákærða burtu úr herberginu eða að hverfa þaðan sjálf, þá verður ekki talið, að ákærði hafi gerzt brotlegur gegn 202. gr. né 209. gr. hegningarlaganna.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti samkvæmt ákvæðum hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, 600 krónur til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Valgarður Kristinsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Eggerts Claessens og Ragnars Jónssonar, kr. 600.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Anna Kristinsdóttir, systir ákærða, lýsir aðkomu sinni í svefnherbergi Erlu Steingrímsdóttur svo, að hún hafi legið

á gólfinu innan við dyrnar í náttkjól, sem rifinn var og tættur að ofan, og hafi verið augljóst, að töluvert var búið að ganga á í herberginu. Ákærði stóð hjá Erlu og hélt í aðra öxl hennar. Erla hafi verið greinilega hrædd og í æstu skapi, enda hafi hún sagt við vitnið: „Elsku frænka, hjálpaðu mér." Tjáist vitnið þá hafa stjakað ákærða, er vildi ekki sleppa Erlu, frá og leitt Erlu burt. Vitnið kveður Erlu hafa verið svo æsta í skapi og miður sín á eftir, að varla hafi verið hægt að ræða við hana, og kveðst vitnið telja, að það hafi stafað af því, að hún hafi orðið ofsalega hrædd. Vætti Önnu er mjög skilríkt og stutt af vætti þeirra Rósu Þorvaldsdóttur og Elí Olsens, svo langt sem frásögn þeirra nær, og ekki verður séð, að önnur gögn málsins hrindi vætti fólks þessa. Hegðun ákærða og framkoma gagnvart Erlu verður ekki skilin á annan hátt en þann, að hann hafi ætlað sér að eiga kynferðismök við hana, en varhugavert þykir samt að telja þá staðhæfingu hennar sanna, að hann hafi gert tilraun til að nauðga henni. Hins vegar styðja öll atvik þá frásögn Erlu, að ákærði hafi tekið að misþyrma henni, berja hana og taka hana kverkataki, er hún vildi ekki láta að vilja hans. Þegar á þetta er litið svo og á það, að ákærði draslaði henni um gólfið í náttkjólnum, tætti náttkjólinn og veitti henni ákomu með framangreindum hætti, og þess er gætt, að hún kallaði á hjálp, er ákærði tók að ganga mjög nærri henni og hún kom honum ekki af höndum sér með fortölum, þá verður að telja sannað, að hann hafi bæði veitt henni líkamlega áverka, er varða við 217. gr. hegningarlaganna, svo og, að hann hafi látið gagnvart henni stjórnast af kynhneigð sinni, þannig að varði við 202. gr. hegningarlaganna, en það refsiákvæði tekur yfir lostugar athafnir, er karlmaður fremur gegn konu að óvilja hennar og sérákvæði ná ekki yfir, enda á það og ekki að svipta stúlku þá, er í máli þessu greinir, réttarvernd, að hún kallaði ekki á hjálp, fyrr en í nauðir rak, þar sem hún sýndi í verki, að hún vildi verja sig fyrir áleitni ákærða.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin þriggja mánaða fangelsi.

Ákvæði héraðsdóms um skaðabætur og sakarkostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði á samkvæmt framanrituðu að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 800.00 til hvors.

Dómsorðið ætti því að hljóða svo:

Ákærði, Valgarður Kristinsson, sæti þriggja mánaða fangelsi.

Ákvæði héraðsdóms um skaðabætur og málskostnað staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Eggerts Claessens og Ragnars Jónssonar, kr. 800.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Akureyrar 15. marz 1949.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. f. m., er höfðað með stefnu, út gefinni sama dag, gegn ákærða í máli þessu, Valgarði Kristinssyni bónda, til heimilis að Brautarhóli við Akureyri, af réttvísinnar hálfu fyrir brot á XXII., samanber III. og XXIII. kafla almennra hegningarlaga, og af valdstjórnarinnar hálfu fyrir brot á áfengislögunum, nr. 33 9. janúar 1935. Auk refsikröfu ákæruvaldsins hefur Erla Steingrímsdóttir gert skaðabótakröfu í máli þessu, að upphæð krónur 855.00.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur að Grund í Árskógshreppi 11. september árið 1912. Hann hefur sætt þessum refsingum:

1937 19/2 Dæmdur í aukarétti Reykjavíkur í 30 daga fangelsi skilorðsbundið fyrir brot gegn 7. gr. laga nr. 51/1928.
1939 8/1 25 króna sekt í Reykjavík fyrir brot á 17. gr. áfengislaga.
1945 20/12 Aðvörun fyrir áfengislagabrot.
1946 Áminning fyrir ölvun á almannafæri.
1947 21/2 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1947 10/10 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1947 3/11 50 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina.

Laugardaginn 19. júní sl. eftir hádegið kom Erla Steingrímsdóttir frá Grímsey til iögreglunnar hér og kærði ákærða í máli þessu, Valgarð Kristinsson, fyrir líkamsárás, sem hún hafði orðið fyrir af hans hálfu þá um nóttina.

Aðdraganda og atvikum málsins hefur nefnd Erla Steingrímsdóttir lýst þannig: Fimmtudaginn 18. júní sl. var hún stödd hér í bænum sem gestur, og hitti ákærði hana þá niðri í miðbæ, og var hann í bifreið.

Bauð ákærði Erlu þá að vera með í bifreið til Húsavíkur um kvöldið, og tók vitnið fram í því sambandi, að ákærði og móðir vitnisins væru systkinabörn. Vitnið fór þar næst með ákærða til systur hans í Hafnarstræti 11 hér í bæ, og eftir það fór hún aftur með honum niður í bæ; var ákærði þá ódrukkinn.

Á 19. tímanum um kvöldið lögðu þau svo af stað í bifreiðinni A—37 til Húsavíkur, og hafði Erla Steingrímsdóttir með sér litinn dreng, sem hún á, og auk þess komu með í bifreiðinni stúlka að nafni Karolína Petersen Bye og mágur ákærða, Elí Olsen, bæði til heimilis í Hafnarstræti 11 hér í bæ. Í austurferðinni kvað vitnið, að þau hefðu komið við í Vaglaskógi. Um kl. 23 um kvöldið, sagði hún, að þau hefðu lagt aftur af stað frá Húsavík, og varð barn vitnisins þar eftir. Vitnið sagði, að Valgarður hefði verið með áfengi í ferðinni og hefði hann gerzt ölvaður á heimleiðinni. Þannig hafði hann á Fosshóli heimtað kaffi handa fólkinu í bifreiðinni með stóryrðum, og var þeim veitt þar kaffi. Þegar til Akureyrar kom, fóru allir farþegarnir úr bifreiðinni inn í Hafnarstræti 11, og áleit vitnið, að klukkan hefði þá verið 3 f. h. Eftir að þau voru komin inn í nefnt hús, bauð áðurnefnd Karólína vitninu að sofa í íbúð sinni í nefndu húsi og vísaði henni til sængur einni í herbergi, en sjálf svaf Karólína í öðru herbergi skammt frá á sama lofti. Þá hefur vitnið skýrt frá eftirfarandi: Þegar Karólína var farin út úr herberginu og vitnið háttað, kom ákærði inn í herbergið og lokaði hurðinni á eftir sér með smekklás. Var ákærði þá mjög æstur og því líkast sem brjálaður maður væri af reiði, og tók að bera það á vitnið, að það hefði borið á hann þjófnað fyrir tveimur árum, og sagði vitnið í því sambandi, að það hefði einu sinni grunað hann um þjófnað á 100 krónum. Eftir að ákærði hafði þvælt um þjófnaðaráburðinn töluverða stund, segir vitnið, að hann hafi slegið sig í andlitið og reynt því næst að fara upp í rúmið til hennar, en hún hafi getað hrakið hann ofan úr rúminu aftur. Þá hefur stúlkan eindregið haldið því fram, að ákærði hafi ætlað að nauðga henni í þetta sinn, því að hann hafi lagzt upp í rúmið hjá henni og tekið út getnaðarlim sinn og jafnframt reynt til að slíta niður um hana buxurnar, en þá hafi hún komizt upp úr rúminu. Stúlkan kvaðst hafa reynt til þess að kalla á hjálp, en þá hafi ákærði ýmist tekið fyrir vit hennar eða kverkar, og kveður hún, að af þessu hafi orðið sviptingar með þeim, svo að náttkjóll hennar og nærföt hafi rifnað. Einnig segir hún, að ákærði hafi misþyrmt sér, klipið sig og barið. Stúlkan hefur einnig sagt, að ákærði hafi margendurtekið tilraunir sínar til þess að komast upp í rúmið til hennar, en hún hafi jafnan hrakið hann frá sér, en þess á milli hafi hún reynt að sefa hann. Viðureign þeirra lauk þannig, að stúlkan fór að hljóða og kalla á hjálp, og kom þá fyrst Karólína Petersen og því næst Anna, systir ákærða, og Rósa Þorsteinsdóttir, en þær voru í suðurenda hússins, og einnig kom þar Elí Olsen, er að framan er nefndur, en hann er maður nefndrar Önnu. En þegar stúlkan fór að hljóða og kalla á hjálp, segir hún, að ákærði hafi lagt alvarlega hendur á hana og rifið utan af henni fötin, og virðist svo sem

það hafi verið þá fyrst, sem ákærði hafi veitt henni áverka. Við komu fólksins í herbergið slapp stúlkan úr höndum ákærða, og var hún síðan falin þar til klukkan um 10 fyrir hádegi í litlu herbergi eða kompu í suðurenda hússins. Einnig segir hún, að ákærði hafi reynt að berja sig, eftir að hún var komin í suðurenda hússins, en að mestu misst marks. Stúlkan heldur, að klukkan hafi verið rúmlega sex um morguninn, þegar hún komst úr herberginu frá ákærða. Hún telur, að ákærði hafi verið um tvær klukkustundir í herberginu hjá henni. Hún segir, að ákærði hafi verið nokkuð drukkinn, er þetta gerðist, en hefur eindregið neitað því, að hann hafi neytt áfengis inni hjá henni, svo sem ákærði hefur sjálfur borið, en sjálf kveðst stúlkan ekki hafa verið undir neinum áhrifum áfengis.

Stúlkan kveðst hafa haft miklar kvalir í vinstri öxlinni eftir árásina, og sagði hún, þegar hún mætti í rétti í Grímsey 12. júlí sl., að hún hefði enn þá verk í öxlinni og gæti ekkert gert nema léttustu verk. Hún kveðst einnig fyrst á eftir hafa haft eymsli eftir kverkatakið, sem ákærði tók á henni.

Sjálfur hefur ákærði skýrt þannig frá málavöxtum: Hann hefur lýst aðdraganda að ferðinni til Húsavíkur í flestum atriðum á svipaðan hátt og Erla Steingrímsdóttir hefur gert. Hann hefur þó jafnan haldið því fram, að Erla hafi að fyrra bragði talað um, að hann færi með henni til Húsavíkur í umrætt skipti, og að hún hafi tekið það fram, að hún þyrfti að koma þangað litlum dreng, sem hún á. Ákærði segir, að þeir Elí Olsen hafi haft sína áfengisflöskuna hvor meðferðis í ferðinni. Þá segir hann, að hann og Elí Olsen hafi verið undir áhrifum áfengis, þegar til Húsavíkur kom, og hafi þeir haldið áfram að drekka eftir það.

Ekki kveðst ákærði neitt vita til þess, að stúlkurnar, sem með þeim voru, neyttu áfengis. Ákærði kannast við að hafa komið við á Fosshól, en kveðst ekki muna, í hvorri ferðinni það var, og hefur sagt, að hann hafi þá verið orðinn töluvert mikið drukkinn.

Þegar til Akureyrar kom, segir ákærði, að allir farþegarnir hafi farið inn í Hafnarstræti 11, og kveðst hann þá hafa átt eitthvað eftir af áfengi og verið með það með sér. Framburður ákærða um það, er fram fór í Hafnarstræti 11 margnefnda nótt, hefur verið mjög óskýr og ósamkvæmur framburði vitna. Hann hefur þannig sagt, að Erla Steingrímsdóttir hafi strax farið í herbergið, sem Karólína Petersen lánaði henni, þegar þau komu, og kveðst hafa það eftir systrum sínum, að hann hafi einnig farið þangað þá strax, en sjálfur kveðst hann ekki muna þetta glöggt. Síðar í réttarhaldi sagði hann, að hann hefði haft þetta eftir Karólínu Petersen. Þá talar ákærði um það, að hann hafi skammað Erlu Steingrímsdóttur, eftir að hann var kominn inn í herbergið til hennar, fyrir það, að hún hefði eitt sinn borið á hann þjófnað, og kveður hann það hafa verið algerlega tilefnislaust, og hefði hann algerlega neitað framburði Erlu þar um. Einnig segir hann, að stúlkan hafi talað um, hvort þau gætu eigi sætzt út af þessu síðastnefnda atriði. Þá kveðst hann minnast þess, að Elí Olsen og systir sín hefðu komið inn í her-

bergið, og kveðst hann þá hafa verið að standa upp af legubekknum, sem Erla svaf á. Kveðst hann þá, það er, þegar fólkið var komið að, hafa þrifið til stúlkunnar með annarri hendi og tekið taki í handlegg hennar eða öxl. Við átök þessi kveður ákærði náttkjól stúlkunnar hafa rifnað. Ákærði hefur sagt, að hann muni ekki eftir, að hann hafi tekið á stúlkunni annað en þetta, en ekki hefur hann gefið neina skýringu á því, hvers vegna fólkið kom inn í herbergið um nóttina til þess að gæta að, hvað þar væri að ske.

Ákærði hefur stöðugt þrætt fyrir að hafa reynt til að nauðga stúlkunni, og staðhæft, að framburður hennar þar um væri með öllu ósannur, og fullyrt, að honum hafi verið það í lófa lagið, hefði það verið ætlun hans. Hann kveðst og hafa verið í öllum fötum, þegar fólkið kom að. Nánar um viðureign þeirra Erlu í herberginu þóttist ákærði ekki muna. Þegar ákærða var kynnt um meiðsli stúlkunnar, eins og þeim er lýst í læknisvottorði, sem fram hefur verið lagt í málinu og síðar verður lýst, sagði hann, að verið gæti, að þau stöfuðu af átökum hans á stúlkunni.

Ákærði hefur ekki skýrt greinilega frá því, hversu lengi hann hafi verið í herberginu hjá stúlkunni. Hefur hann talið líklegt, að klukkan hafi verið 3—4, þegar þau komu í Hafnarstræti 11 um nóttina. Enn fremur hefur hann sagt, að hann minni, að klukkan hafi verið að ganga átta um morguninn, þegar hann fór úr herbergi Erlu, og segir hann, að verið geti, að hann hafi verið allan þann tíma í herberginu. Síðargreinda tímamarkið kveðst hann þó eingöngu miða við það, að Karólína Petersen hafi farið að búa sig til vinnu úr þessu. Þá hefur ákærði haldið því fram, gagnstætt framburði Erlu, að hann hafi bæði neytt áfengis, sem hann var með, í herberginu hjá henni og að hann hafi sofnað þar, meðan hún var þar. Einnig hefur ákærði viðurkennt framburð Karólínu Petersen, eins og síðar verður að vikið, að hún hafi komið inn í herbergið til hans og Erlu um nóttina einsömul og beðið hann að koma til sín.

Eftir viðureign þeirra Erlu kveðst ákærði hafa farið inn í íbúð Önnu, systur sinnar, og Elí Olsens í sama húsi og dvalizt þar um stund og drukkið kaffi þar, og kveðst hann vita til þess, að Erla hafi farið út úr húsinu, meðan hann dvaldist þar. Ákærði segir, að enginn smekklás hafi verið á herbergi því, er Erla var í, og kveðst hann hafa haft þá hugmynd, að lykillinn að herberginu væri hjá Karólínu. Í síðasta réttarhaldi, sem ákærði mætti í í máli þessu, hélt hann því fram, að hann hefði verið svo mikið ölvaður, að hann myndi illa, hvað gerzt hefði margnefnda nótt.

Auk Erlu Steingrímsdóttur, kæranda þessa máls, hafa þessi vitni verið leidd í málinu: Líney Kristinsdóttir, Karólína Petersen, Rósa Þorvaldsdóttir, Elí Olsen, Pálmi Karlsson og Anna Kristinsdóttir.

Elí Olsen, 27 ára að aldri, hefur borið eftirfarandi: Hann var með ákærða í ferðinni til Húsavíkur og hefur lýst því á svipaðan hátt og ákærði. Hann hefur einnig sagt, að þeir ákærði og hann sjálfur hafi haft sína áfengisflöskuna hvor meðferðis. Þegar heim kom um nóttina,

segir vitnið, að eitthvað meira en helmingur hafi verið eftir í síðari flöskunni og hafi ákærði haft hana undir höndum og haft hana í brjóstvasanum á jakka sínum.

Þegar heim kom, kveðst vitnið hafa verið mjög ölvað og segir, að ákærði hafi einnig verið ölvaður. Eftir að allt fólkið, sem að austan kom, hafði drukkið kaffi í íbúð vitnisins, segir vitnið, að ákærði hafi farið í íbúð Karolínu Petersen. Um morguninn kl. 6.30 var vitnið vakið í íbúð sinni og beðið að koma í hinn enda hússins til hjálpar, og gerði hann það. Þegar vitnið kom í herbergið, sem Erla Steingrímsdóttir var í, stóð hún þar á gólfinu í náttkjól, og var hann mjög rifinn á annarri öxlinni og stúlkan mjög æst í skapi. Vitnið sá, að rispur voru á öðrum handlegg stúlkunnar og rauð fingraför framan á hálsinum og til hliðar. Ákærði stóð þá hjá stúlkunni og hélt í annan handlegg hennar, og var hann einnig æstur í skapi. Þegar vitnið kom að, sleppti ákærði strax tökum á stúlkunni, og fór hún þá með vitninu yfir í íbúð þess. Ekki heyrði vitni þetta Erlu Steingrímsdóttur neitt lýsa átökum þeirra ákærða, áður en þau vitnið og konurnar komu að þeim.

Vitnið segir, að Erla Steingrímsdóttir hafi ekki smakkað áfengi á austurleiðinni, en á heimleiðinni hafi hún smakkað það lítils háttar, en ekki hafi hún verið undir áhrifum, svo að séð yrði.

Vitnið Anna Kristinsdóttir, 32 ára að aldri, sem kom ásamt Rósu Þorvaldsdóttur í herbergið til Erlu Steingrímsdóttur um líkt leyti og Eli Olsen, maður hennar, hefur borið eftirfarandi: Þegar fólk það, er að framan greinir, kom frá Húsavík um nóttina, — hún vissi ekki, hvað klukkan hafði verið, — kom það allt til vitnisins og drakk þar kaffi. Segir vitnið, að það hafi þá allt verið meira eða minna drukkið nema Erla Steingrímsdóttir.

Um ákærða tók vitnið fram, að hann hefði verið töluvert mikið drukkinn, en þó ekki meira en svo, að hann hefði talað af fullu viti. Vitnið kveðst hafa viljað láta Erlu Steingrímsdóttur sofa hjá þeim, en Karolína og ákærði hefðu viljað, að hún svæfi hjá þeim, og kvaðst vitnið ekkert hafa fylgzt með þeim, eftir að þau fóru öll þrjú yfir í norðurendann. Ekki vissi vitnið, hvað klukkan var þá. Eftir að vitnið var sofnað, vaknaði það við einhver hljóð úr íbúðinni í norðurendanum og fór fram í eldhúsið, en í fyrstu hélt vitnið, að þetta væri frá Karólínu Petersen, en varð þess svo vör, að Karólína kom út úr sínu herbergi og fór inn í stofuna, þar sem Erla var, og fór vitnið þá strax á eftir henni. Þegar vitnið kom í dyrnar, lá Erla Steingrímsdóttir rétt fyrir innan dyrnar, klædd í náttkjól, og var hann rifinn og tættur að ofan. Hjá stúlkunni stóð ákærði og hélt í aðra öxl hennar. Önnur átök, segir vitnið, að ekki hafi þá verið á milli þeirra, en segir, að augljóst hafi verið, að töluvert hafi verið búið að ganga á í herberginu, því að stólarnir hafi legið hér og þar um gólfið. Þegar vitnið kom í dyrnar, sagði Erla við það, hrædd og æst í skapi: „Elsku frænka mín, hjálpaðu mér.“ Vitnið tók þá í stúlkuna til að leiða hana út úr herberginu, en ákærði sleppti ekki takinu af stúlkunni, og stjakaði vitnið þá við honum, og sleppti hann þá. Þegar

Erla Steingrímsdóttir var komin inn í íbúð vitnisins, ætlaði ákærði að ryðjast inn til hennar, en vitnið kveðst þá hafa staðið fyrir honum til að varna honum inngöngu. Eftir þetta, segir vitnið, að ákærði hafi sofnað í herbergi því, sem Erla Steingrímsdóttir átti að sofa í. Eftir viðureign ákærða og Erlu segist vitnið hafa séð marbletti á hálsi stúlkunnar öðrum megin og að stúlkan hafi haft svo mikla tilkenningu í annarri öxlinni, að hún hafi orðið að klæða hana.

Einnig segir vitnið, að Erla hafi verið svo æst, að naumast hafi verið hægt að tala við hana, og hélt vitnið, að það hefði verið af því, að hún hefði orðið ofboðslega hrædd. Þá skýrir hún frá því, að stúlkan hafi sagt, að ákærði hefði ráðizt á hana, en hún hefði ekki lýst nánar átökum þeirra né neitt minnzt á það, að ákærði hefði reynt til að nauðga henni. Vitnið álítur, að ákærði hafi verið meira drukkinn, þegar það gerðist, er síðast frá greinir, en þegar hann kom heim um nóttina.

Vitnið Rósa Þorvaldsdóttir, 31 árs að aldri, hefur borið eftirfarandi: Vitnið var í íbúð síðastgreinds vitnis. Hefur vitni þetta lýst aðdraganda þess, að þær fóru yfir í herbergið, sem Erla Steingrímsdóttir var í, og aðkomunni þar mjög á sama hátt og Anna Kristinsdóttir hefur gert. Hún segir einnig, að ákærði hafi ætlað að ryðjast inn til Erlu, eftir að hún var komin inn í íbúðina á suðurloftinu, en vitnið kveðst hafa hindrað það ásamt Önnu Kristinsdóttur. Eftir viðureign þeirra ákærða sá vitnið marbletti á öðrum handlegg Erlu Steingrímsdóttur, og segir, að hún hafi einnig kveinkað sér í öxlinni sömum megin. Einnig sá vitnið allmikinn roða á hálsi stúlkunnar, og sagði stúlkan, svo að vitnið heyrði, að ákærði hefði tekið um handlegginn á henni, og einnig, að hann hefði tekið um hálsinn á henni. Ekki heyrði vitnið, að stúlkan nefndi það, að ákærði hefði ráðizt upp í rúmið til hennar. Ekki heyrði vitnið, að stúlkan talaði um, hvers vegna viðureignin hefði byrjað, en það heyrði ákærða tala um, að stúlkan hefði borið upp á hann þjófnað. Ekki sá vitnið áhrif áfengis á stúlkunni, en segir, að ákærði hafi verið mjög ölvaður í þetta sinn.

Vitnið Líney Kristinsdóttir, 28 ára að aldri, systir ákærða, hefur borið eftirfarandi: Hún var sofnuð, þegar fólkið kom heim um nóttina frá Húsavík, og fylgdist ekkert með, hvað þá gerðist. Um nóttina heyrði vitnið hljóð úr norðurendanum eins og hinar konurnar í sömu íbúð og að framan er frá greint, en ekki fór vitnið með hinum konunum yfir í herbergið til Erlu. Þá skýrir vitnið frá því, að Erla Steingrímsdóttir hafi komið yfir í íbúðina, þar sem vitnið var, í æstu skapi og hafi náttkjóll hennar verið rifinn í tætlur að ofan. Sagði Erla vitninu frá því, að ákærði hefði ráðizt inn til hennar og ráðizt á hana, þegar hún var háttuð. Sagði stúlkan, að viðureign þeirra ákærða hefði byrjað með orðasennu út af einhverju gömlu deilumáli út úr peningum. Einnig segir vitnið, að Erla hafi sagt, að ákærði hefði klipið hana í handlegginn og hárreytt hana og tekið fyrir kverkar henni, er hún ætlaði að hljóða. Ekki heyrði vitnið, að Erla talaði um, að ákærði hefði leitað eftir ástum við hana eða farið upp í rúmið hjá henni. Vitnið segir, að rispur og marblettir

hafi verið á öðrum handlegg stúlkunnar, hálsinn hafi verið rauður að framan og hún hafi kvartað um verk í síðunni öðrum megin. Segir vitnið, að klukkan hafi verið um sex eða að byrja að ganga sjö, þegar þetta gerðist. Þá skýrir vitnið frá því, að Erla hafi sagt því, að hún hefði ætlað með áætlunarbíl til Húsavíkur kl. 18 þá daginn áður, en Valgarður hefði boðið henni í sérstakri bifreið. Þá tekur vitnið það fram, að það hafi séð Karólínu Petersen Bye um nóttina og því hafi þá sýnzt, að hún hefði neytt áfengis.

Vitnið Karólína Petersen Bye, 28 ára að aldri, hefur borið eftirfarandi: Hún bjó í norðurenda hússins Hafnarstræti 11 og hafði þar tvö herbergi, að því er vitað er. Hún hefur viðurkennt að hafa farið með ákærða og fólki því, er að framan greinir, til Húsavíkur 18. júní sl. Allt fólkið var ódrukkið, þegar lagt var af stað til Húsavíkur. Ekki kveðst vitnið hafa vitað um nema eina áfengisflösku í ferðinni og segir, að þeir ákærði og Elí Olsen hafi verið orðnir nokkuð ölvaðir, þegar lagt var af stað frá Húsavík. Vitnið hefur stöðugt staðhæft það, þveröfugt við vitnisburð margra vitna, að hún hafi ekki neytt áfengis þessa nótt eða verið ölvuð, og ekki kveðst hún heldur hafa séð Erlu Steingrímsdóttur gera það. Þá hefur vitnið skýrt frá því, að þegar hún var komin í Hafnarstræti 11 um nóttina, hafi ákærði verið dálítið ölvaður, en þó ekki mikið. Um kl. 3.30 um nóttina vísaði vitnið Erlu Steingrímsdóttur til herbergis, þar sem hún hafði áður búið henni rúm. Fór vitnið því næst í sitt herbergi, en lítið búr er á milli herbergjanna. Eftir svo sem 5 mínútur barði ákærði að dyrum hjá vitninu og spurði, hvort hann mætti ganga inn til Erlu Steingrímsdóttur, því að hann þyrfti að tala við hana. Leyfði vitnið það og kveðst ekkert hafa séð athugavert við það, þó að ákærði færi inn til stúlkunnar. Fór vitnið því næst að sofa. Nokkru síðar um nóttina, á að gizka kl. 5, vaknaði vitnið við það, að ákærði opnaði hurðina að herbergi þess og kallaði til þess, og gekk vitnið þá yfir í herbergið til Erlu. Hafi hún þá staðið við borð í herberginu, en ákærði hafi staðið við glugga. Talaði ákærði þá um, að stúlkan hefði verið að þjófkenna sig, og virtist vitninu það vera sem venjulegt drykkjuraus. Erla virtist vera æst og reið, en ekki kvaðst vitnið hafa séð, að annað hefði farið aflaga í herberginu en að vatnsglas, sem staðið hefði á borði við legubekkinn, hafði fallið á gólfið. Ekki kveðst vitnið þá hafa séð ákærða leggja hendur á stúlkuna og fór aftur til herbergis síns og fór að sofa. Nokkru síðar vaknaði vitnið við það, að það heyrði Erlu Steingrímsdóttur hljóða, og hafi það þá strax farið til herbergis hennar. Kveðst vitnið hafa orðið að ýta allfast á hurðina til þess að opna hana, og hafi Erla setið upp við hurðina að innanverðu, þegar vitnið kom inn. Erla var í æstu skapi og gröm ákærða og talaði um, að ákærði hefði verið að berja hana. Þá sagði hún, að ákærði hefði staðið úti við gluggann. Áður hafði vitnið sagt í rétti, að stúlkan hefði staðið rétt innan við dyrnar, en ákærði hefði staðið dálítið frá, nálægt glugganum.

Vitnið sá, að náttkjóll stúlkunnar var rifinn á öxlinni vinstra megin,

en vitnið neitar algerlega að hafa séð nokkra áverka á stúlkunni. Ekki kannast vitnið við það, að Erla hafi beðið um nokkra hjálp í þessu sambandi. Þegar vitnið var að opna herbergishurðina, segir það, að fólkið af suðurloftinu hafi komið að, og hafi stúlkan strax farið með því á suðurloftið. Einnig segir vitnið, að ákærði hafi farið yfir á suðurloftið og því næst út án þess að tala við vitnið. Vitnið hefur stöðugt neitað að hafa séð ákærða og Erlu í stimpingum, þegar hún kom inn í herbergi hennar í fyrra sinnið. Vitnið segir, að rúmfötin hafi ekki borið þess neinn vott, að átök eða stimpingar hefðu orðið á legubekknum, og hafi sængin aðeins verið lögð upp að veggnum á venjulegan hátt. Hins vegar segir vitnið, að stóll hafi fallið um koll í herberginu og náttborðið færzt frá legubekknum. Vitnið kveðst hafa átt að fara að vinna kl. 8 um morguninn, og hafi það þá farið að tygja sig til þess skömmu eftir framangreindan atburð. Ekki vissi vitni þetta til, að ákærði væri með áfengi í margnefndu herbergi. Vitnið hefur og sagt, að umrætt herbergi hafi verið lokað með venjulegri skrá, en ekki með smekklás, og minnir, að lykillinn hafi verið í skránni að innan í þetta sinn.

Loks hefur mætt sem vitni í máli þessu Pálmi Karlsson, 26 ára að aldri. Hann var bifreiðarstjóri í bifreið þeirri, sem ákærði og samferðafólk hans fór í til Húsavíkur. Hefur vitni þessu í flestum höfuðatriðum borið saman við framburð ákærða um ferðina. Vitnið vissi um tvær áfengisflöskur í ferðinni, og hafi þau ákærði, Eli Olsen og Karólína drukkið úr fyrri flöskunni á austurleið, en síðari flaskan hafi verið tekin upp á Húsavík. Vitnið segir, að fólkið hafi ekki verið orðið mjög drukkið, er til Húsavíkur kom. Hins vegar segir vitnið, að þrjár framangreindar persónur hafi orðið allmjög ölvaðar á heimleiðinni.

Á Fljótsheiði varð Karólína veik af áfenginu, og þegar að Fosshóli kom, vakti ákærði þar upp. Hafði framkoma ákærða verið ósvífin mjög gagnvart frammistöðustúlkunum, og jós ákærði stóryrðum yfir vitnið, þegar það ávítaði hann fyrir þessa framkomu hans. Vitnið skilaði fólkinu af sér við Hafnarstræti 11 og vissi ekkert um gerðir þess eftir það þessa nótt.

Kærandi þessa máls, Erla Steingrímsdóttir, fór til læknis strax sama daginn og hún varð fyrir árás þeirri, er að framan geinir. Hefur vottorð læknisins verið lagt fram í máli þessu, og hefur hann lýst áverkum hennar þannig:

„Á upphandlegg vinstri smá-marblettir utan og innan á handleggnum eins og eftir klip.

Axlarliður var örlítið bólginn og mjög sár við allar hreyfingar, hafði sýnilega orðið fyrir miklum vinding. Röntgenmynd, sem tekin var á Akureyrarspítala, sýndi þó ekki brot. Sjúklingurinn ber hönd í fatla og má ekkert á hana reyna ca. 2—3 vikur."

Frekari sönnunargögn en nú hafa verið rakin liggja ekki fyrir í máli þessu.

Eins og nú hefur verið rakið, eru þau ákærði og Erla Steingrímsdóttir að mestu ein til frásagnar um það, sem fram fór í herberginu milli

þeirra tilgreinda nótt. Varðandi ákæruna fyrir brot á XXII. kafla samanber III. kafla almennra hegningarlaga, er ekkert um það upplýst nema frásögn stúlkunnar. Ekkert vitna þeirra, sem stúlkan hafði tal af á eftir um árás ákærða, minnist þess, að hún hafi minnzt á þetta atriði, enda hefur stúlkan ekki heldur borið um það. Ekki er neitt annað fram komið, sem bendi til, að ákærði hafi reynt til að nauðga stúlkunni, og sjálfur hefur hann jafnan neitað að hafa gert nokkrar tilraunir í þá átt. Það hefur því ekki tekizt að sanna brot ákærða að þessu leyti, og er hann því sýknaður, að því er tekur til þessa liðar ákærunnar.

Það má hins vegar telja sannað, að ákærði hafi farið inn í herbergi Erlu Steingrímsdóttur, þegar hún var háttuð, dvalizt þar gegn vilja hennar í 2—3 klukkustundir, eftir því sem næst verður komizt, og valdið henni meiðslum þeim, er í læknisvottorðinu getur, og þjáningum þeim, er Erla Steingrímsdóttir hefur frá greint, og rifið náttkjólinn, sem hún var í. Varðar ákærða atferli þetta refsingu samkv. 217. grein almennra hegningarlaga. Einnig hefur ákærði gerzt brotlegur við 18. grein laga nr. 33 9. janúar 1935 samanber 38. grein. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 2 mánaða fangelsi.

Í máli þessu hefur Erla Steingrímsdóttir gert kröfu um 55 krónur fyrir læknishjálp og röntgenmynd og 800 krónur í bætur að öðru leyti. Þykja kröfur þessar nægilega rökstuddar, enda viðurkenndar af ákærða, og verða þær því teknar til greina að öllu leyti.

Ákærði greiði allan kostnað, sem leitt hefur og leiða kann af máli þessu.

Bókaðar hafa verið ástæður til þess, að nokkur dráttur hefur orðið á rannsókn þessa máls.

Málið hefur verið rekið vítalaust.

Dómsorð:

Ákærði, Valgarður Kristinsson, sæti 2 mánaða fangelsi.

Ákærði greiði Erlu Steingrímsdóttur kr. 855.00 í skaðabætur innan 15 daga frá birtingu dóms þessa. Hann greiði og allan sakarkostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 31. október 1949.

Nr. 129/1949. **Sigurður Berndsen**
gegn
Lárusi Bl. Guðmundssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sigurður Berndsen, er sækir eigi dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Lárusi Bl. Guðmundssyni, sem sótt hefur dómþing og krafizt ómaksbóta, kr. 100.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 2. nóvember 1949.

Nr. 3/1949. **Valdstjórnin**
gegn
Ísleifi Jónssyni.

Setudómarar próf. Ólafur Jóhannesson og Einar Arnalds borgardómari í stað hrd. Gizurar Bergsteinssonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Úrskurður um ný sakargögn.

Úrskurður Hæstaréttar.

Áður en dómur gengur í Hæstarétti í máli þessu, þykir rétt að leggja fyrir héraðsdómara að rannsaka nánar eftirtalin atriði:

1. Verjandi hér fyrir dómi hefur það eftir kærða, að enn sé talsvert eftir óselt af vörum þeim, sem hér er um að tefla. Ber því dómara að krefja kærða rækilegra skýrslna

um magn þeirra vörubirgða, sem enn kunna að vera óseldar, og rannsaka það efni til hlítar, þar á meðal með könnun vörubirgða.

2. Að lokinni þessari rannsókn ber að framkvæma verðútreikning af nýju og sannprófa, hverri upphæð sá hagnaður af seldum vörum, sem verðlagsstjóri telur ólögmætan, hafi numið. Ber þá að taka tillit til þess, að 89.406 frankar af kaupverði varanna voru greiddir með hinu hærra gengi.
3. Loks ber dómara að afla annarra þeirra gagna, sem framhaldsrannsóknin kann að veita efni til.

Ályktarorð:

Héraðsdómara ber að framkvæma rannsókn um þau atriði, sem að framan greinir.

Föstudaginn 4. nóvember 1949.

Nr. 81/1949. **Verzlunarfélag Ólafsfjarðar** (Gústaf A. Sveinsson)
gegn
Magnúsi Jónssyni (enginn).

Setudómari próf. Ólafur Jóhannesson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Deilt um fjárhæð húsaleigu. Tómlætisverkanir.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. maí þ. á. Krefst hann þess, að stefnda verði í aðalsök í héraði dæmt að greiða honum kr. 3341.50 ásamt 6% ársvöxtum frá 15. sept. 1948 til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi sýknu af öllum kröfum stefnda í gagnsök í héraði. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi hefur ekki komið fyrir Hæstarétt og enginn af hans hendi, og hefur honum þó verið löglega stefnt. Málið hefur því verið flutt skriflega samkvæmt 2. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaga, nr. 112/1935, og er dæmt samkvæmt framlögðum skilríkjum.

Eftir gögnum málsins hefur áfrýjanda orðið kunnugt um húsaleigugreiðslur stefnda ekki síðar en í apríl 1947. Þrátt fyrir andmæli stefnda um greiðslu hærri húsaleigu hófst áfrýjandi ekki handa um að láta meta húsaleigu fyrir íbúð stefnda fyrr en um það leyti, sem stefndi var á förum úr húsnæðinu. Þykir með þessari athugasemd mega staðfesta niðurstöðu héraðsdóms í aðalsök í héraði.

Áfrýjandi hafði gert kröfu til þess, að stefndi færi úr íbúðinni, og þaðan fluttist hann, samkvæmt því sem fram kemur í skjölum málsins, hinn 19. nóvember 1947. Samkvæmt því þykir hann eiga rétt til endurgreiðslu á húsaleigu frá þeim degi til næstu áramóta, eins og í héraðsdómi er ákveðið.

Eftir framansögðu þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Akureyrar 3. febr. 1949.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 28. f. m., hefur aðalstefnandi, verzlunarfélag Ólafsfjarðar, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 15. sept. sl., á hendur Magnúsi Jónssyni, fyrrverandi verzlunarstjóra, Týsgötu 1, Reykjavík, en með samkomulagi aðilja hefur mál þetta verið flutt hér fyrir dómi.

Gerir aðalstefnandi þær dómkröfur, að aðalstefndi verði dæmdur til að greiða kr. 3341.50 ásamt 6% ársvöxtum frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Aðalstefndi krefst sýknu í aðalsök og málskostnaðar úr hendi aðalstefnanda. Aðalstefndi hefur höfðað gagnsök í máli þessu með gagnstefnu, út gefinni 4. des. sl., á hendur aðalstefnanda og krefst þess, að hann verði dæmdur til að greiða kr. 168.83 auk 6% ársvaxta frá útgáfudegi gagnstefnu til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Gagnstefndi krefst sýknu af kröfum gagnstefnanda í gagnsök.

Aðalsök. Aðalstefnandi kveður málsatvik þau, að aðalstefndi hafi fengið á leigu íbúð í húsinu nr. 7 við Aðalgötu í Ólafsfirði hinn 14. maí 1946, en stefnandi hafði þá fyrir skemmstu eignazt nefnt húsnæði. Aðalstefndi var um þetta leyti framkvæmdastjóri hjá aðalstefnanda og hafði bókhald hans og fjárreiður með höndum. Ekki var samið um upphæð húsaleigunnar, er aðalstefndi skyldi greiða eftir íbúðina, en hann greiddi og færði aðalstefnanda til tekna kr. 125.00 á mánuði fyrir íbúðina eftir einhliða ákvörðun sinni. Hinn 19. nóv. 1947 fór aðalstefndi úr íbúðinni og hafði þá haft afnot hennar í 18 mánuði og 4 daga. Var hann þá búinn að greiða kr. 2437.50 í húsaleigu. Segir aðalstefnandi, að ekki hafi náðst samkomulag við aðalstefnda um upphæð leigunnar og hafi aðalstefnandi því með bréfi 14. nóv. 1947 óskað eftir því, að húsaleigunefnd mæti leiguna. Matið fór fram 23. s. m., og nam matsupphæð kr. 3825.00 miðað við 1 ár. Samkvæmt því telur aðalstefnandi, að leiga fyrir íbúðina þann tíma, er aðalstefndi hafði afnot hennar, nemi kr. 5779.00. Vangreiddar séu því kr. 3341.50, og er það upphæð stefnukröfunnar í málinu.

Aðalstefndi byggir sýknukröfu sína á eftirfarandi: Hann kveðst hafa spurt stjórnendur aðalstefnanda um leiguupphæð, en ekki fengið svar. Hafi hann þá einhliða ákveðið leiguna kr. 125.00 á mánuði, enda kveðst hann ekki mundu hafa tekið íbúðina á leigu fyrir hærri upphæð. Þessa leigu kveðst hann hafa greitt og fært í reikninga aðalstefnanda á árinu 1946 og bókfært sem leigu fyrir tímabilið 14. maí 1946 til 31. des. 1947. Hann hætti störfum hjá aðalstefnanda í ársbyrjun 1947. Eftir að hann fluttist úr íbúðinni 19. nóv. 1947, lét aðalstefnandi fara fram fyrrgreint mat á leigunni. Hann neitar að viðurkenna það sem bindandi fyrir sig, enda sé aðalstefnandi bundinn við óhaggaða færslu í reikningum félagsins á leigugreiðslu þeirri, er hann hefur þegar greitt. Þá er matinu einnig mótmælt af þeirri ástæðu, að ekki sé sjáanlegt, á hvaða rökum það sé reist.

Ekki verður talið, að mat húsaleigunefndar sé ógilt fyrir þá sök, að ekki eru greindar forsendur að matinu, enda engin lagaákvæði til um form slíkra úrskurða húsaleigunefndar. Mál þetta veltur því á því, hvort aðalstefnandi hafi með aðgerðaleysi sínu og tómlæti fyrirgert rétti sínum til þess að heimta hærri leigu en aðalstefndi hafði einhliða ákveðið.

Eins og fyrr greinir, hófst leigutíminn 14. maí 1946, án þess að leiguupphæð væri ákveðin. 18 mánuðir liðu, þar til er aðalstefnandi hófst handa um að fá leiguna ákveðna með mati. Verulegan hluta af þeim tíma hafa forráðamenn aðalstefnanda vitað eða átt að vita um leigugreiðslur aðalstefnda án þess að gera fyrirvara um greiðslurnar eða heimta hærri leigu, svo að sannað sé. Vorið 1947 sagði aðalstefnandi aðalstefnda upp húsnæðinu, en var synjað um staðfestingu á lögmæti uppsagnarinnar af hálfu húsaleigunefndar. Gerði aðalstefnandi þá tilraun til að fá uppsögnina staðfesta fyrir héraðsdómi, en án árangurs. Bar aðalstefnandi þá ekki fyrir sig vanskil á greiðslu húsaleigunnar,

eftir því sem fullyrt var án mótmæla við munnlegan flutning þessa máls.

Samkvæmt framangreindu þykir aðalstefnandi með aðgerðaleysi sínu um 18 mánaða skeið hafa firrt sig rétti til að heimta hærri leigu en greidd hafði verið af hálfu aðalstefnda þann tíma með vitund forráðamanna aðalstefnanda, að því er ætla verður, og án mótmæla þeirra, svo að sannað sé. Ber samkvæmt því að sýkna aðalstefnda af kröfum aðalstefnanda.

Gagnsök. Samkvæmt því, sem hér að framan greinir, hefur gagnstefnandi greitt húsaleigu kr. 125.00 á mánuði til ársloka 1947, en fór þó úr íbúðinni 19. nóv. 1947. Telur hann sig því hafa ofgreitt húsaleigu frá þeim tíma, er hann fluttist úr íbúðinni, til ársloka 1947 með kr. 168.83, enda hafi hann farið úr íbúðinni síðar en gagnstefndi krafðist. Hefur gagnstefnandi höfðað gagnsök til sjálfstæðs dóms til heimtu á kröfu þessari.

Samkvæmt því, sem að framan greinir um aðalsök, þykir krafa þessi á rökum byggð, og ber því að dæma gagnstefnda til að greiða gagnstefnanda framangreinda upphæð ásamt vöxtum, eins og krafizt er.

Rétt þykir, að málskostnaður í aðalsök og gagnsök falli niður.

Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Aðalstefndi, Magnús Jónsson, á að vera sýkn af kröfum aðalstefnanda, Verzlunarfélags Ólafsfjarðar, í aðalsök.

Í gagnsök greiði gagnstefndi, Verzlunarfélag Ólafsfjarðar, gagnstefnanda, Magnúsi Jónssyni, kr. 168.83.

Málskostnaður í aðalsök og gagnsök fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 4. nóvember 1949.

Kærumálið nr. 17/1949.

Sigurður Guðmundsson

gegn

Ólafi Péturssyni og utanríkisráðherra.

Setudómari próf. Ólafur Jóhannesson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Um skyldu til framlagningar skjala.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 8. október þ. á., er hingað barst 18. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 151. gr. laga nr. 85/1936 kært úrskurð,

upp kveðinn í bæjarþingi Reykjavíkur 3. okt. þ. á., í máli varnaraðilja Ólafs Péturssonar gegn sóknaraðilja, en með úrskurði þessum er hrundið kröfu sóknaraðilja um framlagningu skjala úr hendi utanríkisráðherra.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og að lagt verði fyrir utanríkisráðherra að afhenda bæjarþinginu skjöl þau, sem krafizt er framlagningar á. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðiljans Ólafs Péturssonar eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðiljar hafa báðir sent Hæstarétti greinargerðir. Krefjast þeir hvor í sínu lagi staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Ekki þykir fullyrðandi, að ekki kunni að felast í skjölum þeim, sem framlagningar er krafizt á, upplýsingar, sem áhrif geta haft um niðurstöðu málsins. Hins vegar kunna að vera í skjölunum atriði, sem varða hagsmuni ríkisins og leynt eiga að fara, sbr. lögjöfnun frá 126. gr., 1. og 2. tölul., laga nr. 85/1936. Þykir því rétt samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 149. gr. nefndra laga, að skjölin verði lögð fram fyrir héraðsdómara í trúnaði og að hann gegn fullkominni þagnarskyldu taki eftirrit af því úr skjölunum, sem skylt er og heimilt að leggja fram, ef slíku er til að dreifa, eða taki upp úr skjölunum skýrslu um þau atriði.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Varnaraðili, utanríkisráðherra, skal veita héraðsdómara færi á að kynna sér skjöl þau, sem framlagningar er krafizt á, og taka úr þeim eftirrit eða upp úr þeim skýrslur með þeim hætti, sem að ofan segir.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 3. október 1949.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 27. f. m., hefur Ólafur Pétursson hér í bæ höfðað fyrir bæjarþinginu, að undangenginni árangurslausri sáttaumleitan, gegn Sigurði Guðmundssyni ritstjóra, Fálkagötu 1 hér í bænum, vegna ummæla í greinum, er birtust í dagblaðinu Þjóðviljan-

um hér í bænum dagana 27. marz, 6. apríl, 13. apríl, 28. apríl og 29. apríl sl., en stefndur var ábyrgðarmaður þess blaðs.

Hin umstefndu ummæli eru þessi:

Í 69. tbl., er kom út 27. marz sl., í nafnlausri grein með fyrirsögninni „Burt með leppstjórnina" þessi ummæli:

„Lið þetta er m. a. skipulagt og þjálfað af morðingjanum Ólafi Péturssyni, sem ríkisstjórnin leysti úr 20 ára tukthúsi í Noregi, þar sem hann hafði á samvizkunni á þriðja tug mannslífa."

Í 77. tbl., er kom út 6. apríl sl., í nafnlausri grein með fyrirsögninni „Nokkur dæmi um framkvæmd hins vestræna lýðræðis" þessi ummæli:

„..... hershöfðinginn er fenginn beint frá Gestapo. „Íslenzki böðullinn," var hann kallaður í Noregi ..... Dæmdur glæpamaður, fluttur frá Noregi til að gæta laga og réttar á Íslandi."

Í 83. tbl., er kom út 13. apríl sl., í nafnlausri grein með fyrirsögninni „Dæmdur glæpamaður, nazistinn Ólafur Pétursson, krefst 75 þús. kr. skaðabóta af Þjóðviljanum, sem minnt hafði á fortíð hans að gefnu tilefni" þessi ummæli:

„Þjóðviljinn hefur skýrt frá þátttöku nazistans Ólafs Péturssonar í hvítliðasveitum Heimdallarskrílsins, mannsins, sem norskur dómstóll dæmdi í 20 ára hegningarvinnu fyrir að vera valdur að dauða á þriðja tugs norskra ættjarðarvina ..... Íslenzkur njósnari með mörg norsk líf á samvizkunni ..... Íslenzka njósnaranum, Ólafi Péturssyni, sem hefur mörg norsk mannslíf á samvizkunni ....."

Í 91. tbl., er kom út 28. apríl sl., í grein undirritaðri með dulnefninu „Suðurnesjamaður" með fyrirsögninni „Hurfu til upphafs síns" þessi ummæli:

„Jafnvel dæmdur glæpamaður eins og Ólafur Pétursson gerir sig gildan og stefnir Þjóðviljanum fyrir ummæli, sem hafa þann eina galla að vera allt of væg um hin óskynjanlegu illvirki þess manns."

Í 92. tbl., er kom út 29. apríl sl., í grein undirritaðri með dulnefninu „Xy" með fyrirsögninni „Glæpamaður í gróðahug" þessi ummæli:

„Stórglæpamaður, sem í einu nágrannalandi okkar var sekur fundinn um dauða fjölda ungra frelsisvina ....." „..... sem hefur sagt sannleikann um blóðferil hans."

Stefnandi, sem telur ummæli þessi stórlega meiðandi og móðgandi fyrir sig, hefur gert þær dómkröfur, *að* stefndur verði dæmdur fyrir þau í þyngstu refsingu, sem lög leyfa, *að* meiðyrðin verði dæmd dauð og ómerk, *að* stefndur verði dæmdur til að greiða honum hæfilega fjárhæð til að standast kostnað af birtingu dómsins í opinberu blaði, *að* stefndur verði dæmdur til að greiða honum bætur fyrir fjártjón og miska, að fjárhæð kr. 75.000.00, með 6% ársvöxtum frá 9. apríl sl. til greiðsludags og *að* stefndur verði dæmdur til að greiða málskostnað samkvæmt framlögðum reikningi eða að mati dómarans.

Stefndur hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða málskostnað að mati dómarans.

Með bréfi, dags. 2. júní sl., fór lögmaður stefnds þess á leit við utan-

ríkis- og dómsmálaráðherra, að hann yrði látinn fá til notkunar í málinu endurrit af öllum bréfum eða „nótum", sem farið hefðu á milli utanríkisráðuneytisins og sendiherra Íslands í Noregi og milli sendiherra Íslands í Noregi og norskra stjórnvalda varðandi stefnanda, enn fremur skýrslur um önnur „orðskipti", hvort sem þau hefðu verið skrifleg eða munnleg, sem fram hefðu farið milli íslenzkra og norskra stjórnvalda óbeint eða með aðstoð sendiherra ríkjanna varðandi stefnanda.

Bréfi þessu svaraði utanríkisráðherra með bréfi, dags. 29. s. m., og neitaði þar að láta lögmanninn fá þessar skýrslur, þar sem þær væru þýðingarlausar fyrir mál þetta.

Á bæjarþingi hinn 15. sept. sl. krafðist lögmaður stefnds þess, að utanríkisráðherra yrði með úrskurði skyldaður til þess að leggja fram áðurgreind afrit og skýrslur til afnota í málinu. Kröfur þessar byggir stefndur á því, að skjöl þessi geti haft úrslitaþýðingu fyrir málið. Stefnandi hafi haldið því fram, að hann hafi verið í ólöglegu haldi í Noregi og að ummæli þau, sem um hann hafi verið höfð og stefnt sé út af, séu ósönn. Stefnandi hafi hins vegar hlotið mjög þungan refsidóm í Noregi. Íslenzk stjórnvöld hafi fengið stefnanda afhentan, áður en hann hafi lokið að afplána refsidóm þennan. Af þessu megi ætla, að utanríkisráðuneytið hafi í höndum gögn, er hafi verulega þýðingu um sekt eða sýknu stefnanda, en slík gögn hafi úrslitaþýðingu í máli þessu.

Stefnandi hefur mótmælt því, að utanríkisráðuneytið verði skyldað til að leggja fram gögn þessi. Mótmæli sín byggir hann í fyrsta lagi á því, að stefndur hafi ekki gert nægilega grein fyrir skjölum þeim, er hann krefst framlagningar á. Hann krefjist framlagningar óákveðins fjölda skjala án þess að gera grein fyrir efni þeirra, eins og þó sé krafizt í 147. gr. einkamálalaganna. Þá krefjist stefndur að nokkru skýrslna, er virðast vera vitnaskýrslur og ekki komi til álita í þessu sambandi. Enn telur stefnandi, að synja beri þessari kröfu stefnds, þar sem hann hafi ekki sýnt fram á, hvaða málsatvik eigi að skýra með skjölum þessum.

Utanríkisráðuneytið, sem hefur verið gefinn kostur á að koma að athugasemdum sínum um þetta atriði, hefur mótmælt skyldu sinni til að leggja fram skjöl þessi og talið, að þau gætu enga þýðingu haft fyrir málið. Þá hefur ráðuneytið talið, að þótt svo yrði litið á, að skjöl þessi kynnu að hafa þýðingu fyrir niðurstöðu máls þessa, þá sé því þó eigi heimilt eða skylt að láta þau af hendi samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 149. gr. einkamálalaganna.

Var atriði þetta síðan tekið til úrskurðar 27. f. m.

Í máli þessu er fram komið, að stefnandi, sem dvaldist um alllangt skeið í Noregi, var hinn 31. maí 1947 dæmdur af Bergen lagsogns lagmannsret í 20 ára hegningarvinnu fyrir brot gegn norskum lagaákvæðum. Dómi þessum virðist ekki hafa verið áfrýjað. Af hálfu íslenzkra stjórnvalda virðast hafa verið gerðar tilraunir til að fá stefnanda afhentan. Hinn 8. ágúst 1947 var stefnanda, sem er íslenzkur ríkisborgari, vísað úr landi í Noregi af norskum stjórnvöldum. Fór hann síðan hingað

til lands. Svo virðist sem kröfur íslenzkra stjórnvalda hafi meðal annars átt þátt í fyrrgreindri brottvísun stefnanda úr Noregi.

Þegar virt eru atvik máls þessa, sem þegar eru fram komin, verður ekki séð, að neitt hafi fram komið af hálfu aðilja, er bendi til, að skjöl þau, sem krafizt hefur verið framlagningar á, geti nokkru máli skipt um úrslit máls þessa, enda hefur stefnandi enn engin rök að því leitt, að hald hans í Noregi og refsidómur þar hafi verið ólögmætt.

Með vísan til þessa verður krafa stefnds um framlagningu fyrrgreindra skjala ekki tekin til greina.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Framangreind krafa stefnds, Sigurðar Guðmundssonar, um framlagningu skjala úr hendi Bjarna Benediktssonar utanríkisráðherra verður ekki tekin til greina.

Föstudaginn 11. nóvember 1949.

Nr. 7/1947. **Eyvindur Árnason** (Gústaf A. Sveinsson)
gegn
Ara K. Eyjólfssyni (Sigurgeir Sigurjónsson).

Setudómarar próf. Ólafur Jóhannesson og hrl. Lárus Jóhannesson í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Lóðamerkjamál. Krafa um brottnám mannvirkja. Ágreiningur dómenda.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. janúar 1947, gerir þær dómkröfur:

1. Að kveðið verði á um það með dómi, að mörkin milli lóðar hans, nr. 52 við Laufásveg í Reykjavík, og lóðar stefnda, nr. 19 B við Fjólugötu, liggi þar, sem stóð skíðgarður áfrýjanda milli lóðanna, þ. e. eftir línu hliðstætt (parallelt) við Laufásveg, 27.64 metra frá þeirri götu, beint úr hlöðnum grjótgarði, er stóð suðaustan við Laufásstún, í steinsteypuvegg suðaustan við lóð áfrýjanda og lóð stefnda.

2. Að stefnda verði að viðlögðum dagsektum dæmt að nema burtu þau mannvirki, sem hann hefur gert á lóð áfrýjanda, nr. 52 við Laufásveg, koma lóðinni í samt lag aftur, setja niður girðingu í stað hinnar eyðilögðu girðingar áfrýjanda svo og bæta rask það, sem hann hefur gert á lóðinni.
3. Og loks að stefnda verði dæmt að greiða áfrýjanda málskostnað bæði fyrir merkjadómi og Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Svo sem nánar er rakið í héraðsdómi, keypti áfrýjandi 22. júní 1920 lóð úr Laufásstúni af Tryggva Þórhallssyni og samerfingjum hans. Var lóð þessi 1000 ferálnir að flatarmáli og varð nr. 52 við Laufásveg. Afsal var gefið út fyrir lóð þessari 1920, en því var ekki þinglýst. Annað afsal var gefið út hinn 17. desember 1924, og var því þinglýst hinn 22. janúar 1925. Afsöl þessi voru undirrituð af Tryggva Þórhallssyni fyrir hönd allra samerfingjanna.

Síðast á árinu 1932 tók áfrýjandi undir umráð sín viðbótarlóð á Laufásstúni niður undan fyrri lóð sinni. Er viðbótarlóðin talin um 126.5 fermetrar að flatarmáli. Aðdragandanum að umráðum sínum yfir viðbótarlóðinni lýsir hann þannig, að svo hafi samizt með þeim Tryggva Þórhallssyni, að Tryggvi fyrir hönd samerfingjanna seldi honum viðbótarlóðina. Afsal hafi Tryggvi að vísu ekki gefið út fyrir viðbótarlóðinni, þar sem þess hafi ekki verið talin þörf, en hinn 18. nóvember 1932 hafi hann greitt Tryggva andvirði viðbótarlóðarinnar, kr. 500.00, og hafi Tryggvi þá afhent honum kvittun, er hann hefur lagt fram í málinu og hljóðar svo:

„Eyvindur Árnason trésmíðameistari hefur greitt mér 500.00 — fimm hundruð krónur — upp í viðbótarlóð þá, sem ég hef selt honum. Reykjavík 18. nóv. 1932. Tryggvi Þórhallsson."

Áfrýjandi bendir og á eignarheimild sinni til stuðnings, að hann hafi á viðbótarlóðinni, sem varð einn hluti af skrúðgarði hans, ræktað tré og runna og í öllu farið með hana sem

sína eign. Hafi hann framkvæmt þessi umráð sín öll fyrir augunum á Tryggva Þórhallssyni og fjölskyldu hans, er bjó í næsta húsi. Hefur áfrýjandi lagt fram vottorð frá mönnum, sem unnu við girðingu á lóð hans, þess efnis, að Tryggvi hafi verið viðstaddur, er girt var, og engum athugasemdum hreyft. Kona Tryggva Þórhallssonar, frú Anna Klemensdóttir, hefur í vottorði, sem lagt er fram í málinu, lýst því, að henni hafi verið kunnugt um, *að* áfrýjandi hafi viljað fá keypta viðbótarlóð í Laufásstúni, *að* eiginmaður hennar hafi í því sambandi tekið við 500 króna greiðslu af áfrýjanda, og loks, *að* henni sé ekki kunnugt um, að eiginmaður hennar eða nokkur annar hafi hreyft andmælum gegn girðingu áfrýjanda um viðbótarlóðina, þegar hún var reist.

Öll þau atriði, sem nú hafa verið rakin, verða ekki skýrð á annan veg en þann, að Tryggvi Þórhallsson hafi fyrir sína hönd og samerfingjanna selt áfrýjanda nefnda viðbótarlóð, enda er ekki af hendi samerfingjanna fram komin nein véfenging á heimild hans til þess. Verður því við það að miða, að áfrýjandi hafi öðlazt eignarrétt að viðbótarlóðinni, þótt hann hafi vanrækt að fá skriflegt afsal og láta þinglýsa því, en hins vegar hefur hann ekki í máli þessu fært sönnur á, að andvirði viðbótarlóðarinnar hafi verið að fullu greitt.

Hinn 13. júlí 1945 afsalaði Svava Þórhallsdóttir stefnda í máli þessu lóð úr Laufásstúni, sem fallið hafði í hennar hlut við erfingjaskipti hinn 14. september 1933. Er lóð þessi, sem varð nr. 19 B við Fjólugötu, talin í afsalinu vera 545.7 fermetrar, „eins og hún er sýnd á uppdrætti, samþykktum á fundi byggingarnefndar Reykjavíkur 14. maí 1945". Er m. a. sagt í afsalinu, að lóðin sé kvaðalaus að öðru en því, að sameigin akbraut fyrir hana og aðliggjandi lóðir liggi að nokkru um hana. Það virðist ljóst af málsgögnum, að stefndi hefur skoðað lóðina, áður en hann festi kaup á henni. Hefur hann því séð legu hennar svo og legu lóða þeirra, sem að henni liggja, þar á meðal skrúðgarð áfrýjanda. Þegar þessa er gætt og um leið er litið á það orðalag afsalsins, að lóðin sé kvaðalaus að öðru en akbraut, svo og á önnur gögn málsins, þykir verða að leggja það til grundvallar, að stefndi hafi talið sig vera að kaupa lóð þá, er hann sá, óbundna af umráðum og

hömlum þriðja manns, og að honum hafi ekki þá verið ljóst, að hin óbundna lóð var minni en í afsalinu greindi og sýnt var á uppdrætti þeim, sem hafður var til hliðsjónar við kaupin og gerður var af bæjaryfirvöldum. Eins og þessum atriðum er háttað, verður stefndi ekki talinn hafa með traustnámi öðlazt rétt til hluta af skrúðgarði áfrýjanda.

Eigi síðar en er byggingaryfirvöld Reykjavíkur höfðu staðsett hús og mannvirki á lóð stefnda samkvæmt uppdrætti af lóðaskipun á þessu svæði, kom í ljós, að lóðin tók samkvæmt tilgreiningu í afsali svo og samkvæmt uppdrætti, sem þar var vísað til, yfir 36.2 fermetra af viðbótarlóð þeirri, sem áfrýjandi hafði áður keypt af Tryggva Þórhallssyni og gert að skrúðgarði. Stefndi vildi nú helga sér þennan hluta skrúðgarðsins og bar fyrir sig tilgreiningu um stærð lóðarinnar í afsali og uppdrátt þann, er byggingarnefnd samþykkti 26. janúar 1933, svo og uppdrátt byggingarnefndar frá 14. maí 1945, en áfrýjandi mótmælti harðlega. Þrátt fyrir það hóf stefndi hinn 23. apríl 1946 byggingu hússins og bílskúrs, eins og byggingaryfirvöld höfðu staðsett þessi mannvirki á lóðinni, tók niður girðingu áfrýjanda, tók upp tré og runna, er voru á lóðarspildunni, og hagnýtti hana undir horn af húsi sínu og áfastan bílskúr og steypti steinvegg á þeim lóðamörkum, er hann taldi vera. Þegar litið er á þau atvik, sem nú voru rakin, svo og á það, að áfrýjandi hafði vanrækt að láta skrásetja eignarheimild sína að lóðarspildu þeirri, sem um er deilt, hjá lóðarskrárritara og síðar að þinglýsa henni, þá verður ekki talið sannað, að stefndi hafi gegn betri vitund um efnisrétt sinn lagt hana undir lóð sína. Það hefði í för með sér mikla eyðileggingu verðmæta, ef stefnda yrði gert að brjóta niður mannvirki þau, er hann hefur gert á lóðinni, þ. e. hluta íbúðarhúss, bílskúr og steinsteyptan vegg. Ef hin umdeilda lóðarræma yrði frá húsinu tekin, mundi og staðsetning þess á lóðinni svo og útlit fara í bága við þær reglur, er byggingaryfirvöld Reykjavíkur fara eftir. Þegar gætt er allra þeirra atriða, sem að framan eru rakin, þá þykir verða við það að sitja, að stefndi haldi lóðarspildunni, en áfrýjandi á skaðabótakröfu á hendur honum fyrir töku lóðarinnar og spjöll á eigninni nr. 52 við Laufásveg, og á áfrýjandi lögveð

í eigninni nr. 19 B við Fjólugötu til tryggingar þeirri kröfu, en krafa þessi verður ekki dæmd í þessu máli.

Eins og skiptum aðilja er háttað, ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 2500.00.

Dómsorð:

Kröfur áfrýjanda, Eyvindar Árnasonar, um rýming mannvirkja af lóðarspildu þeirri, sem stefndi, Ari K. Eyjólfsson, tók undan eign áfrýjanda, nr. 52 við Laufásveg, og lagði undir eignina nr. 19 B við Fjólugötu, eru ekki teknar til greina.

Stefndi greiði áfrýjanda kr. 2500.00 í málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
hrd. Þórðar Eyjólfssonar og prófessors Ólafs Jóhannessonar.

Við erum samþykkir röksemdum og ályktun í forsendum hæstaréttardómsins um það, að áfrýjandi hafi verið eigandi hinnar umdeildu lóðarspildu, þegar stefndi hinn 23. apríl 1946 tók hana með ofríki undir umráð sín, tók sjálfur upp og án þess að leita aðstoðar dómstóla skíðgarð og tré áfrýjanda og varpaði trjánum lengra inn í skrúðgarð hans. Stefndi hóf síðan vinnu við húsbyggingu sína og lét m. a. fara að grafa fyrir bílskúr inni á lóð þeirri, sem áfrýjandi taldi sér. Þessum framkvæmdum var harðlega mótmælt af áfrýjanda, er kvaddi lögreglu á vettvang. Stefndi vildi eigi verða við tilmælum lögreglu um að hætta verkinu um stundarsakir, meðan málið væri athugað, en ekki verður séð, að lögreglan hafi gert frekara í málinu. Áfrýjandi hófst þá þegar handa um málssókn og gaf út merkjadómsstefnu 26. apríl 1946, er birt var 11. maí s. á. Þrátt fyrir þá málssókn hélt stefndi áfram byggingarframkvæmdum og lét steypa fyrirhugaðan bílskúr og steinvegg inni á lóðarræmu þeirri, sem hann vissi, að áfrýjandi taldi sig eiga, og málssókn var risin út af.

Við teljum, að stefnda hafi verið eða að minnsta kosti átt

að vera ljóst, að taka hans á lóðarspildunni og aðrar framangreindar aðgerðir hans væru löglausar, hverrar trúar sem hann hefur verið um efnislegan rétt sinn til lóðarspildunnar. Af þeim sökum teljum við einnig, að hvorki geti vangæzla áfrýjanda um þinglýsingu eignarheimildar fyrir lóðarspildunni né heldur það, að stefndi reisti bílskúr á lóð áfrýjanda, helgað stefnda rétt til þess að halda hinni umdeildu lóðarspildu sem sinni. Hins vegar má á það fallast, að íbúðarhús stefnda standi áfram óskert, þó að eitt horn þess nemi lítils háttar inn á lóð áfrýjanda.

Samkvæmt þessu teljum við rétt, að mörk milli lóðar áfrýjanda, nr. 52 við Laufásveg, og lóðar stefnda, nr. 19 B við Fjólugötu, skuli vera þessi: Úr steinsteypuvegg suðvestan við lóð áfrýjanda, 27.64 metra frá Laufásvegi, bein lína að norðausturhorni íbúðarhúss stefnda og þaðan framhaldandi sama beina lína að hlöðnum grjótgarði, er stóð suðaustan við Laufásstún.

Stefnda ber að nema burtu bílskúr, steingarð og önnur mannvirki af lóð áfrýjanda innan 4 mánaða frá birtingu dóms þessa að viðlögðum 100 króna dagsektum til áfrýjanda frá þeim tíma.

Um skaðabætur úr hendi stefnda til áfrýjanda fyrir rask á lóðinni verður ekki dæmt í þessu máli.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 2500 krónur.

Samkvæmt framanskráðu teljum við, að dómsorð ætti að hljóða svo:

Mörk milli lóðar áfrýjanda, Eyvindar Árnasonar, nr. 52 við Laufásveg, og lóðar stefnda, Ara K. Eyjólfssonar, nr. 19 B við Fjólugötu, skulu vera þessi: Úr steinsteypuvegg suðvestan við lóð áfrýjanda, 27.64 metra frá Laufásvegi, bein lína að norðausturhorni íbúðarhúss stefnda og þaðan framhaldandi sama beina lína að hlöðnum grjótgarði, er stóð suðaustan við Laufásstún.

Stefnda ber að taka burtu bílskúr, steingarð og önnur mannvirki af lóð áfrýjanda innan 4 mánaða frá birtingu dóms þessa að viðlögðum 100 króna dagsektum til áfrýjanda frá þeim tíma.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 2500.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur merkjadóms Reykjavíkur 30. nóvember 1946.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. þ. m., hefur Eyvindur húsgagnasmíðameistari Árnason, Laufásvegi 52 hér í bæ, höfðað fyrir merkjadóminum með stefnu, út gefinni 26. apríl 1946, gegn Ara K. Eyjólfssyni verkstjóra, Hrefnugötu 8 hér í bæ, og haft uppi þessar kröfur:

Að svo verði ákveðið með dómi, að mörkin milli lóðar stefnanda, nr. 52 við Laufásveg, og lóðar stefnds, nr. 19 B við Fjólugötu, liggi þar, sem stóð skíðgarður stefnanda milli lóðanna, þ. e. eftir línu hliðstætt (parallelt) við Laufásveg, 27.64 metra frá þeirri götu, beint úr hlöðnum grjótgarði, er stóð suðaustan við Laufásslóðina, í steinsteypuvegg suðaustan við lóðir aðilja;

að stefndur verði, að viðlögðum dagsektum ekki lægri en 100 króna, dæmdur til að nema burtu þau mannvirki og rask, sem stefnandi telur hann hafa gert á lóð stefnanda, og færa hana í samt lag og áður, þ. á m. setja upp girðingu í stað hinnar eyðilögðu;

að stefndur verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu.

Stefndur hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að mati dómsins. Þá hefur hann og krafizt þess, að ákveðið verði með dómi, að mörkin milli lóða aðilja séu eins og þau eru sýnd á uppdrætti, samþykktum á fundi byggingarnefndar hinn 14. maí 1945.

Málavextir eru þessir:

Með afsali, dags. 22. júní 1920, varð stefnandi eigandi lóðar úr Laufásstúni. Var lóð þessi við Laufásveg og varð síðan nr. 52 við þá götu. Samkvæmt ákvæðum afsalsins var lóðin 1000 ferálnir að flatarmáli, og voru þessi mörk hennar: suðurmörk við Laufásveg, 40 álnir frá suðausturhorni hússins, með veginum var lóðin 30 álnir, en suður- og norðurmarkalínur skyldu dregnar hornrétt á veginn og voru 33⅓ alin að lengd. Afsali þessu var eigi þinglýst. Annað afsal var út gefið hinn 17. desember 1924 og þinglýst í janúar 1925, og er merkjalýsing þess að efni hin sama sem í fyrra afsalinu. Er þetta gerðist, var Laufásstún í óskiptri sameign erfingja Þórhalls biskups Bjarnarsonar, og voru afsölin undirrituð af Tryggva Þórhallssyni sem umboðsmanni sameigenda. Stefnandi skýrir svo frá, að hinn 18. nóvember 1932 hafi hann keypt af Tryggva viðbótarlóð úr Laufásstúni suðvestan við hina fyrri lóð. Afsal var aldrei gefið um viðbótarlóð þessa, en stefnandi hefur lagt fram svohljóðandi kvittun: „Eyvindur Árnason trésmíðameistari hefur greitt mér 500 — fimm hundruð krónur — upp í viðbótarlóð þá, sem ég hefi selt honum. Reykjavík 18. nóv. 1932. Tryggvi Þórhallsson.“ Sumarið eftir lét stefnandi gera girðingu um lóðarspildu þá, er hann telur sig hafa keypt, og lýsir hann mörkum hennar þannig: Frá norðvesturhorni hinnar eldri lóðar með grjótgarði, sem liggur til suðausturs og síðan 4.10 metra til suð-

vesturs og var hluti af girðingu um Laufásslóðina, þaðan eftir 17.5 metra langri línu hliðstæðri (parallel) við Laufásveg til suðausturs í steinsteypugarð, er stendur við suðausturenda umræddrar lóðarspildu, síðan eftir þeim garði 8.0 metra til norðausturs og þaðan eftir línu þvert norðvestur í steinsteypugarð á suðausturmörkum hinnar eldri lóðar, 90 cm frá vesturenda hans. Kveður stefnandi mörk þessi hafa verið sett með samþykki Tryggva, þ. á m. skiðgarð þann, er settur var eftir framangreindri suðvesturmarkalínu, 17.5 m langri. Hinn 14. september 1933 gerðu sameigendur Laufáss endanleg skipti á fasteignum búsins, og kom lóð sú, er liggur vestan og suðvestan lóðar stefnanda, í hlut Svövu Þórhallsdóttur. Lóð Svövu Þórhallsdóttur var síðan skipt í þrennt, og eru þar nú lóðirnar nr. 19, 19 A og 19 B við Fjólugötu. Með afsali, dagsettu 13. júlí 1945, seldi Svava Þórhallsdóttir stefndum í máli þessu lóðina nr. 19 B við Fjólugötu. Er lóðinni lýst svo í afsalinu, að hún sé 545.7 fermetrar að flatarmáli og sýnd á uppdrætti, er byggingarnefnd Reykjavíkur samþykkti hinn 14. maí 1945. Stefndur hófst handa um húsbyggingu á lóð sinni í aprílmánuði síðastliðnum, og lét hann þá rífa fyrrnefndan skiðgarð og flytja lóðamerki í samræmi við ákvæði afsalsins til sín, en samkvæmt uppdrætti þeim, sem það vísar til, eru mörkin milli lóðanna 16.8 metra löng bein lína, dregin úr suðausturhorni grjótgarðs þess, sem fyrr greinir, í fyrrnefndan steinsteypugarð suðaustan lóðanna. Þessum aðgerðum stefnds vildi stefnandi ekki una og höfðaði hann því mál þetta.

Stefnandi styður kröfur sínar við það, að hann hafi eignazt hinn umþráttaða lóðarskika með samningum við Tryggva Þórhallsson hinn 18. nóvember 1932. Telur hann, að sannað sé, að mörk lóðarinnar að suðvestanverðu séu skiðgarður sá, er hann setti árið eftir, þótt skrifuð skilríki séu engin fyrir hendi. Seljandi hafi verið viðstaddur, er byrjað var að girða, og hafi samþykkt þau mörk, enda hafi enginn haft uppi andmæli um réttmæti þessara marka, fyrr en stefndur reif garðinn. Seljandi og heimilisfólk hafi einnig séð og vitað um allar aðrar framkvæmdir stefnanda á lóðinni án þess að gera við þær nokkrar athugasemdir. Telur stefnandi hina fyrri sameigendur seljanda, þ. á m. heimildarmann stefnds, hafa verið bundna af samþykki seljanda um lóðarmörk þessi.

Stefndur hefur eigi andmælt því, að stefnandi hafi keypt viðbótarlóð, en hins vegar mótmælt staðhæfingum hans um stærð hennar og mörk. Telur hann, að leggja beri til grundvallar dómi í málinu uppdrætti bæjarvalda, þ. á m. uppdrátt samþykktan af byggingarnefnd hinn 26. janúar 1933, er hann telur hafa verið miðað við, þegar framangreind skipti fóru fram, en á honum er viðbótarlóðar stefnanda að engu getið.

Stefnandi hefur viðurkennt, að hann hafi eigi fengið afsalsbréf fyrir viðbótarlóð þeirri, er hann kveðst hafa keypt af Tryggva Þórhallssyni 18. nóv. 1932. Hann hefur eigi heldur hirt um að tryggja rétt sinn til umræddrar viðbótarlóðar með því að láta þinglýsa heimild sinni fyrir henni, og eigi verður séð, að fengið hafi verið samþykki byggingar-

nefndar til þeirrar skiptingar á lóðinni, er stefnandi telur, að þá hafi verið um samið, sbr. 1. nr. 35 2. nóv. 1914, 11. gr. Að vísu má telja sannað, að seljanda, Tryggva Þórhallssyni, hafi verið kunnugt um, hvernig stefnandi girti lóðina, og jafnvel verið viðstaddur, er skíðgarðurinn var reistur, og eigi er sannað, að hann hafi mótmælt því, hvar girðingin var sett. En hæpið þykir að meta það aðgerðaleysi hans sem afsal á lóð þeirri, sem um er deilt í máli þessu. Á hinn bóginn er á það að líta, að á uppdrætti af lóðaskipun á þessu svæði, er samþykktur var af byggingarnefnd 26. jan. 1933, er þrætulóðin talin til eignarinnar nr. 19 (nú 19 B) við Fjólugötu. Við erfingjaskipti á fasteignum dánarbús Þórhalls biskups Bjarnarsonar 14. sept. 1933 var Svövu Þórhallsdóttur úthlutað lóðinni nr. 19 við Fjólugötu. Í skiptagerningnum er þess getið, að ummerki lóðar Svövu séu sýnd á meðfylgjandi uppdrætti, er staðfestur sé af borgarstjóra. Sá uppdráttur hefur eigi komið fram í málinu, en með því að lóðaskrárritari hefur 4. okt. 1933 ritað á skiptagerninginn, að eigendaskiptanna sé getið, sbr. 1. nr. 35 20. júní 1933, 7. gr., og byggingarnefnd hafði eigi breytt hér umræddri lóðaskipan frá 26. jan. 1933 og til þess tíma, má telja víst, að skiptin hafi verið byggð á lóðaskiptingu þeirri, sem ákveðin hafði verið af byggingarnefnd 26. jan. 1933, og þar sem Tryggvi Þórhallsson var einn af aðiljum skiptagerningsins, bendir þetta til þess, að hann hafi talið þrætulóðina enn vera eign dánarbúsins. Að þessu athuguðu og með því enn fremur að þrætulóðin er innan ummerkja lóðar þeirrar, er Svava Þórhallsdóttir seldi stefndum með afsalsbréfi 13. júlí 1945, verður að sýkna stefndan af kröfum stefnanda í máli þessu, en ákveða lóðamörkin að þessu leyti í samræmi við kröfur stefnds.

Rétt þykir þó, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan hafa upp kveðið þeir Einar Arnalds borgardómari og dr. Ólafur prófessor Lárusson.

Dómsorð:

Stefndur, Ari K. Eyjólfsson, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Eyvindar Árnasonar, í máli þessu.

Norðausturmörk lóðar stefnds skulu vera bein lína, 16.8 metra löng, sem dregin er úr suðausturhorni grjótgarðs um Laufásstún í steinsteypuvegg suðaustan lóðarinnar.

Málskostnaður falli niður.

Sératkvæði Sigurðar Thoroddsens í framanskráðu máli.

Það er viðurkennt af báðum aðiljum, að Tryggvi Þórhallsson hafi samkvæmt umboði selt stefnanda viðbótarlóð við Laufásveg 52 hinn 18. nóvember 1932 og stefnandi þá greitt Tryggva 500 kr. upp í þá lóð. Það en enn fremur viðurkennt, að stefnandi hafi skömmu síðar, sumarið 1933, afgirt lóðina, þar á meðal suðvesturmörkin, með skíðgarði, sem staðið hefur óhaggaður, þar til er stefndur reif hann niður. Ágreiningurinn er um það, hvort sá skíðgarður sé á réttum mörkum. Nú er það

vottað á dómsskjölum 6 og 20 (svör frú Önnu við 4. og 5. spurningu), að Tryggvi hafi verið við staddur, þá er þessi girðing var reist, enda annað óskiljanlegt, þar sem hann bjó þá í Laufási rétt hjá. Enn fremur er það vottað á sömu dómsskjölum, að hann hafi ekki hreyft andmælum gegn þessari girðingu.

Nú er það með öllu óskiljanlegt, að Tryggvi hafi, rétt eftir að hann var búinn að selja stefnanda lóðina, látið það viðgangast, að girt væri á röngum stað, og að hann hafi aldrei getið þess við nokkurn mann, ekki einu sinni við konu sína (sbr. dómsskjal 20, svar 5), að girðingin væri á röngum stað. Einhver kynni nú að halda því fram, að Tryggvi hefði leyft girðinguna þarna til bráðabirgða, en öll skynsemi mælir gegn því, og að hann hefði svo haldið því leyndu fyrir öllum mönnum, enda stefnanda engin þægð í því, þegar hann gat búizt við því þá og þegar að verða að rífa upp girðinguna aftur og flytja mörg tré og runna til, sem hann hafði kostað miklu fé til að gróðursetja.

Af þessu tel ég, þrátt fyrir vöntun á afsali fyrir viðbótinni, að gamla girðingin á suðvesturmörkunum, þ. e. rauða línan á dómsskjali 21, sé rétt mörk. Samkvæmt þessu ber að taka til greina allar kröfur stefnanda, þar á meðal um dagsektir, sem ákveðast kr. 100.00. Eftir þessum málalokum þykir og rétt að dæma stefndan til greiðslu málskostnaðar, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 300.00.

Dómsorð:

Mörk milli lóða aðilja máls þessa skulu vera þar, sem stóð skiðgarður sá, er að framan greinir.

Stefndum, Ara K. Eyjólfssyni, er skylt að viðlögðum 100 króna dagsektum til ríkissjóðs að nema burtu mannvirki þau, er hann hefur látið gera á lóð stefnanda, og færa hana í samt lag aftur.

Stefndur greiði stefnanda kr. 300.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 11. nóvember 1949.

Nr. 98/1946. **Hjalti Friðfinnsson og Jónatan Davíðsson** (Ragnar Jónsson)
gegn
Páli Friðfinnssyni (Guttormur Erlendsson).

Setudómarar próf. Ólafur Jóhannesson og Guðmundur Í. Guðmundsson bæjarfógeti í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Héraðsdómur ómerktur.

Dómur Hæstaréttar.

Í máli þessu gerir stefndi kröfu á hendur áfrýjendum um greiðslu á eftirstöðvum byggingarkostnaðar húss, er stefndi hafði tekizt á hendur að reisa fyrir áfrýjendur. Í málinu er ágreiningur með aðiljum um ýmsa kostnaðarliði, bæði að því er varðar vinnu og efni. Meðal annars eru sérstaklega véfengd efnisframlög stefnda samkvæmt reikningi hans, og nema þeir liðir samtals kr. 6908.83. Þykir rétt að veita stefnda kost á að gera nánari grein fyrir efni þessu og hvort það hafi gengið til byggingar hússins. Þá er málinu svo háttað, að nauðsyn bar til, að héraðsdómari kveddi sérkunnáttumenn um húsagerð til að dæma málið með sér, sbr. 3. tölulið 200. gr. laga nr. 85/1936. Hefðu þeir átt að yfirfara og gagnrýna matsgerðir og reikninga í málinu, þar á meðal, hvort sennilegt sé, að efni það, sem stefndi telur sig hafa lagt fram, hafi gengið til hússins.

Þar sem málið hefur eigi sætt þeirri meðferð, sem nú var lýst, þykir verða að ómerkja héraðsdóminn og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast mál-

inu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Akureyrar 10. júlí 1946.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 21. f. m., hefur stefnandinn, Páll Friðfinnsson byggingameistari, Munkaþverárstræti 48 hér í bænum, höfðað að undangenginni árangurslausri sáttatilraun fyrir bæjarþingi Akureyrar með stefnu, út gefinni 23. febr. sl., á hendur Hjalta Friðfinnssyni iðnverkamanni og Jónatan Daviðssyni smið, báðum til heimilis að Helgamagrastræti 12 hér í bænum, og gerir þær dómkröfur, að stefndu verði dæmdir til að greiða eftirstöðvar af byggingarkostnaði, kr. 36.500.00, en þá kröfu hefur stefnandi síðan lækkað í kr. 35.899.56. Þá krefst hann og kr. 16.000.00 í skaðabætur og 6% ársvaxta af báðum upphæðunum frá 26. okt. sl. til greiðsludags og málskostnaðar eftir reikningi eða mati dómara.

Stefndu krefjast algerrar sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að krafan verði lækkuð stórlega, og í báðum tilfellum krefjast þeir málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Tildrög máls þessa eru þau, að með samningi 11. apríl 1945 tók stefnandi að sér að byggja íbúðarhúsið nr. 12 við Helgamagrastræti á Akureyri fyrir stefndu. Stefnandi, sem er byggingameistari, átti að veita byggingunni forstöðu, en var þó ekki sjálfur tímabundinn við hana, þannig að hann hafði heimild til að hafa fleiri en eina byggingu með höndum samtímis. Hann átti samkvæmt samningnum að leggja til og útvega nauðsynlegan vinnukraft, annast bókhald og greiðslur og sjá um innkaup á efni til byggingarinnar. Fyrir þjónustu þessa skyldi hann fá greiddar kr. 3.00 fyrir hvern rúmmetra í byggingunni að viðbættri verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu, eins og hún var, er samningurinn var gerður. Fyrir vinnu við bygginguna átti stefnandi auk þess að fá greitt venjulegt sveinakaup fyrir hverja stund, er hann vann. Hafizt var handa um byggingu hússins í sama mánuði og samningurinn var gerður.

Með bréfi, dags. 26. október sl., segja stefndu stefnanda upp starfi sínu við byggingu hússins og krefja hann skilagreinar um það fé, er þeir höfðu greitt honum til byggingarinnar, ásamt yfirliti um skuldir, er hann hafði stofnað til vegna byggingarinnar. Þegar þetta gerðist, var húsið fullsteypt og fokhelt. Húsið var steinsteypt, tvær hæðir og kjallari, og var neðri hæð að mestu tilbúin til málningar og dúklögð, ljósa- og hitalagnir voru og að mestu fullgerðar. Efri hæð var óviðgerð að innan, og stóðu skilveggir hennar í mótum. Kjallarinn hafði verið einangraður og búið að draga net undir gólfhúðun. Skólp- og vatnslögn var því nær fullgerð. Rúmmál hússins var 770 rúmmetrar.

Stefnandi mótmælti uppsögninni með bréfi, dags. 7. nóv. 1945, áskildi sér skaðabótarétt og gerði kröfu til greiðslu á eftirstöðvum byggingar-

kostnaðarins, sem ógoldinn var. Telur stefnandi þá upphæð nema kr. 35.899.56 og höfðaði síðan mál þetta til innheimtu þeirrar upphæðar ásamt skaðabótum.

Stefndu byggja sýknukröfu sína og varakröfu um lækkun upphæðarinnar á því, að stefnandi hafi vanefnt verksamninginn með því 1. að vanrækja að kaupa efni til hússins, er það fékkst, 2. að nota efni frá húsinu til annarra þarfa í heimildarleysi, 3. að eftirlit með byggingunni hafi verið lélegt og húsið sé þess vegna stórgallað, 4. að bókhald um byggingarkostnaðinn hafi verið ófullnægjandi; reikningar og fylgiskjöl með þeim séu ófullnægjandi sönnunargögn, þar sem sumir reikningarnir séu ógreiddir af stefnanda, sumir gefnir út af stefnanda sjálfum og ýmsir efnisreikningar beri ekki með sér, til hvers efnið hafi farið; vinnulaunakvittanir séu ekki sérgreindar við húsbygginguna, heldur kvittað í einu lagi fyrir öll verk, er stefnandi hafði með höndum. Af þessu telja stefndu, að ekki verði séð, hver byggingarkostnaðurinn hafi orðið raunverulega, og ástæða sé til að ætla, að hann hafi ekki orðið hærri en stefndu hafi þegar greitt. Sýknukröfu sína af skaðabótakröfunni byggja stefndu á því, að uppsögnin hafi verið réttmæt samkvæmt því, sem að framan segir, og auk þess sé ósannað, að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni vegna uppsagnarinnar.

Varakrafa stefndu um lækkun stefnukröfunnar nemur kr. 27.204.83, og sundurliða stefndu þá upphæð þannig:

1.	Meistaralaun	kr. 6.082.80
2.	Efni, sem stefndu telja, að ekki hafi farið til byggingarinnar eða a. m. k. ósannað sé, að hafi verið notað í því skyni, svo og andvirði moldar úr grunninum, sbr. dskj. 153	— 12.699.03
3.	Ofreiknuð vinnulaun, sbr. dskj. 152	— 6.000.00
4.	Kostnaður við viðgerð á veggjum, sbr. dskj. 145	— 200.00
5.	Ofreiknað efni	— 873.00
6.	Ofreiknaður kostnaður við bifreiðaakstur	— 600.00
7.	Járn lánað frá byggingunni	— 750.00
	Samtals	kr. 27.204.83

Gegn eindregnum mótmælum stefnanda hafa ekki verið færðar á það sönnur, að hann hafi vanrækt að kaupa efni til byggingarinnar. Þurrð var á ýmsum tegundum byggingarvara sumarið 1945, og verður stefnanda ekki gefið að sök, þótt töf kunni að hafa orðið við bygginguna af þeim sökum. Verður þessi sýknuástæða því ekki tekin til greina.

Þá telja stefndu, að stefnandi hafi í heimildarleysi tekið gler, járn, timbur, múrpípustokk og sementshrærur frá byggingunni. Stefnandi hefur að vísu viðurkennt að hafa tekið nokkuð af efni, er hann hafði keypt til byggingarinnar, til annarra þarfa, en jafnan greitt fullt verð fyrir, enda telur hann sér þetta hafa verið heimilt, þar sem hann útvegaði efnið. Ekki hefur verið leitt í ljós, að stefndu hafi orðið fyrir tjóni

af þessum sökum eða að efni hafi verið fargað, án þess að greiðsla kæmi fyrir, og þykir þessi sýknuástæða því ekki á rökum byggð.

Stefndu telja einnig, að eftirlit með byggingunni hafi verið slælegt og gallar séu þess vegna á húsinu. Dómkvaddir byggingameistarar hafa skoðað húsið og telja ekki aðra galla á því en að á innveggjum efri hæðar séu steypugallar vegna þess, að steypumótin hafi ekki verið hreinsuð nægilega vel. Telja þeir auðvelt að bæta úr þessu, svo að fullnægjandi sé, og muni sú aðgerð kosta kr. 200.00. Yfirsjón þessi af hálfu stefnanda þykir ekki það veruleg, að sýknu varði.

Þá byggja stefndu loks kröfu um algera sýknu á því, að bókhald stefnanda hafi verið ógreinilegt og ófullnægjandi. Fallast má á það með stefndu, að bókhaldi stefnanda hafi verið í nokkru áfátt, einkum að því er snertir vinnustundareikning starfsmanna, og ýmsir reikningar um byggingarvöru bera ekki beinlínis með sér, að varan hafi verið tekin út til þessarar ákveðnu byggingar. Hins vegar þykir þessi ástæða ekki nægilegur grundvöllur til sýknu.

Samkvæmt þessu verður aðalkrafa stefndu um algera sýknu ekki tekin til greina. Verður því varakrafa stefndu, um lækkun stefnukröfunnar, tekin til meðferðar hér á eftir samkvæmt liðunum 1—7 hér að framan og að lokum skaðabótakrafan.

1. Ekki þykir leitt í ljós, að stefnandi hafi vanrækt svo skyldur sínar samkvæmt verksamningnum, sbr. það, sem að framan er sagt, að hann hafi fyrirgert launum, er honum voru áskilin í samningnum. Ekki hefur verið véfengt, að meistaralaunin, kr. 6082.80, séu rétt reiknuð. Krafa um lækkun samkvæmt þessum lið verður því ekki tekin til greina.

2. Stefndu telja, að í ýmsum tilfellum verði ekki séð, að efni, sem bygging þeirra er skulduð fyrir, hafi raunverulega verið notað til byggingarinnar, og er eftirfarandi liðum sérstaklega mótmælt:

a. Skornar rúður o. fl. skv. dskj. nr. 100, nóta nr. 1190, kr. 313.90, sem stefnandi kaupir hjá byggingarvöruverzlun 30. apr. 1945. Stefndu telja ólíklegt, að stefnandi hafi keypt skornar rúður til byggingarinnar svo snemma, enda hafi þegar verið búið að kaupa heila glerkistu áður. Glerkaup þessi þykja eftir atvikum ekki óeðlileg, þar sem stefndu víta stefnanda í dskj. 122 fyrir vanrækslu um að kaupa gler til hússins.

b. Af sömu ástæðum mótmæla stefndu, að gólfdúkalím, sbr. nótu nr. 1213 á dskj. 100, hafi verið notað til hússins. Ekki verður séð, að stefndu hafi verið skuldaðir fyrir meira gólfdúkalími en búið var að dúkleggja með neðri hæð hússins, er stefnanda var sagt upp. Verður því ekki talið unnt að taka til greina mótmæli stefndu um liðina a og b hér að framan.

c. Nótu nr. 2064 á sama dskj., kr. 107.00, en á þessa nótu er skrifað „sjálfur". Upphæð þessi er ekki innifalin í stefnukröfunni, sbr. dskj. 126, 5. bls. Verður því ekki um lækkun kröfunnar að ræða af þessari ástæðu.

d. Nótu nr. 1449 á sama dskj., kr. 708.75. Á dskj. nr. 138 er nóta þessi færð á kr. 108.75, sem er bersýnileg ritvilla fyrir kr. 708.75. Mótmæli gegn upphæð þessari verða því ekki tekin til greina.

e. Kreditnótu, dskj. 103, er mótmælt sem rangri, án þess að grein sé gerð fyrir því, í hverju henni er áfátt. Upphæð nótunnar er færð í aðalreikning um húsbygginguna, dskj. 126, 5. bls., í tvennu lagi, og er síðari færslan leiðrétting. Verður stefnukröfunni því ekki breytt af þessum ástæðum.

f. Þá mótmæla stefndu því, að þeim beri skylda til að greiða andvirði hurða skv. dskj. 113, kr. 746.00, þar sem stefnandi hafi neitað að afhenda þær og þeir hafi því neyðzt til að láta smíða aðrar hurðir. Telja verður, að stefnandi hafi haft haldsrétt í hurðunum og öðru ónotuðu efni í hans vörzlum, meðan andvirði þess var ekki greitt, og ekki hefur verið sýnt fram á, að greiðsla hafi verið boðin fram fyrir hurðirnar. Þykja því mótmæli stefndu gegn þessum lið ekki á rökum byggð.

g. Þá mótmæla stefndu 23 nótum, samtals kr. 7558.03, vegna þess að stefnandi sjálfur hefur gefið þær út. Stefnandi hefur gefið þá skýringu um þetta, að ýmist hafi hann ekki fengið nótur um vörur þessar eða þær glatazt. Því er ekki haldið fram af hálfu stefndu, að verð á vörum þessum hafi verið óhóflegt, og þykir því ekki unnt að taka mótmæli þessi til greina, þar sem ekki eru heldur leiddar líkur gegn því, að efni þetta hafi farið í bygginguna.

h. Þá hafa stefndu krafizt niðurfærslu kröfunnar um kr. 250.00, sem er í reikningi stefnanda talinn kostnaður við að flytja mold úr grunni hússins. Stefnandi viðurkennir, að samkomulag hafi verið um að koma moldinni burt, þannig að verðmæti moldarinnar og flutningsgjald stæðist á. Hins vegar hafi bifreiðin, er flutti moldina, stundum orðið að bíða vegna flutnings á efni úr grunninum og stundum vegna ills veðurs, og sé upphæð þessi gjald fyrir bifreiðina, meðan á þessum töfum stóð. Ekki þykir nægilega sýnt fram á, að tafir þessar hafi verið óhjákvæmilegar, og ber því samkvæmt kröfu stefndu að lækka kröfu stefnanda um þessa upphæð.

i. Þá krefjast stefndu 4000 kr. lækkunar á kröfum stefnanda til öryggis, til þess að fyrir það sé girt, að þeir bíði tjón fyrir „óreiðu og bruðl" stefnanda með efni til byggingarinnar. Ekki þykir sýnt fram á, að stefnandi hafi viðhaft óreiðu og bruðl um efni til hússins, og verður þessi krafa því ekki tekin til greina.

3. Þá telja stefndu ofreiknuð vinnulaun við húsið kr. 6000.00 skv. dskj. 152, sbr. dskj. 148—150. Stefndu telja sig lengst af hafa skrifað vinnustundir starfsmanna við bygginguna og sé nokkurt ósamræmi milli vinnustundareiknings stefnanda og stefndu, að jafnaði stefndu í óhag, en þó nokkrum sinnum þeim í hag. Stefndu hafa raunar ekki lagt fram frumskýrslu sína um þetta, heldur einungis vitnað í hana. Verður því ekki talið unnt að byggja á henni, og þykir verða að leggja til grundvallar vinnulaunareikninga stefnanda að þessu leyti. Stefndu hafa sérstaklega mótmælt því, að stefnandi hefur goldið syni sínum 15 ára gömlum fullt kaup síðari hluta þess tíma, sem hann vann við húsið. Stefnandi heldur því hins vegar fram, að honum hafi verið þetta heimilt, enda hafi hann talið, að pilturinn væri búinn að ná afköstum við

vinnu til jafns við eldri menn. Eftir atvikum þykir ekki rétt að taka til greina mótmæli stefndu um þetta, þar sem ekki hefur verið mælt á móti því, að pilturinn hafi einnig unnið byggingarvinnu sumarið áður og kauptaxti sá, sem gilti um vinnu drengja á þessum aldri, var einungis lágmarkstaxti.

Þá hafa stefndu sérstaklega mótmælt því, að stefnandi reiknaði sér kaup þann tíma, sem hann notaði til ýmissa útvegana og snúninga í sambandi við bygginguna, þar sem greiðsla fyrir slíkt sé innifalin í meistaralaununum samkvæmt verksamningnum. Á þetta verður ekki fallizt. Stefnandi reiknaði sér að einhverju leyti sveinakaup við þetta eins og aðra vinnu við bygginguna, sbr. 4. gr. verksamningsins, dskj. nr. 4.

4. Þá hafa stefndu krafizt lækkunar á stefnukröfunni um kr. 200.00, sem er kostnaður við viðgerð á veggjum hússins samkvæmt mati dómkvaddra manna, sem að framan segir. Krafa þessi þykir á rökum byggð, og ber að lækka stefnukröfuna um þessa upphæð.

5. Stefndu mótmæla sérstaklega að greiða andvirði skráa, hurða og skáplæsinga skv. dskj. 61, 78 og 113, alls kr. 873.00. Atriði þessi felast öll í mótmælum stefndu í 2. f- og g-lið hér að framan, og er upphæðin því tvíreiknuð í mótmælum stefndu. Þar sem bresta þykir rök fyrir mótmælum þessum, verða þau ekki tekin til greina.

6. Stefndu telja, að húsbyggingin hafi verið skuldug fyrir of miklum bifreiðaakstri, þannig að ruglazt hafi milli annarra verka, er stefnandi hafði með höndum. Áætla þeir upphæð þessa kr. 600.00 og gera kröfu um lækkun sem henni nemur. Ekki þykja hafa verið færð rök fyrir þessu að öðru leyti en því, sem tekið er fram hér að framan um akstur á mold úr húsgrunninum. Verður lækkunarkrafa þessi því ekki tekin til greina.

7. Að lokum gera stefndu kröfu um lækkun stefnukröfunnar um kr. 750.00 vegna járns, sem lánað hafi verið frá byggingunni, sbr. áritun aftast á dskj. 156. Stefnandi hefur upplýst, að áritun þessi sé uppskrift á járni, sem af gekk við bygginguna og sé þar enn þá. Stefndu hafa ekki véfengt þetta, og verður þessi lækkunarliður því ekki tekinn til greina.

Niðurstaðan verður því sú, að draga ber frá kröfu stefnanda um eftirstöðvar af byggingarkostnaði kr. 250.00 og kr. 200.00, og lækkar því upphæðin í kr. 35.449.56.

Skaðabótakröfu stefnanda, kr. 16.000.00, hafa stefndu mótmælt *aðallega* vegna þess, að uppsögnin hafi verið réttmæt, en *til vara* vegna þess, að stefnandi hafi ekki beðið tjón við uppsögnina. Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið að framan, þykir uppsögn samningsins ekki réttlætt nægilega af hálfu stefndu, enda þótt þeir hafi haft nokkra ástæðu til óánægju við stefnanda. Hins vegar hefur stefnandi ekki sýnt fram á, að hann hafi beðið tjón við uppsögnina, enda eru meistaralaun hans reiknuð með miðað við fullsmíðað hús í framangreindri kröfu um byggingarkostnaðinn. Þá er og kunnugt, að mikil eftirspurn var eftir mönnum í byggingariðnaði á þessum tíma. Þykir því mega sýkna stefndu af skaðabótakröfunni.

Samkvæmt þessu verður niðurstaða málsins sú, að stefndu verða dæmdir til að greiða stefnanda kr. 35.449.56 ásamt 6% ársvöxtum frá útgáfudegi sáttakæru, 4. febr. 1946, til greiðsludags og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 3000.00.

Nokkur dráttur hefur orðið á uppsögn dóms þessa vegna annríkis dómarans við yfirkjörstjórnarstörf og önnur embættisverk, er þoldu ekki bið, auk þess sem mál þetta var allumfangsmikið.

Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti kvað upp dóm þennan.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu, Hjalti Friðfinnsson og Jónatan Davíðsson, greiði stefnanda, Páli Friðfinnssyni, kr. 35.449.56 ásamt 6% ársvöxtum frá 4. febr. 1946 til greiðsludags og kr. 3000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 14. nóvember 1949.

Nr. 75/1949. **Tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs** (Hermann Jónsson)

gegn

Steindóri H. Einarssyni (Sigurgeir Sigurjónsson).

Setudómarar próf. Ólafur Jóhannesson og Einar Arnalds borgardómari í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Skattamál.

Dómur Hæstaréttar.

Benedikt S. Bjarklind, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. apríl þ. á. Hann krefst þess, að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma lögtak hjá stefnda til lúkningar ógreiddum þinggjöldum frá árinu 1947, samtals að fjárhæð kr. 34.984.00, þ. e. eftirstöðvum tekjuskatts, kr. 13.266.00, eftirstöðvum tekjuskattsviðauka, kr. 4727.00, og eftirstöðvum stríðsgróðaskatts, kr. 16.991.00, ásamt dráttarvöxtum af eftirstöðvum tekjuskatts og tekjuskattsviðauka, samtals kr. 17.993.00, er reiknist 6% ársvextir frá 31. júlí 1947 til 31.

desember s. á. og 12% ársvextir frá þeim tíma til greiðsludags. Áfrýjandi krefst og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Árið 1946 seldi stefndi 6 notaðar leigubifreiðar, er hann hafði eignazt 1941. Hagnaður stefnda af sölu þessara bifreiða nam kr. 60.290.00, er miðað er við bókfært verð þeirra og frá er dreginn kostnaður viðgerðar, sem stefndi framkvæmdi á bifreiðunum, áður en þær voru seldar. Skattyfirvöld töldu hagnað þennan skattskyldan og reiknuðu stefnda skatta samkvæmt því árið 1947. Hækkuðu skattar stefnda við þetta um fjárhæðir, er nema fyrrgreindum eftirstöðvum.

Stefndi hefur bifreiðastöð í Reykjavík og umfangsmikinn rekstur leigubifreiða. Að undanförnu hefur hann árlega selt notaðar leigubifreiðar, oft margar á ári. Hefur hagnaður af sölu slíkra bifreiða sum ár numið miklum hluta af heildartekjum stefnda. Verður þessi sala notaðra leigubifreiða, eins og á stendur, að teljast þáttur í atvinnurekstri stefnda, og er hagnaður hans af sölu umræddra bifreiða því skattskyldur, sbr. upphafsákvæði 7. gr. laga nr. 6/1935. Samkvæmt þessu ber að taka kröfu áfrýjanda um framkvæmd lögtaks til greina, en eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Fógeta ber að framkvæma lögtak það, sem krafizt er.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 28. jan. 1949.

Með bréfi, dags. 23. okt. sl., hefur tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs krafizt þess, að lögtak verði gert til tryggingar á eftirstöðvum þinggjalds gerðarþola, Steindórs H. Einarssonar, Sólvallagötu 68 hér í bæ, fyrir árið 1947, að upphæð kr. 36.739.00, en gerðarþoli hafði tilkynnt gerðarbeiðanda, að hann mundi ekki greiða skatta þessa, án þess að úrskurður hefði fallið í fógetarétti um lögmæti þeirra.

Almennur lögtaksúrskurður fyrir þinggjöldum ársins 1947 var upp kveðinn 29. okt. 1947 og auglýstur í dagblöðum bæjarins.

Málavextir eru þessir:

Við álagningu skatta fyrir árið 1947 bætti skattstjóri við uppgefnar nettótekjur gerðarþola skv. framtali hans kr. 66.890.00, þar af kr. 6.600 fyrir eigin húsaleigu og kr. 60.290.00 vegna söluhagnaðar af seldum bifreiðum. Skattskyldar tekjur gerðarþola voru þannig taldar kr. 167.650.00, að frádregnum persónufrádrætti, og var honum gert að greiða skatta af þeirri fjárhæð. Gerðarþoli vildi eigi sætta sig við þessa skattaálagningu og kærði hana því til skattstjóra, er úrskurðaði, að hún skyldi óbreytt standa. Eftir framhaldskæru til yfirskattanefndar var úrskurðað, að skattar vegna tvítalinnar húsaleigu skyldu niður falla, en að öðru leyti skyldi úrskurður skattstjóra óbreyttur standa. Enn kærði gerðarþoli til ríkisskattanefndar, en frekari kröfum hans var þar einnig vísað á bug. Eftir að málið var tekið fyrir, hefur gerðarþoli greitt kr. 1.755.00, og lækkar hin upprunalega lögtakskrafa við það niður í kr. 34.984.00, er sundurliðast þannig: tekjusk. kr. 13.266.00, tekjuskattsviðauki kr. 4.727.00 og stríðsgróðask. kr. 16.991.00. Er þá í máli þessu aðeins umdeilt lögmæti skattaálagningar af kr. 60.290.00 til viðbótar uppgefnum nettótekjum gerðarþola skv. framtali, en það er söluhagnaður af seldum bifreiðum á árinu 1946. Enginn ágreiningur er hins vegar um útreikning skattanna af umdeildum söluhagnaði, ef rétturinn telur álagninguna réttmæta.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda gerir þær réttarkröfur, að hið umbeðna lögtak nái fram að ganga til tryggingar áðurgreindum sköttum, að upphæð kr. 34.984.00, enn fremur að gerðarþola verði gert að greiða gerðarbeiðanda málskostnað að mati réttarins.

Umboðsmaður gerðarþola gerir hins vegar þær réttarkröfur, að synjað verði um framgang hins umbeðna lögtaks og að gerðarbeiðandi verði úrskurðaður til að greiða umbjóðanda sínum málskostnað að mati réttarins.

Við flutning málsins hafa þessar röksemdir aðallega komið fram af hálfu málflytjenda:

Umboðsmaður gerðarbeiðanda heldur því *aðallega* fram, að hin umdeilda hækkun skattyfirvalda á framtali gerðarþola hafi verið fyllilega heimil skv. ákvæðum 3. mgr. 1. gr. rgl. nr. 57/1944 og það ákvæði hafi fulla stoð í ákvæðum a-liðar 10. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 6/1935. Framkvæmdarvaldið hafi í því ákvæði fulla heimild til að skipa þeim málum eins og það hefur gert í 3. mgr. 1. gr. fyrrgreindrar reglugerðar. Hæstaréttardómurinn í hinu svokallaða Fagranessmáli, sbr. hrd. XVII/129, sé þessu ekki gagnstæður, þar eð hann eigi aðeins við skip, en ekki við annað lausafé, enda sé allt orðalag hans hnitmiðað við skip. *Til vara* heldur umboðsmaður gerðarbeiðanda því fram, að eins og rekstri gerðarþola hafi verið varið á hinu umdeilda skattári, undanfarandi ár og árið á eftir, þ. e. árið 1947, sé sala notaðra bifreiða ótvírætt liður í atvinnurekstri hans og því salan skattskyld eftir ákvæðunum

í upphafi 7. gr. skattlaganna frá 1935, sbr. einnig í því sambandi ályktun af því orðalagi e-liðar sömu greinar, þar sem segir: „enda þótt salan falli ekki undir atvinnurekstur skattgreiðanda", og a-liðar 9. gr., þar sem segir: „nema slík sala falli undir atvinnurekstur hlutaðeigandi skattgreiðanda". Þessari staðhæfingu sinni til stuðnings bendir umboðsmaður gerðarbeiðanda m. a. á hinar tíðu bifreiðasölur gerðarþola undanfarin ár, að hagnaður hans af bifreiðasölunni hafi sum árin verið verulegur og jafnvel meiri hluti nettóágóða af rekstri hans og að sumar hinna seldu bifreiða hafi jafnvel verið seldar á sama ári og þær voru keyptar.

Umboðsmaður gerðarþola hefur mótmælt þessum rökfærslum umboðsmanns gerðarbeiðanda. Styður hann mál sitt aðallega með því, að með fyrrgreindum hæstaréttardómi í hinu svokallaða Fagranessmáli sé því slegið föstu, að 3. mgr. 1. gr. rgl. nr. 219/1939 brjóti í bága við 7. gr. og 9. gr. l. nr. 6/1935, og fái þá 3. mgr. 1. gr. rgl. nr. 57/1944 eigi heldur staðizt. Þá mótmælir hann því, að það geti talizt þáttur í atvinnurekstri gerðarþola að kaupa og selja bifreiðar eða að hann stundi slíkt í hagnaðarskyni, en slíkan tilgang verði skattyfirvöldin að sanna, ef hægt eigi að vera að skattleggja sölu eins og þá, sem hér er um að ræða, skv. nefndu lagaákv. Slíkt sé ósannað í þessu máli, og engin tilraun hafi komið fram í þá átt. Hins vegar sé það staðreynd, að gerðarþoli hafi jafnan notað þær bifreiðar, er hann hefur eignazt og rekstri hans hæfðu, svo lengi sem þær fullnægðu þeim kröfum, er gera verði til leigubifreiða, en engu máli skipti, hvort þær séu síðan lagðar niður eða seldar.

Rétturinn lítur svo á, að 3. mgr. 1. gr. reglug. nr. 57/1944 fái eigi staðizt með hliðsjón af 7. gr. og 9. gr. l. nr. 6/1935, og virðist sú skoðun hafa fullan stuðning í tilvitnuðum hæstaréttardómi. Aðalmálsástæða umboðsmanns gerðarbeiðanda fær því eigi staðizt og verður ekki tekin til greina.

Þá er að líta á hinar aðrar málsástæður umboðsmanns gerðarbeiðanda, þ. e. að umdeild bifreiðasala sé liður í atvinnurekstri gerðarþola. Í því sambandi ber að líta á þá staðreynd, að gerðarþoli hefur um mjög langt árabil rekið bifreiðastöð hér í bæ og fyrr og síðar keypt til þess rekstrar síns fjölda bifreiða, sem hann hefur átt lengur eða skemur. Það er að áliti réttarins óeðlilegt að telja kaup eða sölu þeirra þátt í atvinnurekstri gerðarþola eða að þær hafi verið keyptar í þeim tilgangi að selja þær aftur með hagnaði, enda þótt margar þeirra hafi á síðari árum verið seldar og þá flestar gamlar og væntanlega meira eða minna úr sér gengnar á óeðlilega háu verði vegna ríkjandi fjármálaástands. Skattskyldan getur því ekki byggzt á ákvæðunum í upphafi 7. gr. laganna um tekjuskatt og eignarskatt, heldur kemur hér til greina e-liður þeirrar greinar, en viðkomandi skattyfirvöld virðast ekki heldur hafa gert neitt til þess að sanna eða gera sennilegan slíkan tilgang hjá gerðarþola, en það er skilyrði þess, að lagaákvæði þessu verði beitt til skattaálagningar eftir e-lið 7. gr.

Skv. niðurlagi 1. mgr. síðast tilvitnaðs lagaákvæðis er söluhagnaður af

lausafé skattskyldur, ef það hefur verið skemur en 3 ár í eigu skattgreiðanda, en það ákvæði kemur ekki til álita í þessu máli, þar sem óumdeilt er, að bifreiðar þær, sem mál þetta er risið af, hafa allar verið 3 ár eða lengur í eigu gerðarþola.

Þessar síðast röktu málsástæður umboðsmanns gerðarbeiðanda fá því eigi heldur staðizt og verða ekki teknar til greina.

Niðurstaða réttarins verður því sú, að synja ber um framkvæmd hins umbeðna lögtaks. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak skal ekki ná fram að ganga. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 21. nóvember 1949.

Nr. 137/1947. **Jón Bjarnason** (Magnús Thorlacius)
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Einar B. Guðmundsson),
Sakadómaranum í Reykjavík og
Þórði Björnssyni (Ragnar Jónsson).

Setudómarar Einar Arnalds borgardómari og Theodór B. Líndal hrl. í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Synjað um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Stefnandi, Jón Bjarnason símritari, Njarðargötu 5 í Reykjavík, hefur samkvæmt 3. gr. laga nr. 28/1893, sbr. 32. gr. laga nr. 112/1935, höfðað mál þetta fyrir Hæstarétti með stefnu 12. des. 1947 gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu fébóta fyrir gæzluvarðhald að ósekju, kr. 5000,00, með 6% ársvöxtum frá 12. des. 1947 til greiðsludags svo og málskostnaðar, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, þar á meðal hæfilegra málssóknarlauna til talsmanns stefnanda. Þá hefur stefnandi og stefnt Þórði Björnssyni, fulltrúa sakadómara, til réttargæzlu í málinu, en engar kröfur gert á hend-

ur honum. Að tilhlutan stefnanda hefur sakadómarinn í Reykjavík haft fyrirsvar í Hæstarétti, án þess að kröfur væru gerðar á hendur honum eða af hans hendi.

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, krefst *aðallega* sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati Hæstaréttar. *Til vara* krefst hann lækkunar á kröfum stefnanda.

Af hálfu stefnda, Þórðar Björnssonar, hefur verið krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati Hæstaréttar.

Hinn 28. ágúst 1943 fékk vátryggingarfélagið Almennar tryggingar h/f, Reykjavík, símskeyti frá endurtryggjendum sínum, félaginu Alliance Assurance í London. Í því segir m. a., að mesta áhætta í brunatryggingum, sem Almennar tryggingar h/f geti tekið að sér eftir samningi þess við endurtryggingarfélagið, sé kr. 300.000.00 að meðtalinni þeirri áhættu, sem íslenzka félagið taki sjálft. Almennar tryggingar h/f fór með samning þennan sem viðskiptaleyndarmál, en nokkrum tíma eftir viðtöku skeytisins kvað skrifstofustjóri félagsins, Hallgrímur Sveinsson, Sigfús Sighvatsson forstjóra, sem einnig rekur vátryggingarstarfsemi, hafa tjáð sér í samtali, að honum væri kunnugt um efni samningsins, að því er varðaði fyrrgreinda hámarksfjárhæð, kr. 300.000.00. Þessa skýrslu sína staðfesti skrifstofustjórinn síðar fyrir dómi. Sigfús Sighvatsson hefur fyrir dómi kannazt við samtalið, en hins vegar neitað því að hafa viðhaft þau ummæli, sem Hallgrímur hafði eftir honum, enda verið ókunnugt um framangreint atriði.

Hinn 27. júní 1944 leitaði Samband vefnaðarvöruinnflytjenda tilboða hjá vátryggingarfélögum í Reykjavík í sjó- og stríðstryggingar á vörum þeim, er það flytti inn frá Ameríku. Nokkur tilboð komu frá vátryggingarfélögum í Reykjavík og umboðsmönnum erlendra félaga, þar á meðal frá vátryggingarskrifstofu Sigfúsar Sighvatssonar, og var það lægst. Þegar til átti að taka, afturkallaði Sigfús Sighvatsson tilboð sitt og kvað það hafa orðið of lágt af misgáningi. Af þessu drógu forstöðumenn Almennra trygginga h/f þá ályktun, að Sigfúsi Sighvatssyni hefði verið kunnugt um tilboð annarra aðilja og hefði gert sitt tilboð í trausti þess, að hann

gæti fengið umbjóðendur sína erlendis til að fallast á tilboðið, en það hafi brugðizt.

Forráðamenn Almennra trygginga h/f töldu öll líkindi vera til þess, að Sigfúsi Sighvatssyni hefði borizt vitneskja um framangreind atriði frá kærða, sem var fastráðinn símritari hjá póst- og símamálastjórninni, en starfaði jafnframt á vátryggingarskrifstofu Sigfúsar Sighvatssonar og safnaði tilboðum í vátryggingar fyrir hans hönd. Leituðu Almennar tryggingar h/f aðstoðar Verzlunarráðs Íslands út af þessu málefni, en það ritaði póst- og símamálastjóra bréf hinn 2. okt. 1946, tjáði honum málavexti og óskaði rannsóknar á því, hvort kærði hefði í nefndum tilfellum rofið þagnarskyldu, er honum sem símritara bar að gæta. Jafnframt benti verzlunarráðið á það, að kærði væri samkvæmt tilkynningu í Lögbirtingablaði frá 2. jan. 1946 meðeigandi og meðstjórnandi í heildsölufirmanu Davíð S. Jónsson & Co., en slíkt bryti í bág við 4. gr. laga nr. 52/1925, nema fyrir lægi úrskurður ráðherra.

Póst- og símamálastjóri sendi kærubréf Verzlunarráðs Íslands til sakadómara með bréfi 7. okt. 1946 og æskti ýtarlegrar rannsóknar. Í bréfinu er því lýst, að póst- og símamálastjórninni hafi til þessa verið ókunnugt um, að kærði væri starfsmaður vátryggingarfirma og stjórnarmeðlimur í heildverzlun, enda hafi hann ekki sótt um leyfi til þess.

Réttarrannsókn út af framangreindri kæru var haldin hinn 9. og 10. okt. 1946. Var þá tekin skýrsla af forstjóra og skrifstofustjóra Almennra trygginga h/f, en ekki var kærði þá kvaddur fyrir dóm til yfirheyrslu. Eftir það lá rannsókn niðri til 15. jan. 1947. Á þeim tíma eða nánar til tekið 8. jan. 1947 sendu Almennar tryggingar h/f sakadómara kæru um eitt atriði í viðbót. Kvaðst félagið hinn 27. des. 1946 hafa sent símskeyti til endurtryggjenda sinna í London um endurtryggingu á v/s Eldborgu, þar sem iðgjaldið var ákveðið 7.50%, og hafi endurtryggingarfélagið samþykkt þetta í símskeyti 31. des. 1946. Nú hafi framkvæmdastjóri félags þess, sem var eigandi v/s Eldborgar, tjáð Almennum tryggingum h/f, að stefnandi hafi kvatt hann til viðtals í síma, tjáð sig vera umboðsmann vátryggingarskrifstofu Sigfúsar

Sighvatssonar og boðið honum að taka skipið í tryggingu fyrir 0.25% lægra iðgjald en Almennar tryggingar h/f hefðu boðið, en það iðgjald hafi hann sagzt vita um.

Hinn 15. jan. 1947 hófst réttarrannsókn að nýju, og var kærði þá úrskurðaður í gæzluvarðhald með þeim rökstuðningi, að grunur hvíldi á honum um brot gegn 136. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Rannsókn málsins var síðan haldið áfram dagana 16. og 17. janúar, en síðarnefndan dag var kærði leystur úr gæzluvarðhaldinu. Prófum í málinu var hætt 24. jan. 1947 og endurrit af réttarrannsókninni síðan send dómsmálaráðuneytinu, en í bréfi þess til sakadómara 20. marz 1947 tekur það fram, að eftir atvikum þyki ekki næg ástæða til opinberrar málshöfðunar á hendur stefnanda.

Stefnandi hefur jafnan mótmælt því, að hann hafi notfært sér þekkingu eða vitneskju, sem hann hefur fengið í starfi sínu sem símritari, í viðskiptarekstri sínum eða annarra.

Stefnandi var símritari og hafði þar af leiðandi aðstöðu til að öðlast vitneskju um efni símskeyta, er geymdu viðskiptaleyndarmál, þar á meðal skeyta, er fóru á milli íslenzkra vátryggjenda og viðskiptaaðilja þeirra erlendis. Starf hans í þágu einstaks vátryggjanda í samkeppni við aðra vátryggjendur var því vegna framangreindrar aðstöðu hans til vitneskju um viðskiptaleyndarmál keppinautanna ótilhlýðilegt og algerlega ósamrýmanlegt símritarastarfi hans. Hafði hann og færi á að hagnýta sér vitneskju sína, enda þótt hann bryti ekki beinlínis þagnarskyldu. Að vísu hafa ekki verið færðar fullar sönnur á einstakar sakargiftir á hendur stefnanda um brot á þagnarskyldu, en hins vegar brestur algerlega skilyrði til þess að dæma honum bætur fyrir gæzluvarðhaldsvist hans. Ber því að sýkna fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs af kröfum hans í málinu.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma stefnanda til að greiða fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1500.00. Ríkissjóður greiði málflutningsþóknun fyrirsvarsmanns stefnanda, kr. 700.00. Hins vegar þykir ekki ástæða til að dæma Þórði Björnssyni, full-

trúa sakadómara, málskostnað úr hendi stefnda, þar sem honum var aðeins stefnt til réttargæzlu, án þess að kröfur væru gerðar á hendur honum.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Jóns Bjarnasonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, málskostnað kr. 1500.00. Málflutningsþóknun fyrirsvarsmanns stefnanda, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, kr. 700.00, greiðist úr ríkissjóði. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. nóvember 1949.

Nr. 103/1947. **Ingólfur S. A. Nielsen** (Ólafur Þorgrímsson)
gegn
Kaupfélagi Austur-Skagfirðinga
(Ragnar Ólafsson).

Setudómarar próf. Ólafur Jóhannesson og Valdimar Stefánsson sakadómari í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Fébótamál vegna árekstrar bifreiða. Löghald.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, út gefinni 25. sept. 1947, krefst *aðallega* sýknu, en *til vara* lækkunar á dæmdum fjárhæðum eftir mati réttarins. Enn fremur gerir hann kröfu til málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms svo og til þess, að einstakir kröfuliðir hafa ekki verið véfengdir, þykir mega staðfesta héraðsdóminn. Eftir þessum málsúrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda kr. 1000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ingólfur S. A. Nielsen, greiði stefnda, Kaupfélagi Austur-Skagfirðinga, kr. 1000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. júní 1947.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. þ. m., hefur Kaupfélag Austur-Skagfirðinga höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 27. marz 1946, gegn Ingólfi S. A. Nielsen, bifreiðarstjóra á Sauðárkróki, til greiðslu á kr. 31.764.44 auk 6% ársvaxta frá 6. febrúar 1944 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu. Auk þess krefst stefnandi þess, að staðfest verði með dómi löghaldsgerð, er fram fór hjá stefnda hinn 26. febrúar 1946 til tryggingar kröfum þessum. Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi kröfur sínar um kr. 5000.00.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu og málskostnaðar, en *til vara* lækkunar á dómkröfum stefnanda og að málskostnaður verði þá látinn falla niður.

Málavextir eru þessir:

Hinn 5. júlí 1942 keypti stefnandi 7 manna farþegabifreið, A. 161, og var hún síðan skráð K. 31. Nokkru síðar var bifreiðarstjóri stefnanda sendur með hana til Reykjavíkur, og átti hann að reyna að selja hana, en er það tókst ekki, fór hann aftur með bifreiðina norður og kom henni til viðgerðar í verkstæði stefnda á Sauðárkróki. Var síðan ákveðið að starfrækja bifreiðina sem leigubifreið á bifreiðastöð á Sauðárkróki, og tók stefndi að sér akstur hennar í upphafi, að því er virðist fyrir tilstilli stöðvarstjórans, en fyrirsvarsmenn stefnanda létu þá ráðstöfun afskiptalausa í fyrstu, en hafa haldið því fram, að ráðning þessi hafi aðeins átt að gilda, þar til er maður sá, er þeir höfðu augastað á til verks þessa, kæmi heim af síldveiðum. Hinn 29. ágúst 1942 fór stefndi með farþega til Reykjavíkur, en nálægt Arnarstapa mætti þeim bifreið, og voru í henni forstjóri stefnanda og bifreiðarstjóri stefnanda, sem áður var getið, og áttu þeir einhver orðaskipti við stefnda, sem hélt þó áfram ferðinni suður. Um klukkan hálfátta að kvöldi næsta dags var stefndi staddur með bifreiðina við Lækjartorg hér í bænum. Komu þá til hans

fjórir menn, er báðu hann að aka með sig, og lét hann til leiðast, þótt tregur væri hann til þess. Ók hann með menn þessa sem leið liggur upp að Baldurshaga, en á leiðinni keypti hann nokkrar sítrónflöskur fyrir farþega sína. Litlu síðar rétti einn farþeganna stefnda eina af flöskum þessum og spurði, hvort hann vildi sítrón. Þá hann það og saup á flöskunni, en fann þá, að áfengi hafði verið látið saman við, og rétti hann farþeganum flöskuna aftur með þeim ummælum, að hann vildi ekki áfengi. Að Baldurshaga var numið staðar um stund, og urðu tveir farþeganna þar eftir, en einn bættist í bifreiðina í staðinn, og ók stefndi síðan áleiðis til Reykjavíkur með þrjá farþega. Þegar bifreiðin nálgaðist mót Suðurlandsbrautar og Vatnsveituvegar, sá stefndi erlendan hermann, er stóð á norðurbrún Suðurlandsbrautar, og jafnframt sá stefndi herbifreið koma á móti sér vestan veginn. Gerði hann ráð fyrir, að hermaðurinn væri að bíða eftir bifreið til Reykjavíkur og mundi standa kyrr, meðan ekið væri fram hjá honum. En þegar bifreiðin átti skammt ófarið að hermanninum, hljóp hann skyndilega inn á veginn. Hugðist stefndi þá reyna að komast hjá slysi með því að sveigja bifreiðina til hægri og komast þannig fram hjá hermanninum, en það varð árangurslaust. Lenti vinstra framhorn bifreiðarinnar á hermanninum, sem beið bana af högginu, og í sama vetfangi varð árekstur milli bifreiðar stefnanda og herbifreiðar þeirrar, sem áður getur. Við þann árekstur eyðilagðist bifreið stefnanda að mestu, en einn farþeganna slasaðist svo mjög, að hann lézt fám mínútum síðar, en annar fótbrotnaði. Auk þess varð farþegi í herbifreiðinni fyrir nokkrum meiðslum. Með dómi aukaréttar Reykjavíkur hinn 18. nóvember 1942 og dómi Hæstaréttar 8. marz 1943, er staðfesti fyrri dóminn, var stefndi talinn hafa gert sig sekan um ógætilegan akstur og talinn meðvaldur að afleiðingum þeim, sem nú var lýst, þar eð sýnt þótti, að athygli hans hefði eigi verið nægilega vakandi og hann ekið of hratt og auk þess látið undir höfuð leggjast að gefa hljóðmerki. Brot hans var talið varða við 215. og 219. gr. hegningarlaga og 9. og 26.—28. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga, og var refsing hans ákveðin fangelsi í 30 daga, og sviptur var hann ökuleyfi ævilangt. Á bæjarþingi Reykjavíkur voru síðan höfðuð þrjú bótamál á hendur stefnanda máls þessa, tvö af hálfu barna hins látna farþega í K. 31, en hið þriðja af hálfu farþegans, sem fótbrotnaði. Lauk málum þessum svo, að stefnandi þessa máls var talinn bótaskyldur samkvæmt 35. gr. bifreiðalaganna, og galt stefnandi eftir dómum þessum samtals með málskostnaði og vöxtum til 6. febrúar 1944 kr. 44 760.64. Andvirði bifreiðarinnar K. 31. telur stefnandi hafa numið ..... kr. 10.500.00

eða samtals kr. 55.260.64

Bifreiðina tókst þó að selja fyrir ..... kr. 1.800.00
en vátryggingarfé nam ..... — 26.696.20

— 28.496.20

Mismuninn kr. 26.764.44

telur stefnandi, að stefnda beri að endurgreiða, og hefur mál þetta því verið höfðað. En jafnframt hefur stefnandi áskilið sér rétt til að krefja stefnda síðar um bætur vegna slyssins vegna væntanlegrar kröfugerðar setuliðs Bandaríkjanna.

Stefnandi byggir rétt sinn á hendur stefnda annars vegar á því (I.), að stefndi hafi í heimildarleysi farið með stjórn bifreiðarinnar, er slys þetta varð, og sé hann því skaðabótaskyldur samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 35. gr. bifreiðalaga, en hins vegar á því (II.), að með dómum þeim, er áður getur, sé í ljós leitt, að stefndi hafi átt sök á slysinu, og byggist bótaskylda hans því á 3. mgr. sömu lagagreinar. Verða málsástæður þessar nú athugaðar hvor fyrir sig í sambandi við varnarástæður stefnda.

Um I. Auk þess, sem fyrr hefur verið rakið um ráðningu stefnda til stjórnar bifreiðarinnar, hefur því verið haldið fram af hálfu stefnanda, að stefnda hafi verið bannað að aka bifreiðinni utan Skagafjarðar. Hefur því og verið haldið fram og stutt við vætti stöðvarstjórans, sem fyrr getur, að stefndi hafi farið umrædda ferð til Reykjavíkur í forboði stöðvarstjórans. Þá er því og haldið fram, og stutt við vætti stöðvarstjórans, að samtal stefnda við bifreiðarstjóra stefnanda og forstjóra hafi snúizt um það, hvort stefnda væri heimilt að halda áfram ferðinni, og hafi sú heimild verið bundin ströngum fyrirmælum um það, að hann færi ekki lengra en í Borgarnes eða Akranes. Telur stefnandi af þessu ljóst, að akstur stefnda í Reykjavík og nágrenni hennar hafi verið heimildarlaus með öllu.

Stefndi hefur eindregið mótmælt því, að nokkrar takmarkanir eða fyrirvarar hafi verið gerðir um heimild hans til meðferðar bifreiðarinnar, og haldið því fram, að hann hafi verið einráður um það mál, enda skilaði hann tilsettum hluta fargjalds í hendur stöðvarstjóra. Gegn þessum andmælum hefur stefnanda ekki tekizt að sanna staðhæfingar sínar í þessu efni. Varnir byggðar á heimildarbresti stefnda hafði stefnandi engar uppi í fyrrgreindum bótamálum, og með dómi í þeim var talið, að ekki væri um slíkan heimildarbrest að ræða. Verða dómkröfur stefnanda því eigi til greina teknar á þessum grundvelli.

Um II. Svo sem fyrr var sagt, byggir stefnandi rétt sinn á 3. mgr. 35. gr. bifreiðalaganna. Stefndi hefur haldið því fram, að lagaákvæði þetta eigi aðeins við um bótaábyrgð gagnvart þriðja manni, og geti stefnandi því ekki byggt á því rétt til endurheimtu. Auk þess telur stefndi, að samkvæmt almennum reglum hvíli öll ábyrgð í slíkum tilvikum á eiganda bifreiðar, er hafi allan hag og halla af slíkum atvinnurekstri, en að engu leyti á bifreiðarstjóra, sem gegn venjulegu kaupgjaldi annist hinn áhættusama atvinnurekstur fyrir eigandann, nema því aðeins að bifreiðarstjórinn valdi tjóninu af ásettu ráði.

Háttsemi stefnda, er slysið gerðist, var slík, að hann verður talinn hafa átt sök á slysinu og þykir því samkvæmt almennum reglum skyldur til að bæta stefnanda fjártjón það, sem stefnandi hefur af hlotið. Þykir það, að stefnda virðist ekki hafa verið veittur kostur á að ganga inn í bótamálin þrjú til réttargæzlu, ekki hafa neina þýðingu í þessu sambandi, og ekki er sýnt fram á, að meta verði stefnanda það til réttar-

skerðingar, að nokkur dráttur hefur orðið á, að hann hæfist handa um málssókn, enda ekki líklegt gert, að sá dráttur hafi valdið stefnda nokkrum óþægindum.

Samkvæmt framanrituðu verður aðalkrafa stefnda ekki tekin til greina.

Varakröfu sína byggir stefndi á þremur atriðum:

1. Að bifreiðin hafi verið seld, án þess að hann ætti kost á að gæta réttar síns. En í flutningi málsins féll hann frá þessari viðbáru.
2. Að dómar í bótamálunum séu ekki bindandi fyrir sig og mótmælir auk þess vöxtum og málskostnaði í þeim málum. — Með vísan til þess, sem segir um þetta efni hér að framan, þykja þessar varnarástæður ekki hafa við rök að styðjast, enda verður að telja vexti og málskostnað hluta af tjóni stefnanda.
3. Að bifreið stefnanda hafi verið vátryggð fyrir kr. 30.000.00, og beri að draga þá fjárhæð óskerta frá tjóni stefnanda. — Af gögnum málsins er ljóst, að stefnandi hefur ekki fengið útborgað af tryggingarfénu hærri fjárhæð en hann hefur dregið frá kröfum sínum, og verður þessi varnarástæða því eigi heldur tekin til greina.

Samkvæmt ofanrituðu ber að taka til greina allar dómkröfur stefnanda, þar á meðal vaxtakröfuna, þó svo, að vextir teljist frá dagsetningu löghaldsbeiðni, 25. febrúar 1946. Þá þykir og rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 2400.00. Loks ber að staðfesta löghaldsgerðina til tryggingar framangreindum fjárhæðum, enda þykir henni eftir atvikum hafa verið til laga haldið.

Einar Arnalds borgardómari hefur kveðið upp dóm þenna.

Dómsorð:

Framangreind löghaldsgerð staðfestist.

Stefndi, Ingólfur S. A. Nielsen, greiði stefnanda, Kaupfélagi Austur-Skagfirðinga, kr. 26.764.44 með 6% ársvöxtum frá 25. febrúar 1946 til greiðsludags og kr. 2400.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. nóvember 1949.

Kærumálið nr. 18/1949.

Lúðvík Kjartansson
gegn
Njáli Gunnlaugssyni.

Setudómarar próf. Ólafur Jóhannesson og Valdimar Stefánsson sakadómari í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru, dags. 5. þ. m., sem Hæstarétti barst 11. þ. m., hefur sóknaraðili kært úrskurð uppboðsréttar Akureyrar, þar sem synjað er kröfu sóknaraðilja um uppboð á vélskipinu Eyfirðingi, E. A. 480. Krefst hann þess, að lagt verði fyrir uppboðshaldara að framkvæma uppboð á nefndu skipi til lúkningar á skuld varnaraðilja við hann.

Af hendi varnaraðilja hafa hvorki kröfur né greinargerð borizt Hæstarétti í málinu.

Samkvæmt 5. lið a 198. gr. laga nr. 85/1936 tekur kærumeðferð í Hæstarétti ekki til úrskurðar uppboðshaldara um það, hvort uppboð skuli yfir höfuð fara fram eða ekki. Mál þetta hefur því ranglega verið kært til Hæstaréttar, og ber að vísa því frá dómi.

Þar sem krafa um málskostnað hefur ekki verið gerð af hendi varnaraðilja, fellur málskostnaður niður.

Dómsorð:

Máli þessu vísast frá Hæstarétti.

Málskostnaður fellur niður.

Úrskurður uppboðsréttar Akureyrar 5. nóv. 1949.

Björn Halldórsson hdl., Akureyri, hefur með bréfi, dags. 29. f. m., beiðzt uppboðs á vélskipinu Eyfirðingi, E.A. 480, til fullnustu sjóveðskröfu Lúðvíks Kjartanssonar, skipverja á skipinu sl. síldarvertíð, að upphæð kr. 1074.44, auk vaxta og uppboðskostnaðar, en sjóveðréttinn hefur hann fengið viðurkenndan með dómi, og fjárnám fyrir dóminum fór fram 25. f. m. Eigendur skipsins eru Njáll Gunnlaugsson útgerðar-

maður, Reykjavík, og dánarbú Hjartar Lárussonar, Akureyri. Njáll Gunnlaugsson hafði eignarhluta dánarbúsins í skipinu á leigu á síldarvertíðinni í sumar og gerði skipið út einn saman, en áður höfðu eigendurnir báðir gert út skipið saman undir firmanafninu Útgerðarfélag Eyfirðings.

Skilanefnd samkvæmt II. kafla laga nr. 100 29. des. 1948 hefur tilkynnt, sbr. dskj. nr. 4, að Njáll Gunnlaugsson f. h. Útgerðarfélags Eyfirðings hafi beiðzt aðstoðar samkvæmt nefndum kafla sömu laga. Samkvæmt 16. gr. tilvitnaðra laga er óheimil hvers konar aðför vegna skulda útgerðarmanns, er sótt hefur um slíka aðstoð, þar til er skilanefnd hefur afgreitt mál hans. Ákvæði þessi þykir verða að skilja svo, að einnig nauðungaruppboð séu óheimil á hinum tiltekna tíma.

Skilanefndin hefur ekki tilkynnt, að hún hafi afgreitt aðstoðarbeiðni Njáls, og þykir því uppboðsheimild að svo komnu ekki vera fyrir hendi. Verður framangreind uppboðsbeiðni því ekki tekin til greina að svo stöddu.

Því úrskurðast:

Uppboðsbeiðni Björns Halldórssonar hdl. f. h. Lúðvíks Kjartanssonar á vélskipinu Eyfirðingi, E.A. 480, verður ekki tekin til greina að svo stöddu.

Mánudaginn 28. nóvember 1949.

Nr. 137/1949. **Valdstjórnin** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Garðari Ólasyni (Sveinbjörn Jónsson).

Setudómarar próf. Ólafur Jóhannesson og próf. Ármann Snævarr í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Guðbrandur Ísberg, sýslumaður Húnavatnssýslu, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Friðrik Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, hefur eftir uppsögu héraðsdóms markað á sjóuppdrátt nr. 64 frá 1948 stað þann, er stjórnarmenn varðskipsins mældu hinn 22. júlí 1949, og reyndist staðurinn 0.8 sjómílur innan landhelgis-

línu. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms er sannað, að kærði hefur verið að ólöglegum botnvörpuveiðum í landhelgi, og varðar brot hans við 1. gr. laga nr. 5/1920 sbr. 1. mgr. 3. gr. sömu laga og lög nr. 4/1924.

Með hliðsjón af núverandi gullgengi íslenzkrar krónu, 23.594, þykir refsing kærða hæfilega ákveðin kr. 42.500.00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra, þó svo, að andvirðið renni í Landhelgissjóð Íslands.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Dómsorð:

Kærði, Garðar Ólason, greiði 42.500 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra staðfestast, þó svo, að andvirðið renni í Landhelgissjóð Íslands.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars B. Guðmundssonar og Sveinbjörns Jónssonar, kr. 600.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Húnavatnssýslu 22. júlí 1949.

Mál þetta, sem var þingfest og tekið upp til dóms í dag, er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Garðari Ólasyni, Hrísey, skipstjóra á togbátnum m/s Hauki I. frá Ólafsfirði, Ó.F. 5, fyrir brot á ákvæðum 1. greinar laga nr. 5 frá 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi, sbr. lög nr. 4 frá 1924.

Tildrög málsins eru sem hér segir:

Í morgun, föstudag 22. júlí, var varðskipið Sæbjörg á leið inn Húnaflóa og sá þá kl. 05.07 skip fram undan á bakborða. Var haldið að skipinu og komið að því kl. 05.27, og reyndist það vera togbáturinn Haukur I. frá Ólafsfirði, en skipstjóri á honum er Garðar Ólason, Hrísey. Skipið var með vörpu úti og var að toga og stefndi í suð-suðvestur. Fyrsti og annar stýrimaður varðskipsins, þeir Árni Valdemarsson og Garðar Ágústsson, framkvæmdu að beiðni varðskipsstjórans hornamælingar með sextant til staðarákvörðunar, og reyndist staður skipsins vera sem hér segir:

Kálfshamarsviti
$> 96^\circ\ 30'$
Spákonufellsvarða
$> 51^\circ\ 17'$
Eyjarey a.brún

og gaf þessi staðarákvörðun stað skipsins 0.8 sjómílur innan landhelgi.

Stýrimennirnir Árni og Garðar mættu sem vitni í réttinum og unnu eið að því eftir löglegan undirbúning, að þeir hefðu framkvæmt hornamælingarnar eftir beztu þekkingu og samvizku.

Kærður, Garðar Ólason, bar það fyrir sig, að hann hefði álitið sig vera utan landhelgi, en loft hefði verið þykkt og dimmt yfir. Kveðst hann hafa verið svo öruggur um þetta, að hann hefði kastað út vörpunni og farið að toga 19 mínútum áður en varðskipið kom til hans og stöðvaði skip hans, en hann hefði vel séð varðskipið og þekkt það, en augljóst mætti vera, að hann hefði ekki kastað vörpunni beint fyrir framan varðskipið, ef hann hefði talið sig þurfa að óttast það.

Kærður neitaði ekki, að hann kynni að hafa verið innan landhelgi, en samþykkti það ekki heldur, þar sem hann hefði ekki vegna ókunnugleika getað fylgzt með hornamælingunum, þótt hann ætti þess kost.

Réttinum er ljós sá möguleiki, að kærður hafi verið innan landhelgi sér óafvitandi. En þar sem líta verður svo á, að skipstjóri beri skilyrðislausa ábyrgð á veru botnvörpuskipsins við veiðar innan landhelgi, er ekki unnt að taka þessa afsökun skipstjóra til greina.

Kærður, sem er fæddur að Hleiðargarði í Eyjafirði 5/8 1909, hefur eigi áður sætt kæru né refsingu fyrir veiðilagabrot, svo að vitað sé.

Brot kærðs ber að heimfæra undir 1. grein laga nr. 5 frá 1920 sbr. l. nr. 4 frá 1924, og þykir verða samkvæmt því að dæma hann til 10.000 — tíu þúsund — gullkróna sektargreiðslu, sem gerir, miðað við núverandi gullgengi ísl. krónu, 29.500 íslenzkar krónur, er renni í Fiskveiðasjóð Íslands, og komi 6 — sex — mánaða varðhald í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan 4 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa. Svo skulu og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli skipsins, vera upptækt og verða eign sama sjóðs.

Þá greiði kærður og allan áfallinn og áfallandi kostnað sakarinnar.

Á rekstri málsins hefur enginn ónauðsynlegur dráttur orðið.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Garðar Ólason, Hrísey, skipstjóri á m/b Hauki I. frá Ólafsfirði, greiði 29.500 króna sekt, er renni í Fiskveiðasjóð Íslands, og komi 6 mánaða varðhald í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan 4 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa. Þá skulu og veiðarfæri m/b Hauks I., þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli skipsins vera upptækt og verða eign nefnds sjóðs. Þá greiði dómfelldi og allan áfallinn og áfallandi kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 28. nóvember 1949.

Nr. 87/1949. **Valdstjórnin** (Eggert Claessen)
gegn
Geir Ragnari Gíslasyni (Sveinbjörn Jónsson)
og
Hauki Hjartarsyni (Kristján Guðlaugsson).

Setudómarar próf. Ólafur Jóhannesson og próf. Ármann Snævarr í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Áfengislagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Það athugast, að kærði Haukur hirti hagnaðinn af áfengissölunni 2. október 1948.

Með þessari athugasemd þykir mega staðfesta héraðsdóminn, þó svo, að greiðslufrestur sektar hvors hinna kærðu ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Hvor hinna kærðu greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 350.00. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir Hæstarétti, kr. 500.00, greiði kærðu in solidum.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektar hvors hinna kærðu sé 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði Geir Ragnar Gíslason greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmanns Sveinbjörns Jónssonar, kr. 350.00, og kærði Haukur Hjartarson greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmanns Kristjáns Guðlaugssonar, kr. 350.00. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmanns Eggerts Claessens, kr. 500.00, greiði báðir hinir kærðu in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 15. janúar 1949.

Ár 1949, laugardaginn 15. janúar, var í lögregluréttí Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans, Guðmundi Ingva Sigurðssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 230—231/1949: Valdstjórnin gegn Hauki Hjartarsyni og Geir Ragnari Gíslasyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. janúar sl., er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn þeim Hauki Hjartarsyni verkamanni, til heimilis á Háaleitisveg 24, og Geir Ragnari Gíslasyni bifreiðarstjóra, til heimilis á Hrísateig 39, fyrir brot gegn áfengislögum, nr. 33 9. janúar 1935.

Kærður Haukur er fæddur 24. júní 1926 á Akranesi. Hefur hann hvorki sætt kæru né refsingu fyrr, svo að kunnugt sé.

Kærður Geir Ragnar er fæddur 23. júlí 1925 í Galtarvík í Skilamannahreppi. Hefur hann sætt kærum og refsingum, sem hér segir:

1947 11/6 Sátt, 60 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.
1947 23/10 Sátt, 40 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
1947 27/11 Áminning fyrir ljósleysi á bifreið.
1947 19/12 Sátt, 40 kr. sekt fyrir brot gegn 27. gr., 1. mgr., bifreiðalaganna.
1948 6/10 Áminning fyrir brot gegn 28. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Laugardaginn 2. október sl. voru kærðir staddir uppi á Akranesi. Kærður Haukur seldi þar tvær flöskur af brennivíni á kr. 100.00 hvora. Flöskur þessar átti kærður Geir Ragnar. Hirti hann eina ágóðann. Viðurkenndu þeir sölu þessa í réttarhaldi á Akranesi hinn 13. nóvember sl.

Laugardaginn 13. nóvember fóru kærðir upp á Akranes. Seldi kærður Haukur þar 8 flöskur af brennivíni á kr. 100.00 hverja. Ferð þessi var ráðin sameiginlega af kærðum og meðfram í því skyni að selja áfengi.

Ágóðanum af sölunni skiptu þeir á milli sín. Sölu þessa viðurkenndu þeir einnig í réttarhaldinu 14. nóv. sl. á Akranesi.

Ferðir þessar höfðu þeir farið í bifreið kærðs Geirs Ragnars, R-6052.

Er kærðir voru kvaddir hér fyrir rétt 4. desember sl., bregður svo við, að kærður Haukur heldur því fram, að gætt hafi misskilnings í réttarrannsókninni á Akranesi, hann einn beri alla ábyrgðina. Kærður Geir Ragnar hafi hvergi komið þar nærri. Kærður Geir Ragnar heldur hinu sama fram, hann hafi ekki átt nokkurn þátt í þessari áfengissölu kærðs Hauks.

Þegar þess er gætt, að í endurritinu af réttarrannsókninni á Akranesi stendur skýrum stöfum, að kærðir hafi báðir játað á sig framanritaðar áfengissölur, og til frekara öryggis voru þeir látnir rita nöfn sín undir játningar þessar, og hvorugur hinna kærðu hefur mótmælt undirskrift sinni hér fyrir rétti, þá lítur rétturinn svo á, að ekki sé ástæða til að taka til greina þessa afturköllun Geirs Ragnars. Svo skýrt er að orði kveðið í réttarrannsókninni um játningu kærðra á áfengissölunum, að útilokað er, að kærður hafi misskilið rannsóknardómarann.

Samkvæmt framanskráðu er því sannað talið, að kærðir hafi selt áfengi. Hafa þeir því gerzt sekir um brot gegn 15. gr. áfengislaga, nr. 33 9. janúar 1935. Samkvæmt 33. gr. þeirra laga og með hliðsjón af lögum nr. 14 8. marz 1948, þykir refsing hinna kærðu hvors um sig hæfilega ákveðin kr. 4000.00 í sekt til Menningarsjóðs. Komi 55 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá ber að dæma kærðu in solidum til greiðslu alls sakarkostnaðar annars en málsvarnarlauna til skipaðs talsmanns kærðs Geirs Ragnars, Jóns Hallvarðssonar lögfræðings. Þykja málsvarnarlaunin hæfilega ákveðin kr. 250.00.

Málið hefur verið rekið vítalaust.

Dómsorð:

Kærðir, Haukur Hjartarson og Geir Ragnar Gíslason, greiði hvor um sig kr. 4000.00 í sekt til Menningarsjóðs, og komi í stað hvorrar sektar varðhald í 55 daga, verði sektirnar eigi greiddar innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærðir greiði in solidum allan sakarkostnað annan en málsvarnarlaun skipaðs talsmanns kærðs Geirs Ragnars, að upphæð kr. 250.00, er kærður Geir Ragnar greiði einn.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 30. nóvember 1949.

Nr. 64/1949. **H/f Shell á Íslandi** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Blönduósshreppi (Theodór B. Líndal).
Setudómari prof. Ólafur Jóhannesson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Útsvarsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Guðbrandur Ísberg, sýslumaður í Húnavatnssýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. marz 1949, krefst þess, að úrskurður fógeta verði úr gildi felldur og stefnda dæmt að greiða honum málskostnað í Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi, sem fengið hefur gjafvörn í Hæstarétti, krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða allan kostnað málsins, eins og það væri ekki gjafvarnarmál.

Áfrýjandi á benzín- og olíusölutæki þau, sem notuð eru til afgreiðslunnar á Blönduósi, og eru þau að nokkru á eigin lóð áfrýjanda og að nokkru á landi, sem hann hefur tekið á leigu. Samkvæmt samningi áfrýjanda og sölumanns hans á Blönduósi hlítir sölumaðurinn ákvörðunum áfrýjanda um útsöluverð benzínsins og olíunnar og annast söluna gegn tiltekinni þóknun. Hins vegar ber sölumaðurinn ábyrgð á birgðum þeim, er hann veitir viðtöku, nema spjöll verði á þeim af óviðráðanlegum orsökum. Einnig ber hann ábyrgð á skilvísri greiðslu á andvirði hinna seldu vara.

Að formi til fjallar samningur þessi að vísu um verzlunarumsýslu, en hins vegar er það nú leitt í ljós, að raunverulega er þetta samband áfrýjanda og sölumannsins með þeim hætti, að telja verður sölumanninn starfsmann áfrýjanda, að því er nefnda sölu varðar. Ber því að líta á umræddan rekstur áfrýjanda sem heimilisfasta atvinnustofnun hans í Blönduósshreppi, og var hann þess vegna útsvarsskyldur þar samkvæmt a-lið 2. málsgr. 8. gr. laga nr. 66/1945. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð og dæma áfrýjanda til að

greiða stefnda kr. 1000.00 í málskostnað í Hæstarétti, þar af kr. 700.00 til talsmanns stefnda hér fyrir dómi.

Það athugast, að fógeti hefur, andstætt ákvæðum 3. málsgr. 185. gr. laga nr. 85/1936, látið ódæmda málskostnaðarkröfu stefnda.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, h/f Shell á Íslandi, greiði stefnda, Blönduósshreppi, kr. 1000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti, þar af kr. 700.00 til talsmanns stefnda, Theodórs B. Líndals hæstaréttarlögmanns.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Húnavatnssýslu 1. marz 1949.

Oddviti Blönduósshrepps krefst lögtaks hjá h/f Shell á Íslandi, útsölu þess á Blönduósi, til tryggingar og lúkningar útsvörum, lögðum á nefnt félag af hreppsnefnd Blönduósshrepps á árunum 1947 og 1948, samtals að upphæð kr. 3462.00 ásamt áföllnum vöxtum til síðustu áramóta, að viðbættum 6% ársvöxtum frá þeim tíma til greiðsludags og að auki málskostnaðar að skaðlausu.

Umboðsmaður gerðarþola, sölumaður hans hér á staðnum, Kristinn Magnússon kaupmaður, hefur mótmælt framkvæmd gerðarinnar með þeim rökum, að hér sé aðeins um umboðssölu að ræða, sem ekki sé útsvarsskyld.

H/f Shell á Íslandi hefur um alllangt árabil haft benzínútsölu á Blönduósi og látið afgreiða það frá eigin geymi á eigin leigulóð, er það greiðir árlega af fasteignaskatt og lóðarleigu. Benzínið (ásamt smurningsolíum o. fl., svo sem venja er á slíkum útsölum) hefur verið afgreitt af ráðnum sölumanni, Kristni Magnússyni, kaupmanni á Blönduósi, er hefur fengið fyrir afhendinguna tiltekinn aurafjölda á hvern lítra. Ber sölumaður hvorki ábyrgð á birgðum né rýrnun þeirra. Hins vegar ber hann ábyrgð á andvirði þess benzíns, er hann afhendir gegnum mæli geymisins.

Fógetaréttur lítur svo á, að skv. a-lið og b-lið 8. gr. laga nr. 66/1945, um útsvör, sé h/f Shell á Íslandi útsvarsskylt á Blönduósi vegna útsölustarfsemi sinnar þar og eignar og notkunar lóðarréttinda. Þykir því verða að taka til greina kröfu gerðarbeiðanda, oddvita Blönduósshrepps, um framkvæmd hins umbeðna lögtaks.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á að njóta framgangs.

Miðvikudaginn 30. nóvember 1949.

Nr. 82/1947. **H/f Björgvin**
gegn
Magnúsi Jónssyni og gagnsök.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, h/f Björgvin, er sækir eigi dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 30. nóvember 1949.

Nr. 102/1949. **Árni Friðriksson og Jónas Sveinsson f. h. Fjölsvinnsútgáfunnar**
gegn
Jósep Thorlacius.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Árni Friðriksson og Jónas Sveinsson f. h. Fjölsvinnsútgáfunnar, er sækja eigi dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 30. nóvember 1949.

Nr. 118/1949. **Einar B. Árnason f. h. Kaupfélags Ólafsvíkur**
gegn
Sýslumanni Snæfellsnessýslu f. h. ríkissjóðs.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Einar B. Árnason f. h. Kaupfélags Ólafsvíkur, er sækir eigi dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 30. nóvember 1949.

Nr. 123/1949. **Búkolla h/f**
gegn
Sveinbirni H. Pálssyni.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Búkolla h/f, er sækir eigi dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 30. nóvember 1949.

Nr. 138/1949. **Auðbjörg Brynjólfsdóttir**
gegn
Birni Þórðarsyni.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Auðbjörg Brynjólfsdóttir, er sækir eigi dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 2. desember 1949.

Nr. 107/1948. **Búkolla h/f**
gegn
Ágústi Jónssyni.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Búkolla h/f, er mætir eigi í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Ágústi Jónssyni, sem hefur mætt í málinu og krafizt ómaksbóta, kr. 300.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 2. desember 1949.

Nr. 106/1948. **Lúðvík Grímsson** (Ragnar Jónsson)
gegn
Jóni Kr. Björnssyni (Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari prof. Ólafur Jóhannesson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Kaupkrafa. Sjóveðréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn áfrýjaði dómur er upp kveðinn af Sigurði Guðjónssyni bæjarfógeta og samdómsmönnunum Guðmundi Ólafssyni útgerðarmanni og Þorsteini Þorsteinssyni útgerðarmanni.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. ágúst 1948, krefst þess *aðallega*, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér kr. 6046.62, en *til vara* kr. 5746.62, ásamt 5% ársvöxtum frá 25. júní 1947 til greiðsludags. Þá krefst hann þess, að sér verði dæmdur sjóveðréttur í v/s Gulltoppi, Ó.F. 33, til tryggingar kr. 2474.07 af kröfunni. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir héraðsdómi og Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt skipshafnarskrá verður ekki séð, að áfrýjandi sjálfur hafi áskilið sér kaup samkvæmt saltfiskstaxta. Með þessari athugasemd þykir mega staðfesta niðurstöðu í aðalsök í héraði.

Ljóst virðist samkvæmt gögnum málsins, að hásetar hafa eigi viljað ráðast á skipið nema með þeim kjörum, sem þeim eru áskilin í skipshafnarskránni. Stefndi var viðstaddur lögskráningu skipverja og mátti því vera kunnugt um ráðningarkjör. Verður og eigi séð, að hann hafi hreyft neinum athugasemdum um ráðningu háseta fyrr en í greinargerð í máli þessu í héraði. Þegar á þetta er litið, þykir eigi sannað, að áfrýjandi hafi farið út fyrir stöðuumboð sitt, og ber því að sýkna hann af gagnkröfu stefnda í héraði.

Samkvæmt þessu ber að dæma stefnda til að greiða áfrýj-

anda kr. 3610.55 ásamt 5% ársvöxtum frá 25. júní 1947 til greiðsludags, og hefur áfrýjandi sjóveðrétt í v/s Gulltoppi, Ó.F. 33, fyrir kr. 2012.75 af þeirri fjárhæð ásamt vöxtum.

Eftir þessum málsúrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir héraðsdómi og Hæstarétti, er þykir hæfilega metinn kr. 1500.00.

Dómsorð:

Stefndi, Jón Kr. Björnsson, greiði áfrýjanda, Lúðvík Grímssyni, kr. 3610.55 ásamt 5% ársvöxtum frá 25. júní 1947 til greiðsludags, og á áfrýjandi sjóveðrétt í v/s Gulltoppi, Ó.F. 33, fyrir kr. 2012.75 af þeirri fjárhæð ásamt vöxtum. Stefndi greiði áfrýjanda samtals kr. 1500.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Ólafsfjarðarkaupstaðar 26. maí 1948.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 5. þ. m., er með stefnu, út gefinni 25. júní 1947, höfðað hér fyrir sjó- og verzlunardóminum af Lúðvík Grímssyni skipstjóra, Akureyri, á hendur Jóni Kr. Björnssyni, útgerðarmanni hér í bæ, til greiðslu skuldar sem hér segir:

1.	Kaup samkv. reikningi fyrir vinnu á sl. vetri á Akureyri við undirbúning fyrir vertíð með Gulltopp, vélbát, eign Jóns Kr. Björnssonar, eftirstöðvar	kr. 3432.06
2.	Orlofsfé af þeirri vinnu	— 140.49
3.	Kaup sem formaður á Gulltoppi, Ó.F. 33, frá 30/3—5/5, kr. 100.00 á mánuði auk vísitölu	— 361.67
4.	Hlutur af afla fyrir sama tíma skv. reikningi	— 1728.78
5.	Orlofsfé af sama og kaupinu	— 83.62
6.	Eftirstöðvar af hlut frá vorinu 1944	— 300.00
	Samtals kr.	6046.62

Þá hefur stefnandi krafizt 5% ársvaxta af upphæðinni frá stefnudegi til greiðsludags, svo og sjóveðréttar í vélskipinu Gulltoppi, Ó.F. 33, til tryggingar kröfum sínum, að undanskildum 2 fyrstu liðunum, kr. 3572.55, og er því sjóveðréttarkrafa stefnanda kr. 2474.07. Þá krefst stefnandi og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt reikningi, er nemur kr. 1130.00.

Stefndur mótmælir kröfum stefnanda sem of háum og sumpart sem röngum að undanskildum 3. lið kröfunnar, kr. 361.67, og kr. 37.80, sem sé útlagður kostnaður við bátinn. Mótmæli sín gegn 1. og 2. lið kröfunnar byggir stefndur á því, að stefnandi hafi ekki unnið að staðaldri

við bátinn, hann hafi ekki verið ráðinn til annars en að útbúa togveiðarfærin, og hafi því verki verið lokið á 8—10 dögum, en auk þess hafi stefnandi unnið eitthvað að málun á skipinu og hjálpað til að saga það út úr ís á Akureyrarhöfn. Hafi stefnandi unnið fulla dagvinnu frá 21.—28. jan. 1947, en eftir það hafi hann aðeins unnið annað slagið til 21. febrúar, en allan þann tíma hafi stefndur verið sjálfur á Akureyri og unnið að útbúnaði bátsins. Þá er stefndur fór frá Akureyri um 21. febrúar, hafi stefnandi talið sig eiga hjá honum um 800 krónur. Til viðbótar þessari vinnu komi svo vinna við málun og útsögun úr ísnum, en þá hafi stefndur ekki verið staddur á Akureyri og ekki fylgzt með því verki. Krefst stefndur, að liðir þessir verði færðir niður í kr. 1200.00 auk orlofsfjár, að viðbættum kr. 37.80, er sé útlagður kostnaður stefnanda, innifalinn í þessum lið stefnukröfunnar.

3. lið viðurkennir stefndur réttan, eins og áður er sagt.

4. og 5. lið stefnukröfunnar hefur stefndur mótmælt sem of háum, þar eð miðað sé við saltfiskstaxta, en skipið hafi átt að fara og farið á ísfisksveiðar, og geti stefnandi því aðeins krafizt kaups samkvæmt þeim taxta, sem gilti við þær veiðar, er hann var ráðinn til, sem sé 2/7 af 35.5% af heildarafla skipsins að lifur undanskilinni, en verðmæti aflans nam kr. 15.514.73, og beri því stefnanda kr. 1573.63 auk orlofsfjár.

6. lið mótmælir stefndur sem röngum.

Þá hefur stefndur gert gagnkröfu til skuldajafnaðar, að upphæð kr. 2397.97, sökum þess að hann hafi orðið að greiða nokkrum mönnum af skipshöfninni þessa upphæð umfram taxta, þar eð stefnandi hafi í heimildarleysi skráð skipshöfnina upp á saltfisksveiðitaxta, þrátt fyrir það að skipið hafi átt að fara og farið á ísfisksveiðar.

Skal nú hver liður stefnukröfunnar svo og mótmæli stefnds gegn þeim athugaður fyrir sig.

1. og 2. liður. Stefnandi gerir kröfu til að fá greiddar samtals kr. 3432.06 auk orlofsfjár af kr. 3512.34 fyrir vinnu sína við útbúnað bátsins, áður en hann fór á veiðarnar, og áætlar, að vinna þessi hafi numið 6 klst. á dag að meðaltali. Í aðiljayfirheyrslu hefur hann viðurkennt, að hann hafi ekki haldið reikning yfir vinnustundir sínar, heldur sé tímafjöldinn áætlaður, og gefur þá skýringu á því, að upphaflega hafi hann haldið tímareikning yfir vinnu sína dag hvern, en um viku eftir að hann byrjaði að vinna, hafi hann samið við stefndan um fast mánaðarkaup, og hafi hann þá hætt að skrá tímana. Síðar hafi stefndur svo neitað því að hafa gert þennan samning, og hafi hann þá áætlað tímafjöldann.

Stefndur neitar eindregið að hafa ráðið stefnanda upp á fast kaup og kveðst hafa gert ráð fyrir, að stefnandi fengi tímakaup við vinnu þessa, enda hafi stefndur sjálfur haft alla umsjón með útbúnaði bátsins þann tíma, sem hann var á Akureyri. Segir stefndur, að stefnandi hafi unnið í um 2 vikur samfleytt að útbúnaði veiðarfæra, en eftir það hafi vinna hans verið stopul. Þó viðurkennir stefndur, að stefnandi hafi unnið nokkuð að málun í skipinu og einnig við að saga það út úr ís á Akur-

eyrarhöfn. Að lokinni standsetningu veiðarfæra hinn 21. febrúar hafi stefnandi sagzt eiga hjá stefndum um 800 kr., og hefur þessari staðhæfingu ekki verið mótmælt sérstaklega af stefnanda. Krefst stefndur þess, að kröfuliður þessi verði lækkaður niður í kr. 1200.00 auk orlofsfjár að viðbættum kr. 37.80, útlögðum peningum vegna bátsins.

Um vinnu stefnanda við skipið hefur eitt vitni borið, Sigþór Sigurðsson, er vann við bátinn á sama tíma, og segir hann, að stefnandi hafi unnið að standsetningu veiðarfæra og hreinsun og málun á lest skipsins og byrðingi að utan ofan sjómáls. Um það, hve langan tíma stefnandi hafi unnið að þessu, segir vitnið, að stefnandi hafi unnið að þessu „öðru hverju", en kaflar hafi verið á milli, sem hann vann ekki við það.

Hinn 10. marz sl., að loknum skriflegum flutningi máls þessa, var það tekið til dóms, en eftir nánari íhugun þótti réttinum ástæða til að gefa stefnanda kost á að færa frekari sönnur á, hve mikla vinnu stefnandi hefði innt af hendi í þágu stefnds, og var málið þá tekið upp til gagnaöflunar að nýju. En með bókun, sem lögð var fram hinn 5. þ. m., taldi umboðsmaður stefnanda sér ekki fært að færa frekari sönnur á þennan kröfulið en hann hafði þegar gert.

Í sóknarskjölum sínum svo og í fyrrnefndri bókun lætur málflutningsmaður stefnanda skína í það, að jafnvel þótt stefnandi hefði ekki unnið allan þann tíma við skipið, sem hann telur sig hafa gert, þá ætti hann þó rétt á kaupi fyrir að bíða eftir því, að skipið yrði tilbúið til veiða, en þar sem stefnukrafan er gerð um „kaup samkvæmt reikningi fyrir vinnu", verður ekki fallizt á þá röksemdafærslu hans..

Þá hefur stefnandi gert þá varakröfu í sambandi við þennan lið, að stefndum verði gert að greiða af honum kr. 2000.00, en þá upphæð hafi stefndur boðið til greiðslu á þessu, áður en málið hófst. Í aðiljayfirheyrslu hér fyrir réttinum 23. júlí sl. kveðst stefndur hafa boðið þessa upphæð, en neitað að greiða neitt upp í kröfuna, ef ekki yrði gengið að boði sínu. Einnig hafi hann boðið að greiða aflahlutinn með ísfiskstaxta, ef samkomulag yrði um allar kröfur stefnanda. Þessa yfirlýsingu hafa báðir aðiljar túlkað svo, að stefndur hafi því aðeins viljað greiða þessa upphæð, að samkomulag yrði um kröfurnar að öðru leyti, og verður þetta því ekki skilið sem viðurkenning á þessum lið sérstaklega. Þessi liður stefnukröfunnar verður ekki gegn mótmælum stefnds tekinn til greina að fullu, en hins vegar þykir einsætt, að upphæð sú, er stefndur viðurkennir af honum, þ. e. kr. 1200.00 + kr. 37.80, er of lág. Auk vinnunnar við veiðarfærin er upplýst, að stefnandi vann að hreinsun og málun á lest og byrðingi skipsins og sá um útsögun þess úr ís á Akureyrarhöfn, og telur rétturinn, að fyrir þá vinnu beri stefnanda kr. 700.00. Stefndur hefur ómótmælt haldið því fram, að stefnandi hafi krafið sig um kr. 800.00 fyrir viðgerðina á veiðarfærunum, og virðist hafa samþykkt þá upphæð. Ber því að taka þennan lið til greina með kr. 1500.00 auk orlofsfjár, kr. 60.00, svo og fyrrgreindra kr. 37.80, er stefndur hefur viðurkennt, eða alls kr. 1597.80.

3. lið stefnukröfunnar, kr. 361.67, ber að dæma stefndan til að greiða auk orlofsfjár, kr. 14.50, eða samtals kr. 376.17.

4. og 5. liður. Stefnandi krefst 2/7 af 39% af heildarafla bátsins að lifur undanskilinni þann tíma, sem hann var með hann, en það mun vera taxti skipstjóra við saltfisksveiðar. Stefndur mótmælir þessu og telur, að reikna beri með ísfiskstaxta, sem sé 2/7 af 35.5% af heildarafla. Aðiljar eru sammála um, hvert verðmæti aflans var, sem sé kr. 15.514.73. Enn fremur er það upplýst, að aldrei var gert ráð fyrir, að skipið færi á saltfisksveiðar, enda var það á ísfisksveiðum þennan tíma.

Hins vegar lét stefnandi skrá skipshöfnina á saltfiskstaxta og telur sig hafa gert það með samþykki stefnds, og af því virðist hann draga þá ályktun, að sér beri einnig kaup samkvæmt þeim taxta, án þess að sérstakur samningur væri um það gerður við stefndan.

Stefndur hefur hins vegar haldið því fram, að stefnanda beri kaup samkvæmt þeim taxta, er gilti við þær veiðar, er hann var ráðinn til og fór á, enda hafi ekki verið gerður við hann sérstakur samningur. Verður rétturinn að fallast á þá skoðun.

Af þessum lið ber því að dæma stefndan til að greiða 2/7 af 35.5% af kr. 15.514.73 eða kr. 1573.63 auk orlofsfjár, kr. 62.95, eða samtals kr. 1636.58.

6. liður, eftirstöðvar af hlut frá vorinu 1944, kr. 300.00. Stefnandi heldur því fram, að stefndur hafi lofað sér þessari upphæð sem sérstökum fríðindum, en hann var þá stýrimaður á skipi stefnds. Stefndur hefur algerlega neitað þessum lið, og þar sem stefnandi hefur ekki fært sönnur á hann, verður hann ekki tekinn til greina.

Gagnkrafan. Gagnkröfu sína, kr. 2397.97, byggir stefndur á því, að hann hafi orðið að greiða nokkrum skipverjum upphæð þessa umfram taxta, þar eð stefnandi hafi í heimildarleysi og án vitundar sinnar skráð skipverjana fyrir hærri kjör en giltu við þær veiðar, sem þeir voru ráðnir til.

Mótmæli sín gegn kröfu þessari byggir stefnandi á því, að stefndum hafi verið eða a. m. k. átt að vera kunnugt um ráðninguna og samþykkt hana, ef ekki beinlínis, þá með afskiptaleysi.

Í aðiljayfirheyrslu hefur stefnandi haldið því fram, að stefndur hafi sjálfur verið viðstaddur, er skráð var á skipið, en skroppið frá til að sækja skeyti um undanþágu fyrir 2. vélarmann, en komið svo aftur, og hafi skráningu þá ekki verið lokið. Enn fremur segir hann, að þegar skipverjar hafi komið á skráningarstaðinn, hafi þeir neitað að láta skrá sig nema fyrir saltfiskstaxtann, og kveðst stefnandi ekki hafa svarað því neinu, en hins vegar hafi stefndur lýst yfir því, að hann gæti þá látið skipið fara á saltfisksveiðar, og hafi þá Kristján Stefánsson stýrimaður sagt, að það gæti hann, ef hann bætti við mönnum.

Sigþór Sigurðsson og Gunnar Þorsteinsson hásetar og Kristján Stefánsson stýrimaður hafa borið vitni um þetta atriði og ber þeim saman um, að stefndur hafi fylgzt með þeim á skráningarstaðinn, en vikið síðan eitthvað frá til að ná í skjöl viðvíkjandi skráningunni. Tvö af vitnum þessum segja, að stefndur hafi komið aftur um það bil, er skráningunni var

að verða lokið, en eitt vitnið kveðst strax hafa farið um borð, er það hafði undirritað skrárnar, og veit því ekkert um það. Ekkert vitnanna heyrði rætt um kjörin við stefndan né vissi til, að hann samþykkti þau, heldur segja þau, að skipstjórinn (stefnandi) hafi gengið að þessum kjörum, og stýrimaðurinn, Kristján Stefánsson, segir, að um þetta hafi verið búið að tala við skipstjórann, áður en þeir lögðu af stað frá Akureyri.

Kristján Stefánsson stýrimaður hefur síðar vottað til viðbótar fyrri framburði sínum, að eftir skráninguna, sama daginn, hafi hann setið heima hjá stefndum, og hafi þá stefndur haft orð á því, að hann gæti látið skipið fara á saltfisksveiðar. Hafi vitnið af þessu dregið þá ályktun, að stefndum hafi verið kunnugt um, að skipshöfnin var skráð upp á saltfiskstaxta. Vottorði þessu hefur stefndur mótmælt sem röngu.

Þrátt fyrir þennan síðari framburð vitnisins, sem verður að teljast fremur óljós, verður ekki talið sannað, að stefnandi hafi haft heimild stefnds til að ráða skipshöfnina fyrir hærri kjör en almennt giltu, og ekki verður heldur á það fallizt, að í afskiptaleysi stefnds felist neitt samþykki á þessari ráðstöfun.

Því hefur ómótmælt verið haldið fram af stefndum, að honum hafi borið að gera upp við skipverjana samkvæmt þeim kjörum, er stefnandi réð þá fyrir, þótt hann brysti heimild stefnds til þess.

Með tilliti til þessa þykir rétt að fallast á þá skoðun stefnds, að stefnandi eigi að bera hallann af þessari ráðstöfun, og verður því gagnkrafa stefnds tekin til greina.

Ber því að dæma stefndan til að greiða stefnanda kr. 1597.80 + kr. 376.17 + kr. 1636.58 eða alls kr. 3610.55 að frádregnum kr. 2397.97 eða kr. 1212.58. Kröfu stefnanda um sjóveðrétt í skipi stefnds ber að taka til greina svo og kröfu hans um vexti, þar eð stefndur hefur ekki fært fram nægar sannanir fyrir greiðslufram̈boði sínu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Jón Kr. Björnsson, greiði stefnandanum, Lúðvík Grímssyni, kr. 1212.58 með 5% ársvöxtum frá 25. júní 1947 til greiðsludags innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, og skal stefnandi hafa sjóveðrétt í skipi stefnds, v/b Gulltoppi, Ó.F. 33, til tryggingar upphæð þessari. Málskostnaður falli niður.

Dómi þessum má fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 5. desember 1949.

Nr. 107/1949. **Réttvísin** (Gunnar E. Benediktsson hdl.)
gegn
Elíasi Ben Sigurjónssyni (Þórólfur Ólafsson hdl.).

Setudómari pról. Ólafur Jóhannesson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Manndráp af gáleysi. Bifreiðalagabrot. Áfengislagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Það er að vísu ekki rétt að meta það játningu af hálfu ákærða, þó að hann telji líklegt, að Ágústa Högnadóttir hafi orðið fyrir bifreið hans, þar sem hann lýsir því jafnframt, að hann hafi alls ekki orðið þess var. Ákærði lét Ágústu fara úr bílnum móti vilja hennar að sunnanverðu við Laugaveginn rétt fyrir austan Rauðarárstíg. Eftir það ók ákærði yfir Rauðarárstíginn, staðnæmdist örlitla stund fyrir framan hús Egils Vilhjálmssonar og tók þar upp í bílinn stúlku, sem var á leið til vinnu sinnar í húsi austar við Laugaveginn. Síðan ók ákærði samkvæmt framburði sínum og vitna aftur á bak suður á Rauðarárstíginn og þaðan aftur norður Rauðarárstíg og austur Hverfisgötu. Eitt vitni sá persónu ganga í áttina að Rauðarárstígnum frá þeim slóðum, sem Ágústa fór úr bílnum, rétt áður en ákærði beygði aftur á bak inn í Rauðarárstíginn. Þegar hér við bætist, að þessi atvik gerðust á þeim tíma, sem líklegast þykir, að slysið hafi gerzt, og öll ummerki á slysstaðnum benda til þess, að Ágústa hafi orðið fyrir afturhluta á bíl, sem ekið var með sama hætti og áður segir um bifreið ákærða, og að hún hafi síðan dregizt með bílnum þvert yfir Laugaveginn, þá þykir það nægjanlega sannað, að ákærði hafi orðið samvaldur að slysinu með ógætilegum akstri, þannig að varði við þau hegningarákvæði, sem í héraðsdómi greinir. Hins vegar þykir ekki nægjanlega sannað, þrátt fyrir samtök ákærða og vitna þeirra, sem voru í bílnum með honum, um rangan framburð fyrir dómi, að ákærði hafi orðið var við, þegar slysið varð.

Samkvæmt framansögðu þykir mega staðfesta héraðsdóminn, þó með þeirri breytingu, að refsingin verði fangelsi í stað varðhalds.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Elías Ben Sigurjónsson, sæti fangelsi 45 daga. Að öðru leyti á héraðsdómurinn að vera óraskaður að því leyti, sem honum hefur verið áfrýjað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, héraðsdómslögmannanna Gunnars E. Benediktssonar og Þórólfs Ólafssonar, kr. 1200.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 16. marz 1949.

Ár 1949, miðvikudaginn 16. marz, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1088—1089/1949: Réttvísin og valdstjórnin gegn Elíasi Ben Sigurjónssyni og valdstjórnin gegn Ólafi Bjarna Ólafssyni, sem tekið var til dóms hinn 23. fyrra mánaðar.

Málið er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn ákærðum, Elíasi Ben Sigurjónssyni bílaviðgerðarmanni, Hringbraut 116 hér í bæ, fyrir brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940, áfengislögum, nr. 33 9. janúar 1935, bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941, umferðarlögum, nr. 24 16. júní 1941, og lögreglusamþykkt Reykjavíkur, nr. 2 7. janúar 1930, sbr. ákvörðun um einstefnuakstur um Laugaveg. Af valdstjórnarinnar hálfu er málið höfðað gegn kærðum, Ólafi Bjarna Ólafssyni vélstjóra, Rauðarárstíg 22 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum, nr. 33 9. janúar 1935.

Báðir eru þeir ákærður og kærður komnir yfir lögaldur sakamanna, ákærður fæddur 1. júlí 1927 í Vestmannaeyjum, og hefur hann, svo að vitað sé, sætt eftirfarandi kærum og refsingum:

1946 2/7 Rvík. Dómur lögregluréttar, 10 daga varðhald og sviptur ökuskírteini í 3 mánuði fyrir brot gegn áfengislögum, bifreiðalögunum og lögreglusamþykkt Rvíkur.

1947 15/10 Akureyri. Dómur aukaréttar, 1 mánaðar fangelsi skilorðsbundið fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna.

1948 2/2 Akureyri. Dómur aukaréttar, 60 daga fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 106. gr., 111. gr. sbr.

20. gr., 118. gr., 3. mgr., og 244. gr. hegningarlaganna, 17. og 18. gr. sbr. 38. gr. áfengislaganna, og 1. og 7. gr. lögreglusamþykktar Akureyrar.

Kærður er fæddur 26. marz 1911 á Suðureyri í Tálknafirði, og hefur hann ekki, svo að vitað sé, sætt neinum kærum eða refsingum fyrir brot á lögum.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Að morgni fimmtudagsins 7. október sl. kl. tæplega 6.30 var Magnús Bergmann Friðriksson, starfsmaður hjá dælustöð Hitaveitu Reykjavíkur, á leið að heiman frá sér til vinnu sinnar við Þvottalaugarnar innan við bæinn. Gekk hann fyrst, eftir að Njálsgötu sleppti, norður Hringbraut, en síðan austur Laugaveg eftir nyrðri gangstéttinni. Þegar hann kom móts við húsið nr. 105 við þá götu, kveðst hann hafa heyrt hljóð nokkurt, sem líktist stunum. Hélt hann síðan ferð sinni áfram án þess að athuga þetta frekar, unz hann kom að gatnamótum Laugavegar og Rauðarárstígs, en þá sá hann konu liggja á gatnamótunum nálægt vestari gangstétt Rauðarárstígs, og varð Magnúsi þá þegar ljóst, að stunurnar stöfuðu frá konu þessari. Ekki athugaði hann fyrst í stað gaumgæfilega ástand konunnar, en hraðaði sér inn í Gasstöðina við Hverfisgötu, en hún (Gasstöðin) er þarna á næstu grösum, og gerði hann lögregluvarðstofunni þaðan aðvart um konuna, en gekk síðan aftur þangað, sem hún lá, og beið þar, þar til er lögreglumenn komu á staðinn. Þegar Magnús kom fyrst að nefndri konu, segir hann klukkuna hafa verið 6.25, en er lögreglumennirnir komu á staðinn, segir hann hana hafa verið nákvæmlega 6.30. Eftir þetta hélt Magnús áfram ferð sinni til vinnustaðar síns. Hann kveðst ekki hafa orðið var við neina bifreið í grennd við staðinn, sem konan lá á, er hann kom fyrst auga á hana, en er hann var á leiðinni frá konunni að Gasstöðinni, kveðst hann hafa séð bifreið nokkra aka austur Hverfisgötu, einmitt er hann var að ganga norður yfir götu þessa.

Kveðst Magnús hafa gefið bifreið þessari merki um að nema staðar, en ekki segir hann hana hafa gert það, enda telur hann óvíst, að stjórnandi hennar hafi tekið eftir merkinu. Sá Magnús síðast til ferða bifreiðar þessarar, er hún var þar stödd, sem Hverfisgata og Laugavegur mætast. Segir hann bifreið þessa hafa verið venjulega fólksflutningabifreið, en að öðru leyti hefur hann ekki getað lýst útliti hennar eða einkennum. Annan skó margnefndrar konu sá Magnús liggja nokkrum metrum norðar á Rauðarárstíg en konan lá. Tók hann skóinn og færði hann til hennar, en að öðru leyti kveðst hann ekki hafa hróflað við neinu á stað þeim, sem konan lá á. Magnús hefur tekið fram, að myrkur hafi verið, þegar hann fann konuna liggjandi á götunni, og hafi götulýsing verið slæm á þeim slóðum. Segir hann þetta hafa stafað af því, að eitt götuljósið var bilað á þessum slóðum.

Eftir að Magnús Bergmann Friðriksson hafði gert lögregluvarðstofunni aðvart um konuna, brugðu þeir lögreglumennirnir Páll Eiríksson og Þórður Benediktsson við og fóru á staðinn. Er þangað kom, sáu þeir,

að blóð vætlaði úr munni hennar, og við athugun á götunni í kringum stað þann, sem hún lá á, kom í ljós, að slóð, sem konan virtist hafa dregizt eftir, frá því að hún féll á götuna, þar til er hún stöðvaðist, var um 16 metrar. Sokkar konunnar voru rifnir á hnjánum og hnén blóðug, kápa hennar og kjóll, sem voru hengilrifin, voru flett upp að mitti, en buxur heilar. Gerðu nú lögreglumennirnir ráðstafanir til að fá sjúkrabifreið á staðinn, og kom hún von bráðar og flutti hina slösuðu konu á Landspítalann, þar sem meiðsli hennar voru athuguð. Einnig gerðu fyrrnefndir lögreglumenn Axel Helgasyni rannsóknarlögreglumanni aðvart um slysið, og kom hann þegar á slysstaðinn, tók þar ljósmyndir, mældi staðinn og gerði af honum uppdrátt. Samkvæmt þessum uppdrætti hefur konan fallið á götuna um 3 metrum frá vestari gangstétt Rauðarárstígs, en um 6 metrum frá gatnamótum Laugavegar og Rauðarárstígs, dregizt síðan norður yfir þveran Laugaveg og stöðvazt um 2 metrum frá vestari gangstétt Rauðarárstígs, rétt norðan við mynni hans út á Laugaveg. Eins og fyrr er getið, mældist þessi slóð hinnar slösuðu konu vera um 16 metrar á lengd. Gatnamót Laugavegar og Rauðarárstígs eru malbikuð. Sunnan Laugavegar er Rauðarárstígur um 8 metrar á breidd, en um 13 metrar norðan hans. Veður mun hafa verið að mestu þurrt um það leyti, sem slys þetta varð.

Konan, sem fyrir slysi þessu varð, hét Ágústa Högnadóttir. Var hún gift kona, 47 ára að aldri, og átti heima á Laugavegi 126 hér í bæ. Það kom brátt í ljós, að meiðsli hennar voru mjög alvarlegs eðlis. Hefur Friðrik Einarsson læknir lýst þeim og líðan Ágústu, eftir að hún var flutt á Landspítalann, þannig í vottorði, út gefnu hinn 14. október sl.:

„Við skoðun finnst:

1. Efri helmingur af vinstra eyra er rifinn alveg af, og nær sárið dálítið fram á vangann. Storknað blóð í kringum eyrað og inni í hlust, en blæðing er nú að mestu hætt.
2. Hægri fótleggur er þverbrotinn um miðjan legginn, og dinglar fóturinn laus.
3. Ca. 10x10 cm stór kúla ofan á höfði með blæðingu undir húðinni.
4. 2 cm langt djúpt sár á vinstra upphandlegg.
5. Stórir marblettir og fleiður nærri því á öllum líkamanum, svo að allt of langt yrði upp að telja, hvar þau eru, en stærst eru þau á hnjám og öxlum.
6. Þrátt fyrir meðvitundarleysi kveinkaði sjúklingurinn sér sérlega mikið, ef þrýst var á brjóstkassann að framan. Seinna kom í ljós, að *9 efstu rifin hvorum megin voru brotin.*

Mikil vínlykt var af vitum sjúklingsins. Sjúklingurinn var órólegur, byltist um í óráði. Púlsinn var framan af mjög daufur, en jafnaði sig síðan.

Gert var að sárum og öðrum meiðslum sjúklingsins eftir föngum og hún lögð í rúmið. Eftir svo sem klukkutíma fór hún að rakna við og gat t. d. sagt til nafns síns og hvar hún ætti heima. Hún svaraði, þegar

á hana var yrt, bað um vatn að drekka og þess háttar, en komst þó aldrei vel til meðvitundar.

Seinni hluta dags 8/10 hrakaði henni stöðugt, og hún dó kl. 19.15 eða réttum 1½ sólarhring, eftir að hún kom á spítalann."

Daginn eftir að Ágústa lézt, var í Rannsóknarstofu háskólans framkvæmd réttarkrufning á líki hennar. Segir svo um dánarorsökina í ályktun krufningarskýrslunnar:

„Ályktun: Við krufninguna hefur komið í ljós, að konan hefur orðið fyrir mjög miklum áverka á brjóstið ofanvert með þeim afleiðingum, að 9 efstu rifin hafa brotnað beggja vegna og brjóstbeinið rifnað úr skorðum hægra megin. Einnig var þverbrot á hægri fótlegg. Útlit er fyrir, að áverkar þessir hafi valdið losti (shock) og afleiðing þess verið lömun á þörmum; þetta allt sameiginlega dregið konuna til dauða."

Reynt hefur verið við rannsókn málsins að komast fyrir um, hver hafi verið ferill Ágústu, áður en slysið vildi til, svo og, með hvaða hætti hún hlaut lemstur þau, sem leiddu hana til bana. Eftir því sem næst verður komizt, virðist ferill hennar hafa verið þessi frá því að kvöldi miðvikudagsins 6. október sl. þar til laust fyrir kl. 6.30 að morgni fimmtudagsins 7. sama mánaðar, en þá virðist slysið hafa orðið:

Umrætt kvöld (6. okt. sl.) sátu þau Valdís Jónsdóttir húsfrú, Laugavegi 135, og Ámundi Halldórs Ámundason verkamaður, Meðalholti 9, að drykkju í kjallara hússins nr. 40 við Hverfisgötu, en þar búa hjónin Þórdís Guðjónsdóttir og Jens Kristján Kristjánsson. Veitti Ámundi Halldórs vínið. Um kl. 9 um kvöldið brá Valdís sér frá, en kom brátt aftur, og var þá Ágústa Högnadóttir í fylgd með henni. Kveðst Valdís hafa sótt Ágústu heim til hennar (Ágústu) og farið með henni í fyrrnefnt hús, af því að hún (Valdís) hafi verið búin að lofa að fara út með henni þetta kvöld. Í húsi þessu (Hverfisgötu 40) neytti Ágústa heitin nokkurs áfengis og komst lítillega undir áhrif þess, og t. d. seldi hún upp þar. Um kl. 1 um nóttina var áfengið þrotið, og var þá búizt til brottferðar. Fór þá Ámundi Halldórs fótgangandi niður í bæinn og fékk þar leigða bifreið, sem Tómas Þórarinn Jónsson bifreiðarstjóri, Mjölnisholti 10, ók. Lét Ámundi síðan bifreið þessa aka sér að Hverfisgötu 40, þar eð ætlunin var að aka þeim Valdísi og Ágústu heim til þeirra þaðan. En er þangað kom, var Valdís farin, en Ágústa settist inn í bifreiðina, og var síðan haldið inn Hverfisgötu. En er komið var að gatnamótum Snorrabrautar, ók bifreiðin fram á Valdísi, þar sem hún var fótgangandi á ferð. Settist hún síðan inn í bifreiðina, og var henni síðan ekið heim til hennar að húsinu nr. 135 við Laugaveg, og fór hún þar út úr bifreiðinni, en Ágústa heitin var eftir í bifreiðinni. Var síðan ekið nokkuð niður Laugaveginn og að húsinu nr. 126, en þar bjó Ágústa, og fór hún þar út úr bifreiðinni. Þess skal getið, að Ágústa heitin mun hafa verið búin að hafa orð á því, að hún vildi gjarnan halda áfram að neyta áfengis, en ekki mun Ámundi Halldórs hafa haft hug á því fyrir sitt leyti, og varð ekki neitt úr þessu að sinni. Lét síðan Ámundi Halldórs umrædda leigubifreið aka sér heim til sín.

Þegar Ágústa heitin fór út úr bifreiðinni við heimili sitt, mun klukkan hafa verið 1—1½ aðfaranótt hins 7. október sl. Um kl. 2 umrædda nótt ók Óskar Arnar Lárusson bifreiðarstjóri, Hringbraut 102, bifreið sinni niður Laugaveginn. Við bifreiðaverzlun Egils Vilhjálmssonar í húsinu nr. 116 við nefnda götu stóð þá kona nokkur, sem eftir því, sem næst verður komizt, var Ágústa Högnadóttir, og gaf hún Óskari Arnar merki um að nema staðar, sem hann og gerði. Settist konan síðan upp í bifreiðina hjá Óskari Arnar, og ók hann henni síðan eftir beiðni hennar niður í bæinn og síðan eitthvað um miðbæinn. Ekki segir Óskar konu þessa hafa gefið skýr svör, er hann spurði hana, hvert hún vildi láta aka sér. Segir hann hana hafa verið ölvaða, ekki haft peninga til að greiða honum bifreiðarleiguna með og færzt undan að fara úr bifreiðinni. Eftir nokkurt þref segir hann hana þó loks hafa fallizt á að fara úr bifreiðinni við Litlu bílastöðina við Rauðarárstíg. Um kl. 3 um nóttina, að því er Óskar Arnar heldur, kveðst hann hafa ekið aftur fram hjá Litlu bílastöðinni, og sá hann þá konu þessa þar, og var hún þar að ræða við mann nokkurn, sem Óskar taldi tilheyra gulri fólksbifreið, sem sennilegt er, að því er síðar upplýstist, að verið hafi bifreiðin K. 248. Klukkan langt gengin 4, að því er Óskar Arnar gizkar á, kveðst hann enn hafa átt leið fram hjá Litlu bílastöðinni, og sá hann þá sömu konuna, sem hann hafði ekið fyrr um nóttina, og var hún nú setzt inn í bifreiðina, sem fyrr er nefnd (sennilega K. 248).

Um kl. 4 umrædda nótt ók Rafn Úranus Aðalsteinsson bifreiðarstjóri, Almannadal við Suðurlandsbraut, bifreið austur Hverfisgötu, og var Hörður Sigurbergur Kristinsson verkamaður, Hverfisgötu 83, farþegi í bifreið hans. Urðu þeir félagar þá varir við konu nokkra, sem sat á gangstéttarbrún Hverfisgötu móts við Litlu bílastöðina. Gengu þeir Rafn Úranus og Hörður Sigurbergur til konu þessarar og tóku að athuga ástand hennar og hverju það sætti, að hún sat þarna. Urðu þeir þess þá varir, að konan var að vísu ölvuð, en annars sjálfbjarga. Lét konan í ljós við þá félaga, að hún hefði fullan hug á að halda áfram að skemmta sér. Þegar þeir félagar voru að tala við umrædda konu, bar að bifreið, sem Rafn Úranus heldur hafa verið bifreiðina K. 248, og nam hún staðar við bifreiðastæði Litlu bílastöðvarinnar. Í bifreið þessari sá eða þóttist Rafn Úranus sjá 2 menn, bifreiðarstjórann og annan mann til, en ekki sá hann þá hafa neitt samband við nefnda konu. Hurfu þeir Rafn Úranus og Hörður Sigurbergur síðan á brott, eftir að konan hafði fært sig upp á bifreiðastæði Litlu bílastöðvarinnar. Eftir því, sem síðar kom á daginn, er sennilegt, að margnefnd kona hafi verið Ágústa heitin Högnadóttir, en menn þeir, sem í bifreiðinni K. 248 voru, þeir ákærður og kærður.

Klukkan að ganga 5 að morgni fimmtudagsins 7. október sl. ók Sigurður Kristinn Ásbjörnsson bifreiðarstjóri, Mímisvegi 2, bifreið sinni austur Hverfisgötu. Veitti hann þá bifreiðinni K. 248 athygli, þar sem hún stóð á bifreiðastæði Litlu bílastöðvarinnar. Af eintómri forvitni kveðst hann hafa ekið að bifreið þessari og lýst með ljósum bifreiðar

sinnar inn í bifreið þessa og sá þá tvo karlmenn sitja í framsæti hennar, en í aftursæti sá hann sitja konu, sem hann kannaðist nokkuð við og vissi m. a., að bjó á Laugavegi 126. Meðan Sigurður Kristinn dokaði þarna við, segir hann bifreiðina K. 248 hafa ekið af stað austur Hverfisgötu. Síðari hluta þessa sama dags. (7. október sl.), eftir að Sigurður Kristinn hafði frétt um slysið á Rauðarárstíg, kveðst hann hafa sagt kunningja sínum, Bjarna Einarssyni bifreiðarstjóra, Bergstaðastræti 25, frá því, að hann hefði þennan sama morgun séð konu þá, sem fyrir slysinu hafði orðið, í bifreiðinni K. 248. Litlu síðar voru þeir Sigurður Kristinn og Bjarni á ferð í bifreið Bjarna hér um bæinn. Urðu þeir þá varir við bifreiðina K. 248, stöðvuðu hana og ræddu við stjórnanda hennar. Sögðu þeir honum m. a., að konan, sem fyrir slysinu varð þennan sama morgun, væri hin sama sem Sigurður Kristinn hefði séð í bifreið hans þá um morguninn. Réðu þeir bifreiðarstjóra þessum síðan til að gera rannsóknarlögreglunni aðvart um þetta, og kvaðst hann mundu gera það.

Eftir þetta þótti augljóst, að menn þeir, sem í bifreiðinni K. 248 höfðu verið umræddan morgun, — en það reyndust vera þeir ákærður, sem ók bifreiðinni, og kærður, sem var farþegi í henni, — mundu geta gefið einhverjar upplýsingar um feril Ágústu heitinnar Högnadóttur hinn sama morgun sem hún fannst nær dauða en lífi af lemstrum á gatnamótum Laugavegar og Rauðarárstígs. Þóttu framburðir manna þessara brátt gefa tilefni til, að þeim yrði haldið í gæzluvarðhaldi, og voru þeir síðan að undangengnum úrskurði hafðir í haldi 1½ viku, meðan á rannsókn málsins stóð.

Eftir að þeir ákærður og kærður höfðu oftar en einu sinni breytt framburðum sínum um ýmis atriði, skýrðu þeir loks svo frá ferli sínum aðfaranótt hins 7. október sl. og að morgni sama dags: Um það leyti, sem margnefnt slys varð, hafði ákærður bifreiðina K. 248 undir umráðum sínum, en eigandi hennar er Lárus nokkur, búsettur á Sauðárkróki. Bifreið þessi mun vera fólksbifreið af gerðinni „Dodge". Kveðst ákærður hafa fengið bifreið þessa hjá eiganda hennar undir því yfirskini, að hann ætlaði að aka henni sem leigubifreið til mannflutninga, en ekki hafi hann þó gert þetta, enda hafi hann ekki réttindi til að stunda fólksflutninga með bifreið fyrir greiðslu, heldur kveðst ákærður hafa ekið bifreiðinni um þetta leyti fyrir sinn eigin reikning og kærðs, sem þá mun hafa verið í félagsskap með honum.

Aðfaranótt hins 7. október sl. voru þeir ákærður og kærður að aka í nefndri bifreið, og stjórnaði ákærður henni allan tímann, enda mun kærður ekki hafa bifreiðarstjóraréttindi. Fóru þeir víðs vegar um bæinn þessa nótt, höfðu með sér í bifreiðinni 8 flöskur af brennivíni og seldu 4—5 þeirra um nóttina hingað og þangað um bæinn og fengu greitt fyrir vínið ýmist peninga (kr. 90.00 fyrir hverja flösku) eða benzínskömmtunarmiða. Um kl. 3 umrædda nótt voru þeir ákærður og kærður staddir á bifreiðastæði Litlu bílastöðvarinnar við Hverfisgötu. Sáu þeir þá konu nokkra standa við bakdyr afgreiðsluhúss stöðvar þessarar, en

dyr þessar munu vita mót vestri. Þeir ákærður og kærður hafa báðir borið við rannsókn málsins, að þeir muni ekki sérstaklega eftir því, að þeir hafi átt tal við konu þessa í þetta skipti. Eftir þetta óku þeir félagar aftur niður í bæinn, en komu aftur að Litlu bílastöðinni um 1 klst. síðar, og lagði ákærður nú bifreið sinni á bifreiðastæði nefndrar bifreiðastöðvar. Sáu þeir félagar, ákærður og kærður, nú aftur konu á bifreiðastæðinu, og telja þeir það vera hina sömu sem þeir sáu þar áður — eða um 1 klst. áður. Í þetta skipti segja þeir konuna hafa setið í göturæsinu, og hafi hún bersýnilega verið mjög ölvuð. Komu nú að tveir menn, sem studdu hana upp á bifreiðastæðið og létu hana setjast þar á steinbrík nokkra. Munu það hafa verið þeir Rafn Úranus Aðalsteinsson og Hörður Sigurbergur Kristinsson, sem áður er getið. Eftir að menn þessir voru fyrir nokkru farnir af staðnum, gekk annar hvor þeirra, ákærður eða kærður, eða báðir til konunnar og buðu henni að setjast upp í bifreiðina K. 248. Hún hafði ekki á móti því, og hjálpuðu þeir henni inn í aftursæti bifreiðarinnar. Þar sofnaði hún og svaf nokkra stund, en er hún vaknaði eftir á að gizka ½ klst., að því er ákærður telur, gáfu þeir félagar henni brennivín, og virtist hún hressast við þetta, að því er ákærður segir. Þegar hér var komið sögu, varð það úr, að ákærður ók nokkuð inn fyrir bæinn. Hélt hann austur Miklubraut, en nam staðar nálægt kartöflugörðunum, sem liggja í svonefndri Kringlumýri. Ekki er vitað, hver átti uppástunguna að því, að á þennan stað var ekið. Eftir að bifreiðin nam staðar á nefndum stað, færði kærður sig í aftursætið til konunnar, sem síðar kom á daginn að muni hafa verið Ágústa Högnadóttir. Heldur ákærður því fram, að nú hafi kærður haft holdlegar samfarir við Ágústu, en þessu neitar kærður. Litlu síðar, meðan dvalizt var á fyrrnefndum stað, fór ákærður einnig í aftursæti bifreiðarinnar, eftir að kærður var þaðan farinn, og settist hann þar hjá Ágústu heitinni. Segir ákærður hana nú hafa viljað láta vel að sér, en ekki hafi hann haft neinn hug á atlotum við hana, og hafi hann því fært sig aftur í framsæti bifreiðarinnar. Ákærður gizkar á, að staðið hafi verið við um 1 klst. við kartöflugarðana í Kringlumýri. Eftir þetta sneri ákærður bifreiðinni við og ók síðan vestur Miklubraut, síðan norður Lönguhlíð á Laugaveg og loks vestur Laugaveg. Er komið var að húsinu nr. 126 við síðastnefnda götu (Laugaveg), stöðvaði ákærður bifreiðina, að því er næst verður komizt, eftir beiðni Ágústu Högnadóttur. Þegar til kom, segir ákærður konuna þó alls ekki hafa viljað fara út úr bifreiðinni þarna við heimili sitt, og hafi ekki tekizt að fá hana til þess fyrr en eftir á að gizka 10 mínútna þref. Að lokum hafi kærðum þó tekizt að fá Ágústu til að fara út úr bifreiðinni, og hafi hann síðan leitt hana upp að húsinu, sem hún bjó í (nr. 126 við Laugaveg). Báðir hafa þeir ákærður og kærður borið, að þeir hafi ekki séð hana fara inn í hús sitt, áður en þeir óku áfram vestur Laugaveg. Er komið var að húsinu nr. 118 við nefnda götu, þar sem er bifreiðaverzlun Egils Vilhjálmssonar, sáu þeir félagar stúlku, sem þeir þekktu, og stöðvaði ákærður því bifreiðina á þessum stað. Stúlka þessi heitir Ragnhildur Sveinsdóttir afgreiðslu-

stúlka, Sólvallagötu 6 hér í bæ, og var hún á leið til vinnu sinnar í veitingastofuna Bjarg í húsinu nr. 166 við Laugaveg, þegar þeir ákærður og kærður mættu henni þennan morgun. Buðu þeir félagar Ragnhildi nú inn í bifreiðina, og settist hún í framsæti hennar milli þeirra. Þess skal getið hér, áður en lengra er haldið, að húsið nr. 118 við Laugaveg, sem ákærður stöðvaði bifreið sína við, stendur á gatnamótum Laugavegar og Rauðarárstígs, sunnan megin við þau. Tók ákærður því það til bragðs, þar eð ætlunin var að aka Ragnhildi til vinnustaðar síns, að aka aftur á bak austur Laugaveg að gatnamótum Rauðarárstígs, beygja síðan suður Rauðarárstíg og snúa bifreiðinni þannig við til hálfs, en aka síðan áfram norður Rauðarárstíg og komast þannig norður á Hverfisgötu, sem er næsta gata, sem liggur samhliða Laugavegi, norðan megin við hann. Einstefnuakstur til austurs er um Hverfisgötu, en til vesturs um Laugaveg. Ákærður hefur tekið fram, að hann hafi ekið um 2—3 bifreiðalengdir aftur á bak austur Laugaveginn, eftir að Ragnhildur Sveinsdóttir kom upp í bifreiðina, en aðeins ekið örstuttan spöl aftur á bak suður Rauðarárstíginn, eða þar til bifreiðin var orðin rétt fyrir á honum, þannig að hann gæti síðan ekið áfram norður Rauðarárstíg og yfir Laugaveginn.

Áður en ákærður tók að aka aftur á bak, kveðst hann hafa litið út um afturrúðu bifreiðarinnar, en ekki komið auga á neina hindrun eða annað, sem stafaði hætta af ferðum hans eða bifreiðarinnar. Síðan og meðan ákærður ók aftur á bak, kveðst hann hafa haldið vinstri framhurð bifreiðarinnar opinni til að sjá betur til að aka, og minnir kærðan einnig, að ákærður hafi gert þetta. Ákærður hefur tekið fram, að vinstri hjól bifreiðarinnar K. 248 hafi verið fremur stuttan spöl frá gangstéttunum, þ. e. syðri gangstétt Laugavegar og vestari gangstétt Rauðarárstígs, meðan hann var að aka aftur á bak, og gizkar hann á, að vinstri hjól bifreiðarinnar hafi staðið um 1—2 metra frá vestari gangstétt Rauðarárstígs, er hann nam þar staðar, áður en hann ók af stað norður Rauðarárstíg. Eftir þetta segjast þeir félagar, ákærður og kærður, hafa ekið með Ragnhildi Sveinsdóttur að vinnustað hennar í húsinu nr. 166 við Laugaveg, og hafi hún farið þar úr bifreiðinni, en eftir það hafi þeir ekið aftur niður Laugaveg, síðan suður Þverholt að Háteigsvegi, ekið síðan niður síðastnefnda götu að Rauðarárstíg, en beygt norður í hann og haldið að húsinu nr. 22, en þar á kærður heima, og hafi hann farið þar úr bifreiðinni. Eftir það kveðst ákærður hafa ekið Rauðarárstíg að Njálsgötu, beygt vestur hana og ekið eftir henni að Snorrabraut, ekið síðan suður eftir henni og síðan vestur Hringbraut að húsinu nr. 116, en þar býr ákærður. Þeir ákærður og kærður hafa við rannsókn málsins ekki getað eða talið sig geta sagt ákveðið um, hvenær þeir voru staddir á hverjum stað fyrir sig, síðari hluta ferðalags síns þennan umrædda morgun, en telja, að klukkan hafi verið langt gengin 7, þegar Ragnhildur Sveinsdóttir fór úr bifreiðinni við veitingastofuna Bjarg. Hins vegar verður það ráðið af framburðum þeirra Margrétar Hálfdánardóttur og Hálfdánar Daða Ólafssonar, sem kærður bjó hjá umræddan

tíma, að hann (kærður) hafi komið heim til sín ekki síðar en kl. 6.30 um morguninn.

Þeir ákærður og kærður hafa að vísu báðir lýst því yfir, að þeir hafi ekki orðið þess varir, að bifreiðin K. 248 snerti nokkra manneskju, meðan henni var ekið aftur á bak á gatnamótum Laugavegar og Rauðarárstígs, en segjast hins vegar vera nærri vissir um, með tilliti til þess, hvenær og hvar slysið, sem hér ræðir um, vildi til, að ekki geti annað verið en Ágústa Högnadóttir hafi orðið fyrir afturenda bifreiðarinnar K. 248, þegar hún ók aftur á bak um fyrrnefnd gatnamót, og er framburður ákærðs lútandi að þessu þó enn ákveðnari, þótt þeir báðir, eins og fyrr segir, segist ekki hafa fundið þess minnstu merki, að bifreiðin rækist á neitt, hvorki dautt né lifandi.

Ákærður kveðst ekki muna, hvort hann hafi gefið hljóðmerki, áður eða um leið og hann ók aftur á bak um margnefnd gatnamót.

Við rannsókn málsins hefur Ragnhildur Sveinsdóttir, sem fyrr er getið, skýrt svo frá, að umræddan morgun hafi hún verið á leið til vinnu sinnar á veitingastofuna Bjarg og gengið austur syðri gangstétt Laugavegar. Ekki hefur Ragnhildur getað gefið neinar ákveðnar upplýsingar um, hvenær það hafi verið, sem þeir ákærður og kærður tóku hana upp í bifreiðina, þar eð hún telur jafnvel, að þennan morgun hafi vekjaraklukka hennar vakið hana allt of fljótt, en til hafi verið ætlazt, að klukkan hringdi kl. 6.30. Svo mikið segir Ragnhildur vera víst, að hún hafi þurft að bíða a. m. k. ½ klst. fyrir utan veitingastofuna Bjarg, áður en eigendur hennar komu þangað, en það mun hafa verið um kl. 7—7.10 um morguninn. Þeim Ragnhildi og ákærðum og kærðum ber ekki saman um tvö atriði lútandi að akstri bifreiðarinnar K. 248, rétt áður og rétt eftir að hún kom upp í bifreið þessa. Annað er það, að Ragnhildur kveðst ekki hafa séð bifreið þessa nema staðar fyrir utan húsið nr. 126 við Laugaveg, rétt áður en hún kom inn í bifreiðina, — en einmitt þá, á leiðinni vestur Laugaveg, segja þeir ákærður og kærður, að Ágústa heitin hafi farið út úr bifreiðinni fyrir utan heimili sitt, — og kveðst þó Ragnhildur hafa verið búin að koma auga á bifreiðina (K. 248), áður en hún ók fram hjá húsi þessu á leiðinni vestur Laugaveg. Hitt er það, að hún segist ekki muna betur en ákærður hafi, eftir að hún kom inn í bifreiðina á fyrrnefndum stað, ekið áfram vestur Laugaveg lítinn spöl, en beygt síðan norður götu nokkra, sem liggur fyrir framan bifreiðaverzlun Sveins Egilssonar í húsinu nr. 105 við Laugaveg, en gata þessi tengir þarna saman Laugaveg og Hverfisgötu. Ber Ragnhildur því, að bifreiðin K. 248 hafi ekki ekið aftur á bak, meðan hún var í henni. Hins vegar ber Ragnhildi saman við þá ákærðan og kærðan um, að hún hafi ekki orðið þess vör, að bifreiðin rækist á neitt, hvorki manneskju né annað, eftir að hún kom upp í hana, og ekki kveðst hún hafa orðið vör við neina umferð bifreiða né fótgangandi manna á svæði því, sem slysið varð á, er hún fór þar um.

Vitað er um 3 menn, sem urðu varir við ferðir bifreiðarinnar K. 248

um það leyti, sem margnefnt slys varð. Verða þeir nú nefndir og drepið á það í framburðum þeirra, sem máli er talið skipta.

Haraldur Sigurðsson bifreiðarstjóri, Höfðaborg 75 hér í bæ, ók í bifreið niður Laugaveg kl. 6—6.30 þennan morgun. Móts við verzlunina Ás, sem er í húsinu nr. 160 við Laugaveg, kveðst hann hafa ekið fram úr bifreið, sem bar skrásetningarmerkið K. tvöhundruð og eitthvað. Segir hann þeirri bifreið hafa verið ekið fremur hægt vestur Laugaveginn. Kveðst Haraldur við þetta tækifæri hafa séð, að kvenmaður sat í framsæti bifreiðarinnar við hlið stjórnanda hennar, en ekki hafi hann veitt því athygli, hvort nokkur sat í aftursætinu. Út af þessu hafa þeir Haraldur annars vegar og ákærður og kærður hins vegar verið samprófaðir. Halda þeir ákærður og kærður fast við, að Ágústa heitin Högnadóttir hafi ekki setið í framsæti bifreiðarinnar K. 248, er henni var ekið niður Laugaveg, stuttu áður en Ágústa fór út úr henni, heldur hafi hún þá setið í aftursæti bifreiðarinnar, en kærður í framsætinu hjá ákærðum. Eftir þetta ók Haraldur niður í bæinn og drakk þar morgunkaffi, en ók síðan austur Hverfisgötu og síðan aftur vestur (niður) Laugaveg, en þá var slysið um garð gengið, og héldu lögreglumenn þá vörð um slysstaðinn.

Hjörtur Wilhelm Jensson vélsmiður, Hátúni 15 hér í bæ, var á leið að heiman frá sér til vinnu sinnar í vélsmiðjunni Hamri milli kl. 6—6.30 umræddan morgun, og gekk hann fyrst vestur Laugaveg, en mun hafa haldið vestur Hverfisgötu, eftir að götur þessar skiptast. Þegar Hjörtur Wilhelm var staddur móts við húsið nr. 123 við Hverfisgötu, sá hann bifreið nokkra, sem mun hafa verið bifreiðin K. 248, standa kyrra á Laugavegi skammt fyrir austan húsið, sem bifreiðaverzlun Egils Vilhjálmssonar er í (nr. 118). Sá hann þá manneskju nokkra ganga frá bifreið þessari í áttina að Litlu bílastöðinni. Ekki sá Hjörtur Wilhelm, hvað af manneskju þessari varð. Litlu síðar sá hann bifreiðina aka af stað vestur Laugaveg, og um leið kveðst hann hafa séð kvenmann koma gangandi austur eftir syðri gangstétt Laugavegar. Segir hann umrædda bifreið síðan hafa numið staðar, er hún mætti kvenmanni þessum, fyrir utan húsið, sem bifreiðaverzlun Egils Vilhjálmssonar er í (nr. 118 við Laugaveg). Hjörtur Wilhelm segir bifreiðina hafa stöðvazt svo nálægt gatnamótum Laugavegar og Rauðarárstígs, að nokkur hluti hennar hafi staðið út á Rauðarárstíginn. Eftir þetta þóttist Hjörtur heyra, að verið væri að aka bifreiðinni aftur á bak, og sá hana eftir það aka norður Rauðarárstíg og síðan austur Hverfisgötu. Ekki segir hann sér hafa fundizt neitt athugavert við akstur bifreiðar þessarar, og ekki kveðst hann hafa heyrt nein annarleg hljóð um það leyti, sem verið var að aka bifreiðinni aftur á bak á gatnamótum Laugavegar og Rauðarárstígs. Ekki varð Hjörtur Wilhelm var við aðra umferð bifreiða eða gangandi manna á þessum slóðum en þá, sem hér hefur verið minnzt á. Hann heldur því fram, að hann hafi séð þessa sömu bifreið aka suður Höfðatún og síðan inn á Laugaveg, er hann gekk fram hjá mótum þessara gatna. Út af þessu hefur ákærður tekið fram og staðhæft, að hann hafi

aldrei ekið um Höfðatún umræddan morgun. Hann hefur einnig látið þess getið, að hann hafi ekki orðið þess var, að Ágústa heitin gengi í áttina að Litlu bílastöðinni, eftir að hún fór út úr bifreið hans, en vill þó ekki fullyrða, að ekki hafi þetta getað gerzt um það leyti, sem hann ók af stað, þótt ekki yrði hann þess var.

Að því er næst verður komizt, um kl. 6.30 eða e. t. v. nokkru fyrr margnefndan morgun ók Sigurjón Marteinn Jónsson bifreiðarstjóri, Efstasundi 58 hér í bæ, í bifreiðinni R. 2611 austur Hverfisgötu neðan úr miðbænum. Við gatnamót Rauðarárstígs og Hverfisgötu, að því er hann minnir, ók bifreið, sem bar skrásetningarmerkið K., í veg fyrir hann af Rauðarárstíg, og varð hún því á undan honum austur Hverfisgötu, en þangað hélt hún, eftir að hún beygði, að því er Sigurjón Marteinn telur, fremur af Rauðarárstíg en af götunni, sem liggur milli Laugavegar og Hverfisgötu fyrir framan hús bifreiðaverzlunar Sveins Egilssonar. Ók síðan bifreið þessi áfram austur Hverfisgötu og síðan Laugaveg, og kveðst Sigurjón Marteinn ekki muna betur en henni hafi loks verið ekið inn á auða svæðið við hús Mjólkurstöðvarinnar við Laugaveg. Þó þorir hann ekki að fullyrða, að bifreiðinni hafi ekki verið ekið að veitingastofunni Bjargi, sem er í húsinu nr. 166 við Laugaveg, eins og fyrr er sagt. Ekki kveðst Sigurjón Marteinn hafa tekið eftir, að bifreið þessari, sem líkur eru til, að verið hafi bifreiðin K. 248, hafi verið ekið óeðlilega hratt eða að nokkuð hafi yfirleitt verið athugavert við akstur hennar. Hann kveðst ekki hafa séð nema bifreiðarstjórann einan í bifreið þessari, en vill þó alls ekki fullyrða, að ekki kunni að hafa verið fleira fólk í bifreiðinni, þótt ekki sæi hann það, enda hafi verið myrkur, er hann sá bifreiðina, og auk þess hafi hann aðeins séð aftan á hana.

Við rannsókn málsins hefur ekkert komið fram, sem benti til þess, að þeir ákærður og kærður hafi verið undir áhrifum áfengis aðfaranótt hins 7. október sl. og að morgni þessa dags. Þess skal getið, að meðan á lögregluranns6kn máls þessa stóð, framkvæmdu rannsóknarlögreglumenn nákvæma rannsókn af neðri hlið botns bifreiðanna K. 248 og R. 2611. Fundu þeir þar m. a. hár, sem virtust vera af kvenmanni, og ullartægju undir bifreiðinni K. 248. Var Níels Dungal prófessor falið að rannsaka hár þessi og bera þau saman við hár af höfði Ágústu heitinnar Högnadóttur. Komst prófessorinn að þeirri niðurstöðu, að sennilega væri ekkert þeirra hára, sem undir bifreiðunum fundust, af Ágústu heitinni, og ekki taldi hann heldur líkindi til, að ullartægjan væri úr fötum hennar, eftir að hann hafði borið hana saman við föt Ágústu.

Þess skal að lokum getið, að að kvöldi hins 7. október sl. eða að kvöldi sama dags og slysið vildi til, komu þau ákærður, kærður og Ragnhildur Sveinsdóttir sér saman um að bera allt annað en það, sem hér að framan er rakið, um ferðir sínar, eftir að Ágústa heitin fór út úr bifreiðinni K. 248, ef lögreglan krefði þau sagna um þetta. Samkvæmt þessu skyldu þeir ákærður og kærður t. d. bera, að Ágústa hefði farið út úr bifreiðinni við húsið nr. 1 við Baugsveg og síðan hefðu þeir ekið inn í Kleppsholt. Enn fremur komu þau þrjú sér saman um, að þau

skyldu bera, ef til kæmi, að ákærður hefði alls ekki ekið aftur á bak, eftir að Ragnhildur kom inn í bifreiðina við bifreiðaverzlun Egils Vilhjálmssonar, heldur hefði hann ekið nokkuð áfram og beygt síðan norður götuna, sem liggur fyrir framan bifreiðaverzlun Sveins Egilssonar, og komizt þannig út á Hverfisgötu. Eftir því sem á rannsókn málsins leið, breyttu þeir ákærður og kærður smátt og smátt framburðum sínum til samræmis við það, sem hér að framan er rakið, en Ragnhildur lét hins vegar aldrei að fullu af því, að bifreiðinni hefði aldrei verið ekið aftur á bak, eftir að hún kom inn í hana, heldur beygt norður fyrrnefnda götu við bifreiðaverzlun Sveins Egilssonar.

Hefur nú verið drepið á hið helzta í framburðum allra þeirra, sem við rannsókn málsins hafa getað gefið einhverjar upplýsingar, sem gætu gefið til kynna, með hvaða hætti margnefnt slys varð, og máli eru taldar skipta.

Ber þá að athuga, hvort þeir ákærður og kærður teljist hafa brotið þau ákvæði laga og lögreglusamþykktar Reykjavíkur, sem mál þetta er höfðað fyrir brot gegn.

Þótt margt sé í rauninni á huldu um, með hvaða hætti margnefnt slys varð, verður þó með tilliti til framburða þeirra ákærðs og kærðs um, að nálega geti ekki annað verið en konan Ágústa Högnadóttir hafi orðið fyrir afturenda bifreiðarinnar K. 248, þegar henni var ekið aftur á bak um gatnamót Laugavegar og Rauðarárstígs, svo og með tilliti til, að öðrum bifreiðum en þessari sé ekki til að dreifa, sem verið hafi á ferðinni um stað þann, sem slysið varð á, á þeim tíma, sem það virðist hafa viljað til, — að telja fram komnar svo sterkar líkur fyrir því, að bifreiðin K. 248 hafi í margnefnt skipti ekið á konuna Ágústu Högnadóttur og valdið henni þeim lemstrum, sem leiddu hana til bana, að telja verði það eftir atvikum nægilega sannað. Þótt konan sjálf kunni e. t. v. að hafa átt mikla sök á því, hvernig til tókst, verður þó að telja, að ákærður hafi ekki gætt fyllstu varúðar, þegar hann ók aftur á bak um fyrrnefnd gatnamót, enda hefði hann með frekari aðgæzlu átt að geta orðið konunnar var, þótt ekki hafi hann e. t. v. átt von á henni á þessum stað og tíma.

Gegn ákveðinni neitun ákærðs, kærðs og Ragnhildar Sveinsdóttur telst ósannað, að þau hafi orðið þess vör, er Ágústa heitin Högnadóttir varð fyrir bifreiðinni K. 248 og dróst með henni (bifreiðinni) langan spöl.

Með óaðgæzlu sinni telst ákærður því hafa gerzt brotlegur við 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga, nr. 23 16. júní 1941, og 2. gr., 3. mgr., og 4. gr. umferðarlaga, nr. 24 16. júní 1941. Með því að aka aftur á bak austur Laugaveg hefur ákærður brotið fyrirmæli samþykktar bæjarstjórnar Reykjavíkur frá 5. júní 1930 um einstefnuakstur vestur Laugaveg, sbr. 30. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, nr. 2 7. janúar 1930.

Þá hefur ákærður enn fremur brotið 215. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940, með því að valda mannsbana með akstri sínum, sem ekki telst hafa verið nægilega gætilegur.

Loks hefur ákærður brotið 15. gr. áfengislaga, nr. 33 9. janúar 1935, með því að selja áfengi.

Þykir refsing hans, samkvæmt 215. gr. hegningarlaganna, 38. gr. bifreiðalaganna, 14. gr. umferðarlaganna, 33. gr. áfengislaganna, 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur og með tilliti til 77. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin varðhald í 45 daga.

Þá þykir rétt, samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna og með tilliti til fyrri brota ákærðs, að svipta hann ævilangt frá birtingu dóms þessa leyfi til að aka bifreið.

Með játningu kærðs telst sannað, að hann hafi fengizt við áfengissölu aðfaranótt hins 7. október sl., og hefur hann með því gerzt brotlegur við 15. gr. áfengislaganna. Þykir refsing hans samkvæmt 33. gr. nefndra laga hæfilega ákveðin 2000 króna sekt til Menningarsjóðs, og komi varðhald 30 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærður og kærður voru í gæzluvarðhaldi vegna máls þessa dagana 9.—20. október sl. Samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna þykir eftir atvikum rétt að ákveða, að gæzluvarðhaldið komi til frádráttar refsingu ákærðs og einnig vararefsingu kærðs, ef hún kemur til framkvæmda.

Ákærður greiði skipuðum verjanda sínum, Benedikt Bjarklind, cand. juris, kr. 500.00 í málsvarnarlaun, en allan annan sakarkostnað greiði þeir ákærður og kærður in solidum.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærður, Elías Ben Sigurjónsson, sæti varðhaldi í 45 daga.

Hann skal ævilangt sviptur leyfi til að aka bifreið frá birtingu dóms þessa að telja.

Kærður, Ólafur Bjarni Ólafsson, greiði 2000 króna sekt til Menningarsjóðs, og komi varðhald 30 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Gæzluvarðhald ákærðs komi til frádráttar refsingu hans, og gæzluvarðhald kærðs komi til frádráttar vararefsingu hans, ef hún kemur til framkvæmda.

Ákærður greiði skipuðum verjanda sínum, Benedikt Bjarklind, cand. juris, kr. 500.00 í málsvarnarlaun, en allan annan sakarkostnað greiði ákærður og kærður in solidum.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 7. desember 1949.

Nr. 63/1949. **Réttvísin**
gegn
Hauki Arnars Bogasyni

Framhaldsrannsókn fyrirskipuð.

Úrskurður Hæstaréttar.

Rannsókn máls þessa er áfátt í nokkrum greinum. Ber héraðsdómara því að rannsaka eftirtalin atriði, áður en dómur verður felldur í því í Hæstarétti.

1. Leiða þarf í ljós gerð áætlunarbifreiðarinnar R-4705 á þeim tíma, sem slysið varð, þar á meðal, hvort ákærði hafi getað fylgzt með því í spegli eða á annan hátt úr sæti sínu, hvort hurðin í farþegavagninum væri opin eða ekki, hvort farþegar stæðu þar við hurðina, hvar hurð þessi var á vagninum og hvort tjöld hafi verið fyrir rúðum milli bifreiðarstjóra og farþegaklefa.

2. Rannsaka ber önnur þau atriði, sem framhaldsrannsóknin kann að veita efni til.

Ályktarorð:

Héraðsdómara ber að heyja framangreinda rannsókn.

Miðvikudaginn 7. desember 1949.

Nr. 128/1948. **Réttvísin** (Sigurgeir Sigurjónsson)
gegn
Axel Sigurðssyni
og
Pétri Hoffmann Salómonssyni
(Ólafur Þorgrímsson).

Fjárhættuspil.

Dómur Hæstaréttar.

Samkvæmt skoðunargerð dómkvaddra manna líkjast kassar þeir, sem í málinu greinir, sjálfsala, þannig að látin er ein króna í spilakassann, því næst er snúið handfangi, sem á kassanum er. Við það snúast þrjú hjól, er sjást í gegnum

rúður, sem eru ofan á kassanum. Ofan á framhlið kassans er talnatafla, sem á að sýna, hvort vinningur verður, þegar leikið er á kassann, en vinningur getur numið frá þremur til tuttugu krónum. Auk þess getur eins konar „happapottur", sem safnast fyrir í kassanum, fylgt hæsta vinningi. Skoðunarmenn telja, að hrein hending ráði því, hvort spilamaður hreppi vinning, en leikni spilamanns skipti ekki máli.

Með tilvísun til forsendna héraðsdóms svo og skoðunargerðar þessarar þykir mega staðfesta héraðsdóminn, þó með þeirri breytingu, að brot ákærða, Péturs Hoffmanns Salómonssonar, varðar við 1. mgr. 183. gr. hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 22. gr. sömu laga, og að greiðslufrestur sektar er 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Dæma ber hina ákærðu til að greiða in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektar er 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu, Axel Sigurðsson og Pétur Hoffmann Salómonsson, greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sigurgeirs Sigurjónssonar og Ólafs Þorgrímssonar, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 25. júní 1948.

Ár 1948, föstudaginn 25. júní, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómara kveðinn upp dómur í málinu nr. 3113—14/1948: Réttvísin gegn Axel Sigurðssyni og Pétri Hoffmann Salómonssyni, sem dómtekið var sama dag.

Mál þetta er að fyrirlagi dómsmálaráðuneytisins höfðað gegn hinum ákærðu fyrir brot gegn XX. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940.

Ákærðir eru Axel Sigurðsson veitingamaður, Baldursgötu 36, og Pétur

Hoffmann Salómonsson verzlunarmaður, Selsvör hér í bæ. Ákærður Axel, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, fæddur 21. maí 1902 að Þingeyri, hefur sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1929 21/11 Sátt, 50 kr. sekt og kr. 144.00 í toll fyrir brot gegn tolllögum.
1937 23/3 Sátt, 75 kr. sekt fyrir tolllagabrot.
1941 10/12 Áminning fyrir brot gegn reglum um lokunartíma veitingastaða.
1946 22/8 Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot gegn 15., sbr. 35. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
1946 8/10 Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot gegn verðlagsákvæðum. Upptækur ágóði kr. 182.00.

Ákærður Pétur Hoffmann, sem einnig er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 25. febrúar 1897 að Drápuhlíð í Helgafellssveit, hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1920 22/6 Sátt, 70 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1921 9/1 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1921 22/4 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1922 3/1 Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1922 29/9 Dómur Hæstaréttar, 250 kr. sekt fyrir brot gegn 8. gr. og 15. gr. sbr. 17. gr. laga nr. 91/1917 (áfengissala á Ísafirði).
1925 23/6 Sátt, 100 kr. sekt fyrir árás og meiðsli.
1928 18/4 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1929 26/3 Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun, 100 kr. skaðabætur.
1929 16/5 Áminning fyrir ölvun.
1929 14/10 Sátt, 35 kr. sekt fyrir brot gegn reglugerð um fisksölu.
1931 7/3 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1931 23/7 Áminning fyrir brot gegn samþykkt um bifreiðastæði.
1934 11/1 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1936 13/5 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1938 24/6 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1939 25/9 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1944 26/6 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1946 16/8 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Síðari hluta vetrar 1945—1946 komst lögreglan í Reykjavík að því, að í húsinu nr. 17 við Hafnarstræti voru starfræktir spilakassar, sem almenningur hafði aðgang að. Hinn 21. marz 1946 fór Guðbjörn Hansson, yfirvarðstjóri í lögreglunni, ásamt 2 lögregluþjónum að athuga þetta. Á umræddum stað fundu þeir tvo spilakassa, og voru þrír menn þar fyrir, ákærður Pétur Hoffmann, sem kvaðst vera umsjónarmaður með kössunum, og tveir aðrir menn. Tóku lögreglumennirnir kassana í vörzlur sínar. Lögregluþjónarnir Guðmundur Kristinn Helgason og Jóel Kristinn Sigurðsson höfðu fyrr í mánuðinum tvisvar farið á umræddan stað til að komast að því, hversu háttað væri starfrækslu spilakassanna. Hafa þeir borið það, að í fyrra skiptið hafi verið þarna 6—7 menn, en í síðara skiptið 10—15 eða ekki færri en 15 að sögn Jóels Kristins. Hafi

menn þessir virzt vera þarna staddir til þess eins að spila, og hafi verið spilað látlaust á kassana.

Ákærður Axel kveðst eiga kassa þessa og hafa keypt þá í Kaupmannahöfn 1923 eða 1924. Hann kveðst framan af hafa notað kassana einungis sér til skemmtunar og eigi haft af þeim tekjur. Fyrir nokkrum árum, 1943, að því er hann man bezt, kveðst Axel hafa tekið að reka veitingasölu á Baldurshaga og starfrækt hana í 1 ár og hafa þá sett kassana upp til almennra afnota. Kveðst hann ekki hafa vitað til, að óheimilt væri að starfrækja kassana þannig. Meðan ákærði dvaldist á Baldurshaga, var Baldurshagi lagður undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Kveður ákærður Axel þá lögreglumann úr Reykjavík hafa komið til sín nokkru síðar til að athuga kassana. Hafi lögreglustjóri nokkru síðar í viðtali tjáð sér að vera reiðubúinn að taka kassana niður, ef hann gæfi fyrirmæli þar um. Vorið 1944, um mánuði eftir þetta, kveðst ákærður hafa selt veitingasöluna á Baldurshaga og flutzt til Reykjavíkur og komið spilakössunum í viðgerð, og hafi þeir verið í viðgerð marga mánuði. Þegar ákærður fékk þá aftur, kveðst hann hafa komið þeim fyrir í skúr bak við kaffistofuna Gullfoss í Hafnarstræti 17, sem ákærður var þá farinn að reka. Komið hafi fyrir, að strákar, sem ákærður þekkti, hafi fengið að spila þar á kassana, en ekki kveðst ákærður vita, hve miklar tekjur hann hafi haft af þeim. Hefur hann tekið fram, að kassarnir hafi yfirleitt oft bilað og verið þá settir í viðgerð. Veturinn 1944—45 kveðst ákærður hafa flutt kassana á annan stað í húsinu, og hafi þeir lítið sem ekkert verið notaðir, meðan þeir voru þar, en þó hafi komið fyrir, að kunningjar sínir hafi gripið í þá.

Um áramótin 1944—45 kveðst ákærður hafa frétt, að félagið Heimdallur væri farið að starfrækja spilakassa, og hafi sér þá dottið í hug að fara að nota kassa sína. Hafi hann svo komið kössunum fyrir í herbergi á 2. hæð í Hafnarstræti 17, og hafi meðákærður, Pétur Hoffmann, tekið að sér að vera vörzlumaður kassanna. Voru kassarnir síðan starfræktir, unz lögreglan tók þá. Eigi kveðst ákærður Axel vita, hverjar tekjur hafi verið af kössunum. Hafi einn starfsmannanna í veitingastofunni Gullfossi, Ingvar Vilberg Brynjólfsson, séð um að tæma kassana, og hafi ágóðinn, þegar hann á annað borð hafi verið nokkur, runnið saman við söluna á veitingahúsinu. Ákærður Axel kveður ákærðan Pétur Hoffmann hafa haft fast kaup, 50 krónur á dag, og hafi stundum komið fyrir, að ágóðinn hafi ekki hrokkið fyrir kaupi hans.

Ákærður Pétur Hoffmann kveðst snemma í febrúar 1946 hafa tekið að sér gæzlu spilakassanna, en þeir hafi ekki verið áður í notkun, eftir því sem hann bezt viti til. Segir ákærður, að kassarnir hafi síðan verið í notkun þá daga, sem hann gegndi starfi sínu, en hann hafi verið stopull við það. Kveðst hann muna til, að tvisvar hafi fallið úr 4—5 dagar vegna þess, að hann var við skál þá daga, enn fremur hafi hann vanrækt starfa sinn vegna heimilisástæðna. Hann segist hafa haft 50 krónur í kaup þá daga, sem hann vann, en engan hlut tekið af ágóðanum. Hann kveður spilastofuna hafa venjulega verið opna frá því upp úr hádegi og fram að

kvöldmat, síðustu dagana þó fram undir kl. 22. Töluverð aðsókn hafi verið að spilastofunni, en um ágóðann geti hann ekkert sagt, þar sem hann hafi ekki tæmt kassana.

Ingvar Vilberg Brynjólfsson skýrir svo frá, að það hafi verið í febrúar, sem ákærður Pétur tók við gæzlu kassanna, og hafi þá aukizt aðsókn að þeim, en áður hafi kunningjar ákærðs Axels stundum spilað á kassana. Segir Ingvar Vilberg, að eftir að ákærður Pétur tók við gæzlu kassanna, hafi þeir ekki verið starfræktir, þegar Pétur mætti ekki til vinnu, en oft hafi komið fyrir, að hann kom ekki. Ingvar Vilberg kveðst hafa tæmt kassana og ágóðinn þá runnið saman við ágóðann af veitingasölunni. Telur Ingvar Vilberg ágóðann hafa verið mjög lítinn umfram kaup ákærðs Péturs, sem hafi verið kr. 50.00 á dag.

Hinum ákærðu og Ingvari Vilberg ber saman um, að unglingum og ölvuðum mönnum hafi verið meinaður aðgangur að kössunum.

Við talningu reyndust samtals vera 406 krónupeningar í kössunum.

Hafa nú verið raktar upplýsingar þær, sem fyrir hendi eru í málinu, og er þá að athuga, hvort talið verði, að ákærðir hafi með nefndri starfsemi gerzt brotlegir við áðurnefnd lagaákvæði. Telja verður, að starfræksla spilakassanna sé fjárhættuspil í merkingu 183.—184. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940. Eins og hagnýting umræddra kassa var háttað, verður að líta svo á, að brot ákærðs Axels, sem var eigandi kassanna og naut ágóðans af rekstri þeirra, varði við 1. mgr. 183. gr. almennra hegningarlaga. Ákærður Pétur Hoffmann hafði um tíma beina atvinnu af því að starfa við fjárhættuspil þetta, og verður og að telja, að hann hafi með því einnig brotið umrædda 1. mgr. 183. gr., enda þótt brot hans sé mun smávægilegra en ákærðs Axels. Refsing ákærðs Axels þykir hæfilega ákveðin 4000 króna sekt til ríkissjóðs, og afplánist hún í 60 daga varðhaldi, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Refsing ákærðs Péturs Hoffmanns ákveðst 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 18 daga varðhald í stað sektarinnar, greiðist hún ekki innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Skv. 1. og 3. tl. 69. gr. og 2. mgr. 183. gr. almennra hegningarlaga ber að ákveða, að framangreindir spilakassar ásamt peningum þeim, sem í þeim voru, skuli upptækir og eign ríkissjóðs.

Hina ákærðu ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar in solidum.

Rekstur málsins hefur eigi verið með öllu vítalaus. Af vangá rannsóknardómarans lögðust skjöl málsins með afgreiddum málum, eftir að rannsókn var lokið, og varð því mikill dráttur á, að málið yrði fyrir tekið í aukarétti.

Dómsorð:

Ákærður Axel Sigurðsson greiði 4000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 60 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærður Pétur Hoffmann Salómonsson greiði 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 18 daga í stað sektarinnar, verði hún

eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Framangreindir spilakassar ásamt peningum þeim, sem í þeim voru, kr. 406.00, skulu vera upptækir ríkissjóði til handa.

Ákærðir greiði in solidum allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 8. desember 1949.

Nr. 73/1949. **Óskar Eggertsson** (Guttormur Erlendsson)
gegn
Lórent Karlssyni (Ragnar Ólafsson).

Útburðarmál.

Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógeta í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. apríl sl. og krafizt þess, að framkvæmd umbeðinnar útburðargerðar verði heimiluð og stefnda dæmt að greiða áfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir orðalagi leigusamnings aðilja þykir stefndi hafa mátt ætla, að leigumálanum yrði ekki slitið nema að undangenginni uppsögn samkvæmt húsaleigulögum. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 600.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Óskar Eggertsson, greiði stefnda, Lórent Karlssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 600.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 17. marz 1949.

Gerðarbeiðandi máls þessa, Óskar Eggertsson, til heimilis á Hótel Akranesi, Akranesi, hefur krafizt þess, að gerðarþoli, Lórent Karlsson, verði borinn út úr húsnæði því, er hann hefur undanfarið haft til íbúðar í húsi gerðarbeiðanda, nr. 2 við Shellveg hér í bæ. Þá hefur gerðarbeiðandi einnig krafizt málskostnaðar úr hendi gerðarþola.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu gerðar og krafizt málskostnaðar sér til handa.

Aðiljar lögðu kröfur sínar undir úrskurð fógetaréttarins að loknum munnlegum flutningi málsins hinn 15. þ. mán.

Málavextir eru þeir, að hinn 7. desember 1945 leigir gerðarbeiðandi, Óskar Eggertsson, gerðarþola, Lórent Karlssyni, 2 íbúðarherbergi, eldhús, aðgang að þvottahúsi og geymslu í kjallara hússins nr. 2 við Shellveg. Leigutíminn skyldi hefjast hinn 1. janúar 1946. Skriflegur leigusamningur var gerður, og var hann ritaður inn á prentað eyðublað, sjá rskj. 3, sem aðiljar hafa svo að nokkru leyti fyllt út. Ofarlega á rskj. 3 segir svo: „Uppsagnarfrestur er af beggja hálfu áskilinn .... mánuðir til 14. maí eða 1. okt. að telja. Uppsögn leigusamningsins skal vera skrifleg," — og er þessi klausa prentuð, en á eftir er ritað með bleki: „Húsnæðið er leigt frá 1/1—46 til 1/1—49."

Gerðarbeiðandi ritar nú fógetarétti Reykjavíkur hinn 24. febrúar sl. og krefst útburðar á gerðarþola, vegna þess að hann hafi ekki rýmt leiguhúsnæði sitt, þrátt fyrir það að samningurinn kveði svo á, að leigutíma skuli lokið hinn 1. janúar sl.

Gerðarþoli mótmælir framgangi hinnar umbeðnu gerðar. Telur hann leigusamninginn á rskj. 3 gera ráð fyrir uppsögn með venjulegum fyrirvara, og hann kveðst hafa staðið í þeirri trú, að gerðarbeiðanda bæri að senda sér slíka uppsögn, til þess að leigutímanum yrði slitið, og ef slík uppsögn bærist sér ekki fyrir 1. janúar sl., væri sér heimil áframhaldandi seta í húsnæðinu.

Gerðarbeiðandi mótmælir þessari skoðun gerðarþola. Hann kveður það hafa verið samkomulag aðiljanna, er nefndur leigusamningur var undirritaður, að gerðarþoli skyldi rýma leiguhúsnæði sitt eigi síðar en 1. janúar sl. án uppsagnar, en láðst hafi að strika yfir hin prentuðu ákvæði samningseyðublaðsins, sem að uppsögn lúta. Hann kveðst hafa átt tal við gerðarþola í desember sl. og aftur í janúar sl., og í bæði skiptin hafi hann innt gerðarþola eftir því, hvort hann ætlaði ekki að rýma húsnæðið. Hafi gerðarþoli tekið því líklega, svo framarlega sem sér tækist að afla sér annars húsnæðis. Í hvorugt skiptið hafi gerðarþoli minnzt á uppsögn þá, er hann nú telur sig hafa átt heimtingu á.

Af hálfu gerðarþola er því mótmælt, að nokkurt samkomulag hafi verið gert um skilyrðislausa rýmingu húsnæðisins hinn 1. jan. sl. Gerðarþoli kveðst hafa átt tal við gerðarbeiðanda um miðjan desember sl., og hafi gerðarbeiðandi þá fært í tal, hvort gerðarþoli ætlaði sér að vera áfram í íbúðinni. Gerðarþoli kveðst þá hafa tjáð gerðarbeiðanda, að tilraunir sínar til að afla sér annars húsnæðis hafi engan árangur

borið. Hafi þá gerðarbeiðandi sagt sem svo, að gerðarþoli gæti búið þarna áfram. Ekki kveðst gerðarþoli hafa átt tal um þessi mál við gerðarbeiðanda fyrr en um 8. febrúar sl., og hafi þá gerðarbeiðandi krafizt þess, að íbúðin yrði þegar í stað rýmd, en gerðarþoli kveðst þá hafa anzað því til, að hann teldi sig hafa rétt til að dveljast þar áfram. Í hvorugt framangreindra skipta hafi uppsögn á húsnæðinu borizt í tal.

Upplýst er, að gerðarbeiðandi hefur ekki tekið við leigu fyrir janúar sl. né síðan, og hefur gerðarþoli deponerað leigunni í Landsbanka Íslands, sjá rskj. 4.

Að vísu hefur leigusamningurinn á rskj. 3 að geyma ákveðið 3 ára tímamark. Þó virðist, burtséð frá skoðunum aðilja á því atriði, verða að telja leigusamninginn gera ráð fyrir venjulegri skriflegri uppsögn af hálfu gerðarbeiðanda. Uppsögn þessi hefur ekki farið fram, og ber því að synja um framgang hinnar umbeðnu útburðargerðar. Þá þykir og rétt, að gerðarbeiðandi greiði gerðarþola kr. 300.00 í málskostnað.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna útburðargerð skal ekki fram fara.

Gerðarbeiðandi, Óskar Eggertsson, til heimilis á Hótel Akranesi, Akranesi, greiði gerðarþola, Lórent Karlssyni, Shellvegi 2, kr. 300.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 8. desember 1949.

Nr. 36/1948. **Hraðfrystihús Grindavíkur h/f** (Egill Sigurgeirsson)
gegn
Trolle & Rothe h/f f. h. Almennra trygginga h/f (Sveinbjörn Jónsson).

Vátryggingarmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. apríl 1948. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 3523.45 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1947 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. janúar 1948.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. þ. m., hefur Hraðfrystihús Grindavíkur h/f höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 30. október 1947, gegn Trolle & Rothe h/f hér í bæ f. h. Almennra trygginga h/f hér í bænum til greiðslu á kr. 3523.45 auk 6% ársvaxta frá 1. janúar 1947 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefnda hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að hinn 18. nóvember 1946 var vöruflutningabifreiðinni G. 490, eign stefnanda, ekið í gryfju við Melhól nálægt Grindavík, og var þar tekið til að moka á pall hennar rauðamöl úr hólnum. Er bifreiðin var á að gizka hálffermd, tók að hrynja úr stálinu fyrir ofan hana, og skipti engum togum, að stór skriða féll á bifreiðina, og gátu menn þeir, er að mokstrinum unnu, naumlega forðað sér. Varð bifreiðin fyrir allmiklum skemmdum á palli og aurhlíf og afturhjólbarða hægra megin, en viðgerð kostaði fjárhæð þá, sem í stefnu var greind. Hinn 7. október 1946 hafði stefnanda tryggt bifreið sína hjá stefnda fyrir kr. 30.000.00 („kaskó"-trygging), og skyldi tryggingin gilda í eitt ár. Telur stefnanda, að samkvæmt skilmálum tryggingarinnar beri stefnda að bæta tjón þetta, og hefur því höfðað mál þetta til fullnægju kröfu sinni.

Stefnda hefur annars vegar byggt sýknukröfu sína á því, að orsakir tjóns þessa hafi eigi verið svo vaxnar, að sér beri að bæta það samkvæmt ákvæðum tryggingarskírteinisins, en hins vegar á því til vara, að stjórnandi bifreiðarinnar hafi sýnt stórkostlega óvarkárni, er hann stöðvaði bifreiðina svo nærri stálinu sem raun var á, og því séu skemmdirnar undanskildar ábyrgð sinni samkvæmt ákvæðum vátryggingarskilyrðanna.

Í tryggingarskírteininu, sem lagt hefur verið fram í málinu, segir m. a.: „Vátryggingin nær til allra skemmda á hinni vátryggðu bifreið, sem verða af sama slysi, af eldsvoða, eldingu eða sprengingu, allt að kr. 30.000.00, og til skemmda á hinni vátryggðu bifreið af ökuslysi, er stafar af árekstri, áakstri, veltu eða hrapi, af flutningsslysi og af því, að hinni vátryggðu bifreið er stolið eða rænt, allt að kr. 30.000.00." Þessa talningu á orsökum bótaskyldra skemmda þykir verða að telja tæmandi með hliðsjón af 6. og 10. gr. hinna almennu skilyrða vátryggingar þessarar, og eigi er unnt að líta svo á, að orsakir til tjóns stefnanda séu í henni faldar.

Ber því að taka til greina sýknukröfu stefnda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefnda, Trolle & Rothe h/f f. h. Almennra trygginga h/f, skal vera sýknt af kröfum stefnanda, Hraðfrystihúss Grindavíkur h/f, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Fimmtudaginn 8. desember 1949.

Kærumálið nr. 19/1949.

Njáll Gunnlaugsson

gegn

Skiptaráðandanum í Akureyrarkaupstað f. h. dánarbús Hjartar Lárussonar.

Krafa um frestun uppboðs.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur með kæru 15. f. m., er hingað barst 23. s. m., kært til Hæstaréttar úrskurð, upp kveðinn 15. nóvember sl. í uppboðsrétti Akureyrarkaupstaðar af Guðmundi Eggerz bæjarfógetafulltrúa, en með úrskurði þessum var synjað beiðni um, að uppboð á helmingi skipsins Eyfirðings, E. A. 480, eignar varnaraðilja, yrði frestað til 7. janúar n. k. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurður uppboðsréttarins verði úr gildi felldur og umræddur frestur veittur. Svo krefst hann og 200 króna kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Hæstarétti hafa eigi borizt kröfur né greinargerð frá varnaraðilja.

Sóknaraðili, sem er eigandi helmings Eyfirðings, E. A. 480, hefur sótt um aðstoð og skuldaskil samkvæmt lögum nr. 100/1948, en á skipi þessu í heild hvíla sameiginleg sjóveð og samningsveð fyrir miklum fjárhæðum. Eigi liggur enn fyrir úrlausn skilanefndar samkvæmt nefndum lögum um það, hver aðstoð sóknaraðilja verður veitt. Þá kveður sóknaraðili eigi enn að fullu kunnugt, hverju umræddar veðskuldir nemi. Eins og á stendur, þykir það geta skipt sóknaraðilja máli, að úrlausn skilanefndar liggi fyrir, áður en framan-

greint uppboð fer fram. Verður því tekin til greina krafa hans um frestun uppboðsins, en eftir atvikum er rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Framangreindur frestur er veittur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður uppboðsréttar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar 15. nóv. 1949.

Samkvæmt ákvörðun skiptaréttar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar var hálft m/s Eyfirðingur, E.A. 480, eign dánarbús Hjartar Lárussonar, auglýst til sölu á opinberu uppboði, er skyldi fara fram fimmtudaginn 10. þ. m. kl. 14.

Eins og fram lagt veðbókarvottorð ber með sér, rskj. nr. 4, á Fiskveiðasjóður Íslands veð í skipinu. Á uppboðinu mætti fyrir hönd sjóðsins Eggert Jónsson, lögfræðingur hér, og óskaði þess, að uppboðinu yrði frestað til laugardags 7. janúar nk. Sem ástæðu fyrir frestun þessari tók hann fram, „að beðið hefði verið um skuldaskil af Njáli Gunnlaugssyni, sem á helming í skipinu Eyfirðingi, E. A. 480." Njáll Gunnlaugsson tók fram, að hann sé prókúruhafi fyrir Útgerðarfélag Eyfirðings og sem slíkur leitað aðstoðar til skilanefndar, sbr. lög nr. 85 15. des. 1948.

Björn Halldórsson hdl. mætti í uppboðsréttinum og lagði fram afrit af fjárnámsgerðum um sjóveðskröfur í m/s Eyfirðingi og mótmælti með skírskotun til 21. gr. laga nr. 57/1949, um nauðungaruppboð, að uppboðinu yrði frestað.

Upplýst er hér fyrir réttinum, að dánarbú Hjartar Lárussonar var tekið til opinberra skipta 8. júní sl. og að erfingjar tóku ekki að sér ábyrgð á skuldum búsins. Njáli Gunnlaugssyni mátti því vera ljóst, að hann gat engar ráðstafanir gert einn um eignir búsins in casu um eign dánarbúsins í m/s Eyfirðingi.

Uppboð þetta er auglýst í fyrsta skipti í Lögbirtingablaðinu, sem kom út 27. sept. sl., en Njáll leitar ekki aðstoðar skilanefndar fyrr en um miðjan október sl. Þá má geta þess, að samkv. 29. gr. skiptalaganna eiga skuldheimtumenn rétt á því að heimta, að sem bráðast verði að því unnið, að fjármunir búsins verði seldir.

Að þessu athuguðu verður krafan um að fresta uppboðinu ekki tekin til greina, heldur á uppboðið nú þegar að fara fram.

Málið var tekið til úrskurðar 10. þ. m.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna uppboðsfrestun verður ekki tekin til greina, heldur fer uppboðið nú þegar fram.

Mánudaginn 12. desember 1949.

Nr. 16/1948. **Einar B. Guðmundsson f. h. eigenda e/s Garnes** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Elding Trading Company og gagnsök (Sveinbjörn Jónsson).

Setudómarar próf. Ólafur Jóhannesson og hrl. Lárus Jóhannesson í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Ágreiningur um farmsamning.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. febr. 1948. Krefst hann þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum £ 4764-12-2, norskar kr. 1368.85 og ísl. kr. 3763.66 með 6% ársvöxtum af £ 8224-14-6 frá 28. ágúst 1946 til 28. sept. s. á. og sömu vexti af £ 4764-12-2, norskum kr. 1368.85 og ísl. kr. 3763.66 frá 28. sept. 1946 til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 21. febr. 1948. Það er *aðalkrafa* hans, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kanadíska $ 15.052.28 ásamt 6% ársvöxtum af $ 15.600.00 frá 28. ágúst 1946 til 20. júní 1947 og af $ 15.052.28 frá þeim degi til greiðsludags gegn því, að hann greiði aðaláfrýjanda £ 5688-5-0 vaxtalaust. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, verði aðalkrafa hans tekin til greina. *Til vara* krefst gagnáfrýjandi þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Farmsamningur sá, sem í málinu greinir, var gerður í London af umboðsmönnum aðilja, sem báðir eru skipamiðlarar, og er því ekki neitað af gagnáfrýjanda, að hann sé við hann bundinn. Samningur þessi er gerður á prentuðu eyðublaði fyrir „Uniform General Charter as revised 1922" með nokk-

urri breytingu. Í upphafi 4. greinar samningsins er svo kveðið á, að farmgjaldið skuli greitt í reiðufé í London, er skipið sigli frá Halifax, og sé ekki endurkræft, þótt skipið farist. Í 2. mgr. 4. gr. samningsins er farmeiganda gert að inna af hendi fyrir fram, ef þess er beiðzt, nægilegt reiðufé til lúkningar venjulegum útgjöldum í þágu skipsins í hleðsluhöfn, reiknað á hæsta gengi, þó að frádregnum 2% til að standa straum af vátryggingu og öðrum kostnaði. Skipstjórinn á e/s Garnes taldi sig eiga samkvæmt ákvæði þessu heimtingu á reiðufé í gjaldeyri hleðsluhafnar til greiðslu útgjalda þessara og krafðist af þeim sökum 15.600 Kanadadollara, en neitaði annars kostar að halda áfram ferðinni. Gagnáfrýjandi varð því að greiða kanadíska dollara til að afstýra töfum, jafnframt því sem hann mótmælti skyldu sinni til þess.

Þegar athugað er orðalag greinds samningsákvæðis og litið er til þess, að gagnáfrýjandi hefur ekki leitt í ljós venjuhelgaða merkingu þess, þá þykir ekki verða fullyrt, að aðaláfrýjanda hafi brostið heimild í samningi aðilja til að krefjast lúkningar úr hendi farmeiganda á venjulegum útgjöldum í hleðsluhöfn í gjaldeyri þess staðar. Gagnáfrýjandi hefur bent á, að hann hafi ekki haft gjaldeyrisleyfi íslenzkra yfirvalda til greiðslu á dollurum, en þar sem þessi greiðsla hefur þegar farið fram erlendis, þykja ekki vera efni til að dæma endurgreiðslu af þeim sökum.

Leggja verður til grundvallar í málinu, eins og í héraðsdómi greinir, að gagnáfrýjandi hafi greitt aðaláfrýjanda vegna útgjalda á hleðslustað $ 15.052.28 með áskilnaði um endurgreiðslu. Á reikningi aðaláfrýjanda yfir útgjöld þessi eru 3 liðir, sem gagnáfrýjandi hefur sérstaklega véfengt, að teljast eigi til venjulegra útgjalda skips á hleðslustað í merkingu 2. mgr. 4. gr. farmsamningsins. Þessir liðir eru:

1.	Þóknun til kafara	$ 40.00
2.	Kolakaup	- 5319.60
3.	Peningar til skipstjóra	- 4390.00
	Samtals	$ 9749.60

Um 1. Fallast má á rök héraðsdóms fyrir því, að þessi útgjaldaliður falli ekki undir ákvæði 2. mgr. 4. gr. farmsamningsins.

Um 2. Rétt þykir að skýra ákvæði 2. mgr. 4. gr. farmsamningsins á þá leið, að það taki til kolakaupa á hleðslustað, að því leyti sem þau eru nauðsynleg vegna þarfa skipsins þar á staðnum og á leið þaðan til ákvörðunarstaðar. Samkvæmt gögnum málsins voru kolabirgðir skipsins 70 smálestir, er það kom til hleðslustaðar hinn 19. ágúst 1946. Á hleðslustaðnum keypti skipstjóri 330 smálestir kola fyrir $ 16.12 smálest hverja eða alls $ 5319.60. Kolaeyðsla skipsins á hleðslustað og á leið þaðan til Reykjavíkur nam samkvæmt skýrslu aðaláfrýjanda 180 smálestum. Samkvæmt þessu hefur gagnáfrýjandi verið krafinn um greiðslu í dollurum á andvirði 150 smálesta af kolum fram yfir það, sem rétt var, eða um $ 2418.00. Ber aðaláfrýjanda að endurgreiða þá fjárhæð.

Um 3. Fallast má á það með héraðsdómi, að vistakaup til skipsins í Boston, $ 3340.00, falli ekki undir venjuleg útgjöld á hleðslustað. Hins vegar þykir gagnáfrýjandi ekki eiga rétt til endurgreiðslu að öðru leyti samkvæmt þessum lið.

Samkvæmt framansögðu ber aðaláfrýjanda að endurgreiða gagnáfrýjanda $ 40.00 + 2418.00 + 3340.00 eða samtals kanadíska dollara 5798.00 með 6% ársvöxtum frá 30. ágúst 1946 til greiðsludags.

Farmgjaldið nam samkvæmt rökum þeim, er í héraðsdómi greinir og á má fallast, £ 11.958-16-0. Frá þeirri fjárhæð ber að draga greiðslu, £ 6000-0-0, sem gagnáfrýjandi innti af hendi 28. sept. 1946. Gagnáfrýjandi greiddi aðaláfrýjanda í Halifax 30. ágúst 1946, eins og áður segir, $ 15.052.28, en af þeim ber aðaláfrýjanda að endurgreiða $ 5798.00. Verða þá eftir $ 9254.28, sem miðað við að £ jafngildi $ 4.02, nema £ 2302-1-2. Þegar framangreindar tvær fjárhæðir, £ 6000-0-0 og £ 2302-1-2, hafa verið dregnar frá farmgjaldinu, £ 11.958-16-0, kemur fram, að ógreiddar eftirstöðvar þess nema £ 3656-14-10, og ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda þá fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum af £ 8224-14-6 frá 28. ágúst 1946 til 28. september s. á., enda hefur ekki verið krafizt vaxta af hærri fjárhæð fyrir þann tíma, og 6% ársvexti af £ 3656-14-10 frá 28. sept. 1946 til greiðsludags.

Svo sem í héraðsdómi greinir, bauðst gagnáfrýjandi til að setja tryggingu til að koma í veg fyrir stöðvun á uppskipun.

Skipstjórinn neitaði að taka við tryggingunni, og verður því aðaláfrýjandi að bera hallann af töfum skipsins í Reykjavík vegna stöðvunarinnar, sbr. 160. gr. siglingalaga, nr. 56/1914. Til fermingar og affermingar skipsins fóru samtals 22 dagar, 1 klukkustund og 23 mínútur. Ber gagnáfrýjanda því að greiða aukabiðdagagjald fyrir 2 daga, 1 klst. og 23 mín., £ 105-0-0 á dag eða alls £ 216-1-0 með 6% ársvöxtum frá 11. okt. 1946 til greiðsludags.

Niðurstaða málsins verður því sú, að í aðalsök greiði gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda £ 3872-15-10 ásamt 6% ársvöxtum af £ 8224-14-6 frá 28. ágúst 1946 til 28. sept. s. á., af £ 3656-14-10 frá 28. september 1946 til 11. okt. s. á. og af £ 3872-15-10 frá 11. okt. 1946 til greiðsludags. Í gagnsök endurgreiði aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda kanadíska dollara 5798.00 með 6% ársvöxtum frá 30. ágúst 1946 til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Í aðalsök greiði gagnáfrýjandi, Elding Trading Company, aðaláfrýjanda, Einari B. Guðmundssyni f. h. eigenda e/s Garnes, £ 3872-15-10 ásamt 6% ársvöxtum af £ 8224-14-6 frá 28. ágúst 1946 til 28. sept. s. á., af £ 3656-14-10 frá 28. sept. 1946 til 11. okt. s. á. og af £ 3872-15-10 frá 11. okt. 1946 til greiðsludags.

Í gagnsök endurgreiði aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda kanadíska dollara 5798.00 með 6% ársvöxtum frá 30. ágúst 1946 til greiðsludags.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 10. desember 1947.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. f. m., hefur Einar B. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður höfðað f. h. eigenda norska eimskipsins Garnes fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, út gefinni 9. apríl 1947, gegn

Elding Trading Company hér í bænum og krafizt þess, að stefnda verði dæmt til að greiða sér £ 4764-12-2 + norskar kr. 1368.85 + ísl. kr. 3763.66 ásamt 6% ársvöxtum af £ 8224-14-6 frá 28. ágúst 1946 til 28. september s. á. og af stefnukröfunni frá þeim degi til greiðsludags. Loks hefur stefnandi krafizt málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómsins.

Stefnda hefur krafizt sýknu í aðalsök gegn greiðslu á £ 5668-16-6 vaxtalaust. Jafnframt höfðaði stefnda gagnsök á dómþingi 26. f. m. og krafðist þess, að gagnstefndi yrði dæmdur til greiðslu $ 15.052.28 auk 6% ársvaxta af $ 15.600.00 frá 28. ágúst 1946 til 20. júní 1947 og af fjárhæð gagnkröfu frá þeim degi til greiðsludags. Enn fremur hefur gagnstefnanda krafizt málskostnaðar í báðum sökum.

Gagnstefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar í gagnsök.

Aðalsök. Málavextir eru þeir, að með flutningssamningi, er gerður var í London 7. maí 1946, tókst aðalstefnandi á hendur að flytja um 700 „standarda" timburs frá Halifax til Reykjavíkur með e/s Garnes. Farmgjaldið var ákveðið 350 shillingar fyrir hvern „standard". Skyldu biðdagar vera 20, en aukabiðdagar 10 gegn £ 105-0-0 greiðslu fyrir hvern aukabiðdag. Samkvæmt 4. gr. samningsins skyldi farmgjaldið greitt í London, er skipið léti úr höfn í Halifax, en í sömu grein var og ákveðið, að farmeigandi, þ. e. aðalstefnda, skyldi, ef óskað væri, leggja fram nægilegt fé til greiðslu venjulegra gjalda (ordinary disbursements) í hleðsluhöfn. Gjald fyrir aukabiðdaga skyldi gjaldkræft að kvöldi hvers dags. Hleðsla skipsins hófst hinn 19. ágúst 1946, og var henni lokið 28. ágúst kl. 15.30. Hafði þá verið til hennar varið af biðdögum 6 dögum, 2 stundum og 23 mínútum. Af hálfu skipseigenda var þá krafizt greiðslu á $ 15.600.00, er þeir kváðu vera venjuleg gjöld, er inna þyrfti af hendi, áður en skipið færi úr hleðsluhöfn. Greiðsluskyldu aðalstefnda var þá þegar mótmælt á þeim grundvelli, að ekki bæri því að greiða farmgjaldið í öðrum gjaldeyri en £. Fjárhæð þessi var þó greidd með fyrirvara um endurheimtu að kvöldi 30. ágúst, og lét skipið þegar úr höfn. Aðalstefnda hafði sent skipamiðlara þeim, er annaðist samningsgerðina í London, fé til greiðslu farmgjaldsins þegar hinn 4. júní, en ekki varð úr greiðslu, áður en skipið færi frá Halifax, og kveður aðalstefnda það hafa stafað af ágreiningi þeim, sem upp kom um greiðslu framangreindrar fjárhæðar í dollurum. Hinn 6. september var umboðsmönnum skipseigenda í London boðin greiðsla á £ 12.000-0-0 gegn endurgreiðslu fyrrgreindra $ 15.600.00, en boði þessu var hafnað. Skipið kom til Reykjavíkur 12. september, og varð skipstjóri þess þá vísari, að farmgjald var enn ógreitt. Hófst uppskipun farmsins samt næsta morgun, en hinn 14. s. m. kvaðst skipstjóri hætta uppskipun hinn 16. s. m., yrði þá ekki greitt allt, sem eftir stæði af farmgjaldinu. Aðalstefnda krafðist enn sem fyrr endurgreiðslu dollarafjárhæðarinnar, og lauk svo, að uppskipun var hætt á hádegi hinn 17. september, en fyrr sama dag hafði aðalstefnda boðizt til að afhenda skipstjóra eða umboðsmanni hans £ 12.000-0-0 sem tryggingu fyrir greiðslu farmgjalds, og skyldi fjárhæð þessi geymd hjá banka eða málflutningsmanni skipseigenda hér, þar

til úr því væri skorið, hvort stefnda bæri að greiða dollara samkvæmt framanrituðu. Trygging þessi var ekki þegin. Hinn 18. sept. ritaði skipstjóri aðalstefnda bréf og kvaðst telja aðalstefnda bera ábyrgð á öllu því tjóni, er af drætti á uppskipun kynni að stafa, enda væru orsakir hans vanefnd aðalstefnda á farmsamningnum. Aðalstefnda svaraði bréfi þessu og kvaðst ekki ábyrgt, enda hafi greiðsla verið boðin í London svo og í Reykjavík til geymslu, taldi sig enn fremur eiga rétt til endurheimtu gjaldanna í Halifax og hreyfði því loks, að farmurinn væri ekki að öllu leyti í samræmi við farmskrár, og taldi, að eitthvað mundi vanta af timbrinu. Eftir nokkrar samkomulagsumleitanir varð það úr, að aðalstefnda greiddi til skipseigenda £ 6000-0-0 og setti bankatryggingu fyrir £ 6000-0-0. Var þessi lausn málsins komin á hinn 28. september, og var uppskipun haldið áfram 30. s. m. og lokið 11. október kl. 17.

Eins og fyrr var greint, heldur aðalstefnandi því fram, að aðalstefnda hafi samkvæmt 4. grein farmsamningsins verið skylt að greiða áðurgreind gjöld í Halifax í gjaldeyri greiðslustaðarins, þrátt fyrir þau ákvæði samningsins, er gera ráð fyrir greiðslu farmgjaldsins í £, og að aðalstefnda hafi einnig borið að greiða eftirstöðvar farmgjaldsins, áður en skipið lét þar úr höfn. Hafi aðalstefnda því enga réttmæta ástæðu haft til að draga greiðslu, er skipstjóri krafðist hennar. Þann drátt verði að telja vanefnd samninga aðilja, og beri aðalstefnda því að greiða eftirstöðvar farmgjaldsins, aukabiðdagagjald og allan kostnað, sem rekja megi til tafar skipsins.

Sundurliðar aðalstefnandi dómkröfur sínar svo:

1. Farmgjald, 683.36 „standardar" á 350 sh að frádregnum útgjöldum í Halifax, Kan. $ 15.048.33 = £ 3734-1-6, og greiðslu 28/9 1946 £ 6000-0-0	= £ 11.958-16-0 = £ 9.734- 1-6	£ 2224-14- 6
2. Aukabiðdagagjald og bætur vegna tafar umfram aukabiðdaga:		
a) 10 aukabiðdagar á £ 105-0-0		£ 1050- 0- 0
b) Bætur vegna beinnar tafar umfram aukabiðdaga: 5 dagar, 1 stund og 23 mínútur á £ 215-0-0 á dag		£ 1087- 7-10
3. Sérstök tryggingaiðgjöld vegna veru skipsins við Ísland í október 1946		£ 279- 4- 7
4. Kolaeyðsla vegna tafar skipsins 30 smálestir		£ 120- 0- 0
5. Símskeytagjöld í Englandi		£ 3- 5- 3
		£ 4764-12- 2
6. Aukavinna um borð í skipinu		norskar kr. 476.52
7. Símskeytagjöld í Noregi		— — 892.33
		Norskar kr. 1368.85
8. Hluti af útgjöldum í Reykjavík		ísl. kr. 3234.88
9. Símskeytagjöld í Reykjavík		— — 528.78
		Ísl. kr. 3763.66

Svo sem fyrr greinir, heldur aðalstefnda því fram, að óheimilt hafi verið að krefja sig um greiðslu í $ fyrir nokkrum hluta farmgjaldsins. Telur aðalstefnda þá grein samningsins, sem aðalstefnandi studdi þessa kröfu við, hafa orðið óþarfa, er samið var um fyrirframgreiðslu farmgjaldsins alls, og ganga í berhögg við samninginn, enda sé grein þessi í hinu prentaða eyðublaði samningsins algerlega miðuð við fyrri hluta greinarinnar, sem numinn var úr samningnum. Telur aðalstefnda slíka kröfu óheimila þegar af þeirri ástæðu, að farmgjaldið var ákveðið í £, og kveðst því eigi hafa verið skylt til greiðslu í öðrum gjaldeyri, hvar sem greitt væri, enda hafi sér verið að lögum óheimilt að verja í þessu skyni öðrum gjaldeyri en £, sem stjórnendur íslenzkra gjaldeyrismála höfðu heimilað til þeirra nota. Telur aðalstefnda, að sér hafi verið rétt að halda eftirstöðvum farmgjaldsins til þess að fá þetta leiðrétt, og vísar einnig til greiðsluboðs þess í London, sem fyrr greindi, svo og tryggingar til geymslu, er boðin var 17. september, áður en hætt var uppskipun farmsins. Heldur aðalstefnda því fram, að aðalstefnandi hafi tafið losunina á eigin ábyrgð og kostnað, og beri sér því eigi að greiða neinar viðbætur við farmgjaldið af þeim sökum. Loks heldur aðalstefnda því fram, að timbur það, sem upp var skipað, hafi reynzt 15.46 „standördum" minna en í farmskrám segir eða alls 667.9 „standardar". Farmgjald fyrir það magn sé samkvæmt ákvæðum samningsins £ 11.668-16-6, en af því séu þegar greidd £ 6000-0-0, og telur aðalstefnda því ógreidd £ 5668-16-6 og byggir á því kröfu sína í aðalsök. Til vara hefur aðalstefnda mótmælt sem of háum kröfuliðum aðalstefnanda.

Samningur aðilja var, eins og ráða má af framanrituðu, gerður á prentuðu eyðublaði fyrir „Uniform General Charter as revised 1922 (Code name GENCON)" með þeirri aðalbreytingu, að farmgjaldið skyldi allt greitt fyrir fram í sterlingspundum. Samt sem áður var ákvæði hins prentaða samnings látið haldast um skyldu farmeiganda til að leggja fram fé til að standast venjuleg gjöld (ordinary disbursements) í hleðsluhöfn, þótt ljóst væri, að þar gilti annar gjaldeyrir en um var samið, og var orðinu „sufficient" bætt í samninginn með ritvél. Samningsgerð þessa þykir því ekki unnt að skýra á annan veg en þann, að af hálfu aðalstefnda hafi verið fallizt á að greiða gjöld þessi í gjaldeyri greiðslustaðarins. Aðalstefnda hefur einnig vefengt fjárhæð gjalda þessara og talið, að meðal þeirra séu útgjöld, er ekki fái talizt „ordinary disbursements", og verður það atriði nú athugað nánar.

Fyrr var greint það, að af hálfu aðalstefnda voru lagðir fram til þessa $ 15.600.00, en umboðsmönnum þess í New York, er annazt höfðu greiðsluna fyrir það, var endurgreiddur hluti þeirrar fjárhæðar. Af gögnum málsins kemur ekki fram, hve hárri fjárhæð endurgreiðsla þessi nam, en aðalstefnda hefur viðurkennt, að hún hafi numið $ 547.72, og verður við það miðað hér. Námu gjaldaliðir þessir því $ 15.052.28 að sögn aðalstefnanda. Hafa þrír liðir fjárhæðar þessarar sætt andmælum af hálfu aðalstefnda, en þeir eru þóknun til kafara, $ 40.00, kolakaup, $ 5319.60, og peningar til skipstjóra, $ 4390.00. Samkvæmt skýrslu aðalstefnanda

(dskj. nr. 31) var $ 3340.00 af síðasta liðnum varið til vistakaupa í Boston, en þaðan kom skipið til Halifax. Mismunurinn virðist vera launagreiðslur til skipverja og peningar til skipstjóra í Halifax. Fallast verður á það með aðalstefnda, að vistakaup í Boston falli ekki undir flutningssamninginn, og var aðalstefnda því ekki skylt að leggja fram dollara í því skyni. Þóknun til kafara virðist vera viðgerðarkostnaður og ekki þess eðlis, að hún verði talin til „ordinary disbursements". Þegar þess er gætt, að samkvæmt samningnum skyldi farmgjaldið allt greitt fyrir fram í London, þykir ákvæðið um greiðslur í hleðsluhöfn svo sérstakt afbrigði og þess eðlis, að varlega beri að fara, þegar ákveða þarf, hvaða kostnað eigi að telja „ordinary disbursements". Þykir því eftir atvikum rétt, eins og hér stóð á, að taka til greina mótmæli aðalstefnda gegn kolakaupunum. Auk þess er ekki af gögnum málsins ljóst, hvort kolakaupin voru gerð í Halifax eða Boston. Enn fremur var keypt svo mikið magn af kolum, að kolakaup voru engin í Reykjavík. Verður aðalstefnda því ekki heldur talið skylt að leggja fram dollara til kolakaupanna. Hins vegar þykja launagreiðslur til skipverja samkvæmt eðli sínu og venju eiga að falla undir samninginn, enda virðast þær eftir atvikum ekki hafa verið úr hófi háar. Aðrir gjaldaliðir virðast geta talizt „ordinary disbursements", enda hafa þeir ekki sætt mótmælum á þeim grundvelli. Samkvæmt framanrituðu verður aðalstefnda talið hafa verið skylt að greiða $ 15.052.28 að frádregnum $ 3340.00 + 40.00 + 5319.60 eða alls $ 6352.68.

Loks koma til athugunar mótmæli aðalstefnda, er byggð voru á því, að farmurinn hafi reynzt rýrari en farmskrár hermdu. Samkvæmt samningi aðilja skyldi farmgjald miðað við „intaken quantity", en í gögnum málsins var það magn talið nema 683.36 „standördum". Að vísu virðist hafa komið upp ágreiningur milli skipstjóra og seljenda um magn farmsins, þegar skipið var fermt, en þótt svo virðist, að aðalstefnda hafi verið um þann ágreining kunnugt, áður en losun var lokið, sést ekki, að af þess hálfu hafi verið gerðar ráðstafanir til að sannreyna magnið. Verður að telja aðalstefnda bera sönnunarbyrði um þessi efni, og þar eð sönnur um þau brestur, verða þessi mótmæli aðalstefnda ekki til greina tekin.

Samkvæmt framanrituðu ber að telja farmgjaldið allt £ 11.958-16-0, en frá því dragast £ 6000-0-0, sem þegar eru greidd, svo og andvirði $ 6352.68 í £, miðað við gengi £ = $ 4.02, eða £ 1580-5-0, og nemur ógreitt farmgjald því £ 4378-11-0.

Koma þá næst til álita kröfur aðalstefnanda umfram sjálft farmgjaldið, en mótmæli aðalstefnda gegn þeim hafa verið rakin hér að framan. Þegar virt er það, að dollarakrafa aðalstefnanda var miklum mun hærri en rétt er talið hér að framan, svo og hitt, að sannað er í málinu, að aðalstefnda bauð fram lögmæta tryggingu í sterlingspundum til geymslu, áður en uppskipun farmsins var stöðvuð, þykir sú stöðvun ekki hafa stuðzt við réttmætar ástæður, og verður aðalstefnda því ekki talið skylt að bæta neitt tjón, er af þeirri töf kann að hafa hlotizt.

Vinna við hleðslu og losun stóð yfir samtals í 19 daga, 2 stundir og 23

mínútur. Í Halifax tafðist skipið hins vegar um 1 dag og 8 stundir, á meðan beðið var eftir greiðslu frá aðalstefnda á kröfum aðalstefnanda. Hér að framan hefur verið talið, að aðalstefnda hafi verið skuldbundið til greiðslu útgjalda í Halifax, en ljóst er, að töf þessi á brottsiglingu skipsins stafaði af greiðsluneitun á þeim grundvelli, að ekkert af farmgjaldinu skyldi greiða í dollurum. Verður því að telja, að töf þessi í Halifax eigi að vera á kostnað aðalstefnda, og hafa samkvæmt því farið 21 dagur, 1 stund og 23 mínútur til hleðslu og losunar, en samkvæmt samningnum ber aðalstefnda að greiða aukabiðdagagjald (£ 105-0-0 á dag) fyrir þann tíma, sem umfram er biðdagana, tuttugu að tölu. Ber aðalstefnda því að greiða £ 111-1-0 samkvæmt þessum lið, og varð sú fjárhæð gjaldkræf 11. október 1946.

Úrslit aðalsakar verða samkvæmt framansögðu þau, að aðalstefnda verður dæmt til greiðslu á £ 4378-11-0 + £ 111-1-0 eða samtals £ 4489-12-0 með 6% ársvöxtum af £ 10.378-11-0 frá 28. ágúst 1946 til 28. september 1946, af £ 4378-11-0 frá þeim degi til 11. október 1946 og af £ 4489-12-0 frá þeim degi til greiðsludags. Eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Gagnsök. Gagnstefnanda byggir kröfur sínar á því, að sér hafi verið óskylt með öllu að greiða nokkuð af farmgjaldinu í dollurum. Af því, sem sagt hefur verið hér að framan um aðalsökina og hér þykir nægja að vísa til, var ljóst, að gagnstefndi krafði gagnstefnanda um $ 8699.60 umfram greiðsluskyldu þess, og ber því að dæma gagnstefnda til að endurgreiða þá fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum frá þeim degi, er greitt var, 30. ágúst 1946, til greiðsludags. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður í gagnsök.

Dóminn kváðu upp þeir Einar Arnalds borgardómari og meðdómsmennirnir dr. Þorsteinn hagstofustjóri Þorsteinsson og Jóhann Ólafsson framkvæmdastjóri. Uppsaga dómsins hefur dregizt nokkuð um venju fram, og valda því annir dómenda.

Dómsorð:

Í aðalsök greiði aðalstefnda, Elding Trading Company, aðalstefnanda, Einari B. Guðmundssyni hrl. f. h. eigenda e/s Garnes, £ 4489-12-0 með 6% ársvöxtum af £ 10.378-11-0 frá 28. ágúst 1946 til 28. september 1946, af £ 4378-11-0 frá þeim degi til 11. október 1946 og af £ 4489-12-0 frá þeim degi til greiðsludags.

Í gagnsök greiði gagnstefndi gagnstefnanda kanadíska $ 8699.60 með 6% ársvöxtum frá 30. ágúst 1946 til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður í aðalsök og gagnsök.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 14. desember 1949.

Nr. 31/1944. **Jón Dúason** (Sigurður Ólason)
gegn
Leifi Þorleifssyni og Eiríki Leifssyni
(Ólafur Þorgrímsson).

Skuldamál. Fyrning kröfu. Ágreiningur dómenda.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. marz 1944, krefst þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu d. kr. 11.628.30 með 6% ársvöxtum frá 12. nóv. 1936 til greiðsludags og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndu, sem fengið hafa nóvaleyfi í málinu, krefjast *aðallega* sýknu af öllum dómkröfum áfrýjanda, *til vara*, að stefndi Eiríkur Leifsson verði sýknaður af kröfum áfrýjanda, en kröfur á hendur stefnda Leifi Þorleifssyni verði lækkaðar eftir mati dómsins. Þá krefjast stefndu og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Mál þetta hefur áfrýjandi höfðað á hendur stefndu til greiðslu tveggja víxilfjárhæða. Var annar víxillinn að fjárhæð d. kr. 2628.30, samþykktur af stefnda Leifi Þorleifssyni, með gjalddaga 3. jan. 1927, en hinn að fjárhæð d. kr. 9000.00, samþykktur af báðum hinum stefndu, með gjalddaga 6. okt. 1927. Víxlar þessir voru hinn 10. des. 1927 afhentir til innheimtu málflutningsskrifstofu Guðmundar Ólafssonar og Péturs Magnússonar hér í bæ af Íslandsbanka f. h. Privatbanken í Kaupmannahöfn. Í skilagrein nefndrar málflutningsskrifstofu fyrir innheimtum þessum, dags. 26. okt. 1933, kemur fram, að skrifstofan reiknar sér á árinu 1928 innheimtulaun af fyrrtalda víxlinum, að fjárhæð d. kr. 2628.30, og þar sést einnig, að skrifstofan hafði þá greitt Privatbanken hærri fjárhæð en þessari víxilupphæð nemur. Þegar til þessa er litið svo og þess, að áfrýjandi hefur eigi lagt fram frumrit víxils þessa í málinu, þykir verða við það að miða, að víxill þessi sé greiddur, og ber því þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefndu af þessum hluta kröfu áfrýjanda.

Síðartaldi víxillinn, að fjárhæð d. kr. 9000.00, féll í gjald-

daga 6. okt 1927. Víxilkröfu þessari var lýst í þrotabú stefnda Leifs Þorleifssonar, en skiptum á búi þessu lauk hinn 9. marz 1936, án þess að nokkuð greiddist upp í kröfuna. Krafa þessi var því ekki fyrnd gagnvart stefnda Leifi Þorleifssyni, er mál þetta var höfðað hinn 12. nóv. 1940. Hins vegar verður ekki séð af gögnum málsins, að varnað hafi verið fyrningu gagnvart stefnda Eiríki Leifssyni, og ber því að sýkna hann einnig af þessum hluta kröfu áfrýjanda, en rétt þykir, að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður, að því er hann varðar.

Málflutningsskrifstofa Guðmundar Ólafssonar og Péturs Magnússonar hafði auk framantalinna víxilfjárhæða aðrar kröfur til innheimtu fyrir áfrýjanda á hendur stefndu, og námu þær að fjárhæð alls d. kr. 8196.71. Samkvæmt skýrslu áfrýjanda hefur skrifstofan á árunum 1928—1933 greitt honum samtals d. kr. 4165.18 upp í þær kröfur, er skrifstofan hafði til innheimtu á stefnda, eða d. kr. 1536.88 umfram fjárhæð lægri víxilsins.

Af hálfu skuldara var ekki tekið fram, að greiðslur þeirra skyldu ganga til lúkningar sérstökum kröfum áfrýjanda, og ekki hefur áfrýjandi heldur, svo að séð verði, fyrr en í máli þessu gefið stefndu til kynna, að hann tæki fjárhæðir þessar frekar til greiðslu einni kröfu hans en annarri. Að svo vöxnu máli og þar sem ekki er vitað um stofntíma hinna einstöku krafna, þykja greiðslur þessar eiga að ganga hlutfallslega til lúkningar 9000 króna víxilkröfunni og öðrum kröfum áfrýjanda, d. kr. 8196.71. Þessar fjárkröfur námu að viðbættum vöxtum, en að frádregnum áðurnefndum d. kr. 1536.88, samtals d. kr. 23.798.09 við skiptalok í búi Leifs Þorleifssonar hinn 9. marz 1936, þar af víxilkrafan með vöxtum d. kr. 12.454.87, en aðrar kröfur með vöxtum d. kr. 11.343.22.

Áfrýjandi höfðaði mál til greiðslu fébóta úr hendi framangreindrar málflutningsskrifstofu vegna mistaka á innheimtu krafna þessara. Því máli lauk með dómi Hæstaréttar 28. júní 1943, og voru áfrýjanda þar dæmdar ísl. kr. 12.000.00 í fébætur. Þá fjárhæð fékk áfrýjandi greidda hinn 28. júní 1945 ásamt 6% ársvöxtum frá 21. október 1937, en höfuðstóllinn svaraði til *d. kr. 9540.50,* miðað við gengi á greiðsludegi.

Þessum höfuðstól þykir einnig bera að skipta hlutfallslega milli víxilfjárhæðarinnar og annarra krafna. Koma þá d. kr. 4993.08 til frádráttar víxilskuldinni, d. kr. 12.454.87, og eru þá ógreiddar *d. kr. 7461.79*, sem stefnda Leifi Þorleifssyni ber að greiða áfrýjanda ásamt 6% ársvöxtum frá 12. nóv. 1936 til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndi Leifur Þorleifsson greiði áfrýjanda kr. 2000.00 í málskostnað fyrir báðum dómum.

Dómsuppsaga í máli þessu í héraði hefur dregizt frá 2. september til 30. desember 1943. Er sá dráttur ekki nægjanlega réttlættur né heldur dráttur sá af hendi málflytjenda, sem orðið hefur hér fyrir dómi.

Dómsorð:

Stefndi Eiríkur Leifsson skal vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Jóns Dúasonar, í máli þessu, en málskostnaður fyrir báðum dómum fellur niður, að því er hann varðar.

Stefndi Leifur Þorleifsson greiði áfrýjanda d. kr. 7461.79 með 6% ársvöxtum frá 12. nóv. 1936 til greiðsludags og kr. 2000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Áfrýjandi þessa máls rak um nokkurra ára skeið verzlunarumsýslu í Kaupmannahöfn. Á árinu 1924 hófust samskipti hans og stefndu, þau sem mál þetta er af risið. Gerðist áfrýjandi umsýslumaður þeirra í verzlun, aflaði varnings handa verzlun þeirra og innti af hendi forgreiðslu fyrir hann. Stefndu vanefndu mjög samninga sína við áfrýjanda og stóðu ekki í skilum við hann. Fól áfrýjandi því málflutningsmönnum á árinu 1927 að sækja stefndu til greiðslu skuldar þeirra við hann, en hún nam þá um d. kr. 20.000.00 og fór stöðugt hækkandi. Innheimta þessi mistókst að miklu

leyti. Hafa áfrýjanda hinn 28. júní 1943 verið dæmdar kr. 12.000.00 ásamt 5% vöxtum frá 21. október 1937 til greiðsludags í skaðabætur úr hendi málflutningsmannanna, þar sem þeir þóttu ekki hafa gengið nógu rösklega að stefndu á árunum 1927—1933, meðan þeir voru gjaldfærir að einhverju leyti. Stefndi Leifur Þorleifsson varð gjaldþrota hinn 16. júní 1934. Lýsti áfrýjandi kröfum í bú hans, að fjárhæð kr. 53.953.98. Gjaldþrotaskiptum í búi hans lauk hinn 9. marz 1936, og reyndust engir fjármunir í búinu til greiðslu á kröfum áfrýjanda, en þær kröfur héldust í gildi gagnvart stefnda Leifi persónulega samkvæmt 38. gr. laga nr. 25/1929, um gjaldþrotaskipti, þar sem segir, að þrotamaður beri ábyrgð á þeim hluta skulda sinna, sem ekki fást greiddar við gjaldþrotaskiptin, 10 ár eftir að skiptum lýkur.

Það mál, sem hér er til úrlausnar, var höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur hinn 7. jan. 1941, en sáttakæra var gefin út 12. nóv. 1940. Eru kröfur áfrýjanda hér fyrir dómi þær, að stefndu verði dæmt að greiða honum fjárhæð tveggja víxla, annars d. kr. 2628.30 og hins d. kr. 9000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 12. nóvember 1936 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins, en stefndu krefjast staðfestingar á héraðsdómi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Svo sem rakið er í atkvæði meiri hluta dómenda, þykir ljóst af gögnum málsins, að annar víxillinn, að fjárhæð kr. 2628.30, er samþykktur var af stefnda Leifi Þorleifssyni, hefur verið greiddur 1928. Ber því að sýkna stefndu af þessum kröfulið.

Hinn víxillinn var að fjárhæð d. kr. 9000.00. Var hann samþykktur af báðum aðiljum og féll í gjalddaga hinn 6. október 1927, en var afsagður sökum greiðslufalls hinn 10. s. m. Samkvæmt gögnum málsins og málflutningi verður að ætla, að víxildómur til greiðslu hans hafi ekki gengið á hendur stefndu, og er því víxilrétturinn fyrir löngu fallinn niður vegna vangeymslu. Krafa áfrýjanda á hendur stefnda Eiríki Leifssyni samkvæmt 74. gr. víxillaga nr. 93/1933 til greiðslu hagnaðar, er hann hefur hlotið vegna niðurfalls víxilréttar, telst fyrnd, þar sem ekki er sýnt, að henni hafi

verið haldið við lýði. Ber því einnig að sýkna stefnda Eirík Leifsson af þessum kröfulið, og þykir rétt, að málskostnaður í hans sök falli niður. Öðru máli gegnir í þessu efni um stefnda Leif Þorleifsson. Ágreiningslaust er, að áfrýjandi lýsti kröfu samkvæmt 74. gr. víxillaga vegna víxils þessa ásamt öðrum kröfum í þrotabú stefnda Leifs, og voru hinar lýstu kröfur ófyrndar við höfðun máls þessa samkvæmt 38. gr. laga nr. 25/ 1929. Samkvæmt óvéfengdum reikningum, sem lagðir hafa verið fram í málinu, námu gildar lýstar kröfur áfrýjanda í þrotabú stefnda Leifs hærri fjárhæð en dómkrafa áfrýjanda í máli þessu, eftir að frá þeim hefur verið dregin fjárhæð sú, sem áfrýjanda var dæmd úr hendi nefndra málflutningsmanna, svo og þær kr. 1536.88, sem stefndu hafa á sínum tíma greitt áfrýjanda upp í viðskipti aðilja umfram áðurnefndan 2628.30 króna víxil. Það verður ekki séð, að eðli máls, lagarök eða nokkur sanngirni mæli með því að veita stefnda Leifi heimild að kveða á um það, hverjar af skuldum hans við áfrýjanda skuli taldar greiddar með bótafé því, sem málflutningsmennirnir inntu af hendi til áfrýjanda. Hefur og ekkert fram komið, er bendi til þess, að stefndi Leifur hafi endurgreitt málflutningsmönnunum þessa fjárhæð. Þá eru og ekki heldur efni til þess, eins og á stendur, að veita stefnda Leifi frádrátt á dómkröfunni vegna greiðslu hans á kr. 1536.88, er áfrýjandi hefur notað til lúkningar á öðrum skuldum stefndu við hann, þar sem stefndi Leifur gerði á sínum tíma engan fyrirvara um það, upp í hvaða skuld hans við áfrýjanda þessi greiðsla hans ætti að ganga, og slíkur frádráttur mundi, eins og nú er komið, einungis leiða til þess, að stefndi Leifur slyppi við að greiða lögmæta skuld, en áfrýjandi yrði fyrir fjártjóni að sama skapi.

Niðurstaðan er því sú, að dæma beri stefnda Leif Þorleifsson til að greiða áfrýjanda d. kr. 9000.00 með 6% ársvöxtum frá 12. nóvember 1936 til greiðsludags svo og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 2500.00.

Samkvæmt framanrituðu ætti dómsorðið að hljóða svo: Stefndi Eiríkur Leifsson á að vera sýkn af kröfum áfrýj-

anda, Jóns Dúasonar, í máli þessu, og fellur málskostnaður í þeirri sök niður.

Stefndi Leifur Þorleifsson greiði áfrýjanda, Jóni Dúasyni, d. kr. 9000.00 með 6% ársvöxtum frá 12. nóvember 1936 til greiðsludags og kr. 2500.00 í málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. desember 1943.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. sept. sl., hefur Jón Dúason hér í bæ höfðað fyrir bæjarþinginu eftir árangurslausa sáttaumleitun með stefnu, út gefinni 7. janúar 1941, gegn þeim Leifi Þorleifssyni og Eiríki Leifssyni, báðum hér í bænum, og lýst svo kröfum sínum í stefnunni, að stefnt sé „til greiðslu á tveim víxilupphæðum, annarri d. kr. 2628.30 með 6% ársvöxtum frá gjalddaga, 3/1 1927, og hinni d. kr. 9000.00 með 6% ársvöxtum frá gjalddaga, 6/10 1927, hvort tveggja til greiðsludags, 10% af hvorri tveggja skuldinni í innheimtulaun svo og allan málskostnað eftir mati dómarans."

Stefndir hafa hvorki sótt þing né sækja látið, þótt þeim sé löglega stefnt. Samkvæmt 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 ber þá að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Hinn 11. október 1927 skulduðu stefndir í máli þessu firmanu Strandvold & Dúason í Kaupmannahöfn d. kr. 19.825.01, en stefnandi var þá annar aðaleigandi hins danska fyrirtækis og virðist hafa eignazt skuld þessa einn. Um sama leyti sendi stefnandi kröfur sínar til innheimtu málflutningsskrifstofu Péturs Magnússonar og Guðmundar Ólafssonar, hæstaréttarmálflutningsmanna hér í bænum. Lauk þeim skiptum svo, að litið eitt var greitt upp í kröfur stefnanda. Síðari hluta árs 1937 höfðaði hann skaðabótamál á hendur eigendum greindrar málflutningsskrifstofu, og kom fram í því máli, að hann taldi kröfur sínar fyrndar og glataðar á hendur stefndum fyrir þann drátt, er orðið hafði á innheimtutilraunum. Skaðabótamáli þessu lauk svo í Hæstarétti, að með dómi hans 28. júní sl. voru stefnanda dæmdar kr. 12.000.00 bætur úr hendi eigenda innheimtustofnunarinnar. Í dómi Hæstaréttar eru skuldir stefndra í máli þessu við stefnanda flokkaðar í víxilkröfur og kröfur, sem að einhverju leyti voru véfengdar, og verður dómurinn ekki öðruvísi skilinn en stefnanda hafi þar verið dæmdar sem næst fullar bætur fyrir víxilkröfurnar. Nú er það ljóst af skjölum máls þessa, að víxilskuldir þær, er málið er af risið, eru hinar sömu sem greindur hæstaréttardómur tekur til, og er málssókn þessi því ekki samrýmanleg skaðabótamáli stefnanda á hendur eigendum áðurnefndrar málflutningsskrifstofu. Samkvæmt framansögðu ber að sýkna báða stefndu af kröfum stefnanda, en málskostnaður fellur niður.

Kristján Kristjánsson, settur lögmaður, hefur kveðið upp dóm þenna, en dráttur á uppsögu hans stafar af óvenjulega miklum embættisönnum.

Því dæmist rétt vera:
Stefndir, Leifur Þorleifsson og Eiríkur Leifsson, skulu sýknir af kröfum stefnanda, Jóns Dúasonar, en málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 16. desember 1949.

Nr. 92/1946. **Þorbjörn Guðbrandsson** (Guttormur Erlendsson)
gegn
Ögmundi Jónssyni og gagnsök
(Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari Einar Arnalds borgardómari í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Landamerkjamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. júlí 1946 og gert þær kröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar af nýju. Svo krefst hann og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda eftir mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 12. ágúst 1946. Hann krefst þess *aðallega*, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til uppsögu dóms af nýju, en *til vara*, að héraðsdómurinn verði staðfestur, að því er varðar ákvörðun landamerkja. Svo krefst gagnáfrýjandi og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti af aðaláfrýjanda eftir mati dómsins.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa dómkvaddir menn gert nákvæman uppdrátt af landi því, sem um er að tefla.

Eins og nánar er rakið í héraðsdómi, seldi Eiríkur Einarsson alþingismaður á árinu 1938 fjórum aðiljum lendur úr landi Sölvaholts og Glóru í Hraungerðishreppi. Samkvæmt

afsalsbréfum og uppdráttum takmarkast land þetta að sunnan af Kaldaðarnesskurði, að vestan af Gaulverjabæjarbraut að svonefndri Virkisvörðu, að norðan af girðingu frá Virkisvörðu að Arnarstaðagirðingu og að austan af Arnarstaðagirðingu frá svonefndri Gráhellu að Einbúa.

Jarðeignina Sölvaholt, sem er nyrzt af umræddum lendum, seldi Eiríkur Einarsson Þórði Jónssyni hinn 25. maí 1938. Í afsali er svo kveðið á, að hin selda lenda skuli vera 200 ha. að flatarmáli, en innan marka hennar er spilda, sem áður hafði verið seld ríkissjóði, að stærð 2.76 ha. Verður eigi séð, að til þess hafi verið ætlazt, að þessi spilda ríkissjóðs ætti að koma til frádráttar þeim 200 hekturum lands, sem greindir eru í afsalinu til Þórðar. Hinn 16. júlí 1938 seldi Eiríkur því næst B. M. Sæberg lendu syðst á umræddu landsvæði, og er stærð hennar ákveðin 30 ha. Hinn 7. október 1938 fékk gagnáfrýjandi afsal Eiríks fyrir lendu sunnan Sölvaholts og norðan Glóru, að stærð 40 ha. Loks gaf Eiríkur Einarsson 26. október 1938 út afsal til handa Sigurði Sigurðssyni fyrir jarðeigninni Glóru, og er stærð þeirrar lendu, sem liggur í milli lendna gagnáfrýjanda og B. M. Sæbergs, í afsalinu ákveðin 85 ha. Jarðeign þessa seldi Sigurður Sigurðsson síðan aðaláfrýjanda með afsalsbréfi 8. maí 1939.

Eins og rakið hefur verið, liggja umræddar lendur hlið við hlið. Að vestanverðu við Gaulverjabæjarbraut eru mörk þeirra ákveðin. Í afsalsbréfum virðist við það miðað, að hinar seldu lendur nái allar til austurs að Arnarstaðagirðingu, en í afsölunum eru hins vegar engir fastir markadeplar ákveðnir milli lendnanna að austanverðu. Eigi hefur heldur verið í ljós leitt, að mörk hafi með öðrum hætti verið ákveðin milli lendnanna á þessu svæði, svo að bindandi sé fyrir aðilja máls þessa.

Samanlögð stærð hinna seldu lendna er samkvæmt afsölum ákveðin 355 ha. Mæling hins selda lands í heild, sem framkvæmd var eftir uppsögu héraðsdóms, leiddi í ljós, að landið er alls 362.4 ha. eða 7.4 ha. umfram heildarstærð lendnanna samkvæmt afsölum. Nú hefur Eiríkur Einarsson lýst því, að hann hafi selt umræddum fjórum aðiljum allt landsvæðið innan fyrrgreindra marka. Er því eðlilegast, að

þeir 7.4 ha., sem umfram eru, skiptist milli eigenda lendnanna í réttu hlutfalli við tilgreinda stærð þeirra.

Kröfur gagnáfrýjanda í máli þessu eru við það miðaðar, að mörk Glóru séu að austanverðu sunnar en aðaláfrýjandi telur þau eiga að vera og sunnan girðingar, er B. M. Sæberg hefur reist.

Þar sem málum er svo háttað sem nú var lýst, ber héraðsdómara samkvæmt ákvæðum 8. gr. laga nr. 41/1919 að taka til meðferðar mörk milli umræddra lendna allra. Skal öllum eigendum lendnanna stefnt til þings um mál þessi, og skulu mörk síðan ákveðin eftir þeim gögnum, sem fáanleg eru, svo langt sem þau ná, og að öðru leyti eftir því, sem eðlilegt og haldkvæmt má teljast. Verður héraðsdómurinn því ómerktur og málinu vísað heim í hérað til meðferðar og uppsögu dóms af nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti þykir eiga að falla niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði landamerkjadómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur landamerkjadóms Árnessýslu 27. maí 1946.

Ár 1946, mánudaginn 27. maí, kl. 11 f. h., var í landamerkjadómi Árnessýslu, sem haldinn var í skrifstofu embættisins á Selfossi af Páli Hallgrímssyni sýslumanni og meðdómsmönnunum Degi Brynjúlfssyni, hreppstjóra í Gaulverjabæ, og Gísla Jónssyni, hreppstjóra á Stóru-Reykjum, kveðinn upp dómur í landamerkjamálinu nr. 1/1945: Þorbjörn Guðbrandsson gegn Ögmundi Jónssyni, en málið var tekið til dóms hinn 23. s. m.

Tildrög máls þessa eru þau, að á árunum 1934 og 1938 seldi Eiríkur Einarsson alþingismaður, þáverandi eigandi Sölvaholtstorfunnar í Hraungerðishreppi, allt land torfunnar norðan svokallaðs Kaldaðarnessáveituskurðar. Hið selda land er samtals að flatarmáli 361.90 ha. samkvæmt uppdrætti Ásgeirs L. Jónssonar vatnsvirkjafræðings frá 29. ágúst 1945. Uppdrátturinn er meðal skjala málsins og ekki véfengdur, að því er til þessa tekur. Jarðeigandi seldi umrætt land fimm eftirtöldum aðiljum:

1. Vegagerð ríkissjóðs 2.764 ha. spildu úr heimalandi Sölvaholts með afsali, dags. 16. febr. 1934, innrituðu til þinglýsingar 2. marz s. á.

2. Þórði Jónssyni heimajörðina Sölvaholt, 200 ha. að flatarmáli, með afsali, dags. 25. maí 1938, innrituðu til þinglýsingar 23. júní s. á.

3. B. M. Sæberg 30 ha. spildu úr óskiptu landi torfunnar með afsali, dags. 16. júlí 1938, innrituðu til þinglýsingar 31. ágúst s. á.

4. Ögmundi Jónssyni 40 ha. spildu úr óskiptu landi torfunnar með afsali, dags. 7. okt. 1938, innrituðu til þinglýsingar 12. okt. s. á.

5. Sigurði Sigurðssyni hjáleiguna Glóru, 85 ha. að flatarmáli, með afsali, dags. 26. okt. 1938, innrituðu til þinglýsingar 10. nóv. s. á.

Samkvæmt afsölum þessum er samanlagt flatarmál hinna seldu jarða og landspildna talið 357.764 ha. eða 4.136 ha. minna en lönd þessi eru í heild samkvæmt fyrrnefndum uppdrætti. Hins vegar má ráða það af afsölunum, enda fram tekið af seljanda í sérstöku vottorði og ekki vefengt af málsaðiljum, að lönd þessi öll liggi saman hvert að öðru millibilslaust og ekkert af landi torfunnar norðan Kaldaðarnesskurðar sé eftir í eigu seljanda.

Í öllum afsölunum eru hin seldu lönd ákveðin að flatarmáli og talin sýnd að legu og ummerkjum á uppdrætti, sem til staðar sé við söluna. Uppdrátt þennan hefur hvorugur málsaðiljanna getað lagt fram. Í afsölunum er hvergi vísað til fyrri kaupsamninga.

Afstaða hinna seldu landa hvers til annars er þannig, að nyrzt liggur heimajörðin Sölvaholt, sem umlykur lóð vegagerðarinnar og nær til austur- og vesturmarka torfunnar. Land þetta var fyrst selt. Því næst var seld landspilda Sæbergs, og liggur hún suður við Kaldaðarnesskurð og meðfram honum allt frá vesturmörkum torfunnar að austurmörkum. Þar næst var seld landspilda Ögmundar Jónssonar, og liggur hún næst fyrir sunnan land Sölvaholts og nær einnig bæði til austur- og vesturmarka torfunnar. Loks var Glóra seld, og er land hennar öll spildan á milli landa Ögmundar og Sæbergs. Glóruland nær eins og öll hin löndin bæði að austur- og vesturmörkum torfunnar.

Árið 1943 og 1944 girti Ögmundur Jónsson á mörkum þeim, sem hann taldi vera á milli síns lands og Glóru, og studdist þá við ákvæði afsalsbréfs síns um flatarmál landsins. Eigandi Glóru, Þorbjörn Guðbrandsson, sem keypt hafði jörðina af Sigurði Sigurðssyni árið 1939, taldi gengið á land sitt með girðingu Ögmundar, og er mál þetta þar af sprottið.

Réttarkröfur eiganda Glóru eru á þá leið, að mörk á milli Glóru og landspildu Ögmundar verði ákveðin þannig: úr vesturmörkum torfunnar við Gaulverjabæjarveg, miðja vega á milli Glóruskurðar og Glóruengjagirðingar, þaðan í beina línu austur á móts við Glórutúnsgirðingu í punkt, sem sé 30 metra norður af nyrzta horni girðingarinnar, úr þeim punkti í beina línu til austurmarka torfunnar í punkt, sem sé 765 metra norður af Einbúa, sem er suðausturhornmark torfunnar allrar. Enn fremur krefst hann málskostnaðar sér til handa eftir reikningi.

Kröfum sínum til stuðnings vísar hann til tveggja kaupsamninga, sem Eiríkur Einarsson gerði árið 1936, annan við Sigurð Sigurðsson, þáverandi ábúanda á Glóru, um sölu þeirrar jarðar, hinn við Ketil Gíslason í Hafnarfirði um sölu 40 ha. landspildu næst norðan við Glóruland. Í

samningi Sigurðar var ákveðið, að suðurmörk Glóru skyldu markast af línu, dreginni þvert yfir torfuna frá vestri til austurs, þannig, að 160 ha. af öllu landi hennar yrðu fyrir sunnan Glóru, en allt land þeirrar jarðar skyldi verða 85 ha. Í samræmi við þetta var ákveðið í samningi Ketils, að suðurmörk landspildu hans skyldi draga þannig, að 245 ha. af landi allrar torfunnar yrðu fyrir sunnan spilduna, en hún öll vera 40 ha. Eigandi Glóru hefur enn fremur lagt fram vottorð þeirra Ketils og Sigurðar um það, hvar mörkin hafi verið dregin samkvæmt þessum kaupsamningum af þeim sjálfum og seljanda landsins sumarið 1937, og eru mörkin samkvæmt tilvísun þeirra sýnd á uppdrætti þeim, sem fyrir liggur í málinu. Uppdrátturinn sýnir enn fremur, að lína sú, sem þeir Ketill og Sigurður telja, að verið hafi ákveðin sem norðurmörk Glóru, afmarkar jörðinni 86—86.5 ha. frá þeim suðurtakmörkum jarðarinnar að telja, sem um er rætt í kaupsamningnum frá 1936. Eigandi Glóru heldur því fram, að norðurmörk þeirrar jarðar hafi samkvæmt kaupsamningi Sigurðar frá 1936 verið endanlega sett og ákveðin af öllum aðiljum sumarið 1937, eins og segir í vottorði þeirra Ketils og Sigurðar, og sé Ögmundi Jónssyni því skylt að virða þau mörk og eiga um það við seljanda landsins, ef spilda hans nær ekki tiltekinni stærð.

Ögmundur Jónsson gerir hins vegar þær réttarkröfur, að mörkin verði ákveðin, þar sem hann setti girðingu sína, og er lega hennar sýnd á uppdrætti þeim, sem fyrir liggur í málinu. Lýsing hans á merkjunum frá vesturpunkti torfunnar að punkti, sem sé 30 metrar norður af nyrzta túngirðingarhorni Glóru, er samhljóða lýsingu eiganda þeirrar jarðar, en úr þeim punkti vill Ögmundur Jónsson draga merkjalínuna austur samhliða túngirðingunni, svo langt sem hún nær, og þaðan í beina línu að austurmörkum torfunnar í punkt, sem sé 407 metra norður frá Einbúa samkvæmt mælingu á korti. Kröfu sína reisir hann á því, að með þessari markalínu séu honum afmarkaðir 40 ha. lands, sem honum beri samkvæmt eignarheimild sinni, og flatarmál landsins séu einu upplýsingarnar, sem stuðzt verði við um ákvörðun markanna. Hann krefst og tildæmds málskostnaðar eftir mati réttarins.

Af kaupsamningum þeim, sem Eiríkur Einarsson gerði árið 1936, og afsölum þeim, sem hann gaf út árið 1938, svo og af fyrirliggjandi uppdrætti sést, að Glóruland og spilda Ketils hafa með kaupsamningunum verið ákveðin nokkru norðar í torfunni eða sem svarar um 10—12 ha. heldur en í afsölunum frá 1938, ef gengið er út frá, að mörkin hafi á uppdrætti þeim, sem þá var fyrir hendi, en nú er týndur, verið þannig sett, að hver aðili hafi getað fengið fulla landstærð, sem honum bar. Nú er það upplýst um umrædda kaupsamninga, að þeim hefur aldrei verið þinglýst. Kaupsamningur Ketils var ógiltur af aðiljunum sjálfum og afsal Ögmundar út gefið af Eiríki Einarssyni án tilvísunar til kaupsamningsins og með annarri merkjalýsingu en í kaupsamningnum var. Í afsali Sigurðar er ekki heldur vísað til kaupsamningsins frá 1936. Í þess stað er í afsali hans tekin upp önnur merkjalýsing, sem sé aðeins getið um flatarmál landsins, en um legu þess vísað til uppdráttar, sem

fyrir liggi við söluna. Öll fjögur afsölin, sem máli skipta, eru gefin út sumarið og haustið 1938. Séu þau tekin í heild, samrýmist merkjalýsing þeirra ekki ákvæðum kaupsamninganna, og þykir landamerkjadóminum einsætt, að samkvæmt framanrituðu verði kaupsamningarnir að víkja fyrir afsölunum að því leyti, sem þessi skjöl eru ósamhljóða. Loks er þess að geta, að þeir Þórður Jónsson, B. M. Sæberg og Ögmundur Jónsson hafa allir fengið afsöl sín út gefin og þinglesin, áður en afsal Sigurðar Sigurðssonar var út gefið, en í afsali Sæbergs er, svo að ekki verður um villzt, gert ráð fyrir öðrum suðurlandamerkjum Glóru en þeim, sem lýst er í kaupsamningi Sigurðar. Landamerkjadómurinn lítur svo á, að um ákvörðun merkjanna nú, að því leyti, sem ekki er um þau samkomulag, sé ekki við annað að styðjast en vitneskjuna um flatarmál hinna seldu landa úr torfunni, hvers um sig. Samkomulag er um merkjalýsinguna frá vesturmörkum torfunnar að punkti 30 metrum norður af nyrzta túngirðingarhorni Glóru. Norðan við túnið ber lítið á milli aðiljanna, og þykir merkjadóminum eðlilegast, að landamerkin séu á þessu svæði samhliða túngirðingunni, svo langt sem hún nær. Þaðan ber að draga merkjalínuna suðaustur í austurmörk torfunnar í punkt, sem sé 420 metra norður af Einbúa, og er þá jafnt tillit tekið til landeigenda beggja megin línunnar. Með þessari ákvörðun fellur austurendapunktur merkjanna sem næst saman við austurenda engjagirðingar Sæbergs. Sunnan þessarar línu, suður að áveituskurði, er rúmlega 1.5 ha. lands umfram það, sem landeigendum ber eftir afsölum þeirra, og norðan línunnar eru um 2.5 ha. lands umfram það, sem landeigendum þar ber samkvæmt afsölum þeirra.

Eftir málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Landamerki milli jarðarinnar Glóru og landspildu Ögmundar Jónssonar úr Sölvaholtstorfu í Hraungerðishreppi skulu vera þessi: bein lína úr vesturmörkum torfunnar miðja vega milli Glóruengjagirðingar og Glóruskurðar í punkt, sem er 30 metra norður af nyrzta horni Glórutúngirðingar, þaðan bein lína austur samsíða túngirðingunni, svo langt sem nær, þaðan bein lína í austurmörk torfunnar í punkt, sem er 420 metra norður frá Einbúa.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 19. desember 1949.

Nr. 164/1948. **Guðbrandur Jörundsson** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Sigurjóni Hreiðari Gestssyni og gagnsök
(Jón N. Sigurðsson).

Fébótamál vegna bifreiðarslyss.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. desember 1948, gerir þær dómkröfur, að fjárhæð sú, sem honum var gert að greiða með héraðsdómi, verði lækkuð og gagnáfrýjandi dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir báðum dómum, hvort tveggja eftir mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi, sem hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 6. janúar þ. á., krefst þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 256.105.54 ásamt 6% ársvöxtum frá 25. apríl 1948 til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir báðum dómum úr hendi aðaláfrýjanda eftir mati dómsins.

Með skírskotun til þeirra raka, sem greind eru í héraðsdómi, verður að telja, að gagnáfrýjandi beri fulla bótaábyrgð á slysi því, sem mál þetta er risið af.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hefur læknisaðgerð sú, sem þar er vikið að, verið framkvæmd á gagnáfrýjanda. Lá hann á Landspítalanum af þeim sökum frá 12. október 1948 til 8. febrúar 1949. Við aðgerð þessa hefur gagnáfrýjandi hlotið talsverða meinabót, og hefur Páll Sigurðsson tryggingayfirlæknir nú með vottorði 29. nóv. þ. á. metið örorku hans þannig:

Fyrstu 5 mánuðina eftir slysið	100%	örorku
Að þeim tíma liðnum og þar til hann lagðist á Landspítalann til aðgerðar, 12. okt. 1948	75%	—
Frá 12. okt. 1948 til 11. ágúst 1949	100%	—
Frá 12. ágúst 1949 til 11. okt. 1949	80%	—
Næstu 6 mánuðina, þ. e. tímabilið frá og		

með 12. okt. 1949 til 11. apríl 1950 ..... 60% örorku
Eftir þann tíma varanlega örorku ..... 40%.

Hér fyrir dómi hefur verið leitt í ljós, að tekjur verkamanna í Reykjavík hafi að meðaltali numið 24—25 þúsund krónum á ári, síðan gagnáfrýjandi slasaðist. Með hliðsjón af þessu og varanlegri örorku gagnáfrýjanda annars vegar, en hins vegar því, að bætur þær, sem hér um ræðir, eru tekjuskattsfrjálsar, að Sjúkrasamlag Reykjavíkur hefur greitt kostnað við sjúkrahússvist gagnáfrýjanda og læknishjálp og að hann hefur notið örorkulífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins, samtals að fjárhæð kr. 5985.00, þykja fébætur honum til handa fyrir atvinnutjón og örorku hæfilega ákveðnar 120.000.00 krónur. Þjáningabætur gagnáfrýjanda þykja eftir atvikum hæfilega metnar kr. 15.000.00.

Þriðji og fjórði kröfuliður gagnáfrýjanda eru viðurkenndir.

Samkvæmt framanskráðu ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda samtals kr. 135.135.50 ásamt vöxtum, eins og í héraðsdómi greinir.

Loks ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir báðum dómum, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Guðbrandur Jörundsson, greiði gagnáfrýjanda, Sigurjóni Hreiðari Geststsyni, kr. 135.135.50 ásamt 6% ársvöxtum frá 25. apríl 1948 til greiðsludags og samtals kr. 10.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. október 1948.

Mál þetta, er dómtekið var 6. þ. m., hefur Sigurjón Hreiðar Gestsson, Ægissíðu 107 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 25. apríl 1948, gegn Guðbrandi Jörundssyni bifreiðaeiganda, Vatni, Haukadal í Dalasýslu, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 317.110.50, með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómarans.

Þá hefur Trolle & Rothe h/f hér í bæ verið stefnt til réttargæzlu í

máli þessu, en síðargreind bifreið stefnds var vátryggð hjá því félagi. Engar kröfur hafa verið gerðar á hendur réttargæzlustefndum, og hann hefur engar kröfur gert.

Stefndur hefur *aðallega* krafizt sýknu, en *til vara* lækkunar á kröfum stefnanda. Þá hefur hann krafizt málskostnaðar, hvernig sem málið fari.

Málavextir eru þessir:

Hinn 20. júlí 1946 lagði áætlunarbifreiðin D. 11, eign stefnds, af stað frá Reykjavík áleiðis vestur í Dalasýslu. Þegar komið var upp í Borgarfjörð, brotnaði augablað í hægri afturfjöður bifreiðarinnar, og gerði bifreiðarstjórinn að þessu með því að setja fjöðrina fasta undir grindina að aftan, þannig að hægt var að halda ferðinni áfram. Áður en bifreiðin kom að brúnni yfir Gljúfurá, ætlaði bifreiðarstjórinn að draga úr hraða hennar, áður en hann sveigði út á brúna, en fóthemillinn var óvirkur, er hann steig á hann, og bifreiðarstjóranum tókst ekki heldur að draga úr hraðanum með því að koma ganghraðaskiptinum í lægra hraðastig. Er svo var komið, treysti bifreiðarstjórinn sér ekki að ná beygjunni við brúna og tók því þann kost að aka bifreiðinni út af veginum með þeim afleiðingum, að hún valt um og kviknaði í henni. Allmargir farþegar meiddust, og var stefnandi einn þeirra.

Telur hann, að stefndur beri ábyrgð á tjóni því, er hann hlaut af slysi þessu, og beri honum því að bæta það að fullu. Sýknukröfu sína byggir stefndur á því, að stjórnandi bifreiðarinnar hafi við akstur hennar sýnt alla þá aðgæzlu, sem krafizt verður af gætnum bifreiðarstjóra. Bilun sú, er orsakað hafi slysið, hafi verið ófyrirsjáanleg með öllu og ómögulegt að finna hana með venjulegu eftirliti. Bifreiðarstjórinn hafi stöðvað bifreiðina, skömmu áður en slysið varð, og hafi hemlar hennar þá verið í fullkomnu lagi. Hér hafi því óviðráðanlegt atvik valdið því, að slysið varð, og beri hann ekki ábyrgð á tjóni því, er af slíku atviki hljótist.

Stefnandi telur hins vegar, að bifreiðarstjórinn hafi sýnt mikla óvarkárni með því að halda ferðinni áfram, eftir að afturfjöður bifreiðarinnar bilaði, enda hafi sú bilun að einhverju leyti getað verið orsök til slyssins. Þá hefur stefnandi bent á, að hemlarnir hafi ekki getað bilað á tímabilinu frá því að bifreiðin stanzaði síðast og þar til slysið varð. Einhver bilun hljóti að hafa verið fyrir, er mátt hefði finna með nægilega góðu eftirliti og koma þannig í veg fyrir þá alvarlegu bilun, er olli slysinu.

Bifreið stefnds var af „Chevrolet"-gerð, smíðuð árið 1941 og var með vökvahemlaútbúnaði. Upp er komið í málinu, að bilun sú á hemlunum, er slysinu olli, stafaði af því, að hemlarör hafði brotnað sundur rétt við höfuðdæluna. Orsakir slyssins verða því að engu leyti raktar til bilunar á afturfjöðrinni, enda sást ekki, að umbúnaður bifreiðarstjórans á fjöðrinni hefði raskazt, er hún var athuguð eftir slysið. Bifreiðarstjórinn hefur talið, að hann hafi ekið með um 20 km hraða á klukkustund, er slysið varð, en hann gat þó ekki hægt á ferð bifreiðarinnar með handhemli eða með því að skipta hreyflinum í lægra hraðastig. Bendir þetta til, að hraði bifreiðarinnar hafi verið nokkru meiri, enda treysti hann sér ekki til að

halda áfram á sama hraða. Bifreiðarstjórinn reyndi ekki að draga úr ferð bifreiðarinnar fyrr en rétt áður en hann kom að beygju vegarins til norðurs, skammt frá gljúfrinu, enda þótt hættumerki sé við veginn a. m. k. 100 metra frá beygjunni. Er því ekki leitt í ljós, að slys þetta hefði viljað til, þótt bifreiðin hefði verið í lagi og ökumaður sýnt fulla aðgæzlu og varkárni. Ber stefndum því að bæta stefnanda tjón hans skv. 1. mgr. 34. gr. bifreiðalaganna.

Stefnandi hefur sundurliðað kröfur sínar svo:

1. Bætur fyrir atvinnutjón og örorku	kr.	266.975.00
2. Bætur fyrir sársauka og þjáningar	—	50.000.00
3. Læknishjálp	—	90.00
4. Endurgreiðsla á fargjaldi	—	45.50
Samtals kr.		317.110.50

Um 1.: Við umrætt slys hlaut stefnandi slæmt brot á öðrum lendalið, og gekk liðurinn nokkuð úr skorðum. Þá mun hafa komið sprunga í fyrsta lendalið. Stefnandi missti meðvitund við slysið, en raknaði brátt við og var þá fluttur á ákvörðunarstað sinn. Lá hann þar rúmfastur í vikutíma. Að þeim tíma liðnum fór stefnandi á fætur, en var þjáður. Fór hann síðan til Reykjavíkur til læknisrannsóknar. Að lokinni rannsókn lagðist stefnandi á sjúkrahús hinn 20. ágúst 1946 og lá þar til 20. nóv. s. á., en hafði þá eigi náð verulegum bata. Hinn 29. október 1947 var örorka stefnanda metin af Pétri Magnússyni tryggingalækni. Segir svo í vottorði hans:

„Án frekari aðgerða má gera ráð fyrir því, að Sigurjón verði aldrei fær til erfiðisvinnu eða annarrar vinnu, er reynir á bakið.

Til mála getur komið að styrkja brotstaðinn í bakinu með skurðaðgerð, og miklar líkur eru fyrir, að slík aðgerð mundi veita honum verulega bót. Um endanlegan árangur af slíkri aðgerð er þó ekki hægt að dæma fyrr en löngu eftir, að hún hefur verið gerð. Þess ber einnig að geta, að um allstóra aðgerð og ekki hættulausa er að ræða og ekkert hægt að segja með vissu um árangurinn af þeirri aðgerð fyrr en í fyrsta lagi hálfu ári eftir, að hún hefur verið gerð.

Af þessum orsökum tel ég rétt að meta varanlega örorku Sigurjóns eins og hún er nú, en setja honum í sjálfsvald, hvort hann kjósi fremur að vera eins og hann er eða taka á sig áhættuna, sem aðgerðinni fylgir.

Örorkuna tel ég hæfilega metna þannig:

Fyrstu 5 mánuði eftir slysið	100%	örorku
næstu 3 —	75%	—

úr því varanlega örorku 60—65%."

Í vottorði dr. med. Snorra Hallgrímssonar, sem stundað hefur stefnanda í veikindum hans, dags. 6. þ. m., segir, að ástand hans nú sé óbreytt, en ákveðið hafi verið að reyna að bæta heilsu hans með fyrrgreindri skurðaðgerð.

Það er fram komið í málinu, að stefnandi var 16 ára, er slysið varð, og virðist hann hafa verið heilsuhraustur. Hann hafði stundað nám í

gagnfræðaskóla og var í þriðja bekk, er slysið varð, en varð þá að hætta námi. Á sumrum stundaði stefnandi venjulega daglaunavinnu. Stefnandi hefur ekkert unnið, síðan slysið varð. Síðan 1. maí sl. hefur stefnandi notið örorkulífeyris frá Almannatryggingum í Reykjavík, kr. 315.00 á mánuði hverjum. Fjárhæð þessa kröfuliðar er þannig fengin, að meðalatvinnutekjur verkamanns í Reykjavík árið 1946, sem áætlaðar eru kr. 8303.00 án dýrtíðaruppbótar, eru lagðar til grundvallar. Gert er ráð fyrir, að stefnandi hefði náð meðaltekjum við 21 árs aldur, og reiknað með, að hann hefði haldið þeim tekjum til 67 ára aldurs. Síðan er heildartjónið talið 60% af heildartekjuhæðinni.

Stefndur, sem hefur ekki mótmælt örorkumatinu út af fyrir sig, hefur mótmælt þessum kröfulið sem allt of háum. Hefur hann talið, að stefnandi hafi sýnt af sér ógætni með því að leita eigi strax læknis og með því að fara á fætur svo fljótt sem hann gerði. Muni hann með þessu hafa eitthvað spillt bata sínum. Þá hefur stefndur bent á, að örorkumatið sé eingöngu miðað við erfiðisvinnu, en ætla megi, að stefnandi muni geta aflað sér tiltölulega miklu meiri tekna en þar er talið með öðrum störfum. Þá hefur stefndur krafizt þess, að tillit verði til þess tekið, að hér sé nú óeðlileg verðbólga, sem væntanlega hjaðni, þegar frá líður. Loks hefur stefndur bent á, að stefnandi þurfi eigi að greiða tekjuskatt af örorkubótum, en það hefði hann þurft af vinnutekjum sínum.

Þegar virtir eru hagir og ástæður stefnanda, sem að framan getur, svo og þau atriði, sem gæta ber, þá er ákveða skal bætur fyrir örorku, þá þykja bætur til hans í þessu skyni hæfilegar kr. 150.000.00.

Um 2.: Stefndur hefur mótmælt þessum lið sem allt of háum.

Svo sem áður getur, lá stefnandi á sjúkrahúsi í rúma tvo mánuði. En eftir að hann kom af sjúkrahúsinu, hefur hann haft stöðugan verk og óþægindi í mjóbaki við allar hreyfingar. Hefur hann þessi óþægindi enn og ekki útlit fyrir bata nema ef til vill með hættulegri skurðaðgerð, eins og áður greinir.

Með vísun til þessa svo og annars þess, sem fram er komið í málinu um þessi atriði, þykja bætur samkv. þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 15.000.00.

Um 3. og 4.: Þessir liðir eru viðurkenndir og verða því teknir til greina óbreyttir.

Málalok verða því þau, að stefndur verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 165.135.50 (150.000.00 + 15.000.00 + 90.00 + 45.50) með vöxtum, svo sem krafizt er. Þá þykir rétt, að stefndur greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 6000.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndur, Guðbrandur Jörundsson, greiði stefnanda, Sigurjóni Hreiðari Gestssyni, kr. 165.135.50 með 6% ársvöxtum frá 25. apríl

1948 til greiðsludags og kr. 6000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 19. desember 1949.

Nr. 141/1949. **Björgvin Bjarnason**
gegn
Ágústi Péturssyni.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Björgvin Bjarnason, er sækir eigi dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 19. desember 1949.

Nr. 145/1949. **Handíða- og myndlistarskólinn**
gegn
Sturlaugi Lárussyni Fjeldsted.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Handíða- og myndlistarskólinn, er sækir eigi dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.
